Gunnar Bollason

# Hólavallagarður við Suðurgötu

## Flokkun og lýsing minningarmarka og leiðisumgjarða með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra



Fornleifavernd ríkisins

2006

Rit Fornleifaverndar ríkisins
2006:1

Forsíðumyndin: Horft er yfir þétta þyrpinu legsteina í norðausturhluta Hólavallagarðs.
Ljósm.: Guðmundur Ingólfsson.
Teikningar: Gunnar Bollason

© 2006 Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason
Öll réttindi áskilin
ISSN 1670-6846
ISBN 9979-9764-0-3
ISBN -13 978-9979-9764-0-0

Prentvinna: Háskólafjölritun EHF

# Efnisyfirlit

Formáli ........ 2
Inngangur ........ 3
Reitasafn I ........ 5
Reitasafn K ........ 25
Reitasafn L ........ 39
Reitasafn M ........ 55
Reitasafn N ........ 73
Reitasafn O ........ 89
Reitasafn P ........ 107
Reitasafn R ........ 118
Reitasafn S ........ 139
Reitasafn T ........ 160
Reitasafn V ........ 186
Reitasafn X ........ 211
Reitasafn Z ........ 238
Reitasafn A ........ 259
Reitasafn B ........ 294
Reitasafn C ........ 331
Reitasafn D ........ 345
Reitasafn E ........ 361
Reitasafn F ........ 376
Reitasafn G ........ 391
Reitasafn H ........ 411
Samantekt ........ 438
Viðauki I: Skýringar á hugtökum og formgerðum ........ 553
Viðauki II: Myndir sem sýna dæmi um flokkun minja ........ 557
Viðauki III: Kort af Hólavallagarði – í vasa aftast í möppunni

# Formáli

Í febrúar 2002 gerðu Fornleifavernd ríkisins og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma með sér verksamning um minjar í Hólavallagarði við Suðurgötu. Samningurinn var þríþættur. Í fyrsta lagi tók Fornleifavernd ríkisins að sér að flokka og meta ástand allra legsteina og minningarmarka í kirkjugarðinum, og einnig bakka og gerða í kringum leiðin. Í öðru lagi skyldi stofnunin veita ráðgjöf um hvernig best væri staðið að varðveislu minjanna. Í þriðja lagi að semja texta um valdar minjar í Hólavallagarði, sem unnt væri að nýta á skilti sem Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma ætluðu að setja upp í garðinum gestum hans til fróðleiks og til birtingar á vefsvæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Gunnar Bollason sagnfræðingur var ráðinn til að vinna verkið. Í Hólavallagarði má sjá skilti með upplýsingum um minningarmörk og einstaklinga, sem Gunnar hefur samið. Fornleifavernd ríkisins hefur veitt Kirkjugörðunum ráðgjöf varðandi varðveislu minja og hér á eftir fylgir meginverk hans: *Hólavallagarður við Suðurgötu - Flokkun og lýsing minningarmarka með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra*.

Vinna við flokkun minjanna byggir á skráningarstöðlum sem Gunnar Bollason vann fyrir Þjóðminjasafn Íslands árið 2001. Afrakstur verkefnisins sem hann vann var gefinn út í Rannsóknaskýrslum Þjóðminjasafns Íslands 2001:4, *Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu – Skráning og rannsókn minningarmarka*. Í þeirri skýrslu er gerð grein fyrir 223 minningarmörkum sem náð höfðu 100 ára aldri auk 35 yngri minningarmarka.

Mat á gildi allra minja í Hólavallagarði var ætlað að vera grundvöllur sem starfsfólk kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma gæti stuðst við vegna viðhalds minja í garðinum, en slík vinna fer sífellt vaxandi.

Fljótlega eftir að vinna við flokkun minja í garðinum hófst varð ljóst að hér var um afar umfangsmikið verk að ræða, enda var farið nákvæmlega yfir öll minningarmörk og gerði í kirkjugarðinum, alls 7465 minjar. Vinnan hefur því tekið lengri tíma en ætlað var í fyrstu.

Verkið er að mestu kostað af Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðasjóði en að hluta til af Fornleifavernd ríkisins. Gunnar naut aðstoðar Halldórs K. Pedersen starfsmanns Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma við vettvangsvinnuna og Jóns Óskars Jónssonar fornleifafræðinema við tölvuskráningu upplýsinganna. Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðinemi aðstoðaði einnig við tölvuskráningu og flokkaði auk þess minjar og vann lokakafla ritsins. Þá komu hún og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður að lokafrágangi verksins. Sigurborg Hilmarsdóttir og Gyða Gunnarsdóttir lásu málfar og leiðréttu. Fornleifavernd ríkisins þakkar öllu þessu fólki fyrir framlag þess. Að endingu þakkar stofnunin starfsfólki Kirkjugarðanna fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins

# Inngangur

Í þessari skýrslu eru öll minningarmörk og leiðisumgjarðir í Hólavallagarði metin með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra. Í upphafi verksins var lagt mat á hve mörg stig flokkunar væru nauðsynleg. Niðurstaðan varð sú að flokka minjarnar í fimm flokka, en þeir eru eftirfarandi:

*1. flokkur*. Afar merkar minjar sem hafa mikið menningarsögulegt gildi og sem njóta skulu forgangs í varðveislu og viðgerðum yfir aðrar minjar garðsins. Sjá myndir 1 og 5 í Viðauka II.

*2. flokkur*. Merkar minjar sem hafa mikið varðveislugildi vegna, táknfræði, efnis, forms eða handbragðs eða eru á einhvern hátt einstök fyrir garðinn, þróun hans eða sögu og ber að varðveita vel. Í þennan eða 1. flokk skipast allar elstu minjarnar í garðinum, þ.e. þær sem eru aldargamlar eða meira. Sjá myndir 2 og 6 í Viðauka II.

*3. flokkur*. Minjar úr innlendu efni og þær sem að líkindum eru meitlaðar af innlendum steinsmiðum. Minningarmörkin bera því merki um handiðn en ekki fjöldaframleiðslu. Þennan flokk fylla flestir íslensku grágrýtissteinarnir í garðinum sem eru frá því upp úr aldamótunum nítjánhundruð sem og leiðisumgjarðir úr íslensku grágrýti. Sjá myndir 3 og 7 í Viðauka II.

*4. flokkur*. Allar minjar í garðinum sem eru heilar eða heillegar og leitast skal við að varðveita. Í þennan flokk er skipað þeim minningarmörkum sem eru ung í tíma og bera ekki með sér merka táknfræði né teljast merk vegna efnis eða formgerðar. Hér flokkast því hefðbundnir trékrossar, marmarabækur og fjöldaframleiddir legsteinar úr innlendu og erlendu efni. Sjá myndir 4 og 8 í Viðauka II.

*5. flokkur*. Leiðisumgjarðir sem ekki eru taldar hafa sérstakt minja- eða varðveislu-gildi. Engin minningarmörk rata í þennan flokk. Sjá mynd 9 í Viðauka II.

Hólavallagarður var vígður árið 1838. Elsti hluti garðsins er um miðbik hans, í kringum klukknaportið sem þar er. Samkvæmt núverandi númerakerfi og meðfylgjandi korti (Viðauki III) af garðinum eru það reitaraðir N, O, P, R og S. Árið 1869 var garðurinn stækkaður til suðurs og telst sá hluti nú til raða I, K, L og M.

Hér er fylgt þeirri hefð að byrja á að lýsa reitaröð I, en hún er syðsta röðin í stækkuninni frá 1869. Síðan er stafrófsröðinni fylgt til raðar Z, sem er í norðaustast í garðinum, en engar raðir bera stafinu J, Q, U, Y. Þá er tekið til við að lýsa reitum A, sem eru í norðvesturhorni garðsins. Stafrófsröðinni er síðan fylgt suður eftir garðinum og endað á reitum H, sem eru suðaustast í garðinum.

Um þau minningarmörk og/eða reiti sem merkt eru með stjörnu (*) í skýrslu þessari má finna nánari umfjöllun og lýsingu í ritinu *Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu. Skráning og rannsókn minningarmarka*, eftir Gunnar Bollason.

Í samantekt í lok skýrslunnar er flokkun minjanna á hverjum reit listuð upp. Þar koma einnig fram upplýsingar um fjölda minja í garðinum í heild og hverjum flokki fyrir sig.

Við upphaf skráningarvinnunnar var nauðsynlegt að skilgreina þau hugtök sem nota átti við lýsingu minjanna. Vísað er til meðfylgjandi Viðauka I, þar sem hugtök þessi eru skýrð.

Í Viðauka II eru myndir sem sýna dæmi um flokkun minja í hverjum flokki fyrir sig, bæði minningarmörk og gerði. Það skal þó tekið fram að mikil fjölbreytni er innan hinna fimm flokka og myndirnar gefa aðeins hugmynd um hvernig minjarnar eru flokkaðar, en ekki heildarsýn.

Við skráninguna var tekið mið af korti Landmótunar af Hólavallagarði frá árinu 2006. Kortið er Viðauki III og er það finna í vasa aftast í möppunni.

Að lokum ber að geta þess að í riti Björns Th. Björnssonar listfræðings, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, sem kom út árið 1988, er að finna margvíslegan fróðleik um garðinn og það sem hann hefur að geyma. Hér hefur því á margan hátt verið stuðst við þetta grundvallarrit Björns.

# Reitasafn I

## *REITASAFN I*

**I 101** Kringum reitinn er steyptur bakki í ágætisástandi. Hann flokkast í 5. flokk. Á leiðinu er eitt minningarmark. Það er nokkuð há blágrýtisflaga með allmerkilegu letri sem er upphleypt. Má því gjarnan flokka í 3. flokk. Minningarmarkið er í góðu ástandi.

**I 102*** Kringum reitinn er steinsteypt gerði með steinsteyptum súlum og er á þeim þak. Milli hverra súlna eru svo steyptir kubbar einnig með þekju og er miðbik þeirra nokkuð útstætt. Hlið er fyrir miðju að vestanverðu en án grindverks. Lengd gerðisins liggur í austur-vestur og fer það í 4. flokk.

Á reitnum er bogasteinn úr grágrýti á sökkli og hefur handverkið verið talið merkilegt. Bak og hliðar varðans sem og sökkulsins hafa verið oddhöggnar og er varðinn mjög grófur að aftan og er líklega afsettur. Framarlega á hliðum steinsins er rauf höggvin í hann. Er því eins og plata á framhlið steinsins þegar horft er skáhallt á varðann. Brún varðans er svo höggvin mjög vandlega þannig að svo sýnist sem reipi liggi meðfram jöðrunum og er þetta af miklum hagleik gert. Áletrunin er nú mjög veðruð og er nauðsynlegt að á því verði skerpt í nánustu framtíð. Ofarlega í varðann er meitlaður hringlaga flötur og er hann oddhöggvinn þannig að eftir stendur upphleyptur sólkross. Neðar á varðanum er áletrun. Neðri hluti varðans á öllum hliðum er mjög veðraður en heita má að ekkert sjái á efri hluta hans. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**I 103** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka sem er í góðu ástandi. Hann fer í 5. flokk.

Á bakhlið er bakkinn allnokkru hærri en á hinum hliðunum og situr þar á svört grágrýtisplata sem minningarmark. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**I 104** Kringum reitinn er allhár steyptur bakki í góðu ásigkomulagi. Flokkast hann í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk.

Það fyrsta er bogasteinn á sökkli og undirsteini úr grágrýti með krossmarki efst og pálmagreinum út frá því. Ástand hans er gott og fer hann í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er úr ljósu óreglulegu graníti og er grafskriftin með koparstöfum. Ástand þess er gott og fer það í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er einnig úr ljósu óreglulegu graníti og er grafskriftin líka með koparstöfum. Ástand þess er einnig gott og fer það í 4. flokk.

**I 105** Fimm minningarmörk eru á þessum reit. Það fyrsta er svört granítplata í steyptu púlti. Ástand minningarmarksins er gott. Fer í 4. flokk. Þá er hér hvítur kross með gylltri plötu. Ástand hans er gott. Lendir í 4. flokki. Það þriðja er einnig hvítur kross sömu gerðar og sá á undan og fer það í 4. flokk. Fjórða minningarmarkið er samskonar kross og lýst er hér að framan. Lendir einnig í 4. flokki. Fimmta og síðasta minningarmarkið á þessum reit er nokkuð hár blágrýtisstuðull, gljáslípaður að framan. Ástand hans er gott. Þrátt fyrir að vera úr íslensku efni flokkast hann í 4. flokk.

**I 106** Kringum þetta barnsleiði er lítill steinsteyptur bakki og er hann í góðu ástandi. Hann heyrir til 5. flokki. Ekkert minningarmark er hér á leiðinu.

**I 107** Þetta barnsleiði er líka afmarkað með steyptum heillegum bakka. Bakkinn fer í 4. flokk. Á leiðinu er legsteinn, blágrýtishnullungur sem sagaður hefur verið í tvennt og slétta hliðin gljáslípuð. Hann flokkast undir 4. flokk.

**I 108** Reitinn afmarkar lítill steinsteyptur bakki í nokkuð góðu ástandi. Flokkast í 4. flokk.

**I 109** Leiðið er umgirt steinsteyptum bakka með bergmylsnu eða steinrosta. Ástand hans er gott og heyrir til 4. flokki.

**I 110** Kringum leiðið er steyptur bakki sem heyrir til 4. flokki.

**I 111** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Höfða- og fótagafl eru allnokkru hærri en hliðar bakkans. Flokkast undir 4. flokk.

**I 112a og I 112b** Kringum þessa tvo reiti sem eru barnsgrafir er tvöfaldur steinsteyptur bakki í góðu ástandi sem fer í 5. flokk. Fyrir miðjum höfðagafli er hvít marmaraplata, skófum vaxin, með áletrun og fer hún í 4. flokk.

**I 113a** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 4. flokk.

**I 113b** Ekkert er að finna á þessum reit.

**I 114a** Kringum reitinn er heillegur steinsteyptur bakki sem flokkast undir 4. flokk.

**I 114b** Á þessu leiði er hvorki að finna minningarmark né gerði.

**I 115** Reiturinn er afmarkaður af nokkuð háum steinsteyptum bakka sem er vel heillegur og er hann settur í 5. flokk.

Minningarmarkið er fallegur marmarasteinn með gotnesku lagi og á sökkli. Mikið laufaskreyti er að finna á steininum en hann er allur vaxinn svörtum skófum og mætti hreinsa hann. Handbragð og skreyti er merkilegt og flokkast hann í 2. flokk.

**I 116** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki vel heillegur og flokkast hann í 5. flokk.

Á þessu leiði yfir Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnara er fimmstrendur blágrýtisstuðull og er framhliðin gljáslípuð. Stuðullinn stendur svo á breiðari blágrýtisstuðli eða sökkli. Minningarmarkið er í góðu ástandi. Sjaldgæft er að sjá slíkan fimmstrendan stuðul á fimmstrendum sökkli úr sama efni og má því minningarmarkið gjarnan flokkast í 3. flokk.

**I 117*** Í kringum reitinn er gerði með sex sívölum stólpum úr grágrýti og mjókka þeir upp. Eru tveir á skammhliðinni en þrír á langhliðinni. Á milli stólpanna ganga þrjár pípur úr málmi. Fjölmörg slík er að finna í garðinum. Gerðið er heillegt og fellur í 3. flokk vegna súlnanna sem ber að varðveita. Fjögur minningarmörk eru á reitnum:

Það fyrsta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr grágrýti. *Nótt* Thorvaldsens er fyrir miðju ofarlega. Gott dæmi um óbeliska með Thorvaldsensplatta. Verður því, sem og vegna aldurs, sett í 2. flokk.

Fyrir framan óbeliskan er púltsteinn, höggvinn til að hallast um 45° og hvílir í púltinu marmaraplata. Framhlið steinsins er stokkhöggvin. Hliðarnar eru höggnar rifflaðar nokkra sentimetra frá brún og inn að hliðarmiðju en bak og hliðar eru

afsettar. Efsti hlutinn er með axlir og milli þeirra er burst. Hún nær nokkuð upp fyrir axlirnar til hliðar. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

Norðan við púltsteininn er hvít marmaraplata sem felld er inn í steinsteypt púlt. Ástand þess virðist vera gott og flokkast þetta í 4. flokk.

Nyrst er hár meginvarði með topphnalli á sökkli og undirsteini, allt höggvið út í grágrýti. Neðri brúnir steinhnallsins eru bogadregnar uppá við en annars er hann höggvinn í nokkurs konar kórónuform. Á hnalli þessum er fimm arma stjarna (múlletta). Meginvarðinn er slípaður að framan en annars er hann stokkhöggvinn. Ofarlega á honum er meitluð rismynd af Markúsi eftir Júlíus Schau steinsmíðameistara og mun minningarmarkið allt vera verk hans. Verður hér flokkað í 1. flokk vegna merkilegs forms, rismyndarinnar eftir Schau, sem og vegna aldurs.

**I 118** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, mjög langur og er lengdin öll til norðurs-suðurs. Í reitnum eru sjö minningarmörk og snúa áletranirnar í austur. Gerðið er vel farið, nokkuð um mosa en annars heilt. Vegna þess hve leiðin standa hátt verður að leitast við að varðveita þennan bakka. Flokkast hann því í 4. flokk. Sjö minningarmörk eru á reitnum:

Heill svartur granítsteinn, ljóskornóttur, sem höggvinn er í púltformi og framhliðin látin hallast um nokkrar gráður. Settur í 4. flokk.

Steinninn er úr hvítum marmara, stokkhöggvinn en framhliðin slípuð. Að formgerð er hann bogasteinn en boginn ögn inndreginn og verða því tvær mjóar axlir hvorum megin. Steinninn hvílir á marmarasökkli og þetta tvennt á undirsteini úr grágrýti. Varði þessi stendur enn upprèttur og staðfastur en sprungur eru bæði í varðanum og sökklinum en mun fleiri í sökkli. Í boga steinsins er innfelld lágmynd Thorvaldsens, *Dagur*, óskemmd og föst fyrir. Ekki er lengur algengt að finna Thorvaldsensverk á marmarasteinum og lendir minningarmarkið því í 2. flokki.

Grágrýtisbogasteinn með mjóum öxlum. Ofarlega fyrir miðju er hálfmáni og þar er upphleypt krossmark og upphleyptir pálmablöðungar hvorum megin. Ástand þessa minningarmarks er með ágætum. Verður hér sett í 3. flokk.

Flatur óbeliski úr graníti á sökkli. Granítið er ljóskornótt. Framhlið steinsins er gljáslípuð. Ofarlega á varðanum er krossmark og þar fyrir ofan er meitluð dúfa. Lendir í 3. flokki vegna skreytis.

Fimmta minningarmarkið hefur óbeliskaform og er úr grágrýti. Steinninn er lágur, um metri á hæð, og stendur á sökkli úr sama efni. Efst er Thorvaldsensverkið *Nótt* en neðarlega er handaband úr postulínssalla vel heilt og fallegt. Á brúnum sökkulsins eru athyglisverð bogaform. Áletrunin er nokkuð máð. Ástand marksins er ágætt og lendir í 2. flokki.

Þunnur bogasteinn úr grágrýti á lágum sökkli sem stendur nokkra sentimetra upp af jörðu. Efst er krossmark meitlað og þar við pálmablöðungur en neðst á varðanum er meitlaður Alexandersborði (Meanderborði), sem er grískur að uppruna. Borðinn er lárétt, samfellt mynstur sem hlykkjast eftir hornréttum brautum. Varðinn er breiðari efst en neðst. Legsteinninn fer í 3. flokk.

Sjöunda minningarmarkið er fíberplata sem skrúfuð er niður í steinsteypt púlt. Áletrunin er nú mjög máð. Fer í 4. flokk.

**I 119** Á reitnum eru tvö minningarmörk og vísa áletranirnar til austurs. Kringum reitinn eru steinsteyptir stólpar, 2x3, bogadregnir að ofan og er ástand þeirra ágætt. Milli hverra ganga tvær pípur. Lendir í 5. flokki. Tvö minningarmörk eru á reitnum:

Mjór en nokkuð hár bogasteinn úr ljóskornóttu graníti á granítsökkli. Framhliðin er gljáslípuð. Allmikið skreyti er kringum krossmarkið efst en auk þess er skreyti á bekk

neðst á varðanum. Skreytið er skemmtilegt og ástand minningarmarksins gott. Fer í 4. flokk.

Bogasteinn úr grágrýti á grágrýtissökkli, allhár, á að giska um 1 ½ metri á hæð. Hann er slípaður að framan en annars stokkhöggvinn en brúnirnar meitlaðar þannig að látið er líta út fyrir að plata hvíli fremst á steininum. Ofan í áletrunina hefur verið málað með svörtu. Verkið er stöðugt og ástand þess gott og fer það í 3. flokk.

**I 120** Kringum gerðið er lágur steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Fer í 5. flokk.

Á reitnum er aðeins eitt minningarmark. Þetta er steinsteyptur púltsteinn með áfestri koparplötu, ílangri en bogadreginni að ofan. Ástand þessa er gott og fer í 4. flokk.

**I 121** Kringum reitinn eru 2x3 steinsteyptar súlur og liggja tvær járnpípur á milli hverra súlna. Súlurnar eru allar heillegar en gerðið fer í 5. flokk.

Aðeins eitt minningarmark er á reitnum. Það er ferkantaður slípaður grágrýtissteinn á ferhyrndum sökkli en ofan á varðanum eru lágar samliggjandi súlur. Áletrunin er upphleypt á gróft stokkhöggnum fleti. Steinninn fer í 3. flokk.

**I 122** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Aðeins eitt minningarmark er á honum. Það er liggjandi heil grágrýtishella allstór, á að giska um það bil 70x100 cm, meitluð til að hallast um nokkrar gráður og vísar hún til austurs. Verkið fer í 3. flokk.

**I 123** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með bergmylsnu, heill en nokkuð mosavaxinn. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið á reitnum er hár og mikill óbeliski. Hann stendur á sökkli með áletrun en á milli varða og sökkuls er skrautlegur millikragi. Undir sökklinum er millisökkull með fallegu skreyti og stendur þetta allt á undirsteini. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**I 124** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er meitlaður grágrýtispúltsteinn með þekju. Á steininum miðjum er felldur inn sporöskjulagaður silfurskjöldur með áletrun. Óalgengt er að finna slíka skildi á steinum í garðinum. Minningarmarkið fer því í 1. flokk.

**I 125*** Kringum reitinn er hlaðinn bakki úr tilhöggnum grágrýtisdröngum. Ofan á þeim eru súlur, tvær á norður- og suðurhlið en þrjár á austur- og vesturhlið og einnig tilhöggnar úr grágrýti og eru þær ávalar að ofan. Milli súlnanna ganga tvær málmpípur. Allt er þetta gerði vel farið. Bæði minningarmörkin innan þess snúa í austur. Gerðið fer í 4. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum:

Minningarmark úr grágrýti og samanstendur af varða, sökkli og undirsteini. Allt er það stokkhöggvið en framhlið varðans slípuð. Varðinn er nokkuð sérstakur, hann er typptur ofan, með burst sem er breiðari en sjálfur steinninn og verða til eins konar krókar í boganum þar sem steinninn og burstin mætast. Í burstinni er höggvinn kross. Undirsteinninn sést vart. Allt er ástand minningarmarksins með ágætum. Fer í 2. flokk vegna aldurs og formgerðar.

Heill púltsteinn úr ljóskornóttu dökku graníti, meitlaður til að framhliðin hallist um á að giska 30°. Lendir í 4. flokki.

**I 126*** Í reitnum eru fjögur minningarmörk og snúa framhliðar í austur. Á gerðinu eru steinsteyptar súlur með keðjum á milli (3x8 súlur) og er lengdin í norður-suður. Þær

eru allar hvítmálaðar. Þrátt fyrir að gerðið sé heilt hefur það lítið listrænt gildi og fer í 5. flokk.

Klofinn liggjandi blágrýtisstuðull og gljáslípaður að framan. Hann hvílir á matt-slípuðum blágrýtiskubbi. Ástand minningarmarksins er gott. Fer í 4. flokk þrátt fyrir efnið.

Blágrýtisdrangur uppréttur og slípaður að framan. Hann hvílir á mattslípuðum blágrýtissökkli. Minningarmarkið er í góðu ástandi og fer í 4. flokk.

Dökkgrár gljáslípaður granítsteinn sem höggvinn er sem púlt. Hann er í góðu ástandi og fer í 4. flokk.

Bogasteinn úr grágrýti og hvílir hann á afsettum sökkli úr sama efni. Brúnir steinsins eru rúnnaðar eða slípaðar um miðbik. Bakhlið varðans er afsett, en framhlið virðist slípuð. Inn í boga steinsins er fellt Thorvaldsensverkið Nótt, sprungið í sex hluta en þó fast. Út frá plattanum eru höggnar einfaldar línur sem lúta niður með plattanum og mynda einhverskonar laufaskrúð. Meginvarðinn hefur einhvern tíma verið málaður hvítur en nú er málning fyrir löngu flögnuð af. Ástand minningar-marksins er fremur gott og fer það í 2. flokk vegna aldurs.

**I 127*** Á þessum reit eru tvö minningarmörk og vísa framhliðarnar í austur. Gerðið er steinsteyptur bakki, lengdin öll í norður-suður. Gerðið er í góðu ástandi en það er sléttfullt af mold. Flokkast í 4. flokk.

Fyrra minningarmarkið ferhyrningslaga minningarmark, nokkuð þunnt, úr graníti. Granítið er nánast hvítt en þó með dökkum kornum í. Ástand þess er gott og lendir það í 4. flokki.

Hitt minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli yfir Ásgeir Þorsteinsson skipstjóra og dóttur hans Jóhönnu. Hann er úr grágrýti og allur fínt stokkhöggvinn en framhlið líklega slípuð. Hann er staðfastur og beinn og ástand hans gott. Á sökklinum er meitlaður lárviðarsveigur. Flokkast í 2. flokk.

**I 128** Steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Heyrir til 4. flokki.

Aðeins eitt minningarmark er á reitnum. Það er granítsteinn, gróft höggvinn og hefur form þekjusteins. Granítið er þeirrar gerðar að skiptast til jafns á í því ljós og dökk korn. Steinninn er steyptur við gerðið sjálft. Steinninn flokkast undir 4. flokk.

**I 129** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka með bergmylsnu. Hann liggur samhliða reitnum hér á undan er þó eru steypt skil á milli. Þetta er eins manns reitur. Höfðagaflinn en nokkuð hærri en hliðarnar. Bakkinn flokkast í 4. flokk

Inn í gaflinn er felld grágrýtisplata og lendir hún í 4. flokki.

**I 130** Reiturinn er steypt rúm með háum höfðagafli og þremur örmum á hliðum. Það er alsett bergmylsnu. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Umgjörðin fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvær grágrýtisplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

**I 131*** Kringum reitinn er lágur steinsteyptur bakki, mjög mosavaxinn en í góðu ástandi. Lengdin er í norður-suður. Á reitnum eru 3 minningarmörk. Bakkinn lendir í 5. flokki.

Syðst er marmaraplata, nokkuð há en þunn og hvílir á sökkli úr marmarasteypu. Efstu horn plötunnar eru stýfð og látin halla nokkrar gráður niður á við. Á steininn eru festir koparstafir. Ástand minningarmarksins er gott og fer það í 4. flokk.

Grágrýtissteinn með bogaformi yfir hjónin frá Lambhóli. Framhliðin er slípuð en bakhluti og hliðar eru afsettar, látnar halda náttúrulegu formi. Þær eru því bungóttar og dældóttar. Ofarlega í boga er felld inn lágmyndin *Nótt*. Verkið er vel fast við steininn en er brotið í fjóra hluta. Kantar meginvarðans eru rúnnaðir inn um tvo sentimetra fyrir miðju, sem og efsti hluti bogans niður að miðju Thorvaldsens-verksins. Þessir rúnnuðu kantar ná ekki alveg niður að sökkli. Varðinn hvílir á grágrýtissökkli sem virðist vera afsettur. Sama er að segja um undirsteininn sem allt þetta hvílir á. Nokkuð merkilegt handbragð er á steininum auk Thorvaldsensplattans og aldurs verksins og lendir minningarmarkið því í 2. flokki.

Þriðja minningarmarkið er marmaraplata, sömu gerðar og syðsta. Fer einnig í 4. flokk.

**I 201** Steinsteyptur bakki með bergmylsnu. Hann hefur hliðararma en á gaflinum er steyptur allþykkur og breiður kross. Ástand bakkans er gott og fer hann í 4. flokk. Á gaflinum eru þrjú minningarmörk og snúa þau í austur. Þetta eru allt svartar granítplötur sem fara í 4. flokk.

**I 202** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki. Ástand hans er gott og lendir hann í 4. flokki. Á reitnum eru þrjú minningarmörk og vísa þau í vestur. Þetta eru koparplötur sem eru skrúfaðar ofan í bakkann. Plöturnar fara í 4. flokk.

**I 203** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með steinsteyptum súlum (2x3) ofan á honum og liggur keðja á milli súlnanna. Lengdin er öll í norður – suður. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk:

Bogasteinn úr grágrýti á sökkli úr saman efni. Verkið, sem er u.þ.b. 150 cm á hæð er allt fínslípað. Fer í 3. flokk.

Svartur heill granítsteinn með púltlagi og meitlaður þannig að framhliðin er látin hallast um á að giska 20º. Fer í 4. flokk.

Þekjusteinn með bogum efst. Fer í 4. flokk.

**I 204** Kringum reitinn eru afsettir grágrýtisdrangar og liggur keðja á milli þeirra. Milli súlnanna hefur verið hlaðið steinsteyptum hnullungum. Fer í 3. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Fyrra minningarmarkið er úr grágrýti og er meitlað á nokkuð sérstæðan hátt. Það hefur krossform en er nokkuð klunnalegt. Á steininn er meitlaður lampi. Fer í 2. flokk vegna táknfræði.

Hitt minningarmarkið er sömu gerðar. Á steininum er sólarmerki, tákn kvöldsólar, ævikvölds eða nýs dags eða lífs. Fer í 3. flokk.

**I 205** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með fallegum flúruðum súlum (3x3). Milli súlnanna er fallegt járnverk sem hefur form sjö arma kertastjaka (menorah). Logarnir á grindverkinu virðast vera úr kopar eða að minnsta kosti koparhúðaðir og svo soðnir við armana. Grindverkið er að öllu leyti mjög merkilegt ekki síst vegna táknræns forms og fer í 2. flokk.

Á reitnum er minningarmark yfir Jón Þorláksson borgarstjóra. Þetta er marmara-verk, hefur óbeliskaform en er frekar lágt og er á sökkli úr sama efni. Framan á varðanum er upphleyptur meitlaður heiðurskrans. Á sökklinum er meitlaður borði þar sem á er áletrunin. Borði þessi er meitlaður til að líkjast pappírsörk. Neðst á honum er upphleypt rós. Minningarmarkið er merkilegt vegna formgerðar og táknfræði. Fer það í 1. flokk.

Annað minningarmarkið er úr hvítum marmara og meitlað sem púltsteinn en er þó allt í heilu lagi. Fer í 4. flokk.

**I 206** Steinsteyptur bakki með lágum súlum ofan á og er keðja á milli þeirra. Bakkinn er hulinn bergsalla. Fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö:

Hár en mjór óbeliski á háum millisökkli, sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr marmara. Ástand minningarmarksins er gott og lendir þetta í 3. flokki.

Dökkleit granítplata með ljósum kornum í. Þetta minningarmark hallast upp að hinu fyrra. Það er í góðu ástandi og fer í 4. flokk.

**I 207** Steinsteyptur bakki með bergmylsnu, nokkuð farið að kvarnast úr honum. Fer hann í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark. Það er hvít marmaraplata sem felld er inn í steinsteyptan púltstein. Hún er skófum vaxin en heil. Fer í 4. flokk.

**I 208** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og allháum gafli og er hann settur bergmylsnu. Á reitnum eru þrjú minningarmörk og eru öll eins. Þetta eru dökkar granítplötur sem eru felldar inn í gaflinn og fara þær og bakkinn í 4. flokk.

**I 209** Á reitnum eru sex minningarmörk:

Hvít marmaraplata sem felld er inn í steinsteyptan púltstein. Framhliðin er látin hallast um 50º. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Púltsteinn úr grágrýti með afsettar hliðarmiðjur og bak en brúnir meitlaðar. Á plötunni stendur 1896 og fer steinninn í 2. flokk vegna efnis og aldurs. Plötuna þarf að festa.

Svört granítplata sem hvílir í steyptu púlti. Ástand ágætt og lendir í 4. flokki.

Stærsta minningarmarkið á reitnum og er fyrir miðju. Þetta er marmaravarði á lágum sökkli einnig úr marmara. Fyrir miðju er meitlaður papírusborði en til hliðar við hann er rósaskreyti. Fallegt skreyti en steinninn fer samt í 4. flokk.

Hér er minningarmarkið dökkleit granítplata með brúnum kornum. Hún hvílir á steyptu púlti á steyptum undirsteini. Lendir í 4. flokki.

Þetta minningarmark er granítplata sem liggur á steyptum púltsteini og fer í 4. flokk.

**I 210** Reiturinn afmarkast af liggjandi granítdröngum en upp af þeim rísa 3x4 granítsúlur og er koparkeðja milli hverra súlna. Reiturinn má heita ferningslaga. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er mjög hár granítvarði, gljáslípaður að framan með áföstu koparletri. Ástand hans er gott og fer hann í 4. flokk.

**I 211** Steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr rauðleitu graníti á lágum sökkli úr sama efni. Lendir í 4. flokki.

**I 212** Ekkert minningarmark er að finna á þessu reit. Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sprunginn og fer í 5. flokk.

**I 213** Steinsteyptur bakki og afmarkar hann reit með þremur minningarmörkum. Öll vísa þau í vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmark úr rauðleitu graníti með dökkum kornum. Það hefur óreglulegt lag er gljáslípað að framan og matt á hliðum og baki. Varðinn er breiðari efst en neðst og

eru efri hornin skorin þannig að til verða þakhliðar mismunandi langar. Varðinn hvílir á lágum undirsteini. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Þetta minningarmark er að öllu leyti eins og það hér að framan og lendir það einnig í 4. flokki.

Furukross bæsaður og er hann með áföstu plastspjaldi. Fer í 4. flokk.

**I 214** Tvö minningarmörk eru á þessum reit:

Fyrra minningarmarkið er þekjusteinn eða lágur granítóbeliski á sökkli úr sama efni. Steinninn fer í 4. flokk.

Hitt er marmaraplata á steinsteyptum undirsteini með bergmylsnu. Fer í 4. flokk.

**I 215** Gerðið er afmarkað af liggjandi grágrýtisdröngum. Þá ber að varðveita og fer gerðið í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er granítsteinn með hvítum og dökkum kornum þó meira hvítur en dökkur. Hann er bogadreginn að ofan en þar fyrir neðan verða til axlir. Fer steinninn í 4. flokk.

**I 216** Ekkert er að finna á þessum reit nema steinsteyptan bakka heillegan sem fer í 5. flokk.

**I 217** Kringum reitinn er heillegur steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmörkin þrjú vísa í austur.

Blágrýtisstuðull, lágur, þverskorinn og gljáslípaður. Hann hvílir á skornum, ferhyrndum, möttum undirsteini. Ástand gott og fer í 4. flokk.

Bogasteinn úr grágrýti meitlaður á vanalegan máta. Varðinn er slípaður að framan og hvílir hann á sökkli úr sama efni. Efst í boganum er meitlaður hálfmáni og þar á er upphleypt krossmark og tvær pálmagreinar sín hvorum megin við hann. Neðarlega á varðanum er úthöggvið handaband. Ástand steinsins er gott en þó er áletrunin mjög veðruð. Minningarmarkið lendir í 2. flokki vegna efnis, handverks og hins meitlaða handabands.

Þetta er minningarmark ber einkenni þjóðernisrómantíkur. Fyrir miðju er grágrýtissteinn slípaður á öllum köntum, mjór en nokkuð hár og breiður. Nokkuð merkileg skreyti eru í hornum steinsins. Til hliðar við hann eru súlur úr sama efni en allt er þetta fellt saman. Varðinn og súlurnar hvíla á steinsteyptum undirsteini sem er mjög sprunginn og illa farinn. Minningarmarkið hallast í vestur og þyrfti að treysta það. Verður það sett í fjórða flokk.

**I 218** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er mjög breiður og er lengdin öll í norður-suður. Víða er þessi bakki mjög sprunginn og pússningin farin af. Nokkuð hár gafl er að aftan og hliðararmar báðum megin. Á reitnum eru tvö minningarmörk. Þetta eru mattslípaðar grágrýtisplötur, með upphleyptu letri, í steyptu púlti sem hallast um $30^{o}$. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**I 219** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki, mjög mosavaxinn, lengdin öll í norður – suður. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk. Þau eru allnokkuð sokkin í jörð og þyrfti að hefja þau ögn upp.

Svört granítplata sem felld er inn í mjög háan steinsteyptan púltstein. Ástand þess er gott og fer í 4. flokk.

Tveir grágrýtishnullungar með grófgerðu upphleyptu letri sem fara í 4. flokk.

**I 301a** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með rúmlagi. Á hliðum eru þrír armar. Hann er með bergmylsnu og er nokkuð mosavaxinn, fremst er hann um 30 cm á hæð. Hann fer í 4. flokk þar sem hæð reitsins er nokkuð mikil. Ástand bakkans er ekki gott. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru blágrýtisplötur sem felldar er inn í kubb sem gengur út úr höfðagaflinum. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**I 301b** Á þessum reit er ekkert að finna.

**I 301c** Á reitnum er bæsaður furukross með plastplötu. Hann fer í 4. flokk.

**I 301d** Ekkert er að finna á þessum reit.

**I 302** Kringum þetta leiði er steyptur bakki. Hann er með háum gafli og liggur í austur-vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Í gaflinn er felld hvít marmaraplata með meitluðu letri sem málað hefur verið í með svörtu. Minningarmarkið er sett í 4. flokk.

**I 303** Steinsteyptur bakki kringum einstaklingsreit, hvítmálaður. Gaflinn snýr í vestur. Hann fer í 5. flokk.
Á gaflinn er fest koparplata. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**I 304** Kringum þetta leiði er steyptur bakki. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á leiðinu. Á gaflinum er kubbur og á hann er felld plata úr svörtu gleri. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**I 305** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á honum er eitt minningarmark. Það er allhár sagaður grágrýtissteinn, sem er mjög mjór miðað við hæðina. Efst er smá burst og fer hann í 3. flokk.

**I 306** Steyptur bakki afmarkar þetta leiði. Hann er mosavaxinn en í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið á reitnum er hvítur furukross með áfastri plastplötu. Fer í 4. flokk.

**I 307** Ekkert minningarmark er á reitnum en hann afmarkast af steyptum bakka. Hann fer í 5. flokk.

**I 308** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með rúmlagi. Hann er mjög lítill og líklega settur kringum barnsreit. Hann er hvítmálaður og nýuppgerður. Hann fer í 5. flokk.

**I 309** Ekkert gerði er í kringum þennan reit sem er mjög ílangur til norðurs-suðurs. Minningarmörkin snúa öll í austur.

Það fyrsta er furukross í lélegu ástandi sem lendir í 4. flokki.
Þá er hér heill blágrýtissteinn sem meitlaður er í púltform. Fer í 4. flokk.

Þriðja er svört granítplata sem felld er í allbreiðan steinsteyptan púltstein. Fer í 4. flokk.

Síðasta minningarmarkið er úr hvítum marmara með krossmarki úr kopar efst og hríslast niður eftir honum blómaskreyti. Áletrunin er koparstafir. Varðinn hvílir á sökkli úr marmarsteypu. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**I 310** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum bakka allháum í ágætisástandi. Hann fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**I 311** Kringum reitinn er lágur steinsteyptur bakki, heillegur og lendir í 5. flokki.
Minningarmarkið er blágrýtisdrangur, um metri á hæð, klofinn og gljáslípaður. Hann fer í 4. flokk.

**I 312** Allhár steinsteyptur bakki sem mjög er illa farinn vegna alkalískemmda. Vegna hæðar sinnar verður að halda honum við en hann fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum.
Fyrst minningarmarkið er lágur bogasteinn úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Hann fer í 3. flokk.
Þá er hér bogasteinn, sömu gerðar og hér að framan. Ofarlega er meitlaður hringur og þar ofan á meitluð dúfa. Fyrir neðan er sporöskjulagaður reitur og þar er felld inn mynd af barninu sem hér hvílir. Steinninn fer því í 2. flokk.
Þriðja minningarmarkið er mjög lágur lóðréttur blágrýtisstuðull sem skorinn er 45º og sá flötur sem eftir verður svo gljáslípaður. Fer í 4. flokk.

**I 313** Steinsteyptur bakki allhár. Vegna hæðar verður að halda honum við en annars fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og eru þau eins:
Þetta eru nokkuð háir grágrýtiskubbar, ferstrendir en þunnir miðað við hæð. Efst er meitlað merki *Trúar, vonar og kærleiks* og falla þeir í 3. flokk.

**I 314** Steinsteyptur bakki sem vegna hæðar þarf líklega að halda við. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk sem snúa í vestur og eru öll eins. Hvert og eitt er marmaraplata sem hvílir á kubbi úr marmarasteypu. Áletrunin er gerð með koparstöfum sem límdir eru á plötuna. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**I 315** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, með bergsalla, allhár, sem tengist hinum við hliðina. Ekkert minningarmark er á reitnum og fer bakkinn í 4. flokk.

**I 316** Nokkuð breiður steinsteyptur bakki með bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Á reitnum er eitt minningarmark. Þetta er heill náttúrulegur granítsteinn sem hefur verið klofinn og framhliðin gljáslípuð. Minningarmarkið hefur fallega áletrun. Það snýr í vestur og lendir í 4. flokki.

**I 317** Steinsteyptur bakki með rúmlagi og er lengdin meiri í austur-vestur. Hann er með gafli og hliðararmi og er mjög mosavaxinn. Fer í 5. flokk.
Í gaflinn er skrúfuð hvít marmaraplata sem fer í 4. flokk.

**I 318** Reiturinn er umgirtur af steyptum lágum bakka en ofan á honum eru liggjandi grágrýtisdrangar. Ofan á þeim eru grágrýtisstólpar og ganga keðjur á milli þeirra. Þetta eru 3x6 súlur og verður hlið fyrir miðju. Umgjörðin fer í 2. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og vísa þau í austur.
Annað er grágrýtishnullungur með áletrun sem nú er mjög farin að mást og þyrfti að skerpa á letrinu. Fer í 4. flokk.
Hitt minningarmarkið er samskonar steinn en hér hefur verið reynt að skerpa á áletruninni með svörtu lakki. Hann fer einnig í 4. flokk.

**I 319** Hér er hár steinsteyptur bakki um 30-40 cm á hæð og þarf líklegast að halda honum við vegna hæðarmunar. Fer í 4. flokk. Á reitnum eru tvö minningarmörk og vísa þau í austur.

Annað minningarmarkið er úr grábrúnleitu graníti. Það er nokkuð flókið að gerð. Stærð verksins er um það bil 40x40 cm og þykktin vart meiri en 10 cm, á að giska. Ofan á steininum er áfestur lítill steinn bogadreginn með öxlum og er hann laus. Þar í er meitlaður hálfmáni. Í honum er áfest mynd, líklega úr kopar fremur en látúni, af syrgjandi stúlku. Neðar er rönd og þar fyrir neðan er áletrunin á gljáfægðum steininum. Steinninn fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er úr sama efni en það er þó ögn stærra. Efst er ílangur bogi með öxlum en á öllum jöðrum steinsins er meitlaður bekkur. Fyrir miðju er reitur með áletrun. Milli þess reits og bogans er kopar eða látúnsskreyti; skál með blómum sem hríslast út fyrir skálina. Þessi steinn fer einnig í 4. flokk.

**I 319a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á honum er eitt minningarmark. Minningarmarkið er marmaraplata, á að giska 30x40 cm en þykktin vart meiri en 3-4 cm. Platan er bogadregin að ofan en hún er látin hallast nokkuð og styður hana steinn úr marmarasteypu. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**I 319b** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**I 320** Hér er steinsteyptur bakki kringum leiðið. Hann er vel heill og fer í 5. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli úr sama efni og snýr þetta í austur. Ofan í áletrunina hefur verið farið með svörtu lakki. Steinninn fer í 3. flokk.

**I 321** Minningarmarkið er dökkleitur granítsteinn á undirsteini úr sama efni og snýr hann í austur. Hann hallast nokkuð til vesturs. Hann fer í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**I 322** Kringum reitinn er hlaðið laust hraungrýti eða apalhraun. Heyrir það til 5. flokki. Á reitnum eru tvö minningarmörk, steypt koparplata með upphleyptu letri og hvílir hún á tveimur pípum einnig úr kopar. Platan fer í 4. flokk. Því næst er hér blágrýtissteinn, vel slípaður á alla kanta. Fer í 4. flokk.

**I 323** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Á honum er hvítur furukross með svartri nafnaplötu og heyrir hann til 4. flokki.

**I 324** Hvorki kross né minningarmark er að finna á þessum reit.

**I 325** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki með gafli. Hann fer í 5. flokk. Í gaflinn er innfelld grágrýtisplata og fer hún í 4. flokk.

**I 326** Kringum þessa barnsgröf er steinsteyptur rúmlaga lítill bakki með bergmylsnu. Gafl er að baki og hefur bakkinn tvo hliðorarma. Hann fer í 5. flokk. Á gaflinum er svört nafnaplata og fer hún í 4. flokk.

**I 401a** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og hliðarörmum sem ganga í niðursveigðan boga fram að fótagaflinum. Þar er á nokkuð mikið skraut en bakkinn er mjög illa farinn og þarfnast mikilla lagfæringa eigi að halda í hann. Þetta gerði fer í 5. flokk.

Minningarmarkið á reitnum er hvítur marmarasteinn á marmarasökkli. Það snýr í vestur. Ofarlega á varðanum skiptast á allskyns bogaform og er á öxlunum mikið liljuskreyti. Steinninn er í ágætu ástandi og fer í 3. flokk.

**I 401b** Ekkert er að finna á þessum reit.

**I 401c** Hvorki er að finna á þessum reit gerði né minningarmark.

**I 402** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, mjög sprunginn og skemmdur. Hann flokkast í 5. flokk.

Minningarmarkið er merkilegur bogasteinn úr grágrýti. Hann hvílir á sökkli úr sama efni og snýr í vestur. Ofarlega í boganum er meitlað skreyti; trjágreinar sem hríslast ögn niður eftir steininum og vindast þær saman. Fyrir miðju er meitlað laufblað. Letrið á steininum er nú orðið mjög máð. Skreytið á steininum er merkilegt og fer hann í 2. flokk.

**I 403** Steinsteyptur bakki umlykur reitinn. Hann fer í 5. flokk. Minningarmörkin þrjú snúa í vestur.

Blágrýtishnullungur, klofinn og slípaður að framan. Virðist vera fjörusteinn. Hann stendur á undirstöðu úr marmarasteypu. Á framhliðinni er koparkross og letrið er einnig úr kopar. Flokkast í 4. flokk.

Marmaravarði, allur afsettur, um 70 – 80 cm á hæð. Hann er höggvinn þannig að látið er líta svo út sem hann sé samsettur úr mörgum smærri marmarasteinum. Hann er hæstur vinstra megin en nokkru lægri hægra megin. Fyrir miðju er meitlaður sporöskjulaga flötur og þar á er felld inn mynd af barni sem hér hvílir. Minningarmarkið er fest ofan á bakkann aftast. Handbragðið er sérkennilegt og merkilegt. Þetta er einn tiltölulega fárra steina með innfelldri mynd sem finna má í garðinum og ber að varðveita þetta minningarmark sem best. Flokkast í 1. flokk.

Þriðja minningarmarkið er slípaður blágrýtisvarði með sandblásinni áletrun. Flokkast í 4. flokk.

**I 404** Kringum reitinn eru hlaðnar gangstéttarhellur en í hverju horni eru tilhöggnir grágrýtissívalningar, flatir að ofan, og liggja á milli hverra tvær pípur. Gæta verður þess að varðveita stólpana. Gerðið flokkast í 4. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og vísa þau til austurs.

Fyrra minningarmarkið er mjög stór og veglegur púltsteinn. Hann er mjög brattur og hallast um 80$^{o}$ á að giska. Í púltinu er marmaraplata sem er mjög sprungin og letrið mjög máð. Steinninn fer í 3. flokk.

Seinna minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski úr grágrýti og á undirstöðu úr sama efni. Framhlið varðans hefur verið slípuð ekki alls fyrir löngu og sett á letur úr kopar. Ofarlega í varðanum er Thorvaldsensplatti; *Æviskeið mannsins og árstíðirnar (Æska-sumar)*. Þetta mun vera eina dæmið um þetta verk í garðinum. Steinninn fer því í 1. flokk.

**I 405a** Ílangur steinsteyptur rúmlaga bakki um 20 cm á hæð fremst. Nokkuð hár gafl er að aftan og þrír hliðararmar. Bakkinn fer í 5. flokk. Á reitnum eru fjögur minningarmörk og snúa þau í austur.

Fyrstu þrjú minningarmörkin eru svartar granítplötur sem eru innfelldar í gaflinn og fara þær allar í 4. flokk.

Það fjórða er plata úr steyptu áli sem felld er inn í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**I 405b** Ekkert gerði er kringum þennan reit.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata, sem styðst við stein úr marmarasteypu. Fer það í 4. flokk.

**I 406a** Steinsteyptur bakki með rúmlagi. Gaflinn og framhlutinn eru svipaðir á hæð. Bakkinn snýr til austurs og lendir í 5. flokki.

Á gaflinum er innfelld plata úr grágrýti. Fer minningarmarkið í 4. flokk.

**I 406b** Hvorki er að finna minningarmark né gerði á reitnum.

**I 407** Reiturinn er afmarkaður af 2x3 steinsteyptum súlum og er lengd reitsins öll í austur-vestur. Milli hverra súlna ganga tvær pípur. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er hvítur trékross með svartri plastplötu. Flokkast í 4. flokk.

**I 408** Kringum þetta barnsleiði er steyptur bakki. Gafl er á bakkanum og fer hann í 5. flokk. Í gaflinn hefur eitt sinn verið felld plata eða mynd en hún er nú horfin.

**I 409** Kringum þetta leiði er steyptur bakki með gafli og fjórum hliðarörmum og eru fremst á bakkanum einnig lágir armar. Ástand bakkans er gott og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem felld er inn í bakkann. Letrið er nú orðið nokkuð máð og fer minningarmarkið í 4. flokk.

**I 410** Kringum reitinn er fallegur steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Hann er nýmálaður og fer í 4. flokk. Á gafli reitsins eru sjö minningarmörk sem snúa í austur.

Fyrstu tvö minningarmörkin eru grágrýtisplötur sem fara í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er granítplata sem fer í 4. flokk.

Hin fjögur eru rismyndir af hinum látnu eftir Ríkarð Jónsson og fara þær allar í 1. flokk.

**I 411** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er mjög sprunginn. Fer í 4. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og vísa þau í austur.

Fyrst er lágur þekjusteinn úr grágrýti. Hann er slípaður að framan en þar eru meitlaðir borðar með upphleyptri áletrun. Steinninn fer í 3. flokk.

Þá er grágrýtissteinn sem er slípaður að framan en afsettur á hliðum og baki. Efst á framhliðinni er pálmagrein og neðar eru meitlaðir bekkir með upphleyptu letri. Fer í 3. flokk.

Loks er grágrýtissteinn sem meitlaður þannig að ofan á honum til vinstri er uppdreginn bogi sem síðan dregst niður og loks upp við hægra hornið. Letrið er orðið nokkuð máð og fer steinninn í 3. flokk.

**I 412** Á þessum reit er ekkert að finna.

**I 413** Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn með áfastri steyptri álplötu. Það fer í 4. flokk.

**I 414** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr rauðu graníti þar sem skiptast á rauð, hvít og svört korn. Varðinn hvílir á undirsteini úr sama efni. Ofarlega í varðanum er meitluð sporaskja og þar er á rósamynd úr kopar. Verkið fer í 4. flokk.

**I 415** Reiturinn afmarkast af breiðum steinsteyptum bakka í ágætisástandi. Hann fer í 5. flokk
Aðeins eitt minningarmark er að finna á reitnum. Það er grár granítsteinn þar sem skiptast á hvít og svört korn. Hann er gljáslípaður að framan en allur óreglulegur eða afsettur á hliðum og baki. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**I 416** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**I 417** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 4. flokk.
Ofan á bakkanum er steinsteypt minningarmark, allflókið að gerð. Þar á er sporöskjulaga koparplata og fer þetta í 4. flokk.

**I 418** Minningarmarkið á reitnum er hvítur trékross með svartri áletrunarplötu og fer hann í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**I 419** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á honum er eitt minningarmark. Þetta er náttúrulegur fjörusteinn með meitluðu letri. Fer í 4. flokk.

**I 420** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með rúmlaga formi. Lengdin er í norðursuður. Gaflinn er hæstur og á hliðum er einfaldur rammi. Hann fer í 4. flokk. Minningarmarkið er ílöng blágrýtisplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**I 421** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki sem fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er einfalt að gerð en merkilegt vegna áletrunarinnar. Ofan á bakkanum austanverðum er steinsteyptur kubbur og er lítil hvít marmaraplata felld í hann. Á plötunni stendur aðeins *Mamma*. Því fer þetta í 2. flokk.

**I 422** Steinsteyptur bakki með gafli og hliðarörmum. Lengdin er í austur-vestur. Hann fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem fest er á gaflinn. Ástand hennar er gott og fer hún í 4. flokk.

**I 423a** Kringum reitinn, sem er ómerktur botnlangi úr reit **I 419** og verður hér kallaður **I 423a**, eru hlaðnar gangstéttarhellur. Gerðið fer í 5. flokk. Minningarmarkið á reitnum er grágrýtissteinn með áfastri koparplötu. Fer í 4. flokk.

**I 423** Reiturinn er mjög ílangur til norðurs-suðurs. Á honum eru 5 minningarmörk:
Grágrýtissteinn sem slípaður er á öllum köntum en efst í honum er meitlað sólartákn sem sjá má víðar í garðinum. Minningarmarkið fer í 2. flokk.
Lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Áletrunin á varðanum er sandblásin. Steinninn fer í 3. flokk.

Að síðustu eru hér þrjár sporöskjulagaðar álplötur, sem skrúfaðar eru á bak reits **I 420**. Þær eru allar sömu gerðar, en misstórar. Allar fara þær í 4. flokk.

**I 424** Kringum þetta leiði er steyptur bakki. Hann fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er fremur þekjusteinn en lágur flatur óbeliski. Hann er vart hærri en 60-70 cm á hæð, á að giska. Hann er úr grágrýti og er vel slípaður að framan. Svo virðist sem skerpt hafi verið á letrinu en elsta áletrunin er frá 1932. Steinninn fer í 3. flokk.

**I 424a** Ekkert gerði er kringum þennan reit en minningarmarkið er þekjusteinn fremur en lágur óbeliski eins og minningarmarkið hér að framan. Allar hliðar hans virðast slípaðar og hann stendur á slípuðum undirsteini. Áletrunin er sandblásin. Steinninn fer í 4. flokk.

**I 425** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki og er lengdin í austur-vestur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er að öllum líkindum blágrýtisfjörusteinn með áfastri svartri álplötu. Það fer í 4. flokk.

**I 426** Steinsteypt umgjörð sem hefur rúmlaga form afmarkar reitinn. Hún er með gafli og þreföldum hliðarörmum. Á reitnum eru tvö minningarmörk. Gerðið fer í 5. flokk.
Fyrra minningarmarkið er dökkgrár granítsteinn. Hann er ferhyrndur, slípaður að framan en afsettur á hliðum og baki. Á framhliðinni er gljáinn meitlaður af svo eftir standa bekkir með upphleyptri áletrun. Minningarmarkið fer í 4. flokk.
Hitt minningarmarkið er lágur þekjusteinn fremur er lágur flatur óbeliski úr grágrýti frá haustinu 1918. Ofarlega á framhliðinni er Thorvaldsensverkið *Dagur*, lítill platti um 10 cm í þvermál og ósprunginn og fastur fyrir. Meðfram jöðrum plattans er fallegt munstur sem sjá má á sumum þessara verka í garðinum. Vegna ýmissa sérkenna fer þessi steinn í 2. flokk.

**I 501** Kringum reitinn, það er á suður- og vesturhlið er snyrtilegt grindverk úr tré. Það fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö og alveg eins. Þetta eru steinsteyptir púltsteinar og er skrúfuð í þá svört álplata sem fellur alveg ofan í ramma steinsins. Steinarnir fara í 4. flokk.

**I 502** Steinsteyptur bakki í góðu ástandi afmarkar reitinn. Lengdin er í austur-vestur og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn og er felld ofan í hann svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**I 503** Reiturinn er mjög ílangur og liggur frá austri til vesturs og nær yfir alla fimmtu reitaröðina. Breidd hans er fjórðungur af lengdinni. Hann er afmarkaður af 4x8 sívölum súlum úr grágrýti og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Víða eru pípurnar fallnar af. Ástand hans er ekki gott en súlurnar þarf að varðveita hvort sem þær verða fjarlægðar eða ekki. Gerðið fer því í 3. flokk. Reitnum tilheyra tuttugu minningarmörk og eru þau þessi:
**I 503a** Þetta er varði úr bleiku graníti á steyptri undirstöðu. Svört smá korn eru víða í steininum og er þetta algeng graníttegund í garðinum. Varðinn er ögn bogadreginn að ofan og gljáslípaður að framan. Hann fer í 4. flokk.

**I 503b** Kringum þetta minningarmark og annað sem hér er en er ómerkt, er steinsteyptur bakki sem lendir í 5. flokki. Minningarmarkið er úr sama efni og hér að framan en þó mun þykkara og breiðara auk þess sem boginn er mun skarpar dreginn. Það fer í 4. flokk. Fyrir framan þetta minningarmark er plata sem ekki er merkt á korti og verður hér nefnd: **I 503ba.** Það er svört granítplata og fer í 4. flokk.
**I 503c** Minningarmarkið er granítsteinn úr bleiku graníti, sömu gerðar og þau tvö á undan. Það fer í 4. flokk.
**I 503d** Enn er hér um sömu granítgerð að ræða en þetta minningarmark er bogasteinn í góðu ástandi og fer hann í 4. flokk. Kringum minningarmarkið er raðað hraunhnullungum.
**I 503e** Hér er ekkert minningarmark þótt merkt sé á korti.
**I 503f** Þetta er svört graníthella sem felld er inn í allháan og þykkan steinsteyptan púltstein. Minningarmarkið lendir í 4. flokki.
**I 503g** Ekkert minningarmark er að finna hér þótt kortið sýni svo.
**I 503h** Minningarmarkið er granítvarði úr ljósbrúnum og nokkuð stórum svörtum kornum. Varðinn er á að giska um 100 cm á hæð og hvílir hann á sökkli úr sama efni. Inn í hann er felld svört granítplata með áletrun. Steinninn fer í 4. flokk. Kringum minningarmarkið eru hraunhnullungar.
**I 503i** Þetta er mjög lágur flatur óbeliski, fremur en hár þakpúltsteinn, og er hann afsettur á öllum hliðum og baki, en slípaður að framan. Sökkulinn sem hann hvílir á að er einnig allur afsettur. Steinninn fer í 3. flokk.
**I 503k*** Flatur óbeliski úr svörtu graníti og á sökkli úr sama efni en undirsteini sem virðist vera grágrýti. Meginvarðinn er gljáslípaður að framan en er annars mattur. Steinninn er nýlega fallinn og þyrfti að rétta hann við og treysta undirstöður. Fer í 2. flokk vegna aldurs.
**I 503l** Voldugur steinn úr bleiku graníti, sömu gerðar og þau hin fyrstu sem fjallað var um hér í reitnum. Steinninn er um það bil 60x60 cm og um 15 cm á þykkt. Efst er hann með ílöngum breiðum boga en axlir til hliðanna. Á steininum er meitlaður hringur og eins og upphleypt reipi þar í kring. Steinar þessarar gerðar eru líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn. Á fletinum sem reipið umlykur er svo áletrun. Fer í 4. flokk.
**I 503m** Þetta minningarmark er svört granítplata sem felld er inn í steinsteypt púlt sem látið er halla nokkrar gráður. Fer í 4. flokk.
**I 503n** Minningarmarkið er svört granítplata sem er felld inn í vel slípað grágrýtispúlt og hvílir þetta á grágrýtisundirstöðu. Fer í 4. flokk.
**I 503o** Ekkert minningarmark er hér að finna þrátt fyrir merkingar á korti.
**I 503p** Hér er granítvarði, dökkur en með hvítum kornum. Hann er óreglulegur á hliðum og baki en gljáslípaður að framan. Kringum varðann eru hraunmolar. Fer í 4. flokk.
**I 503r*** Hér er minningarmarkið óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr grágrýti. Hver hluti er stokkhöggvinn en framhliðin er slípuð. Áletrunin er meitluð á gotneskan boga. Minningarmarkið fer í 1. flokk vegna efnis, stíls, aldurs og handbragðs.
**I 503s*** Minningarmarkið samanstendur af varða sem er með gotnesku formi, sökkli og undirsteini. Efst í varðann er felldur Thorvaldsensplatti, *Dagur.* Flöturinn sem áletrunin er á er meitlaður niður í steininn. Í hornunum eru meitlaðar kvartsólir sín hvorum megin og út frá þeim geislar sem tákna eiga lýsingu áletrunarinnar. Sökkullinn er með laufabekkjum efst og eru efri brúnir hans bogadregnar. Á honum er einnig hinn algengi lárviðarsveigur. Steinninn er merkur vegna formgerðar, skreytis, aldurs og handbragðs og fer í 1. flokk.

**I 503t*** Þetta minningarmark er óbeliski úr grágrýti, stokkhöggvinn og slípaður á framhlið. Varðinn stendur á sökkli og undirsteini. Undirsteinninn sést nú vart. Sökkullinn er óskreyttur. Áletrunin er meitluð og er ástand hennar gott. *Nótt* Thorvaldsens er felld inn í steininn fyrir ofan áletrun. Ástand legsteinsins er gott og fer hann í 1. flokk vegna formgerðar og aldurs.
**I 503v*** Klassískur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Allt er verkið meitlað með hefðbundnum hætti. Efst í varðanum er verk Thorvaldsens, *Dagur* en á sökklinum eru meitlaðir bekkir, sá efsti með laufaskrúði. Á miðjum sökklinum er meitlaður lárviðarsveigur. Minningarmarkið fer í 1. flokk.
**I 503x*** Þetta er einnig klassískur flatur óbeliski, sömu gerðar og sá hér á undan nema í varða er verk Thorvaldsens *Nótt*. Minningarmarkið fer einnig í 1. flokk.
**I 503z*** Þetta minningarmark er þekjusteinn og virðast hliðar og bak afsett. Efst er innfelldur platti með verkinu *Nótt* og fyrir miðju er felld inn marmaraplata með áletrun. Steinninn hefur fallið yfir og þyrfti að rétta hann við. Steinninn fer í 1. flokk vegna aldurs og formgerðar.

**I 504** Steinsteyptur bakki með 3x3 súlum ofan á og liggja keðjur á milli hverra súlna. Reiturinn er samtengdur reitnum fyrir aftan og flokkast í 4. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Annars vegar er bogasteinn úr grágrýti á grágrýtisundirstöðu og hefur hann verið sandblásinn. Gerðar hafa verið sérkennilegar súlur neðst. Fer í 3. flokk.

Hins vegar er lágur þekjusteinn, á grágrýtisundirstöðu, sandblásinn og slípaður og virðist hafa verið gert við hann og upprunalega áferðin og handbragðið því horfið. Fer í 4. flokk.

**I 505** Steinsteyptur bakki, mjög mosavaxinn en heillegur. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**I 506** Reitinn umlykur steinsteyptur hvítmálaður bakki. Aftast er gafl en á hliðum armar. Bakkinn lendir í 4. flokki. Tvö minningarmörk eru hér á.

Það fyrra er hvít marmaraplata með upphleyptu letri sem felld er inn í bakkann. Fer í 4. flokk.

Þá er hér svört álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**I 507** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, nokkuð jafnlangur á hverri hlið og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Hann hefur þekju efst og ypptar útstæðar axlir. Legsteinninn heyrir til 3. flokki.

**I 508** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Á reitnum er blágrýtisstuðull og er meitlað á hann nokkuð grófgert og sérkennilegt letur. Málað er ofan í það með svörtum lit. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**I 509** Nokkuð hár steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvítmálaður trékross með svartri nafnaplötu úr áli. Hann fer í 4. flokk.

**I 510** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, samhliða þeim hér á undan. Ekkert minningarmark er á reitnum og fer hann í 5. flokk.

**I 511** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka sem fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk og snúa áletranirnar í vestur.

Fyrsta minningarmarkið er rauðleit fínkornótt granítplata sem felld er í steinsteyptan púltstein. Á plötunni er meitlaður lampi og í hornum skínandi kvartsólir. Hann er mjög brattur og hallast líklega um 80º. Fer í 3. flokk.

Þetta minningarmark er sömu gerðar og það hér að framan og með sama skreyti en þó úr mun grófkornóttara graníti. Flokkast undir 3. flokk.

Þriðja minningarmarkið er sömu gerðar og í I 511a og með sömu táknmyndum og fer í 3. flokk.

**I 512** Reiturinn afmarkast af steinsteyptri umgjörð með gafli og hliðararmi. Öll er hún sett bergmylsnu. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er dökkgráleit granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**I 513** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er lengdin öll í norður-suður. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum:

Allhár bogasteinn úr grágrýti á undirsteini. Efst eru örmjóar axlir eins og algengt er með þessa gerð steina. Í boganum er meitlaður hálfmáni og þar er á upphleypt krossmark og pálmablöðungar hvorum megin. Fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er allhár blágrýtisstuðull, um 150 cm á að giska, og er hann klofinn. Framhliðin er gljáslípuð með koparstöfum. Minningarmarkið flokkast í 4. flokk.

**I 514** Steinsteyptur heillegur bakki og fer hann í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum:

Heill marmarasteinn með púltformi. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið hefur form bókar og er úr gráum marmara. Fer í 4. flokk.

Það þriðja er steinsteypt með formi púltsteins. Ofan í hann er felld hvít marmaraplata með upphleyptu letri. Minningarmarkið flokkast í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er nákvæmlega sömu gerðar og það á undan og fer einnig í 4. flokk.

**I 515** Kringum reitinn eru liggjandi grágrýtisdrangar og fer umgjörðin í 3. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og horfa þau til austurs.

Hér er skorinn grágrýtiskassi á að giska 70x70 cm en er vart nema um 10 cm á þykkt. Steinninn stendur á bakkanum sem umlykur reitinn. Hann flokkast í 4. flokk.

Heill grágrýtispúltsteinn sem látinn er hallast um 20º. Hann er með meitluðum bekkjum og er letrið upphleypt. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**I 516*** Innan þessa gerðis eru sex minnisvarðar og snúa framhliðar allra í austur. Gerðið er steinsteyptur bakki mjög mosavaxinn en í ágætisástandi. Lengdin er í norður-suður og fer það í 4. flokk. Sex minningarmörk eru á reitnum:

Hvítleitur granítsteinn með dökkum og brúnum kornum í. Hann er þykkari neðst en efst, gljáslípaður að framan og áletrunin er úr koparstöfum. Fer hann í 4. flokk.

Grófkornóttur granítsteinn með sérkennilegu lagi. Hann stendur á bakkanum sem umlykur reitinn. Flokkast í 4. flokk.

Þetta minningarmark er flatur óbeliski en óvenjulega breiður miðað við hæð. Það er allt úr grágrýti, varði, sökkull og undirsteinn. Varðinn er með pýramídaþaki og er á framhliðinni felld inn plata, líklega einnig úr grágrýti með eftirskrift. Framhlið

varðans er slípuð að því er virðist en bak og hliðar stokkhöggnar. Minningarmarkið er í góðu ástandi og fellur undir 2. flokk.

Þrjú síðustu minningarmörkin eru svartir granítpúltsteinar sem fara í 4. flokk.

**I 517** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki, um 25 cm á hæð í góðu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum:

Heill granítkubbur, um 40x50 cm en þykktin um 10 cm. Steinninn fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er að formgerð eins steinn en nokkuð þykkari og stærri. Fer í 4. flokk.

# Reitasafn K

*REITASAFN K*

**K 101** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmörkin þrjú snúa í vestur.

Fyrsta minningarmarkið er hvítur heill marmarapúltsteinn sem hallast um 10-20º. Á framhlið hans er skrúfuð svört plata úr plasti. Flokkast undir 4. flokk.

Bogasteinn úr grágrýti á grágrýtissökkli. Varðinn hefur örmjóar axlir en efst í honum er hálfmánaflötur og þar á eru upphleypt krossmark og tvær pálmagreinar hvor sínu megin. Steinninn fer í 3. flokk.

Heill sagaður granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**K 102** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með bergmylsnu og fer hann í 5. flokk. Aðeins eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í vestur.

Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn og er koparplata felld ofan í hann. Lendir í 4. flokki.

**K 103** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og er lengdin öll til norðurs-suðurs. Hann hefur gafl og hliðararma. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú en það eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**K 104** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og liggur lengdin frá norðri til suðurs. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið á reitnum er grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni. Formgerðin og handbragðið er athyglisvert og fer steinninn í 2. flokk.

**K 105** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og hliðararmi á hverri hlið. Miklar alkalískemmdir eru á bakkanum og sýnist hann vera ónýtur. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú en það eru svartar granítplötur sem eru felldar í gaflinn og fara í 4. flokk.

**K 106** Kringum reitinn eru liggjandi grágrýtisdrangar og eru ofan á þeim 3x5 súlur. Keðja hefur eitt sinn legið á milli súlnanna en er nú horfin. Gerðið fer í 3. flokk og mætti gjarnan varðveita það og lagfæra. Minningarmörkin eru tvö:

Merkilegur legsteinn úr grágrýti. Á varðanum er merkilegt skreyti og fer steinninn í 2. flokk vegna formgerðar og skrautverks.

Þessi grágrýtisvarði er ekki með eins skrautverki og sá hér á undan en þó merkilegur og hluti heildar reitsins. Fer því einnig í 2. flokk.

**K 107** Bakkinn er steinsteyptur og er austurhliðin mun hærri en sú vestari. Fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum:

Lágur klofinn blágrýtisstuðull sem er gljáslípaður að framan og hvílir hann á möttum skornum blágrýtisundirsteini. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Þetta minningarmark er einnig klofinn blágrýtisstuðull en er ögn hærri en sá sem fjallað var um hér á undan. Hann fer líka í 4. flokk.

**K 108** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka sem fer í 5. flokk. Þar er á eitt minningarmark sem snýr til vesturs.

Þetta er grágrýtissteinn með innfelldri marmaraplötu. Verkið fer í 3. flokk.

**K 109** Reiturinn er afmarkaður með hlöðnum vikursteini. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er þar að finna.

**K 110a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á reitnum eru eitt minningarmark.
Þetta minningarmark er mjög hár og brattur púltsteinn með svartri granítplötu. Steinninn er við það að falla og þarf að treysta undirstöður hans. Hann fer í 3. flokk.

**K 110b** Ekkert minningarmark er hér að finna.

**K 111** Kringum þetta leiði er steyptur bakki með steinsteyptum súlum ofan á hliðunum. Ekkert minningarmark er á reitnum. Fer í 5. flokk.

**K 112** Þetta leiði afmarkar steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtisvarði á grágrýtissökkli og hvílir þetta á bakkanum. Ofarlega á varðanum er meitlað krossmark og þar á pálmagrein. Fer í 3. flokk.

**K 113** Ekkert gerði er kringum reitinn. Á honum er eitt minningarmark, furukross með nafnaplötu. Fer í 4. flokk.

**K 114** Kringum þetta leiði er steyptur bakki með 2x3 steyptum súlum og ganga tvær pípur á milli þeirra. Bakkinn lendir í 5. flokki. Minningarmarkið snýr í vestur.
Þetta er allhár bogasteinn úr rauðleitu graníti á sökkli úr sama efni. Steinninn hefur nokkuð skemmtilegan svip og fer í 4. flokk.

**K 115a** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

**K 115b til K 115f** Á þessum reitum er ekkert að finna þótt merktir séu á korti.

**K 116** Allhár steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur.
Þetta er lágur flatur óbeliski sem stendur á bakkanum. Hann lendir í 3. flokki.

**K 117** Steyptur bakki sem liggur í norður-suður. Hann er nokkuð sprunginn og fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru fjögur og vísa í vestur.
Minningarmark úr hvítum marmara með liljuskrauti. Það er nokkuð merkileg táknmynd og lendir steinninn í 2. flokki.
Þrjú síðustu minningarmörkin eru eins. Þetta eru þunnir marmarasteinar á marmarasökkli. Varðinn er nokkuð breiðari efst en neðst. Lendir í 4. flokki.

**K 118** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og þremur hliðarörmum. Bakkinn er með bergsalla og hefur verið hvítmálaður. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið snýr í vestur en það er steypt álplata sem fest er á bakkann og fer það í 4. flokk.

**K 119** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið á reitnum er stór, heilskorinn, svartur granítsteinn með púltformi. Hann fer í 4. flokk.

**K 120*** Reiturinn afmarkast af fjórum tilhöggnum grágrýtisstólpum. Einn er í hverju horni reitsins og eru þeir ávalir efst og ganga tvær járnpípur milli hverra stólpa. Pípurnar eru mjög ryðgaðar og eru þær víða fallnar. Stólpinn í suð-vestur horninu er brotinn. Gerðið er mjög illa farið og þarfnast viðgerðar. Ef það verður fjarlægt yrði að varðveita stólpana. Gerðið fer í 3. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Ekkert skraut er á varðanum en þó krossmark efst. Fer í 2. flokk, mest vegna aldurs.

**K 121** Nokkuð hár steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og vísar það í austur.

Minningarmarkið er hár og brattur steyptur púltsteinn með innfelldri marmaraplötu. Neðarlega á hana er skrúfuð álplata. Fer í 4. flokk.

**K 122** Steinsteyptur bakki með gafli afmarkar leiðið. Fer í 5. flokk.

Í gaflinn er felld inn marmaraplata. Ofan á bakkanum hefur líklega verið englamynd en er nú brotin af. Fer í 4. flokk.

**K 123** Ekkert gerði er í kringum þennan reit. Minningarmarkið er heill grágrýtissteinn með púltsteinslagi. Hann hefur verið slípaður upp á framhliðinni og sett á hann koparletur. Fer í 4. flokk.

**K 201*** Á Engeyingareit svonefndum eru átta minningarmörk og snúa framhliðarnar í austur. Gerðið umhverfis reitinn er hlaðinn grágrýtisbakki nokkuð þykkur og hár. Hann er mjög mosavaxinn en vel heill. Gerðið er mjög ílangt og er lengdin öll í norður-suður og lendir í 3. flokki enda merkilegt vegna hleðslunnar og lengdarinnar. Átta minningarmörk eru á reitnum:

Hár og allbrattur púltsteinn úr grágrýti og virðist afsettur á baki og hliðum. Í púltbakkanum er svört granítplata. Fer í 3. flokk.

Granítpúltsteinn, ögn hærri en sá á undan og er felld inn í hann svört granítplata. Fer einnig í 3. flokk.

Steinsteyptur púltsteinn og er felld inn í hann svört granítplata. Fer í 4. flokk.

Hár og brattur púltsteinn úr grágrýti og hvílir svört granítplata í púlti. Hann er því þykkastur neðst en þynnist eftir því sem ofar dregur. Hliðar og bak virðast vera afsettar. Minningarmarkið er í góðu ástandi. Heyrir undir 2. flokk.

Steinsteyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

Marmaravarði sem er þannig höggvinn að látið er líta út sem hann sé samsettur úr mörgum smærri marmarasteinum óreglulegum. Við fyrstu sýn virðist sem hann hvíli á undirsteini úr sama efni en hann er mjög mosavaxinn svo erfitt er að sjá það. Steinninn fer í 3. flokk.

Nokkuð hár grágrýtispúltsteinn á að giska um 70 cm á hæð. Hann er afsettur á baki en hliðarnar fínt höggnar og sléttar. Svört granítplata hvílir í púltinu. Fer í 3. flokk.

Grágrýtispúltsteinn sem allur er mjög óreglulega höggvinn. Í púlti er mjög þykk svört granítplata sem virðist vera laus. Fer í 3. flokk.

**K 202** Reiturinn er afmarkaður af 2x3 grágrýtissúlum sem eru nokkuð merkilegar þótt algengar séu í garðinum. Varðveita verður súlurnar og bæta við pípum sem ganga á milli þeirra ef gert verður við reitinn. Fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**K 203** Kringum reitinn eru allmerkilegar grágrýtissúlur með laufabekk efst. Þær eru 2x3 og er lengdin í norður-suður. Milli hverra súlna er járnpípa. Gerðið er mjög illa farið en súlurnar þarf að varðveita og fer það í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**K 204*** Gerðið er stólpagirðing, stokkhöggnir grágrýtisstólpar og ganga tvær járnpípur á milli hverra stólpa. Bæði stólpa og súlur vantar á suður og austurhlið gerðisins. Lengdin er öll í norður-suður. Gerðið þarfnast því lagfæringar. Í reitnum eru tvö minningarmörk og vísa áletranirnar í austur. Fer í 4. flokk.

Hér er þekjusteinn úr grágrýti með ypptum útvísandi öxlum. Hann hvílir á sökkli og er efst á honum laufabekkur en neðar er heiðurssveigurinn. Fer í 2. flokk vegna formgerðar og táknmyndar.

Einnig er hér grágrýtissteinn, miklum mun þykkari neðst en efst. Þetta er bogasteinn með mjóum öxlum. Efst í boga er felldur inn Thorvaldsensplatti með verkinu *Degi*. Á miðjan steininn er felld inn marmaraplata með eftirskrift. Minningarmarkið er vel farið í alla staði. Lendir í 2. flokki vegna Thorvaldsensverksins og aldurs.

**K 205*** Gerðið kringum reitinn er mjög lágur bakki úr tilhöggnu grágrýti. Lengdin er í norður-suður. Á reitnum eru þrjú minningarmörk sem snúa í austur. Gerðið fer í 4. flokk. Það þyrfti að varðveita grágrýtissteinana tvo sem hér eru. Þetta eru púltsteinar, á að giska 50 cm á hæð. Þeir eru bogadregnir að ofan. Varðarnir eru mun þykkari neðst en efst. Í púltinu er hvít marmaraplata með sama lagi og steinninn. Hliðar steinanna og bök eru afsett. Steinarnir eru í góðu ástandi og fara í 2. flokk vegna formgerðar.

Þriðja minningarmarkið er beint fyrir framan steininn. Þetta er marmaraplata á marmarasteyptri undirstöðu. Platan er með koparstöfum og krossmarki efst, líklega úr messing. Fer í 4. flokk.

**K 206** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk sem snúa í austur.

Það fyrsta er skorinn grágrýtisferhyrningur, á að giska 50 cm á hæð og meira en 100 cm á breidd en þykktin vart meiri en 15 cm. Steinninn hvílir á sökkli sem einnig er ferhyrndur og sléttur. Letrið á varðanum er upphleypt. Gott dæmi um þróun steina á þessum tíma og fer því í 2. flokk.

Því næst er hér steinsteyptur púltsteinn á að giska 50 cm á hæð. Framan á honum er hvít marmaraplata með trémynstri. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er steyptur lágur púltsteinn með dökkri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**K 207** Á þessum reit er merkilegt gerði og minningarmark frá Schannong-steinsmiðjunni í Kaupmannahöfn og hefur hvort tveggja líklega verið pantað sem heild eftir vörulista. Minningarmarkið snýr í austur. Gerðið og minningarmarkið eru úr sama efni eða ljós bleikbrúnu graníti. Reiturinn er afmarkaður af liggjandi granítdröngum en ofan á þeim eru súlur úr sama efni og liggur falleg koparkeðja milli þeirra.

Minningarmarkið er mjög hár og breiður varði með meitlaðri mynd af tré á vinstri hluta. Ofarlega á steininum er rismynd af ungu hjónunum sem hér hvíla eftir Ríkarð Jónsson. Bæði gerðið og minningarmarkið mynda fallega heild auk þess sem rismyndin er mjög merk. Verður hvort tveggja því sett í 1. flokk.

**K 208** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki kringum einstaklingsreit og er á honum granítminningarmark sem snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**K 209** Á þessum reit er steinsteypt lágt grafhýsi með ávölu þaki. Fremst á þakinu er steinsteyptur púltlaga steinn með bergsalla og er innfelld granítplata þar í og snýr

þetta í austur. Ofan á miðju þakinu er breiður og þykkur steinsteyptur kross með bergsalla. Ástand steypunnar sýnist ekki vera gott. Fer þetta þó í 2. flokk.

**K 210** Kringum reitinn er hár steinsteyptur bakki, hvítmálaður og hefur nýlega verið lagaður. Á honum er eitt minningarmark sem snýr í austur. Fer í 5. flokk.

Þetta er granítsteinn gráleitur en með mjög ljósbrúnum kornum. Hann er með ílangan boga efst en er annars beinn og vel uppréttur. Fer í 4. flokk.

**K 211** Kringum reitinn er steinsteyptur rúmlaga bakki með hliðararmi. Bakkinn er í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum.

Fyrstu þrjú minningarmörkin eru svartar granítplötur sem eru felldar í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

Fyrir framan fyrstu plötuna er heill meitlaður svartur granítsteinn með púltsteinslagi. Hann fer í 4. flokk.

**K 212** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum bakka sem hefur rúmform og er með þremur hliðarörmum. Hann er vel heill en fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem felld er inn í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**K 213*** Ekkert gerði afmarkar þetta leiði. Á leiðinu er liggjandi grágrýtissteinn. Hann hefur líklega verið uppréttur en fallið. Steinninn er með þekju og tvær hliðar. Líklega hefur verið felld inn plata í framhliðina úr efni sem erfitt er að greina og er hún í laginu eins og steinninn sjálfur en mun minni. Reisa þyrfti steininn við og hreinsa. Lendir steinninn í 2. flokki.

**K 214** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**K 215** Á reitnum er eitt minningarmark en ekkert gerði er þar í kring. Þetta er steinsteyptur ílangur og liggjandi steinn og er hvít marmaraplata felld í framhlið hans. Bergsalli er á steininum. Steinninn flokkast í 4. flokk.

**K 216** Í hverju horni þessa reits er steinsteypt súla og hafa eitt sinn pípur legið á milli þeirra. Gerðið er nú líklega ónýtt og fer það í 5. flokk.

Minningarmarkið er laus granítplata sem hallast að nágrannagafli. Fer í 4. flokk.

**K 217** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og tveimur hliðarörmum á hverri hlið. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna og horfa þau til austurs.

Fyrra minningarmarkið er plata úr svörtu gleri sem er felld inn í gaflinn og fer í 4. flokk.

Hitt er dökkleit granítplata, einnig felld inn í gaflinn og fer í 4. flokk.

**K 301** Reiturinn er ekki afmarkaður. Á honum er furukross með hringlaga armaendum og höfuðarmi og vísar hann til vesturs. Hann hallar mikið og er að falli kominn. Á hann er skrúfuð álplata. Fer í 4. flokk.

**K 302** Kringum þetta leiði er lágur steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr til vesturs, er granítsteinn úr grófum rauðum og dökkum kornum. Hann er klofinn og framhliðin gljáslípuð. Fer í 4. flokk.

**K 303** Kringum reitinn er 2x3 steinsteyptar súlur og er lengd reitsins í norður-suður. Það sem eftir er af þessu gerði fer í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í vestur, er lágur marmaravarði um 50 cm á hæð en þykktin um 7-8 cm. Á framhliðinni eru áfestir stafir líklega úr messing. Fer í 4. flokk.

**K 304** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með rúmformi og bogum á hliðum. Hann er í mjög slæmu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítplata, innfelld í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**K 305** Steinsteyptur bakki með bergmylsnu umlykur reitinn. Bakkinn er í ágætis-ástandi og fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum.

Fyrsta minningarmarkið er úr marmara og er það allflókið að gerð og vandlýst. Merkilegt skreyti er hér að finna og fer minningarmarkið í 2. flokk.

Annað er marmaravarði á sökkli úr sama efni. Framan á varðann eru festir koparstafir. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er einnig úr marmara, flókið að gerð og skreyti. Þetta er þekjusteinn með öxlum og hvílir á sökkli og undirsteini. Fer í 2. flokk.

**K 306** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og hliðararmi. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á gaflinum og vísa til vesturs.

Þetta eru steyptar koparplötur með ílöngum miðjuboga efst og fara þær í 4. flokk.

**K 307** Kringum reitinn er lágur steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**K 308** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem lendir í 5. flokki. Tvö minningarmörk eru á reitnum og horfa til vesturs.

Þetta eru steinsteyptir steinar með púltlagi og er felld ofan í framhlið þeirra kopar-plata. Steinarnir fara í 4. flokk.

**K 309** Á reitnum er stólpagerði. Meitlaðar grágrýtissúlur eru í hverju horni reitsins og liggja pípur á milli þeirra. Gerðið fer í 3. flokk en súlurnar þarf að varðveita.

Minningarmarkið er aðeins eitt og er það trékross í lélegu ástandi. Á hann er skrúfuð nafnaplata úr plasti. Fer í 4. flokk.

**K 310** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Aðeins eitt minningarmark er hér að finna og er það nokkuð hár en þunnur klofinn blágrýtisstuðull sem er gljáslípaður að framan. Hann stendur á mattslípaðri blágrýtisundirstöðu. Fer hann í 4. flokk.

**K 311** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 4x4 steyptum súlum ofan á og liggur keðja á milli þeirra. Allt er þetta með bergsalla. Gjarnan mætti reyna að halda í þennan bakka. Fer hann í 4. flokk. Á þessum reit eru tvö merk marmaraverk og snúa áletranirnar til austurs.

Fyrst er hér merkilegur uppréttur marmarasteinn. Fyrir miðju er að sjá eins og pappírsörk sem vinst upp efst og neðst og þar á er meitluð áletrun með gotnesku letri. Þar til hliðar falla niður eftir örkinni tvær stólur. Allt stendur þetta á undirsteini úr sama efni. Gjarnan mætti hreinsa steininn af svörtum skófum. Fer í 1. flokk vegna formgerðar og sérstæðs skreytis.

Hitt minningarmarkið er einnig mjög sérstakt vegna tákna og formgerðar. Þetta er nokkurs konar altari sem sveipað er dúk. Fer einnig í 1. flokk.

**K 312** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með gafli að austanverðu og fer hann í 5. flokk. Á gaflinum eru þrjú minningarmörk og snúa þau í vestur. Þetta eru ílangar steyptar koparplötur sem festar eru á bakkann. Þær fara í 4. flokk.

**K 313** Steinsteyptur bakki sem nánast er sléttur við jörð. Fer hann í 5. flokk.
Á reitnum er eitt minningarmark og er það trékross með nafnaplötu úr áli og lendir hann í 4. flokki.

**K 314** Kringum þetta leiði er steyptur bakki með gafli að vestanverðu. Fer þetta í 5. flokk.
Minningarmarkið er hvít marmaraplata, bogadregin að ofan, sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**K 315** Þessi einstaklingsreitur er afmarkaður af steinsteyptum bakka sem tengdur er þeim hér að framan. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**K 316** Reiturinn, sem er einstaklingsreitur, afmarkast af lágum steinsteyptum bakka. Ekkert minningarmark er hér að finna. Bakkinn fer í 5. flokk.

**K 317** Hvorki er hér að finna gerði né minningarmark.

**K 318** Ekkert gerði er á þessum reit. Minningarmarkið er heill þekjupúltsteinn á undirsteini. Hann er mjög vaxinn skófum og mosa og fer í 2. flokk vegna formgerðar sinnar.

**K 319** Kringum reitinn er heillegur steyptur bakki með gafli og er allt sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er trékross sem er í lélegu ástandi. Hann fer í 4. flokk.

**K 320** Steinsteyptur bakki með bergsalla og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er mjög hár blágrýtisstuðull, líklega yfir 2 metrar á hæð. Hann stendur á tvöföldum sexstrendum blágrýtissteini sem er þverskorinn. Má gjarnan fara í 3. flokk vegna hæðar og undirstöðunnar.

**K 321** Kringum þetta leiði er hár steinsteyptur bakki með bergsalla. Fer í 4. flokk vegna hæðar. Eitt minningarmark er á reitnum og horfir til austurs.
Minningarmarkið á reitnum er ferkantaður granítsteinn með grængrárri áferð. Framan á er merki frímúrara auk áletrunar. Fer í 4. flokk.

**K 322** Á reitnum er svartur granítvarði, afsettur á baki, hliðarnar mattslípaðar en framhliðin gljáslípuð. Þar er á gyllt letur. Fer í 4. flokk.

**K 323** Kringum reitinn er mjög hár steinsteyptur bakki sem fer því í 4. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og vísar það í austur.
Þetta er grágrýtisvarði á að giska 40x50 cm. Þykktin er um það bil 15 cm og hvílir hann á undirsteini. Ofan á varðanum er skemmtilega meitlaður topphnallur. Fer í 3. flokk.

**K 324** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, sléttfullur og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**K 325** Reitinn afmarkar steyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Aðeins eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur.

Það er bleikt granít með svörtum kornum í og lendir hann í 4. flokki.

**K 326** Þessi reitur mun ómerktur á korti. Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og tveimur hliðarörmum. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það fyrra er steypt álplata sem felld er inn í bakkann. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er samskonar og það hér að framan. Fer einnig í 4. flokk.

**K 401** Einstaklingsreiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með rúmformi og er á gafl og hliðararmur. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í vestur, er marmaraplata sem er felld inn í gaflinn. Lendir í 4. flokki.

**K 402** Ekkert gerði er á þessum reit. Eitt minningarmark er hér að finna og er það steinsteyptur púltsteinn með bergmylsnu og er felld í hann hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**K 403** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með rúmlagi. Hann hefur gafl og tvo hliðararma. Steypan er mjög illa farin. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**K 404** Kringum reitinn er steyptur bakki um 20 cm á hæð. Aðeins eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur. Bakkinn lendir í 5. flokki.

Minningarmarkið er heill grágrýtispúltsteinn með þekju og hvílir hann á bakkanum. Steinninn fer í 3. flokk.

**K 405** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er á honum og vísar það í austur. Það er þunnur en nokkuð breiður og hár slípaður grágrýtiskassi á undirsteini. Fer í 3. flokk.

**K 406** Minningarmarkið er rauðleitur granítsteinn, afsettur á baki og hliðum en gljáslípaður að framan. Fer í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**K 407** Þetta barnsleiði afmarkar grindverk úr tré og er það allt fúið og víða fallið. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**K 408** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki allhár með gafli. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata sem felld er inn í gaflinn og lendir í 4. flokki.

**K 409** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka og hefur hann gafl og þrjá hliðararma. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem vísar í vestur, er granítvarði um 130 cm á hæð og 60 cm á breidd. Hann er brúnleitur með svörtum kornum í og hvílir steinninn á undirsteini. Áletrunin er meitluð en efst er límdur á kross úr kopar. Fer í 4. flokk.

**K 410** Kringum reitinn er steyptur bakki. Lendir hann í 5. flokki.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem felld er í steinsteyptan kubb á bakkanum. Fer í 4. flokk.

**K 411** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það fyrra er heill grágrýtissteinn með púltformi og þekju. Áletrunin er upphleypt á bekkjum. Neðarlega er handaband sem nú er brotið. Steinninn fer í 3. flokk.

Hitt minningarmarkið er úr grágrýti. Varðinn er bogadreginn að ofan og er þar meitluð sól. Áletrunin er upphleypt á bekkjum. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**K 412** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur. Það fyrsta er kross úr bæsaðri furu og með álspjaldi og fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er einnig kross, líklega úr furu, hvítmálaður og með plastplötu. Krossinn fer í 4. flokk.

**K 413a** Reiturinn er afmarkaður með kantsteinum en annars er hann hellulagður og eru víða bil fyrir plöntur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr líparíti og snýr það í austur. Það er slípað að framan en hliðar og bak afsettar. Á framhlið er límt á koparletur. Efst hefur verið koparkross en hann er nú fallinn af. Steinninn lendir í 4. flokki.

**K 413** Liggjandi steyptur steinn með bergalla utan á. Í hann er felld svört glerplata. Fer minningarmarkið í 4. flokk. Ekkert gerði umlykur reitinn.

**K 414** Breiður steyptur bakki með gafli og þremur hliðarörmum afmarkar leiðið. Allur er hann settur bergsalla. Lengdin er í norður-suður. Flokkast í 5. flokk.

Minningarmarkið er breið og nokkuð há marmaraplata sem felld er í gaflinn. Áletrunin er meitluð en málað ofan í með svörtu. Flokkast í 4. flokk.

**K 414a** Minningarmark í ómerktum reit austan megin við reit **I 414**. Þetta er furu-kross með grárri nafnaplötu úr plasti. Fer í 4. flokk.

**K 415** Kringum þetta leiði er steyptur bakki með gafli og hliðarörmum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**K 416** Steyptur bakki í góðu ástandi sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**K 417** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka sem er ný uppgerður. Flokkast hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur.

Það er óreglulegur grár granítsteinn á mattslípuðum undirsteini líklega úr sama efni. Hann fer í 4. flokk.

**K 418** Steyptur bakki með rúmformi settur bergsalla. Hann hefur gafl og einn langan hliðararm á hvorri hlið. Hann snýr í austur og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er slípuð grágrýtisplata með upphleyptri áletrun á bekkjum og er hún fest á gaflinn. Fer hún í 4. flokk.

**K 419** Kringum einstaklingsreitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og löngum hliðararmi í hvorri hlið. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í austur, er hvít marmaraplata sem fest er í gaflinn. Þar er meitluð sjaldgæf áletrun sem er úr bréfi Páls til Filippímanna 3. kafla vers 20: „*Vort föðurland er á himni hvaðan vér væntum lausnarans Jesú Krists*“. Í Biblíuútgáfunni

frá 1981 er versið svo: „*En föðurland vort er á himni og frá himni væntum vér frelsarans, Drottins Jesú Krists*". Fer minningarmarkið því í 2. flokk.

**K 420** Hér er hvorki að finna minningarmark né gerði sem afmarkar reitinn.

**K 421** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er hvítur furukross með nafnaplötu úr steyptu áli. Krossinn hallast nú mjög og fer í 4. flokk.

**K 422** Kringum þennan einmenningsreit er allhár steyptur bakki í ágætu ástandi. Fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr bleiku graníti með dökkum kornum og stendur varðinn á undirsteini úr sama efni. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**K 423** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Austasta minningarmarkið er stytta af engli en vængir hans eru nú brotnir af. Styttan stendur á steini sem virðist vera ljós sandsteinn fremur en líparít. Áletrun er framan á steininum sem erfitt er að ráða í. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er granítsteinn slípaður að framan en náttúrulegur á hliðum og baki. Hann stendur á undirsteini, líklega úr sama efni og fer í 4. flokk.

**K 424** Steyptur bakki afmarkar leiðið og liggur suðurhliðin upp að bakka kringum reit I 426. Bakkinn er allhár og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem vísar til austurs og sem hallast að steyptum kubbi á bakkanum sjálfum. Fer í 4. flokk.

**K 424a** Minningarmark á ónúmeruðum reit rétt norðan við **K 424**. Þetta er svört plastplata á krossviði og situr hún á grágrýtissteini. Fer í 4. flokk.

**K 425** Þetta leiði er afmarkað af steyptum bakka með gafli og þremur hliðarörmum. Allt er þetta mjög sprungið og bakkinn líklegast ónýtur. Fer í 5. flokk.

Í gaflinn er felld hvít marmaraplata sem snýr í austur. Hún er mjög máð og ólæsileg og fer hún í 4. flokk.

**K 426** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki og fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum:

Steinsteyptur hár, brattur og ílangur púltsteinn með bergsalla. Í púltinu hvílir svört granítplata með meitlaðri áletrun. Lendir í 4. flokki.

Hin þrjú eru alveg samskonar steinn og með eins plötu nema áletrunin er hér upphleypt á bekkjum. Steinarnir þrír fara í 4. flokk.

**K 427** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er furukross með hvítri nafnaplötu úr plasti og fer það í 4. flokk.

**K 501*** Gerðið kringum reitinn er mjög hár steinsteyptur bakki og er hann allur mjög mosavaxinn. Eitt minningarmark er á legstaðnum. Lengdin er öll í austur-vestur og fer steinninn í 4. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr dönskum Nexø-sandsteini. Steinninn er fallega höggvinn. Neðst á honum er lágur stallur eða sökkull en boginn eða kollurinn er ögn inndreginn svo þar verða til örmjóar axlir. Allar hliðar eru slípaðar. Á framhlið hans, sem vísar í vestur, er fagurt skreyti og áletrun. Bæði skreytið og áletrunin eru höggvin

upphleypt í ramma. Efst í boganum er krossmark en þar neðar er áletrun gerð upphleypt með því að höggva niður ramma í kringum hana. Steinninn fer í 2. flokk vegna handbragðs, efnis og aldurs.

**K 502** Reiturinn afmarkast af háum steyptum bakka í góðu ástandi. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti á undirstöðu úr sama efni og er hann algengrar gerðar. Steinninn vísar í vestur. Efst er hálfmáni og er þar á upphleyptur kross og pálmagreinar. Áletrunin er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**K 503** Ekkert gerði er á reitnum. Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri svartri glerplötu. Fer í 4. flokk.

**K 504** Kringum reitinn er stólpagerði og liggja tvær pípur milli grágrýtisstöpla og er einn í hverju horni. Skemmtilegt skreyti er á stöplunum. Fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það mjög lágur flatur óbeliski, miklum mun breiðari neðst en efst. Steinninn stendur á oddhöggnum sökkli. Minningarmarkið hefur skemmtilegt skreyti og fer í 2. flokk.

**K 505** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka. Hann er víða sprunginn og með alkalískemmdir. Fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum og snúa áletranirnar í austur.

Það fyrsta er bleikbrúnn granítsteinn. Efst hefur verið krossmark eða englamynd en er nú fallið af. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er hvítur marmarasteinn á undirsteini úr sama efni. Varðinn hefur burst efst og er hann meitlaður þannig að svo er að sjá sem vínviðarteinar séu á honum. Efst í burstinni hefur verið marmarakross sem nú er brotinn af. Fyrir miðjum varðanum er gotneskur bogi og er þar felld inn svört granítplata. Steinninn fer í 2. flokk vegna skreytis og táknmynda.

Það þriðja er svört granítplata sem látin er halla upp að steyptri lágri súlu. Fer í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er svartur granítvarði. Framhliðin er slípuð en bak og hliðar afsettar. Ofan á varðanum hefur verið kross eða englamynd en er nú horfin. Steinninn fer í 4. flokk.

**K 506** Kringum reitinn er járnsteypt grindverk, líklega hið eina sinnar tegundar í garðinum. Fer það í 1. flokk. Minningarmörkin eru þrjú:

Lágur og þunnur bogasteinn úr graníti á sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk.

Hár kross úr graníti líklega frá steinsmiðju Schannongs í Kaupmannahöfn. Þetta er fallegt minningarmark og merkilegt vegna uppruna og stærðar og fer í 2. flokk.

Heilskorinn granít púltsteinn, gljáfægður á framhlið en mattur á hliðum. Á framhliðina er upphleypt áletrun á meitluðum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**K 507** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og hliðararmi. Bakkinn er settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Þetta eru steyptar álplötur sem festar eru á gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**K 508** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr fallegu brúnleitu graníti. Varðinn virðist hvíla á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Þetta er skemmtileg samsetning og fer varðinn í 2. flokk.

**K 509** Kringum reitinn er steyptur reitur með gafli og tveimur háum hliðarörmum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr mjög torkennilegu efni. Þetta virðist vera úr einhverskonar hraungrýti og er slípað að baki og á framhlið en afsett á hliðum. Áletrunin er upphleypt. Steinn þessi fer í 2. flokk.

**K 510** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur.

Það fyrra er allhár og breiður en þunnur granítsteinn. Hann er bogadreginn að ofan og með breiðum öxlum. Steinninn hvílir á undirsteini úr sama efni sem er allur afsettur. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er hár bogasteinn með öxlum úr grágrýti og á sökkli. Efst er upphleypt krossmark með pálmagreinum til beggja handa en áletrunin er upphleypt og á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**K 511*** Í reitnum eru fjögur minningarmörk. Gerðið er steinsteypt og vel farið. Lengd þess er í norður-suður. Áletranir þessara minningarmarka snúa í vestur. Gerðið lendir í 4. flokki.

Fyrsta minningarmarkið er heill svartur granítsteinn með púltsteinsformi. Fer í 4. flokk.

Þá er hér allstór steyptur púltsteinn og er felld svört granítplata í framhliðina. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er nokkuð hár varði úr graníti og stendur hann á lágum sökkli. Þetta er ljóst granít og er áletrunin vart læsileg. Fer í 4. flokk.

Loks er hér tilhöggvinn grágrýtissteinn að aftan en niður af honum mjög ljósleitur steinn, að öllum líkindum sandsteinn. Á þessu hvílir marmarabók með áletrun. Tilheyrir 2. flokki, mest vegna aldurs.

**K 512** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með bergsalla og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata meir á lengdina en hæðina. Lendir í 4. flokki.

**K 513** Kringum þetta leiði er allhár steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr grágrýti um 60-70 cm á hæð og snýr áletrunin í vestur. Fer í 4. flokk.

**K 514** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er heill svartur granítsteinn með púltsteinslagi og fer hann í 4. flokk.

**K 515*** Gerðið er steinsteyptur bakki og er lengdin í norður-suður. Töluvert er um steypuskemmdir en þó er ekkert hrunið úr bakkanum. Í reit þessum eru sjö minningarmörk og snúa framhliðarnar í austur. Umgjörðin fer í 4. flokk.

Fyrsta minningarmarkið er hár flatur óbeliski úr grágrýti og hvílir hann á sökkli og undirsteini. Í varðanum er Thorvaldsenslágmyndin *Dagur*. Sökkullinn er vandaður að allri gerð, líklega gerður af Júlíusi Schau. Á honum er laufabekkur, þar sem skiptast á smá og stór laufblöð og nær þessi bekkur allan hringinn. Framan á sökklinum er svo vandlega höggvinn lárviðarsveigur, tákn heiðarlegs lífs. Sökkullinn er óskreyttur

neðst en undirsteinninn sem allt verkið hvílir á er nú undir moldu. Steinninn fer í 1. flokk.

Næsti varði norðan við er allur sömu gerðar og legsteinninn hér að framan. Grágrýtisóbeliski á sökkli og undirsteini og sökkull skreyttur með laufaborða efst og lárviðarkransi á framhlið. Ástand minningarmarksins er einnig gott. Fer í 1. flokk.

Grágrýtisbogasteinn á grágrýtissökkli. Ofarlega er meitluð falleg stjarna og fer þetta verk í 3. flokk.

Blágrýtisstuðull slípaður að framan og fer í 4. flokk.

Grágrýtispúltsteinn með hinu algenga formi garðsins nema hér situr platan ekki í steinpontu neðst heldur nær alveg niður. Marmaraplatan er hvít og í hana meitlað krossmark og áletrun. Fellur undir 2. flokk.

Tilhöggvinn grágrýtispúltsteinn með marmaraplötu og er þessi steinn nákvæmlega sömu gerðar og sá hér næst á undan. Hann fer í 2. flokk.

Að síðustu er hér heill ferhyrningslaga grágrýtissteinn með bekkjum og þar á er upphleypt áletrun. Fer í 4. flokk.

**K 516*** Í gerðinu eru sjö minningarmörk og vísa áletranir í austur. Gerðið kringum reitinn er steinsteyptur bakki og er mjög farið að kvarnast úr brúnum hans. Lengd bakkans er mest í norður-suður og fer hann í 5. flokk.
**K 516a/b** Þetta er mjög hár svartur granítsteinn, á að giska 160 cm, mun breiðari efst en neðst. Hann er slípaður að framan en óreglulegur á baki og hliðum. Fer í 2. flokk vegna stærðar.
**K 516c** Þetta minningarmark er eins og það hér að framan og lendir einnig í 2. flokki vegna aldurs.
**K 516d** Minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn og situr hvít marmaraplata í púltinu. Minningarmarkið fer í 3. flokk. Æskilegt væri að grisja í þessu horni reitsins þar sem þessi steinn er algerlega hulinn gróðri á sumrin.
**K 516e** Þetta er skemmtilegur bogasteinn úr ljósu graníti með dökkum kornum. Í framhlið varðans er felld blágrýtisplata með skreyti. Steinninn er merkilegur vegna þessarar formgerðar og efnisnotkunar og fer í 2. flokk.
**K 516f** Lágur granítsteinn bogadreginn efst og fer hann í 4. flokk.
**K 516g** Þetta er grágrýtissteinn um 40 cm á hæð, 60-70 cm á breidd og 10 cm á þykkt, ögn bogadreginn að ofan. Hann er slípaður að framan og á hliðum en efst er hann afsettur. Steinn fer í 4. flokk.
**K 516h*** Þetta minningarmark hefur óbeliskaform og er úr grágrýti. Það samanstendur af varða, sökkli og líklega undirsteini þótt hann sjáist ekki. Þekja varðans hefur fjórar hliðar. Í framhlið hans er innfelld marmaraplata með áletrun en ofar er innfelldur Thorvaldsensplatti. Það er verkið *Dagur*. Minningarmarkið er stokkhöggvið og skerpa mætti á áletruninni en minningarmarkið fer 2. flokk.

**K 517** Hér er steyptur bakki kringum einstaklingsreit og er bakkinn að heita má ónýtur. Fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er gráleitur granítsteinn en greina má hvítar æðar í honum. Framan á hann er meitluð sól. Fer í 3. flokk vegna sérstæðs efnis.

**K 518** Kringum einstaklingsreitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

# Reitasafn L

## *REITASAFN L*

**L 101** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og vísar það í vestur.

Minningarmarkið er granítsteinn og er meitlað reipi meðfram jöðrunum að framan. Sökkullinn er afsettur úr sama efni. Þetta er dæmigerður innfluttur steinn frá steinsmiðju Schannongs í Kaupmannahöfn. Fer hann í 2. flokk.

**L 102a** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtishnullungur sem snýr í vestur. Hann fer í 4. flokk.

**L 102b** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtissteinn sem hefur verið skorinn nokkuð þunnt. Framhlið er gljáslípuð en aðrir hlutar náttúrulegir. Steinninn er á sökkli líklega úr sama efni og er hann ferhyrningslaga sléttskorinn. Fer í 4. flokk.

**L 103** Reiturinn er umlukinn steyptum bakka og eru á honum steyptar súlur og þunnur steyptur veggur á milli hverra þeirra. Þessi umbúnaður fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtissteinn sem felldur er inn í bak bakkans. Steinninn fer í 4. flokk.

**L 104** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka með gafli og löngum hliðararmi. Ástand bakkans er ekki gott, hann víða sprunginn og pússning fallin af. Hann fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk eru á reitnum.

Fyrstu þrjú minningarmörkin eru eins. Þetta eru hvítar marmaraplötur sem festar eru á gaflinn, með krossmarki í hring efst en áletrunin er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er dökkleit granítplata sem boltuð er í bakkann. Á hana eru límdir stafir líklega úr messing. Fer í 4. flokk.

Að síðustu er hér hvít marmaraplata sem er felld alveg inn í gaflinn og fer í 4. flokk.

**L105** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x3 súlum ofan á og gengur keðja á milli þeirra. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri koparplötu og fer það í 4. flokk.

**L 106** Hár steyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur.

Minningarmarkið er grágrýtissteinn sem er slípaður að framan en afsettur á hliðum og baki, ögn bogadreginn efst vinstra megin. Efst er meitlað krossmark og upphleypt pálmagrein. Fer í 3. flokk.

**L 107** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með háum gafli og hliðararmi. Allur er hann settur bergsalla. Bakkinn snýr til austurs og fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru fjögur:

Fyrst eru hér tvær svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

Þá er hér sérstætt minningarmark; koparkross með plötu úr nokkurs konar glerefni og er þetta skrúfað á grágrýtisstein með heilu handabandi. Fer í 4. flokk.

Að lokum er hér slípuð grágrýtisplata með sólarlags- eða sólaruppkomutáknmynd. Fer í 4. flokk.

**L 108** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að sjá.

Fyrst er hér merkilegur grágrýtissteinn svipaðrar formgerðar og sá yfir Þorstein skáld Erlingsson nema mun minni. Ofarlega er meitlaður logi en fyrir neðan nokkurs konar geislatákn. Til hliðanna eru svo súlur. Allt er handbragðið sem og táknfræðin mjög merkileg og fer þetta minningarmark í 1. flokk.

Þetta er grágrýtisferhyrningur allur slípaður og á slípaðri ferhyrndri undirstöðu. Ofan á varðanum eru meitlaðar lágar súlur í röð en þær eru þó hluti steinsins. Áletrunarflöturinn er meitlaður niður svo eftir stendur upphleypt letur. Steinninn fer í 2. flokk.

Bæði þessi minningarmörk bera einkenni þjóðernisrómantíkur.

**L 109** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr bleiku graníti með dökkum kornum. Að formgerð er steinninn mjög lágur en breiður flatur óbeliski. Hann er slípaður að framan en hliðar létt afsettar. Hann hvílir á undirsteini úr sama efni. Steinninn hefur skreyti á hliðunum og krossmark en áletrunin er upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk.

**L 110** Ekkert minningarmark er að finna á reitnum. Sjálfur er bakkinn sléttfylltur og reiturinn þar hellulagður. Má því gjarnan fara í 4. flokk.

**L 111a** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka sem er í góðu ástandi. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er trékross með nafnaplötu úr áli. Það snýr í vestur. Fer það í 4. flokk.

**L 111b** Hvorki er á þessum reit að finna gerði né minningarmark.

**L 112** Steinsteyptur bakki með bergsalla. Hann er rúmlaga með gafli og löngum hliðararmi á hvorri hlið og snýr hann í vestur. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru steyptar álplötur sem eru festar í bakkann og fara þær í 4. flokk.

**L 113** Kringum reitinn er stólpagerði í mjög lélegu ástandi. Súlurnar eru meitlaðar úr grágrýti og liggja járnsúlur á milli þeirra en eru víðar bognar eða horfnar. Varðveita þarf súlurnar en gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í vestur, er púltsteinn úr grágrýti og hvílir þar í marmaraplata. Steinninn fer í 3. flokk.

**L 114** Kringum reitinn er steyptur bakki, í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtissteinn u.þ.b. 50x50 en nokkuð þunnur og er hann bogadreginn að ofan. Fer í 4. flokk.

**L 115a** Minningarmarkið er trékross sem fer í 4. flokk.

**L 115b** Kringum reitinn er steyptur bakki og er steypt ofan í hann sunnan megin. Norðan megin á honum er mikil „kapella“ úr marmara frá A. Canessa í Genúa á Ítalíu og er þetta einstakt fyrir garðinn. Fer í 2. flokk.

**L 115c** Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem liggur á skornum blágrýtissteinum. Drangurinn er skorinn nánast í tvennt og slípaður á framhliðinni. Fer í 4. flokk.

**L 116** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með fjórum steyptum súlum, einni í hverju horni, og ganga tvær pípur á milli súlnanna. Gerðið fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru fjögur og snúa í austur eins og hin tvö hér að framan.

Minningarmarkið er lágur steinsteyptur púltsteinn og er glerplata felld ofan í hann. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn og er felld í hann hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

Þá er hér skemmtilega útskorinn trékross og er fest á hann svört nafnaplata úr plasti. Fer í 3. flokk.

Fjórða minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er felld inn í hann glerplata sem nú er brotin. Fer í 4. flokk.

**L 117** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Hér er steinsteyptur púltsteinn og er fest á hann plata úr kopar. Fer í 4. flokk.

**L 118** Kringum reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtissteinn með innfelldri marmaraplötu og Thorvaldsensplatta efst. Þetta hvílir á undirsteini úr sama efni. Steinninn fer í 2. flokk.

**L 119** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka og fer hann í 4. flokk. Varðveita þarf bakkann.

Minningarmörkin eru tveir gláfægðir granítkubbar á að giska 40x40 cm á stærð. Steinarnir fara í 4. flokk.

**L 120** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka en ekkert minningarmark er hér að finna. Bakkinn fer í 5. flokk.

**L 121** Reiturinn afmarkast af nágrannabökkum og hlöðnum bakka við stíginn. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í vestur.

Minningarmarkið er trékross með áfastri álplötu. Fer í 4. flokk.

**L 122** Kringum reitinn er bakki úr steinsteypu með gafli og þremur hliðarörmum. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjár litlar álplötur sem festar eru á gaflinn. Ein þeirra er ögn stærri en hinar og fara plöturnar í 4. flokk.

**L 123** Reiturinn afmarkast af trégrindverki sem nú er að heita má ónýtt. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er trékross í slæmu ástandi og fer hann í 4. flokk.

**L 124** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með háum gafli og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að finna og snúa þau í vestur.

Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**L 125** Reitinn umlykur steyptur bakki í góðu ástandi enda nýlega uppgerður og hvítmálaður. Fer í 4. flokk. Minningarmörkin eru fjögur:

Dökkgráleit granítplata sem felld er í bakkann. Fer í 4. flokk.

Svört granítplata, einnig felld í bakkann og hefur hún krossmark og blaðagreinar. Fer í 4. flokk.

Hvítur trékross með álplötu og fer hann í 4. flokk.

Dökkleit granítplata sem felld er í bakkann. Fer í 4. flokk.

**L 126** Steyptur bakki með gafli og hliðarörmum og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt álplata sem fer í 4. flokk.

**L 127** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og tveimur hliðarörmum. Miklar steypuskemmdir eru í bakkanum og er hann í slæmu ástandi. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna en það eru dökkleitar granítplötur sem festar eru á gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

**L 128** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisvarði, á að giska 180 cm á hæð. Varðinn er oddhöggvinn á baki, hliðum og að framan. Varðinn hefur axlir en fyrir miðju er nokkurra sentímetra þríhyrningur, stokkhöggvinn með upphleyptu krossmarki og er letur einnig upphleypt. Krossmarkið er merkilegt vegna stílbragðs og handverks. Undirsteinninn sem varðinn hvílir á er oddhöggvinn. Þetta minningarmark fer í 1. flokk vegna formgerðar og handverks.

**L 201a og L 201b** Ekkert er að sjá á þessum tveimur leiðum.

**L 201c** Kringum reitinn er pípugerði. Steinsteypt súla er í hverju horni og ganga tvær pípur á milli hverra súlna. Pípur vantar að norðan og sunnan. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**L 201d** Ekkert er að finna á þessum reit.

**L 202** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er svartur granítsteinn, mjög lágur flatur óbeliski, og hefur neðst verið handaband en það brotnað af og síðan verið steypt í sárið. Steinninn fer í 4. flokk.

**L 203a til 203c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**L 204** Þetta er mjög hár steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö:

Fyrst er hér heill grágrýtissteinn með púltformi. Fer í 4. flokk.

Hitt mun vera líparítsteinn, skófum vaxinn, og er framan á honum álplata. Fer í 4. flokk.

**L 205a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**L 205b** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur rúmlaga bakki. Hann virðist alveg ónýtur. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er grágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**L 205c** Hvorki er að finna gerði né minningarmark á þessum reit.

**L 206** Reiturinn er afmarkaður með meitluðum grágrýtisstólpum og virðast þeir hafa verið 3x3 en nokkrir eru nú brotnir. Gerðið er skemmt og fer í 5. flokk en varðveita þarf stólpana. Tvö minningarmörk eru hér.

Annað minningarmarkið er granítsteinn, nútímalegur, breiðari efst en neðst og hvílir á undirsteini. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er grágrýtishnullungur og er festur á hann kross en hægra megin við hann sporöskjulaga koparplata. Fer í 4. flokk.

**L 207** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og þremur hliðarörmum og er hann allur settur bergsalla. Hann fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö snúa í austur.

Þetta eru hvítar marmaraplötur sem eru festar á gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**L 208** Steypti bakkinn kringum reitinn er allhár og er lengdin í norður-suður. Hann fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö.

Það fyrra er nokkuð hár varði úr bleiku graníti með dökkum kornum. Hann er gljáslípaður að framan og á hliðum. Efst er meitlað krossmark og pálmablöðungar. Ástand minningarmarksins er ágætt og fer það í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er varði, nokkuð minni, en einnig úr graníti og með lágum boga efst. Fer í 4. flokk.

**L 209*** Reitur þessi má gjarnan nefnast Hafsteins- eða Havsteensreitur þar sem margt afkomenda og tengdafólks J. P. Havsteens amtmanns hvílir.

Hér verður fjallað um sjö minningarmörk og er einkennandi að þau eru öll úr marmara. Gerðið er steinsteyptur hár kantur mjög mosavaxinn en annars vel farinn þótt greina megi örfínar sprunguskemmdir og brotið sé úr suðaustur horninu. Gerðið er mjög ílangt og er lengdin öll í norður-suður. Vegna þess hve kanturinn er hár er nauðsynlegt að halda honum við. Verður hann því settur hér í 4. flokk.

Fyrsta minningarmarkið er úr graníti, líklega úr steinsmiðju Schannongs í Kaupmannahöfn. Það hefur eitt sinn brotnað. Letrið er máð og mætti skerpa á því. Steinninn má gjarnan lenda í 2. flokki.

Annar steinninn er úr marmara, ferkantaður en hornin efst sniðin af. Englamynd hefur verið á steininum en er nú brotin af. Fer í 4. flokk.

Þá er hér mjög lágur flatur óbeliski úr marmara og á marmarasökkli. Áletrunin er meitluð á meginvarðann og er ástand hennar nokkuð gott en steinninn þarfnast hreinsunar því svartar skófir hylja víða áletrunina. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

Fjórða minningarmarkið er lágur flatur óbeliski úr marmara á marmarasökkli. Eitt sinn hefur verið marmarakross upp af þekjunni en hann er nú löngu brotinn af. Áletrunin er nánast ólæsileg vegna skófa og óhreininda sem þyrfti að hreinsa. Minningarmarkið er vel staðfast og óskemmt, fyrir utan brotna krossinn. Fellur einnig í 2. flokk vegna aldurs.

Fimmta minningarmarkið er eins og hin tvö síðastnefndu. Hér hefur einnig verið marmarakross upp af meginvarðanum en hann nú brotinn af. Ástand minningarmarksins er annars gott. Lendir í 2. flokki vegna aldurs.

Sjötta minningarmarkið er í fáu frábrugðið hinum hér að framan, marmaravarði á samskonar sökkli. Þetta er lágur flatur óbeliski og hefur efst verið marmarakross, nú brotinn af. Þó er þetta þannig frábrugðið hinum að ofarlega í varðann er meitluð sporaskja og inni í henni hefur verið komið fyrir lítilli handabandsmynd líklega úr messing. Fellur í sama flokk og hin, 2. flokk vegna aldurs.

Sjöundi legsteinninn er marmarasteinn á sökkli úr sama efni. Mjög svipaður að formi og þeir sem hér voru nefndir á undan en ögn minni. Efst hefur verið marmarakross en er nú löngu horfinn. Steinninn er með öllu óskreyttur. Áletrunin er meitluð og vel læsileg enda steinninn tiltölulega hreinn þó gjarnan mætti hreinsa hann. Minningarmarkið er í góðu ástandi en er þó nokkuð laust og vaggar til. Það er þó óskemmt fyrir utan brotna krossinn en það mætti gjarnan festa betur. Lendir í 2. flokki vegna aldurs.

**L 210** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með háum gafli og þremur hliðarörmum. Minningarmörkin sem eru tvö snúa vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Fyrra minningarmarkið er bogapúltsteinn úr grágrýti og hvílir í púltinu hvít marmaraplata. Steinninn hefur skemmtilegt form og fer í 2. flokk.

Annað minningarmarkið er púltsteinn með lágri þekju og er mun þykkari neðst en efst. Í púltinu hvílir einnig hvít marmaraplata. Hann fer einnig í 2. flokk vegna formgerðar.

**L 211** Kringum reitinn er steyptur bakki með 2x3 steyptum dröngum ofan á. Keðja liggur á milli þeirra. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Á bakkanum er steyptur gafl og í hann er felld granítplata. Fer í 4. flokk.

**L 212** Kringum reitinn eru liggjandi grágrýtisdrangar en á þeim er grindverk úr smíðajárni. Fer í 1. flokk.

Fjögur minningarmörk er hér að finna. Fyrst eru hér liggjandi dökkar granítplötur. Sú fyrsta liggur á grágrýtishellu en tvær næstu á steyptri undirstöðu. Fjórða minningarmarkið er blágrýtispúltsteinn með koparstöfum. Öll fara þessi minningarmörk í 4. flokk.

**L 213** Gerðið er steypt og með fótagafli og höfðagafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem felld er í höfðagaflinn. Fer í 4. flokk.

**L 214** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið hvílir á bakkanum og snýr í austur. Þetta er steinsteyptur ferningur og er felld í hann hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**L 215** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**L 216** Reiturinn afmarkast af steyptum rúmlaga bakka með gafli og tveimur hliðarörmum á hvorri hlið, sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það fyrra er stór grágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Hún er rúmur metri á lengd og hæðin um 30 cm. Fer í 4. flokk.

Fyrir framan plötuna, á reitnum, er lágur óbeliski og fer hann í 3. flokk.

**L 301** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**L 302** Hér er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og snýr í austur. Áletrunin er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**L 303** Hér er grágrýtispúltsteinn og hvílir svört granítplata í púltinu. Minningarmarkið snýr í austur og fer það í 3. flokk.

**L 303a og L 303b** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Minningarmörkin eru tvö, ferhyrningslaga steinar úr rauðu graníti með svörtum og ljósum kornum í. Þau snúa í vestur og fara í 4. flokk.

**L 304** Kringum reitinn er merkilegt gerði úr smíðajárni. Ofan á teinunum eru liljur og svo er að sjá sem þær séu járnsteyptar en síðan soðnar á teinana. Gerðið fer í 2. flokk og þyrfti að gefa því sérstakan gaum.

Minningarmarkið er heill grágrýtissteinn með púltformi og fer hann í 4. flokk.

**L 305** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið stendur á bakkanum. Þetta er flatur óbeliski, slípaður að framan en nokkuð grófhöggvinn annars. Efst er *Nótt* Thorvaldsens. Fer í 3. flokk.

**L 306** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum bakka og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Fyrra minningarmarkið, sem snýr í austur, er þunnur marmarakassi á sökkli úr sama efni og fer hann í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er mjög merkilegt. Á þessari barnsgröf er marmarakista, á að giska 140 cm á lengd og 50 cm á breidd. Ofan á henni er marmarastytta; barn sem situr á púða. Nauðsynlegt er að hreinsa allt verkið. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**L 307** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur kubbur með bergsalla og er felld inn í hann hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**L 308** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með gafli og stuttum hliðararmi. Hann er í mjög lélegu ástandi og fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk er að finna á reitnum.

Fyrstu tvö minningarmörkin eru dökkar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

Hin þrjú standa á reitnum og eru það heilir granítsteinar með púltsteinsformi. Þeir fara í 4. flokk.

**L 309** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti og á sökkli úr sama efni. Sökkullinn er nokkuð óreglulegur. Efst í varða er Thorvaldsensplatti og fer steinninn í 3. flokk.

**L 310** Þetta leiði er afmarkað af steyptum bakka og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í austur og hvílir á bakkanum sjálfum, er lágur flatur óbeliski. Hann er mun þykkari neðst en efst og stendur á sökkli úr sama efni. Efst í varðanum er Thorvaldsensverkið *Nótt*, lítill platti og alveg heill. Neðst á framhlið steinsins er handaband og er það alveg heilt. Steinninn fer í 2. flokk þar sem allir hlutar hans eru óskemmdir.

**L 311** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lágur en breiður granítsteinn á sökkli sem er ögn breiðari og þykkari. Steinninn fer í 4. flokk.

**L 312** Á reitnum er allstór heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Fer í 3. flokk.

**L 313** Reitinn afmarkar mjög ílangur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Hlið er að vestanverðu. Bakkinn fer í 5. flokk. Á gaflinum eru sex minningarmörk og vísa til vesturs.

Þetta eru svartar ílangar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Plöturnar fara í 4. flokk.

**L 314** Kringum reitinn er ónýtt trégrindverk og fer það í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**L 315** Reitinn afmarkar steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í vestur, er steyptur steinn með púltsteinsformi og er skrúfuð steypt álplata þar framan á. Fer í 4. flokk.

**L 316** Kringum þetta leiði er steyptur bakki, mjög þykkur, og með gafli og hliðararmi á hvorri hlið. Hann fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö.

Fyrst er hér hvít marmaraplata sem felld er í gaflinn. Hún fer í 4. flokk.

Fyrir framan gaflinn er heill svartur granítsteinn með púltsteinsformi. Hann fer í 4. flokk.

**L 317** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með bergsalla og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr svörtu graníti og fer í 4. flokk.

**L 318** Ekkert gerði umlykur reitinn. Eitt minningarmark er á honum og snýr í vestur. Það er trékross í slæmu ástandi og fer í 4. flokk.

**L 319** Kringum reitinn er steyptur bakki með steyptum súlum á og liggja pípur á milli súlnanna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er rauðleitur granítsteinn bogadreginn ofan og er hann á sökkli. Fer í 4. flokk.

**L 320** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum eru tvö minningarmörk.

Fyrra minningarmarkið er merkilegt og úr grágrýti. Varðinn er nokkuð flókinn að gerð. Ofarlega í honum er postulínsverk, sitjandi engill sem bendir til himins. Varðinn stendur á sökkli og er á honum heiðurskrans. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

Annað minningarmarkið er steyptur kubbur með púltsteinslagi og settur bergsalla. Ofan í hann er felld svört glerplata. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**L 321** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er úr grágrýti. Þetta er heill steinn með púltsteinsformi og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**L 322** Reitinn umlykur steyptur rúmlaga bakki með háum gafli og tveimur hliðarörmum. Hann er settur bergsalla og snýr í austur. Felld hefur verið plata í gaflinn en hún er nú horfin. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið sem skrúfað er í gaflinn er steypt álplata og fer hún í 4. flokk.

**L 323** Hér er heill grágrýtissteinn með púltformi og er áletrunin upphleypt á bekkjum. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**L 324** Á reitnum eru tvö minningarmörk. Það fyrra er trékross með áfastri gylltri álplötu og fer hann í 4. flokk.

Hitt er gljáslípaður granítsteinn með fjórum lágum þakhliðum og fer einnig í 4. flokk þótt formið sé um margt sérstakt.

**L 325** Lágur steyptur bakki sem lendir í 5. flokki. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**L326** Kringum þetta leiði er steyptur bakki. Ekkert minningarmark er hér að finna. Bakkinn fer í 5. flokk.

**L 327** Umhverfis þetta leiði er steyptur bakki með gafli og þremur hliðarörmum. Bakkinn er settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er skjaldarlaga hvít marmaraplata sem felld er í gaflinn. Formgerð hennar er óvenjuleg en fer í 4. flokk.

**L 328** Kringum reitinn er trégrindverk sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er trékross með álplötu og fer hann í 4. flokk.

**L 329** Gerðið er steyptur bakki með gafli og þremur hliðarörmum og er hann allur settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**L 330** Kringum þetta leiði er steyptur bakki. Eitt sinn hefur verið innfelld plata í gaflinn en er nú horfin. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið sem komið hefur í stað plötunnar er heill steinn úr grágrýti með púltformi og er skrúfuð framan á hann svört álplata. Þetta fer í 4. flokk.

**L 331** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**L 401** Kringum reitinn er hár steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**L 402** Kringum reitinn er stólpagerði. Þetta eru steyptar súlur og ganga tvær pípur á milli hverra þeirra. Gerðið fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Það fyrsta er bogasteinn úr grágrýti með mjóum öxlum, algengur í garðinum. Efst í hálfhring er upphleypt krossmark og pálmablöðungar til beggja hliða. Letrið er upphleypt á bekkjum. Minningarmarkið stendur á sökkli og fer í 3. flokk.

Þá kemur lágur flatur óbeliski úr grágrýti, mun breiðari efst en neðst. Ofarlega er *Nótt* Thorvaldsens. Steinninn er á sökkli og fer hann í 3. flokk.

Þetta minningarmark er sömu gerðar og fyrsti steinninn hér að framan og fer það í 3. flokk.

Fjórða minningarmarkið er þekjusteinn úr grágrýti á voldugum sökkli. Í steininn er felld marmaraplata sem hefur sama lag og hann. Fer í 2. flokk.

**L 403** Kringum reitinn er stólpagerði og eru stólparnir skemmtilega tilhöggnir grágrýtisstólpar með pýramídaþekju. Liggja tvær pípur á milli stólpanna. Þótt gerðið sé ekki í sem bestu ástandi fer það í 3. flokk og þyrfti að reyna að halda í það þar sem

þetta er líklega eina gerðið í garðinum með þessu formi nákvæmlega. Minningarmörkin eru tvö.

Annað er grágrýtisbogasteinn, algengrar gerðar, með upphleyptu krossmarki og pálmagreinum. Neðst á steininum er handaband. Fer í 3. flokk.

Hinn steinninn er sömu gerðar en er þó án handabands og fer í 3. flokk.

**L 404** Þetta leiði er afmarkað af steyptum bakka og snýr til austurs. Fer í 5. flokk.

Í gaflinum er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**L 405** Kringum reitinn eru steyptar súlur og liggja pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur bogasteinn úr grágrýti, mun þykkari neðst en efst og fer í 3. flokk.

**L 406** Hér er ekkert að finna.

**L 407** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er negldur trékross í slæmu ástandi og fer í 4. flokk.

**L 408** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**L 409** Hár steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekki er að sjá neitt minningarmark á reitnum.

**L 410*** Ekkert afmarkar þetta grafstæði en á því er eitt minningarmark, meginvarði úr marmara á marmarasökkli. Þetta tvennt virðist svo hafa hvílt á sandsteini en minningarmarkið er nú fallið. Framan á varðanum er meitlaður rómanskur bogi og er þar í áletrunin. Áletrunin er í mjög góðu standi og vel læsileg. Sökkullinn er þó mjög sprunginn. Vegna aldur síns og handbragðs fer minningarmarkið í 1. flokk.

**L 411** Kringum einstaklingsreitinn er steyptur rúmlaga bakki með bogadregnum gafli og þremur hliðarörmum. Fer í 5. flokk.

Marmaraplata er felld í gaflinn og lendir hún í 4. flokki.

**L 412** Steyptur bakki er kringum reitinn. Hann er í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski úr graníti á sökkli og undirsteini úr sama efni. Ofarlega í varðanum er ker og liggja út frá því liljublöð en efst er rós. Neðst er bekkur með pálmagrein. Steinninn fer í 2. flokk vegna skreytis.

**L 413** Kringum reitinn er stólpagerði. Járnpípur liggja milli meitlaðra grágrýtisstólpa. Allt er þetta illa farið og pípur víða horfnar. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er flatur, oddhöggvinn óbeliski með krullum efst, þekju og beinum öxlum. Varðinn er bæði skófum og mosavaxinn. Hann fer í 3. flokk.

**L 414** Steyptur heillegur bakki er kringum reitinn. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er skemmtilegur bogasteinn úr graníti, á að giska um 140 cm á hæð. Efst í varðanum eru meitlaðir skýjabólstrar en þar fyrir neðan krossmark og lýsa geislar út frá því. Minningarmarkið fer í 2. flokk vegna táknmynda.

**L 414a** Hér er nýlegt minningarmark á ómerktum reit. Þetta er furukross með álplötu og fer hann í 4. flokk.

**L 415** Steyptur bakki er kringum reitinn. Hann hefur gafl og langan hliðararm á hvorri hlið og er settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er slípuð grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og fer í 4. flokk.

**L 416** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er blágrýtisfjörusteinn með upphleyptri áletrun og fer í 3. flokk.

**L 417** Kringum þessa barnsgröf er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er bæsaður furukross með plötu úr áli. Fer í 4. flokk.

**L 418** Steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Það fyrra er lágur flatur óbeliski úr graníti og er hann ögn breiðari neðst en efst. Efst er gljáinn meitlaður burtu svo eftir stendur krossmark með lárviðarsveig. Fer í 4. flokk.

Hitt er lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Inn í framhlið hans er felld svört glerplata fremur en hrafntinna. Fer í 3. flokk.

**L 419*** Kringum reitinn er stólpagirðing, steinsteyptir stólpar, bogadregnir efst með tveimur málmpípum á milli hverra stólpa. Margar pípurnar eru bognar og ryðgaðar og vantar sumstaðar á milli. Gerðið þarfnast því lagfæringar. Lengdin er í norður-suður og fellur undir 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það fyrra er grágrýtishnullungur með meitluðu upphleyptu letri og fer hann í 4. flokk.

Hitt er bogasteinn úr grágrýti á sökkli eða undirsteini úr sama efni. Minningarmarkið er merkilegt vegna stílbragðs. Þetta er með hærri steinum í garðinum sem höggvinn er til þess að líta út sem púltsteinn og færist því í 2. flokk.

**L 420** Kringum reitinn er steyptur bakki með steypuskemmdum og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á þessum reit.

**L 421** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Hér eru á þrjú minningarmörk sem vísa í vestur.

Þetta eru heilir grágrýtissteinar með púltsteinsformi. Letrið er sandblásið og upphleypt á bekkjum. Steinarnir fara í 4. flokk.

**L 422** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Fyrra minningarmarkið er steyptur ferhyrningur með eftirfarandi áletrun: *„Fagurt líferni er ljós á leiðum endurminninganna.“* Flokkast í 2. flokk vegna eftirmælanna.

Hitt minningarmarkið er flatur óbeliski sem er breiðari neðst en efst. Efst er Thorvaldsensverkið *Dagur*. Þessi áletrun er á steininum: *„Trúin og traustið á Guð, skyldurækni og kærleikurinn hefur gjört ævi hennar ógleymanlega.“* Flokkast í 2. flokk.

**L 423** Umhverfis reitinn er hár steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið snýr mót austri. Efst er það meitlað bylgjulaga form. Á framhlið er krossmark og pálmagrein. Á steininum stendur eftirfarandi. *„Alltaf saknar aldrei gleymir mamma.“* Steinninn fer í 2. flokk.

**L 424** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum og er það mjög lágur flatur grágrýtisóbeliski á sökkli úr sama efni. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**L 425** Ekkert er að finna á þessum reit.

**L 426** Kringum reitinn er steyptur bakki og hefur hann gafl og hliðararm. Hann er allur settur bergsalla. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru steyptar álplötur sem fara í 4. flokk.

**L 427** Þetta er steyptur rúmlaga bakki kringum einstaklingsreit og hefur hann gafl með öxlum og hliðararmi hvorum megin. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata með upphleyptu letri sem felld er í gaflinn. Málað hefur verið með ljósu efni ofan í letrið. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**L 427a** Á þessum reit er ekkert að finna.

**L 428** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er hár og mikill blágrýtisstuðull og er meitlað í hann nokkuð gróft letur og snýr áletrunin í vestur. Fer í 3. flokk.

**L 428a** Á þessum reit er ekkert að finna.

**L 429** Gerðið kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og hliðararmi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekk. Fer í 4. flokk.

**L 430*** Innan gerðisins eru sex minningarmörk og ber svo við að framhliðar og áletranir snúa allar í vestur. Gerðið sjálft er L-laga. Það er steinsteyptur bakki mjög mosavaxinn en heillegur og er mesta lengdin í norður-suður. Fer í 4. flokk.

Fyrsta minningarmarkið er rauðleitur granítsteinn og er hann ferhyrningslaga en er allur á lengdina. Hann fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er járnsteyptur kross af algengri gerð. Hann fer í 1. flokk eins og allar aðrar járnsteyptar minjar í garðinum.

Þriðja minningarmarkið er heill granítsteinn með púltlagi og fer hann í 4. flokk.

Það fjórða er granítsteinn, nútímalegur breiðari efst en neðst og fer í 4. flokk.

Fimmta minningarmarkið er mjög hár flatur óbeliski úr brúnleitu graníti á sökkli úr sama efni. Letrið framan á varðanum er koparstafir sem límdir eru á. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Sjötta minningarmarkið er grófmeitlaður granítsteinn sem fer í 4. flokk.

**L 501** Ekkert er að finna á þessum reit.

**L 502** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x8 steyptum súlum ofan á honum og liggur keðja milli hverra súlna. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Þetta er stór og mikill steyptur púltsteinn með bergsalla og er felld í framhlið hans bleik granítplata. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er einnig steyptur púltsteinn í mjög slæmu ástandi. Samskonar plata er felld í framhlið hans og fer steinninn í 4. flokk.

Þessi steinn er einnig steyptur púltsteinn en mun minni um sig en hinir tveir sem lýst var hér að framan. Samskonar granítplata er felld í framhlið hans og fer hann einnig í 4. flokk.

**L 503** Á þessum reit eru þrjú minningarmörk. Það fyrsta er granítsteinn, bogadreginn ofan og með litlum öxlum til hliðanna. Áletrunin er upphleypt á bekkjum og fer hann í 4. flokk.

Annar steinninn er samskonar steinn og fer einnig í 4. flokk.

Þriðji steinninn stendur fyrir framan hina tvo. Hann er úr sömu granítttegund en að formi er hann ílangur ferhyrningur með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**L 503c** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er ílöng grágrýtisplata sem felld er í bakkann og fer hún í 4. flokk.

**L 504** Enginn bakki afmarkar reitinn. Minningarmarkið er hár grágrýtisvarði með skemmtilega meitluðum topphnalli. Áletrunin er meitluð en málað ofan í hana með svörtu lakki. Framan á varðanum er falleg hörpumynd úr kopar en á henni stendur: „*Formaður lúðrafjel. Gígja*.“ Steinninn fer í 2. flokk.

**L 505*** Fjögur minningarmörk eru á þessum reit.

Fyrsta og syðsta minningarmarkið er fremur lágur klofinn blágrýtisdrangur og er framhliðin gljáslípuð. Hann stendur á sökkli úr sama efni sem er mattslípaður. Fer í 4. flokk.

Annar legsteinninn er stór og voldugur bogasteinn úr svörtu graníti á sökkli úr sama efni. Hann er glansslípaður á framhlið, hliðar gróft stokkhöggnar en bak óreglulegt. Hann er mjórri og þynnri efst en þykknar og breikkar er neðar dregur. Þetta er með stærri granítsteinum í garðinum og fellur hann undir 1. flokk.

Þriðja minningarmarkið er heill náttúrulegur grár granítsteinn skorinn þvert og slípaður að framan og stendur hann á afsettum sökkli. Fer í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er bogadreginn, dökkur granítsteinn. Á framhliðinni er gljáslípað letur og laufaskreyti fyrir ofan og neðan áletrunina, auk krossmarks undir boganum. Að öðru leyti er framhliðin mött. Minningarmarkið er til minningar um Ólaf Helgason (d. 1904), sóknarprest og daufdumbrakennara. Auk þess stendur á steininum „*Sælir eru hreinhjartaðir. Matt 5.3.*“ Þessi steinn fer í 2. flokk.

**L 506** Kringum þennan einstaklingsreit er mjög hár steyptur bakki og verður líklega að halda í hann vegna hæðar en hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er furukross með nafnaplötu úr áli og fer í 4. flokk.

**L 507** Kringum reitinn er grindverk saman sett úr rörum og fer það í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtishnullungur með meitlaðri áletrun og snýr hann í vestur. Fer í 3. flokk.

**L 508** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er gráleit granítplata sem felld er í bakkann og fer hún í 4. flokk.

**L 509** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og hliðararmi sem er allt sett bergsalla. Bakkinn fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum en það eru ílangar svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Plöturnar fara í 4. flokk.

**L 510** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og þremur hliðarörmum og er hann hvítmálaður og í góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk. Það eru svartar granítplötur sem eru felldar í gaflinn og fara í 4. flokk.

**L 511** Kringum reitinn eru 2x3 steyptar súlur og liggja járnpípur milli þeirra. Gerðið er í lélegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er fallegur bogasteinn úr grágrýti og stendur hann á sökkli úr sama efni sem er afsettur. Ofarlega í varðanum er *Dagur* Thorvaldsens. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**L 512** Gerðið kringum reitinn er steinsteypt og ofan á bakkanum eru steyptar sívalar súlur og ganga tvær grænmálaðar málmpípur milli hverra súlna. Bakki, súlur og pípur eru í ágætu standi þó nokkuð beri á ryði. Lengd gerðisins er öll í norður-suður. Gerðið flokkast í 5. flokk. Tíu minningarmörk eru í reitnum og eru þetta heilir lágir grágrýtispúltsteinar sem fara í 3. flokk.

**L 513* Bieringsreitur.** Kringum reitinn, sem liggur frá norðri til suðurs, er stólpagerði með 2x4 stólpum meitluðum úr grágrýti og liggja pípur á milli þeirra. Gerðið fer í 5. flokk en stólpana þarf að varðveita. Á reitnum eru fimm minningarmörk og horfa til austurs.

Það fyrsta er bleikur granítsteinn, ögn bogadreginn að ofan og stendur hann á sökkli úr sama efni. Hann fer í 4. flokk.

Annar legsteinninn er úr marmara og er með skemmtilegt meitlað blómamynstur að framan. Fer gjarnan í 2. flokk.

Þriðja minningarmarkið er bogasteinn úr bleiku graníti og hefur hann tvær axlir. Varðinn er um 100 cm á hæð. Hann stendur á lágri undirstöðu og fer í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er falleg englastytta en vængir engilsins hafa verið brotnir af. Það fer í 2. flokk.

Fimmta minningarmarkið er lítill bogasteinn úr grákornóttu graníti. Framhliðin er gljáslípuð en hliðar og bak líkast til gróft stokkhöggnar. Minningarmarkið lendir í 2. flokki.

**L 514*** Ekkert gerði afmarkar þetta grafstæði. Á leiðinu er steypujárnkross. Hér um ræðir svonefndan geislakross en á endum krossarmanna og höfuðarms eru fimm geislar. Þetta minningarmark er sett í 1. flokk sem aðrar járnsteyptar minjar.

**L 515** Reiturinn afmarkast af stólpagerði. Þetta eru 2x2 hvítmálaðir meitlaðir grágrýtisstólpar og liggja pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti og er felld í varðann ljósmynd af þeim sem þar hvílir. Ljósmyndin er varin af glerungi. Ekki eru margar slíkar ljósmyndir til í garðinum og fer minningarmarkið því í 2. flokk.

**L 516** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 2x3 steinsteyptum súlum, og liggur keðja milli þeirra. Lengdin er í norður-suður. Hann fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og vísa þau í austur.

Það fyrra er hár og mikill grágrýtisbogasteinn á sökkli og undirsteini úr sama efni. Áletrunin er upphleypt á bekkjum. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er samskonar og hér að framan og fer einnig í 3. flokk.

**L 517** Kringum reitinn er stólpagerði, 2x3 tilhöggnar grágrýtissúlur með pýramídaþaki og jaðrar hafðir fláir en miðjur afsettar. Milli hverra súlna ganga þrjár pípur. Stólparnir eru merkir en gerðið fer annars í 5. flokk.

Minningarmarkið er nokkuð lágur flatur óbeliski, um 60-70 cm á hæð, úr graníti, líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn, frá byrjun síðustu aldar. Hann snýr í austur. Ofarlega er krossmark með laufaskreyti. Þessi steinn verður settur í 2. flokk.

**L 518** Reiturinn er afmarkaður af háum steyptum bakka og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er að mörgu leyti dæmigert fyrir tímabilið 1920-40. Þetta er hár (um 70 cm) grágrýtisferhyrningur á sökkli úr sama efni og allar hliðar því sléttar og slípaðar. Í öðru horni steinsins er kvartsól. Fer þessi steinn í 2. flokk.

**L 519** Kringum reitinn eru 2x3 steyptar súlur og liggja tvær pípur milli hverra súlna. Gerðið fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og horfa þau til austurs.

Það fyrsta er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er áletrunin upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri grágrýtisplötu. Steinninn er mjög sprunginn og fer þetta í 4. flokk.

Það þriðja er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er áletrunin upphleypt á bekkjum. Hann fer í 4. flokk.

**L 520** Þennan reit afmarkar lítið smíðajárnsgrindverk og fer þetta í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**L 521** Kringum reitinn er steyptur bakki og er lengdin til austurs-vesturs. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa til austurs. Þau standa á sökkli sem er uppi á bakkanum. Þetta eru allt granítsteinar sem fara í 4. flokk.

**L 522** Steyptur bakki með bergsalla, gafli og löngum hliðararmi á hvorri hlið. Hann fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur.

Þetta eru hvítar marmaraplötur, ögn meiri á lengd en hæð og fara þær í 4. flokk. Málað hefur verið með svörtu letri ofan í letrið.

**L 523** Minningarmarkið á þessum reit er trékross með útskorinni áletrun. Hann er óheill og fer í 4. flokk.

**L 524** Þetta er hvítur furukross með nafnaplötu úr áli og snýr hann í austur. Fer í 4. flokk.

**L 525** Reiturinn afmarkast af stólpagerði með 2x3 meitluðum grágrýtisstólpum og liggja pípur á milli. Gerðið er í mjög lélegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er mjög stór og voldugur púltsteinn úr grágrýti, mjög brattur. Á púltbakkanum hvílir svört granítplata. Steinninn fer í 2. flokk vegna stærðar.

# Reitasafn M

*REITASAFN M*

**M 101** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með háum gafli og hliðararmi og er allur settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er ferhyrnd koparplata á gaflinum sem snýr í vestur. Fer í 4. flokk.

**M 102** Reitinn afmarkar steyptur bakki settur ljósri bergmylsnu og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er að finna á reitnum.
Þetta eru steyptir púltsteinar með hvítri marmaraplötu. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

**M 103** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur kubbur sem flokka verður sem púltstein. Í framhlið hans er felld svört granítplata og fer þetta í 4. flokk.

**M 104** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.
Fyrst er hér gljáslípaður granítferningur og fer í 4. flokk.
Fyrir framan hann er heill granítsteinn með púltsteinslagi og fer í 4. flokk.

**M 105** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er stór fjörusteinn líklega úr blágrýti og er meitluð á hann áletrun. Fer í 3. flokk.

**M 106** Ekkert minningarmark er að finna á þessum reit. Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

**M 107** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna.
Fyrra minningarmarkið er voldugur breiður, hár og allþykkur bogasteinn úr bleiku graníti og snýr hann í austur. Fer í 4. flokk.
Hitt er úr viði, með púltsteinslagi og er nafnaplata fest á viðinn. Fer í 4. flokk.

**M 108** Steyptur bakki er kringum reitinn og fer hann í 5. flokk. Marmaraplata hefur eitt sinn verið í gaflinum en er nú fallin af.

**M 109** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílangur og nokkuð stór steyptur púltsteinn og er í framhlið hans svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**M 110** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílangur steyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu og fer minningarmarkið í 4. flokk.

**M 111** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.
Þetta minningarmark er úr grágrýti og hefur einkenni stuðlaformsins sem er dæmigert fyrir þetta tímabil. Fer í 2. flokk.

**M 112** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og vísa þau í vestur.

Fyrst er hér fjörusteinn með upphleyptu letri og fer hann í 4. flokk.

Næst er einnig fjörusteinn, ílangur og fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er heill grágrýtissteinn með púltformi og er áletrunin upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**M 113** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk sem snúa í vestur eru á reitnum.

Þetta eru steyptir púltsteinar með innfelldri granítplötu og skipast þeir í 4. flokk.

**M 114** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka, illa förnum, sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heill svartur granítsteinn með púltformi. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**M 115** Steyptur bakki er kringum reitinn og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og vísa þau í vestur.

Þetta eru heilir svartir granítsteinar með púltsteinsformi. Steinarnir fara í 4. flokk.

**M 116** Á þessum reit er ekkert að finna.

**M 117a** Kringum reitinn er steyptur rúmlaga bakki með gafli og hliðararmi og er þetta sett bergmylsnu. Tvö minningarmörk er hér að finna og vísa í austur.

Þetta eru dökkleitar granítplötur sem fara í 4. flokk.

**M 117b** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er gljáslípaður blágrýtissteinn með púltsteinsformi. Fer í 4. flokk.

**M 118** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með háum gafli og hliðararmi. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það eru koparplötur sem eru bogadregnar að ofan og fara í 4. flokk.

**M 119** Gerðið er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn, sléttur að ofan, og er felld framan í hann svört granítplata. Þetta fer í 4. flokk.

**M 120** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er steypt með púltsteinsformi og er í framhlið granítplata, mun minni en framhlið steinsins. Fer í 4. flokk.

**M 121** Reiturinn afmarkast af fjórum meitluðum grágrýtissúlum, ein í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Gerðið fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er hár flatur grágrýtisóbeliski á undirsteini. Hann er slípaður að framan en gróft stokkhöggvinn á hliðum og baki en undirsteinninn virðist vera oddhöggvinn. Skerpa þyrfti á letrinu. Steinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**M 122** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og bogadregnum gafli. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru hér á og snúa í vestur.

Þetta eru hvítar marmaraplötur sem fara í 4. flokk.

**M 123** Reiturinn er afmarkaður af steyptum rúmlaga bakka sem hefur bogadreginn hliðararm og bogadreginn gafl. Lengdin er frá norðri til suðurs. Þessi bakki fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og vísa þau í vestur.

Fyrsta minningarmarkið er slípuð grágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

Hin tvö eru steyptar bogadregnar álplötur sem festar eru í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

**M 124** Reitinn afmarkar steyptur bakki með gafli og þremur hliðarörmum og er hlið fremst. Hann fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur.

Fyrst er ljósrauð granítplata sem felld er í bakkann. Fer í 4. flokk.

Næst er plata, einnig úr graníti en nokkuð grófari en sú hér að framan og ögn stærra. Fer í 4. flokk.

Fjórða og fimmta minningarmarkið eru alveg eins og það fyrsta og fara þau í 4. flokk.

**M 125** Kringum reitinn er steyptur hár bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvítur furukross með tveimur álplötum framan á. Vísar hann í vestur og fer í 4. flokk.

**M 126** Lágur flatur óbeliski á sökkli, allt úr grágrýti. Letrið er meitlað en lakkað svart ofan í það og hefur vel tekist. Fer í 3. flokk.

**M 126a** Ekkert er hér að finna.

**M 126b** Á þessum reit er heldur ekkert að finna.

**M 127*** Legstæðið er ekki afmarkað af gerði eða bakka. Á leiðinu er grágrýtis-púltsteinn með hvítri marmaraplötu. Hliðar hans og bak eru að því er virðist mjög oddhöggnar. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**M 128** Reiturinn afmarkast af steyptum súlum, ein í hverju horni og ganga tvær pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli úr sama efni og snýr hann í austur. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 3. flokk.

**M 129** Steyptur bakki með gafli og tveimur stuttum hliðarörmum afmarkar reitinn, sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**M 130** Hér er ekkert að finna.

**M 201** Hér er mölbrotinn flatur óbeliski á sökkli úr grágrýti sem annars fer í 3. flokk.

**M 202** Kringum reitinn er lítill steyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**M 203** Hár steyptur bakki afmarkar reitinn og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er brotin hvít marmaraplata sem felld er í gaflinn. Þetta snýr í austur og fer í 4. flokk.

**M 203a** Minningarmarkið er bæsaður furukross með nafnaspjaldi og fer í 4. flokk. Ekkert gerði er kringum reitinn.

**M 203b** Alveg eins kross og hér að framan og fer einnig í 4. flokk.

**M 204** Steyptur hvítmálaður bakki með gafli og þremur hliðarörmum og endar sá neðsti í vinkli. Bakkinn er í góðu ástandi og mætti gjarnan halda í hann. Hann fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum.

Þetta er svört granítplata með þekju efst og er þetta skrúfað í gaflinn. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er hvít marmaraplata sem felld er í gaflinn. Kringum plötuna eru rauðleitir hraunmolar límdir í gaflinn. Bronsað hefur verið í letur plötunnar. Fer í 4. flokk.

Þetta minningarmark er alveg eins og hið fyrsta á þessum reit og fer í 4. flokk.

**M 205** Kringum reitinn er steyptur bakki í lélegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem liggur á tveimur kubbum úr sama efni. Letrið er upphleypt en þó ekki á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**M 206** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur.

Það fyrra er skorinn blágrýtisferhyrningur á möttum sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk.

Hitt er steyptur púltsteinn, þykkari neðst en efst, og er felld í hann dökkleit granítplata. Fer í 4. flokk.

**M 207** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og löngum hliðararmi, settur bergmylsnu, og fer hann í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö.

Þetta eru svartar granítplötur sem eru felldar í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

**M 208** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli, settur bergsalla. Bakkinn snýr í austur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er slípuð blágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**M 209** Þessi reitur deilir bakkanum hér að framan en er þó afmarkaður af þremur hliðarörmum.

Minningarmarkið er slípuð blágrýtisplata sem felld er í varðann og fer í 4. flokk.

**M 210** Ekkert er hér að finna.

**M 211** Kringum reitinn er hár steyptur bakki með þremur þunnum hliðarörmum. Gaflinn er tvískiptur með tveimur bogum og er súla á milli. Bakkinn fer í 5. flokk og mætti gjarnan reyna að halda í hann. Tvö minningarmörk er hér að finna.

Sporöskjulaga sandsteinsplata sem felld er í gaflinn og fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er merkur grágrýtissteinn á sökkli úr sama efni. Hann er kassalaga, mun meiri á hæð en breidd og þykktin vart meiri en 15 –20 cm. Efst er hann V-laga en þar er í um þriðjungur af sól eins og algengt var á þessum tíma. Í varðann er felld hvít marmaraplata. Steinninn er merkur að formi og efni og fer í 2. flokk.

**M 212** Kringum reitinn eru hlaðnir grágrýtisdrangar og fara í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**M 213** Hér er á trékross með álplötu og fer hann í 4. flokk. Ekkert gerði er kringum reitinn.

**M 214** Á reitnum er flatur óbeliski úr grágrýti og á sökkli. Efst er í varðanum Thorvaldsensverkið *Dagur*. Minningarmarkið fer í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**M 215** Kringum reitinn er lágur steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski höggvinn á vanalegan máta og fer í 2. flokk.

**M 216** Reiturinn er afmarkaður af steyptum háum rúmlaga bakka og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að finna og snúa þau í vestur.
Minningarmörkin eru steyptar bogadregnar koparplötur sem eru skrúfaðar í bakkann. Þær fara í 4. flokk.

**M 217** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með bergsalla. Hann er vel farinn og voldugur og hefur skemmtilegan svip. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið, sem er fellt inn í bakkann, er stór og breið grágrýtisplata með upphleyptu letri. Fer í 3. flokk.

**M 218** Kringum reitinn eru afsettar grágrýtissúlur og liggur keðja á milli þeirra. Fer í 4. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.
Það fyrra er lítill trékross sem fer í 4. flokk.
Hitt er legsteinn sem er lágur afsettur flatur óbeliski úr grágrýti. Letrið virðist meitlað og fer steinninn í 3. flokk

**M 219** Kringum reitinn er allhár steyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum sem snúa í vestur.
Annað er nokkuð stór granítferhyrningur á skornum sökkli úr sama efni. Framhlið varðans er slípuð en annað er matt. Fer í 4. flokk.
Hitt er lágur flatur óbeliski á sökkli og er efst Thorvaldsensverkið *Nótt*. Steinninn fer í 2. flokk.

**M 220** Hér er ekkert að finna.

**M 221a** Þessi reitur er mjög ílangur frá norðri til suðurs, á að giska 2x9 metrar. Kringum reitinn eru 2x4 grágrýtissúlur og liggja pípur á milli en allt er þetta mjög skemmt. Fer í 5. flokk en súlurnar þarf að varðveita. Tvö minningarmörk er hér að sjá og snúa þau í austur.
Annað er nýtískuleg marmaraplata og er efri hlutinn snöggskorinn vinstra megin en langskorinn hægra megin. Letrið er sett með koparstöfum. Platan er látin hallast upp að marmarasteyptri stoð og undirsteini. Fer í 4. flokk.
Hitt er lítill bogasteinn úr grágrýti með snöggum öxlum á sökkli úr sama efni. Hann hefur algengt skreyti; efst er hálfmáni með krossmarki og pálmagreinar beggja vegna krossmarksins en letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**M 221** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka, nokkuð háum og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur þekjusteinn mun þykkari neðst en efst og meitlaður þannig að svo er látið líta út sem framhliðin sé plata sem hvílir í púlti. Áletrunin er sandblásin og fer steinninn í 3. flokk.

**M 222** Kringum reitinn er stólpagerði með steyptum súlum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og fer hann í 4. flokk.

**M 223** Reiturinn er afmarkaður af steyptum 2x3 súlum og liggja tvær pípur á milli. Lengdin er mjög í austur-vestur. Ekkert minningarmark er hér að sjá en gerðið fer í 5. flokk.

**M 224** Umhverfis reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Mætti gjarnan halda í hann. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**M 225** Reiturinn er afmarkaður af nútímalegri járnumgjörð. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heill grágrýtissteinn sem skorinn er í púltsteinsform. Fer í 4. flokk.

**M 226** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með gafli og er þetta allt sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Þetta eru steyptar koparplötur sem eru festar á gaflinn. Plöturnar fara í 4. flokk.

**M 227** Kringum reitinn er steyptur bakki með steyptum 3x3 súlum ofan á og liggur keðja á milli. Allur er bakkinn með bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hár og breiður steyptur púltsteinn á steyptum sökkli og er hvort tveggja sett bergmylsnu. Í púltinu hvílir dökkleit granítplata. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**M 301** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum sem snúa í vestur og hafa þau öll mikið varðveislugildi.

Fyrsta minningarmarkið er granítsteinn úr bleiku graníti og hefur hann gotneskt form. Steinninn er slípaður að framan en oddhöggvinn á hliðum og baki. Hann stendur á oddhöggnum sökkli. Á framhliðina er límdur koparkross með lítilli bókrollu sem á er letrað INRI. Letrið á varðanum er allt úr kopar. Steinninn hefur skemmtilegt lag og fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er óbeliski úr bleiku graníti á sökkli og undirsteini. Á varðanum er rismynd úr eir eftir Ríkarð Jónsson og sýnir hina látnu. Minningarmark þetta fer í 1. flokk.

Þriðja minningarmarkið er úr hvítum marmara. Steinninn er óreglulegur á hliðum og baki en efst er meitlað reipi eða jafnvel skýjabólstrar. Framhliðin er meitluð niður þannig að eftir stendur upphleypt letur. Ofan á steininum hefur líklega verið marmaramynd. Steinninn fer í 3. flokk.

Það fjórða er marmarasteinn með sneyddum hornum efst, ögn sprunginn en þó heill. Ofan á varðanum er engill, alveg heill. Letrið er upphleypt. Steinninn fer í 2. flokk.

**M 302** Kringum reitinn er steyptur bakki með háum gafli og tveimur hliðarörmum. Fer í 5. flokk.

Í gaflinn er felld inn grágrýtis- fremur en blágrýtisplata sem snýr í vestur og fer hún í 4. flokk.

**M 303a** Sunnan við reitinn M 303 er grafstæði sem ekki er merkt á kort. Þetta er marmaraverk með koparstöfum og fer það í 4. flokk.

**M 303** Reitinn afmarkar allhár steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið á reitnum er uppréttur grágrýtisferhyrningur, sem snýr í vestur. Hann er fagurlega meitlaður með burst í miðju og eru breiðar axlir til hliðanna. Steinninn fer í 2. flokk.

**M 304** Umhverfis reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er trékross, sem snýr í vestur, með áfastri nafnaplötu úr plasti og fer í 4. flokk.

**M 305** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með gafli og þremur hliðarörmum og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Fyrra minningarmarkið er dökkleit granítplata sem felld er í bakkann og fer hún í 4. flokk.

Hér er sökkull úr graníti slípaður að framan og hefur verið ofan á honum marmaraverk, líklega englamynd en hefur nú verið brotin af. Á sökklinum stendur *„Þökk fyrir vel unnið starf, þín syrgjandi móðir.“* Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**M 306** Á þessum reit er syðst afmarkað leiði með gangstéttarhellum. Þar sést þó ekkert minningarmark. Tvö minningarmörk eru á reitnum norðanverðum og snúa í austur.

Það fyrra er klofinn blágrýtisstuðull sem liggur þvert á leiðinu. Fer í 4. flokk.

Það síðara er furukross með áfastri álplötu og fer hann í 4. flokk.

**M 307** Kringum reitinn er merkilegt gerði. Það er með háum steyptum súlum og eru grindur úr smíðajárni á milli þeirra. Fer í 2. flokk. Hér eru tvö minningarmörk og snúa í austur.

Fyrst ber að telja bogastein úr bleiku dökkkornóttu graníti. Jaðrar bogans eru meitlaðir þannig að þar sýnist vera reipi. Fyrir miðju er sólkross. Varðinn er á sökkli úr sama efni. Minningarmarkið er frá Schannong í Kaupmannahöfn og fer í 2. flokk.

Hitt minningarmarkið er einnig frá Schannong og fer einnig í 2. flokk, þar sem þessi verk frá Schannong sem og gerðið mynda fallega og merka heild.

**M 308** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með hliðararmi og gafli. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið virðist vera steypt og sett bergsalla. Letrið er steypt upphleypt. Steinninn er nokkuð sprunginn og fer í 4. flokk.

**M 309*** Grafstæðið er ekki afmarkað. Á reitnum er bogasteinn úr grágrýti og hvílir drangurinn á fagurlega tilhöggnum sökkli úr sama efni. Efst á varðanum er Thorvaldsensverkið *Dagur*.

Meginvarðinn hefur eitt sinn verið felldur og brotnað þá í þrjá hluta. Hann hefur nú verið límdur saman. Steinninn fer í 2. flokk.

**M 310** Þetta minningarmark er steinsteypt og hefur púltsteinsform. Í framhliðina er felld hvít marmaraplata með laufaskreyti efst. Fer í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**M 311** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með þremur hliðarörmum og gafli. Allur er bakkinn settur bergsalla og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur. Þetta er ílöng dökkleit granítplata með meitlaðri stjörnu efst og stafa út frá henni geislar. Fer í 4. flokk.

**M 312** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steinsteypt og hefur púltsteinsform. Á honum er dökkleit granítplata með letri á bekkjum. Steinninn er alveg ónýtur. Fer í 4. flokk.

**M 313** Á reitnum er brúnleit granítplata sem hallast upp að steyptu baki og fer í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**M 314** Kringum reitinn er ílangur steyptur rúmlaga bakki með gafli og þremur hliðarörmum. Hann er settur bergsalla. Lengdin er í norður-suður. Gaflinn er nokkuð sprunginn. Ramminn hefur nýlega verið þrifinn. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvær granítplötur sem felldar eru í gaflinn og snúa í austur. Þær fara í 4. flokk.

**M 315*** Grafstæðið er ekki afmarkað. Flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli úr sama efni og líklega á undirsteini þótt hans sjái ekki merki. Þekjan er með tvær hliðar. Framan á varðann er innfelld grágrýtisplata með áletrun. Settur í 2. flokk mest vegna aldurs en einnig vegna forms.

**M 316** Kringum reitinn er steyptur bakki að hruni kominn. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa í austur. Fyrst er hér bogasteinn úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Fer í 3. flokk. Hinn steinninn er þekjusteinn á sökkli og undirsteini úr grágrýti og fer hann einnig í 3. flokk.

**M 317** Minningarmarkið er steypt og er fest álplata neðst á steininn. Fer í 4. flokk.

**M 318** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með bergsalla. Hann er í slæmu ástandi. Í framhliðina er felld hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**M 319** Kringum reitinn er steyptur bakki og eru steyptar súlur í hverju horni. Tvær pípur liggja á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Fer í 3. flokk.

**M 320*** Reiturinn er ekki afmarkaður. Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti á voldugum undirsteini. Efst er Thorvaldsensplatti felldur í varðann en það er verkið *Dagur*. Settur í 2. flokk vegna aldurs.

**M 321** Kringum reitinn er mjög hár steyptur bakki. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**M 322** Steyptur bakki umlykur þennan reit. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö og vísa í vestur. Fyrst er lágur flatur óbeliski úr grágrýti. Letrið er sandblásið upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.
Hinn steinninn er fyrir framan hann. Þetta er svartur púltsteinn úr graníti og fer hann í 4. flokk.

**M 323** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr graníti á sökkli og fer hann í 4. flokk.

**M 324** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið snýr í vestur. Þetta er gráleitur granítsteinn um 40-50 cm á hæð og um 40 cm á breidd og allþykkur. Fer í 4. flokk.

**M 325*** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki settur bergsalla og því mjög mosavaxinn en vel farinn í alla staði. Lengdin er öll í norður-suður. Bakkinn fer í 4. flokk.
Í reitnum eru þrjú minningarmörk og snúa þau öll í austur.
Fyrst er hér grágrýtissteinn á að giska um 60 cm á breidd og 50 cm á hæð. Hann er bogadreginn efst og með löngum öxlum. Hann stendur á undirsteini úr sama efni. Letrið virðist vera meitlað. Fer í 3. flokk.
Þá er hér óbeliski með pýramídaþaki. Undir meginvarðanum er tilhöggvinn kragi sem nær á öllum hliðum þó nokkuð út fyrir varðann en þar fyrir neðan er sökkull. Hvílir svo þetta þrennt á undirsteini.
Framan á meginvarðann er infelld plata úr hrafntinnu. Hún hefur trapisuform og er áletrunin meitluð á hana. Fyrir ofan hana er Thorvaldsensplatti með verkinu *Nótt*. Flokkast hér í 2. flokk vegna forms, efnis og aldurs.
Þriðji steinninn er grágrýtissteinn með þekju sem steypt er á varðann. Fer í 3. flokk.

**M 326** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er gljáslípaður blágrýtissteinn og stendur hann á sökkli sem sýnist ögn eldri. Fer í 4. flokk.

**M 327** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski úr grágrýti og snýr hann í austur. Fer í 3. flokk.

**M 328** Kringum reitinn er steyptur bakki, settur bergsalla og fer hann í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú og vísa þau í vestur. Þetta eru allt steyptar koparplötur sem festar eru í bakkann. Fara í 4. flokk.

**M 401** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Í gafli bakkans er steyptur nokkuð stór flötur og þar er minningarmarkið fellt inn en það er hvít marmaraplata sem fer í 4. flokk.

**M 402*** Reiturinn er ekki afmarkaður sérstaklega heldur af nærliggjandi bökkum. Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski með tveimur þakhliðum. Hann er úr grágrýti sem og sökkullinn sem varðinn stendur á. Ofarlega á varðanum er Thorvaldsensplatti sem sýnir *Nótt*. Minningarmarkið fer í 2. flokk vegna aldurs.

**M 403** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðarörmum og gafli og er þetta sett bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru fjögur. Þetta eru hvítir marmaraskildir sem felldir eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**M 404** Kringum reitinn er stólpagerði. Hér eru 2x3 grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli. Þetta liggur í austur-vestur. Gerðið fer í 3. flokk.
Fyrsta minningarmarkið er grá marmaraplata sem hallast upp að stuðningssteini úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.
Því næst er hér svört granítplata sem hallast upp að steyptum stuðningssteini. Fer í 4. flokk.

**M 405** Reitinn afmarkar steyptur hringlaga bakki. Hann fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er að finna á þessum reit.

**M 406** Í hverju horni reitsins eru steyptar súlur og liggja á milli hverra þeirra tvær járnpípur. Gerðið fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr grágrýti. Þetta er klassískur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið er meitlað. Efst er tákn *Trúar, vonar og kærleiks.* Efst í mæni er járnpinni og hefur líklegast verið þar eitthvert postulínsskraut. Fer í 2. flokk.

**M 407** Reitinn afmarkar steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú og snúa í austur. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara allar í 4. flokk.

**M 408** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er trékross sem er að fúna niður. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**M 409** Ekkert gerði er hér að finna.
Minningarmarkið er heill grágrýtispúltsteinn, vel meitlaður og fer hann í 3. flokk.

**M 410** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru steyptir drangar og liggja tvær pípur á milli þeirra en þær vantar víða. Gerðið fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti, mun þykkari neðst en efst. Ofarlega er tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Letrið er meitlað en er nú mjög orðið máð víðast hvar. Fer í 2. flokk.

**M 411** Reitinn afmarkar steyptur bakki. Ofan á honum eru steyptir drangar og liggja pípur á milli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er fallegur marmarasteinn með miklu flúri. Táknfræði er þó ekki mikil og fer steinninn í 4. flokk.

**M 412** Kringum reitinn er steyptur bakki með steyptum súlum ofan á og liggja tvær pípur á milli. Hann fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er fúinn trékross. Á honum eru upphafsstafirnir KÓ. Fer í 4. flokk.

**M 413** Ekkert gerði umlykur reitinn.

Minningarmarkið er fallegur bogasteinn úr grágrýti og stendur hann á sökkli úr sama efni. Efst hefur verið englamynd en hún er nú brotin af. Ofarlega er *Dagur* Thorvaldsens. Neðan áletrunarinnar hefur verið handaband en það er nú brotið. Steinninn fer í 2. flokk.

**M 414** Kringum reitinn er hár steyptur bakki og er steypt alveg yfir reitinn. Fer í 4. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**M 415** Kringum reitinn er mjög hár steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú og vísa þau í austur. Fyrsta minningarmarkið er gildur blágrýtisstuðull með sandblásnu letri. Fer í 4. flokk. Því næst er hér að finna granítlegstein í nýklassískum stíl. Ofan á ferköntuðum steini er ílöng en lág burst og stendur þetta á sökkli úr svörtu graníti. Fer í 4. flokk. Þá er hér granítplata mjög grófkornótt, á slípuðu grágrýtispúlti. Fer einnig í 4. flokk.

**M 416** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með svartri granítplötu felldri í framhliðina. Steinninn er nokkuð sprunginn. Fer í 4. flokk.

**M 417** Reiturinn er ílangur frá norðri til suðurs. Hér eru 2x3 steyptar súlur með pýramídaþekju og liggja tvær pípur á milli súlnanna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski, afar þunnur efst miðað við þykktina neðst. Hann stendur á sökkli og undirsteini úr sama efni. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**M 418** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr graníti. Málað hefur verið með hvítu ofan í letrið sem er meitlað. Fer í 3. flokk.

**M 419*** Gerðið kringum þennan reit er nú nánast horfið en þó má sjá á ummerkjum að þarna hefur eitt sinn verið stólpagerði með járnpípum. Nú er ekkert eftir af þessu stóra gerði nema tveir stólpar. Þá mætti varðveita en leifarnar af gerðinu falla annars í 4. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Fyrri steinninn er einhver sérstæðasti og jafnvel áhugaverðasti grágrýtissteinn í garðinum. Steinninn er höggvinn til að tákna pappírsörk eða bókfell og er undið upp á örkina efst og neðst en hvor til sinnar áttar. Í framhlið hans er stór marmaraplata. Vegna sérstæðar formgerðar sinnar sem og aldurs heyrir þetta minningarmark til 1. flokki.

Hinn steinninn er dökkur granítsteinn, gljáslípaður að framan en mattur að baki. Hann er afsettur á hliðum og toppi. Fer í 4. flokk.

**M 419a** Ekkert gerði er kringum þennan reit.

Minningarmarkið er bæsaður furukross með álplötu. Fer í 4. flokk.

**M 420** Kringum reitinn er steyptur hvítmálaður bakki í góðu ástandi. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Það fyrra er grágrýtisplata sem felld er í gaflinn en hitt er svört granítplata sem einnig er felld í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

**M 421** Þessi reitur er afar langur og liggur frá norðri til suðurs. Hér eru á 2x4 tilhöggnir grágrýtissúlur og fara þær í 3. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru allt trékrossar sem snúa í austur. Sá fyrsti er með plastplötu en hinir með álplötum. Fara í 4. flokk.

**M 422** Kringum reitinn eru grágrýtissúlur sem flestar eru brotnar. Milli þeirra er grindverk úr smíðajárni og er það vel heilt. Því fer umgjörðin í 1. flokk.

Minningarmarkið er marmarasteinn með laufaskreyti og fer hann í 1. flokk.

**M 423*** Í þessum reit eru tvö minningarmörk og snúa framhliðarnar í vestur. Gerðið er steypt stúka, með háu baki, nokkru lægri hliðum og lágum bakka fremst. Það fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrra minningarmarkið er sandsteinn með innfelldri marmaraplötu og á undirsteini einnig úr sandsteini. Einn voldugasti og stílhreinasti „vínviðarsteinninn“ í garðinum. Ofan á meginvarðanum hefur verið marmarakross en hann er nú löngu brotinn af. Steinninn fer í 1. flokk.

Hinn steinninn er grágrýtispúltsteinn með áfastri álplötu. Fer í 4. flokk.

**M 423a** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn sem er að falla fram fyrir sig. Á hann er skrúfuð koparplata. Fer í 4. flokk.

**M 424** Kringum reitinn er steyptur afar hár bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er trékross með þremur nafnaspjöldum á og fer hann í 4. flokk.

**M 425** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og löngum hliðararmi og örmum fremst svo hlið verður fremst. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er ferhyrndur granítsteinn á sökkli úr grágrýti og fer hann í 4. flokk.

**M 426** Reitinn umlykur steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er að nefna harðviðarkross með gylltri álplötu. Fer í 4. flokk. Því næst er náttúrulegur granítsteinn með koparstöfum. Fer í 4. flokk. Þriðji steinninn er alveg eins og sá sem lýst var hér á undan og fer hann einnig í 4. flokk.

**M 427** Ekkert gerði umlykur reitinn.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Hann vísar í austur og fer í 4. flokk.

**M 428** Kringum reitinn er steyptur bakki og er hann mjög hár. Hefur hann verið lagaður nýlega. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú og vísa þau í austur. Þetta eru dökkar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**M 429** Minningarmarkið er flatur óbeliski, mun þykkari neðst en efst og með lágri þekju. Hér hefur verið englamynd en hún er brotin. Handaband hefur verið fyrir neðan en er nú horfið. Steinninn er á sökkli og undirsteini einnig úr grágrýti. Fer í 3. flokk.

**M 430** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa í austur. Fyrra minningarmarkið er blágrýtishella með höggnu letri og fer hún í 3. flokk. Þá er hér hvítur marmarasteinn með gotneskum bogum úr marmara til hliðanna og koparletri. Hann stendur á sökkli úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

**M 501** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið snýr í austur. Þetta er steyptur varði með sólarmerki efst og fer hann í 4. flokk.

**M 502** Umhverfis reitinn er steyptur rammi með hliðararmi og liggur þetta í norður-suður. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er sérkennilega lagaður steinn sem fer í 4. flokk.

**M 503** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðarörmum og gafli og liggur lengdin í austur-vestur. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru grágrýtisplötur sem felldar eru í gaflinn og fara í 4. flokk.

**M 504** Kringum reitinn eru grágrýtisstöplar og liggja pípur á milli. Gerðið fer í 2. flokk.
Minningarmarkið er mjög bogadregið ofarlega og skiptast á bogar og axlir. Þetta er varði úr grágrýti og stendur hann á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Nótt.* Á steininum eru þessi eftirmæli: *„Syrgjandi móðir setti honum stein þenna.“* Fer í 2. flokk.

**M 505** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðarörmum og gafli. Fyrir miðjum gaflinum er sívalur kross með bleikleitum bergsalla. Allur er bakkinn settur venjulegum bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvær dökkar granítplötur með silfruðum kornum og fara þær í 4. flokk.

**M 506*** Í reitnum eru þrjú minningarmörk. Gerðið er steinsteyptur bakki með hárri bakhlið bogadreginni, hliðarnar sveigjast í boga upp að bakinu frá lægri kanti fremst. Hefur nýlega verið málað hvítt. Fer í 5. flokk.
Fyrst er hér kross úr steypujárni. Allur er krossinn vel farinn og óbrotinn. Þessi kross mun vera sá eini sinnar gerðar í garðinum. Hann fer í 1. flokk.
Því næst eru á reitnum tvær koparplötur með stjörnum í hverju horni og eru þær felldar inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**M 507** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðarörmum og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk eru á þessum reit og vísa í austur. Þetta eru svartar granítplötur. Sú fyrsta og sú þriðja eru með pálmagrein efst en önnur platan með krossmarki. Þær fara í 4. flokk.

**M 508** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er hvítmálaður furukross með álplötu og snýr hann í austur. Fer í 4. flokk.

**M 508a** Ekkert gerði er kringum þennan reit.

Minningarmarkið er heilskorinn blágrýtispúltsteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**M 509*** Kringum þennan stóra reit er járnsteypt grindverk, mikið að umfangi. Lengd þessa gerðis er mest í norður-suður. Eins og öll járnsteypt grindverk í garðinum fer þetta í 1. flokk. Á reitnum eru ellefu minningarmörk og eru þau nefnd bókstöfum frá a-l.

**M 509a*** Dæmigerður púltsteinn úr grágrýti og hvílir hvít marmaraplata í pontu. Efst á marmaraplötunni er fiðrildi sem situr á viðarstilk en hann greinist svo og hríslast niður undir miðjan stein. Sett í 1. flokk vegna aldurs og vegna fiðrildaskreytisins sem ekki er algengt á minningarmörkum í garðinum.

**M 509b** Þetta er afar líkur steinn og sá hér á undan en ber ekki sama skreyti eða táknfræði. Fer í 2. flokk.

**M 509c*** Bogasteinn með mjóu höfði og breiðum öxlum, líklegast úr svörtu sænsku graníti. Það er samansett úr varða, sökkli og undirsteini. Framhlið gljáslípuð sem og framhlið sökkuls. Í höfðinu eða miðboganum er meitluð mynd af dúfu sitjandi á viðargreinum og er hringur meitlaður um þessa mynd. Út frá hringnum liggja borðar og virðast vera á þeim pálma- eða lárviðarsveigar. Á sökklinum er áletrun og er meitlaður bekkur kringum hana. Fer í 2. flokk vegna aldurs og forms.

**M 509d** Þetta minningarmark virðist vera steypt plata en annars er erfitt að greina efnið. Fer í 4. flokk.

**M 509e*** Sandsteinn úr sama efni og sá í **M 423a**, líklega norður-þýskur að uppruna en meitlaður í Danmörku. Framan á honum er marmaraplata nú öll grotnuð niður og verður ekki lesin. Óvenjulegt við þennan stein er að efst á framhlið hans hefur verið Thorvaldsensplatti en hann er nú löngu horfinn. Steinninn fer í 1. flokk vegna aldurs, stílbragðs og handverks en ekki síst vegna þess að hann er talinn fyrsti steinninn í garðinum þar sem verk Thorvaldsens er fellt inn í minningarmark.

**M 509f** Þetta er þekjusteinn úr graníti og er á honum m.a. þessi áletrun: *„Hjartans þökk fyrir minningar geymdar sem aldrei verða okkur gleymdar.“* Steinninn fer í 4. flokk.

**M 509g** Þetta er heill grágrýtissteinn með hallandi framhlið. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

**M 509h** Legsteinn þessi er úr afar grófkornóttu graníti. Hann er gljáslípaður að framan en óreglulegur á hliðum. Fer í 4. flokk.

**M 509i** Ekkert er á þessu leiði.

**M 509k** Þetta er steypt koparplata sem fer í 4. flokk.

**M 509l*** Bogasandsteinn með ypptum útvísandi öxlum. Hann liggur í reitnum og hefur verið gengið snyrtilega frá honum en upphaflega mun hann hafa verið upréttur. Flokkast í 2. flokk vegna aldurs, formgerðar og efnis.

**M 510*** Gerðið er hlaðinn grágrýtisbakki mjög hár og mosavaxinn. Lengdin er í austur-vestur. Flokkast í 2. flokk vegna efnis og hleðslunnar.

Í reitnum er eitt minningarmark. Það er hár varði, bogadreginn ofan, úr mjög ljóskornóttu graníti með rauðleitri áferð. Bak og hliðar eru mjög sléttar en framhliðin er gljáslípuð. Hvílir varðinn á lágum undirsteini að því er virðist úr sama efni og hann, en hann sýnist ótilhöggvinn. Sett í 3. flokk.

**M 511*** Gerðið er steinsteyptur bakki svo lágur að rétt sér í hann á köflum. Lengdin er öll í austur-vestur og mælist hann 250x122 cm. Settur í 4. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Allt er verkið úr grágrýti en það samanstendur af meginvarða, millikraga eða millisteini og sökkli.

Efst á meginvarða, sem er flatur óbeliski með tveimur þakhliðum, er meitlaður hringur í steininn en innan hans er upphleypt krossmark og laufasveigur báðum megin við það. Ferningur er höggvinn inn í framhlið varðans og ofan í hann er áletrunin meitluð. Millikraginn er sveigður ofan og neðan en á sökkul er höggvinn ferhyrningur á öllum hliðum og eru hornin bogadregin. Fer í 2. flokk vegna aldurs og formgerðar.

**M 512** Kringum reitinn er afar hár steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

**M 513** Hér er í kring steinsteyptur bakki. Lengdin er í austur-vestur. Í reitnum eru tvö minningarmörk. Bakkinn lendir í 3. flokki.

Annar egsteinninn hér er gljáslípaður bogasteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er grágrýtisbogasteinn og hvílir hann á steinsteypta bakkanum. Hvorki er undir sökkull né undirsteinn. Varðinn er mun þykkari neðst en efst. Framhliðin er slípuð en hliðarnar eru stokkhöggnar, bak er þó grófara en hliðar. Vegna aldurs lendir hann í 2. flokki.

**M 514** Kringum reitinn er hár steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er varði úr gráleitu graníti. Hann hefur þakhliðar og axlir. Fer í 4. flokk.

**M 515** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er mjög breiður grágrýtispúltsteinn með innfelldri hvítri marmaraplötu. Fer í 4. flokk.

**M 516** Kringum þennan einstaklingsreit er hár bakki sem fer í 4. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**M 517** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er furukross með plastspjaldi. Hann vísar í vestur og fer í 4. flokk.

**M 518** Steyptur bakki umlykur þennan reit. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn settur bergsalla. Innfelld er í hann gul marmaraplata og er þar á upphleypt letur á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**M 519** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er lengd bakkans í austur-vestur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lítil álplata og fer hún í 4. flokk.

**M 520** Hér í reitnum eru fjögur minningarmörk. Gerðið kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fylltur er mold og hellulagður. Lengd hans er í norður-suður. Bakkinn fer í 4. flokk.

Fyrst er hér hvít marmaraplata sem látin er halla upp að stuðningssteini. Fer í 4. flokk.

Því næst er hér að finna ferhyrndan marmarastein sem stendur á grágrýtissökkli. Á steininum eru koparstafir. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er voldugt í alla staði. Það er tiltölulega hár óbeliski með fjórum þakhliðum á mjög gildum sökkli og virðist undirsteinninn vera allur undir

moldu. Efst á varðanum er Thorvaldsensverkið *Nótt*. Neðarlega á varðanum hefur verið handaband úr „biscuit“ en er nú brotið af. Framan á sökkli er innfelld marmaraplata með áletrun. Minningarmarkið flokkast í 1. flokk vegna aldurs og forms.

Fjórða og síðasta minningarmarkið er heill dökkur granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**M 521** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x3 steyptum súlum ofan á og liggur keðja á milli þeirra. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér óreglulegur náttúrulegur granítsteinn sem hefur verið klofinn og slípaður. Hann stendur á blágrýtiskubbi og fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið hefur upphaflega verið í svonefndum þjóðernisstíl en síðar verið sandblásið og því breytt nokkuð. Fer þó í 3. flokk.

**M 522*** Gerðið kringum reitinn er járnsteypt grindverk mjög skreytt á alla vegu. Finnast nokkuð mörg þessarar gerðar hér í garðinum. Grindverkið hvílir allt á steinsteyptum bakka sem er í ágætisástandi. Lengd reitsins er í norður-suður. Þetta járnsteypta grindverk flokkast í 1. flokk.

Sjö minningarmörk er að finna hér.

Fyrst er legsteinn úr graníti. Þetta er fallegur bogasteinn með laufskreyti og krossmarki og pálmablöðum efst. Fer í 2. flokk.

Þá kemur allhár grágrýtispúltsteinn með innfelldri hvítri marmaraplötu. Fer í 3. flokk.

Næsta minningarmark beint fyrir framan hitt á undan er bláleit granítplata sem hvílir upp að nokkurskonar stuðningshellu. Fer í 4. flokk.

Þá kemur hér hár púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

Fimmta minningarmarkið er lítill grágrýtispúltsteinn. Hann hallast mjög til suðurs og er allur úr lagi genginn vegna þess hve trjágróður þrengir að. Í pontu steinsins hvílir hvít marmaraplata en svo mjög er hún skófum vaxin að ekkert verður sagt um áletrunina nema platan sé vandlega hreinsuð upp. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

Þá er hér sjötta minningarmarkið. Þetta er svartur granítsteinn. Minningarmarkið samanstendur af varða, sökkli og undirsteini. Varðinn hefur gotneskt lag og er meðfram jöðrunum gljáandi svartur upphleyptur bekkur. Efst í honum er krossmark en kringum það og niður með hliðunum hríslast vínviðarteinar með laufi. Sjálf áletrunin er innan boga í rómönskum stíl. Fer í 1. flokk vegna aldurs og handbragðs.

Sjöunda og síðasta minningarmarkið er hár granítsteinn með innfelldri granítplötu og fer hann í 2. flokk.

**M 523** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru blágrýtisplötur sem felldar eru í gaflinn og fara í 4. flokk.

**M 524*** Reitinn afmarkar grágrýtisrammi og 2x2 súlum ofan á og liggja tvær pípur þar á milli. Gerðið fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er fallegur en nokkuð sérstæður grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Steinninn er merkur í sögulegu tilliti og fer í 1. flokk.

**M 525** Reitinn afmarkar steyptur bakki með tveimur hliðarörmum. Bakkinn er allhár og fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér grágrýtisplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er skolgrænn púltsteinn í heilu lagi og fer hann í 4. flokk.

**M 526*** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum kanti sem mikið er farinn að láta á sjá. Hann er mjög brotinn og illa farinn í norð-austur horninu og allur er hann mjög mosavaxinn. Lengdin er í norður-suður. Bakkinn fer í 5. flokk. Í reitnum eru þrjú minningarmörk.

Fyrst er hér ferhyrndur heill granítsteinn sem stendur á möttum kubbi líklega einnig úr graníti. Fer í 4. flokk.

Þá er hér að finna háan grágrýtisvarða sem er flatur óbeliski, á lágum sökkli. Þekjan hefur því tvær hliðar. Efst á varða er *Nótt* Thorvaldsens, 14 cm í þvermál. Plattinn er sprunginn en fastur fyrir. Neðst er alveg heilt handaband. Sett í 1. flokk.

Þetta er granítsteinn, náttúrulegur en þverskorinn og slípaður. Hann stendur á möttum granítsökkli. Fer í 4. flokk.

**M 527** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér allhár púltsteinn úr grágrýti og er felld framan í hann svört granítplata. Málað hefur verið ofan í stafi. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er harðviðarkross með plastspjaldi og fer það í 4. flokk.

**M 528*** Gerðið er steinsteyptur bakki. Lengdin er öll í norður-suður. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér járnsteyptur kross alveg sömu gerðar og í reit **L 514**. Krossinn er brotinn og þarfnast lagfæringar. Fer í 1. flokk eins og öll slík verk í garðinum.

Næsta minningarmark er óreglulegur granítsteinn á heilskornum ferhyrndum sökkli og fer þetta í 4. flokk.

# Reitasafn N

*REITASAFN N*

**N 101** Kringum reitinn er steyptur hár bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er fallegur grágrýtisvarði með snigilkröppum og sólum efst. Innfelld granítplata. Fer í 2. flokk.

**N 102** Reitinn afmarkar steyptur ílangur bakki sem liggur frá norðri til suðurs og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér steyptur steinn með hliðarsúlum og er hann settur bergsalla. Í framhlið hans er innfelld granítplata. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið að framan er heill granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**N 103** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og háum gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**N 104** Steyptur bakki sem lendir í 5. flokki.

Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**N 105** Kringum reitinn er steypt umgjörð sem lendir í 5. flokki.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara í 4. flokk.

**N 106** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru ferkantaðir grágrýtissteinar sem standa á samskonar undirstöðu. Framhliðin er slípuð á fyrsta steininum og er letrið þar upphleypt en meitlað á seinni steininum. Fara í 3. flokk.

**N 107** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmörkin eru þrjú og snúa í austur. Þetta eru allt fjörugrjótshnullungar. Fyrstu tveir steinarnir eru stærstir og með sandblásnu niðurgröfnu letri. Þriðji steinninn sem er fyrir framan hina er mun bláleitari og þar er letrið upphleypt. Steinarnir fara í 4. flokk.

**N 108** Kringum reitinn er steyptur lágur bakki sem fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Hið seinna er fyrir framan það fyrsta. Fyrra minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta úr graníti. Efst í varðann er meitluð dúfa með laufblað í goggi. Fer í 4. flokk.

Hinn legsteinninn er liggjandi blágrýtisstuðull með meitluðu letri og fer hann í 3. flokk.

**N 109** Kringum reitinn er liggur frá norðri til suðurs er stólpagerði. Milli ferkantaðra stólpa með pýramídaþekju liggja tvær pípur. Gerðið fer í 3. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er skorinn og slípaður blágrýtiskubbur og er á honum koparletur. Fer í 4. flokk.

Annar steinninn er líklega frá Schannong er ekki algengur hér í garðinum. Fer í 2. flokk.

Að lokum er hér svo skorinn grágrýtissteinn með þekju og er letrið úr kopar. Fer í 4. flokk.

**N 110** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði með grágrýtisstólpum en pípurnar sem lágu á milli eru nú flestar horfnar. Fer samt í 3. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa í vestur. Þetta eru eins steinar úr grágrýti. Fyrst er varði og hefur hann þekju fyrir miðju og svo eru útstæðar stórar axlir. Thorvaldsenslágmynd er efst. Á fyrsta steininum er letrið meitlað en á öðrum steininum virðist það sandblásið og er það upphleypt á bekkjum. Steinarnir fara í 2. flokk.

**N 111** Kringum reitinn er steyptur bakki mjög fylltur og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er bogasteinn á sökkli. Letrið er upphleypt á bekkjum. Efst er krossmark í hálfmána með laufblöðungi. Fer í 3. flokk.

**N 112** Hár og nánast sléttfylltur bakki umlykur reitinn en hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski. Ofan á honum hefur verið einskonar englamynd en hún er nú brotin af. Ofarlega í varðanum er sporöskjulaga skjöldur með mynd af hinni látnu en myndin er nú mjög farin að upplitast. Fer í 2. flokk.

**N 113** Kringum reitinn er steyptur þykkur rammi. Ofan á honum hafa verið steyptir stólpar, einn í hverju horni og pípur á milli en þetta er allt farið. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski úr grágrýti á grófgerðum sökkli. Fer í 3. flokk.

**N 114** Gerðið hér í kring er hrunið. Hér hafa verið steyptar súlur og fer þetta í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvítur trékross með álplötu. Fer í 4. flokk.

**N 115*** Gerðið er stólpagerði með pípum á milli stólpanna. Neðst eru grágrýtisdrangar og ofan á þeim eru grágrýtissúlur tilhöggnar og eru þrjár pípur á milli hverra súlna. Margar af súlunum eru fallnar, sérstaklega að vestan og sunnanverðu. Einnig eru margar pípur horfnar. Reiturinn liggur í norður-suður. Vegna grágrýtishleðslunnar fer gerðið í 2. flokk. Í reitnum eru sjö minningarmörk.

Fyrsta minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Þakhliðarnar eru mjög brattar og er steinninn mun þykkari neðst en efst. Ofarlega er Thorvaldsenslágmynd og heilt handaband neðst. Fer í 1. flokk.

Annað minningarmarkið er að formgerð bogasteinn en á hliðum varðans ofarlega eru meitlaðar nokkurs konar krullur eða snigilkrappar. Meginvarðinn hvílir á voldugum grágrýtissökkli. Í boganum á varðanum er Thorvaldsensverkið *Dagur* fellt inn í varðann. Ofan á varðanum hefur verið kross, holur að innan en er nú brotinn af. Áletrunin er á plötu úr torræðu efni, sem virðist felld inn í varðann. Legsteinninn fer í 1. flokk.

Þá er hér grágrýtisóbeliski á sökkli úr sama efni. Efst er felldur í varðann stór platti, verk Thorvaldsens *Jólafögnuður á himnum*, og mun þetta eini heili varðveitti plattinn í garðinum. Áletrunarflöturinn er meitlaður í varðann og þar felld inn plata úr sama efni og rætt var um hér á undan. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

Fjórða minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti á grágrýtissökkli. Steinninn hefur brotnað og verið límdur saman. Uppi á varðanum hefur verið kross úr postulíni en er nú brotinn af. Ofarlega á varðanum hefur verið englamynd en hún er einnig brotin.

Handaband hefur verið neðst á varðanum en er nú ónýtt. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

Því næst er hér bogasteinn úr graníti og eru snöggar axlir efst. Hann stendur á sökkli en hallast mjög. Fer í 4. flokk.

Sjötta minningarmarkið er flatur óbeliski á lágum sökkli. Efst er Thorvaldsens-lágmynd og heilt handaband neðst. Steinninn fer í 2. flokk.

Að síðustu er hér lágur bogasteinn úr bleikleitu graníti og fer hann í 4. flokk.

**N 116** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með tveimur hliðarörmum og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú og snúa þau í vestur. Þetta eru svartar granítplötur sem festar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**N 117** Kringum reitinn er steyptur ónýtur bakki. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa í vestur. Þetta eru heilir blágrýtispúltsteinar og fara þeir í 4. flokk.

**N 118** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er slípaður heill granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**N 119** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki settur bergsalla og er hann nýuppgerður. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og snýr í vestur. Fer í 4. flokk.

Hitt er hvítur trékross sem fer í 4. flokk.

**N 120** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Fyrra minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli. Efst er tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Steinninn er allur nýslípaður. Fer í 4. flokk.

Þá er hér legsteinn með mjög svipuðu lagi og sömu táknmynd en málað hefur verið með svörtu ofan í letrið. Fer einnig í 4. flokk.

**N 120a** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er blágrýtispúltsteinn, sem fer í 4. flokk.

**N 121*** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki. Lengdin er í norður-suður. Bakkinn fer í 5. flokk. Á þessum reit eru fimm minningarmörk sem vísa í vestur.

Fyrsta minningarmarkið er fallegur blágrýtispúltsteinn. Hann er afsettur á hliðum en framan í hann er felld dökk granítplata. Fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er lágur þekjusteinn skemmtilega meitlaður. Letrið er meitlað en er nú mjög farið að mást. Fer í 3. flokk.

Þá er hér grár granítsteinn á skornum granítundirsteini. Fer í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er klassískt grágrýtispúlt með hvítri marmaraplötu. Brúnir eru rifflaðar ögn inn á fletina en miðbik hliða og baks látið halda grófu formi eða afsett. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

Að lokum er hér grágrýtispúltsteinn og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**N 122** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með fjórum hliðarörmum og háum gafli. Bakkinn fer í 4. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 201** Kringum reitinn eru steyptir stólpar og liggja tvær pípur milli þeirra. Þetta er meira eða minna úr lagi gengið og fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú og snúa í vestur.

Fyrst er hér hvít marmaraplata sem styðst við steyptan stuðningsstein og fer í 4. flokk.

Því næst er legsteinn skemmtilega meitlaður og stendur á sökkli sem settur er bergsalla. Fer í 4. flokk.

Að lokum er alveg eins steinn og fyrsti steinninn og fer hann einnig í 4. flokk.

**N 202** Reitinn afmarkar steyptur bakki með 3x3 súlum og liggur mikil keðja allan hringinn. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er að finna á þessum reit.

**N 203** Steyptur bakki er kringum reitinn og fer hann í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru hér á reitnum og vísa þau í vestur.

Fyrst er steyptur kubbur sem gengur út af bakkanum og er fest á hann steypt álplata. Fer í 4. flokk.

Fyrir framan er lítill legsteinn sem virðist vera úr ljósum innfluttum sandsteini en erfitt er að ráða í þetta. Fer í 4. flokk.

**N 204*** Þessi reitur er ekki afmarkaður af neinu gerði. Tvö minningarmörk er hér að finna og vísa þau í austur.

Fyrsti legsteinninn er stór og voldugur klassískur púltsteinn úr grágrýti með innfelldri hvítri marmaraplötu. Hann er afsettur á baki og hliðum. Áletrunin nokkuð farin að mást en annars er steinninn vel farinn að öðru leyti. Steinninn fer í 2. flokk vegna aldurs.

Seinni legsteinninn er marmaraplata sem kalla mætti púltstein þótt hún liggi nánast flöt. Fer í 4. flokk.

**N 205** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru steyptir stólpar og ganga tvær pípur á milli þeirra. Gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa í austur. Þetta eru furukrossar með svörtum álplötum og fara þeir í 4. flokk.

**N 206*** Gerðið kringum reitinn er grindverk úr steypujárni. Það stendur á voldugum steinsteyptum bakka. Lengd reitsins er í norður-suður. Grindverkið lendir í 1. flokki eins og allt annað járnsteypt í garðinum. Sex minningarmörk er að finna á reitnum

Fyrsta minningarmarkið er mjög breiður grágrýtispúltsteinn með innfelldri svartri granítplötu og fer hann í 1. flokk.

Annar legsteinninn er alveg eins og þessi hér á undan og fer einnig í 1. flokk.

Sá þriðji er lágur bogasteinn á sökkli úr graníti frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 1. flokk.

Fjórði legsteinninn er lítill bogasteinn úr dökku en þó bleikleitu graníti og stendur hann á sökkli úr sama efni. Fer í 1. flokk.

Þá er hér stórt og allbreitt minningarmark úr grágrýti. Þetta er þekjusteinn, eða mjög breiður flatur óbeliski á sökkli. Framan í varðann er felld stór marmaraplata með grafskriftinni. Neðarlega á henni er handaband tákn vináttu og endurfunda. Sökkullinn er einnig úr grágrýti. Minningarmarkið flokkast í 1. flokk vegna aldurs og formgerðar.

Að lokum er hér lítill steyptur púltsteinn með innfelldri hvítri marmaraplötu. Hann fer í 1. flokk.

Reiturinn í heild sinni fer í 1. flokk, bæði gerðið og minningarmörkin á reitnum til að varðveita heildarsvip reitsins.

**N 207** Umhverfis reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtisdrangur sem liggur á tveimur blágrýtiskubbum. Steinninn fer í 4. flokk.

**N 208** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er á reitnum.

**N 209** Kringum reitinn er steyptur bakki sem allur er brotinn. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 210** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er furukross með álspjaldi og fer hann í 4. flokk.

**N 211** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka og fer hann í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 212** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og hliðarörmum og er hann settur bergsalla. Lengdin er í norður-suður. Bakkinn fer í 5. flokk.

Sjö minningarmörk eru á þessum leiðum. Þetta eru allt dökkar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fyrir miðju er ein stór plata en sitt til hvorrar handar eru þrjár plötur hver upp af annarri. Á gaflinum er einnig ljósmynd. Plöturnar fara í 4. flokk.

**N 213** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og hliðararmi og fer hann í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru dökkar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**N 214** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru steyptir stólpar og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 215** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi, illa farinn og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru steyptar koparplötur sem festar eru á bakkann og fara þær í 4. flokk.

**N 216** Minningarmarkið er skemmtilegur steinn með fjórum þakhliðum á sökkli. Efst er lágmynd Thorvaldsens. Fer í 2. flokk.

**N 217** Hér er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr grágrýti. Fer í 3. flokk.

**N 218** Kringum reitinn er mjög ílangur steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er hvítmálaður og hefur verið lagfærður. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru fimm. Þetta er allt steyptar koparplötur sem fara í 4. flokk.

**N 219** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli sem snýr í austur. Allt er þetta úr grágrýti. Efst er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks* en neðst er fallega meitlað skraut. Steinninn hefur eitt sinn brotnað en verið lagfærður. Fer í 3. flokk.

**N 220** Kringum þennan einstaklingsreit er stólpagerði. Í hverju horni eru gróft meitlaðar grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli. Gerðið fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti og fer legsteinninn í 3. flokk.

**N 220a** Hér á leiði er granítsteinn á undirsteini, verksmiðjuframleiddur og fer í 4. flokk.

**N 221** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 222** Ekkert gerði umlykur þennan reit.
Legsteinninn er úr grágrýti og snýr í vestur. Þetta er bogasteinn á sökkli og undirsteini og fer hann í 3. flokk.

**N 223** Reitinn afmarkar steyptur bakki með gafli og er þetta sett bergsalla. Til hliðar við gaflinn eru blómaker. Fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er svart gler sem vísar í austur og fer í 4. flokk.

**N 224** Kringum reitinn er ónýtt trégrindverk sem fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er að finna á leiðinu.

**N 301** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 302*** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið á þessum reit er járnsteyptur kross sem skrúfaður er í úthöggvinn grágrýtissökkul. Krossinn er steyptur í einu lagi og ganga totur út frá höfuðarmi og krossörmum.
Sökkullinn er mjög hár. Þetta er heill drangur, en er svo höggvinn til að líta út sem hann sé samsettur úr þremur steinum, sökkli, millisteini og undirsteini. Minningarmarkið fer í 1. flokk eins og öll járnsteypt verk. Þetta er auk þess eini kross sinnar gerðar í garðinum.

**N 303** Reitinn afmarkar steyptur bakki með bergmylsnu og fer hann í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö og snúa þau í austur. Fyrst er merkilegur bogasteinn úr grágrýti. Á hann eru meitlaðar greinar sem vefjast saman og framan á er meitlað laufblað. Fyrir miðju hefur líklega verið mynd sem nú er horfin. Fer í 2. flokk
Því næst er steyptur púltsteinn með svartri granítplötu á og horfir steinninn til austurs. Fer í 4. flokk.

**N 304** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með gafli og hliðararmi. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er trékross með plastplötu og fer í 4. flokk.

**N 305** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og eru stallar með blómakerjum til hliðar. Bakkinn er settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Inn í gaflinn eru felldar tvær svartar granítplötur og snúa þær í austur. Þær fara í 4. flokk.

**N 306** Steyptur bakki er kringum reitinn og fer hann í 5. flokk.
Legsteinninn snýr í austur. Þetta er steyptur púltsteinn, mjög sprunginn. Á framhlið hans er dökk granítplata og fer þetta í 4. flokk.

**N 307** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið, sem snýr til austurs, er fallegur grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni. Varðinn hefur bratta þekju og til hliða eru útstæðar axlir. Á sökkulinn er meitlaður heiðurssveigur. Ofarlega er rismynd með engli en hún er nú brotin. Neðst hefur verið handaband en það er nú einnig brotið. Steinninn fer í 2. flokk.

**N 308** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er fúinn trékross með álplötu. Fer í 4. flokk.

**N 309** Kringum reitinn er allhár steyptur rammi, sléttfylltur. Fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**N 310** Reiturinn afmarkast af grindverki með samanskrúfuðum pípum. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er allhár grágrýtissteinn meitlaður með púltsteinsformi. Fer í 3. flokk.

**N 311** Í hverju horni þessa einstaklingsreits eru meitlaðar grágrýtissúlur og liggja tvær pípur milli þeirra. Þetta hefur verið hvítmálað. Gerðið fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og hvílir á framhlið hans dökk granítplata. Fer í 4. flokk.

**N 312** Reitinn afmarkar hár steyptur rammi, sléttfylltur, með gafli og hliðararmi. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágulleitur granítsteinn og fer hann í 4. flokk.

**N 313** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og hliðararmi og fer hann í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú og snúa í austur. Fyrstu tvö minningarmörkin eru dökkar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær fara í 4. flokk. Þriðji steinninn er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Ofarlega í varða er lágmynd Thorvaldsens. Neðst hefur verið handaband sem nú er horfið en steypt hefur verið í farið þar sem handabandið var. Málað hefur verið með svörtu í letrið. Steinninn fer í 3. flokk.

**N 314** Á reitnum er steyptur bakki og er steypt yfir hann allan. Ofan á umgjörðinni eru 3x3 súlur og liggur keðja á milli þeirra. Bakkinn fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er óbeliski sem fer í 2. flokk.

**N 315*** Kringum þennan ílanga reit sem liggur frá norðri til suðurs er járnsteypt gerði sem fer í 1. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú og snúa í vestur. Fyrst er blágrýtissteinn sem er bogadreginn að ofan og slípaður að framan og stendur á möttum blágrýtisundirsteini.

Fer í 4. flokk. Því næst er hér klassískur óbeliski sem fer í 1. flokk. Þriðja minningarmarkið er liggjandi granítplata sem fer í 4. flokk.

**N 316** Steyptur bakki er kringum reitinn. Á honum er gafl sem er mjög sprunginn. Fer í 5. flokk

Þrjú minningarmörk er hér að finna. Þetta eru plastspjöld sem skrúfuð eru á bakkann og fara þau í 4. flokk.

**N 317** Reiturinn er afmarkaður af steyptum reit með gafli og hliðararmi og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**N 318*** Gerðið er steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs og fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk eru á reitnum sem snúa í austur.

Fyrsta minningarmarkið er vel meitlaður púltsteinn úr grágrýti sem fer í 3. flokk.

Annar steinninn er dökkgrár granítpúltsteinn, slípaður að framan en óreglulegur á hliðum og baki. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er hár varði úr svörtu graníti á lágum sökkli eða undirsteini úr sama efni. Varðinn hefur skemmtilegt form. Þetta er þekjusteinn og eru hliðarnar afsettar. Framhliðin er gljáslípuð en gljáinn er meitlaður af svo eftir stendur glansandi texti og skreyti. Leturflöturinn er gljáandi sporaskja fyrir miðju og áletrunin meitluð þar á. Bak við sporöskjuna er hár kross sem nær nánast upp eftir öllum varðanum. Neðst á stilknum er rót og skjótast laufgaðar greinar út af krossinum endilöngum. Steinninn er hér settur í 2. flokk vegna skemmtilegrar formgerðar og skreytis.

Fjórði legsteinninn er heill granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

Sá fimmti er steyptur púltsteinn með bergsalla og er felld í framhlið hans svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**N 319** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er trékross með plastspjaldi sem vísar í austur og fer í 4. flokk.

**N 319a til 319b** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**N 320*** Minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti. Steinninn er með þekju með tveimur hliðum. Meitlað er upp úr framhlið steinsins og virðist sem hellt hafi verið ofan í þá dæld einhvers konar fljótandi múrefni sem áletrunin var síðan meitluð í. Hann fer í 2. flokk vegna aldurs og formgerðar.

**N 320a** Minningarmarkið er granítplata sem hallast upp að granítsteini og fer hún í 4. flokk.

**N 321** Hér er á trékross með koparplötu. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**N 322** Kringum reitinn er stólpagerði með þremur súlum úr grágrýti. Liggja pípur á milli þeirra en víða vantar þær og er þetta nokkuð sprungið. Súlurnar eru með fjórum þakhliðum og laufabekk í kring. Fer í 2. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Fyrst er hér steyptur járnkross og fer hann í 1. flokk. Því næst er hér mjög fallegur gotneskur steinn með heilu handabandi og heiðurssveig og Thorvaldsensplattanum *Nótt*. Fer einnig í fyrsta flokk.

**N 323** Kringum reitinn er steyptur bakki. Ekkert minningarmark er hér að finna. Fer í 5. flokk.

**N 324** Reitinn afmarkar nokkuð hár steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heill grágrýtispúltsteinn sem hallar um 5-10º og snýr í austur. Fer í 3. flokk.

**N 325** Hér á reitnum er eitt minningarmark sem er flatur óbeliski. Efst hefur verið postulínsengill en hann er brotinn. Fer í 3. flokk.

**N 326** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og allháum hliðarörmum. Vísar þetta í vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er ferhyrndur blágrýtisskjöldur með upphleyptu letri. Fer í 4. flokk.

**N 327** Reitinn afmarkar steyptur bakki með þremur hliðarörmum og snýr hann í vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru hvítar marmaraplötur sem felldar eru inn í gaflinn og fara báðar í 4. flokk.

**N 401** Mjög ílangur reitur sem liggur frá norðri til suðurs. Hann afmarkast af steinsteyptum bakka, sem fer í 5. flokk.

Átta minningarmörk eru á reitnum sem öll snúa í austur.

Fyrst er hér skorinn, mattslípaður blágrýtisstuðull. Á hann eru límdir koparstafir og koparkross. Fer í 4. flokk.

Þá er hér að finna granítstein með miklu skreyti. Þetta er bogasteinn með slípaðri framhlið og stendur á sökkli úr sama efni. Fer í 2. flokk.

Þriðji steinninn er bogasteinn úr graníti með miklum öxlum á sökkli úr sama efni. Fer í 2. flokk.

Fjórði steinninn er líklega sandsteinn sem er meitlaður þannig að hann lítur út eins og púlt, og í púltinu er bók. Svo er að sjá sem púltsteinninn sé úr grágrýti en bókin úr sandsteini. Fer í 2. flokk.

Því næst er hér grágrýtispúltsteinn sem hallast mikið, um 70-80º. Í púltbakkanum hvílir mjög stór og mikil granítplata úr dökkleitu graníti. Um 7-8 cm á þykkt. Efst er dúfa. Fer í 3. flokk.

Þá er hér að sjá minni grágrýtispúltstein og fer hann í 2. flokk vegna aldurs.

Sjöunda minningarmarkið er marmaraplata á steyptum steini með bergmylsnu. Fer í 4. flokk.

Að síðustu er hér grágrýtissteinn með miklum ílöngum boga. Bekkir meitlaðir á hann og eftir stendur upphleypt letur. Fer í 4. flokk.

**N 402** Minningarmarkið er grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni. Varðinn er bogadreginn efst og ganga tvær axlir út frá boganum. Fer í 2. flokk.

**N 403** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**N 404** Minningarmarkið er álplata sem er boltuð á tréstaura. Fer í 4. flokk.

**N 405** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum.

Fyrst er hér mjög stór grágrýtispúltsteinn með afsettum hliðum og baki. Þetta er klassískur púltsteinn með hvítri marmaraplötu og snýr í austur. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

Hinn steinninn er flatur kubbslaga grágrýtisóbeliski með þekju og á sökkli og undirsteini. Fer í 4. flokk.

**N 406** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er heill púltsteinn sem hallar um 70º. Hann er á undirsteini úr grágrýti. Áletrunarflöturinn er gróft stokkhöggvinn með upphleyptu letri. Fer í 3. flokk.

**N 407** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið snýr í austur. Á austurhlið bakkans er steyptur kubbur, eins og púltsteinn og er koparplata skrúfuð ofan í hann. Fer í 4. flokk.

**N 408** Hér í kring er steinsteyptur bakki, nokkuð hár og sléttfylltur og fer í 5. flokk. Reiturinn snýr í austur. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Fyrsta minningarmarkið er úr bleiku, stórkornóttu graníti. Þetta er steinn sem liggur upp að granítsteinum fyrir aftan. Fer í 4. flokk.

Seinni steinninn er klofinn blágrýtisstuðull með koparletri. Hann hvílir á blágrýtiskubbi. Fer í 4. flokk.

**N 409** Steinsteypt súlnagerði í lélegu ástandi og fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er þykkur flatur óbeliski, um 110-120 cm á hæð. Hann hvílir á sökkli úr graníti. Inn í hann er höggvinn hálfmáni og gert ráð fyrir kerti eða blómakeri. Fer í 4. flokk.

**N 410** Ílangur reitur frá norðri til suðurs. Kringum hann eru 2x3 steyptar súlur. Innan hans er búið að koma upp tréverki. Fer hvort tveggja í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk.

Fyrstu tvö eru granítsteinar sem eru bogadregnir að ofan. Fara í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er grágrýtisteinn sem fer í 2. flokk vegna aldurs.

**N 411** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með gafli sem snýr í austur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er koparplata sem fest er á gaflinn. Fer í 4. flokk.

**N 412** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

**N 413** Þessi reitur snýr í austur.

Minningarmarkið er mjög hár grágrýtissteinn með þekju. Efst hefur verið Thorvaldsenslágmynd en hún er nú horfin. Steinninn er grófur að aftan og á hliðum en fyrir miðju er meitlaður rómverskur bogi. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**N 414** Minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski, um 60 cm á hæð og stendur hann á grófhöggnum undirsteini úr grágrýti. Á varðanum eru meitlaðir bekkir og er letrið upphleypt. Fer í 3. flokk.

**N 415** Reiturinn er afmarkaður með gerði úr hlöðnum steinsteyptum dröngum. Fer í 5. flokk. Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk.

Þetta eru allt gráar marmaraplötur sem standa á undirsteini með tveimur pinnum þar upp. Á þeim er krossmark og letur úr messingstöfum. Minningarmörkin snúa í vestur og fara í 4. flokk.

**N 416** Reitinn afmarkar stólpagerði. Í hverju horni eru steyptar súlur og liggja pípur á milli. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er trékross með áfastri svartri álplötu. Snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**N 417** Sléttfylltur steinsteyptur bakki. Hann snýr í austur og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það fyrra er bogasteinn með litlum öxlum. Hann er með hálfmánalagaðan flöt efst. Þar er á krossmark og pálmagreinar sitt hvorum megin. Steinninn er nokkuð grófur og er stokkhöggvinn efst. Á varðanum eru meitlaðir bekkir með upphleyptu letri. Fer í 3. flokk.

Hitt minningarmarkið er grágrýtissteinn sem er með meitluðum bekkjum og upphleyptu letri. Þetta er púltsteinn sem hallar um 5°. Fer í 4. flokk.

**N 418** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 418a** Á þessum reit eru tvö minningarmörk.

Það fyrra er grágrýtissteinn með ílöngum boga og stendur hann á sléttskornum undirsteini. Fer í 3. flokk.

Hinn steinninn er úr líparíti eða gabbrói og með koparstöfum. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**N 419** Reitinn afmarkar steyptur bakki með steyptum kubbi aftan á. Bakkinn snýr í austur og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru granítplötur og fara í 4. flokk.

**N 420** Steyptur bakki með hliðarörmum, sem fer í 5. flokk. Miðarmurinn er sameiginlegur bakkanum við hliðina. Hér er á hvít marmaraplata með máluðum svörtum stöfum. Hún snýr í austur og fer í 4. flokk.

**N 421** Minningarmarkið er hvít marmaraplata, sem snýr þversum, svartmáluð. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**N 422** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk og snúa í austur.

Það fyrra er mjög lítill flatur óbeliski úr grágrýti og líklega á undirsteini sem sést ekki. Hann er um 60-70 cm á hæð og með sandblásnum stöfum. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er náttúrulegur blágrýtissteinn sem skorinn er þvert og gljáfægður á framhlið. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

**N 423** Ekkert er að finna á þessum reit.

**N 424** Reitinn afmarkar mjög skemmdur steyptur einstaklingsbakki og fer hann í 5. flokk. Hér er á eitt minningarmark. Það er hvítur trékross með steyptri álplötu. Snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**N 425** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að finna. Það er mjög sérkennilegur granítsteinn með hvítum æðum. Fer í 4. flokk. Eitthvað annað hefur verið hérna, og hefur það verið boltað niður en er nú horfið.

**N 426** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er hár varði á undirsteini og með snöggum öxlum. Hann er úr grófkornóttu, bláleitu graníti. Fer í 4. flokk.

**N 427** Steinsteyptur bakki með gafli og hliðararmi. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum og vísar til vesturs. Þetta er marmaraplata sem fer í 4. flokk.

**N 427a** Ekkert gerði umlykur reitinn.
Minningarmarkið er nokkuð þykk og há marmaraplata með þekju. Hún hvílir á kubbi úr marmarasteypu og eru koparstafir á. Hún vísar í vestur og fer í 4. flokk.

**N 428** Í hverju horni reitsins eru steinsteyptar súlur og liggja tvær pípur á milli. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og er það lítill flatur óbeliski á sökkli. Mjög mosavaxinn platti úr marmara er á steininum. Á honum er kross og geislar í kringum hann. Fer í 2. flokk.

**N 429** Minningarmarkið sem hér er að finna er bogasteinn úr grágrýti með rúnnuðum hliðum og snýr hann í austur. Postulínsengill hefur líklega verið á honum en hann er brotinn. Neðst hefur verið handaband en það er einnig brotið. Hann stendur á grófhöggnum sökkli og undirsteini. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**N 430** Hér í reitnum er að finna tvö minningarmörk.
Það fyrra er grágrýtiskubbur með púltsteinsformi og er letrið sandblásið og upphleypt á bekkjum auk krossmarks. Steinninn vísar í austur og fer í 4. flokk.
Seinni steinninn er bogasteinn sem horfir í austur. Hann er slípaður að framan en hliðar og bak eru óreglulegar og afsettar. Ofarlega er Thorvaldsensplatti. Fer í 2. flokk.

**N 431** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Á reitnum eru átta minningarmörk sem snúa í austur.
Fyrstu tvö minningarmörkin eru granítplötur sem hallast upp að stuðningssteini. Fara í 4. flokk.
Næstu fjögur minningarmörk eru steinsteyptir kubbar með innfelldum granítplötum. Síðustu legsteinarnir eru blágrýtissteinar með slípaðri innfelldri blágrýtisplötu. Allt fer þetta í 4. flokk.

**N 432*** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Minningarmarkið er óbeliski með pýramídaþaki á sökkli, hvort tveggja úr grágrýti. Líklega hvílir allt á undirsteini en hann er þó ekki sjáanlegur. Á varða er marmaraplata og er á hana meitluð áletrunin. Neðst á marmaraplötunni hefur verið handaband, tákn ástar og endurfunda en það er nú horfið. Fellur undir 2. flokk vegna aldurs og stíls.

**N 433** Á reitnum eru tvö minningarmörk og kringum þau er steinsteyptur bakki. Hann er lágur og mjög mosavaxinn og er hann að hruni kominn í norðaustur horninu. Lengdin er í norður-suður. Bakkinn fer í 5. flokk.

Fyrsta minningarmarkið er þekjupúltsteinn sem hvílir á bakkanum. Hann fer í 3. flokk.

Þá er hér er blágrýtishnullungur með meitluðu letri. Fer í 4. flokk.

**N 501** Reitinn umlykur steinsteyptur bakki með gafli og þremur hliðarörmum. Bakkinn er settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Í reitnum eru sex minningarmörk.

Fyrsta minningarmarkið er allhár marmarasteinn sem hallar um 30º. Bakhliðin er bogadregin og þar er á hvít dúfa og járnkross úr messing. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er granítplata innfelld í gaflinn, hún er mjög þykk og með þekju. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

Það fjórða er svört álplata og fer hún í 4. flokk.

Fimmta minningarmarkið er lítill flatur óbeliski með hallandi þakhliðum. Hann er á undirsteini úr dökku graníti. Fer í 4. flokk.

Sjötta minningarmarkið er steypt koparplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**N 502** Kringum reitinn er ílangur steyptur bakki sem liggur í norður-suður. Fer í 5. flokk. Í bakkanum vestanverðum er mjög ílangt steypt púlt. Þar er á innfelld marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**N 503** Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk sem öll snúa í austur. Fyrsti legsteinninn er nokkuð hár grágrýtispúltsteinn með innfelldri bleikri granítplötu. Þar uppi á er englamynd en á engilinn vantar vængina. Fer í 2. flokk.

Næsta minningarmark er bogasteinn með marmarakrossi, á sökkli og á sökklinum er sívalningur fyrir blóm eða kerti. Einnig er á steininum mynd af þeim sem steinninn er yfir. Fer í 1. flokk.

Þriðji legsteinninn er allbreiður grágrýtissteinn með þekju. Á honum hefur verið marmaramynd en hún er löngu brotin. Brúnrauðleit sporaskja úr sandsteini hvílir framan á steininum. Fer í 3. flokk.

**N 504** Minningarmarkið er gotneskur varði. Áletrunin er eiginlega horfin. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**N 505** Reitinn afmarkar bakki úr grágrýtisdröngum. Fer í 3. flokk. Hér eru tvö minningarmörk sem snúa í austur.

Fyrsta minningarmarkið er nokkuð hár þekjusteinn, eiginlega flatur óbeliski, úr gljáslípuðu dökku graníti. Fer í 4. flokk.

Annar steinninn er úr dökkleitu graníti, hann er afsettur á hliðum og baki. Fer í 3. flokk út af áletrunum.

**N 505a** Á reitnum er eitt minningarmark sem snýr í austur. Það er blágrýtisplata sem studd er af stuðningssteini. Fer í 4. flokk.

**N 506** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og þremur hliðarörmum, sem fer í 5. flokk. Í gaflinum er steypt álplata og neðst er handaband. Fer í 3. flokk.

**N 507** Reitinn afmarkar steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli, sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur.

Þetta eru steyptar álplötur sem fara í 4. flokk.

**N 508** Minningarmarkið er grágrýtissteinn með upphleyptum sporöskjulaga áletrunarfleti. Þetta er yngsti flati steinninn í garðinum. Fer í 1. flokk.

**N 509** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og virðist það vera gabbrósteinn sem er slípaður að framan en óreglulegur á hliðum og baki. Fer í 4. flokk.

**N 510** Steyptur bakki er í kringum þennan einstaklingsreit. Hann snýr í austur og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og líklega á undirsteini en hann sést ekki. Fer í 3. flokk.

**N 511** Minningarmarkið er marmaraplata á tveimur steinum og undirsteini úr blá- eða grágrýti. Þetta vísar í vestur og fer í 4. flokk.

**N 512** Kringum reitinn er lágur steyptur og sléttfylltur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**N 513** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Tvö minningarmörk er hér að finna.
Fyrst er hér bogasteinn úr grágrýti á sökkli og undirsteini úr sama efni. Fer í 3. flokk.

Því næst er hér álkross sem fer í 4. flokk.

**N 514** Reitinn afmarkar steinsteyptur reitur með hvítmáluðum gafli sem er í lélegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er mjög stór steypt koparplata með boga efst sem er skrúfuð í bakkann. Fer í 4. flokk.

**N 515** Kringum reitinn er nokkuð hár sléttfylltur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru hér í reitnum.

Það fyrsta er grágrýtiskubbur sem stendur á bakkanum og horfir til austurs með áfelldri koparplötu. Fer í 4. flokk.

Hinn steinninn er geysilega stór og mikill steinsteyptur steinn með sólartákni efst. Hann fer einnig í 4. flokk.

**N 516** Minningarmarkið á þessum reit er steinsteyptur kross með innfelldri steyptri álplötu. Það vísar í austur og fer í 4. flokk.

**N 517** Kringum reitinn er steyptur sléttfylltur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er blágrýtisfjörugrjót með meitlaðri áletrun. Það snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**N 518** Ekkert gerði umlykur þennan reit. Minningarmarkið er furukross og fer hann í 4. flokk.

**N 519** Steyptur bakki afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna.

Það fyrra er ílangur grágrýtispúltsteinn sem liggur frá austri til vesturs. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Fyrir framan er hinn steinninn. Þetta er heill púltsteinn úr blágrýti sem sem fer í 3. flokk.

**N 520** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru grágrýtissúlur og liggja járnpípur á milli. Þetta gerði fer í 3. flokk.

Fyrra minningarmarkið er úr grágrýti með bylgjutoppi og er kross og pálmagrein meitluð á hann. Fer í 3. flokk.

Hinn legsteinninn er þekjupúltsteinn úr grágrýti með innfelldri Thorvaldsens-lágmynd. Fer í 2. flokk.

**N 521** Kringum reitinn er járnsteypt grindverk sem þarfnast lagfæringar. Fer í 1. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna í nýklassískum stíl úr grágrýti. Efst er burst og því næst varði með innfelldri stórri dökkri granítplötu. Allt stendur þetta á miklum sökkli. Fer í 2. flokk.

**N 522** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er grágrýtisóbeliski á sökkli og undirsteini. Ofarlega er innfellt marmaraverk sem sýnir kvenmynd sem spilar á hörpu. Fer í 1. flokk.

**N 523** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Legsteinninn er stór grágrýtisvarði á undirsteini. Varðinn hefur tvöfalda þekju og er ofarlega í hann innfelld Thorvaldsenslágmynd. Fer í 2. flokk.

**N 524** Kringum reitinn er mjög hár og sléttfylltur steinsteyptur bakki sem snýr í austur. Að baki er allhár gafl. Þessi bakki fer í 5. flokk. Hér eru á fimm minningar-mörk.

Fyrstu þrjú minningarmörkin eru álplötur sem eru skrúfaðar í gaflinn, handaband er á annarri og þriðju plötunni. Allar fara þær í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er marmarasteinn með krossi og fer hann í 4. flokk.

Fimmti legsteinninn er heill granítsteinn með púltsteinsformi. Fer í 4. flokk.

**N 525** Reitinn afmarkar járnsteinsteypt grindverk sem fer í 1. flokk. Tvö minningar-mörk er hér að finna.

Fyrri legsteinninn er drangur, líklega úr Baulugrjóti, þ.e. úr Baulu í Borgarfirði. Á hann er meitlað með rúnaletri. Fer í 1. flokk út af merkilegu handbragði.

Seinni legsteinninn er rauðleitur granítsteinn á sökkli úr graníti sem hefur öðruvísi lit. Fer í 4. flokk.

# Reitasafn O

***REITASAFN O***

**O 101** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með bergsalla, stuttum hliðararmi og allháum gafli. Fer í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark sem snýr í vestur. Þetta er steypt álplata sem fer í 4. flokk.

**O 102** Steinsteyptur bakki með þremur mjóum hliðarörmum í afar slæmu ástandi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í vestur. Þetta er marmaraplata sem er skrúfuð á gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**O 103** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum, mjög illa farinn. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er eitt. Á bakkann er skrúfuð svört slípuð blágrýtisplata. Fer í 4. flokk.

**O 104** Steinsteyptur bakki sem er í laginu eins og L. Hann er illa farinn og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**O 105** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á þessum reit.

**O 106 Franski reiturinn**. Reiturinn er ekki afmarkaður af neinskonar gerði.
Minningarmarkið er afarhár grágrýtisdrangur og fer hann í 1. flokk.

**O 107** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Eitt minningarmark er hér að finna. Þessi legsteinn er úr rauðbrúnu graníti. Hann er gljáslípaður að framan og afsettur á hliðum með meitlaðri áletrun. Fer í 4. flokk.

**O 108** Enginn bakki umlykur þennan reit. Hér eru þrjú minningarmörk sem snúa í vestur. Þetta eru steyptir púltsteinar með innfelldri hvítkornóttri granítplötu. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

**O 109** Ekkert gerði er kringum reitinn. Hér er á einn þekjupúltsteinn og snýr hann í austur. Hann fer í 2. flokk vegna aldurs.

**O 110** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökkleit grágrýtisplata sem hvílir upp að steinsteyptum þríhyrningi. Fer í 4. flokk.

**O 111** Nokkuð hár steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Fer í 5. flokk.
Legsteinninn er heilmeitlaður púltsteinn úr grágrýti með bekkjum og upphleyptu letri. Fer í 3. flokk.

**O 112** Steinsteyptur bakki sem er allur á lengdina í austur-vestur. Hann fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk.
Fyrsti legsteinninn snýr í vestur. Hann er steinsteyptur, um 70 cm á hæð og með tveimur ferköntuðum hliðarsúlum og er settur bergsalla. Í framhlið hans er innfelld svört granítplata. Steinninn fer í 4. flokk.
Hinir tveir legsteinarnir eru tvö steinsteypt púlt sem snúa í austur. Innfelld steypt koparplata er í hvoru púlti. Fara bæði í 4. flokk.

**O 113** Steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Hér er eitt minningarmark sem snýr í vestur og hvílir það á bakkanum austan megin. Þetta er grágrýtispúltsteinn sem hallar um 60-70°. Hann er með upphleypt letur en efst er krossmark og viðargreinar. Fer í 4. flokk.

**O 114** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan ílanga einstaklingsreit. Hann er með hliðararmi og gafli. Þessi bakki fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér á reitnum. Þetta er blágrýtisplata sem er felld inn í bakkann og snýr í vestur. Fer í 4. flokk.

**O 115** Steinsteyptur bakki er kringum reitinn og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og snýr það í austur. Þetta er stór ferhyrndur steinn úr dökku graníti og stendur á ferköntuðum sökkli. Fer í 4. flokk.

**O 116** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og bergsalla afmarkar þennan reit og lendir hann í 5. flokki.

Hér er á eitt minningarmark og vísar í austur. Þetta er skorinn blágrýtisstuðull, mattslípaður að framan og með koparletri. Fer í 4. flokk.

**O 117** Í hverju horni reitsins eru meitlaðir grágrýtissívalningar og ganga tvær bronsaðar pípur á milli þeirra. Umgjörðin fer í 4. flokk.

Eitt minningarmark er að finna á þessum reit. Það er grágrýtisferningur sem er mun þykkari neðst en efst. Hann er með meitluðum bekkjum og upphleyptu letri og hvílir á ferköntuðum undirsteini. Fer í 4. flokk.

**O 117a** Reiturinn er afmarkaður af steyptur bakka sem nánast ónýtur og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það er heilskorinn blágrýtispúltsteinn sem hallar um 20° og fer í 4. flokk.

**O 118** Steinsteyptur bakki með stuttum hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og er það er ílöng, svört granítplata sem snýr í vestur og er skrúfuð í bakkann. Fer í 4. flokk.

**O 119** Nýmálaður steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er brúnrautt granít með ílöngum boga efst, stuttum öxlum og undirsteini úr sama efni. Það er gljáslípað að framan og snýr í vestur. Á steininum eru sandblásnir bekkir með upphleyptu letri. Fer í 4. flokk.

**O 120** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að sjá en í reitnum miðjum er steyptur hringur sem gæti verið fyrir blóm.

**O 121** Hér í kring er ílangur bakki sem liggur frá austri til vesturs. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**O 122** Hér í kringum reitinn er steinsteyptur ílangur bakki sem fer í 5. flokk. Þetta er einstaklingsreitur sem snýr frá austri til vesturs. Á honum er steyptur gafl sem er mjög sprunginn.

Hér er eitt minningarmark. Þetta er grágrýtisplata sem snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**O 123** Kringum reitinn er mjög breiður steinsteyptur bakki sem fer í 4. flokk. Tvö minningarmörk eru hér og snúa í vestur.

Það fyrra er furukross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

Hitt er lágur flatur óbeliski á sökkli úr sama efni, með krossmarki efst og tveimur þakhliðum. Fer í 3. flokk.

**O 124** Steinsteyptur bakki umlykur reitinn. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru mjög fallegir óbelískar á sökkli. Þeir snúa í austur og fara í 1. flokk.

**O 125** Steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér og snýr í austur. Þetta er steinsteyptur kubbur með bergsalla. Í hann er felld dökk granítplata og fer steinninn í 4. flokk.

**O 126** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Púltsteinn úr hvítkornóttu graníti sem hallar um 10°. Fer í 4. flokk.

**O 127** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki úr frekar fínni steypu. Að baki er gafl og hærri súlur standa sitt hvorum megin við hann. Fer í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark sem snýr til vesturs. Það er steypt álplata sem fer í 4. flokk.

**O 128** Steinsteyptur bakki sem snýr í austur. Hann er með þremur hliðarörmum, gafli og settur bergsalla. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk. Þetta eru einfaldar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara í 4. flokk.

**O 129** Steinsteyptur bakki með 3x3 steinsteyptum súlum ofan á og ganga keðjur á milli súlnanna. Fer í 4. flokk. Hér er eitt minningarmark. Þetta er allbreiður flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr grágrýti. Efst er meitlað krossmark og laufaskreyti þar í kring. Fer í 2. flokk.

**O 130** Reitinn afmarkar steinsteyptur einstaklingsreitur sem fer í 5. flokk. Hér í reitnum er eitt minningarmark.

Þetta er púltsteinn úr grágrýti sem er með afsettar hliðar og snýr hann í austur. Á steininum er hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**O 131** Kringum reitinn er mjög óreglulegur steinsteyptur bakki með fínum bergsalla. Lengdin er í norður-suður. Fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk.

Allir eru steinarnir steyptir púltsteinar. Fyrsti og þriðji steinninn er minni en miðsteinninn. Á fyrsta og þriðja steininum er áföst koparplata en á öðrum steininum eru tvær koparplötur felldar inn í eitt og sama púltið. Allir snúa steinarnir í austur og fara í 4. flokk.

**O 132** Steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna. Það hvílir á bakkanum sjálfum vestan megin og snýr því í austur. Þetta er mjög brattur meitlaður púltsteinn. Slípaður á baki, afsettur á hliðum og með innfelldri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**O 133** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er mjög hár grágrýtiskubbur með upphleyptu letri. Búið er að skrúfa svarta granítplötu í hann og er hún fest með koparboltum. Fer í 4. flokk.

**O 201** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér og snýr í austur. Það er steinsteyptur púltsteinn sem hallar um 30°. Þar á er plata úr steyptu áli. Fer í 4. flokk.

**O 202** Kringum þennan einstaklingsreit er hár steinsteyptur bakki með þremur háum hliðarörmum og nokkuð háum gafli. Fer í 5. flokk. Hér er eitt minningarmark sem snýr í austur. Það er úr hvítum marmara og fer í 4. flokk.

**O 203** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér sem snýr í austur.

Þetta er mjög lágur flatur óbeliski nokkuð breiðari neðst en efst. Efst er fallega meitlað krossmark. Steinninn er úr grágrýti og á grágrýtissökkli. Á honum er álplata eins og tíðkast að hafa á trékrossum með nöfnum þeirra sem hvíla hér. Fer í 4. flokk.

**O 204** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði. Alls eru hér í kring 2x3 steinsteyptar súlur og liggja tvær pípur á milli. Lengdin er í norður-suður. Fer í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark úr grágrýti. Þetta er nokkuð hár meginvarði og kubbur sem gengur upp af honum. Hann stendur á sökkli sem er gróft stokkhöggvinn og á undirsteini. Allt er þetta ferkantað. Framan á varðanum er dökkleit granítplata sem snýr í austur. Fer í 2. flokk vegna stílgerðar.

**O 205** Steinsteyptur bakki með háum gafli og bergsalla. Fer í 5. flokk. Hér eru á þrjár álplötur sem skrúfaðar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**O 206** Kringum reitinn er mosavaxinn steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**O 207** Reitinn afmarkar steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að sjá en það er furukross með koparplötu. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 208** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt álplata sem fest er við steinsteypta hellu sem nú er mjög farin að molna. Tveir Baulusteinar standa sitt hvorum megin við minningarmarkið sem fer í 4. flokk. Baulusteinar eru stuðlabergsdrangar sem teknir hafa verið við Baulu í Borgarfirði.

**O 209** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með mjóum hliðarörmum, gafli og tveimur súlum. Fer í 5. flokk. Skemmtilega mynstruð granítplata er felld í gaflinn. Hún snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 210** Hár steinsteyptur bakki er kringum reitinn. Hann er með háum gafli sem liggur upp að nágrannagafli. Lengdin er í norður-suður. Fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk er hér að sjá.

Þetta eru svartar ílangar granítplötur sem liggja þétt upp að hvor annarri og vísa í austur. Fara í 4. flokk.

**O 211** Kringum þessa barnsgröf er lítill steyptur bakki. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Í bakkanum er skorinn marmarakubbur sem hallar um 10-15°, með krossi úr messing og koparstöfum. Beint fyrir aftan er furukross með plastplötu. Hvort tveggja fer í 4. flokk.

**O 212a** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Reiturinn er nokkuð hár og upphlaðinn. Eitt minningarmark er hér að finna.

Þetta er skorinn blágrýtissteinn með sandblásnu letri á bekk. Hann snýr í austur og fer í 3. flokk.

**O 212** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og er aftasti hliðararmurinn jafnhár gaflinum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata með sandblásnu letri á bekkjum. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 213** Nokkuð þykkur steinsteyptur bakki umlykur reitinn. Upp af bakkanum eru grágrýtissívalningar með pípum á milli. Fer í 4. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er lítill og þykkur flatur óbeliski á grágrýtisundirsteini. Vísar í austur og fer í 3. flokk.

**O 214** Steinsteyptur bakki með bergsalla er kringum reitinn. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að sjá. Þetta eru marmaraplötur og er sú fyrsta ögn stærri en hin. Letrið er upphleypt og hefur verið málað svart í þá fyrstu en grænt í þá seinni. Þær snúa í vestur og fara í 4. flokk.

**O 215** Steinsteyptur bakki umlykur reitinn og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og snýr það í austur.

Þetta er skemmtilega lagaður steinn. Ofan á honum hefur verið krossmark eða englamynd. Neðst hefur verið handaband en það er nú brotið af. Efst er hálfmáni, krossmark og pálmaskreyti. Steinninn er með axlir sem eru stærri en hausinn sjálfur. Fer í 2. flokk.

**O 216** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x3 súlum og liggja keðjur á milli. Fer í 4. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá.

Þetta er hár og mikill steinsteyptur púltsteinn. Innfelld er stór og mikil hvít marmaraplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**O 217** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með steinsteyptum 3x3 súlum og liggja keðjur á milli. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er hvít marmaraplata sem þar liggur. Þetta vísar í vestur og fer í 4. flokk.

**O 218** Ekkert er hér að finna.

**O 219** Ekkert gerði afmarkar reitinn en minningarmarkið er hvítur kross sem hefur verið færður úr stað. Fer í 4. flokk.

**O 220** Umhverfis reitinn er mjög þykkur ferkantaður steinsteyptur bakki með einum hliðararmi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er svört granítplata sem snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**O 221** Hér í kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki sem liggur í austur-vestur og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á leiðinu. Þetta er granítsteinn með lágum boga að ofan og stendur hann á sökkli. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 222** Enginn bakki er kringum reitinn. Hér eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Fyrst er hér einfaldur trékross með upphafsstöfum á hvorum krossenda. Fer í 4. flokk. Því næst er hér heill, slípaður grágrýtispúltsteinn með upphleyptu letri. Fer einnig í 4. flokk.

**O 223** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér á. Þetta er heill grágrýtispúltsteinn. Hann snýr í austur og fer í 3. flokk.

**O 224** Umhverfis þessa barnsgröf er steyptur bakki sem er nærri sléttur við jörðu. Hann snýr í austur og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á leiðinu en það er trékross með svartri álplötu sem hefur verið skrúfuð á hann. Fer í 4. flokk.

**O 225** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með gafli. Hann snýr í austur og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er koparplata sem fest er á gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**O 226** Ílangur einstaklingsreitur með hliðararmi og gafli og sér til austurs. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er hvít marmaraplata með sólarmerki í horninu. Fer í 4. flokk.

**O 227** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er bogasteinn með flötum öxlum úr grágrýti. Fer í 1. flokk.

**O 228** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur bogadregnum hliðarörmum og er bakkinn hvítmálaður. Bakkinn fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökkleit granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**O 229** Kringum reitinn er ílangur steinsteyptur bakki sem liggur í norður-suður. Ofan á honum eru 2x4 steinsteyptar súlur og liggja tvær pípur á milli. Hlið er að framan. Fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru steinsteyptir steinar með innfelldri stórri marmaraplötu. Þeir fara báðir í 4. flokk.

**O 230** Reitinn afmarka hlaðnir grágrýtisdrangar. Grágrýtisdrangur er í hverju horni og liggja þrjár pípur þar á milli. Fer í 3. flokk. Þrjú minningarmörk er að finna á þessum reit og snúa þau í austur. Fyrst er grágrýtisvarði margslunginn að gerð. Efst er felld inn lágmynd Thorvaldsens en á sökkli er meitlaður lárviðarsveigur. Fer í 1. flokk vegna forms og táknfræði. Næsti legsteinn er svartur granítkubbur sem stendur ofan á steinsteyptum ferningi. Fer í 4. flokk. Síðast er þekjupúltsteinn sem er slípaður að framan, stokkhöggvinn á hliðum og stendur á miklum undirsteini. Fer í 3. flokk.

**O 231** Hár og mikill steinsteyptur bakki er kringum þennan einstaklingsreit. Hann er með einum hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílöng álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**O 232** Kringum reitinn er ílangur steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er úr rauðleitu graníti, ögn bogadregið að ofan, gljáslípað að framan og skorið á hliðum. Meginvarðinn er óreglulegur á toppi og hvílir hann á sökkli sem sennilega er úr sama efni. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**O 301** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum og snúa þau í austur. Fyrri legsteinninn er grágrýtissteinn með vönduðu meitluðu skjaldarmerki Vals, fer í 2. flokk. Hinn steinninn er heill grágrýtispúltsteinn með upphleyptu letri á bekkjum og krossmarki. Fer í 4. flokk.

**O 302** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og er hann settur bergsalla. Hann fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Fyrstu tvö eru dökkar grágrýtisplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær snúa í austur og fara í 4. flokk. Þriðji steinninn er bogasteinn úr grágrýti með dúfnamynd og er hann steyptur inn í bakkann. Fer í 3. flokk.

**O 303** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á grágrýtissökkli. Letrið er fínlega meitlað og ögn upphleypt. Fer í 3. flokk.

**O 304** Kringum reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark sem snýr í austur. Þetta er stór og þykkur bogasteinn á grágrýtissökkli. Efst í bogann eru meitlaðir sólargeislar en krossmark fyrir miðju og upphleypt letur á bekk fyrir neðan. Fer í 3. flokk.

**O 305** Hár steinsteyptur bakki umlykur reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er úr rauðleitu graníti, bogadregið að ofan og nokkuð ílangt. Steinninn er breiðari efst en neðst og stendur líklega á sökkli úr mattslípuðu graníti. Steinninn er óreglulegur að ofan en sléttur á hliðum, gljáslípaður að framan. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 306** Reitinn afmarkar allhár steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að sjá.

**O 307** Kringum reitinn er steinsteyptur hár bakki, nánast sléttfylltur, sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini sem snýr í austur. Hann er meitlaður með venjulegum hætti. Fer í 3. flokk.

**O 308** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, settur bergsalla, með háum gafli sem styðst upp að nágrannagafli. Við gaflinn eru tveir steinsteyptir kubbar eða blómaker. Fer í 4. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum sem snúa í vestur.

Það fyrra er ílöng grágrýtisplata sem er felld inn í bakkann. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er lítill trékross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**O 309** Ekkert gerði er kringum þennan reit.

Minningarmarkið er trékross sem snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**O 310** Hvítmálaður steinsteyptur bakki í góðu ástandi afmarkar reitinn. Hann hefur tvo hliðararma og gafl og fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk. Allt eru þetta

svartar álplötur sem skrúfaðar eru í gaflinn og snúa í austur. Miðplatan er minnst. Plöturnar fara í 4. flokk.

**O 311** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem nánast er sléttfylltur. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur. Það er steinsteyptur púltsteinn, sem hallast um 20-30º. Í framhlið hans er felld svört granítplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**O 312** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem er frekar heillegur en mosavaxinn. Hann fer í 5. flokk. Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk.
Það fyrsta er steinsteyptur púltsteinn og hvílir í honum gljáslípuð granítplata. Legsteinninn fer í 4. flokk.
Annar legsteinninn er grágrýtispúltsteinn með upphleyptu letri á heilum fleti og virðist letrið vera sandblásið. Fer í 4. flokk.
Þriðji og síðasti steinninn er steyptur púltsteinn og hvílir í svört marmaraplata með bekkjum og upphleyptu letri. Fer í 4. flokk.

**O 313** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með gafli og hliðararmi og snýr hann í austur. Hvít marmaraplata er boltuð í púltið. Fer í 4. flokk.

**O 314** Steinsteyptur mosavaxinn bakki með hliðararmi umlykur reitinn. Í gaflinum er plata að því er virðist úr gabbró. Þetta snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 315** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er nánast jafnsléttur við jörð. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá og er það lágur flatur óbeliski á grágrýtissökkli. Framhliðin hefur verið slípuð niður og heill rammi sandblásinn með upphleyptu letri. Fer í 4. flokk.

**O 316** Hér á reitnum eru tvö minningarmörk. Aðeins er steyptur bakki í kringum fyrsta steininn. Það er heill grágrýtissteinn með ávölum hornum efst, um 70-80 cm á hæð, 50 cm á breidd með sandblásnu letri sem er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.
Hinn legsteinninn er einn þriggja liggjandi grágrýtislegsteina í garðinum. Fer í 1. flokk vegna aldurs.

**O 317** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 2x3 steinsteyptum stólpum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Lengd bakkans er í norður-suður og flokkast hann í 5. flokk.
Hér er á eitt minningarmark. Það er mjög hár og mikill granítsteinn á granítsökkli og er varðinn bogadreginn efst. Varðinn er allur gljáslípaður en sökkullinn er skorinn og mattur. Fer í 4. flokk.

**O 318** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk.
Á reitnum eru tvö minningarmörk. Þetta eru nokkuð breiðir steinsteyptir púltsteinar með koparplötum ofan á. Þeir snúa í austur og fara í 4. flokk.

**O 319** Steinsteyptur bakki afmarkar hluta þessa reits en deilir gafli með reit **O 320**. Gaflinn snýr í austur. Hann fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru fest við gaflinn. Fyrra minningarmarkið er svört glerplata sem fer í 4. flokk. Hitt er dökk grágrýtisplata og fer hún einnig í 4. flokk.

**O 320** Á þessu leiði er eitt minningarmark. Það er svört álplata sem er skrúfuð í gaflinn. Hún fer í 4. flokk.

**O 321** Ekkert er hér að finna.

**O 322** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði úr grágrýtisstólpum og hafa tvær pípur legið á milli þeirra. Lengdin er í norður-suður. Stólparnir eru margir brotnir og pípurnar fallnar. Fer það í 4. flokk en mætti reyna að halda í heila stólpa.

Tveir legsteinar eru á reitnum. Sá fyrsti er allhár flatur óbeliski úr svörtu graníti og stendur á granítsökkli. Í varðann er felldur stór Thorvaldsenslágmynd með *Degi* og er hann alveg heill. Legsteinninn fer í 2. flokk.

Þá er hér einnig brotinn flatur óbeliski sem er mun þykkari neðst en efst, á grágrýtissökkli og undirsteini. Skemmtilegt mynstur er meitlað í hann. Fer í 3. flokk.

**O 323*** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er náttúrulegur grágrýtisdrangi og er rúnaletur meitlað á hann. Steinninn fer í 1. flokk.

**O 324** Kringum reitinn er steyptur bakki og ofan á honum eru 4x7 steinsteyptar súlur. Keðja liggur á milli súlnanna en bakkinn er allur settur bergsalla. Umgjörðin fer í 4. flokk. Minningarmörkin eru þrjú. Syðst er flatur óbeliski úr grágrýti. Hann er sagaður og slípaður og letrið upphleypt á bekkjum. Þessi varði fer í 4. flokk. Legsteinninn í miðjunni er samskonar en minni og fer einnig í 4. flokk. Nyrst er legsteinn með sama lagi en úr graníti og er letrið meitlað. Steinninn fer í 4. flokk.

**O 325** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki, mjög ílangur og liggur í norður-suður. Á bakkanum eru þrír hliðararmar og gafl aftast. Bakkinn fer í 5. flokk.

Fjögur minningarmörk eru hér sem vísa í vestur. Þetta eru hvítar marmaraplötur með upphleyptu letri sem festar eru í bakkann. Fara í 4. flokk.

**O 326** Kringum reitinn er ílangur bakki sem liggur í austur-vestur. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og vísa í austur.

Það fyrsta er heill ílangur púltsteinn úr svörtu graníti, með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er grágrýtisóbeliski á grágrýtissökkli og hefur því fjórar þakhliðar. Gert hefur verið við steininn. Fínt reipi hefur verið meitlað í kringum Thorvaldsensplatta sem felldur er í varðann og handaband hefur verið neðarlega. Fer í 2. flokk.

**O 327** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er rauðbrúnn granítsteinn á granítsökkli sem er grár og óslípaður. Steinninn er ögn þykkari neðst en efst. Hann er gljáslípaður að framan, mattur að aftan og óreglulegur á hliðum og toppi. Fer í 4. flokk.

**O 328** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem settur er bergsalla. Þar ofan á eru steyptir drangar, einn í hverju horni og liggja keðjur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er heill, skorinn lóðréttur granítsteinn. Hann er um 70x70 cm og 10 cm á þykkt og stendur á ferköntuðum undirsteini sem er nokkuð breiðari og þykkari en varðinn. Fer í 4. flokk.

**O 401** Þetta er nokkuð hár og mikill reitur, með steinsteyptum ílöngum bakka sem snýr í norður-suður. Ofan á bakkanum er fallegt grindverk úr smíðajárni. Fer í 1. flokk.

Á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er gotneskur grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini úr sama efni. Efst hefur sennilega verið Thorvaldsenslágmynd sem nú er horfin en neðst er heilt handaband. Farið hefur verið ofan í letrið með lit. Fer í 2. flokk.

Hinn legsteinninn er rauðleitur granítsteinn sem er mjög oddhöggvinn og í nýklassískum stíl. Efst er nýklassísk þekja og þar er felld inn Thorvaldesenslágmynd sem er alveg heil. Einnig eru hliðarsúlur og fyrir miðju er felld inn marmaraplata og hefur verið farið ofan í letrið með svörtum lit. Allt stendur þetta á sökkli og undirsteini. Fer í 2. flokk.

**O 402** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**O 403** Steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Platan horfir til vesturs og fer í 4. flokk.

**O 404** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er púltsteinn með þekju. Hann er þrisvar sinnum þykkari neðst en efst og stendur á mjög breiðum undirsteini. Legsteinninn snýr í austur og fer í 2. flokk vegna aldurs.

**O 405** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er hér en það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allt úr grágrýti. Efst í varðann er meitlaður kross. Fer í 3. flokk.

**O 406** Ekkert gerði er að finna á þessum reit.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Á steininn er meitluð harpa. Fer í 2. flokk.

**O 407** Þessi reitur er heldur ekki afmarkaður.

Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Varðinn hefur brotnað en er frá 1902 og fer því í 2. flokk vegna aldurs.

**O 407a** Ekkert gerði afmarkar reitinn en á suðurhliðinni eru hlaðnir steinar á stuttum kafla.

Eitt minningarmark er hér að finna en það er trékross með plastplötu. Krossinn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 408** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með tveimur löngum hliðarörmum og gafli með tveimur bogum efst. Allt er þetta afar illa farið og jafnvel eins og efri hluti gaflsins sé að klofna frá neðri hlutanum. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvær hvítar marmaraplötur sem felldar voru í gaflinn en eru nú fallnar. Þær fara í 4. flokk.

**O 409** Kringum reitinn er ónýtur steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

**O 410** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði og liggur hann frá norðri til suðurs. Þetta eru 2x3 meitlaðar granítsúlur og liggja tvær pípur á milli hverra. Allt er þetta orðið mjög skakkt. Fer í 5. flokk.

Hér eru á þrjú minningarmörk. Fyrstu tveir steinarnir eru mjög háir og breiðir bogasteinar á miklum undirsteinum. Ofan á þeim hefur verið einhverskonar englamynd eða kross en það er allt brotið af. Steinarnir fara í 2. flokk.

Þriðji steinninn er grágrýtispúltsteinn sem er skorinn og slípaður að framan en nokkuð ójafn á hliðum. Á framhlið eru sandblásnir bekkir og upphleypt letur. Fer í 4. flokk.

**O 411** Í kringum reitinn eru hlaðnir grágrýtisdrangar. Hér hefur verið járngrindverk en það er horfið. Grágrýtishleðslan fer í 3. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru mjög stórir bogasteinar úr grágrýti sem standa á sameiginlegum sökkli. Fara í 1. flokk.

**O 412** Kringum reitinn er frekar lágur ílangur bakki með bergsalla og liggur hann frá norðri til suðurs. Bakkinn fer í 5. flokk.

Á reitnum eru fjögur minningarmörk. Það fyrsta er heill, skorinn grágrýtissteinn sem liggur frá norðri til suðurs og fer í 4. flokk.

Annar steinninn er nokkuð hár og mjór bogasteinn. Virðist vera frá Schannong-steinsmiðjunni. Hann er úr svörtu graníti, slípaður að framan. Meðfram öllum jöðrum að framanverðu er meitlað hraunreipi og sólkross fyrir miðju. Koparletur hefur verið límt á steininn í seinni tíma. Fer í 3. flokk.

Þriðji steinninn er mjög lágur grágrýtisbogasteinn með öxlum á grágrýtissökkli. Efst á varðanum er hálfmáni og þar á er krossmark og tvö pálmablöð. Sökkullinn er grágrýtiskubbur á undirsteini. Á varðanum eru sandblásnir bekkir og upphleypt letur. Fer í 3. flokk.

Fjórði legsteinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini með tvær frekar sléttar þakhliðar. Steinninn snýr í austur. Í varðann er felld Thorvaldsenslágmyndin *Nótt*. Handaband hefur líklega verið á varðanum en það er horfið. Fer í 2. flokk.

**O 413** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Fjögur minningarmörk eru á reitnum og eru þau þétt upp við bakkann og snúa í austur. Fyrsta minningarmarkið er allhár bogavarði á ferköntuðum grágrýtissökkli og undirsteini. Fer í 3. flokk.

Annar steinninn er bogasteinn með algengu lagi. Hann er með litlum öxlum, hálfmána efst með krossmarki og pálmablöðum. Fer í 3. flokk.

Þriðji steinninn er grágrýtisbogasteinn með djúpt sandblásið krossmark og stendur hann á sökkli og steyptum undirsteini. Fer í 3. flokk.

Fjórði legsteinninn er granítsteinn sem er mun þykkari neðst en efst og hallar því um 30°. Hann er á granítundirsteini sem er mattslípaður. Fer í 4. flokk.

**O 414** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er trefjaplata á steyptri plötu. Fer í 4. flokk.

**O 415** Ílangur reitur sem liggur frá norðri til suðurs. Stólpagerði umlykur reitinn. Milli grágrýtissúlnanna liggja tvær pípur. Gerðið fer í 3. flokk.

Á reitnum eru þrír flatir óbelískar sem snúa í austur.

Sá fyrsti er fremur lágur, um 90 cm á hæð, og stendur á sökkli og digrum undir-steini. Fer í 2. flokk.

Annar steinninn er nokkuð stór með ávalar hliðar, helmingi þykkari neðst en efst, og stendur á stórum sökkli og undirsteini. Hér hafa verið einhverjar lágmyndir en eru nú horfnar. Neðst er handaband. Þessi varði fer í 2. flokk.

Þriðji steinninn er lítill, um 60-70 cm upp í mæni. Varðinn stendur á litlum sökkli og voldugum undirsteini. Efst er lágmynd Thorvaldsens *Dagur* og er skjöldurinn alveg heill. Neðst er alveg óskemmt handaband. Fer í 1. flokk.

**O 416** Flatur óbeliski með fjórum þakhliðum. Hann er um 180 cm á hæð og hvílir á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Legsteinninn er grófhöggvinn en slípaður að framan. Fer í 2. flokk.

**O 417** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er samsettur kross úr steypujárni, hinn eini sinnar tegundar hér á landi eftir því sem best er vitað. Krossinn horfir til austurs og fer í 1. flokk.

**O 418** Kringum reitinn er ílangur steyptur bakki sem snýr í norður-suður. Bakkinn snýr í austur en hallar nokkuð til vesturs. Fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum.

Fyrsti legsteinninn er hár grágrýtispúltsteinn, um 50-60 cm á hæð og 40-50 cm breiður. Á framhlið hans hvílir marmaraplata. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

Annar steinninn er sandsteinn. Ofan á er brotinn marmarakross. Fer í 1. flokk.

Þriðji steinninn er rauðleitur. Á honum hefur verið mikill og stór marmarakross með einhverri áletrun, en hann er nú ónýtur. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

Fjórði og síðasti steinninn er hár og brattur steinsteyptur púltsteinn. Í framhlið hans er innfelld marmaraplata. Steinninn er nú fallinn yfir. Fer í 4. flokk.

**O 419** Umhverfis reitinn er allhár steinsteyptur bakki sem er mjög illa farinn. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og vísar það í austur. Það er hár blágrýtisdrangur sem nú er mjög farinn að hallast til suðurs. Fer í 2. flokk.

**O 420** Reiturinn afmarkast af stólpagerði. Í hverju horni eru grágrýtissívalningar og liggja tvær pípur á milli. Fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er mjög hár og veðraður flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Fer í 3. flokk.

**O 421** Ekkert gerði er kringum reitinn. Minningarmarkið er úr steinsteypu og er á að sjá sem röð af orgelpípum. Fer í 4. flokk.

**O 422** Kringum reitinn er vel farinn steinsteyptur bakki. Milli steyptra stöpla liggja járnpípur. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér. Á bakkanum er bogi og þar er innfelld grá marmaraplata. Fer í 4. flokk

**O 423** Steinsteyptur ílangur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Tveir hliðararmar, og sá aftari er jafnhár gaflinum en svo hækkar gaflinn ögn í miðjunni. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk sem vísa öll í vestur. Þetta eru ílangar svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær fara allar í 4. flokk.

**O 424** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og vísa í vestur. Þetta eru granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Efst er ílöng svört granítplata sem fer í 4. flokk. Fyrir neðan hana er önnur svört granítplata sem er mun breiðari. Fer einnig í 4. flokk.

**O 425** Steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Honum er skipt og norðan megin er einstaklingsreitur. Bakkinn er afar illa farinn og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er hár og mikill óbeliski sem stendur á sökkli úr grágrýti. Efst er Thorvaldsenslágmyndin *Dagur* og er hún sprungin. Neðst er heilt handaband en það er sprungið. Fer í 2. flokk.

**O 426** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur, nánast sléttfylltur bakki. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og sér það til austurs. Á bakkanum vestan megin er allhár grágrýtissteinn. Hann er með þekju og er ögn bogadreginn að ofan. Marmaraskjöldur er meitlaður í hann. Fer í 2. flokk.

**O 427** Kringum reitinn er mjög hár steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í vestur. Þetta er hár kubbur úr grágrýti á sökkli með sandblásnum bekkjum og upphleyptu letri. Ofarlega vinstra megin er kvartsól. Fer í 3. flokk.

**O 428** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er úr tékknesku graníti. Þetta er hár varði á steyptum sökkli og fer legsteinninn í 4. flokk.

**O 429** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Hér eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Fyrsti steinninn er granítplata sem er felld inn í steinsteypt púlt. Fer í 4. flokk.

Hinn legsteinninn er þekjusteinn. Í framhlið hans er felld inn Thorvaldsenslágmynd. Fer í 1. flokk.

**O 430** Reitinn afmarkar mjög hár steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að sjá. Þetta er legsteinn sem er afsettur á hliðum og baki en slípaður að framan. Hann hvílir á afsettum sökkli. Varðinn er bogadreginn með gagnbogaformi frá vinstri til hægri. Ofarlega er meitlað krossmark og yfir því er lárviðarsveigur. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk.

**O 501** Umhverfis reitinn er hár steinsteyptur bakki settur bergsalla og er reiturinn nánast sléttfylltur. Bakkinn er með gafli og eru súlur á hliðunum. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er grágrýtisplata með bekkjum og upphleyptu letri og er hún felld inn í gaflinn. Platan snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 502** Kringum reitinn er stólpagerði. Þetta eru 3x3 grágrýtisdrangar og eru brúnir rúnnaðar. Drangarnir hafa pýramídaþekju og ganga á milli hverra þrjár pípur. Hlið að vestanverðu. Síðar hafa steyptir bakkar komið fyrir aftan og þá verið gengið inn í reitinn að vestanverðu. Reiturinn fer í 3. flokk.

Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Fyrsta minningarmarkið sem hér skal lýst er grágrýtissteinn með boga og öxlum. Efst er Thorvaldsenslágmynd og marmaraplata neðst. Fer í 1. flokk vegna aldurs og lögunar.

Næsti legsteinninn er púltsteinn úr grágrýti á sökkli. Hann er með bogaþekju og er um þrisvar sinnum þykkari neðst en efst. Marmaraplata sem er bogadregin að ofan er felld í hann. Fer í 2. flokk vegna aldurs og sérstaks útlits.

Þriðji legsteinninn er granítsteinn. Steinninn er svartur, gljáslípaður að framan, afsettur á hliðum og baki og stendur á afsettum sökkli. Fer í 4. flokk.

Fjórði steinninn er marmaravarði á sökkli og á sandsteinsundirstöðu sem síðan hvílir á grágrýtisundirstöðu. Fer í 1. flokk vegna aldurs, forms og efnisgerðar.

**O 503** Þessi reitur er innan reits **O 504.** Þetta er steyptur einmenningsreitur með bergsalla og steyptum kubbi að baki, sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítplata sem felld er í kubbinn. Þetta vísar í austur og fer í 4. flokk.

**O 504** Kringum reitinn er járnsteypt gerði sem fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er að finna á reitnum. Þetta er bleikur granítferhyrningur sem er slípaður að framan og mattslípaður að aftan og stendur á undirsteini úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**O 505** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem er sléttfylltur og nánast vaxið yfir hann. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það blágrýtisstuðull sem fer í 3. flokk.

**O 506** Kringum reitinn er nýuppsteyptur bakki. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum sem vísa í austur. Það fyrra er skorinn blágrýtisstuðull sem fer í 4. flokk.

Hinn legsteinninn liggur fyrir framan og er einnig blágrýtisstuðull. Meitlað er á framhliðina. Fer í 4. flokk.

**O 507** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er bogasteinn með bogaöxlum á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr grágrýti. Legsteinninn snýr í austur. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**O 508** Ekkert gerði er í kringum reitinn.

Minningarmarkið er nokkuð hár trékross sem vísar í austur. Fer í 4. flokk.

**O 509** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem liggur í austur-vestur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í austur, er granítsteinn sem er með háum toppboga, síðum öxlum og gylltu letri. Hann stendur á sökkli úr svipuðu efni. Fer í 4. flokk.

**O 510** Í kringum reitinn eru stórir og voldugir grágrýtisdrangar sem eru meitlaðar með tíglaþekju. Þrjár pípur liggja á milli dranganna en laga þyrfti pípur og rétta stólpa við. Fer í 2. flokk. Minningarmörkin eru tveir digrir grágrýtisdrangar og fyrstu uppréttu steinarnir í garðinum. Fara í 1. flokk.

**O 511** Minningarmarkið á þessum reit er stór nýklassískur Schannongsteinn. Fer í 3. flokk.

**O 512** Kringum reitinn er stór steyptur bakki. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru hér sem snúa í austur. Það fyrsta er svört graníthella á sökkli úr ljósu graníti. Hún er slípuð að framan, mött að aftan, afsett á hliðum og toppi. Fer í 4. flokk.
Hitt minningarmarkið er lítill steypujárnskross. Á honum er ekkert letur og fer hann í 1. flokk. Sama gerði er í kringum reiti **O 511** og **O 512** og skilur steyptur bakki á milli reitanna.

**O 513** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er lítill bogasteinn, helmingi þykkari neðst en efst, og stendur hann á litlum sökkli. Steinninn horfir til austurs. Hann er gljáslípaður að framan en hefur nýlega verið sandblásinn. Fer í 3. flokk.

**O 514** Umhverfis reitinn er sléttur steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er liggjandi blágrýtisstuðull sem snýr framhlið til vesturs. Fer í 4. flokk.

**O 515** Umverfis reitinn er mjög lágur steinsteyptur bakki sem nú er orðinn mjög skakkur. Fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta er marmarasteinn og er á honum koparletur. Steinninn snýr í vestur. Fer í 4. flokk.
Hinn legsteinninn er mjög stór gamall púltsteinn. Steinninn er allur meitlaður og látið svo líta út sem plata hvíli í bakka. Fer í 2. flokk vegna forms og aldurs.

**O 516** Reitinn afmarkar stólpagerði. Í hverju horni eru 2x3 grágrýtissívalningar með þremur pípum á milli og er þetta orðið nokkuð sigið. Lengdin er öll í norður-suður. Fer í 3. flokk. Minningarmarkið er vínviðarsteinn úr sandsteini og horfir hann til vesturs. Ofan á steininum hefur verið marmarakross. Fer í 1. flokk.

**O 517** Kringum reitinn er mjög lágur steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Hér eru fjögur minningarmörk og snúa þau öll í austur. Fyrsti steinninn er lágur en þykkur granítsteinn, bugðóttur á hliðum, úr rauðdökkleitu graníti. Hann stendur á undirsteini úr sama efni. Framan á steininn er felld inn koparmynd. Hún sýnir grátandi barn. Fer í 4. flokk.
Annar steinninn er úr svörtu graníti og er frá Schannongsteinsmiðjunni. Þetta er mjög breiður bogasteinn með breiðum öxlum og mjög ílangur. Hann stendur á gljáfægðum sökkli. Fer í 4. flokk.
Þriðji legsteinninn er steinsteyptur ferhyrningur með steyptri koparplötu skrúfaðri á. Fer í 4. flokk.
Fjórði steinninn er allsérkennilegur granítsteinn. Ofarlega á varðanum er kross og bólstrar þar fyrir neðan. Hann stendur á sökkli og áletrunin er hvítmáluð. Fer í 4. flokk.

**O 518** Umhverfis reitinn er mjög lágur steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn úr rauðleitum steinmulningi. Stór koparplata er felld í framhliðina. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**O 519** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er settur bergsalla. Gaflinn er athyglisverður og fer bakkinn í 4. flokk.
Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk sem vísa til austurs. Það fyrsta er dökkleit granítplata sem er skrúfuð í bakkann og fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er einnig plata sem felld er í gaflinn. Hún er úr gráu graníti og skiptast á svört og hvít korn. Fer í 4. flokk.
Þriðja minningarmarkið er trékross með plastplötu og fer í 4. flokk.

**O 520** Reitinn afmarkar steyptur bakki. Fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk er að finna á reitnum og vísa þau í austur.
Það fyrsta er legsteinn úr rauðleitu graníti. Hann er á undirsteini og sökkli sem er sennilega úr sama efni en er alveg mattslípaður. Efst á varðanum er örlítill kubbur en varðinn er ferhyrningslaga, breiður og hár en þunnur. Fer í 4. flokk.
Hinn legsteinninn er fyrir framan þann fyrsta. Hann er einnig úr rauðleitu graníti en þó ekki sama efni og fyrsti steinninn. Þetta er heill ferhyrningur sem liggur á leiðinu. Steinninn fer í 4. flokk.

**O 521** Kringum reitinn er stólpagerði en þetta er ílangur reitur sem liggur frá norðri til suðurs. Umhverfis eru 2x3 meitlaðar grágrýtissúlur og ganga tvær pípur á milli. Þær eru víðast hvar heilar nema í suðaustur horninu, þar eru þær fallnar. Gerðið fer í 4. flokk.
Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**O 522** Kringum reitinn er hár steinsteyptur bakki, hann er ílangur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að sjá. Þetta er heill dökkleitur granítpúltsteinn og er áletrunin meitluð í hann. Fer í 4. flokk.

**O 523** Steinsteyptur bakki umlykur reitinn og fer hann í 5. flokk.
Hér er eitt minningarmark. Þetta er steinsteyptur kubbur með þekju. Á hann er skrúfuð koparplata. Fer í 4. flokk.

**O 524** Kringum reitinn er merkilegt grindverk úr smíðajárni en það er í mjög lélegu ástandi. Fer í 1. flokk. Minningarmarkið er marmarabók og er dúfa þar ofan á. Fer í 4. flokk.

**O 525** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Fer í 5. flokk.
Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Fyrir miðju er hár stuðladrangur sem fer í 4. flokk. Lengst til vinstri er liggjandi blágrýtisdrangur á blágrýtisundirstöðu. Fer í 4. flokk. Þriðji steinninn er nyrst og er einnig liggjandi blágrýtisdrangur. Fer í 4. flokk. Fjórði steinninn er járnsteyptur kross, sá eini sinnar tegundar í garðinum. Fer í 1. flokk.

**O 526** Ekkert gerði er í kringum reitinn.
Minningarmarkið er brattur grágrýtispúltsteinn á undirsteini úr sama efni. Svört granítplata er felld í framhliðina. Á plötunni er þessi áletrun: *„Vaktu minn Jesú, vaktu í mér. Vaka láttu [...] í þér. Sálin vakir þó sofnar líf, sé hún ætíð í þinni hlíf.“* Fer í 3. flokk.

**O 527** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Tvö minningarmörk er að finna hér. Fyrra minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn og í framhlið er dökkbrún granítplata. Steinninn fer í 2. flokk vegna aldurs. Hinn legsteinninn er með skemmtilega meitlaða áletrun og fer í 3. flokk.

**O 528** Reiturinn er ekki ekki afmarkaður. Þetta er ansi meitlaður grágrýtispúltsteinn með innfelldri granítplötu. Fer í 3. flokk.

**O 529** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og helmingi hærri gafli. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**O 530** Þessi reitur er með þeim lengri í garðinum. Kringum hann er steinsteyptur bakki og fer í 5. flokk. Hér eru átta minningarmörk sem öll snúa í austur.

Það fyrsta er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli sem virðist vera ómeitlaður en er þó ferhyrndur. Varðinn er slípaður að framan en náttúrulegur á hliðum og baki. Fer í 3. flokk.

Næsti legsteinn er nútímalegur heill þunnur granítferhyrningur. Hornin efst eru ögn stífð. Þetta stendur á undirsteini úr bergsallasteypu. Fer í 4. flokk.

Þriðji steinninn er flatur óbeliski á sökkli. Efst hefur verið Thorvaldsensplatti en hann er horfinn. Þetta er fallegt eintak og fer í 3. flokk.

Fjórði steinninn er einnig flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst er heil Thorvaldsenslágmynd með *Degi* og handaband neðst sem er heillegt en þó ögn brotið vinstra megin. Steinninn er fallegur og fer í 2. flokk.

Fimmti legsteinninn er óbeliski á sökkli og undirsteini, klassískur fyrir þennan garð. Hann hefur fjórar þakhliðar. Laufabekkir eru á sökkli og lárviðarsveigur. Efst er stór Thorvaldsenslágmynd með *Nótt*. Fer í 1. flokk.

Sjötti steinninn er einnig óbeliski með fjórum þakhliðum en er þó nokkuð flatur. Thorvaldsenslágmyndin *Nótt* er efst og er hún alveg heil. Varðinn er á sökkli og hér er einnig laufabekkur og heiðurskrans. Legsteinninn fer í 1. flokk.

Sjöundi steinninn er úr graníti og hefur form óbeliska en hann er í raun svo lítill að hann flokkast varla sem óbeliski. Hann er frá steinsmiðju Schannong í Kaupmannahöfn. Steinninn er slípaður að framan en þekjan, hliðarnar og bakið er mjög óreglulegt. Undirsteinninn er einnig mjög grófur og óreglulegur. Fer í 3. flokk.

Áttundi og síðasti steinninn er úr grágrýti. Þetta er lítill þekjusteinn, lágur óbeliski á mjög afsettum undirsteini. Framhliðin er slípuð og letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

# Reitasafn P

## *REITASAFN P*

**P 101** Kringum reitinn er steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er heillegur og fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á þessum reit og vísa í vestur. Þetta eru tveir stórir steinar úr rauðleitu graníti bogadregnir að ofan og fara í 4. flokk.

**P 102** Kringum reitinn er steyptur bakki með allháum gafli og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér svört granítplata sem felld er í gaflinn og fer í 4. flokk. Þá er slípuð blágrýtisplata sem einnig er felld í gaflinn og fer í 4. flokk.

**P 103** Þessi reitur virðist vera sami reitur og **O 108**.

**P 104*** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört liggjandi granítplata. Á því er Biblíutilvitnun 2. SAM. 12. 23 og er svo í Biblíuútgáfunni frá 1981: *„En fyrst það [barnið] er nú dáið, hvers vegna ætti ég þá að fasta? Mun ég geta látið það hverfa aftur? Ég fer til þess, en það kemur eigi aftur til mín."*

Platan er í góðu ástandi og lítt sokkin í jörð. Fer í 2. flokk vegna tilvitnunarinnar.

**P 105*** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í mjög góðu ástandi. Lengd hans er í austur-vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Á reitnum eru þrjú minningarmörk.

Það fyrsta er flatur óbeliski á oddhöggnum sökkli. Neðst er brotið handaband en efst englamynd sem einnig er brotin. Sjálfur varðinn er einnig brotinn. Hann fer þó í 2. flokk vegna aldurs.

Næst er einkennandi legsteinn fyrir þá stefnu í arkitektúr og byggingarlist sem kennd hefur verið við þjóðernisrómantík. Þetta er ferhyrndur varði með fimm lágum meitluðum stuðlum efst og stendur á oddhöggnum sökkli. Letrið er upphleypt á stokkhöggnum fleti. Fer í 2. flokk.

Það þriðja er nýlegur legsteinn úr dökkbláu graníti sem vísar í austur. Þetta er óreglulegur varði á sökkli og er letrið hvítmálað. Fer í 4. flokk.

**P 106** Hér er legsteinn í þjóðernisstíl. Þetta er ferhyrningur úr grágrýti með upphleyptu letri. Fer í 2. flokk vegna stílsins.

**P 107** Hér er ekkert að finna.

**P 108** Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er lágur en þykkur stuðlabergsdrangur. Letrið er upphleypt á heilum fleti. Fer í 4. flokk. Þá er hér blágrýtissteinn með upphleyptu letri. Fer einnig í 4. flokk.

**P 109*** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Letrið er meitlað en svo er að sjá sem skerpt hafi verið á því eitt sinn. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**P 110** Kringum reitinn er allstór steyptur bakki með bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**P 111** Steyptur rúmlaga bakki með háum hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst eru tveir bogasteinar úr grágrýti með lágmyndinni *Nótt*. Þeir standa á bakkanum en steypt hefur verið á milli þeirra og eru þeir eins og hluti af gaflinum. Steinarnir verða samt sem áður að fara í 2. flokk. Þriðja minningarmarkið er steypt koparplata sem skrúfuð er í gaflinn milli steinanna og fer hún í 4. flokk.

**P 112** Kringum reitinn er lítill steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn nokkuð brattur. Þar á er svört granítplata og er hún laus. Þetta vísar allt til vesturs. Fer í 4. flokk.

**P 113** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru blágrýtissúlur og liggja pípur á milli. Þetta er skakkt og þyrfti að rétta við. Fer í 3. flokk.
Eitt minningarmark er hér og snýr í austur. Legsteinn úr blágrýti og er letrið meitlað með lágstöfum. Fer í 3. flokk.

**P 114** Reitinn afmarkar steyptur bakki með bergsalla og fer hann í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö og snúa í austur. Þetta eru skornir jafnir grágrýtissteinar með hallandi þekju frá norðri til suðurs. Fara í 4. flokk.

**P 115** Kringum reitinn er stólpagerði merkilegt en skemmt. Í hverju horni eru grágrýtisdrangar með pýramídaþekju og ávölum jöðrum en drangarnir alls 2x3. Þrjár pípur hafa legið á milli. Gerðið er nánast ónýtt en halda þyrfti í drangana og fara þeir því í 3. flokk vegna handverksins.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér blágrýtispúltsteinn með sporöskju efst og krossmarki. Fer í 4. flokk. Svo er annar stærri púltsteinn úr blágrýti með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**P 116** Þetta er afar langur reitur en ekkert gerði umlykur hann. Minningarmörkin eru fjögur.
Fyrst er fjörugrjótshella með upphleyptu letri á heilum fleti. Fer í 3. flokk.
Næst er alveg eins steinn en er brotinn. Fer í 4. flokk.
Þá er lítill steyptur púltsteinn með innfelldri hvítri marmaraplötu. Fer í 4. flokk.
Loks er skorinn blágrýtishella með púltsteinsformi og upphleyptu letri á bekkjum. Fer einnig í 4. flokk.

**P 117*** Reiturinn er afmarkaður af pípugerði, þ.e. margar samsettar pípur mynda heilan ramma kringum reitinn. Reyna ætti að halda í þetta vegna þess hve sérkennilegt þetta er. Nokkuð víða um landið má sjá slík gerði. Fer í 3. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er fallegur bogasteinn úr grágrýti með *Nótt* Thorvaldsens efst. Fer í 2. flokk. Hinn steinninn er steyptur púltsteinn, sléttur að ofan og settur bergsalla en platan er horfin. Fer í 4. flokk.

**P 118** Kringum reitinn er raðað fjörugrjóti.

Minningarmarkið er fallegur dökkur granítsteinn, vafalítið frá Schannong. Steininum var eitt sinn velt og hefur þá kvarnast upp úr honum. Hann er sá eini sinnar tegundar í garðinum og fer í 2. flokk.

**P 119** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið snýr í austur. Þetta er steyptur púltsteinn og er í framhlið hans innfelld marmaraplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**P 120*** Hér er ekkert gerði í kring.

Minningarmarkið er merkur útskorinn harðviðarkross. Efst er fangamark Krists. Fer í 1. flokk.

**P 121** Steyptur bakki með tveimur stuttum hliðarörmum og gafli. Hann er settur bergsalla en hefur verið málaður hvítur. Fer í 5. flokk.

Á bakkanum stendur varði; flatur óbeliski og hefur verið steypt sitt hvorum megin við hann. Fer í 4. flokk.

**P 122** Kringum reitinn er steyptur rammi með bergsalla. Reyna ætti að halda í hann og fer hann í 3. flokk.

Minningarmarkið er heilskorinn granítpúltsteinn með meitluðu letri. Fer í 4. flokk.

**P 123** Steyptur bakki í lélegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heilskorinn blágrýtisferhyrningur á sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**P 124** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og snýr hann í austur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er allstór steypt koparplata sem fer í 4. flokk.

**P 125** Kringum þennan einstaklingsreit er stólpagerði. Í hverju horni er steyptur drangur og liggja pípur á milli hverra þeirra. Fer í 5. flokk.

Hér er að finna eitt minningarmark úr dökku graníti. Þetta er slípaður flatur óbeliski á sökkli. Líklega er steinninn frá Schannong. Steinninn er merkur að mörgu leyti og fer í 2. flokk.

**P 201** Steyptur bakki er um þennan reit. Hann er ílangur og liggur frá norðri til suðurs. Á honum er hár hliðararmur og gafl og er hann settur bergsalla. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þau eru dökkar granítplötur sem vísa í vestur og fara í fjórða flokk.

**P 202** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er furukross sem vísar í vestur. Tvær álplötur eru á krossinum. Fer í 4. flokk.

**P 203** Í hverju horni reitsins eru tilhöggnar grágrýtissúlur og hafa tvær pípur legið á milli þeirra. Pípurnar eru horfnar að vestanverðu. Varðveita þyrfti súlurnar og fara þær í 3. flokk.

Ekkert minningarmark er á reitnum.

**P 204** Steyptur bakki með gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin þrjú eru steyptar koparplötur sem festar eru í gaflinn og snúa í austur. Fara í 4. flokk.

**P 205** Ekkert gerði er hér að finna.
Minningarmarkið er hvítur furukross með steyptri álplötu. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**P 206** Kringum reitinn er nokkuð hár steyptur bakki með bergsalla. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er grár granítferhyrningur sem staðið hefur á undirsteini en er fallinn af og hvílir hér á bakkanum. Fer í 4. flokk.

**P 207** Kringum reitinn er steyptur bakki með háum gafli og settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem fer í 4. flokk.

**P 208*** Kringum þennan reit eru hlaðnir tilhöggnir grágrýtissteinar. Svo virðist sem eitt sinn hafi staðið hér járnsteypt grindverk fremur en að það hafi verið úr smíðajárni en það er nú horfið. Hlaðni bakkinn fer í 1. flokk.
Á reitnum eru sex minningarmörk og snúa þau öll til vesturs. Austast eru tveir járnkrossar en milli þeirra er brattur púltsteinn með hvítri marmaraplötu. Þessi minningarmörk fara í 1. flokk. Fyrir framan eru þrír púltsteinar fremur litlir. Sá fyrir miðju er með járnsteypta plötu á framhlið og áletrun þar á en á hina er meitlað beint á framhliðina. Þessi minningarmörk fara einnig öll í 1. flokk. Bæði umgjörð og minningarmörkin öll heyra því til 1. flokki.

**P 209** Kringum reitinn er hlaðinn bakki í góðu ástandi og fer í 5. flokk.
Hér er varði úr tékknesku graníti og fer hann í 4. flokk.

**P 210** Minningarmarkið hér er steyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**P 211** Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er steypt koparplata skrúfuð ofan í framhlið hans. Fer í 4. flokk.

**P 212** Reitinn afmarkar steyptur bakki í ágætisástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru bogasteinar úr dökku graníti á sökkli og fara þeir í 4. flokk.

**P 213** Steyptur heillegur bakki afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtissteinn, ögn breiðari neðst en efst og letrið upphleypt. Fer í 4. flokk.

**P 214** Steyptur bakki í afar lélegu ástandi. Hann hefur tvo hliðararma og háan gafl. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru allt slípaðar grágrýtisplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær snúa í austur og fara í 4. flokk.

**P 215** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með tveimur hliðarörmum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er skorinn grágrýtisferhyrningur á sökkli og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**P 301** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki allhár. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er flatur óbeliski með krullum efst, þekju og beinum öxlum. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**P 302** Fallegt stólpagerði afmarkar reitinn. Í hverju horni eru grágrýtissúlur og liggja pípur á milli. Gerðið er í mjög góðu ástandi og fer í 2. flokk.

**P 303** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með gafli og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er járnkross með svartri álplötu, vísar í austur og fer í 4. flokk.

**P 304** Steyptur hár bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**P 305*** Ekkert gerði er hér að finna.
Minningarmörkin eru tvö og vísa í austur. Þetta eru handunnir grágrýtispúltsteinar með marmaraplötum. Sá syðri er nokkuð yngri en hinn og fer í 3. flokk en sá eldri í 2. flokk.

**P 306** Steyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**P 307** Hér er steyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru fjögur. Fyrst er grágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk. Því næst er steypt plata með bergsalla og fer hún í 4. flokk. Þá er hér dökk granítplata í gaflinum og fer einnig í 4. flokk. Að lokum er plata úr nokkurs konar bergsallasteypu og fer í 4. flokk.

**P 308** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er skorinn blágrýtisvarði slípaður að framan en óreglulegur á baki og hliðum. Fer í 4. flokk.

**P 309** Steyptur ílangur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér marmarabók sem fer í 4. flokk. Því næst er blágrýtisstuðull með nokkuð grófgerðu meitluðu svörtu letri og fer hann í 3. flokk.

**P 310** Steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og háum gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt álplata á gaflinum sem vísar til austurs og fer í 4. flokk.

**P 311** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er digur en lágur blágrýtisstuðull. Letrið er meitlað og fer hann í 3. flokk.

**P 312*** Kringum reitinn er fallegt grindverk úr smíðajárni. Fer í 1. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr svörtu graníti á undirsteini. Letrið er meitlað í gljáfægða framhliðina. Fer í 2. flokk.

**P 313*** Kringum reitinn er ílangur steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Á honum er langur hliðararmur og gafl. Fer í 5. flokk.

Hér eru sex minningarmörk og snúa í vestur. Fyrstu fjögur minningarmörkin eru allt svartar ílangar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk. Hið fimmta er lítill steyptur púltsteinn og er mun stærri granítplata felld þar í. Fer í 4. flokk. Sjötti steinninn er gamall sandsteinn en skipt hefur verið um marmaraplötu. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**P 314** Kringum reitinn er algerlega ónýtur bakki. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata sem snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**P 315*** Kringum reitinn er merkilegt járnsteypt grindverk sem fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er lágur óbeliski með rismynd úr eir og hvítri marmaraplötu. Með merkari steinum og fer í 1. flokk.

**P 316** Steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Á gaflinum er steyptur kross og er þetta allt sett bergsalla. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**P 401*** Kringum reitinn er fallegt grindverk úr steyptu járni í „nýgotneskum“ stíl. Fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er brotinn pottjárnskross með steyptu blysi neðst og er hann á kassa úr steyptu járni. Fer í 1. flokk.

**P 402** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn með öxlum á sökkli og snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**P 403** Hér er steyptur rammi með 3x3 steyptum dröngum allt sett bergsalla og liggur keðja á milli. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn með svartri granítplötu. Fer í 3. flokk.

**P 404*** Ekkert gerði er hér í kring.

Minningarmörkin sem heyra til þessum reit eru þrjú. Fyrst er sandsteinn með bergfléttuskreyti. Fer í 1. flokk.

Þá kemur fallegur púltsteinn með hvítri marmaraplötu og fer hann í 1. flokk.

Þriðji steinninn er minningarsteinninn um Þorleif Repp og fer hann í 2. flokk.

**P 405** Kringum reitinn er fallegt járnsteypt grindverk og fer það í 1. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er geysimikill marmarakubbur, með þeim stærri í garðinum, jafnskorinn og fer hann í 4. flokk. Næst er steyptur púltsteinn með marmaraplötu, sem fer í 4. flokk. Þessi tvö minningarmörk snúa í vestur. Þriðja minningarmarkið snýr í austur. Þetta er púltsteinn úr graníti líklega frá Schannong og fer hann í 2. flokk.

**P 406** Steyptur bakki með gafli í lélegu ástandi. Settur bergsalla og snýr í vestur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**P 407*** Kringum reitinn er grindverk úr steyptu járni og fer það í 1. flokk.

Minningarmarkið er fallegur og vel meitlaður púltsteinn úr grágrýti. Hliðarnar eru afsettar en jaðrar riffLaðir. Í púltinu hvílir svört granítplata. Fer í 1. flokk.

**P 408*** Minningarmarkið er afar merkur bogasteinn úr grágrýti. Hann er með elstu steinum í garðinum. Steininn þyrfti að hefja upp. Fer í 1. flokk.

**P 409*** Reiturinn er mjög ílangur frá norðri til suðurs. Í kringum reitinn liggja grágrýtisstuðlar og þyrfti að varðveita þá. Þeir fara í 2. flokk.

Fyrst er hér fjörusteinn með sandblásnu letri, svartmáluðu. Fer í 4. flokk. Því næst er stór granítsteinn sem hefur verið klofinn og slípaður að framan. Fer í 4. flokk. Þá er hér grágrýtispúltsteinn með marmaraplötu sem fer í 2. flokk. Hér er einnig granítsteinn grófhöggvinn, líklega frá Schannong. Á steininum er rismynd úr eir af Geir Zoëga eftir Ríkarð Jónsson. Fer í 1. flokk. Fimmti steinninn er púltsteinn úr grágrýti með hvítri marmaraplötu. Fer í 2. flokk. Sjötta minningarmarkið er merkur steypujárnskross sem fer í 1. flokk enda líklega eini sinnar tegundar í garðinum. Seinasti steinninn er flatur óbeliski með fjórum þakhliðum á sökkli og undirsteini. Fer í 2. flokk.

**P 410** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið snýr í vestur. Þetta er steyptur púltsteinn með innfelldri grágrýtisplötu með sandblásnu upphleyptu letri. Fer í 4. flokk.

**P 411** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**P 412** Engin umgjörð er um þennan reit.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri grágrýtisplötu með sandblásnu upphleyptu letri. Steinninn er í lélegu ástandi. Fer í 4. flokk.

**P 413** Kringum reitinn er lélegur steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur og öll úr marmara. Fyrsti steinninn er bogasteinn með meitluðu reipi efst. Varðinn er fallinn af sökklinum. Fer í 4. flokk. Því næst er heill púltsteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk. Þá er hér skrautlegur steinn og fer hann í 2. flokk. Að lokum er hér steinn sem látinn er líta út eins og hann sé settur saman úr mörgum molum. Framan á honum eru berjaklasar og blómaskreyti. Fer í 4. flokk. Þessir tveir síðustu steinar líkjast steinum í garðinum sem vitað er að eru frá Hull á Englandi.

**P 414** Ekkert er hér að finna.

**P 415*** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er lágur bogasteinn úr dökkleitu graníti, með gljáslípaðri framhlið. Undir boganum er rist dúfa með lauf í goggi. Hann fer í 2. flokk. Því næst er mjög ílangur þunnur grágrýtissteinn á sökkli sem samsettur er úr fjórum stuðlalögum. Steinninn er lýsandi fyrir svokallaðan þjóðernisstíl á fyrri hluta 20. aldar. Fer í 2. flokk. Seinast er hér skorinn blágrýtispúltsteinn, nýlegur með afsettum hliðum. Fer í 4. flokk.

**P 416** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem nú er ónýtur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr dökku graníti. Líklega er þetta frá Schannong og fer í 4. flokk.

**P 417** Kringum reitinn er ílangur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur og snúa í vestur. Fyrsti steinninn er flatur varði á sökkli og undirsteini og er allt úr grágrýti. Steinninn hefur þekju í miðju og ypptar útstæðar axlir. Efst er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Fer í 3. flokk. Þá kemur grágrýtissteinn jafnskorinn á sökkli. Letrið er upphleypt og fer í 4. flokk. Þriðji steinninn er alveg eins og fer í 4. flokk. Fjórði og síðasti steinninn er alveg eins og sá fyrsti en hér hefur hann verið slípaður og sandblásinn til að skerpa á letrinu og fer hann í 4. flokk.

**P 501** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa í austur. Fyrri steinninn er flatur óbeliski úr graníti. Steinninn er líklega frá Schannong. Fer í 4. flokk. Hinn steinninn er einnig úr graníti og fer í 4. flokk.

**P 502** Kringum reitinn er allhár steyptur rammi. Ofan á honum eru 3x3 steyptur súlur og liggja tvær pípur milli hverra þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtisstuðull með meitluðu letri. Fer í 3. flokk.

**P 503*** Kringum reitinn er steyptur rammi en ofan á honum eru steinar úr einhvers konar marmarasalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er dökk granítplata sem hallast að steyptum púltsteini sem stendur á bakkanum sjálfum. Fer í 4. flokk. Því næst er einn merkasti járnkrossinn í garðinum hlaðinn táknfræði. Fer í 1. flokk. Þriðji og síðasti steinninn er flatur óbeliski úr graníti á millisteini, sökkli og undirsteini. Fer í 4. flokk.

**P 504** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs og fer hann í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur. Fyrri steinninn er fjörugrjót með meitluðu letri og er það með lágstöfum. Fer í 3. flokk. Þá er hér steyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**P 505** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Hér er að finna tvö minningarmörk sem snúa í austur. Þetta eru mjög lágir flatir óbeliskar sem bera merki handverks en ekki fjöldaframleiðslu. Fara í 3. flokk.

**P 506*** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla, ílangur og liggur frá norðri til suðurs. Hann er í lélegu ástandi og fer í 5. flokk.

Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Fyrst er hér afar merkur grágrýtissteinn með einkennum þjóðernisrómantíkur. Steinninn er afar ílangur og nokkuð hár og er ferkantaður. Sökkullinn er merkilegur. Hann er meitlaður þannig að hann lítur út fyrir að vera heil röð af stuðlabergsdröngum. Letrið er stórt og upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 2. flokk.

Því næst er flatur óbeliski á sökkli með lágmynd Thorvaldsens *Nótt* efst. Fer í 2. flokk.

Þriðji steinninn er nokkuð þykkur flatur óbeliski en með fjórum þakhliðum. Efst er lágmyndin *Dagur*. Fer í 2. flokk enda skráður vegna aldurs.

Fjórði og síðasti steinninn er heilskorinn og slípaður ferkantaður drangur úr blágrýti. Letrið er sérkennilega meitlað. Fer í 4. flokk.

**P 507*** Kringum reitinn er steyptur rammi sem liggur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú og snúa þau í vestur. Fyrsta minningarmarkið er mjög stór meitlaður púltsteinn úr grágrýti með innfelldri dökkri granítplötu. Mjög fallegt handbragð og fer hann í 2. flokk.

Þá er hér kross úr steyptu járni og fer hann í 1. flokk.

Þriðji steinninn er steyptur ílangur púltsteinn og er dökk granítplata lögð í púltið. Fer í 4. flokk.

**P 508** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og háum gafli. Allur er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er slípuð blágrýtisplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk. Þá kemur steypt álplata sem fest er í gaflinn. Fer í 4. flokk. Þriðja minningarmarkið er einnig steypt álplata sem fest er í gafl. Fer einnig í 4. flokk.

**P 509** Kringum reitinn er rauðmáluð tréumgjörð sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa í vestur. Fyrst er heill púltsteinn úr grænleitu graníti, líklega tékknesku. Fer í 4. flokk. Þá er hér blágrýtispúltsteinn fremur lítill sem fer í 4. flokk.

**P 510** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Fyrra minningarmarkið er tilhöggvinn allbrattur grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er felld í framhlið hans hvít marmaraplata. Fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta úr dökkleitu graníti. Fer í 4. flokk.

**P 511** Hér fyrir framan reitinn er blágrýtisundirsteinn ílangur og ferkantaður en ofan á honum er skorin mjög þunn blágrýtishella og fer þetta í 4. flokk.

**P 512*** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er norðurþýskur sandsteinn með eikarlaufaskreyti. Innfelld hvít marmaraplata sem er brotin. Fer í 1. flokk.

**P 513*** Kringum reitinn eru leifarnar af merkilegu lágu járnsteyptu grindverki frá P. Andersen í Kaupmannahöfn. Þetta hefur verið hið eina sinnar tegundar í garðinum. Varðveita þarf það sem eftir er af því og fer það því í 1. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er hér ílangur blágrýtisstuðull sem liggur á tveimur smáum kubbum. Fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er fallegt grágrýtispúlt með innfelldri hvítri marmaraplötu. Fer í 2. flokk.

**P 514*** Kringum reitinn er fallegt járnsteypt gerði sem fer í 1. flokk. Grindur vantar að vestanverðu.

Hér á reitnum eru fimm minningarmörk.

Fyrsta minningarmarkið syðst á reitnum er fallegur hár marmaravarði sá eini sinnar tegundar í garðinum. Hann er í lélegu ástandi en fer í 1. flokk.

Þá kemur stór og mikill en afar brattur púltsteinn úr grágrýti og hvílir hvít marmaraplata í púltinu. Fer í 2. flokk.

Þá er stór óbeliski með fallegum millisteini á sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr dökku graníti. Neðst hefur verið handaband en það er nú horfið. Fer í 2. flokk.

Því næst er stór grágrýtispúltsteinn með hvítri marmaraplötu. Steinninn er fallinn og þyrfti að reisa hann við. Fer í 2. flokk.

Að síðustu er stór skorin blágrýtishella sem fer í 4. flokk.

**P 515*** Kringum reitinn er afar merkilegt stólpagerði. Það samanstendur af 3x4 tilhöggnum grágrýtisstólpum og liggja þrjár pípur á milli þeirra. Fer í 1. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er flatur standandi sandsteinn sem fer í 2. flokk. Því næst er þykkur og voldugur grágrýtisvarði með gotneskum boga fyrir miðju og ypptum öxlum og stendur hann á grágrýtisundirsteini. Ofarlega fyrir miðju er lágmynd Thorvaldsens *Heilbrigði* hin eina í garðinum. Fer í 1. flokk.

Síðast er lítill steyptur púltsteinn og liggur í honum hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**P 516** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst er þekjusteinn úr grágrýti, mun þykkari neðst en efst. Fer í 4. flokk. Þá kemur hvítur marmarakubbur og fer hann einnig í 4. flokk. Að lokum er bogasteinn úr graníti með stórum bogadregnum öxlum og boga í miðjunni. Davíðstjarnan er efst. Fer í 4. flokk.

**P 517** Kringum reitinn er fallegt stólpagerði með pípum. Fer í 3. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Það fyrsta er púltsteinn úr grágrýti með hvítri marmaraplötu í bakkanum. Fer í 2. flokk. Þá er hér alveg eins steinn en aðeins fárra ára gamall. Fer í 4. flokk.

# Reitasafn R

*REITASAFN R*

**R 101** Umhverfis reitinn er steyptur bakki, nokkuð hár og er settur bergsalla. Hann fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk eru hér og snúa í vestur.

Fyrst er hér mjög lágur þekjusteinn, um helmingi þykkari neðst en efst og virðist vera á sökkli en er í raun hluti af varðanum sjálfum. Áletrunin er nú vart læsileg. Fer í 3. flokk.

Þá er hér afar lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og fer í 3. flokk.

Þriðja minningarmarkið er flatur óbeliski ögn lægri en sá á undan og á sökkli, allt úr grágrýti. Efst er Thorvaldsensverkið *Nótt* og fer steinninn í 2. flokk.

Það fjórða er bæsaður furukross með áfastri plastplötu og fer hann í 4. flokk.

Fimmta minningarmarkið er fyrir framan hin þrjú og er þetta bæsaður furukross með tveimur álplötum framan á. Fer í 4. flokk.

**R 101a til R 101d**. Á þessum reitum er hvorki að finna gerði né minningarmark.

**R 102** Kringum reitinn er steyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í vestur, er skorinn blágrýtiskubbur allhár og hvílir hann á steyptum sökkli. Letrið er upphleypt á bekkjum og er efst meitlaður lampi. Fer í 2. flokk vegna táknmyndarinnar sem ekki er algeng.

**R 103** Kringum reitinn er steyptur bakki sem heita má ónýtur. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú og vísa þau í vestur. Þetta eru stórir púltsteinar, óreglulegir á hliðum og baki en slípaðir að framan. Í framhlið þeirra er felld dökk granítplata. Fara allir í 4. flokk.

**R 104** Kringum reitinn er steyptur bakki með stólpum og eru lágir veggir á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið vísar í vestur. Þetta er tilhöggvið fjörugrjót á sökkli og er þykk steypt koparplata fest á framhliðina. Fer í 4. flokk.

**R 105** Reitinn afmarkar allhár steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er brotið. Þetta er steyptur kross sem fer í 4. flokk.

**R 106** Kringum reitinn er steyptur bakki álíka hár og þessi hér að framan og fer hann í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**R 107** Hér eru tvö minningarmörk og vísar hið fyrra í vestur en hitt í austur. Fyrra minningarmarkið er stór steyptur púltsteinn, mjög skemmdur af alkalí. Í framhlið hans er felld stór svört granítplata. Fer í 4. flokk.

Seinna minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli úr dökku graníti. Aðeins framhlið varðans er gljáfægð. Fer í 4. flokk.

**R 107a** Ekkert er að finna hér.

**R 108** Á reitnum er ekkert að sjá.

**R 109*** Kringum reitinn er steyptur bakki, ílangur og liggur frá norðri til suðurs. Ofan á honum eru 3x5 súlur og liggur ein pípa á milli hverra þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur sem snúa í austur. Fyrst er digur blágrýtisdrangur og eru koparstafir límdir á hann. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er flatur óbeliski, allbreiður, úr graníti líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 2. flokk.

Þriðja og fjórða minningarmarkið eru slípaðir granítkubbar á undirsteini úr sama efni. Málað er í letur. Fara báðir í 4. flokk.

**R 110*** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er þetta sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö og snúa þau í austur. Það fyrra er ílöng hvít marmaraplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk. Annað minningarmarkið er einnig hvít marmaraplata, meiri á hæðina og virðist hún það gömul að hún komi af eldri steini. Fer í 2. flokk.

**R 111** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með hliðararmi og gafli. Virðist nýlega hafa verið lagaður. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið snýr í austur. Þetta er steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**R 112** Þetta er einstaklingsreitur með steyptum ramma í kring. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**R 112a til R 112c** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**R 113*** Kringum reitinn er steyptur bakki í nokkuð góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Minningarmörkin eru fjögur.

Fyrst er merkilegur grágrýtissteinn. Þetta er hár varði með tveimur hliðarstólpum og stendur á ferköntuðum sökkli. Fremst er meitluð skál fyrir blóm. Fer í 3. flokk.

Þá kemur skemmtilegur steinn úr grágrýti með rósaflúri efst og fer hann í 2. flokk.

Þriðja minningarmarkið er trékross með tveimur málmplötum og fer hann í 4. flokk.

Að lokum er hér lágur bogasteinn úr graníti og stendur hann á möttum sökkli. Fer í 4. flokk.

**R 114** Reitinn afmarkar steyptur bakki, nokkuð hár og nánast sléttfylltur af efni. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**R 115** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er fjöruhnullungur með upphleyptu letri á heilblásnum fleti. Fer í 3. flokk.

**R 115a til R 115b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**R 116** Steyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Hér hefur verið gafl en hann er nú fallinn. Minningarmörkin eru fimm.
Þetta eru allt steyptar koparplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**R 116a til R 116b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**R 117** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er annað hvort litað svart gler eða hrafntinna og fer það í 4. flokk.

**R 117a til R 117e** Ekkert er að finna á þessum fimm leiðum, fyrir utan kross sem virðist á hrakhólum. Fer í 4. flokk.

**R 118** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem er ónýtur. Fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**R 118a** Ekkert er á þessu leiði.

**R 119** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með hliðararmi og gafli. Allur er hann settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem snýr í austur. Í hornum eru meitlaðar sólir. Fer í 4. flokk.

**R 120** Minningarmarkið sem snýr í austur er lágur flatur óbeliski fremur en þekju-steinn. Neðst er handaband alheilt. Fer í 2. flokk.

**R 121** Kringum reitinn er steyptur bakki settur bergsalla og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið snýr í austur. Þetta er skorinn grágrýtissteinn með innfelldri koparplötu. Fer í 4. flokk.

**R 121a til R 121b** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**R 122** Steyptur bakki með háum gafli kringum einstaklingsreit. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**R 123** Steyptur bakki afmarkar þennan einstaklingsreit sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtisplata sem snýr í austur og felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**R 124** Kringum einstaklingsreitinn sem liggur í austur-vestur er stólpagerði. Í hverju horni eru grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli. Fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er lítill hvítur marmaravarði með gotnesku lagi á sökkli úr sama efni. Fer í 2. flokk vegna sérstaks lags.

**R 125** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og er þetta sett bergsalla. Fer í 5. flokk. Vísar í austur.
Minningarmarkið er marmaraplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**R 126** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með steyptri koparplötu sem felld er í steininn. Fer í 4. flokk.

**R 127** Steyptur bakki með gafli sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er allstór granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**R 127a** Ekkert er hér að finna.

**R 128** Engin umgjörð er kringum þennan reit.
Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti og fer hann í 3. flokk.

**R 129** Hér er mikill steyptur bakki kringum barnsreit. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er lítil marmaraplata á litlum steinkubbi og fer þetta í 4. flokk.

**R 130 til 130a** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**R 131** Ekkert gerði er hér að finna.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr grágrýti. Fer í 3. flokk.

**R 131a** Ekkert er hér að finna.

**R 132** Kringum reitinn er steyptur bakki með höfða- og fótagafli og fer þetta í 5. flokk.
Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem felld er í gaflinn að vestanverðu. Sólir eru í hornum. Fer í 4. flokk.

**R 132a** Ekkert er hér að finna.

**R 133** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér á reitnum.

**R 134** Kringum reitinn er steyptur ferningur og lendir hann í 5. flokki.
Minningarmarkið er liggjandi skorinn blágrýtisvarði og fer hann í 4. flokk.

**R 134a** Ekkert er hér að finna.

**R 135** Reiturinn er afmarkaður af steyptum ramma og er á honum grindverk úr smíðajárni. Fer í 1. flokk.
Minningarmarkið er fallegur bláleitur granítsteinn á sökkli og undirsteini úr sama efni. Líklega er steinninn frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 2. flokk.

**R 136** Steyptur bakki með gafli er umhverfis þennan einstaklingsreit og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílöng grágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Hún fer í 4. flokk.

**R 137** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Hér er minningarmarkið hvítur járnkross með keltnesku lagi. Framan á honum er messingplata og fer hann í 4. flokk.

**R 201** Hér mun ekkert vera.

**R 202*** Legsteinninn hér er liggjandi grágrýtissteinn, einn fárra í garðinum. Hann snýr í austur og fer í 1. flokk.

**R 203** Reitinn afmarkar stólpagerði. Í hverju horni eru grágrýtissúlur og liggja tvær pípur milli hverra þeirra. Gerðið fer í 2. flokk.
Minningarmarkið er furukross með svartri álplötu og fer það í 4. flokk.

**R 203a til R 203b** Ekkert er á þessum tveimur leiðum.

**R 204*** Legsteinninn á þessu leiði er úr grágrýti og hefur hann nokkurs konar nýklassískt lag. Lágmynd Thorvaldsens *Dagur* er efst á framhliðinni. Fer í 2. flokk.

**R 205** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum en engum gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið snýr í austur. Legsteinninn er úr grágrýti. Hann er ferhyrningslaga og allur á hæðina. Efst gengur hann í spíss niður á við og þar fyrir miðju er kvartsól. Á steininn er meitlað krossmark og Davíðsstjarna efst. Steinninn fer í 2. flokk.

**R 205a til R 205b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**R 206** Kringum eintaklingsreitinn er steyptur bakki með gafli, settur bergsalla og snýr þetta í vestur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt álplata sem fer í 4. flokk.

**R 206a** Hér er ekkert að finna.

**R 207** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli sem mjög er siginn. Letrið er meitlað en er nú orðið mikið máð. Fer í 3. flokk.

**R 207a** Hér er ekkert að sjá.

**R 208** Umgjörðin kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og hliðararmi og er þetta í lélegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Austast er hvítur furukross með þremur álspjöldum. Fer í 4. flokk. Hitt er hvítur marmaravarði á sökkli líklega úr grágrýti. Áletrunin er gerð með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**R 208a** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er kross úr blikki og fer hann í 4. flokk.

**R 209** Kringum reitinn er steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er þetta húðað bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Þó skal fyrst geta hér einhvers konar topphnalls sem ekki er ljóst hvort er af minningarmarki eða ekki. Minningarmörkin eru blágrýtisplötur allþykkar sem skrúfaðar hafa verið í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**R 210** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Í gaflinum er steyptur kross settur bergsalla. Fer í 4. flokk.
Minningarmörkin eru tvö og snúa í austur. Þetta eru ílangar dökkar granítplötur sem steyptar eru í gaflinn. Fara báðar í 4. flokk.

**R 211** Minningarmarkið er grágrýtisplata sem snýr í austur og hallast upp að steyptum hnalli. Fer í 4. flokk.

**R 212** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á lágum sökkli. Letrið er meitlað en er mjög farið að dofna. Efst er meitlað krossmark og stafar geislum út frá því. Fer í 3. flokk.

**R 212a** Hér er á eitt minningarmark. Þetta er granítferningur á granítsökkli. Efst er pálmagrein og liggjandi kross og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**R 213** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrri steinninn er granítsteinn, svipaður þeim hér að framan en ögn minni. Hann stendur á sökkli og steyptum undirsteini og letrið er upphleypt á bekkjum. Efst er krossmark. Fer í 4. flokk. Hinn steinninn er blágrýtiskubbur jafnskorinn með þakhliðum. Leiðið er afmarkað með gangstéttarhellum. Fer í 4. flokk.

**R 214** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x3 steyptum súlum. Allt er sett bergsalla og liggur keðja á milli. Þetta liggur í austur-vestur og fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er blágrænleitt líklega úr gabbró fremur en graníti. Steinninn stendur á bakkanum og eru keðjurnar tengdar í steininn. Fer í 4. flokk.

**R 214a** Ekkert er á þessu leiði.

**R 215** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur rammi í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið snýr í austur. Þetta er svört granítplata sem felld er inn í gaflinn og fer í 4. flokk.

**R 216** Ekkert gerði umlykur reitinn.
Minningarmarkið er lágur blágrýtisstuðull með steyptri koparplötu sem fest er á steininn. Þar er m.a. þessi áletrun: „*Kærleikurinn deyr aldrei.*“ Fer í 4. flokk.

**R 217** Kringum reitinn er steyptur bakki með skeljasandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er granítflaga, bogadregin að ofan og mjókkar eftir því sem neðar dregur. Fer í 4. flokk.

**R 218** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með gafli og er þetta mjög sprungið. Fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er á reitnum.

**R 219** Steyptur bakki með bergsalla sem liggur í austur-vestur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er granítsteinn, bogadreginn að ofan en annars ferningslaga. Efst mun hafa verið áföst harpa en er nú horfin. Koparstafir eru á framhlið. Fer í 4. flokk.

**R 220** Í hverju horni reitsins er grágrýtisstólpi og fer þessi umgjörð í 3. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtisvarði með pýramídaþekju og er steinninn mun þykkari neðst en efst. Ofarlega hefur verið Thorvaldsenslágmynd en er nú horfin og neðst handaband. Fer í 2. flokk.

**R 221** Steyptur bakki með gafli kringum einstaklingsreit. Snýr í austur og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**R 222** Í hverju horni þessa einstaklingsreits eru steyptir stólpar og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið snýr í vestur. Þetta er trékross með áfastri plastplötu. Fer í 4. flokk.

**R 223** Á þessum reit eru fjögur minningarmörk sem snúa í vestur.
Fyrst er hér steyptur púltsteinn settur bergsalla og er hann í lélegu ástandi. Í steininn er felld hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.
Hinir steinarnir þrír eru allir eins. Þetta eru allt þverskornar blágrýtisflögur. Fara í 4. flokk.

**R 223a** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Þetta er blágrýtisvarði með slípaðri framhlið á undirstöðu úr sama efni og fer í 4. flokk.

**R 224** Kringum reitinn er steyptur bakki og er steypt slétt yfir leiðin. Þessi umbúnaður fer í 5. flokk. Þar á er innfelld grágrýtisplata. Fer í 4. flokk.

**R 225** Steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er þetta sett bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökk granítplata með sól efst, snýr í austur og fer í 4. flokk.

**R 226** Kringum reitinn er steyptur bakki með háum gafli og húðaður bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökk granítplata sem fer í 4. flokk.

**R 226a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**R 227** Í hverju horni reitsins eru grágrýtissúlur og fer þetta gerði í 3. flokk.
Minningarmarkið snýr í austur. Þetta er steyptur kubbur á undirsteini en efst er steypt hálf sól. Fer í 4. flokk.

**R 228** Steyptur bakki með stuttum hliðararmi og gafli og settur bergsalla. Snýr í austur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er stór granítplata sem hallast upp að granítkubbi sem styður hana. Fer í 4. flokk.

**R 228a** Ekkert er hér að finna.

**R 229** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört álplata sem snýr í austur og fer í 4. flokk.

**R 229a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**R 230*** Kringum reitinn er hár steyptur bakki og eru á honum háir steyptir stólpar og liggja tvær pípur á milli þeirra. Lengdin er í norður-suður. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisvarði á undirsteini. Efst er varðinn fallega sveigður. Fer í 2. flokk.

**R 231*** Kringum reitinn er járnsteypt gerði frá Andersen í Kaupmannahöfn. Það stendur á tilhöggnum grágrýtissteinum. Fer í 1. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Þetta eru grágrýtispúltsteinar með innfelldri hvítri marmaraplötu. Minningarmörkin fara öll í 1. flokk til að varðveita heildarsvip reitsins.

**R 232** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er bogasteinn úr graníti á sökkli úr sama efni sem mjög er sokkinn í jörðu. Steinninn er oddhöggvinn að aftan en slípaður að framan. Fer í 2. flokk.

**R 233** Kringum reitinn er steyptur bakki með háum gafli en engum hliðarörmum. Hann er húðaður með bergmylsnu. Lengdin er í norður-suður. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö snúa þau í austur. Þetta eru granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**R 301** Kringum reitinn er steyptur bakki með háum gafli. Hann hefur nýlega verið lagaður. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur, rauðbrúnir granítsteinar sem fara í 4. flokk.

**R 302** Ekkert er að finna hér.

**R 303** Þetta er mjög ílangur reitur sem liggur frá norðri til suðurs. Kringum hann er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk sem snúa í austur.

Fyrsti steinninn er allhár grágrýtisferningur sem er skorinn á öllum hliðum og stendur á sökkli úr sama efni sem er skorinn ferningslaga drangur. Áletrunarflöturinn er blásinn niður og letrið upphleypt. Fer í 3. flokk.

Annar steinninn er óreglulegur varði úr gráu graníti. Hann er meiri á lengdina en hæðina og stendur á steyptum undirsteini úr marmarasteypu. Letrið er úr kopar. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er álplata og hefur glerplata verið fest þar á en er nú horfin. Þetta fer í 4. flokk.

**R 304** Hér í kring er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli, settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk sem öll snúa í austur.

Fyrsti steinninn er lágur flatur óbeliski með veðruðu letri og stendur hann á sökkli. Fer í 3. flokk.

Hin tvö minningarmörkin eru dökkar granítplötur sem eru meiri á lengd en hæð. Þær eru felldar í gaflinn og fara í 4. flokk.

**R 305** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Það fyrra er skorinn blágrýtisdrangur sem liggur á blágrýtisundirstöðu. Framhliðin hefur öll verið sandblásin þannig að áletrunin stendur eftir upphleypt með stóru letri.

Hinn steinninn er grágrýtisvarði sem allur er á hæðina, efstu hornin eru ávöl. Á varðann er meitlað krossmark og áletrunin er á bekkjum. Steinarnir fara báðir í 3. flokk.

**R 306** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk. Hér á reitnum eru fjögur minningarmörk.

Þrír fyrstu steinarnir eru allir eins. Þetta eru steinsteyptir púltsteinar og liggja í bakka þeirra svartar granítplötur. Fara í 4. flokk.

Fjórði legsteinninn er mjög lágur bogasteinn á háum sökkli og er hvort tveggja úr grágrýti. Letrið er mjög farið að veðrast. Fer í 3. flokk.

**R 307** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 3. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Fyrst er hér nýlegur granítsteinn, með dökkum og rauðum kornum. Áletrunin er sandblásin og málað hvítt í stafina. Steinninn er breiðari neðst en efst og er með þekju. Fer í 4. flokk.

Hinn legsteinninn er úr rauðri steinsteypu og hefur sama lag og fyrri steinninn. Á honum er steypt plata úr einhvers konar gerviefni, og er letrið meitlað í hana eða sandblásið. Fer í 4. flokk.

**R 308** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með tvöföldum hliðararmi, settur bergsalla sem er víða farinn að flagna af. Bakkinn fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk eru á reitnum.

Fyrstu fjögur minningarmörkin eru plötur sem felldar eru í gaflinn. Fimmta minningarmarkið er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og er hún einnig felld í gaflinn. Þetta snýr allt í austur og fer í 4. flokk.

**R 309** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði. Hlaðið er kringum reitinn með afsettum grágrýtisdröngum og eru 3x4 grágrýtissúlur ofan á þeim. Koparpípur ganga á milli og er koparhlið að austanverðu. Lengdin er í norður-suður. Fer í 2. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum.

Fyrsta minningarmarkið er stór lábarinn hnullungur sem hvílir á þremur stórum steinum. Letrið er meitlað í steininn. Fer í 3. flokk.

Fyrir miðju er mikill og hár granítvarði úr brúnu silfruðu graníti sem hvílir á sökkli úr sama efni. Varðinn er slípaður að framan en óreglulegur á hliðum og baki. Meitluð áletrun er á varðanum sem hefur eitt sinn verið gyllt. Þetta er mjög líklega legsteinn frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 3. flokk.

Þriðji steinninn er blágrýtisdrangur sem hvílir á blágrýtissteinum. Leturflöturinn er slípaður og blásinn niður og eftir stendur upphleypt letur. Fer í 3. flokk.

**R 309a** Ekkert er hér að finna.

**R 310** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli afmarkar reitinn. Bakkinn er settur bergsalla og fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum.

Fyrstu þrjú minningarmörkin eru dökkar, ílangar grágrýtisplötur sem snúa í austur og fara í 4. flokk. Fjórða minningarmarkið liggur framan við gaflinn. Þetta er heill blágrýtissteinn með púltlagi og er letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

**R 311** Kringum reitinn er grindverk úr pottjárni, hið eina sinnar tegundar í garðinum og líklega á landinu. Fer í 1. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk.

Fyrsta minningarmarkið er líparítsteinn með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er beint fyrir framan það fyrsta og er það lítill harðviðarkross með lítilli álplötu. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er „monumentið“ yfir Steingrím biskup Jónsson. Fer í 1. flokk.

**R 312** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er nokkuð hár grágrýtisvarði með þekju og hefur líklega staðið áður en er nú liggjandi. Á steininum er eina útgáfan í garðinum af litlu lágmyndinni *Jólafögnuður á himnum*. Fer í 1. flokk.

**R 313** Kringum reitinn er lágt grindverk úr smíðajárni. Fer í 1. flokk.
Minningarmarkið er eini pottjárnskross sinnar tegundar í garðinum og stendur hann á járnsteyptum sökkli. Fer allt í 1. flokk.

**R 314** Minningarmarkið á þessum reit er lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli. Fer í 3. flokk.

**R 315** Á reitnum eru tvö minningarmörk
Það fyrra er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti og snýr hann í austur. Ofarlega er Thorvaldsenslágmyndin *Dagur* en í kringum það er einhvers konar mósaík. Kvarnast hefur upp úr lágmyndinni. Hugsanlega hefur þarna verið stærri lágmynd sem hefur verið skipt út fyrir minni og fyllt upp í með mósaík. Seinna hefur þetta allt verið málað hvítt. Einnig hefur verið málað með svörtu ofan í letrið. Fer í 2. flokk vegna aldurs.
Hitt minningarmarkið er lítill trékross sem er með brotna plastplötu. Fer í 4. flokk.

**R 316** Minningarmarkið á þessum reit er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og hafa hliðarnar verið ávalar. Upphleyptur gotneskur bogi er framan á varðanum. Efst er Thorvaldsenslágmyndin *Nótt* en hún er öll sprungin. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**R 317** Kringum reitinn er járnsteypt grindverk sem fer í 1. flokk. Undir því eru hlaðnir grágrýtisdrangar. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum.
Það fyrra er pottjárnskross sem fer í 1. flokk.
Hitt minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti með innfelldri marmaraplötu á framhlið. Steinninn er afsettur á hliðum og baki en meitlaður á jöðrum. Fer í 1. flokk.

**R 318** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliði úr smíðajárni sem er að hrynja. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er mjög hár blágrýtisdrangur sem snýr í vestur. Framan á er steypt eirmynd eftir Ríkarð Jónsson frá 1919. Fyrir framan liggur lítill blágrýtisstuðull. Tvö nöfn eru þar á. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**R 319** Reitinn afmarkar steinsteyptur einstaklingsreitur með mjög þykkum veggjum en hliðararmurinn er þynnri og styttri. Að baki er hár gafl með kubbi ofan á. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er mjög stór steypt koparplata sem felld er í gaflinn og snýr í vestur. Fer í 4. flokk.

**R 320** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli, mjög sprunginn og illa farinn. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk sem öll snúa í vestur.
Fyrstu tveir steinarnir eru dökkgráleitar granítplötur sem felldar eru inn í bakkann. Fara þær í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er bogasteinn sem er slípaður að framan. Hann stendur á sökkli og sennilega undirsteini sem sést ekki. Hann er allur gróft oddhöggvinn á hliðum og baki. Efst er heil, lítil gerð af Thorvaldsenslágmyndinni *Nótt*. Fer í 2. flokk.

**R 321** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Á honum er að finna sex minningarmörk og eru þau talin hér frá suðri til norðurs.

Fyrstu tvö minningarmörkin eru sökklar úr grágrýti með krossfótum og brotnum krossum. Krossarnir munu vera til. Fer í 1. flokk.

Þriðja minningarmarkið er pottjárnskross sá eini sinnar tegundar í garðinum og fer hann í 1. flokk.

Næstu tvö minningarmörkin eru járnsteyptir geislakrossa sem fara í 1. flokk.

Sjötta minningarmarkið er ílangur mjór grágrýtissteinn sem var á leiði **O 303**. Fer í 1. flokk.

**R 322** Reiturinn er afmarkaður með grágrýtisdröngum og liggur hann í norður-suður. Á dröngunum hefur staðið járnsteypt grindverk en það er horfið. Umgjörðin fer í 3. flokk. Fjögur minningarmörk er að finna á reitnum og snúa þau í austur.

Fyrstu tveir steinarnir eru bogapúltsteinar úr grágrýti sem fara í 1. flokk.

Þriðja minningarmarkið er afar lítill flatur óbeliski úr dökku graníti á granítsökkli. Steinninn er frá Schannongsteinsmiðjunni. Fer í 2. flokk.

Fjórða minningarmarkið er líklega einnig frá Schannong. Steinninn er úr graníti og er mjög flókinn að gerð. Hann er stendur á millisteini og á sökkli. Á honum er kross með fallegum hnútum í hverjum krosskrika og meitlaður hringur. Fer í 2. flokk.

**R 401** Umhverfis reitinn er allþykkur steinsteyptur bakki með bergsalla.

Minningarmarkið er blágrýtisdrangur og framan á honum er rismynd úr eir, upphaflega mótuð af Sigurjóni Ólafssyni. Steypt vönduð koparplata er fremst. Fer í 1. flokk.

**R 402** Hér í kring er steinsteyptur bakki sem er nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það hraunhella með svartri álplötu ofan á. Þetta snýr í austur og fer í 4. flokk.

**R 402a til R 402b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**R403** Þetta er einstaklingsreitur afmarkaður af stólpagrindverki sem liggur í austur-vestur. Steinsteypt súla er í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það sérkennilegur púltsteinn úr grágrýti sem er úr lagi genginn. Hann er óreglulegur á hliðum en slípaður neðst. Inn í hann er felld marmaraplata sem er öll skófum vaxin. Hann fer í 3. flokk.

**R 403a til R 403b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**R 404** Kringum reitinn er merkilegt smíðajárnsgerði á grágrýtisundirstöðu. Fer í 1. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Fyrra minningarmarkið er frá Schannongsteinsmiðjunni það eina í garðinum af þessari gerð. Það er svört granítsúla og stendur ker á súlunni. Áletrunin er á súlunni. Fer í 1. flokk.

Hitt minningarmarkið er grágrýtissteinn með álplötu og fer hann í 4. flokk.

**R 405** Kringum þennan reit er nokkuð hár steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er breiður og hár grágrýtissteinn, um 15 cm þykkt. Í framhlið hans er felld stór svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**R 406** Þetta er afar langur reitur sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er afmarkaður af steinsteyptum bakka með bergsalla en hvorki er á honum gafl eða hliðararmur. Fer í 5. flokk. Hér eru fimm minningarmörk og snúa þau í vestur.

Fyrsta minningarmarkið er óreglulegur og mjög breiður púltsteinn úr grágrýti. Hann er þykkari neðst en efst og inn í hann er felld dökk granítplata með hvítmáluðu letri. Fer í 3. flokk.

Annar steinninn er nútímalegur granítsteinn á steinsteyptum undirsteini en sökkli úr sama efni. Steinninn hallar mikið. Þetta er ílangur, skorinn grágrýtisferningur með meitluðu eða blásnu letri og skemmtilegu skrauti í hornunum. Fer í 3. flokk.

Þriðja minningarmarkið er pottjárnskross í góðu ástandi og stendur á undirsteini úr grágrýti. Fer í 1. flokk.

Það fjórða er heill grágrýtispúltsteinn. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

Fimmta minningarmarkið er nútímalegur steinn. Þetta er hvít marmaraplata, bogadregin að ofan með örlitlum aflíðandi öxlum. Fugl situr þar ofan á. Þetta hvílir allt á undirsteini úr marmarasalla. Fer í 4. flokk.

**R 407** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**R 407a til R 407b** Ekkert minningarmark er að finna á þessum tveimur leiðum.

**R 408** Umhverfis reitinn er hár og mikill steinsteyptur bakki með þrisvar sinnum þremur súlum ofan á og hafa legið keðjur á milli sem nú eru horfnar. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það fyrra er grænleitur oddlaga steinn, líklega úr gabbró, sem er slípaður að framan en óreglulegur á hliðum. Hann hvílir á slípuðum undirsteini úr svipuðu efni. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

Seinna minningarmarkið er fjörugrjót sem er sandblásið og eftir stendur upphleypt letur. Fer í 4. flokk.

**R 409** Kringum reitinn er járnsteypt grindverk sem fer í 1. flokk. Þetta er einn hæsti grágrýtisvarðinn í garðinum. Ofan á varðanum er topphnallur. Sjálfur stendur varðinn á millikraga. Þar fyrir neðan er sökkull á millisteini og undirsteini. Varðinn er mjög farinn að veðrast og flagna. Á honum er heill Thorvaldsensplatti. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**R 410** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur.

Þetta er granítsteinn um 150 cm á hæð og óslípaður á öllum köntum. Hann stendur á nokkuð ójöfnum grágrýtissteini. Áletrunin er nú orðin nánast ólæsileg. Fer í 4. flokk.

**R 411** Umhverfis reitinn er hlaðinn bakki úr hleðslusteini í lélegu ásandi. Fer í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk.

Það vestra er með þeim stærstu í garðinum og vel þekkt. Það fer í 1. flokk.

Fyrir framan er steinsteyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**R 412*** Kringum reitinn er járnsteypt grindverk sem fer í 1. flokk.
Þrjú minningarmörk eru hér á reitnum og eru það fyrsta og þriðja alveg eins. Þetta eru stórir og miklir svartir granítkrossar. Áletrunin er á krossörmunum. Þeir standa á stórum sökkli úr sama efni og er hann oddhöggvinn. Líklegast eru steinarnir frá Schannong. Fara í 2. flokk.
Annar steinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Á varðanum er merkileg táknmynd; sorgarker með slöri, kyndli og viðargrein. Fer í 2. flokk.

**R 413** Umhverfis reitinn er hár steinsteyptur bakki sem er sléttfylltur og fer hann í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum og er það blágrýtispúltsteinn með áletrun sem er með prentstöfum en ekki upphafsstöfum. Fer í 4. flokk.

**R 413a** Ekkert er á þessu leiði.

**R 414** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Hér eru fjögur minningarmörk sem snúa í vestur.
Fyrsti steinninn sem er syðst er steinsteyptur og settur granítsalla. Steinninn er á steyptum undirsteini. Áletrunin er sett með koparletri. Fer í 4. flokk.
Annar steinninn er mjög brattur steyptur púltsteinn sem er mjög sprunginn. Í hann er felld dökk plata úr graníti. Fer í 4. flokk.
Þriðji og fjórði legsteinninn eru alveg eins. Þetta eru steyptir púltsteinar sem fara í 3. flokk.

**R 415** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem er víðast sprunginn. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**R 416** Hvorki er að finna hér gerði né minningarmark.

**R 417** Minningarmarkið er stór og mikill granítsteinn á afar stórum sökkli. Steinninn er líklega frá Schannong og fer í 2. flokk. Ekkert gerði er kringum reitinn.

**R 417a** Ekkert er hér að finna.

**R 418 Reitur Jóns Sigurðssonar**. Kringum reitinn er pottjárnsgrindverk á meitluðum grágrýtisdröngum. Fer í 1. flokk.
Minningarmörkin reiknast hér vera tvö. Vestast er hár óbeliski úr graníti með rismynd Jóns úr eir. Fer í 1. flokk.
Fyrir framan óbeliskan er grágrýtispúltsteinn með svartri granítplötu í bakkanum. Fer í 1. flokk.

**R 419** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki. Líklega hefur hér verið smíðajárnsgerði en er nú horfið. Fer í 5. flokk. Hér í reitnum eru 10 minningarmörk sem öll snúa í austur.
Fyrstu þrír legsteinarnir eru eins. Þetta eru heilskornir, svartir granítkrossar með hamarslagi á höfuðarmi og endum. Fara í 4. flokk.
Þeir fjórðu og fimmtu eru merkilegir og fara í 1. flokk.
Síðustu fimm legsteinarnir eru allt svartar granítplötur sem hvíla á steinflísum. Fara í 4. flokk.

**R 420** Reitinn afmarkar pottjárnsgrindverk í mjög góðu ástandi. Fer í 1. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru grágrýtispúltsteinar með hvítri marmaraplötu og fara í 1. flokk.

**R 421** Kringum reitinn er þykkur steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk.

**R 422** Umhverfis reitinn er járnsteypt grindverk sem hvílir á miklum grágrýtisdröngum. Það er brotið á nokkrum stöðum og hefur víða verið soðið. Fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er hér að sjá og snýr það í austur. Þetta er bogasteinn úr mjög dökku graníti, slípaður að framan en er annars allur afsettur. Hann stendur á lágum sökkli úr sama efni. Fer í 1. flokk.

**R 423** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og mjög háum gafli. Hann liggur í norðursuður. Fer í 5. flokk. Hér eru fjögur minningarmörk sem snúa í austur.

Það fyrsta er ílöng grágrýtisplata sem er innfelld í gaflinn og fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er púltsteinn sem fer í 2. flokk.

Tvö síðustu minningarmörkin eru alveg eins. Þetta eru marmarabækur með englamynd framan á. Fara í 4. flokk.

**R 501** Kringum reitinn eru hlaðnir grágrýtisdrangar en þar ofan á er járnsteypt gerði. Fer í 1. flokk. Minningarmörkin á reitnum eru tvö. Það fyrra er klassískur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Ofarlega í varða er lágmynd Thorvaldsens *Dagur*. Á efstu jöðrum sökkulsins eru laufabekkir en framan á er heiðurssveigur. Fer í 1. flokk.

Fyrir framan er grágrýtispúlt með svartri granítplötu í bakkanum. Fer í 1. flokk.

**R 502** Umverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum sem snúa í vestur.

Það fyrra er lágur grágrýtisvarði með úthöggnu handabandi. Það fer í 1. flokk. Hitt er mjög flatur, heilskorinn púltsteinn úr blágrýti. Fer í 2. flokk.

**R 503** Kringum reitinn er steyptur bakki með steinsteyptum súlum í hverju horni og bronsuðum málpípum á milli. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í austur, er klassískur púltsteinn með afsettum hliðum en meitluðum brúnum og hvítri innfelldri marmaraplötu sem hefur verið málað ofan í með svörtu. Fer í 2. flokk.

**R 504** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er óbeliski á sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr graníti. Þetta er eina minningarmark sinnar tegundar í garðinum. Fer í 1. flokk.

**R 505** Umhverfis reitinn er steyptur bakki og ofan á honum pottjárnsgrindverk sem hefur verið lagfært. Fer í 1. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum.

Þetta er flatur óbeliski úr svörtu graníti á sökkli og undirsteini sem fer í 2. flokk.

**R 506** Umverfis reitinn er allhár steinsteyptur bakki. Ofan á honum er smíðajárnsgerði í lélegu ástandi. Fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er mjög brattur og fallegur púltsteinn. Á framhlið hans er granítplata. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 3. flokk.

**R 506a** Þessi reitur er næst stígnum. Ekkert er þar að finna.

**R 507** Kringum reitinn er stólpagerði með 2x4 oddhöggnum grágrýtissúlum og er lengdin öll í norður-suður. Tvær svartmálaðar pípur ganga á milli súlnanna en það vantar eina í suðausturhorninu. Þetta gerði fer í 3. flokk. Hér á reit eru þrjú minningarmörk, allt saman flatir óbeliskar sem snúa í austur.

Fyrsti steinninn er flatur óbeliski með meitluðum upphafsstöfum latínuleturs og stendur á sökkli og undirsteini. Fer í 3. flokk.

Annar steinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Hann er brotinn og eitthvað hefur staðið á honum efst en er nú horfið. Letrið er nokkuð farið að veðrast. Hann fer í 3. flokk.

Þriðji steinninn er flatur óbeliski. Hann virðist hafa verið slípaður og skerpt á letrinu. Hann snýr í austur en er farinn að hallast nokkuð til norðurs. Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**R 507a** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

**R 508** Umhverfis reitinn er ílangur bakki með tvöföldum hliðarörmum. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark.

**R 508a** Ekkert er hér að finna.

**R 509** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og snýr í austur. Ofarlega er Thorvaldsenslágmyndin *Nótt*, alveg heil. Fer í 2. flokk.

**R 510** Minningarmarkið er oddhöggvinn bogasteinn úr grágrýti. Hann stendur á sökkli og undirsteini. Hvít marmaraplata er á framhlið. Fer í 1. flokk.

**R 511** Steinsteyptur púltsteinn með innfelldri granítplötu. Áletrunarflöturinn er sandblásinn niður með nokkruð grófri áferð og letrið er upphleypt. Fer í 4. flokk.

**R 512** Steyptur bakki afmarkar þennan einstaklingsreit. Skrautflísum er hlaðið í kring. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er breiður marmaraþekjusteinn með þremur hliðardröngum. Á steininum eru koparstafir. Fer í 4. flokk.

**R 513** Kringum reitinn er allhár ílangur steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum.

Fyrri steinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Sökkullinn er oddhöggvinn. Þetta er ekki mjög veðrað og er í ágætisástandi. Fer í 3. flokk.

Annar steinninn snýr í vestur. Það er brattur grágrýtissteinn með púltsteinslagi og fer í 4. flokk.

**R 514** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn með innfelldri marmaraplötu. Á henni er gyllt álplata. Fer í 4. flokk.

**R 515** Kringum reitinn er afar langur steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Á honum er hliðararmur og nokkuð hár gafl. Hann fer í 5. flokk. Sjö minningarmörk eru á reitnum og öll snúa þau í austur.

Fyrsta minningarmarkið er álplata sem fer í 4. flokk.
Annað minningarmarkið er ílangur blágrýtisferhyrningur á skornum undirsteini úr blágrýti. Fer í 4. flokk.
Þriðja minningarmarkið er svört álplata sem skrúfuð er í bakkann og fer í 4. flokk.
Það fjórða er steypt álplata sem einnig er skrúfuð í bakkann og fer í 4. flokk.
Fimmta minningarmarkið er granítplata sem felld er inn í bakkann og fer í 4. flokk.
Það sjötta er mjög lítill þekjusteinn með máðu letri. Hann fer í 2. flokk.
Sjöunda minningarmarkið er svört álplata sem er skrúfuð í bakkann. Fer í 4. flokk.

**R 516** Kringum reitinn er stólpagerði með 2x3 súlum og liggja tvær pípur á milli. Það vantar þó tvær pípur í austurhornið. Lengdin er í norður-suður. Fer í 3. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er allstór púltsteinn sem hallast um $10^{o}$ lóðrétt. Framan í honum er marmaraplata sem nú er ólæsileg með öllu. Fer í 2. flokk.

**R 516a** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er breiður marmaraþekjusteinn með þremur hliðardröngum. Fer í 4. flokk.

**R 517** Ekkert gerði umlykur reitinn.
Minningarmarkið er steinn úr rauðleitri steypu. Áletrun: „*Mærðugt, fagurt er ljós á vegum minninganna, mín móðir og ömmu.*“ Platan er mjög illa farin. Legsteinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**R 518** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á oddhöggnum sökkli og snýr í austur. Varðinn hefur rúnnaðar hliðar þannig að hann virðist vera með topphnalli þó að hann sé það í raun ekki. Fer í 3. flokk.

**R 519** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Minningarmarkið, sem snýr í austur, er svartur bogasteinn úr graníti, á undirsteini úr sama efni. Framan á honum er harpa. Fer í 3. flokk.

**R 520** Ekkert afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er stór grágrýtissteinn með dropaformi og snýr í austur. Á hann er meitluð harpa og fer steinninn í 1. flokk.

**R 521*** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x3 steinsteyptum súlum og tveimur pípum á milli. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum. Það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið er vel skýrt. Líklega hefur verið lágmynd á varðanum og handaband neðst. Steinninn fer í 2. flokk. Snýr í austur.

**R 522** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að sjá.

**R 523** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli afmarkar reitinn. Hann fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú og snúa í austur.
Þetta eru sporöskjulaga álplötur sem eru skrúfaðar í bakkann og fara þær allar í 4. flokk.

**R 523a** Hér er ekkert að sjá.

**R 524** Kringum reitinn er þó nokkuð langur bakki sem snýr frá norðri til suðurs. Ofan á honum eru merkilegar granítsúlur. Þær eru með pýramídaþekju og laufabekk neðst. Þær virðast gamlar og að hafa verið settar ofan á yngri steinsteyptan kant. Þetta gerði fer í 3. flokk. Pípur liggja á milli þeirra og eru nánast að detta af. Hér eru sex minningarmörk.

Það fyrsta er sérkennilegur steinn sem virðist vera úr grágrýti og er eins og hús í laginu. Á hvorri hlið þaksins eru áletranir og vísar önnur í suður og hin í norður. Fer í 3. flokk.

Næstu tvö eru nokkuð háir grágrýtisferningar sem hvíla á bakkanum og horfa í austur. Fara í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er steinsteypt. Inn í steininn er felld þunn grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Það fimmta er gríðarlega mikill heill púltsteinn úr grágrýti. Á honum er stór áletrunarflötur sem virðist oddhöggvinn. Eina áletrunin er „*Bagga*“. Fer í 3. flokk.

Sjötta minningarmarkið er nútímalegur varði sem er þykkari neðst en efst og eru meitlaðir í hann þrír krossar sem látnir eru líta út fyrir að vera á hreyfingu. Fer í 3. flokk.

# Reitasafn S

## *REITASAFN S*

**S 101** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi. Hann er settur bergsalla og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Það fyrra er stór og breiður steyptur púltsteinn með innfelldri steyptri koparplötu. Snýr í vestur og fer í 4. flokk.

Því næst er hér heill púltsteinn úr grágrýti með hjartalaga áletrunarfleti og tveimur viðargreinum efst. Það eina sem stendur á steininum er „*Hlíf*“. Steinninn fer í 3. flokk.

**S 102** Umhverfis reitinn er stólpagerði. Í hverju horni er grágrýtisstólpi og ganga tvær súlur á milli. Fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 103** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmörkin eru tveir hvítmálaðir furukrossar. Engin spjöld eru á þeim. Fara í 4. flokk.

**S 104** Steinsteyptur ferhyrndur bakki afmarkar reitinn. Hann er settur bergsalla og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 104a** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Tvö minningarmörk eru hér.

Það fyrra er grjótdrangur með áfastri plastplötu. Snýr í vestur og fer í 4. flokk.

Hinn legsteinninn er blágrýtisvarði á blágrýtisundirsteini. Fer í 4. flokk.

**S 105** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan einstaklingsreit. Fer í 5. flokk. Hann er samsteyptur með næsta bakka hér á eftir sem er við hliðina og skilur steyptur kantur á milli. Eitt minningarmark er á reitnum.

Þetta er trékross með álplötu. Fer í 4. flokk.

**S 106** Hér á þessum reit er lítill heill granítsteinn með púltsteinsformi. Fer í 4. flokk.

**S 107** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér og er þetta líparítdrangur með plastplötu. Fer í 4. flokk.

**S 108** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér. Þetta er grágrýtissteinn sem er óreglulega höggvinn. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**S 109 og S 109a til S 109c** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**S 110*** Sandsteinninn sem hér á að vera er í sýningarreit í Fossvogi. Fer í 1. flokk.

**S 110a** Ekkert er hér að finna

**S 111** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er að finna hér. Það er úr heilum blágrásilfruðum granítsteini og hefur púltsteinsform. Efri hliðarbrúnir eru rúnnaðar og letrið er upphleypt á bekkjum. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**S 112** Steinsteypur allhár bakki afmarkar reitinn. Hann er í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er svartur furukross með koparplötu sem grafið er í. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**S 113** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Aðeins eitt minningarmark er á leiðinu. Þetta er trékross sem fer í 4. flokk.

**S 113a til S 113c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**S 114** Mjög stór og mikill steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann fer í 5. flokk. Á honum eru fjögur minningarmörk sem öll snúa í austur.

Það fyrsta er trékross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn með blágrárri granítplötu og er hún með sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

Í þriðja lagi er steinsteyptur púltsteinn með granítplötu sem felld er í púltið. Fer í 4. flokk.

Að síðustu er á reitnum steinsteyptur heill púltsteinn með steyptri koparplötu sem felld er inn í framhliðina. Hann er mjög skemmdur. Fer í 4. flokk.

**S 115** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem snýr í vestur. Á honum er gafl og hliðararmur. Fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk.

Þetta eru allt svartar ílangar granítplötur með bekkjum og upphleyptu letri. Fara í 4. flokk.

**S 116*** Kringum reitinn eru hlaðnir kantsteinar og eru steinsteyptir steinar að framanverðu. Umgjörðin fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í vestur.

Fyrra minningarmarkið er varði úr graníti sem er mun þykkari neðst en efst. Varðinn er gljáslípaður að framan en mattur á öðrum hliðum. Hann hvílir á skornum undirsteini úr graníti. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er járnsteyptur kross. Fer í 1. flokk.

**S 117** Kringum reitinn er hár steinsteyptur bakki með skeljasandi. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Á reitnum eru tvö minningarmörk og vísa þau í vestur.

Það fyrra er blágrýtisvarði sem er óreglulegur á þaki og hliðum en slípaður að framan. Hann er á möttum skornum undirsteini úr sama efni. Fer í 4. flokk.

Hinn legsteinninn, sem er fyrir framan þann fyrri er heill flatur grágrýtissteinn sem er nokkuð hærri að aftan en framan og er því hálfgerður púltsteinn. Fer í 4. flokk.

**S 118** Einstaklingsreitur með steyptum bakka í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Það er heill grágrýtissteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**S 119*** Umhverfis reitinn er illa farinn steinsteyptur bakki sem allur er að grotna niður. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti á sökkli úr sama efni og er bakhliðin nokkuð veðruð. Efst er lágmynd Thorvaldsens *Nótt* og er hann sprunginn. Legsteinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**S 120** Umhverfis reitinn er hár steinsteyptur bakki settur bergmylsnu. Á honum er hár gafl. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 120a** Ekkert er hér að finna.

**S 121** Steinsteyptur bakki er kringum þennan einstaklingsreit. Hann er með tveimur hliðarörmum og gafli og settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á leiðinu.

**S 122** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk. Í gaflinn er felld svört granítplata með sandblásnu letri. Platan nýr í austur og fer í 4. flokk.

**S122a** Ekkert er hér að finna.

**S 123** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Á honum eru tveir hliðararmar. Þessi bakki fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna sem snúa í austur.

Það fyrra er grágrýtisplata sem felld er inn í bakkann. Hún hefur upphleypt letur á bekkjum og fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er hvít marmaraplata sem einnig er felld í gaflinn. Það fer einnig í 4. flokk.

**S 124** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 124a** Ekkert er hér að sjá.

**S 125** Steinsteyptur bakki kringum einstaklingsreit. Hann fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 125a til S 125c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**S 127** Kringum þennan einstaklingsreit er illa farinn steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna sem snýr í vestur. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini sem sést ekki. Allur leturbekkurinn er sandblásinn og letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**S 127a** Ekkert er hér að finna.

**S 127b** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er að finna á reitnum. Þetta er hvít marmaraplata sem er bogadregin að ofan og mjókkar niður í litlar axlir. Hún hallar upp að steini úr marmarasallasteypu. Efst er róðukross. Snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**S 127c** Engin umgjörð er kringum reitinn. Minningarmarkið er heill skorinn grágrýtis-púltsteinn með sandblásnum bekkjum og er letrið upphleypt. Fer í 4. flokk.

**S 128** Í kringum reitinn er merkilegt stólpagerði í afar lélegu ástandi. Fer í 4. flokk. Minningarmarkið er óbeliski á sökkli og undirsteini með marmaraplötu. Steinninn hvílir á blágrýtisdröngum. Steinninn fer í 2. flokk.

**S 129** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Pússningin er víða farin af. Bergsalli sýnist hafa verið á þessu. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er að finna á reitnum sem snýr í austur. Þetta er rauðleit granítplata sem felld er inn í gaflinn. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**S 129a** Ekkert er hér að finna.

**S 130** Steinsteyptur bakki með gafli en engum hliðararmi og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 131** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er hvítmálaður furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**S 132** Á reitnum er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli. Efst er Thorvaldsenslágmyndin *Nótt* og virðist hún vera alveg heil. Letrið er meitlað með venjulegum máta. Fer í 2. flokk.

**S 133** Minningarmarkið er steyptur steinn með púltsteinsformi. Hann hefur verið hvítmálaður og inn í hann felld járnsteypt koparplata sem er bogadregin að ofan með litlum öxlum. Fer í 4. flokk.

**S 134** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**S 135** Umhverfis reitinn er steyptur bakki, helmingi hærri en sá í S134. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 136** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá. Þetta er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi. Í hann er felld steypt koparplata, bogadregin að ofan með öxlum. Minningarmarkið vísar í austur og fer í 4. flokk.

**S 137** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og vísa í austur.

Það fyrsta er skorinn blágrýtisdrangur með mattslípaða framhlið. Fer í 4. flokk.

Hitt er lítill legsteinn sem er með púltsteinsformi. Hann er tiltölulega flatur úr dökku graníti. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**S 138** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er gamall trékross í lélegu ástandi og ekki með neinu marki á. Fer í 4. flokk.

**S 139** Ekkert er hér að finna.

**S 140** Reitinn afmarkar ferningslaga stólpagerði. Í hverju horni eru oddhöggnir grágrýtisstólpar og ganga tvær pípur á milli stólpanna. Gerðið fer í 3. flokk.

Á vesturhliðinni er steypt koparplata sem snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**S 141** Kringum reitinn er stólpagerði. Stólparnir eru með pýramídaþekju og hafa rúnnaðar hliðar. Þrjár pípur ganga á milli hverra stólpa en þær vantar austan megin. Fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 142** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er nokkuð flatur steinsteyptur steinn með púltsteinslagi. Á hann er fest svört álplata sem vísar til vesturs og fer þetta í 4. flokk.

**S 201** Umhverfis reitinn er steinsteyptur ferningslaga bakki settur bergsalla. Hvorki er á honum gafl né hliðararmur. Umgjörðin fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér sem snýr til austurs. Þetta er dökkur granítsteinn. Hann er bogadreginn með mjög lágum boga. Letrið og skreytið er blásið ofan í. Hann hvílir á möttum, skornum undirsteini. Fer í 4. flokk.

**S 202** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Tvö minningarmörk er hér að finna sem snúa í austur.
Annað er marmaraplata sem hallast upp að stoð úr marmarasalla. Efstu hornin eru stífð niður. Koparletur er á steininum. Fer í 4. flokk.
Hitt er bogasteinn sem er mun þykkari neðst en efst. Hann er á undirsteini eða sökkli sem er mikill og digur með stórar breiðar brúnir en óskreyttur. Letrið á steininum er orðið mjög máð. Efst er lítil gerð af Thorvaldsenslágmyndinni *Degi* og er hún heil. Fer í 2. flokk.

**S 203** Ekkert gerði er kringum reitinn. Tvö minningarmörk eru á honum sem vísa í austur.
Það fyrra er furukross með svartri plastplötu, fer í 4. flokk.
Hitt minningarmarkið er marmaraplata sem er alveg eins og sú í **S 202** og fer hún í 4. flokk.

**S 204** Kringum reitinn eru hlaðnir trjádrumbar og fjöru- og hraungrýti. Varla hægt að kalla þetta gerði en fer í 5. flokk.
Fyrra minningarmarkið er marmarabók sem er á grágrýtisundirstöðu með tveimur súlum og undirsteini. Þetta er mjög lítið og nútímalegt. Fer í 4. flokk.
Hitt minningarmarkið er marmaraplata sem hvílir á steyptum undirsteini úr marmarasalla. Tveir bogar eru sitt hvorum megin við miðjuna efst og liggja upp á við. Fer í 4. flokk. Bæði minningarmörkin snúa í austur.

**S 204a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**S 205** Hér er steinsteyptur bakki í kringum einstaklingsreit. Hann er með hliðararmi og lágum gafli. Þetta er mjög lágt allt saman og mosavaxið. Bakkinn hefur verið málaður og er í slæmu ástandi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er að finna á reitnum. Það er mjög ílöng og lág plata úr hrafntinnu eða gleri. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**S 206** Umhverfis reitinn er mjög lágur steinsteyptur bakki og liggur hann alveg við jörðu. Hann er mosavaxinn en í ágætisástandi. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**S 207** Kringum reitinn er nýmálaður hvítur steinsteyptur bakki. Hann hefur ekki hliðararma en mjög háan gafl. Gaflinn snýr í austur. Þessi bakki fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum.

Það fyrsta er marmaraplata með mjög lágum boga efst. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er hvít marmaraplata sem er sprungin. Hún er ílöng og horfir í austur. Fer í 4. flokk.

**S 208** Umhverfis reitinn er steinsteyptur ferningslaga reitur, hvítmálaður og í ágætisástandi. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum sem snúa í vestur.

Fyrsta og þriðja minningarmarkið eru alveg eins. Þetta eru lágir blágrýtisvarðar sem eru þrisvar sinnum þykkari neðst en efst og hvíla á skornum möttum blágrýtiskubbi. Letrið er sandblásið og er málað með hvítu í þriðja steininum. Þessir tveir steinar fara í 4. flokk.

Annar legsteinninn er stór varði, um 80 cm á hæð en aðeins um 5-6 cm á þykkt. Hann hvílir á undirsteini úr hvítum marmara og efst er stór og mikill marmarakross. Fyrir miðju efst er lítil sandblásin englamynd. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**S 208a til S 208b** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**S 209** Steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli afmarka reitinn. Ofan á þessu eru steyptar plötur. Hann er í sæmilegu ástandi og er grænmálaður. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur.

Það fyrsta er svört álplata sem fest er í gaflinn. Hún hefur komið í staðinn fyrir aðra plötu sem þar hefur átt að vera. Það hefur verið tekið úr fyrir henni en hún aldrei sett í. Fer í 4. flokk.

Hitt er ílöng grágrýtisplata með upphleyptu letri á sandblásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**S 209a** Ekkert minningarmark er að finna á þessu leiði.

**S 210** Umverfis þennan einstaklingsreit er stólpagerði. Í hverju horni er meitluð grágrýtissúla og ganga tvær pípur á milli. Þetta gerði fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er lágur, flatur óbeliski úr graníti á lágum sökkli. Legsteinninn snýr í vestur. Skraut er skorið út efst en það er mjög óskýrt sem og letrið. Líklega er steinninn frá Schannong. Fer í 4. flokk.

**S 210a** Hér er ekkert minningarmark.

**S 211** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki og er lengdin í norður-suður. Hann er í ágætisástandi þó að aðeins sé farið að molna upp úr pússningunni. Fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk sem snúa í vestur.

Það fyrsta er grágrýtisvarði sem er meiri á breidd en hæð. Hornin efst eru ávöl. Hann hvílir á undirsteini úr sama efni. Á framhliðinni er felld í varðann svört granítplata. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er grágrýtiskubbur á breiðum og miklum grágrýtisundirsteini. Á toppnum eru þrír stallar og þar ofan á stendur hvít stytta af engli sem er alveg heil. Framan í kubbinn er felld marmaraplata. Fer í 2. flokk.

Þriðja minningarmarkið er granítvarði á granítundirstöðu. Hann er mjög óreglulegur og hliðarnar eru afsettar. Letrið er upphleypt á bekkjum og undirsteinninn er afsettur. Fer í 4. flokk.

**S 212** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með bergsalla, sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtiskubbur sem ekki er ýkja langur. Framhliðin er sandblásin og letrið er upphleypt. Fer í 4. flokk.

**S 213** Steinsteyptur bakki umlykur reitinn. Hann er með löngum hliðararmi, háum gafli og steinsteyptum planka ofan á. Bakkinn er settur marmarasalla og er hann hvítmálaður. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru grágrýtisplötur sem eru skrúfaðar eða felldar inn í bakkann. Þær eru allar á hæðina miðað við breiddina og letrið er sandblásið ofan í og málað hvítt. Neðst á plötunum er handaband. Plöturnar fara í 2. flokk vegna táknfræði.

**S 214** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**S 215** Í kringum þennan smáa reit er lítil trégrind, sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lítil fjörugrjótstafla sem er ávöl og slípuð. Snýr í austur og fer í 3. flokk.

**S 215a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**S 216** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Lengdin er í austur-vestur. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að sjá.

**S 217** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Í hverju horni eru steyptar súlur og ein pípa gengur á milli þeirra. Þessi bakki fer í 4. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur.

Þetta er steinsteyptur púltsteinn. Inn í hann er felld svört granítplata, með upphleyptu letri á sandblásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**S 218** Steinsteytpur bakki afmarkar reitinn og snýr hann í norður-suður. Fer í 5. flokk. Hér eru þrjú merkileg minningarmörk.

Það fyrsta er allhár, flatur óbeliski á sökkli sem er mjög siginn. Letrið er orðið nokkuð máð. Thorvarldsenslágmyndin *Nótt* er felld í varðann og er hún alveg heil. Neðst á varðanum er heilt handaband. Fer í 2. flokk.

Annar legsteinninn er bogasteinn sem er mjög þunnur efst en þykknar þegar neðar dregur. Hann er slípaður að framan en mjög afsettur og óreglulegur á hliðum og baki. Ofarlega á honum er Thorvaldsenslágmyndin *Dagur* og er hún heil. Áletrunarflöturinn er meitlaður niður og letrið upphleypt. Fer í 2. flokk.

Þriðja og síðasta minningarmarkið er stór og óreglulegur líparítsteinn. Hann er skorinn og slípaður að framan og er með koparletri. Fer í 4. flokk.

**S 219** Ekkert gerði er kringum reitinn en hér eru tveir steyptir kubbar sem afmarka höfða- og fótagafl. Ekkert minningarmark er á reitnum. Fer í 5. flokk.

**S 220** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki. Pússningin er nokkuð farin að flagna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er mjög þykkur flatur óbeliski sem snýr í vestur. Ekki sést hvort hann hvílir á sökkli eða undirsteini. Letrið er sandblásið og er það orðið nokkuð máð. Fer í 3. flokk.

**S 221** Kringum reitinn eru miklir og digrir grágrýtisstuðlar. Þetta eru 3x3 afsettir grágrýtisdrangar og liggja þykkar keðjur á milli.

Minningarmarkið er merkilegur steinn í stuðlabergsstíl og snýr hann í austur. Neðst er mikill og digur undirsteinn sem er ferhyrningslaga, annar slíkur en þó minni er ofan á honum. Því næst kemur nokkuð hár og breiðari varði. Þar fyrir ofan eru fimm súlur og þverhlað. Efst er einnig hlað og hefur klassískt form. Bæði gerði og varði fara í 2. flokk.

**S 222** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er ferningslaga, nokkuð hár og í góðu ástandi. Pússningin er þó aðeins farinn að flagna. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum em það er nokkuð sérkennilegur fjörusteinn. Hann er eins og fingur sem vísar upp í loftið og hefur aðeins eina öxl, sem er hægra megin. Steinninn horfir til vesturs. Leturflöturinn er sandblásinn og letrið er upphleypt. Efst er mjög sérkennilegt krossmark. Steinninn hefur staðið á steyptum undirsteini sem hefur látið undan síga og er hann nú fallinn en hallast upp að nágranna bakkanum. Steinninn fer í 3. flokk.

**S 222a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**S 223** Stór steinsteyptur bakki umlykur reitinn og er lengdin öll í austur-vestur. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum sem vísa í austur og eru um það bil fyrir miðjum reitnum.

Það fyrsta er steyptur liggjandi steinn. Hann er aðeins hærri að vestanverðu. Í steininn er skrúfuð steypt álplata sem er bogadregin að ofan og með öxlum. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er granítplata sem hvílir upp að stuðningssteini úr marmarasalla. Platan er mjög þunn, hún er skorin og sneydd að ofan. Letrið er sett með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**S 223a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**S 224** Kringum reitinn er mjög lágur, steinsteyptur bakki. Pússningin er víða flögnuð af. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að sjá og þau snúa í austur.

Það fyrsta er lágur flatur óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini. Allt er þetta er nokkuð sigið. Efst í varðann er felld lágmyndin *Dagur*. Hún er mjög skófum vaxin en virðist vera heil. Málað hefur verið ofan í letrið með gráu efni. Fer í 2. flokk.

Annað minningarmarkið mætti fremur kalla þekjustein en flatan óbeliska vegna þess hve lágur varðinn er. Efst hefur verið einhverskonar marmaramynd en hún er nú horfin og stauturinn aðeins eftir. Letrið er orðið nokkuð máð. Fer í 3. flokk.

Þriðja minningarmarkið er þykkur og mikill flatur óbeliski á sökkli. Hann er jafnþykkur neðst og efst og virðist vera allur nýslípaður á öllum hliðum. Áletrunin er upphleypt á bekkjum og hefur verið málað ofan í hana en hún er mjög farin að dofna. Fer í 4. flokk.

**S 225** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er steinsteyptur púltsteinn sem í er felld hvít marmaraplata með upphleyptu letri á bekkjum. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**S 226** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmarkið er sérkennilegur og skemmtilegur legsteinn. Þetta er hár ferhyrningslaga varði. Efst er þverkubbur sem er minni en varðinn sjálfur. Varðinn er með upphleyptu letri á bekkjum. Neðst er sökkull sem er kubbslaga og má glögglega sjá stuðlabergsstílinn koma fram í honum. Fer í 3. flokk.

**S 227** Kringum reitinn er stólpagerði. Steinsteyptar súlur eru í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er lítill og þunnur varði með ávölum hornum úr tékknesku graníti. Fer í 4. flokk.

**S 227a** Ekkert er hér að finna.

**S 228** Minningarmarkið er hvítur trékross með skrautlegum höfuð- og hliðarörmum. Krossinn snýr í austur. Á hann miðjan er skrúfuð silfurplata. Fer í 2. flokk.

**S 229** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur hár bakki sem er að hruni kominn. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er dökk granítplata sem er öll á hæðina. Hún vísar í austur og hallar upp að tré sem er á leiðinu. Fer í 4. flokk.

**S 230** Steinsteyptur bakki með hliðarmi og gafli afmarkar reitinn. Bakkinn er settur bergmylsnu og snýr í austur. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru hér. Þetta eru hvort tveggja ílangar granítplötur og fara þær í 4. flokk.

**S 231** Umhverfis leiðin er steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er með tveimur hliðarörmum og gafli sem er ögn hærri en armarnir. Fer í 5. flokk.

Fimm minningarmörk eru á reitnum. Fyrstu fjögur minningarmörkin eru eins. Þetta eru dökkleitar granítplötur sem eru allar á hæðina. Á fyrstu plötunni eru rósir úr messing skrúfaðar á öll hornin. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekk. Á annarri plötunni stendur neðst: *„Trú, von og kærleikur. Þeir sem guðirnir elska deyja ungir.“* Á þriðju plötunni er harpa og þar stendur: *„Sá sem skilur mennina elskar þá.“* Á fjórðu plötunni stendur: *„Trú, von og kærleikur. Þeirra er kærleikurinn mestur.“* Allar fjórar plöturnar fara í 4. flokk.

Fyrir framan og á milli fyrstu og annarrar plötunnar liggur mjög lítið grágrýtispúlt. Það er lítil marmaraplata sem öll er á hæðina sem liggur í púltinu. Fer í 3. flokk.

**S 231a til S 231b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**S 232** Kringum þennan einstaklingsreit er stólpagerði. Steyptir stólpar eru í hverju horni og er pússningin mjög farin að flagna af þeim. Tvær pípur liggja á milli hverra stólpa. Gerðið fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á leiðinu, yfir barni. Þetta er hár og mikill, fallegur púltsteinn sem er látinn hallast á að giska um 5°. Hann er oddhöggvinn á hliðum en fínna höggvinn að framan og hvílir á háum kanti og mjög stórum og breiðum undirsteini. Hvít marmaraplata liggur í púltinu. Steinninn snýr í vestur og fer í 3. flokk.

**S 233** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og hliðararmi og er hann settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í vestur. Þetta eru tvær dökkar granítplötur sem eru allar á lengdina og er letrið sandblásið. Plöturnar fara báðar í 4. flokk.

**S 233a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**S 234*** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er grágrýtissteinn sem er mun þykkari neðst en efst og sléttur að ofan. Hann stendur á mjög þykkum og miklum undirsteini og snýr þetta í vestur. Fer í 2. flokk.

**S 235*** Reiturinn er mjög siginn. Hér er stólpagerði með 3x2 stólpum og er lengdin öll í norður-suður. Pípurnar á milli stólpanna eru bognar og það þyrfti að slétta reitinn og laga hann. Gerðið fer í 3. flokk.

Tvö minningarmörk eru hér og snúa í austur. Þetta eru púltsteinar sem halla um $10^{o}$ og eru á þeim hvítar marmaraplötur. Platan í fyrri steininum er laus. Fer í 2. flokk.

**S 236** Reitinn afmarkar steinsteyptur einstaklingsbakki með sérkennilegum gafli. Stuttir hliðararmar eru á bakkanum sem eru um 20 cm. Gaflinn er breiðari efst en neðst og steyptur planki ofan á honum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er innfelld marmaraplata sem er mjög skófum vaxin. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**S 237** Steinsteyptar súlur eru í hverju horni þessa einstaklingsreits og liggja tvær pípur á milli þeirra. Umgjörðin fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**S 238** Nokkuð hár steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er mosavaxinn og er pússningin laus og er hann ekki í sérlega góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru hér sem snúa í vestur. Þetta eru fjörugrjótssteinar sem eru sandblásnir þannig að letrið verður eitt eftir upphleypt. Fer í 4. flokk.

**S 301** Hér er ekkert að sjá.

**S 302** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er mjög fallegur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið er orðið mjög máð. Efst er Thorvaldsensverkið *Dagur*, um 12-14 cm á þykkt. Það er sprungið þvert niður. Neðst er alveg heilt handaband. Fer í 2. flokk.

**S 302a** Hér er ekkert að sjá.

**S 303** Nokkuð hár og mikill steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Upp úr bakkanum rísa 3x3 súlur og liggur keðja á milli. Bakkinn er hár og skemmtilegur og þyrfti að reyna halda í hann. Fer í 4. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau bæði í austur. Það fyrra er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini með rúnnuðum hliðum. Fer í 3. flokk. Hinn steinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Inn í hann er felld plata með krossmarki. Platan gæti verið úr marmara eða einhverju öðru hvítu efni. Fer í 2. flokk.

**S 303a** Þetta leiði virðist ekki vera til því hér liggur stígurinn sjálfur.

**S 304** Reitinn afmarkar mjög þunnur steinsteyptur einstaklingsbakki með háum gafli og er hann settur bergsalla. Brúnirnar efst eru bogadregnar. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér sem snýr í vestur. Það er steypt marmaraplata sem fer í 4. flokk.

**S 305** Stólpagerði í kringum einstaklingsreit sem liggur í vestur. Í hornum eru tilhöggnir grágrýtisstólpar og ganga pípur á milli. Þær vantar á austurhliðinni.
Eitt minningarmark er á reitnum. Það er mjög lágur flatur óbeliski, eiginlega þekju-steinn á mjög þykkum sökkli. Fer í 3. flokk sem og gerðið.

**S 306** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum, gafli og steyptum plönkum ofan á. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér sem snýr í vestur. Þetta er blágráleit granítplata sem er felld inn í bakkann. Fer í 4. flokk.

**S 306a** Ekkert gerði umlykur reitinn.
Minningarmarkið er marmaraplata sem hallast upp að grágrýtissteini og snýr þetta í vestur. Á plötunni er mjög upphleypt letur á bekk. Fer í 4. flokk.

**S 307** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk.
Hér eru tvö minningarmörk og snúa í vestur. Það fyrra er marmaraplata sem er sandblásin þannig að eftir verður mikið og stórt upphleypt letur á áletrunarfletinum. Fer í 4. flokk. Hitt er mjög lágur og flatur óbeliski á sökkli. Efst er sandblásinn hringur með krossmarki og pálmagreinum sitt hvorum megin. Letrið er mjög hátt upp-hleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk

**S 308** Ekkert gerði er í kringum reitinn.
Minningarmarkið er fallegur hvítur steinsteyptur steinn. Efst er hringur með kross-marki og til hliðar eru nokkrir hliðararmar. Legsteininn er í þjóðernisstíl þó hann sé steinsteyptur. Dökkleit plastplata er innfelld í steininn. Fer í 2. flokk.

**S 308a** Þetta númer lendir á stígnum.

**S 309** Nokkuð hár steinsteyptur bakki með bergsalla og í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Það fyrsta er grágrýtissteinn sem er skemmtilega meitlaður. Hann er bogadreginn að ofan og er boginn nokkuð ílangur. Þetta er nokkuð stór púltsteinn sem er höggvinn þannig að bakki er undir og hvílir á honum dökk granítplata með sandblásnu letri frekar en meitluðu. Platan gæti verið eitthvað nýrri en steinninn. Þetta er skemmtilega formaður steinn og fer í 3. flokk.
Annað minningarmarkið er blágrýtisvarði, mun þykkari neðst en efst en sléttur að ofan. Hann hvílir á skornum blágrýtiskubbi. Fer í 4. flokk.
Það þriðja er grágrýtissteinn, sléttur að ofan og svipaður í laginu og fyrsti steinninn nema hann er ekki bogadreginn. Í hann er felld dökk granítplata sem er öll á hæðina. Neðst er steinninn merktur P. Schannong. Minningarmarkið er frá 1904 og fer í 2. flokk.

**S 310** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Tvö minningarmörk tilheyra reitnum og snúa þau í austur. Það fyrra er fjörusteinn með sandblásinni áletrun. Fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er dökk granítplata sem öll er á lengdina. Letrið er meitlað eða sandblásið og málað ofan í með gylltu. Þetta hvílir á undirstöðu úr grágrýti eða öðru efni. Fer í 4. flokk.

**S 311** Minningarmarkið á þessum reit er alveg eins og dökka granítplatan hér á undan. Fer í 4. flokk.

**S 312** Steyptur einstaklingsreitur með tveimur hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á leiðinu og snýr í austur. Það er innfelld steypt járnplata með svörtu letri. Hún fer í 4. flokk.

**S 313** Hár steinsteyptur bakki í kringum einstaklingsreit, þrír þunnir hliðararmar og gafl. Fer í 5. flokk.
Hér er eitt minningarmark sem snýr í austur. Þetta er granítplata sem er öll á lengdina. Fer í 4. flokk.

**S 314** Minningarmarkið hér er sérkennilega samsett. Þetta er steinsteyptur kubbur og svo er steinsteyptur hallandi þríhyrningur þar ofan á. Hvít marmaraplata með upphleyptu letri liggur laus á steininum. Fer í 4. flokk.

**S 315** Steinsteyptur bakki með einum löngum hliðararmi og gafli. Allur er hann settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum sem snúa í austur. Þetta eru hvítar marmaraplötur með meitlaðri áletrun. Reynt hefur verið að mála með svörtu ofan í letrið en það hefur tekist illa og verið hætt við það. Fer í 4. flokk.

**S 316** Mjög hár steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli afmarkar reitinn. Bakkinn fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum en einnig er hér stórt tré. Fyrra minningarmarkið er plata sem felld er í gaflinn. Hún er með upphleyptu letri á bekkjum og fer í 4. flokk. Seinna minningarmarkið er svört álplata sem er skrúfuð í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**S 316a** Þetta leiði lendir á stígnum sjálfum.

**S 317** Illa farinn steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er mjög lágur, mosavaxinn og sprunginn. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að finna og snýr í austur. Þetta er varði sem er með þakhlið sem er skorin þannig að hann hallast niður á við frá vinstri til hægri. Efst er krossmark á hring sem er sandblásinn eða oddhöggvinn niður í flötinn. Áletrunarflöturinn er oddhöggvinn en letrið er upphleypt. Fer í 3. flokk.

**S 318*** Kringum reitinn er ferningslaga stólpagerði með stólpa í hverju horni og þrjár pípur liggja á milli þeirra. Neðstu pípurnar eru fallnar víðast hvar. Þetta eru stórmerkilegir oddhöggnir grágrýtisstólpar með stórum, ávölum hatti og tveimur bekkjum þar fyrir neðan. Umgjörðin fer í 1. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Á honum er stór Thorvaldsenslágmynd, *Dagur,* og er hún sprungin. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**S 319 til S 320** Í kringum reitinn er sérkennilegt gerði. Þetta virðast vera skornir grágrýtisdrangar sem eru allir ferhyrndir. Álprófíll liggur á milli þeirra. Lengdin er meiri í norður en suður. Fer í 4. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk. Þau snúa í vestur og eru úr grágrýti. Það fyrsta er nútímalegur steinn. Þakið hallar frá vinstri til hægri en annars er hann ferhyrndur á ferhyrndum sökkli. Steinninn hallast aðeins og þyrfti að hefja hann upp. Fer í 4. flokk. Seinna minningarmarkið er bogasteinn sem hefur upphaflega verið meitlaður en hefur verið slípaður niður í seinni tíma og letrið sandblásið upphleypt á bekkjum. Steinninn er frá 1908 og fer í 4. flokk.

**S 321*** Minningarmarkið er þekjupúltsteinn úr grágrýti. Hann er meitlaður þannig að látið er líta út sem framan á honum hvíli plata. Efst er lágmynd Thorvaldsens *Nótt*. Steinninn fer í 1. flokk.

**S 322*** Reitinn umlykur steyptur bakki með 3x5 steyptum stólpum ofan á og er þetta sett ljósum og dökkum bergsalla. Keðjur liggja milli hverra stólpa. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrri steinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Lítil Thorvaldsenslágmynd *Nótt* er á honum en hann er allur sprunginn. Varðinn hefur verið slípaður niður og skerpt á áletruninni. Varðinn nýr í austur og fer í 2. flokk vegna aldurs. Seinni steinninn er fyrir aftan þann fyrri og snýr í vestur. Þetta er dökkleitur granítsteinn, bogadreginn að ofan og á slípuðum undirsteini úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**S 323** Steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi afmarkar þennan stóra reit. Fer í 5. flokk. Hér á reitnum eru sex minningarmörk sem snúa í austur.

Fyrsti steinninn er vestastur. Þetta er marmarasteinn sem er nokkuð sérkennilegur í laginu. Hann er breiðari efst en neðst, er bogadreginn að ofan og stendur á undirsteini. Fer í 2. flokk.

Annað minningarmarkið er dökk blágrýtisplata sem hallar upp að skornum blágrýtisundirsteini. Gljáinn er blásinn af og letrið stendur eftir upphleypt. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er lítill heilskorinn blágrýtisvarði um 40 cm á hæð. Hann er sléttur að framan og gljáslípaður. Fer í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er nútímalegur granítsteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Fimmta minningarmarkið er steinn úr gráum marmara með sérkennilegum bláleitum æðum, hann er snöggskorinn efst á vinstri hliðinni og hallar þekjan til hægri. Steinninn stendur á steyptum kubbi úr marmarasalla. Á steininum er koparletur. Fer í 4. flokk.

Sjötti steinninn er óreglulegur granítsteinn sem er slípaður að framan. Á honum er einnig koparletur. Fer í 4. flokk.

**S 324** Gerðið kringum þennan reit er fallegt og merkilegt. Það er samsett úr grágrýtis-stólpum og ganga tvær pípur á milli. Gerðið fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er púltsteinn sem er oddhöggvinn á hliðum. Hann er með þekju og í steininn er innfelld plata úr einhvers konar trefjum. Fer í 3. flokk.

**S 325** Umhverfis reitinn er steinsteyptur ílangur bakki sem liggur frá norðri til suðurs og fer hann í 5. flokk. Hann er með löngum hiðararmi og gafli. Hér í reitnum eru

fjögur minningarmörk, allt eru þetta dökkar granítplötur sem felldar eru inn í bakkann og snúa í austur og fara í 4. flokk.

**S 326** Steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk. Ofan á bakkanum eru 3x3 afsettir grágrýtisstólpar með koparkeðjur á milli sem tengjast steininum. Minningarmarkið er úr afsettu grágrýti, slípuðu að framan og óreglulegu á hliðum og toppi. Koparstafir eru á því. Fer í 4. flokk.

**S 326a** Þetta leiðisnúmer lendir á stígnum milli bakkanna.

**S 327** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann er mosavaxinn og sjá má alkalískemmdir. Fer í 5. flokk.

Hér er að finna eitt minningarmark og snýr það í austur. Þetta er mjög lítill flatur óbeliski sem hvílir á bakkanum með upphleyptu, sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

**S 327a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lítill óreglulegur granítsteinn sem snýr í austur. Hann er skorinn á ská í 45° og er með upphleypt letur. Fer í 4. flokk.

**S 328*** Ekkert gerði er á þessum reit. Minningarmarkið er lágur grágrýtisþekjusteinn. Hann er grófmeitlaður á hliðum og baki en á framhlið er rómanskur gluggi með áletrun meitlaðri í. Fer í 1. flokk.

**S 329*** Ekkert gerði umlykur þennan reit. Minningarmarkið er lágur bogasteinn úr grágrýti og er lágmyndin *Nótt* felld í hann. Fer í 1. flokk.

**S 330*** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lágur sandsteinn á sökkli úr sama efni. Steinninn fer í 1. flokk.

**S 331** Kringum þennan barnsreit er steyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta virðist vera skorinn grágrýtissteinn sem hefur púltsteinsform. Í hann er skrúfuð steypt álplata. Fer í 4. flokk.

**S 332** Reitinn afmarkar stólpagerði með meitluðum grágrýtisstólpum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Gerðið fer í 3. flokk. Á reitnum er ekkert minningarmark.

**S 333** Stólpagerði úr grágrýtisstólpum afmarkar reitinn. Tvær pípur liggja á milli stólpanna. Fer í 4. flokk.

Á reitnum er eitt minningarmark sem virðist vera steinsteypt með bergsalla og hvílir í því marmaraplata sem er brotin. Þetta snýr allt í austur og fer í 4. flokk.

**S 334** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með bergsalla. Fer í 5. flokk Eitt minningarmark er hér að finna og er þetta náttúrulegur steinn með meitluðu letri. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**S 335** Kringum reitinn er mjög breiður steinsteyptur bakki með mjög þykkum súlum sem hafa rúnnaðar hliðar og pýramídaþekju. Keðja gengur á milli súlnanna. Fer í 3. flokk.

Á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Þetta eru grágrýtispúltsteinar sem halla um 10º. Fyrra minningarmarkið fer í 2. flokk vegna aldurs en hitt fer í 3. flokk.

**S 336*** Steinsteyptur bakki með steinsteyptum súlum í hverju horni. Tvær pípur hafa gengið á milli en þetta er að hruni komið og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er fallegur bogasteinn, líklega úr norskum marmara. Steinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**S 337** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur. Þetta er heilskorinn blágrýtis-púltsteinn með sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

**S 338*** Ekkert gerði er umhverfis reitinn.

Minningarmarkið er bogapúltsteinn með ypptum öxlum Fer í 2. flokk vegna aldurs.

**S 339** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli, allur settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk og snúa þau í austur. Allt eru þetta blágrýtisplötur sem eru skrúfaðar í bakkann. Allar eru þær meiri á lengd en hæð. Önnur platan er mun þykkari og minni heldur en sú fyrsta og sú þriðja. Plöturnar fara í 4. flokk.

**S 340 til S 342** Hér er ekkert að sjá.

**S 401*** Reiturinn er afmarkaður af meitluðum grágrýtisstólpum og hafa legið tvær pípur á milli. Það er brotið ofan af öllum stólpunum. Gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti og í púltbakkanum hvílir granítplata Steinninn fer í 2. flokk.

**S 401a til S 401c** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

**S 402** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli afmarkar reitinn. Armarnir eru þynnri heldur en bakkinn sjálfur. Þetta er allt sett bergsalla og snýr í austur. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér á reitnum. Þetta er eirplata og efst er handaband. Fer í 3. flokk.

**S 403** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum bakka með þremur hliðarörmum og gafli og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna en það er grágrýtishella sem er með sand-blásnum áletrunarfleti og upphleyptu letri. Fer í 4. flokk.

**S 403a** Þetta leiðisnúmer lendir á stígnum.

**S 404** Kringum reitinn er steyptur bakki með tveimur stuttum hliðarörmum og er bogi á milli þeirra. Gaflinn er einnig bogadreginn. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er að finna á reitnum. Það er granítplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**S 405a til S 405b** Kringum reitinn er steyptur ferningslaga bakki í nokkuð góðu ástandi. Rauðleitur hleðslusteinn er notaður til að fylla upp reitinn. Fer í 5. flokk.

Á reitnum eru fimm minningarmörk sem öll snúa í vestur. Fyrstu tveir steinarnir sem og fjórði og fimmti steinninn eru allt steinsteyptir kubbar með púltsteinsformi og inn í þá alla eru felldar steyptar bogadregnar koparplötur með öxlum. Steinarnir fara í 4. flokk. Fyrir miðju er þriðji steinninn. Hann hefur einnig púltsteinsform og inn í hann er felld svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**S 406** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er stór og heill grágrýtispúltsteinn sem snýr í vestur. Steinninn hefur upphleypt letur sem er sandblásið á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**S 407*** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er úr grágrýti. Þetta er bogavarði á sökkli og undirsteini. Heiðurssveigur er á sökklinum. Efst er kubbur og hefur þar verið marmarakross sem nú er brotinn af. Brúnirnar á framhliðinni eru ögn rúnnaðar. Verk Thorvaldsens *Dagur* er ofarlega í varðanum. Legsteinninn fer í 1. flokk.

**S 407a** Þetta leiðisnúmer lendir á stígnum.

**S 408*** Umhverfis reitinn er hár og mikill steinsteyptur bakki. Ofan á honum er járnsteypt gerði sem er tiltölulega heilt en þó skemmt á nokkrum stöðum. Umgjörðin fer í 1. flokk.

Minningarmörkin eru þrír púltsteinar sem horfa til austurs. Búið er að skemma þriðja steininn með því að skrúfa á hann álplötu en mætti þó gera við hann. Minningarmörkin fara í 1. flokk.

**S 409*** Kringum reitinn er bakki hlaðinn úr grágrýti. Ofan á honum á að vera grindverk sem er til viðgerðar. Fer umgjörðin öll í 1. flokk þegar grindverkið er komið á.

Minningarmarkið er það stærsta í garðinum teiknað af Þóru Pétursdóttur biskups Péturssonar sem minningarmarkið er yfir. Það er úr grágrýti en í framhlið er innfelld svört granítplata. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**S 409a til S 409d** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

**S 410** Steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum sem eru bogadregnir. Gaflarnir eru einnig bogadregnir og tvískiptir. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Þetta eru steyptar koparplötur sem eru felldar inn í bakkann. Þær fara í 4. flokk.

**S 410a** Þetta leiðisnúmer lendir utan reitar á stígnum.

**S 411** Kringum reitinn er steyptur bakki heill en mosavaxinn. Á gaflinum er bogadregin grágrýtisplata og þar hefur eitt sinn verið áföst glerplata sem nú er horfin. Bakkinn fer í 5. flokk.

**S 412** Hér eru tvö minningarmörk. Annað er lágur flatur óbeliski á oddhöggnum sökkli. Efst er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Minningarmarkið fer í 3. flokk. Hitt er steyptur steinn með púltsteinsformi og hvílir á honum svört glerplata. Fer í 4. flokk.

**S 413** Reiturinn er afmarkaður af liggjandi oddhöggnum grágrýtisdröngum og er gerðið allt mjög merkilegt.

Minningarmarkið er mjög sérstakt. Það er samsett úr þremur tilhöggnum grágrýtisferningum sem raðað er þannig saman að þeir mynda þríhyrning. Steinarnir eru allir oddhöggnir og er letrið stórt og mjög upphleypt. Allt er minningarmarkið mjög merkilegt vegna formgerðar, handverks og umfangs. Gerðið og minningarmarkið mynda sérstaka heild og fer hvort tveggja í 1. flokk.

**S 413a** Ekkert er að sjá á þessum reit.

**S 414** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er tékkneskur granítvarði sem snýr í vestur og fer hann í 4. flokk.

**S 415** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur.

Minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski fremur en þekjusteinn úr dökkleitu grágrýti á sökkli. Varðinn er gljáslípaður að framan og er felld í hann *Dagur* Thorvaldsens og er plattinn sprunginn þvert. Ekki er algengt að sjá Thorvaldsensverk í granítverki og fer steinninn í 2. flokk.

**S 415a til S 415b** Leiði þessi eru í stígnum og er ekkert þar að finna.

**S 416** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum stöplum sem látnir eru líta út sem þeir séu meitlaðir. Tvær pípur liggja á milli hverra stöpla. Gerðið fer í 5. flokk en mætti varðveita.

Minningarmarkið er mjög lítill svartur bogasteinn úr graníti á sökkli. Steinninn er líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn. Þetta er einhver minnsti bogasteinninn í garðinum og fer hann í 2. flokk.

**S 417** Reiturinn afmarkast af steyptum rúmlaga bakka með þremur hliðarörmum og er bakkinn settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið hér er dökkleit granítplata með upphleyptu letri á bekkjum og fer það í 4. flokk.

**S 418** Steyptur bakki með gafli umlykur þennan reit og er bakkinn settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk og snúa þau í vestur. Þetta eru steyptar koparplötur sem fara í 4. flokk.

**S 419** Umhverfis þennan reit er steyptur bakki, settur bergsalla. Hann er með gafli og lágum hliðarörmum. Bakkinn fer í 5. flokk.

**S 420** Á þessum reit er einungis hvítur furukross með álplötu og fer hann í 4. flokk.

**S 421** Reiturinn er afmakaður af pípugerði og eru allar pípurnar skrúfaðar saman. Gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr grágrýti og er steinninn meitlaður til að líta út sem púltsteinn en er þó heill. Hann hvílir á undirsteini. Fer í 3. flokk.

**S 422** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Allur er hann settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og vísar til austurs. Fer í 4. flokk.

**S 423** Kringum reitinn er steyptur bakki með súlum og bogadregnum gafli. Pípur liggja á milli súlnanna. Ofan á gaflinum hefur líklega verið englamynd en er nú horfin. Gaflinn er í góðu ástandi og mætti reyna að halda í hann. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er sporöskjulaga plata sem felld er í gaflinn. Hún er líklega úr sandsteini. Fer í 4. flokk.

**S 424** Ekkert er að finna á þessum reit.

**S 425** Þessi reitur er nokkuð ílangur og liggur í norður-suður. Hann er afmarkaður af grágrýtisdröngum en nokkuð er reiturinn skakkur og siginn. Fer í 3. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Það fyrsta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst er *Dagur* Thorvaldsens og er plattinn sprunginn. Neðst á varðanum er handaband og virðist það vera alveg heilt. Steinninn er mjög merkilegur vegna táknmyndanna og fer í 2. flokk.

Annað er skorinn og slípaður blágrýtisferhyrningur á skornum möttum sökkli, líklega úr sama efni. Fer í 4. flokk.

Það þriðja er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst í varðanum er *Dagur* Thorvaldsens og fer minningarmarkið í 2. flokk.

**S 426** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með þremur hliðarörmum og gafli. Hann virðist í góðu ástandi en er vaxinn skófum og mosa. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á þessum reit og vísa þau í austur.

Annað er hvít marmaraplata sem skrúfuð er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

Hitt er einnig hvít marmaraplata en mun minni en sú hér að framan. Hún er skrúfuð í gaflinn fast upp að neðri hluta plötunnar hér á undan. Fer í 4. flokk.

**S 427** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er steypt og hefur púltsteinsform og stendur á bakkanum. Í framhliðina er felld svört grágrýtisplata. Fer í 4. flokk.

**S 428** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eina minningarmarkið á reitnum er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og snýr hann í austur. Fer hann í 3. flokk.

**S 429** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt koparplata sem fest er á gaflinn. Fer í 4. flokk.

**S 429a til S429b** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Á leiðunum tveimur eru tvö samskonar minningarmörk. Þetta eru krossar úr formuðu flatjárni. Á fyrri krossinum er plastspjald en álplata á þeim seinni. Krossarnir fara báðir í 4. flokk.

**S 430** Kringum þennan reit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**S 431** Reitinn afmarkar steyptur bakki með 2x2 steyptum dröngum ofan á og liggja tvær pípur á milli þeirra. Gerðið fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**S 432** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt koparplata á náttúrulegu fjörugrjóti. Fer í 4. flokk.

**S 501** Umhverfis reitinn er steyptur lágur bakki. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er flatur óbeliski á sökkli og stórum undirsteini sem er mjög siginn í jörð. Þetta er líklega legsteinn frá Schannong og er hann úr ljósgráu, dökkkornóttu og fíngerðu graníti. Steinninn horfir til austurs og fer í 3. flokk.

**S 502** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og tveimur hliðarörmum sem eru bogadregnir í krikunum. Bakkinn snýr í austur og fer í 4. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þrír bogar eru á gaflinum og undir hverjum boga eru hvítar marmaraplötur með höggnu letri og eru þær meiri á hæðina en breiddina. Þær fara í 4. flokk.

**S 503** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmörkin eru tvær stórar og þykkar granítplötur úr tékkagraníti. Þær snúa í austur og fara í 4. flokk.

**S 504** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er víða brotinn og mosavaxinn. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er blágrýtisstuðull sem er klofinn og gljáslípaður að framan. Letrið virðist meitlað. Steinninn er á sökkli og þar eru meitlaðir litlir fuglar og lampaker. Þetta snýr í austur og fer í 4. flokk.

**S 505** Reitinn afmarkar stór og mikill steinsteyptur bakki sem nú er farinn að láta verulega á sjá. Hann fer í 5. flokk.
Hér á reitnum er eitt minningarmark sem snýr í vestur. Þetta er geysilega stór og mikill granítkross. Hann er heill og er á sökkli og undirsteini og er það allt gljáslípað. Svört granítplata er skrúfuð inn í framhlið sökkulsins. Fer í 4. flokk.

**S 506** Steinsteyptur bakki með bergmylsnu afmarkar reitinn. Bakkinn er í lagi en gaflinn sem er steyptur upp að er ónýtur. Fer í 5. flokk.
Hér eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Þetta eru dökkleitar granítplötur sem eru límdar inn í bakkann og er á þeim lágt upphleypt letur á bekkjum. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**S 507** Kringum reitinn er hár steinsteyptur bakki í ágætu ástandi. Hann hefur verið hvítmálaður en er núna að flagna. Fer í 5. flokk.
Hér eru þrjú minningarmörk sem sitja öll á bakkanum vestanverðum og snúa í austur. Það fyrsta er fallegur bogasteinn með öxlum. Efst er krossmark á fæti og pálmagreinar. Letrið er upphleypt á bekkjum. Búið er að skrúfa í hann plötu úr dökku graníti. Steinninn fer í 4. flokk. Annar steinninn er klassískur bogasteinn með litlum öxlum. Á honum er hálfmáni og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk. Þriðji legsteinninn er grágrýtissteinn. Þetta er meitlaður þekjusteinn og hefur hann nýlega

verið slípaður að framan. Letrið hefur þá verið slípað af og settir koparstafir í staðinn. Fer í 4. flokk.

**S 507a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**S 507b** Á þessu leiði er heldur ekkert að finna.

**S 508** Kringum þennan einstaklingsreit hefur verið gerði úr smíðajárni með 3x2 stólpum, lengdin er í austur-vestur. Keðjur hafa verið á milli og hnúðar úr steypujárni eru ofan á. Fer í 4. flokk og þyrfti að varðveita hnúðana.

Hér hefur verið eitt minningarmark en það er horfið, því til sönnunar er stöpull sem platan hefur hallast upp að.

**S 508a** Ekkert minningarmark er á þessu leiði.

**S 509** Steinsteyptur bakki er í kringum þennan reit. Hann er með hliðararmi og gafli og ofan á gaflinum er steyptur planki. Bakkinn er allur mjög illa farinn af alkalí-skemmdum. Fer í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark sem snýr í austur en það er dökkleit granítplata sem fer í 4. flokk.

**S 509a** Hér er viðarkross sem á stendur AGO en krossarmarnir eru fallnir af. Fer í 4. flokk.

**S 510*** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin teljast tvö. Það fyrra er stór og mikill bogasteinn sem hefur verið með krossmarki ofan á. Efst er Thorvaldsensverkið *Nótt* og er lágmyndin vel farin. Búið er að slípa steininn upp að framan og sandblása niður áletrunarflötinn og letrið stendur eftir upphleypt. Steinninn er óreglulegur að aftan og á hliðum sem og sökkullinn. Fer í 2. flokk. Hér liggur einnig stór og mikill ferhyrningslaga grágrýtisdrangur sem hallast upp að sökklinum. Þar eru á geysimiklar steyptar koparplötur með nöfnum. Fer í 4. flokk.

**S 510a** Ekkert minningarmark er hér að sjá.

**S 511** Steinsteyptur bakki með 3x3 steyptum súlum ofan á og gengur keðja á milli. Gaflinn liggur alveg upp að austustu súlunum og á honum eru tveir bogar. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítplata sem er felld í gaflinn. Þetta snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**S 512** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með samskonar súlum og keðjum á milli og **S 511**. Flestar súlurnar eru brotnar og þyrfti að laga þetta. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í vestur. Það er grágrýtisplata sem situr á tveimur öxlum með steini undir. Fer í 4. flokk.

**S 513** Steinsteyptur bakki með gafli og hliðararmi, og steyptum planka ofan á gaflinum. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í vestur. Það er grófkornóttur granít-steinn. Granítið er svartkornótt en á sama tíma rauðleitt. Fer í 4. flokk.

**S 514*** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki, mosavaxinn en í ágætisástandi. Fer í 5. flokk.

Hér eru fjögur minningarmörk sem snúa í austur.

Það fyrsta er skorinn granítferningur sem er slípaður að framan. Hann er á sökkli úr svipuðu efni og fer í 4. flokk.

Annar legsteinninn er fallegur bogasteinn með bogaöxlum og litlum öxlum þar fyrir neðan, sem ganga stutt út. Hann er á sökkli og undirsteini sem þyrfti að hefja upp. Letrið er mjög farið að láta á sjá. Þyrfti að hreinsa þetta upp og varðveita. Fer í 3. flokk.

Þriðji steinninn er grágrýtisferningur sem er helmingi þykkari neðst en efst og sléttur að ofan og stendur hann á undirsteini. Letrið er orðið máð. Fer í 3. flokk.

Fjórði steinninn er grágrýtisferningur sem er sléttur að ofan en þrisvar sinnum þykkari neðst en efst og hvílir á undirsteini úr grágrýti. Letrið á þessum steini er einnig máð. Fer í 3. flokk.

**S 515** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og helmingi hærri gafli. Allur er bakkinn settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér á reitnum en það er grágrýtisplata sem er felld inn í bakkann. Hún snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**S 516** Hér í kring er steinsteyptur einstaklingsbakki sem allur er skakkur. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að sjá en það er fallegur hár púltsteinn sem hallar um 10° miðað við lóðrétt. Neðst framan á er kantur sem á hvílir mikil marmaraplata. Í hana hefur verið málað með svörtu letri. Fer í 3. flokk.

**S 517*** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er lítill óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini en hann sést ekki og þyrfti því að hefja þetta upp. Legsteinninn fer í 2. flokk.

**S 518** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með 2x3 súlum ofan á. Lengdin er í austur-vestur. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur en það er stór og mikill grágrýtisferningur sem er bogadreginn að ofan og stendur á undirsteini. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**S 519** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli, steyptur planki er ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergsalla og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna en það er grágrýtisplata sem er með mjög lítilli þekju efst. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 4. flokk.

**S 520** Hér í kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem ekki er í mjög góðu ástandi. Pússningin er öll farin af honum og fer hann í 5. flokk.

Hér eru sex minningarmörk sem öll snúa í austur. Fyrsti steinninn er fallegur bogasteinn, óreglulegur á hliðum og baki og stendur á óreglulegum sökkli. Efst er stór lágmynd Thorvaldsens *Dagur*. Letrið er meitlað í steininn og málað svart. Steinninn er líklega frá 1904 og fer í 2. flokk. Þriðji og fjórði steinninn eru alveg eins. Þetta eru stórir og miklir grágrýtisferningar, sléttskornir á miklum og digrum sökkli. Efstu hliðarbrúnir eru rúnnaðar og letrið er upphleypt á bekkjum. Þessir tveir steinar

fara í 3. flokk. Fjórði steinninn er frá Schannongsteinsmiðjunni í Kaupmannahöfn. Þetta er flatur óbeliski á sökkli frá 1918. Efst er dúfa með laufblað. Sökkullinn virðist vera úr íslensku grágrýti og í hann er meitlað kertastæði. Fer í 3. flokk. Fimmti legsteinninn er steyptur steinn með púltsteinsformi, settur bergsalla. Innfelld í hann er dökkleit granítplata með letri á. Sjötti steinninn er fyrir framan þann fimmta. Þetta er lítill heill granítpúltsteinn sem hallast mjög mikið og er nánast flatur. Tveir síðastnefndu fara í 4. flokk.

**S 521** Steyptur rammi er í kringum reitinn en hann er algjörlega ónýtur. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**S 522** Reitinn afmarkar mjög hár steinsteyptur bakki með gafli og planka ofan á. Hann fer í 5. flokk.

Hér eru fjögur minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er steypt koparplata sem er sett inn í bakkann og fer í 4. flokk. Annað og þriðja minningarmarkið eru ílangar álplötur sem skrúfaðar eru í bakkann. Fara þær í 4. flokk. Það fjórða er einnig álplata sem fest er í bakkann og fer einnig í 4. flokk.

**S 523** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur mjóum hliðarörmum og háum gafli. Þetta er allt mjög sprungið vegna alkalískemmda. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Það fyrsta er heil glerplata sem skrúfuð er í bakkann og fer hún í 4. flokk. Annað minningarmarkið er hvít marmaraplata sem fer einnig í 4. flokk.

**S 524** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki. Pússningin er mjög farin að falla af og hann er mjög mosavaxinn. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk. Fyrst skal telja tvo ferhyrningslaga grágrýtissteina sem eru allir á hæðina. Efst er þriðjungssól og toppurinn er í spíss niður. Þessir tveir steinar eru alveg eins og er letrið upphleypt á bekkjum. Fyrri steinninn er nýr og fer í 4. flokk en annar steinninn fer í 3. flokk. Þriðja minningarmarkið á reitnum er fyrir framan hina steinana og er það heill grágrýtispúltsteinn. Efst á honum er meitlað sólarmerki. Fer í 3. flokk. Allir snúa steinarnir til austurs.

**S 525** Stólpagerði afmarkar þennan reit. Í kring eru steinsteyptir stólpar með tveimur pípum á milli en þær eru núna víðast bognar. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er tékkneskur granítsteinn sem snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**S 526*** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er stór og mikill púltsteinn sem þyrfti að hefja úr jörðu. Hann er með hvítri marmaraplötu framan á og snýr í austur. Púltsteinninn er stórmerkilegur og fer í 2. flokk.

**S 527** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**S 528** Kringum reitinn er illa farinn og mosavaxinn steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er eitt og snýr í austur. Þetta er sólarsteinn á sökkli með kvartsól í horni og spíss efst. Fer í 3. flokk.

**S 529** Reitinn afmarkar mjög ílangur steyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**S 530** Þennan reit afmarkar steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og háum gafli og þar ofan á er steyptur planki en hann er að brotna af. Þetta er allt sett bergmylsnu og fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk. Það fyrsta og það þriðja eru alveg eins. Þetta eru dökkar granítplötur sem felldar hafa verið í bakkann. Þær eru með upphleyptu letri á bekkjum. Annað minningarmarkið er steinsteyptur bogasteinn með öxlum. Steinninn er settur bergsalla og í honum ofarlega er steypt Kristsmynd sem og svört álplata sem er skrúfuð í steininn. Fer í 3. flokk.

**S 531 til S 53** Ekkert er að finna á þessum sex reitum.

# Reitasafn T

*REITASAFN T*

**T 101** Reitinn afmarkar stólpagerði með háum grágrýtisstólpum og liggja tvær pípur á milli. Stólpinn í suðvesturhorninu brotinn. Lengdin er í norður-suður og fer þetta í 4. flokk.

Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 102** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki og eru 3x3 steinsteyptar súlur þar ofan á. Á vesturhliðinni vantar eina súlu eða hún hefur aldrei verið til staðar. Á norðurhliðinni er ein súlan alveg að brotna niður. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 102a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 103** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með háum gafli sem er bogadreginn á jöðrunum efst og með steyptum planka ofan á gaflinum. Bakkinn er settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum sem snúa í vestur. Það fyrra er mun stærra en hvort tveggja eru þetta steyptar koparplötur sem felldar eru í bakkann og fara í 4. flokk.

**T 104** Mjög ílangur bakki afmarkar reitinn og er lengdin frá norðri til suðurs. Á honum eru þrír stuttir hliðararmar sem ná næstum því upp að gaflinum. Bakkinn er í slæmu ástandi og farinn mjög að molna. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk og eru þetta steyptar koparplötur sem snúa í vestur og fara í 4. flokk.

**T 105*** Kringum reitinn er fallegt grindverk úr steyptu járni sem þarf að hefja upp og laga. Grindverkið fer í 1. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Syðst er klassískur flatur óbeliski með Thorvaldsenslágmyndinni *Nótt* efst og er hún sprungin. Steinninn fer í 1. flokk. Seinna minningarmarkið er stór pottjárnskross sem er spengdur saman og þarf að lagfæra. Krossinn fer í 1. flokk.

**T 106** Mjög hár steyptur bakki afmarkar þennan einstaklingsreit. Bakkinn er með þremur hliðarörmum og gafli, allt sett bergmylsnu. Hann fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru hér sem vísa í austur. Það fyrra er rauðleit granítplata sem felld er inn í bakkann. Seinna minningarmarkið er einnig granítplata en mun grófkornóttari og liggur hún fyrir framan hitt. Plöturnar fara báðar í 4. flokk.

**T 107** Hér er allt eins og í **T 106** bæði bakki og minningarmörk nema að hér eru plöturnar tvær fínkornóttar. Þær fara í 4. flokk.

**T 108** Reitinn afmarkar mjög hár steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Hann fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru tvö minningarmörk. Það fyrra er mjög lítill bogasteinn á sökkli. Hann er slípaður og meitlaður að framan og þar er lítil útgáfa af lágmyndinni *Nótt*. Fer í 2. flokk. Fyrir framan hann er steyptur steinn sem hefur púltsteinslag og er settur

bergsalla. Þar í er felld dökk granítplata. Þetta snýr allt í vestur og fer þessi steinn í 4. flokk.

**T 109** Umhverfis reitinn er hár og mikill steinsteyptur bakki með gafli og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**T 110** Steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli, allt sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Það fyrra er bogasteinn úr dökkgrænleitu graníti sem er með silfurkornum í. Grafskriftin er: *„En sidste hilsen fra forældrene.“* Fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er granítplata og fer í einnig í 4. flokk.

**T 111** Umhverfis reitinn er mjög illa farinn steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**T 112** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er bogasteinn á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Efst er verk Thorvaldsens *Dagur* og er það heilt en þarf að hreinsa af því skófir. Þetta er frá 1902. Fer í 2. flokk.

**T 112a til T 112n** Þessi leiðisnúmer lenda á stígnum.

**T 113** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum bakka í sæmilegu ástandi. Hann er nokkuð lágur og hallar dálítið. Fer í 5. flokk.

Hér eitt minningarmark sem snýr í vestur. Þetta er sérkennilegur marmarasteinn með dökkbláum æðum í. Á steininum eru messingstafir. Fer í 4. flokk.

**T 114** Umhverfis reitinn er mjög hár steinsteyptur bakki og er þetta eiginlega gerði með hliði úr smíðajárni. Gerðið er ekki í góðu ástandi. Steypt er yfir leiðin og steyptur kross í miðjunni þar sem líklega er gert ráð fyrir blómum. Þessi umbúnaður skipast í 5. flokk.

Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk og snúa þau öll í vestur. Það fyrsta og þriðja eru dökkar granítplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Annað minningarmarkið er smákornóttur, dökkrauður granítsteinn. Á öllum þessum plötum er lampi og sól í hornum. Fer í 2. flokk vegna táknanna.

**T 115** Þykkur steinsteyptur bakki, sem er allur mjög sprunginn, afmarkar reitina. Fer í 5. flokk.

Hér er að finna eitt minningarmark sem snýr í vestur. Þetta er nokkuð hár og mjór púltsteinn sem er tilhöggvinn úr grágrýti og stendur á miklum sökkli. Í honum hvílir dökkleit granítplata. Fer í 3. flokk

**T 116** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem er allur að molna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór og mikill granítvarði, óreglulegur á hliðum en slípaður að framan. Hann snýr í vestur og stendur á digrum sökkli. Steinninn fer í 4. flokk.

**T 117*** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er fallegur bogasteinn sem er mjög siginn og þyrfti að hefja hann upp. Efst eru fallegir vínviðarteinar sem hríslast niður eftir steininum. Fyrir miðju er *Nótt* Thorvaldsens sprungin. Letrið á steininum hefur verið gyllt. Fer í 2. flokk.

**T 118** Reitinn umlykur steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi, settur bergmylsnu. Hann fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í vestur. Þetta eru stórir og miklir grágrýtispúltsteinar með upphleyptu letri á bekkjum. Steinarnir fara í 4. flokk.

**T 119** Hár og mikill steinsteyptur bakki kringum einstaklingsreit og er hann í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark og snýr það í vestur. Þetta er ferhyrndur grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni og kvartsól í horni. Fer í 3. flokk.

**T 120** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli, alsettur bergmylsnu. Ofan á gaflinum er steyptur planki. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í vestur. Það er stór og mikil koparplata sem er bogadregin að ofan og með öxlum. Fer í 4. flokk.

**T 120a** Þetta leiðisnúmer lendir á stígnum.

**T 121** Stór og mikill steyptur bakki afmarkar reitinn. Bakkinn er mosavaxinn og hallast dálítið til suðurs en er í ágætisástandi. Fer í 5. flokk.

Á reitnum eru tvö minningarmörk og snúa þau í austur. Það fyrra er þunnt skorið fjörugrjót sem er slípað að framan og hvílir á sökkli úr svipuðu efni. Letrið er sandblásið ofan í steininn. Fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er flatur óbeliski með klassísku lagi og stendur á oddhöggnum sökkli og undirsteini. Fer í 2. flokk.

**T 121a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 122** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x4 súlum og er lengdin í norðursuður. Fer í 5. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk og snúa í vestur. Það fyrra er sunnan megin og er það stór og mikill púltsteinn sem er siginn og þyrfti að hefja hann upp. Framan á honum hvílir stór dökk granítplata. Fer í 3. flokk. Hinn steinninn er stór bogasteinn úr grágrýti. Hann er bogadreginn að ofan og með breiðum öxlum. Steinninn stendur á tveimur sökklum sem bera einkenni þjóðernisrómantíkur. Áletrunin er sandblásin og letrið mjög upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 3. flokk.

**T 123** Kringum reitinn er stólpagerði með súlum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Gerðið er allt skakkt og brotið og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, en allt er þetta mjög sigið. Ofarlega í varðanum er lágmynd Thorvaldsens *Dagur* og er hún öll mjög sprungin en helst þó föst á sínum stað. Fer í 2. flokk.

**T 123a til T 123b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**T 124** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem hallast nokkuð. Fer í 5. flokk.

Á reitnum eru þrjú minningarmörk sem snúa í vestur. Það fyrsta er grágrýtisvarði með gagnbogaformi efst en þar fyrir neðan er oddhöggvinn flötur með krossi og

pálmagrein. Fyrir neðan hann er annar oddhöggvinn flötur með upphleyptu letri. Steinninn fer í 3. flokk.

Fyrir miðju er stór og mikill dökkur granítkubbur á sökkli úr sama efni og stendur hann á steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk.

Þriðji legsteinninn er lágur óbeliski á sökkli sem er mjög siginn. Hann er með sandblásnu letri sem er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**T 124a til T 124b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**T 125** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki sem er allur að lyftast úr jörðu og hallar hann mjög til suðurs. Bakkinn er með þremur þunnum hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er falleg, dökk granítplata er felld inn í gaflinn. Efst á henni er lampi og kvartsólir í hverju horni. Platan snýr í austur og fer í 2. flokk, vegna táknmyndarinnar.

**T 126** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem er í góðu ástandi en hallar þó mikið og er allur skakkur. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur. Þetta er dökk granítplata með sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

**T 126a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 127** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og hallar hann nokkuð til norðurs. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og snýr það til austurs. Þetta er steinsteyptur púltsteinn sem hallast um 45° og er þar innfelld dökk granítplata. Fer í 4. flokk.

**T 127a** Ekkert er hér að finna.

**T 128** Í hverju horni reitsins eru steinsteyptar súlur og liggja tvær pípur á milli hverra þeirra. Þetta er allt fallið og ónýtt. Fer í 5. flokk. Ekkert minnningarmark er á reitnum.

**T 129** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x3 súlum. Bakkinn er nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er blágrýtis-stuðull sem hvílir á tveimur blágrýtiskubbum. Áletrunarhliðin er sandblásin og letrið er upphleypt. Fer í 4. flokk.

Annar steinninn er fyrir framan þann fyrsta og er þetta náttúrulegt fjörugrjót. Fer í 4. flokk.

**T 130** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur göflum, fótagafli og höfðagafli. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er marmaraplata sem snýr í austur og fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er á fótagaflinum og snýr í vestur. Þetta er marmaraplata með messingkrossi. Fer í 4. flokk.

**T 131** Mjög flókinn steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og fótagafli og snýr hann í vestur. Þetta er samsettur bakki úr tveimur minni bökkum sem snúa hvor á móti öðrum og er mjög erfitt að lýsa þessu. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer í 5. flokk.

Hér er að finna eitt minningarmark en það er dökk granítplata sem snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**T 132** Hár steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er hvítur trékross með álplötu. Snýr hann í austur og fer í 4. flokk.

**T 133** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Eitt minningarmark er að finna á reitnum og er það lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Minningarmarkið er nokkuð sigið og mætti hefja það upp. Steinninn hallar nokkuð til vesturs en snýr í austur. Lítil gerð af Thorvaldsenslágmyndinni *Nótt* er á steininum og er lítil sprunga í henni. Fyrir neðan er heilt handaband. Steinninn er væntanlega frá 1908 og fer í 2. flokk.

**T 133a** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Aðeins er hér eitt minningarmark og snýr það í vestur. Þetta er mikill og dökkur granítsteinn sem er allur á lengdina. Hann er bogadreginn að ofan og er boginn lágur og ílangur. Steinninn er afsettur að ofan en slípaður á hliðum. Krossmark er efst og fallegt laufaskraut er sitt hvorum megin við það. Fer í 4. flokk.

**T 133b** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 134** Þennan barnsreit afmarkar sléttfylltur steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

**T 135** Kringum þennan einstaklingsreit er hár steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er hann mjög farinn að molna. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr til austurs. Þetta er grágrýtisplata með upphleyptu letri. Fer í 4. flokk.

**T 136** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er bogasteinn á sökkli og undirsteini. Á steininum er lágmynd Thorvaldsens en hún er brotin. Steinninn fer í 2. flokk.

**T 137** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Á honum er gafl og steyptur planki ofan á honum. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er furukross með þremur plastplötum og snýr hann í austur. Fer í 4. flokk.

**T 138** Kringum reitinn er steinsteyptur ferningslaga bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er varði með krullu efst og litlar axlir. Hann hvílir á bakkanum og letrið er sandblásið og upphleypt. Fer í 3. flokk.

**T 139** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk.
Eitt minnngarmark er á reitnum en það er blágrýtisvarði sem er ósléttur á hliðum, baki og höfði en slípaður að framan. Hann hvílir á ferköntuðum undirsteini. Fer í 4. flokk.

**T 201** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með nokkuð stórum gafli. Til hliðar við gaflinn er allstór súla. Fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk sem snúa í austur. Fyrsta og þriðja minningarmarkið eru alveg eins. Þetta eru mjög lágar og ílangar marmaraplötur sem eru felldar í bakkann. Fara í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er fyrir miðju og er það stór marmaraplata sem er skrúfuð í bakkann. Fer í 4. flokk.

**T 202** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það grófkornóttur granítferningur á undirsteini. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 203** Reitinn afmarkar hár steinsteyptur bakki sem er ekki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að sjá en það er grágrýtisferningur sem er helmingi þykkari neðst en efst. Hann er sléttur að ofan og stendur á undirsteini úr sama efni. Leturflöturinn er meitlaður niður og letrið er upphleypt. Efst er krossmark í hring. Fer í 4. flokk.

**T 203a til T 203l** Þessi leiðisnúmer lenda á stígnum og er ekkert þar að finna.

**T 204** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er aðeins eitt og er það steinsteyptur steinn með púltsteinslagi, allur mjög sprunginn og nánast ónýtur. Rauðgulleit granítplata er felld í framhlið steinsins. Hún er með upphleyptu letri á bekkjum og snýr þetta í vestur. Steinninn fer í 4. flokk.

**T 204a** Ekkert er hér að sjá.

**T 205*** Umhverfis reitinn er hár steinsteyptur bakki sem hallast nokkuð til suðurs. Hann fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er klassískur bogasteinn með öxlum og glugga efst, sem og krossmarki og trjágrein með blöðum. Áletrunarflöturinn er á bekk og letrið sandblásið fremur en meitlað. Fer í 3. flokk.

**T 206** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn sem hallar mjög til vesturs en snýr í austur. Í hann er felld trefjaplata sem er mjög skófum vaxin. Fer í 4. flokk.

**T 207** Ekkert gerði er hér í kring.

Eitt minningarmark er í reitnum en það er lágur varði úr tékknesku graníti. Horn steinsins eru bogadregin og þetta snýr í vestur. Fer í 4. flokk.

**T 208** Hér er ekkert gerði í kring.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er sérkennilegur steinn sem er mjög líklega heimagerður. Þetta er ílöng blágrýtisflaga sem snýr í vestur og er klappað á hana letur. Fer í 4. flokk.

**T 209** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark finnst á reitnum.

**T 210** Hér í kring er steinsteyptur bakki í þokkalegu ástandi þó pússningin sé farin að flagna af honum. Hann fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en þetta er grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Hornin eru bogadregin og hann vísar í vestur. Á steininum er upphleypt letur á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**T 210a** Hér er hvorki að sjá minningarmark né umgjörð.

**T 211** Stór steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk.

Á reitnum eru þrjú minningarmörk og snúa í austur. Fyrsti legsteinninn er dökkleitur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allur gljáslípaður í góðu ástandi. Fer í 3. flokk.

Annar legsteinninn er heill, dökkur granítsteinn með púltsteinsformi. Hann er slípaður á öllum hliðum. Fer í 4. flokk.

Þriðji legsteinninn er flatur óbeliski úr grágrýti, hann er á sökkli og sennilega undirsteini og þyrfti að hefja hann upp. Efst er krossmark en letrið er mjög farið að veðrast. Fer í 3. flokk.

**T 212** Í kringum reitinn er stólpagerði, en það deilir stólpum með öðrum gerðum í kring. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta er nokkuð hár blágrýtisstuðull, um 160 cm á hæð. Framan á hann er sandblásið letur sem málað er svart. Neðst eru koparstafir. Þessi varði snýr í vestur og fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er lítill trékross með plastspjaldi og fer hann í 4. flokk. Fremst er þriðja minningarmarkið en það er marmarakross sem einnig fer í 4. flokk.

**T 213** Kringum þennan einstaklingsreit, sem er ekki mjög stór, er steinsteyptur bakki með mjög lágum, steyptum bogum á hliðum og gafli. Hann fer í 4. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**T 214** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er klassískur púltsteinn sem látinn er halla um 33°. Í framhlið hans er falleg hvít marmaraplata. Fer í 2. flokk.

**T 214a** Hér er ekkert gerði.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það líparítsteinn með áföstum koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**T 215** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er hann settur bergsalla. Steyptur planki er ofan á gaflinum. Fer í 2. flokk.

Hér gefur að líta nokkuð sérstakt minningarmark. Þetta er mósaíkmynd sem felld er inn í bakkann. Varðveita þyrfti allan bakkann sem og minningarmarkið. Fer í 2. flokk.

**T 215a til T 215d** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**T 216** Ekkert er að finna á þessum reit.

**T 217** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með þremur háum og þykkum hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur. Það er granítplata innfelld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**T 218** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið sem er það eina á reitnum er mjög lágur flatur óbeliski, eiginlega þekjusteinn og stendur á sökkli. Hann snýr í austur og hallar til sömu áttar. Neðst er brotið handaband. Fer í 3. flokk.

**T 219*** Reiturinn afmarkast af stólpagerði. Hér eru 2x3 grágrýtissívalningar og liggja tvær pípur milli hverra þeirra. Reiturinn er allur mjög siginn og þyrfti að laga hann. Fer í 2. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er stór og mikill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Fer í 2. flokk.

**T 220** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er trékross með plastspjaldi sem snýr í vestur. Fer í 4. flokk.

**T 221** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er fremur lítill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Hann snýr í vestur en er mjög siginn. Áletrunin neðst: *„Vertu trúr allt til dauða og ég mun gefa þér lífsins kórónu.“* Steinninn fer í 2. flokk.

**T 221a til T 221c** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**T 222** Nokkuð hár steyptur bakki afmarkar þetta barnsleiði. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er furukross með svartri álplötu. Krossinn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**T 223** Merkilegur reitur sem þyrfti að halda í. Hér eru fjórar súlur í hverju horni. Þetta eru grágrýtissívalningar og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 2. flokk.
Hér eru tvö minningarmörk sem snúa í vestur. Fyrri legsteinninn er dökkur bogasteinn á sökkli, úr graníti frá Schannong. Hann er meitlaður að framan með þekktu Schannong munstri. Fer í 2. flokk.
Hinn steinninn er bogasteinn úr íslensku grágrýti og á sökkli. Stór Thorvaldsens-lágmynd er ofarlega á honum og er þetta með stærri lágmyndum sem sjást, yfir 30 cm. Kvarnast hefur úr henni neðst. Steinninn fer í 2. flokk.

**T 224** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en nokkuð sprunginn og fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur. Fyrst er hér gráleitur granítvarði, eiginlega bogadreginn að ofan en þó dálítið óreglulegur vinstra megin. Hann hvílir á stórum steyptum sökkli sem hlaðinn er hrafntinnu og ljósu hvítu grjóti. Hann fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er grágrýtisvarði á sökkli og steyptum undirsteini. Letrið er sandblásið og upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 3. flokk.

**T 225** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli afmarkar þennan reit. Hann er mjög ílangur frá norðri til suðurs og fer í 5. flokk.
Hér á reitnum eru tvö minningarmörk. Annað er klassískur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún alveg heil. Steinninn fer í 2. flokk. Í bakkann er síðan innfelld marmaraplata sem snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 226** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki. Hann er mjög hár og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti með snöggum öxlum. Hann hvílir á bakkanum og snýr í vestur. Á steininum er mynd af dagrenningu. Geislum stafar út frá sólu við sjóndeildarhring. Letrið er gyllt. Fer í 4. flokk.

**T 227** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Bakkinn er nokkuð sérstakur því það er vinkill á honum að vestanverðu.
Fjögur minningarmörk eru á reitnum og snúa öll í austur. Það fyrsta er lítill bogasteinn úr dökku graníti á stórum undirsteini. Þetta er einn minnsti bogasteinninn í garðinum og fer í 2. flokk.
Annar legsteinninn er mjög lágur flatur óbeliski, samanrekinn, á frekar stórum og háum sökkli og undirsteini. Letrið er sandblásið á bekkjum og upphleypt. Eftirmæli: *„Hjartans þökk fyrir elskuríkt ævinnar starf, ástkæru foreldrar.“* Fer í 3. flokk.
Þriðji steinninn er heill grágrýtissteinn með púltformi. Áletrunarflöturinn er blásinn niður og letrið upphleypt. Krossmark er efst. Fer í 4. flokk.
Fjórði steinninn er marmarabók sem hvílir á marmarasteypukubbi með stuðningssúlu. Á henni er kross og rósir úr messing og stafirnir eru úr kopar. Fer í 4. flokk.

**T 228** Kringum þennan einstaklingsreiti er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Steyptur planki er ofan á gaflinum. Bakkinn fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur. Það er dökk granítplata sem fer í 4. flokk.

**T 229** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti á sökkli og líklega undirsteini. Þetta er mjög sigið og þyrfti að hefja upp. Efst er líklega englamynd úr postulíni. Myndin er sprungin en frekar er þetta fáséð verk. Fer í 2. flokk.

**T 230** Umhverfis reitinn er stólpagerði. Grágrýtisstólpar eru í hverju horni og liggja tvær pípur á milli hverra stólpa. Fer í 3. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru púltsteinar sem látnir eru liggja saman og standa á undirsteinum. Undirsteinarnir eru reknir saman þannig að púltsteinarnir mætast en kantar undirsteinanna verða því meiri til beggja handa. Framan á steinunum eru marmaraplötur sem eru skófum vaxnar. Steinarnir fara í 3. flokk.

**T 231** Kringum reitinn er ílangt stólpagerði og liggur lengdin frá norðri til suðurs. Þetta eru 2x3 súlur og liggja tvær pípur á milli. Gerðið fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er hár granítpúltsteinn með lengdina frá vestri til austurs og horfir hann í austur. Steinninn fer í 4. flokk.

**T 232** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er furukross með svartri álplötu og snýr hann í austur. Krossinn fer í 4. flokk.

**T 233** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk er að finna á reitnum. Það eru tveir bleikir granítvarðar með dökkum kornum, sem hvíla á sameiginlegum undirsteini. Þeir snúa í austur en halla nú mjög til vesturs. Steinarnir fara báðir í 4. flokk.

**T 234** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steinsteyptur drangur sem er meiri á breidd en hæð. Hann er nokkuð þunnur og stendur á þunnum sökkli sem hvílir á bakkanum. Innfelld er dökkleit granítplata og snýr þetta til austurs. Steinninn fer í 4. flokk.

**T 235** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x3 súlum ofan á sem eru settar bergmylsnu og liggur keðja á milli þeirra. Bakkinn fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum sem bæði snúa í vestur. Þetta eru steinsteyptir púltsteinar, flatir að ofan en mun þykkari neðst en efst. Á báðum steinunum eru dökkar granítplötur og fara steinarnir í 4. flokk.

**T 236** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum kubbum sem hlaðnir eru kringum reitinn. Umgjörðin fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er mjög skemmtilegt og þyrfti að hefja það upp því að sökkullinn og undirsteinn, ef hann er til staðar, eru mjög signir. Þetta er þekjusteinn sem er helmingi þykkari neðst en efst og ekki nema um 40 cm á hæð. Efst er lítil gerð af lágmyndinni *Degi* sem er alveg heil. Neðst er minni gerðin af handabandi og er það einnig alveg heilt. Fer í 2. flokk.

**T 237** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Eitt minningarmark er á reitnum og er þetta grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Varðinn stendur á fallega útskornum sökkli með margvíslegum brúnum. *Trú, von og kærleikur* er meitlað efst. Gotneskur gluggi er efst og krulluaxlir til hliðanna. Einnig eru vínviðargreinar meitlaðar á steininn. Efst hefur verið englamynd en hún er nú brotin af. Neðst hefur verið handaband en það er einnig brotið af. Áletrun á undirsteini: „*Drottin gaf og drottinn tók, lofað veri nafn drottins*“. Steinninn fer í 2. flokk.

**T 238*** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í vestur. Þetta er bogasteinn á sökkli og líklega undirsteini. Minningarmarkið er nokkuð sigið. Á steininum hefur líklega verið Thorvaldsenslágmynd en hún er horfin. Fer í 2. flokk.

**T 239** Umhverfis reitinn er mjög lágur bakki sem varla sést því hann er sléttur við jörðu. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark sést hér en það er marmaraplata sem á stendur „*Rita*“. Fer í 4. flokk.

**T 240** Kringum þennan barnsreit er steypt umgjörð sett bergsalla með gafli og steyptum planka þar ofan á. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að sjá.

**T 240a** Ekkert er að sjá á þessu leiði

**T 241** Kringum reitinn er hár og mikill steinsteyptur bakki með steyptum plönkum ofan á. Hann er allur settur bergmylsnu og í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Á reitnum er að finna þrjú minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er úr graníti og er það flatur óbeliski á sökkli úr sama efni. Hann er dökkleitur og slípaður að framan frá Schannongsteinsmiðjunni í Kaupmannahöfn. Fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem virðist vera með meitluðu letri frekar en sandblásnu. Ofan í það er málað með svörtu og fer steinninn í 4. flokk.

Fyrir framan þessa tvo legsteina er þriðji steinninn. Hann er einnig blágrýtisvarði sem er skorinn þvert og slípaður. Hann er með hvítu sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

**T 242** Kringum reitinn er ílangur steinsteyptur bakki með þremur þunnum hliðarörmum og gafli. Bakkinn liggur frá norðri til suðurs og fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru fimm minningarmörk. Fyrstu fjögur eru allt frekar stórar grágrýtisplötur eða ferningar sem felldar eru inn í gaflinn. Þær eru með upphleyptu letri á bekkjum. Plöturnar fara í 4. flokk. Fimmti steinninn er heill púltsteinn frá 1905, hann er meitlaður þannig að það lítur út fyrir að það sé plata í honum en hún er í raun hluti af steininum. Fer í 3. flokk.

**T 243** Kringum reitinn er hár steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en pússningin er víða farin að flagna af. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 301** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki settur bergmylsnu. Ofan á eru soðnar pípur sem eru festar í bakkann. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur. Þetta er lítill dökkgráleitur bogasteinn úr graníti með bogadregnum öxlum. Hann stendur á sökkli úr svipuðu efni og fer í 4. flokk.

**T 302** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er steinn úr torræðu efni með gotnesku lagi og stendur á undirsteini. Hann er nokkuð veðraður á baki en slípaður að framan. Efst er verk Thorvaldsens *Nótt*. Hann er heill að mestu nema skarð er í brúninni á honum. Steinninn fer í 2. flokk.

**T 303** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með nokkuð háum gafli og steyptum planka þar ofan á. Öll umgjörðin er sett bergmylsnu og fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru dökkar granítplötur sem snúa í austur og fara í 4. flokk.

**T 303a til T 303b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**T 303c** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er hvítur furukross með svartri álplötu. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 303d** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er fallegur smíðajárnskross með hjartalaga örmum og álplötu. Krossinn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 304** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með gafli og er umgjörðin sett bergsalla. Fer í 5. flokk. Gaflinn er hruninn fram og líklegast er plata á honum. Ef svo er þá snýr hún í austur. Ekki er hægt að flokka þetta þar sem þetta sést ekki.

**T 305** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er blágrýtisdrangur mjög skófum vaxinn. Hann hvílir á undirstöðu úr skornu blágrýti. Leturflöturinn er sandblásinn og letrið er upphleypt. Fer í 4. flokk.

**T 306** Steinsteyptur bakki með hliðararmi, gafli og steyptum plönkum ofan á örmum og gafli. Allur er bakkinn settur bergmylsnu og snýr hann í austur. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er svört granítplata sem fer í 4. flokk.

**T 306a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 307** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er fallegur þekjusteinn úr graníti. Hann er nokkuð þykkari neðst en efst og óreglulegur á hliðum og baki. Hann stendur á undirsteini úr sama efni. Efst á steininum hefur verið marmarakross sem er nú brotinn af. Ofarlega á framhlið hefur einnig verið englamynd er hún er nú brotin. Steinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**T 308** Kringum reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki en pússningin er mjög farin að flagna af. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er stór grágrýtisdrangur sem liggur á reitnum. Hann er afsettur neðst, efst og á hliðum. Leturflöturinn er slípaður og snýr í austur. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**T 308a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**T 309** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Fer í 3. flokk.

**T 310** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Hér er eitt minningarmark og er þetta hálfgerður þekjusteinn með ypptum öxlum og svo er kubbur til hliðanna. Hann stendur á sökkli og undirsteini. Áletrunin á steininum vekur athygli: „*Þú gleymist okkur aldrei, elsku mamma*“. Steinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**T 311** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem er nokkuð sprunginn og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er furukross með plastplötu og snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**T 312** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið, sem snýr í austur, er bogasteinn sem er mjög óreglulegur á baki og hliðum. Hann stendur á miklum sökkli en hallar og þyrfti að rétta steininn við. Efst er lágmyndin *Dagur* en hún er mjög sprungin. Fer í 2. flokk.

**T 313** Umhverfis reitinn er mjög lágur steinsteyptur bakki í slæmu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er grágrýtisplata sem hvílir á litlum grágrýtisskubbum og stendur á grágrýtissökkli sem er heilskorinn. Hægra horn plötunnar efst er brotið. Hún snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 314** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki í ágætisástandi sem fer í 5. flokk. Fyrir miðju er steyptur hringur fyrir blóm. Reiturinn er hulinn marmarasteinvölum.

Hér er eitt minningarmark og snýr það í austur en það er furukross með plastplötu sem fer í 4. flokk.

**T 315** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er bogasteinn sem er þrisvar til fjórum sinnum þykkari neðst en efst. Boginn er ekki aflíðandi heldur snöggur niður með hliðunum. Á steininum hefur verið minni gerðin af handabandi en hún er brotin af. Fer í 3. flokk.

**T 315a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 316** Kringum þennan reit sem sýnist vera barnsreitur er steinsteyptur bakki með lágum hliðararmi og þykkum en lágum gafli. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 316a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 317 og T 317a** Ekkert er að finna hér.

**T 318 til T 318c** Ekkert er hér að finna.

**T 319** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er bogasteinn sem nýlega hefur verið slípaður að framan. Hann er óreglulegur á hliðum og baki. Steinninn stendur á miklum sökkli sem er mjög bungumyndaður en um leið oddhöggvinn. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún öll sprunginn. Steinninn snýr í vestur og fer 3. flokk.

**T 319a til 319b** Hvorki er minningarmark né umgjörð á þessum tveimur leiðum.

**T 320** Umhverfis reitinn er mjög vel með farinn steinsteyptur bakki. Ofan á honum eru 3x3 koparsúlur og koparkeðja liggur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er blágrýtisstuðull með sandblásnu letri og hefur verið málað ofan í það með svörtu. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**T 321** Kringum reitinn er mikill og ílangur steinsteyptur bakki með bergsalla og liggur hann frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk.

Fimm minningarmörk eru á reitnum og snúa í vestur. Fyrsta minningarmarkið er stór svartur granítkubbur á möttum kassalaga granítsökkli. Letrið er gyllt og fer steinninn í 4. flokk.

Annar steinninn er sandsteinn. Hann er bogadreginn að ofan og fjórum sinnum þykkari neðst en efst. Hann stendur á undirsteini sem líklega er úr grágrýti. Steinninn fer í 2. flokk.

Þriðja minningarmarkið er marmaraplata sem hvílir á steinsteyptum kubbi. Hugsanlegt er að platan hafi staðið á einhverju öðru í upphafi en hún er líklega frá árinu 1901. Platan fer í 2. flokk.

Fjórða minningarmarkið er steinsteyptur varði á steinsteyptum sökkli sem er með hallandi brúnum. Steinninn virðist vera blanda af steinsteypu og ljósum bergmulningi og jafnvel rauðamöl. Steinninn er merkilegur vegna handbragðs og efnis. Í

framhliðina er felld marmaraplata. Ofarlega á framhliðinni er lágmyndin *Dagur* og er hún heil. Steinninn fer í 2. flokk.

Fimmta minningarmarkið er steyptur legsteinn og lítur hann út fyrir að vera kalkborinn því hann er svo hvítur. Þetta er stór varði á sökkli úr grágrýti og fer í 2. flokk.

**T 322** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er bogasteinn úr grágrýti á oddhöggnum grágrýtissökkli og grágrýtisundirsteini. Kantar varðans eru rúnnaðir og hann er slípaður að framan. Efst hefur verið englamynd en hún er nú brotin. Þar fyrir neðan er handaband sem er sprungið. Steinninn snýr í vestur og fer í 2. flokk.

**T 323** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Hér er að finna eitt minningarmark. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Steinninn snýr í vestur en hallar mjög í austur og þyrfti að rétta hann við. Á varðanum er samskonar lágmynd og er á minningarmarkinu í **T 322** og hún er einnig brotin. Steinninn er líklega frá 1905 og fer í 2. flokk.

**T 324** Umhverfis reitinn er steinsteyptur ílangur reitur sem liggur frá austri til vesturs. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og þau snúa í vestur. Það fyrra er steinsteyptur flatur óbeliski úr ljósum bergsalla. Hann stendur á sökkli úr sama efni. Efst eru leifar af lágmyndinni *Degi*. Inn í varðann er felld marmaraplata sem hefur líklegast verið slípuð með sandpappír til að ná skófum á henni af en við það hefur hún rispast öll og er jafnvel ónýt. Varðinn er sérkennilegur vegna handbragðs og fer í 2. flokk.

Hinn legsteinninn stendur fyrir framan þann fyrsta. Þetta er marmaraplata með þekju sem er brotin og eru koparstafir framan á plötunni. Hún situr á undirstöðu úr marmarasalla. Fer í 4. flokk.

**T 325** Umhverfis reitinn er þykkur og mikill steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Á honum er stór og mikill gafl en engir hliðararmar. Steyptur planki er ofan á gaflinum. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru rauðleitar granítplötur og snúa allar í vestur. Þær fara allar í 4. flokk.

**T 326** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á reitnum er stórt grenitré og eitt minningarmark. Tréð þrengir mjög að minningarmarkinu og hefur fært það úr stað. Þetta er heill grágrýtissteinn sem er skorinn þannig að hann líkist púltsteini, hann er með upphleyptu letri á bekkjum. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 327** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er fallegur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og snýr hann í austur. Efst er lágmyndin *Nótt* minni gerðin og er hún heil. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**T 327a** Reiturinn er afmarkaður af litlum steinsteyptum skrauthellum og fer þessi umgjörð í 5. flokk.

Minningarmörkin á þessum reit teljast vera tvö. Fyrsta minningarmarkið er marmarakubbur með hallandi þakhliðum og þremur kubbum meðfram öllum hliðum. Steinninn hvílir á marmaramulningssteini snýr í austur og fer í 4. flokk.

Á hliðina er skrúfuð græn plata sem vísar í suður og fer í 4. flokk.

**T 328** Umhverfis reitinn er stór steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs en út úr honum liggur einstaklingsreitur til austurs. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á stærri og vestari reitnum. Það fyrsta er dökkur granítvarði með rúnnaðar brúnir efst. Hann stendur á sökkli og undirsteini sem er líklega úr skornu graníti eða grágrýti. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekk. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er óbeliski á millikraga og miklum sökkli og breiðum undirsteini. Steinninn snýr í austur. Framhliðin er sandblásin og letrið stendur eftir upphleypt. Fer í 2. flokk.

Á einstaklingsreitnum er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og steyptum undirsteini. Steinninn, sem er frá 1907, er slípaður að framan og hefur letrið síðar verið sandblásið. Líklegt er að á honum hafi verið lágmynd Thorvaldsens en nú er sá flötur allur oddhöggvinn og koparblómsturverk límt þar í. Fer í 3. flokk.

**T 329** Kringum reitinn er stólpagerði með einum úthöggnum blágrýtisstólpa í hverju horni. Tvær pípur liggja á milli hverra stólpa. Þetta gerði ferð í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er klassískur flatur óbeliski sem hefur eitt sinn verið hvítmálaður en málningin er að flagna af. Varðinn er á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Nótt*, brotin eða sprungin en þó á sínum stað. Fer í 2. flokk.

**T 330** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er mjög brotinn. Ofan á honum eru 2x3 súlur og er lengd bakkans í norður-suður. Keðja gengur á milli súlnanna. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er svartur granítferningur sem allur er á hæðina. Hann er á sökkli úr sama efni sem er mattur og skorinn. Hann er einnig á undirsteini en ekki sést úr hverju hann er. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 331** Kringum reitinn er allhár einstaklingsreitur með löngum hliðararmi og háum gafli með steyptum planka ofan á. Hann er allur settur bergsalla og snýr í austur. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er aðeins eitt og er þetta ílöng álplata sem er skrúfuð í bakkann. Fer í 4. flokk.

**T 332** Kringum reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og þau snúa í austur. Það fyrsta er granítvarði sem er óreglulegur á hliðum og stendur á granítsökkli sem er sérkennilega höggvinn og hvílir á steyptri undirstöðu. Fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er úr gabbró. Þetta er náttúrulegur steinn sem er skorinn þvert þannig að hann er allur óreglulegur á hliðum og baki en slípaður að framan. Hann hvílir á undirstöðu úr blá- eða grágrýti. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 332a til T 332b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**T 333** Umhverfis reitinn er stór og þykkur stuðlabergsdrangur sem snýr í austur. Á honum er sandblásið letur og fer hann í 4. flokk.

**T 334** Kringum reitinn er hvítmálaður steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Bakkinn fer í 5. flokk.

Á reitnum eru tvö minningarmörk. Þetta eru svartar grágrýtisplötur sem eru allar á lengdina. Þær snúa í austur og fara í 4. flokk.

**T 335** Ekkert er að finna á þesum reit.

**T 401** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er flatur óbeliski, rúmlega metri á hæð, á sökkli og undirsteini og er steinninn nokkuð farinn að síga. Hann snýr í austur og er annars í ágætisástandi. Lágmynd hefur verið efst á varðanum en þetta er allt brotið. Letrið er mjög máð og mætti gjarnan setja nýja lágmynd efst. Steinninn fer í 2. flokk.

**T 402** Kringum reitinn er hár steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er í sæmilegu ástandi en þó með nokkrum alkalísprungum. Bakkinn fer í 5. flokk.

Sex minningarmörk eru á reitnum og snúa öll í austur.

Fyrsta minningarmarkið er flatur óbeliski sem er líklega á stórum sökkli og undirsteini en þetta sést ekki því bakkinn hefur verið fylltur af mold. Varðinn hefur verið slípaður að framan og líklega hefur verið sett í hann ný Thorvaldssenslágmynd. Steinninn fer í 2. flokk.

Annað minningarmarkið er grágrýtissteinn sem er mun þykkari neðst en efst. Hann hefur púltsteinslag en vinstra hornið er að springa af. Steinninn stendur á sökkli og letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er stór bogasteinn á sökkli. Efst í boganum er fallega meitluð rönd og í hana eru meitlaðir geislar á jaðrinum. Þar fyrir neðan er upphleypt krossmark og letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 3. flokk.

Fjórða minningarmarkið er meitlaður púltsteinn úr grágrýti og hvílir svört granítplata framan á honum. Fer í 2. flokk.

Það fimmta er sérkennilegur marmarasteinn sem hefur gotneskt lag og er settur koparstöfum. Hann stendur á litlum sökkli og stórum undirsteini. Steinninn mun vera frá Sólsteinum. Fer í 4. flokk.

Sjötta minningarmarkið er granítsteinn sem sennilega er á sökkli og undirsteini en þeir sést ekki. Fer í 2. flokk.

**T 403** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er bogasteinn á digrum óreglulegum sökkli. Engar beinar hliðar eru á steininum heldur er bak og hliðar hans í bungum og dældum. Efst er lágmyndin *Nótt*. Letrið er nokkuð máð en mætti skerpa á því og fer steinninn í 2. flokk.

**T 404** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og er hann ekki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 405*** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Fyrsta minningarmarkið í garðinum og yfir vökumann hans frú Guðrúnu Oddsdóttur Sveinbjörnsson. Steyptur járnkross og sá stærsti í garðinum og líklega á landinu. Festa þarf krossinn betur, skipta um steypta undirsteininn og hækka hann upp. Krossinn fer í 1. flokk.

**T 406** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur þunnum hliðarörmum og þunnum gafli. Gaflinn horfir til austurs og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**T 406a til T 406d** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**T 407** Ekki er nein umgjörð um þennan reit.
Minningarmarkið er eitt en það er fallegur granítsteinn með slípaðri framhlið á sökkli sem er afsettur. Fer í 3. flokk.

**T 407a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 408** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki sem settur er bergsalla. Fer í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk eru á reitnum og þau vísa til austurs.
Það fyrsta er blágrýtissteinn sem er heilskorinn með púltsteinsformi og gljáfægður á framhlið. Letrið er sandblásið í steininn. Fer í 4. flokk.
Annað minningarmarkið er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi og á honum hvílir stór steypt koparplata. Fer í 4. flokk.
Þriðji steinninn er grágrýtissteinn með púltformi og sandblásnu letri. Steinninn er skorinn í vél og fer í 4. flokk.

**T 409** Kringum reitinn er hár og þykkur steinsteyptur bakki, með 3x3 steyptum súlum ofan á og er keðja á milli. Bakkinn er mjög illa farinn. Hann er settur bergsalla og fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur og er það líklega frá Schannong. Þetta er ferhyrningssteinn sem er bogadreginn að ofan og með öxlum. Hann hvílir á sökkli. Steinninn er höggvinn þannig að granítið er nokkuð óslétt. Fyrir miðju er hringur og er kaðall meitlaður í umhverfis. Þessi hringlaga flötur er gljáslípaður og letrið er meitlað þar á. Fer í 4. flokk.

**T 409a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**T 410** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki settur bergmylsnu í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Það fyrsta er grágrýtissteinn sem er þykkari efst en neðst og er hann sléttur efst. Letrið er mjög upphleypt á bekkjum. Undirsteinninn er skorinn ferhyrningur. Fer í 4. flokk.
Annað minningarmarkið er flatur óbeliski sem hvílir á sökkli sem virðist vera steyptur og er hann settur bergsalla. Skerpt hefur verið á letrinu með sandblæstri. Fer í 3. flokk.
Þriðji steinninn er alveg eins og sá fyrsti og fer í 4. flokk.

**T 411** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er aðeins eitt og snýr í vestur. Það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Ekki mjög hátt, u.þ.b. 100 cm upp í rjáfur. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**T 412** Kringum reitinn er stólpagerði með oddhöggvinni súlu í hverju horni og liggja þrjár ryðgaðar pípur á milli. Stólparnir eru sprungnir. Fer í 3. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum og þau snúa í austur. Þetta eru meitlaðir púltsteinar með granítplötum. Sú fyrri er ögn dekkri en hin sem er gráleit. Plöturnar hvíla í púlti og fara báðir steinarnir í 3. flokk.

**T 413** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem virðist vera í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór tilhöggvinn grágrýtispúltsteinn sem snýr í austur. Svört granítplata í púltinu. Hann fer í 3. flokk.

**T 414*** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er allur mölbrotinn og fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta er heill granítsteinn, skorinn í púltform og fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er granítplata sem styðst upp við steypta súlu. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er mjög lágur blágrýtisvarði frá Mósaík. Hann stendur á skornum blágrýtiskubbi. Málað með hvítu ofan í letrið en efst er messingkross. Fer í 4. flokk.

**T 414a** Þetta leiðisnúmer lendir á stígnum.

**T 415** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki, í harla góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Reiturinn þakinn grágrýtisflögum af ýmsum gerðum.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er mikill bogavarði og efst á honum er mjög stór platti, líklega um 30 cm í þvermál, af engli sem lyftir fingri upp í loft og breiðir úr vængjum sínum. Plattinn er brotinn. Áletrunarflöturinn hefur verið oddhöggvinn og letrið upphleypt. Varðinn hefur allur verið svartmálaður með olíumálningu eða reiðhjólalakki, sem og sökkullinn. Álplata hefur verið skrúfuð í bakkann en hún hefur svo verið svartmáluð. Fer í 3. flokk.

**T 415a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**T 416** Kringum reitinn eru hlaðnir grágrýtisvarðar allir úr lagi gengnir en fallegir og mætti laga þá. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er stór flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið er orðið nokkuð máð. Steinninn virðist vera frá 1904. Efst hefur verið marmarakross sem nú er brotinn af og væri gaman ef nýr yrði settur. Ofarlega í varðanum er lágmynd Thorvaldsens *Dagur*, alveg heil. Neðst í varðanum er óskemmt handaband af stærri gerðinni. Steinninn snýr í austur en hallast í norður. Fer í 2. flokk.

**T 417a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**T 417** Steinsteyptur bakki með bergsalla og gafli sem einnig er settur bergsalla. Til hliðar við gaflinn eru steyptir blómapottar úr bergsalla. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér.

**T 418** Kringum reitinn er stór og mikill steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og þau vísa í vestur. Það fyrsta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er sökkullinn hulinn til hálfs. Sérkennilegt letur meitlað í hann. Í varðanum er Thorvaldsensverkið *Nótt*, mjög sprungið. Fer í 2. flokk.

Hitt minningarmarkið er blágrýtisstuðull. Á framhliðinni er rismynd af Sigurði frá Görðum eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal steypt í brons. Fer í 1. flokk.

**T 419** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og er mjög kvarnað úr hornum hans. Fer í 5. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrra er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini. Þetta er allt mjög sigið og hallast til norðvesturs. Fer í 3. flokk.

Hitt minningarmarkið er þekjusteinn, helmingi meiri á hæð en breidd, með aflíðandi þaki. Fer í 3. flokk.

**T 420** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli afmarkar reitinn. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**T 421** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er stór og mikill granítkross á miklum sökkli og undirsteini. Allt er þetta gljáfægt. Krossinn snýr til vesturs og eru á honum koparstafir. Steinninn er merktur Schannong og fer í 4. flokk.

**T 422** Kringum reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og snýr það í austur. Það stendur á bakkanum vestanverðum. Þetta er steinsteyptur legsteinn með dökkri granítplötu með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**T 423** Kringum reitinn er járnsteypt grindverk sem fer í 1. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk. Fyrra minningarmarkið er merkilegur grágrýtissteinn. Ofarlega í hann eru meitlaðir borðar með áletrun. Þar beint fyrir neðan er heilt handaband og meitlað letur þar fyrir neðan. Snigilkrappar eru í öllum hornum og stendur hann á fallegum sökkli. Einstakur steinn sem fer í 1. flokk.

Seinna minningarmarkið er blágrýtisstuðull með sandblásnu letri. Fer í 4. flokk. Bæði minningarmörkin snúa í austur.

**T 424** Kringum reitinn er stólpagerði með meitluðum sívalningum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Gerðið er í ágætisástandi. Engir stólpar eru brotnir en pípu vantar að vestanverðu. Þetta gerði fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er mjög líklega frá Schannong. Þetta er flatur óbeliski á sökkli sem snýr í austur. Efst er pálmagrein og liggjandi kross. Fer í 4. flokk.

**T 425** Kringum þennan einstaklingsreit er stólpagerði með tilhöggnum grágrýtis-stólpum. Grágrýtissúlur með tilhöggnu pýramídaþaki eru í hverju horni og gengur ein pípa á milli. Gerðið fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er fjörugrjót, líklega blágrýti á steyptri undirstöðu. Framhliðin er sandblásin niður en letrið er upphleypt. Fer í 3. flokk.

**T 426** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta er lítill óbeliski úr svörtu graníti á sökkli. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er þykkur og mikill flatur óbeliski á sökkli, hann er mjög siginn. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún alveg heil. Neðst hefur verið minni gerðin af handabandinu en það er brotið. Steinninn fer í 2. flokk.

Þriðja minningarmarkið er lítill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr gráleitu graníti. Hann er laus og hallast. Fer í 4. flokk.

**T 427** Kringum reitinn er stólpagerði. Þetta eru þykkir sívalningar og hafa tvær pípur gengið á milli þeirra. Stólparnir er brotnir að vestanverðu. Gerðið fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 428** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

**T 429** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki settur bergsalla. Á bakkanum er gafl og átta súlur. Keðja liggur frá súlunum í gaflinn. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er steypt koparplata sem er fest á gaflinn. Hún fer í 4. flokk.

**T 429a til T429b** Ekkert minningarmark er að finna á þessum tveimur leiðum.

**T 430** Kringum reitinn er stólpagerði í mjög góðu ástandi. Fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Nótt* sem sprungin er í þrjá hluta en er þó föst. Neðst er handaband af minni gerðinni en hægri kraginn er brotinn. Skemmtileg umgjörð og minningarmark, fer í 2. flokk.

**T 430a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 431** Umhverfis reitinn er mjög hár sléttfylltur steinsteyptur bakki, sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér en það er granítplata sem hallast upp að steyptum steini úr marmarasalla. Á henni eru stafir úr kopar. Efstu horn plötunnar eru sniðin af og hallast þetta nokkuð. Fer í 4. flokk.

**T 432** Stólpagerði afmarkar reitinn. Lengdin er í austur-vestur. Gerðið samanstendur af 2x3 steyptum súlum og liggja þrjár pípur á milli. Þetta gerði fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini sem er neðan moldar. Letrið er nú nokkuð máð. Efst á varðanum er lágmynd Thorvaldsens *Nótt*, í harla góðu ástandi. Neðst er heilt handaband. Eftirmæli eru undir handabandinu en þau eru ólæsileg. Fer í 2. flokk.

**T 433** Steypt er yfir allan reitinn.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er púltsteinn sem er nánast lóðréttur, hallast á að giska um $5^{\circ}$. Hann er oddhöggvinn á baki og hliðum. Framan á hvílir dökkleit granítplata og snýr þetta í austur. Steinninn er í ágætisástandi og fer í 3. flokk.

**T 434** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er hér að finna en það er óbeliski með pýramídaþekju á sökkli og undirsteini. Hann er meiri á breidd en þykkt. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún alveg heil. Neðst er heilt handaband. Steinninn fer í 2. flokk.

**T 501*** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi þó hann sé víða farinn að flagna. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum sem vísar í austur. Það er bogasteinn sem líklega er frá Schannong. Hann er slípaður að framan og stendur á sökkli og sennilega undirsteini. Á steininum er rismynd, drifið verk. Myndin er andlitsmynd af hinum látna, trúlega úr kopar. Fer í 1. flokk.

**T 501a** Þessi reitur er beint fyrir framan **T 501**. Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er bæsaður furukross með svartri plastplötu. Fer í 4. flokk.

**T 501b** Ekkert er hér að finna.

**T 502** Reiturinn er mjög ílangur og liggur í norður-suður. Þarna eru hlaðnir grágrýtis-drangar og ofan á hefur verið stólpagrindverk, súlur í pípum á milli. Súlurnar eru með pýramídaþaki og hliðarnar eru rúnnaðar fyrir miðju. Þrjár pípur liggja á milli súlnanna. Þetta er allt fallið og allar súlurnar eru horfnar nema þrjár, sú fjórða liggur við endann.

Minningarmörkin eru einstök. Þau eru fjögur og snúa í austur. Það fyrsta er flatur óbeliski meitlaður úr grágrýti, á sökkli og undirsteini. Efst er heil lágmynd Thorvaldsens *Dagur*. Neðst er heilt handaband. Heiðurskrans er á sökkli. Fer í 1. flokk.

Annað minningarmarkið er óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini sem sést ekki. Efst er lágmyndin *Nótt* í fullkomnu ástandi og neðst er heilt handaband. Brúnirnar á sökklinum eru skemmtilega meitlaðar með allskyns skrautverki. Fer í 1. flokk.

Þriðja minningarmarkið er flatur óbeliski með rúnnaðar hliðar, á sökkli með heiðurssveig og sennilega á undirsteini sem sést ekki. Efst er sama stærð af Thorvaldsenslágmyndinni *Nótt* eins og á steininum að framan en þessi er sprunginn. Neðst er handaband í fullkomnu ástandi. Fer í 1. flokk.

Fjórða minningarmarkið er blágrýtisdrangur með meitluðu letri. Fer í 4. flokk. Reiturinn allur er einstakur. Á bakkanum vestanverðum hefur verið hlið. Reiturinn fer sem heild í 1. flokk.

**T 502a** Umhverfis reitinn er hár steyptur bakki sem er nánast sléttfylltur með þremur mjóum hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 502b** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 502c** Umhverfis reitinn er stólpagerði með súlu í hverju horni og tvær pípur hafa legið á milli hverra súlna. Lengdin er í austur-vestur. Gerðið er í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 502d** Ekkert minningarmark er á reitnum.

**T 503** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er mjög fúinn trékross með plastplötu. Fer í 4. flokk.

**T 504** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og lágum gafli. Fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk og snúa þau í austur. Allt eru þetta nokkuð þykkar svartar granítplötur sem eru felldar inn í bakkann og fara í 4. flokk.

**T 505** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eina minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og snýr það í austur. Efst hefur verið platti með englamynd, þeirri með vængjunum sem skaga út, hún er mölbrotin. Steinninn er frá 1905 og fer í 2. flokk.

**T 506** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að finna en það er bogasteinn á digrum sökkli og snýr þetta í austur. Steinninn er nokkuð siginn og hallar nokkuð til norðvesturs; mætti hefja hann upp. Letrið er vel skýrt. Steinninn er frá 1904. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún alveg heil. Fer í 2. flokk.

**T 506a** Ekkert gerði umlykur reitinn. Minningarmarkið er heilskorinn blágrýtissteinn með púltsteinsformi. Hann hefur slípaða framhlið en er afsettur á baki og hliðum. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

**T 506b til T 506c** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**T 507** Reiturinn liggur frá norðri til suðurs. Kringum reitinn er stólpagerði með 2x3 stólpum og tveimur pípum á milli. Þetta eru steyptar súlur hvítmálaðar. Allt er gerðið mjög skakkt og fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er hvítur marmarasteinn með aflíðandi þekju og tveimur meitluðum hliðarkubbum. Á framhliðinni eru koparstafir. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn með innfelldri steyptri koparplötu. Fer í 4. flokk.

**T 508** Ekkert afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er bogasteinn á sökkli. Efst hefur verið meitlaður kubbur og þar hefur verið marmarakross sem er brotinn af. Ofarlega er meitlaður hringur og þar á er meitluð harpa. Neðarlega er heilt handaband af stærri gerðinni. Fer í 2. flokk. Steinninn snýr til austurs en hallar til norðvesturs.

**T 509** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það grágrýtissteinn sem er með púltsteinsformi og meitlaður þannig að það lítur út fyrir að vera plata í bakkanum. Bak og hliðar eru afsettar. Steinninn er mjög brattur og hallast nánast um 85°. Hann er dálítið siginn, snýr til austurs en hallar til norðvesturs. Fer í 3. flokk.

**T 510** Steinsteyptur bakki með nokkuð háum gafli og steyptum planka þar ofan á. Allur er hann settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er svört álplata sem er skrúfuð í bakkann en þar sem að bakkinn hallast hefur platan verið sett bein, þannig að ef reiturinn er réttur við þá mun platan halla. Platan fer í 4. flokk.

**T 511** Reiturinn snýr í austur-vestur. Kringum hann er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark sem snýr í austur. Þetta er lítill þekjusteinn úr grágrýti. Fer í 3. flokk.

**T 512** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki og liggur í norður-suður. Hann fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa í vestur.

Það fyrsta er granítplata, ferningslaga, um 7 cm á þykkt. Á henni eru koparstafir. Platan er á sökkli og undirsteini úr sama efni. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er stór ferningslaga steinn með tveimur kubbum úr rauðleitu graníti og stendur á tvöföldum undirsteini. Á steininum eru koparstafir. Steinninn fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er há, svört granítplata með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**T 513** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í slæmu ástandi. Hann hefur verið hvítmálaður en er nú allur flagnaður. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í austur.

Það fyrsta er álplata á tréspjaldi sem hallast upp að þríhyrningslaga tréramma. Á plötunni er þessi áletrun: „*Hvað er Guðs um geima, gröfin betri en sær, út um alla heima, armur drottins nær.* “ Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Seinna minningarmarkið er steinsteyptur steinn sem hallar eins og púltsteinn en er nánast flatur. Í hann er felld grágrýtisplata með sandblásnu, upphleyptu letri á bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk.

**T 514** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, settur bergsalla og er hann allur skakkur. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru litlir, flatir óbeliskar á sökkli og sennilega undirsteini sem sést ekki því minningarmörkin eru nokkuð sigin. Letrið er meitlað. Steinarnir snúa í austur og fara í 3. flokk.

**T 515** Í kringum reitinn er steinsteyptur bakki í mjög góðu ástandi. Hann hefur verið hvítmálaður og er ekki ýkja gamall. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítsteinn. Hann er sennilega frá Schannongsteinsmiðjunni en það gamall að það er ekki spjald á honum. Efst er krossmark og mjög skemmtilegt laufaskreyti er í kringum það. Framan á sökklinum hefur verið límd svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**T 516** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Tvö minningarmörk eru á reitnum.

Fyrra minningarmarkið er úr bláleitu tékkagraníti. Þetta er liggjandi steinn með sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

Hitt er furukross með álplötu sem hefur upphleypt letur. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**T 517** Kringum reitinn er járngrindverk, sem þyrfti að lyfta upp. Það fer í 2. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er púltsteinn úr grágrýti og á undirsteini. Hann er klassískt meitlaður og þykk svört granítplata er felld í hann. Hann horfir til austurs. Steinninn er yfir tvo menn sem drukknuðu á skipinu Bergþóru 5. september 1904. Fer í 3. flokk.

**T 518*** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Hann er ílangur og liggur frá norðri til suðurs.

Fjögur minningarmörk eru innan hans.

Það fyrsta er ákaflega lítill flatur óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini sem nú er neðan moldu. Varðinn og sökkullinn eru oddhöggnir en þó slípaðir að framan. Þetta er skófum vaxið og hylja þær letrið. Fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er þekjusteinn sem er helmingi þykkari neðst en efst og stendur á sökkli. Letrið er á bekkjum og er líklegast sandblásið en er orðið nokkuð máð. Fer í 3. flokk.

Þriðja minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini sem er fyrir neðan moldu. Efst er lágmyndin *Nótt*, brotin þvert efst. Neðst er handaband og er brotið af vinstri erminni. Fer í 2. flokk.

Fjórði legsteinninn er óbeliski með pýramídaþekju á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún alveg heil. Þessi varði fer einnig í 2. flokk. Allir eru þessir legsteinar úr grágrýti.

**T 519** Ekkert er hér að finna.

**T 519a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Hér er að finna eitt minningarmark. Það er afar stórskorinn grágrýtisferhyrningur. Áletrunarflöturinn er þannig að hann er látinn standa nokkuð upp úr og svo er letrið sandblásið alldjúpt. Milli varða og sökkuls er þunnur undirsteinn. Sökkullinn er allstór og steypt er undir hann. Fer í 3. flokk.

**T 519a** Ekkert afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er rauðleitur granítferningur, gljáslípaður að framan en óreglulegur á toppi en hliðar og bak eru skornar. Hann hvílir á undirsteini sem er sennilega úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**T 520** Engin umgjörð er kringum reitinn.
Eitt minningarmark er á reitnum og er það bogasteinn sem virðist vera á undirsteini. Hann er þrisvar til fjórum sinnum þykkari neðst en efst og hefur því púltsteinsform. Málað hefur verið með gulum lit í letrið á steininum, en það er allt mjög máð. Fer í 3. flokk.

**T 520a til T 520b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**T 521** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með steinsteyptum súlum og hafa þær stuðlabergsform. Stór koparkeðja liggur á milli súlnanna. Súlurnar er 12 (3x4). Bakkinn liggur í norður-suður og er í ágætisástandi. Formgerð umgjarðarinnar er í samræmi við minningarmörkin og fer í 2. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum.
Það fyrsta er stór og mikill stuðlabergsdrangur úr blágrýti, um 200 cm hár. Efst er rismynd af Jóni Ólafssyni bankastjóra eftir Ríkarð Jónsson en ber ekki ártal. Stafirnir eru úr kopar; latínuletur í rúnaletursstíl, dæmi um þjóðernisrómantíska stefnu í gerð legsteina. Fer í 1. flokk.
Annar steinninn er mjög lágur blágrýtisferningur sem er skorinn skáhallt sirka 45°, en er annars afsettur og nokkuð sérstæður. Letrið er meitlað í hann með rúnaletursstíl. Fer í 2. flokk.
Þriðji steinninn er lágur stuðlabergsdrangur, blásið eða meitlað letur framan á honum með lágstöfum. Fer í 4. flokk.
Fjórða minningarmarkið er grágrýtispúlt, sem er afsett neðst, á hliðum og í toppi. Framhlutinn er slípaður og letrið er sandblásið ofan í með latínuletri. Þessi steinn fer í 3. flokk.

**T 522*** Umhverfis reitinn er stólpagerði með 12 (3x4) breiðum og þykkum grágrýtisstólpum með tíglaþaki. Lengdin er í norður-suður. Brúnir stólpanna eru rúnnaðar niður. Þrjár pípur liggja á milli stólpanna. Gerðið fer í 3. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.
Það fyrsta er stór nýklassískur steinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 2. flokk.
Annað minningarmarkið er lítill flatur óbeliski, líklega frá Schannong úr dökku graníti. Hann er á undirsteini og sökkli. Fer í 2. flokk.
Þriðja og fjórða minningarmarkið eru stórir, klassískir púltsteinar, afsettir á hliðum en þó meitlaðir sléttir meðfram jöðrum. Stórar hvítar marmaraplötur liggja á bakkanum. Fara í 2. flokk.

**T 523** Ekkert afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini sem sést varla. Varðinn er óskreyttur en með meitlað letur. Fer í 3. flokk.

**T 524** Umhverfis þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki sem hallar mjög til norðurs. Lengd bakkans er í austur-vestur og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá. Þetta er grágrýtisferhyrningur sem er allur á hæðina og slétt skorinn á öllum hliðum. Litlar axlir eru efst á steininum. Efst eru meitluð að því er virðist norðurljós. Steinninn ber stílbragð þjóðernisrómantíkur. Stórt tré þrengir að steininum en þetta er skemmtilegur reitur og fer steinninn í 2. flokk.

**T 525** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með 9 (3x3) súlum og keðjum á milli, sem fer í 4. flokk. Allt er þetta sett bergsalla. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur. Það er stór bleikur granítsteinn. Hann er ferhyrningslaga og stendur á sökkli. Á steininn er meitlað krosstré sem er gert þannig að það lítur út fyrir að hafa börk og eru kvistir í því. Fer í 2. flokk vegna táknfræði.

**T 526** Umhverfis reitinn er allhár steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er bogasteinn á undirsteini með snöggum öxlum. Efst er hálfmáni og á honum eru pálmagreinar og krossmark á sökkli. Letrið er upphleypt á bekkjum. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk.

**T 526a til T 526d** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**T 527** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki. Mikið er um alkalískemmdir og er pússningin að detta af. Bakkinn hallar mjög til suðurs og fer hann í 5. flokk. Reiturinn liggur í austur-vestur. Eitt minningarmark er innan reitsins og snýr til austurs. Það er steinsteyptur púltsteinn með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**T 528** Á enda leiðisins er steypt stykki sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er heill grágrýtispúltsteinn sem er skorinn á öllum hliðum og með miklu upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 3. flokk. Hinn steinninn, sem er lægri, virðist vera úr blágrýti og er með fíngerðu upphleyptu letri á bekkjum. Hann fer í 4. flokk.

**T 529** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki sem allur er að molna í sundur. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá og snýr það í austur. Það samanstendur af varða, sökkli og undirsteini. Varðinn hefur þekju og snöggar axlir en efst er meitluð þreföld krulla. Í varðann er felld lágmyndin *Dagur* en hún er brotin. Steinninn hallast mjög til norðvesturs og þyrfti að rétta hann við. Fer í 2. flokk.

**T 529a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**T 530** Hér í kring er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og er hann settur bergsalla. Bakkinn hallast nokkuð til norðvesturs og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er sérkennilegur steinsteyptur steinn með langri plötu að framan og aftan. Álplata er skrúfuð á steininn. Fer í 4. flokk.

# Reitasafn V

*REITASAFN V*

**V 100 til V 100c** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**V 101** Þetta er lítið barnsleiði. Kringum það er mjög þykkur en lágur bakki. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið snýr í vestur. Það er trékross með skornum svörtum röndum á stilki og krossörmum. Á krossinum er plastplata. Fer í 4. flokk.

**V 102** Reiturinn afmarkast af stólpagerði með fjórum stólpum. Stólpinn í suðaustur horninu er brotinn. Pípur vantar alls staðar nema á vesturhliðinni og ein heil er á norðurhliðinni. Gerði þetta er að heita má ónýtt en halda þyrfti í það sem heilt er. Fer í 4. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**V 103** Eitt minningarmark er hér að finna en það er allstór trékross. Þetta er óskreyttur harðviðarkross og eru tvær álplötur á hvorum hliðorarmi. Fer í 4. flokk.

**V 104** Steinsteyptur einstaklingsbakki, nokkuð hár og er pússningin farin að detta af. Hann er nokkuð mosavaxinn og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi og svartri granítplötu. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**V 104b** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 105** Steinsteyptur lítill púltsteinn með einfaldri hvítri marmaraplötu. Fer í 4. flokk.

**V 106** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er nokkuð hár og þykkur og er mosavaxinn. Ekkert minningarmark er innan hans. Bakkinn fer í 5. flokk.

**V 107** Kringum reitinn er stólpagerði. Stólparnir eru ferhyrndir og úr grágrýti og eru með lágri pýramídaþekju. Tvær pípur hafa legið á milli hverra þeirra, en þær eru nú aðeins eftir á suðurhliðinni. Gerðið fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini en hann sést ekki. Klassískur varði sem fer í 3. flokk.

**V 107a** Hér er ekki neitt að finna.

**V 108** Umgjörðin kringum reitinn er steinsteypt með tveimur afar löngum hliðarörmum, hlið að austanverðu og gafl sem er sveigður eins og skipsstefni til beggja átta. Fyrir miðju er fallegur steyptur tvöfaldur kross. Þetta er útistandandi kross úr ljósu efni sem er það sama og bakkinn, en ytra byrði krossinns er með dökkum bergsalla. Allur er bakkinn einnig settur bergsalla og fer í 4. flokk.

Hér á reitnum eru fimm minningarmörk, allt svartar granítplötur sem snúa í austur og fara í 4. flokk. Vert er að halda í umgjörð reitsins því hann er í góðu ástandi.

**V 109** Kringum þennan einstaklingsreit er bakki með hliðararmi og gafli og steypuplanka ofan á gaflinum. Allur er hann vaxinn mosa en í sæmilegu ástandi. Ekkert minningarmark. Bakkinn fer í 5. flokk.

**V 110** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eina minningarmarkið á reitnum er bogasteinn, þeirrar gerðar að það eru engin skil á milli hliða og baks heldur er hann allur dældóttur og afsettur. Hann stendur á sökkli sem er mjög ójafn og allur afsettur en þetta stendur allt á stórum undirsteini. Efst í varðanum er Thorvaldsenslágmyndin *Dagur*, mjög sprungin en tollir þó í. Steinninn fer í 2. flokk.

**V 111** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með stuttum hliðararmi og helmingi hærri gafli. Bakkinn er allur settur bergmylsnu (hrafntinnu). Minningarmarkið, sem vísar í austur, er hrafntinnuplata. Fer í 3. flokk vegna efnis.

**V 112** Ekkert gerði er kringum þennan reit.

Minningarmarkið er fallegur bogasteinn úr grágrýti sem stendur á óreglulegum sökkli. Það eru skil á milli hliða og baks þó hliðarnar séu fremur afsettar. Framhliðin er slípuð og hliðarnar meitlaðar jafnt þannig að svo sýnist sem plata hvíli hér í. Efst er Thorvaldsensverkið *Dagur*. Fer í 3. flokk.

**V 113** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og er lengdin í norður-suður. Hann er hvítmálaður, mosavaxinn og sprunginn. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er blágrýtisstuðull sem er skorinn í tvennt og slípaður. Hann situr á blágrýtiskubbi og fer í 4. flokk.

**V 114** Kringum reitinn er stólpagerði og er lengdin í austur-vestur. Það fer í 3. flokk. Hér eru úthöggnir grágrýtissívalningar og liggja tvær pípur á milli þeirra en nokkrar vantar á austurhliðinni. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Snýr í austur en hallar nokkuð til suðurs. Neðst hefur verið minni gerðin af handabandi en hún er brotin af. Fer í 3. flokk.

**V 115** Steinsteyptur bakki með bergsalla og háum gafli. Pússningin er að detta af og bakkinn er allur að síga sunnan megin. Fjögur minningarmörk er hér að finna. Fyrstu þrjú eru granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Sú fyrsta og sú þriðja eru alveg eins. Þetta eru granítplötur sem eru allar á lengdina og fara í 4. flokk en önnur er ögn stærri granítplata og er eiginlega ferningur, fer í 4. flokk. Fjórða minningarmarkið er furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk og bakkinn í 5. flokk.

**V 116** Flatur óbeliski þó hann sé þrisvar sinnum þykkari neðst en efst, tæplega metri á hæð og stendur hann á sökkli. Undirsteinn sést ekki. Snýr í vestur. Neðst er áletrunin: „*Hvíl þú í Guðs friði, kæri vinur*.“ Efst hefur verið rismynd. Af dýptinni að dæma hefur þetta líklega verið einhver englamyndin með þykku útstæðu vængina en þetta er brotið. Steinninn fer í 2. flokk.

**V 117** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með gafli, allur settur bergmylsnu sem nú er farin að falla af. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og vísa til vesturs. Það fyrra er bogasteinn á undirsteini eða sökkli. Skorið hefur verið úr gaflinum og hann settur þar ofan í. Efst er mósaíkverk, hvítur hringlaga flötur og svartur kross þar á. Letrið er upphleypt á bekkjum og hefur verið svartmálað en er farið að mást út. Á sökklinum er einnig letur, upphleypt á bekkjum. Minningarmarkið fer í 3. flokk. Hinn steinninn er blágrýtissteinn sem er skorinn og mattur. Hann er þrisvar sinnum þykkari neðst en efst og stendur á marmarasallakubbi. Fer í 4. flokk.

**V 118** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, nokkuð hár og mosavaxinn en í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk. Lengdin er í norður-suður og hallast bakkinn nokkuð til norðausturs. Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta og þriðja eru alveg eins. Þetta eru skornir grágrýtiskubbar sem hafa púltsteinslag og letrið er sandblásið og upphleypt á bekkjum. Annar steinninn er flatur óbeliski á sökkli, sýnist vera á grágrýtisundirsteini. Fallegt meitlað letur er á framhliðinni en efst kross sem hefur verið svartmálaður. Fer í 3. flokk.

**V 118a**. Ekkert er að finna á þessu leiði.

**V 119** Kringum reitinn hefur hraungrýtisflögum verið raðað upp á rönd til að afmarka reitinn. Fer umgjörðin í 5. flokk. Reiturinn er ílangur og liggur frá norðri til suðurs. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er blágrýtissteinn, ferhyrningur, meiri á hæð en breidd og um 10 cm þykkur. Steinninn er allur slípaður að framan með blásnu letri. Hann hvílir á möttum kubbi úr svipuðu efni. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**V 120** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki, mosavaxinn en í ágætisástandi. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er hvítmálaður furukross með svartri plastplötu og fer hann í 4. flokk. Fyrir framan hann er stór liggjandi blágrýtisdrangur. Hann er óvanalega þykkur allur, slípaður að framan og hallar um 45°. Letrið er sandblásið. Snýr allt í vestur. Fer í 4. flokk.

**V120a**. Ekkert er að finna á þessu leiði.

**V 121** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er skemmtilegur lítill varði á sökkli. Hann er mjög siginn og snýr í austur. Varðinn hefur fremur gotneskt lag en rómanskt. Áletrunin er mjög máð og fer steinninn í 3. flokk.

**V 121a til V 121c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**V 122** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er þekjusteinn, þrisvar til fjórum sinnum þykkari neðst en efst. Hann situr á breiðum og miklum undirsteini. Algjörlega ólæsilegt er á steininn. Fer í 3. flokk.

**V 123** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði og er lengdin meiri í norður-suður. Gerðið samanstendur af 2x3 sívölum grágrýtissúlum og ganga tvær pípur á milli þeirra. Það fer í 3. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og þau snúa í austur. Það fyrsta er bogasteinn á sökkli og sennilega undirsteini en hann sést ekki og hallar þetta nokkuð til norðvesturs. Efst er platti, englamynd með útstæðum vængjunum, sem sést víða í garðinum og er oftast brotin, líkt og þessi er. Neðst hefur verið minni gerðin af handabandi. Þessi steinn fer í 2. flokk og þyrfti að huga að honum. Annað minningarmarkið er furukross með álplötu og snýr í austur. Hann fer í 4. flokk. Þriðja minningarmarkið er lítill bogasteinn á sökkli og undirsteini, kannski 40-50 cm á hæð og á góðum sökkli og fer í 3. flokk.

**V 124** Steinsteyptur bakki, settur bergmylsnu, afmarkar reitinn. Bakkinn er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er nokkuð stór grágrýtisvarði, slípaður að framan með upphleyptu letri á bekkjum. Hliðarnar og toppurinn sem er aflíðandi eru afsettar og bak einnig. Steinninn hvílir á steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk.

**V 125** Reitinn afmarkar skemmtilegt grindverk úr smíðajárni. Verið getur að stoðsúlurnar séu járnsteyptar, svo eru krossmörk ofan á þeim sem og krossar í munstrinu á hliðunum. Grindverkið fer í 1. flokk. Minningarmarkið er bogasteinn á sökkli og er hann mjög siginn. Framan á er englamyndin algenga, með útstæðu vængjunum. Hún er brotin og öll sprungin. Steinninn vísar í austur og fer í 2. flokk.

**V 125a** Ekkert er hér að finna.

**V 126** Steinsteyptur ílangur bakki afmarkar reitinn sem liggur frá norðri til suðurs. Á bakkanum er einn hliðararmur og steypur planki á gaflinum. Bakkinn fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk er hér að finna sem öll snúa í austur. Þetta eru allt grágrýtisplötur með krossmarki og upphleyptu letri á bekkjum og fara þær í 4. flokk.

**V 127** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**V 128** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki og er steypt ofan í reitinn. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**V 129** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, settur bergmylsnu, og í ágætisástandi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark finnum við hér og snýr það í vestur. Þetta er heilskorinn ílangur grágrýtissteinn og horfir til vesturs. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**V 130** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er dökkleitur granítsteinn, mattur á hliðum og óreglulegur að ofan. Á steininn eru meitluð eftirmælin: "*Sönn móðir.*" Fer í 4. flokk.

**V 131** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki í góðu ástandi með 3x3 steinsteyptum súlum og liggur keðja á milli. Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru steinsteyptir steinar með trapisuformi, mun þykkari neðst en efst, en bakið hallar nokkuð líka. Á framhliðinni eru ansi merkilegar og fallegar koparplötur, sporöskjulaga og bungumyndaðar. Steinarnir eru allir eins en á þeim sem er í miðjunni er fallegur koparkross. Reiturinn er mjög heildstæður fer umgjörðin og minningarmörkin í 2. flokk.

**V 132** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn en lengdin er í austur-vestur. Ofan á rammanum eru 2x3 steinsteyptar súlur en þær eru brotnar og illa farnar. Tvær pípur liggja á milli hverra súlna. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur. Það er stór og mikill svartur granítferningur sem er allur á hæðina og stendur á sökkli sem er oddhöggvinn líklega úr sama efni. Hann er slípaður að framan og er letrið meitlað ofan í hann. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**V 133** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er að finna á reitnum og er það steinsteyptur steinn sem látinn er líta út eins og púltsteinn og er á framhlið hans innfelld steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

**V 133a** Ekkert er að sjá á leiðinu.

**V 134** Ekkert gerði afmarkar reitinn en á honum eru sex minningarmörk sem snúa í austur.

Það fyrsta er lítill sérkennilegur steinn úr hvítum marmara. Það virðist vera skreyti á honum en hann er mjög skófum vaxinn. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er svo granítverk, líklega frá steinsmiðju Schannongs, þótt það sé ekki merkt. Undirsteinninn er undir moldu. Þetta er meitlaður bogasteinn úr rauðbrúnleitu graníti. Á honum er meitlaður blaðborði, sveigur efst, og svo er sporöskjulagaður flötur gljáslípaður með áletrun. Fer í 4. flokk.

Því næst er hvítur trékross með svartri álplötu sem fer í 4. flokk.

Þá er hér hvít marmaraplata með skornum hornum. Hún hvílir á undirsteini úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

Að lokum eru á reitnum tveir samskonar steinar. Þetta eru litlir bogasteinar úr svörtu graníti á sökkli úr sama efni. Hæðin á vörðunum er um 30 til 40 cm. Þeir eru nánast örugglega frá Shannong og eru báðir frá 1906. Þeir fara í 2. flokk.

**V 135** Kringum reitinn er hlaðinn bakki úr grágrýtisdröngum. Hér hafa verið mjög fallegar meitlaðar súlur úr grágrýti og hafa legið pípur á milli. Allar þessar súlur eru nú brotnar en hefja mætti upp bakkann og fjarlægja súlurnar. Fer í 3. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur og er það bæsaður furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**V 136** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, hár og mikill. Fer í 5. flokk. Hann er í sæmilegu ástandi en mosavaxinn. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er mikill grágrýtisferningur með bogadregnum hornum efst. Letrið er sandblásið og upphleypt á bekkjum. Varðinn stendur á stórum og miklum sökkli úr grágrýti. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 3. flokk.

**V 137** Steinsteyptur allhár bakki afmarkar þennan reit. Hann fer í 5. flokk. Hér er eitt minningarmark sem snýr í austur. Það virðist vera granítsteinn, sem er skorinn þvert og er framhliðin slípuð. Steinninn er með sandblásnu letri og stendur á skornum undirsteini sem er sennilega úr blá- fremur en grágrýti. Fer í 4. flokk.

**V 138** Kringum þennan reit er lágur steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur. Það er steinsteyptur steinn með púltform og er í bakkanum innfelld svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**V 138a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 139** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki, nokkuð hár og er pússningin farin að eyðileggjast. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er stór og mikill grágrýtisvarði, nokkuð gróft stokkhöggvinn. Efst eru tveir litlir bogar, eins og ypptar axlir. Ofan á er flatur kubbur og er eitthvað meitlað í hann sem gæti átt að tákna norðurljós. Hann stendur á skornum undirsteini sem samt er stokkhögginn. Fer í 3. flokk.

**V 201** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að sjá sem snýr í vestur. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Krossmark er efst. Allt er þetta mjög sigið. Steinninn fer í 3. flokk.

**V 202** Steypt er yfir þennan reit. Gafl er að baki og tvær hliðarsúlur við gaflinn. Bergmylsna er á gaflinum og steypuverkinu og á því er mósaíkverk. Í gaflinn er felld stór granítplata. Fer í 3. flokk.

**V 203** Þessi reitur er samtengdur **V 209**. Reiturinn er L-laga og afmarkast af steinsteyptum bakka. Á bakkanum eru súlur og liggja keðjur á milli þeirra. Þessi bakki fer í 4. flokk. Að vestanverðu er eitt minningarmark. Það er hvítmálaður grágrýtissteinn sem er skorinn ferningur með upphleyptu letri á bekkjum. Hvílir hann á grágrýtissökkli sem er ómálaður. Minningarmarkið fer í 3. flokk. Beint fyrir framan, hér að austanverðu, er samtengdi reiturinn **V 209**.

**V 204** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Eitt minningarmark er hér og er það fremur lágur bogasteinn á sökkli. Hann er nokkuð siginn. Framan á varðanum er hin algenga englamynd með útstæðu vængjunum og er myndin brotin. Steinninn stendur á sökkli úr grágrýti og snýr í austur. Fer í 2. flokk.

**V 205** Þetta er einstaklingsreitur. Kringum hann er steyptur bakki með hliðarörmum og gafli og er hann settur bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og sem snýr í vestur. Það er innfelld hvít marmaraplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**V 205a til V 205b** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**V 206** Umhverfis reitinn er stólpagerði með oddhöggnum sívalningum og liggja tvær pípur á milli stólpanna. Þetta er í góðu ástandi og fer í 4. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**V 207** Hér í kring er steinsteyptur bakki og er lengdin í austur-vestur. Ofan á bakkanum eru 3x3 súlur. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur. Þetta eru steinsteyptir kubbar með kvartsól efst og standa steinarnir á steyptum undirsteini. Innfelld er dökkleit granítplata. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

**V 208** Merkur reitur en í afar slæmu ástandi. Umhverfis reitinn er steinsteypt umgjörð en ofan á henni stendur járnsteypt gerði í slæmu ástandi, víða brotið og úr lagi gengið. Þyrfti að gera þessu eitthvað til góða. Grindverkið fer í 1. flokk.

Á reitnum eru þrjú minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er mjög lágur grágrýtispúltsteinn og er í framhlið hans svört granítplata. Steinninn fer í 4. flokk. Annað minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr gráleitu graníti. Legsteinninn er sennilega frá Schannong en hann er ómerktur. Steinninn er mattur en framhliðin gljáslípuð. Steinninn fer í 4. flokk. Þriðja minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn. Hann vísar í austur en hallast nokkuð. Á steininum er svört granítplata og fer steinninn í 3. flokk.

**V 208a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum og er það fúinn trékross með þremur plastspjöldum. Fer í 4. flokk.

**V 209** Þessi reitur er samtengdur reit **V 203**. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er grágrýtisferningur sem hefur verið hvítmálaður. Á honum er áletrunin: „*Leiðin var ljósið, lífið var Guð.*“ Þetta er steyptur ferningur, jafn á öllum hliðum og hvílir hann á grágrýtisundirsteini. Steinninn fer í 3. flokk. Hinn steinninn horfir til

austurs líkt og sá að framan. Þetta er skorinn granítsteinn, með púltsteinslagi og er letrið sandblásið þannig að það er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**V 210** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er hann settur bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru hér og snúa í austur. Þetta eru hvítar marmaraplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Skófir hylja plöturnar og fara þær í 4. flokk.

**V 210a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 211** Umhverfis reitinn er steyptur bakki, brotinn og siginn. Steypt er yfir allan reitinn. Í bakkann eru festir járnteinar og liggur keðja á milli þeirra. Þessi umbúnaður fer í 4. flokk. Minningarmarkið er flatur óbeliski úr svörtu graníti á sökkli og hallast laus granítplata upp að sökklinum. Minningarmarkið snýr í austur. Á steininum er grafskrift á dönsku og segir frá kafara sem drukknaði við köfun. Steinninn fer í 2. flokk.

**V 212** Einstaklingsreitur. Steypt yfir hann og standa á börmum 2x3 súlur og liggur keðja á milli súlnanna. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið snýr í vestur en það er steinsteyptur ferningur á steinsteyptum sökkli. Í steininn er felld, rauðleit granítplata, með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**V 213** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er nokkuð hár, með gafli, og sín hvorum megin við gaflinn eru tvö steypt blómaker. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og sem snýr í austur. Það er ferhyrnd svört granítplata og fer hún í 4. flokk.

**V 214** Kringum reitinn er steypt undirstaða sem er mjög sigin og skemmd. Á undirstöðunni er grindverk úr pottjárni sem fer í 1. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Annað er púltsteinn úr grágrýti og er felld í hann marmaraplata. Fer í 3. flokk. Hitt er granítsteinn. Framhlið sökkuls og steins er gljáslípuð. Efst er skraut sem gert er með því að gljáinn er meitlaður af en alls staðar annars staðar er hann mattur. Steinninn er mjög líklega frá Schannong. Fer í 4. flokk.

**V 214a til V 214b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**V 214c** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er trékross með plastmerki og snýr hann í vestur. Fer í 4. flokk.

**V 215** Þykkur bakki afmarkar reitinn og sýnist hann vera óskemmdur en er mosavaxinn. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér og snýr í vestur. Tré þrengir mjög að því. Þetta er afar hár bogasteinn á sökkli og líklega undirsteini en hallar mjög í vestur. Letrið er meitlað og hefur það verið gyllt en gyllingin nú farin að mást af. Efst er Thorvaldsenslágmyndin *Dagur* og er hún alheil. Fer í 3. flokk.

**V 216** Steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi. Ofan á gaflinum og hliðarörmunum eru steyptir plankar. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Það fyrra er dökkleit granítplata sem fer í 4. flokk en hitt er mjög lítil steypt koparplata sem einnig fer í 4. flokk.

**V 216a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 217** Kringum þennan barnsreit er lítil steypt umgjörð í ágætisástandi. Lengdin er í austur-vestur, en það hallar nokkuð til norðurs. Umgjörðin fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er þar sem snýr í vestur. Þetta er skorinn blágrýtissívalningur sem heldur formi sínu en framhliðin látin halla ögn. Hún er gljáslípuð, letrið meitlað og hvítmálað. Fer í 4. flokk.

**V 217a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á leiðinu en það er hvítur trékross með plastspjaldi. Fer í 4. flokk.

**V 218** Kringum reitinn er hlaðinn bakki úr grágrýtisdröngum, allur mosavaxinn en beinn og sléttur og í góðu ástandi. Hlið er að norðvestanverðu. Fer í 3. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og er það stór og mikill grágrýtissteinn sem snýr í vestur. Framhliðin er sandblásin með upphleyptu letri, hliðarnar afsettar og er lengd hans frá norðri til suðurs og fer í 4. flokk.

**V 219** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki en nágrannagafl er að austanverðu. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á sökkli og líklega á undirsteini en hann sést ekki. Allt er þetta mjög sigið. Efst á varðanum er lágmyndin *Dagur*, lítil gerð um 10 cm. Letrið á varðanum er meitlað. Neðst er handaband óalgengrar gerðar. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**V 220** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki og er lengdin í austur-vestur. Ofan á bakkanum eru 2x3 steinsteyptar súlur og liggja pípur á milli. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**V 221** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann er mosavaxinn og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er afar lágur, flatur óbeliski, eiginlega þekjusteinn. Hann stendur á sökkli og undirsteini. Steinninn snýr í vestur en hallar mjög til austurs. Fer í 3. flokk.

**V 222** Reitinn afmarkar stólpagerði með meitluðum grágrýtissúlum og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Lengdin er í austur-vestur. Pípurnar eru mjög bognar þótt súlurnar séu heilar. Halda þarf í gerðið og fer það í 3. flokk.

**V 223** Kringum reitinn er hlaðinn grágrýtisbakki. Ofan á honum eru grágrýtissúlur með pýramídaþaki. Búið er að leggja keðjur á milli og er steypt plata yfir reitnum. Allt hefur þetta skekkst mjög. Bakkinn snýr til austurs en hallar mjög til norðurs og fer hann í 3. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er stór dökkur granítsteinn, slípaður að framan, en hliðarnar skornar og létt höggnar til. Steinninn snýr í austur. Hann lítur út eins og púltsteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk.

**V 223a** Ekkert er á þessum reit.

**V 224** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki. Steypt er yfir allan reitinn. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er úr tékknesku graníti. Steinninn er tvisvar sinnum þykkari neðst en efst og sléttur að ofan. Steinninn hvílir á steyptum sökkli. Fer í 4. flokk.

**V 225** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði þar sem hafa gengið tvær pípur á milli en stólparnir eru allir brotnir og ónýtir. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**V 226** Kringum reitinn er stólpagerði. Allar súlur virðast vera í lagi en allt er þetta sigið. Tvær pípur ganga á milli súlnanna. Ekkert minningarmark er á reitnum. Reyna ætti að halda í þetta. Fer í 4. flokk.

**V 227** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli sem er nokkuð hærri en armarnir og eru öll horn bogadregin. Fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk er hér að finna. Þetta eru svartar granítplötur sem snúa í austur og fara í 4. flokk.

**V 228** Kringum reitinn er steyptur bakki og er flögugrjóti raðað í hann. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er liggjandi blágrýtisdrangur, sem snýr í austur. Hann er svo mosavaxinn að á hann verður ekki lesið. Fer í 4. flokk.

**V 229** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er með hliðararmi og gafli sem er með steyptum planka ofan á. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum sem snúa í austur. Það fyrra er rauðleit granítplata sem er öll á hæðina. Hún snýr í austur og fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og fer einnig í 4. flokk.

**V 229a til V 229e**. Ekkert er að finna á þessum fimm reitum.

**V 230** Kringum reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Rætur trésins sem stendur á reitnum skekkja það. Minningarmarkið snýr í austur en hallast í norður. Þetta er stór og mikill grágrýtisvarði sem er gagnbogadreginn að ofan og slípaður að framan. Það stendur á sökkli. Hliðarnar eru allar afsettar. Efst er algenga úthöggna myndin af krossinum og pálmagreininni, meitluð á gróft stokkhöggnum fleti. Letrið er meitlað niður og undirsteininn er oddhöggvinn að framan en afsettur á hliðum. Fer í 3. flokk.

**V 231** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og settur bergmylsnu. Til hliða eru steypt blómaker með stöllum og eru þau einnig sett bergmylsnu. Umgjörðin fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru innan reitsins og snúa í austur. Þetta eru grágrýtisplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Letrið er sandblásið. Plöturnar fara í 4. flokk.

**V 232** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum en það er flatur óbeliski á sökkli og líklega undisteini en sökkullinn er sjálfur að síga í jörð og þyrfti að hefja þetta upp. Legsteinninn er úr grágrýti. Hann er skrautlaus en með krossmarki efst og snýr hann í austur. Á steininum stendur: „*Þennan stein reisti stjórn fiskimannasjóðs Kjalarnesþings*.“ Steinninn fer í 3. flokk.

**V 233** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli afmarkar reitinn. Bakkinn er víða brotinn og nánast ónýtur. Hann er settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er grágrýtisferhyrningur með upphleyptu letri á bekkjum. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 234** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með gafli. Litlar hliðarsúlur eru í gaflinum. Bakkinn er settur bergsalla og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum sem snúa í vestur. Þetta eru steyptar koparplötur. Sú fyrsta og þriðja eru alveg eins en önnur platan er mun lengri en hinar. Plöturnar fara í 4. flokk.

**V 235** Kringum reitinn er stór og mikill steinsteyptur bakki með 3x3 súlum ofan á bakkanum og liggja tvær bronsaðar álpípur á milli hverra súlna. Bakkinn er í ágætisástandi og fer í 5. flokk.. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er flatur óbeliski úr graníti, líklega frá steinsmiðju Schannongs. Efst á steininum er pálmagrein og þar hjá liggjandi kross, teiknaður í þrívídd. Sökkullinn er eiginlega alveg sokkinn í reitinn og þyrfti að hefja þetta allt upp. Legsteinninn snýr í vestur, fer í 3. flokk.

**V 236** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur lágum súlum ofan á og liggur keðja á milli þeirra. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta er granítsteinn og gæti verið frá Schannong. Þetta er varði á granítsökkli og er hann gljáslípaður að framan. Hliðarnar eru afsettar og rísa þrír kubbar upp af honum. Letrið upphleypt á bekkjum. Hitt minningarmarkið er svört granítplata sem látin er hallast upp að stóra legsteininum. Hvort tveggja snýr í austur og fer í 4. flokk

**V 236a til V 236e** Ekkert er að finna á þessum fimm reitum.

**V 237** Reiturinn er afmarkaður af grágrýtissúlum. Súlurnar virðast vera í ágætisástandi en þetta er allt tekið að síga. Pípur hafa legið á milli súlnanna en þær eru nú horfnar. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er afar lágur flatur óbeliski á sökkli. Í hann hefur verið innfelld svört granítplata en hún er nú fallin úr varðanum. Steinninn fer í 3. flokk.

**V 238** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með 3x4 súlum og er lengdin í norðursuður. Þetta gerði fer í 4. flokk. Á miðjum reitnum er steinsteyptur, ílangur púltsteinn með ílangri, dökkri granítplötu. Lítilli granítplötu hefur verið bætt við fyrir neðan. Umhverfis legsteininn eru nokkrir fjörugrjótshnullungar. Sá stærsti er fyrir aftan legsteininn, en á hann er festur þykkur, svartur granítkross. Þetta snýr allt í austur og fer í 4. flokk.

**V 239** Umhverfis reitinn er lágur steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna en það er trékross með gylltri álplötu. Fer í 4. flokk.

**V 301** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er grágrýtissteinn sem er meitlaður með púltsteinsformi. Framhliðin er slípuð en þannig meitluð að svo virðist sem plata liggi á framhliðinni. Fer í 3. flokk.

**V 302** Engin umgjörð er kringum reitinn. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, úr dökku graníti. Hann er gljáslípaður að framan og sökkullinn einnig en undirsteinninn ekki. Laufaskreyti er efst en þó ekki lárviðarsveigur. Á steininum stendur: „*Vér þökkum tryggð og þína festu alla.*“ Steinninn er líklega frá Schannong. Fer í 4. flokk.

**V 303** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki settur bergsalla og er lengdin í norðursuður. Á bakkanum er hliðararmur og nokkuð hár gafl. Steyptur planki er ofan á

gaflinum. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Það fyrra er marmaraplata með þekju og litlum öxlum. Platan er með koparletri og hallast upp að steini úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er lágur blágrýtis-drangur með koparstöfum sem eru steyptir inn í ramma og er þetta nokkuð sérkenni-legt. Steinninn fer í 4. flokk.

**V 303a til V 303d** Ekkert er að finna á þessum fjórum reitum.

**V 304** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er hann settur bergsalla. Fyrir miðjum gaflinum er stór og mikill steyptur sívalur kross. Pússningin er nokkuð farin að flagna af. Þessi bakki fer í 5. flokk.

Fjögur minningarmörk tilheyra reitnum. Það fyrsta, þriðja og fjórða eru alveg eins; svartar granítplötur sem eru felldar inn í gaflinn en á áletrunarfletinum er gljáinn meitlaður af og letrið er upphleypt og glansandi. Minningarmörkin fara í 4. flokk. Annað minningarmarkið er lítil svört álplata sem er fest á gaflinn. Fer í 4. flokk.

**V 305** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með fóta- og höfðagafli. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk tilheyra reitnum. Þetta eru stórar granítplötur sem eru skrúfaðar í gaflinn. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**V 305a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 306** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er lágur hvítur marmaravarði. Hann er bogadreginn að ofan en boginn ójafn og er hann brattari vinstra megin. Hann er slípaður að framan og letrið upphleypt. Undirsteinninn er meitlaður þannig að skál er fremst og er hann bogadreginn að framan. Fer í 4. flokk.

**V 307** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 308** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með þremur stuttum hliðarörmum og gafli. Bakkinn er mjög illa farinn og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur. Það fyrsta er hvít, ferhyrnd marmaraplata með upphleyptu letri. Seinna minningarmarkið er marmaraplata með meitluðu letri og er hún mjög skófum vaxin. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**V 308a** Hvorki er hér að finna minningarmark né umgjörð.

**V 308b** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er viðarpúlt með tveimur súlum og spjaldi ofan á og er álplata límd á hana. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**V 309** Reitinn afmarkar sérkennilegur steinsteyptur bakki. Tveir steyptir kubbar sem líta út eins og blómapottar ná yfir allan reitinn. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn og í bakkanum situr stór granítplata. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 309a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 310** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lítill steinsteyptur kubbur. Ofan á honum hefur verið englamynd en nú er þar aðeins eftir ryðgaður járn-

stautur. Fyrir framan hefur verið felld inn í kubbinn lítil Kristsmynd, ekki stærri en 6 eða 7 cm. Fer í 4. flokk.

**V 310a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 311** Reiturinn afmarkaður með hlöðnum gangstéttarhellum upp á rönd. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og er það blágrýtisplata sem hvílir upp að stuðningssteini. Fer í 4. flokk.

**V 311a** Þessi reitur virðist ekki vera til.

**V 312** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteypt umgjörð með hliðararmi og gafli. Umgjörðin er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna en það er hvít marmaraplata, sem er bogadregin að ofan. Hún er felld inn í bakkann. Þetta snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 313** Við fótagaflinn eru hlaðnar gangstéttarhellur upp á rönd. Fer þetta í 5. flokk. Minningarmarkið er steypt plata, með þekju. Í steypuna virðist hafa verið blandað glerbrotum til að gefa lit. Á þessu er svo er einföld grágrýtisplata. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 314** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með hliðarörmum og nokkuð háum gafli. Hann er settur bergsalla og er afar illa farinn. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Það fyrra er lítil plastplata sem fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er steypt koparplata sem fer einnig í 4. flokk.

**V 314a til V 314b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**V 315** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki. Hann hallar mjög til suðurs og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér sem snýr í austur. Þetta er steinsteyptur púltsteinn og hvílir á framhliðinni grágrýtisplata með upphleyptu letri og niðurblásnum áletrunarfleti. Fer í 4. flokk.

**V 316*** Þetta er stór ílangur reitur sem snýr frá norðri til suðurs. Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er nokkuð farinn að láta á sjá en er annars í ágætisástandi. Bakkinn er mun þykkari að vestanverðu. Kringum reitinn er fallegt járnsteypt grindverk sem er í góðu ástandi og er til mikillar prýði. Grindverkið fer í 1. flokk.

Fimm minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta er svartur flatur óbeliski, gljáslípaður, og stendur á undirsteini. Allir legsteinarnir standa á bakkanum sem virðist vera tvöfaldur að breidd að vestanverðu. Í varðann er innfelld sporöskjulaga eirmynd og er hún ómerkt. Annað minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Hann er slípaður að framan og á sökklinum. Á varðanum er eirmynd eftir Ríkarð Jónsson. Þriðji legsteinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Hann er gljáslípaður að framan og á sökkli en hliðarnar mattar og eru meitlaðar til. Þar er lítil sporöskjulaga rismynd úr eir en hún er ómerkt. Fjórði steinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Á varðanum er rismynd eftir Ríkarð Jónsson. Fimmti og síðasti steinninn er óbeliski á sökkli og undirsteini, með pýramídaþekju. Á framhlið er eirmynd eftir Ríkarð Jónsson úr svörtu, slípuðu graníti. Allur reiturinn og öll minningarmörkin fara í 1. flokk.

**V 316a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 317** Engin umgjörð afmarkar þennan reit. Tvö minningarmörk eru á reitnum sem vísa í vestur. Það fyrra virðist vera steinsteyptur ferhyrningsvarði, meiri á breidd en hæð, og stendur á sökkli og á steyptum undirsteini sem er undir jörðu. Eitthvað verk hefur verið ofan á þessu því þar standa upp úr tveir járnstautar. Fer í 4. Flokk. Annað minningarmarkið er steyptur púltsteinn. Í púltinu liggur hvít marmaraplata. Eitthvað skreyti hefur verið þarna uppi á steininum en það er horfið og það eina sem er eftir er koparteinn. Fer í 4. flokk.

**V 317a til V 317i** Ekkert er að finna á þessum níu reitum.

**V 318** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x4 súlum. Lengdin er í norður-suður og liggur keðja á milli. Allur er bakkinn settur bergmylsnu en hún er víða fallin af. Umgjörðin fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í vestur. Það er blágrýtisdrangur með sandblásnu letri. Fer í 3. flokk.

**V 319** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og ögn hærri gafli. Bakkinn er mjög mosavaxinn en í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**V 320** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er á reitnum en það er þekjusteinn sem er á að giska fjórum til fimm sinnum þykkari neðst en efst. Hann stendur á miklum undirsteini en minningarmarkið er allt mjög mosavaxið. Letrið er nokkuð máð. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk.

**V 321** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmarkið er bogasteinn, mun þykkari neðst en efst, og hallar því nokkuð. Rist er meðfram jöðrum steinsins og sýnist því plata vera á framhlið hans. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk.

**V 321a til V 321b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**V 322** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og allháum gafli. Hann er hvítmálaður en mjög tekinn að flagna. Pússningin er víða að detta af. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er svört granítplata sem snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 323** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan reit. Í hverju horni er steinsteypt súla og liggja tvær pípur á milli. Eina vantar að vestanverðu. Fer í 5. flokk. Eitt minningar-mark er hér að sjá og snýr í vestur. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini sem er allur neðan moldar. Efst er Thorvaldsenslágmyndin *Nótt* en fyrir neðan er handaband. Það er stærri gerðin af minni gerðinni af handabandi. Búið er að festa álplötu framan á steininn, fyrir neðan handabandið og er þetta mikið lýti. Steinninn fer í 2. flokk. Á steininum er m.a. þetta: „*Hjartans þakkir horfni vinur fyrir allt þitt lífsstarf.*“

**V 324** Kringum þennan reit er hlaðið grágrýtisdröngum og er þetta allt orðið nokkuð skakkt. Umgjörðin fer í 3. flokk. Eitt minningarmark heyrir til reitnum. Það er lítill flatur óbeliski úr dökkleitu graníti á sökkli úr svipuðu eða sama efni. Minningar-markið snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 325** Umhverfis reitinn er stór og mikill bakki, um 60-70 cm á hæð og mjög þykkur. Hlið er að vestanverðu. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið hefur verið límt inn í bakkann en það er nú horfið. Hefur það sennilega verið granítplata.

**V 326** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem settur er bergsalla. Hann er með nokkuð háum gafli og er mjög mosavaxinn. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum sem snúa í austur. Eru þau ílangar svartar granítplötur, misstórar. Plöturnar fara í 4. flokk.

**V 327** Ekkert gerði er kringum reitinn. Eitt minningarmark er hér að sjá en það er grágrýtisplata sem hallast upp að stóru og miklu tré sem hér er. Platan snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 328** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með háum gafli og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna en það er svört granítplata sem er felld inn í bakkann. Hún snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 329** Þykkur og hár steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann fer í 5. flokk en vegna jarðvegshæðar þyrfti að halda honum við. Á bakkanum eru þrír stuttir hliðar-armar. Minningarmarkið er granítplata úr silfurgraníti sem felld er í gaflinn. Platan fer í 4. flokk.

**V 330** Umhverfis reitinn hefur verið stólpagrindverk. Í hverju horni hafa verið fjórar steinsteyptar súlur og hafa tvær pípur legið á milli þeirra en nú eru þær flestar horfnar eða brotnar nema að sunnanverðu. Umgjörðin fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að sjá.

**V 331** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er merkilegur að því leyti að gaflinn hefur nokkurs konar stuðlabergsform. Plata er felld inn í miðjan gaflinn. Á henni er laufakrans og rós sitt hvorum megin. Bakkinn fer í 2. flokk. Minningarmörkin eru tvær svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara þær einnig í 2. flokk því vert er að varðveita bakkann og minningarmörkin sem eina heild.

**V 400** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lítill þekjusteinn sem fer í 3. flokk.

**V 401** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er bakkinn settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark sem snýr í austur. Það er óreglulega skorinn liggjandi blágrýtissteinn. Allur áletrunarflöturinn er sandblásinn en letrið er upphleypt. Fer í 4. flokk.

**V 402** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**V 403** Umgjörðin er steinsteyptur bakki sem notar norðurgaflinn af bakkanum hér að framan fyrir suðurgafl. Bakkinn fer í 5. flokk. Á bakkanum stendur mjög brattur steinsteyptur púltsteinn. Hann er allur sprunginn. Minningarmarkið er steypt, stór og mikil, koparplata, bogadregin að ofan. Minningarmarkið snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**V 404** Umhverfis reitinn er bakki í góðu ástandi sem fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur. Minningarmörkin eru líklega öll frá Schannongsteinsmiðjunni.

Það fyrsta er mjög sérkennilegur legsteinn. Hann er úr sérkennilegum marmara, eins og gerður úr örlitlum glærum molum. Framan á er meitlaður sporöskjulaga flötur og litlar súlur á hliðinu. Steinninn er því nokkuð flókinn að gerð. Efst hefur verið eitthvert skrautverk sem er brotið af. Steinninn er á sökkli en stendur á bakkanum. Letrið er gyllt og fyrir neðan er meitlað: „*Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.*“ Fer í 2. flokk.

Annar legsteinninn er mjög fallegur, meitlaður púltsteinn. Hann er stór og mikill, úr ljósu graníti dökkkornóttu. Efst er dúfa með grein í goggi. Á steininn er letrað með gylltu letri: „*Vær er svefn þeim sem vel hefur unnið, fósturmóðir mín. Þ.G.*“ Steinninn stendur á sökkli, að því er virðist úr sama efni og meitlaður þannig að hann er fjórum sinnum þykkari neðst en efst, og meitlaður þannig að það er eins og plata hvíli í bakkanum. Fer í 2. flokk.

Þriðji steinninn er úr marmara. Þetta er hár og mikill drangur með alls kyns stuðlum efst og ber sökkullinn líkt svipmót. Steinninn fer í 2. flokk og þyrfti að varðveita þetta sem heild.

**V 404a til V 404d** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**V 405** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að sjá en það er óbeliski með pýramídaþekju. Hann er brotinn og stendur á sökkli og undirsteini sem nú er fyrir neðan moldu. Steinninn er frá 1905 og fer í 2. flokk.

**V 405a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**V 406** Steinsteyptur bakki sem settur er bergmylsnu afmarkar þennan reit. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er ljósrauðbrúnn granítsteinn, bogadreginn að ofan og stendur hann á steyptum undirsteini. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**V 407** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er allur að ganga úr skorðum og hallast til suðurs. Á hliðum bakkans eru steyptir kubbar sem eru fyrir blómaskreytingu. Gaflinn nokkuð hár en engir hliðararmar eru á bakkanum. Fer í 5. flokk. Hér er að finna tvö minningarmörk. Það fyrra er svört granítplata sem snýr í austur og fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið liggur fyrir framan gaflinn. Það er svartur granítpúltsteinn. Steinninn fer í 4. flokk.

**V 408** Kringum reitinn eru liggjandi grágrýtisdrangar og ofan á þeim er járnsteypt grindverk og er þetta eitt algengasta gerð pottjárnsgrindverka í garðinum. Það er víða brotið og vantar mikið í það en grindverk þessarar gerðar hafa farið sérstaklega illa gegnum áratugina. Umgjörðin fer þó í 1. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er stór og flatur óbeliski á sökkli og afar stórum undirsteini. Sökkull og varði eru slípaðir að framan en afsettir á hliðum en undirsteinninn er oddhöggvinn. Minningarmarkið fer einnig í 1. flokk og ætti reiturinn að varðveitast sem heild.

**V 409** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum en það er varði með bröttu þaki og ypptum útvísandi öxlum. Steinninn stendur á miklum sökkli og snýr til austurs en hallast til suðausturs. Legsteinninn fer í 3. flokk.

**V 410** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og ögn hærri gafli. Umgjörðin er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark tilheyrir reitnum en það er grágrýtisplata sem fer í 4. flokk.

**V 411** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Á honum eru tveir hliðararmar og gafl. Bakkinn fer í 5. flokk.
Hér eru þrjú minningarmörk sem snúa í austur. Þetta eru allt svartar granítplötur en sú fyrir miðju er mun stærri en hinar. Plöturnar í 4. flokk.

**V 412** Kringum reitinn er stólpagerði en grágrýtissúlur eru í hverju horni. Lengdin er í austur-vestur og fer umgjörðin í 3. flokk. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini. Áletrun er neðst með fallegu örvaskrauti en þar stendur þetta: „*Hjartans þakkir horfni vinur fyrir allt þitt ævistarf.*“ Þessi reitur er allur í mjög góðu ástandi og fer minningarmarkið einnig í 3. flokk.

**V 413** Kringum þennan reit var mikið smíðajárnsgerði sem nú er í viðgerð og fer það í 1. flokk. Fjögur minningarmörk hér á reitnum. Þrjú fyrstu eru sennilega allt Schannongsteinar. Þeir eru gljáslípaðir að framan en hliðarnar mattar. Sökkull og undirsteinn eru ófægðir og mattir. Fjórði legsteinninn virðist vera úr grágrýti og stendur hann á grágrýtissökkli og undirsteini úr sama efni. Legsteinarnir fara í 1. flokk og ætti að varðveita reitinn sem heild.

**V 414** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og er lengdin í austur-vestur. Á bakkanum eru 3x3 súlur og liggur keðja á milli. Bakkinn er í ágætisástandi og fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er bogasteinn sem sennilega er frá Schannong. Á steininum hefur verið plata en hún er nú brotin af. Sökkullinn sem varðinn stendur á er þykkari og breiðari neðst en efst. Legsteinninn fer í 3. flokk.

**V 415** Kringum reitinn er stólpagerði en steinsteypt súla er í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Eina pípu vantar á suðurhliðina. Umgjörðin fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er varði á sökkli og undirsteini og er allt úr grágrýti. Steinninn fer í 2. flokk.

**V 416** Ekkert gerði er í kringum reitinn. Minningarmarkið er hvítur furukross sem fer í 4. flokk.

**V 417** Hér í kring er grágrýtisstólpagerði og liggja tvær pípur á milli stólpanna. Gerðið fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**V 418** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki og ofan á honum eru 4x3 súlur. Bakkinn er í ágætisástandi og fer í 5. flokk.
Innan reitsins eru fjögur minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er grágrýtis-ferningur, gróft stokkhöggvinn á hliðum. Steinninn stendur á sökkli úr sama efni. Áletrunarflöturinn er meitlaður niður og letrið upphleypt á fletinum. Steinninn fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti sem stendur á sökkli. Laufaskreyti er meitlað efst og ofarlega hefur líklega verið englamynd. Eitthvert myndverk hefur verið innfellt neðarlega í steininn en steypt hefur verið upp í dældina. Steinninn fer einnig í 3. flokk.

Þriðji legsteinninn er bogasteinn og er hann líklega frá Schannong. Steinninn er merkur vegna skreytis og táknmynda. Hann er oddhöggvinn á hliðum en slípaður að framan. Neðst er meitlaður borði en handaband fyrir miðju. Á steininn eru meitluð þessi eftirmæli: *„Þín minning er mér í einverunni ein sem á himni sól.“* Steinninn fer í 2. flokk.

Fjórði legsteinninn er svartur granítsteinn með þaki. Hann er helmingi þykkari neðst en efst og stendur á sökkli sem allur er gróft oddhöggvinn. Hliðarnar eru oddhöggnar en steinninn er slípaðar að framan og letrið meitlað þar ofan í. Þessi áletrun er á steininum: *„Guð annist þig.“* Legsteinninn fer í 3. flokk.

**V 419** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Innan hans er eitt minningarmark. Það er tiltölulega lágur flatur óbeliski á sökkli. Hann snýr í austur og hann hallast mjög til norðausturs. Efst er heil lágmynd Thorvaldsens en neðst er handaband sem er brotið. Steinninn fer í 2. flokk.

**V 419a til V419b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**V 420** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en hann hallast nokkuð til suðurs. Bakkinn fer í 4. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er heill grágrýtissteinn sem sýnist alls ekki meitlaður hann er þó skorinn og slípaður. Letrið er sandblásið sem og táknið um *Trú, von og kærleik*. Þessi eftirmæli eru á steininum: *„Hvíl í Guðs faðmi, þökk fyrir samveruna.“* Steinninn er á undirsteini sem virðist vera úr grágrýti. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**V 421** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann hallast nokkuð til vesturs en er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er hár blágrýtisdrangur sem stendur á voldugum steyptum undirsteini. Fjörugrjóti er raðað ofan í steypuna. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**V 422** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Pússningin er víða mjög brotin og illa farin og fer bakkinn í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Framhliðin hefur verið slípuð upp, ekki fyrir margt löngu og letrið allt gyllt. Á steininum er þessi áletrun: *„Drottinn gaf, drottinn tók, blessað sé drottins nafn.“* Steinninn fer í 4. flokk.

**V 423** Hvorki er hér umgjörð né minningarmark.

**V 424** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en mosavaxinn. Hann hallast nokkuð til vesturs og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá. Það er liggjandi blá- eða grágrýtisdrangur. Hann er um 150 cm langur og liggur frá austri til vesturs. Flöturinn sem letrið er á snýr mót norðri. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**V 425** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Fjögur minningarmörk eru innan reitsins sem snúa öll í austur. Það fyrsta er bogasteinn með litlum snöggum öxlum og eru hliðarnar gróft stokkhöggnar. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er óbeliski, með fjórum þakhliðum, á sökkli og undirsteini. Steinninn hefur þó ekki klassískt lag. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún öll sprungin. Neðst hefur verið handaband en það er horfið. Steinninn er í góðu ástandi og fer í 2. flokk.

Þriðji steinninn er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Dagur*, af lítilli gerð og virðist heil. Á steininum er einnig handaband og er það óskemmt. Þessi varði fer einnig í 2. flokk.

Fjórði legsteinninn er alveg eins og sá fyrsti og fer hann í 3. flokk.

**V 425a til V 425c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**V 426** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli og er allt sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér sem snýr í austur. Þetta er ljósleitt fjörugrjót með koparstöfum og fer í 4. flokk.

**V 427** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og háum gafli, snýr í austur. Bakkinn fer í 4. flokk.

Þrjú minningarmörk er hér að finna og eru þau felld inn í gaflinn. Það fyrsta er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Annað minningarmarkið er einnig grágrýtisplata sem er ögn breiðari og stærri og með upphleyptu letri á bekkjum. Þriðja platan er alveg eins og sú fyrsta. Plöturnar fara allar í 4. flokk.

**V 428** Kringum þennan reit er hár og mikill steinsteyptur bakki. Það ofan á er smíðajárnsgerði í slæmu ástandi og þyrfti að lagfæra og fer það í 1. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er merkilegur drangur sennilega eftir Magnús Geir Guðnason. Efst er tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Neðar er stórt eintak af lágmyndinni *Nótt* og er hún með stærri eintökum í garðinum. Þessi áletrun er á steininum: „*Hjartans þakkir góði vinur fyrir allt þitt ævistarf.*“ Neðst er handaband og er það heilt eins og annað á minnngarmarkinu. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**V 429** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann með tveimur hliðarörmum. Bakkinn er settur bergmylsnu og er mosavaxinn en einnig mjög siginn. Bakkinn fer í 5. flokk. Hér á reitnum eru fimm minningarmörk.

Fyrsta minningarmarkið er ílöng grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Platan er sprungin.

Annað minningarmarkið er einnig grágrýtisplata en ögn styttri en hin. Hún er með upphleyptu letri á bekkjum og felld inn í gaflinn. Báðar plötunar fara í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er steypt álplata sem skrúfuð er inn í gaflinn. Hún fer í 4. flokk. Á bak við hana er krossviður skrúfaður í gaflinn.

Fjórða minningarmarkið er steypt koparplata sem er öll á lengdina og fer í 4. flokk.

Fimmta minningarmarkið er grágrýtisplata með upphleyptu letri og er hún felld í bakkann. Platan fer í 4. flokk eins og hin minningarmörkin.

**V 430** Kringum reitinn er stór og mikill steyptur bakki með bergsalla. Ofan á hann hafa verið settar koparsúlur með keðju á milli. Umgjörðin fer í 4. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk sem liggja öll saman. Það fyrsta og það þriðja eru alveg eins. Þetta er úr brúnleitu graníti, skornir ferhyrningar og slípaðir að framan. Steinarnir eru meiri á hæðina en breiddina. Á legsteininum eru merkar rismyndir úr eir og fara steinarnir í 1. flokk.

**V 430a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark stendur hér en það er úr rauðbrúnleitu graníti, slípað að framan og stendur á undirsteini að því er virðist úr sama efni. Hliðarnar óreglulegar sem og toppurinn. Fer í 4. flokk.

**V 431** Steinsteyptur bakki er kringum reitinn með 3x3 súlum ofan á og liggja tvær pípur á milli. Umgjörðin fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og er líklegt að það sé frá Schannong. Þetta er bogasteinn úr svörtu graníti á sökkli. Neðst stendur: „*Kveðja syrgjandi móður.*“ Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**V 432** Steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli afmarkar reitinn. Bakkinn er allur settur bergmylsnu og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark stendur hér en það er skorin blágrýtishella, slípuð að framan og letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

**V 433** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er þetta allt sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 4. flokk. Fyrra minningarmarkið er svört ílöng granítplata sem er felld í bakkann og fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er þekjusteinn, um tvisvar sinnum þykkari neðst en efst og stendur á stórum undirsteini. Steinninn snýr í austur en hallar í suður. Á steininum stendur: „*Hjartans þakkir fyrir vel unnið verk.*“ Steinninn fer í 2. flokk.

**V 434** Steypt er yfir þetta leiði en sú steypta plata hallast mjög til norð-norðausturs. Minningarmarkið er stór svartur granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**V 435** Hér í kring er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en þó eru alkalískemmdir í honum og hann sprunginn. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er nútímalegur svartur ferningur sem þó er skorinn vinstra megin þannig að þar verður kubbur með upphleyptum svörtum krossi. Á minningarmarkinu eru koparstafir. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**V 436** Umhverfis reitinn er stór steinsteyptur bakki og er steypt yfir hann. Er hér nánast um að ræða afar lágreist grafhýsi. Umbúnaðurinn fer í 4. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er granítsteinn úr tékknesku graníti. Steinninn er þrisvar sinnum þykkari neðst en efst, sléttur að ofan og er letrið upphleypt. Hann hvílir á steyptum sökkli. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**V 437** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum afmarkar reitinn. Hann er allur sprunginn og pússning að losna á gaflinum. Bakkinn fer í 5. flokk. Í gaflinum er innfelld hvít marmaraplata og snýr í austur. Fer í 4. flokk.

**V 438** Kringum reitinn er hár og mikill steyptur bakki og er steypt yfir allan reitinn. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lítill bogasteinn á sökkli og þetta allt úr graníti. Legsteinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 439 Vídalínsreitur**. Í hornum eru fallega meitlaðar súlur úr grágrýti. Þær eru höggnar þannig að allir jaðrar eru sléttir en miðbik hliða er afsett. Toppur súlnanna er með pýramídaþaki. Mjög langt er á milli súlna þó reiturinn sé eiginlega ferningur. Þrjár pípur liggja á milli hverra súlna. Gerðið er í sæmilegu ástandi en þó þyrfti ögn að rétta þetta við. Umgjörðin fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er klassískur, flatur óbeliski úr grágrýti með heiðurssveig. Ofarlega er lágmynd Thorvaldsens *Nótt* og er hún heil. Minningarmarkið fer í 1. flokk. Allur reiturinn fer í 1. flokk.

**V 440** Kringum þetta leiði er þunnur steinsteyptur bakki settur bergmylsnu. Hann snýr í austur og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**V 440a til V 440b** Ekkert er að sjá á þessum leiðum.

**V 441** Kringum þennan reit eru grágrýtisstólpar sem mjög eru farnir að síga og við að falla. Járnpípur liggja á milli. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Undirsteinninn er heill steinn og ofan á honum eru síðan þrír bogasteinar. Fyrsti og þriðji steinninn eru alveg jafnstórir, en miðsteinninn er ögn hærri. Letrið mjög farið að mást. Á fyrsta og þriðja steininum er lágmynd Thorvaldsens *Dagur*, og eru þær báðar heilar. Á miðsteininum er Thorvaldsenslágmyndin *Nótt* og er hún líka heil. Á hinum sameiginlega undirsteini er ílöng marmaraplata. Hún fer í 4. flokk en bogasteinarnir þrír fara í 2. flokk.

**V 441a** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

**V 442** Hér í kring er steinsteyptur bakki, nokkuð mosavaxinn en í sæmilegu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið virðist vera gabbrósteinn. Hann er breiður og stór en óreglulegur á hliðum og á toppi. Steinninn hvílir á undisteini sem líklega er úr grágrýti. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 443** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er þetta allt sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og snýr í austur. Það er svört granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**V 501** Minningarmarkið á þessum reit er lítill flatur óbeliski á sökkli og er undirsteinninn undir moldu ef einhver er. Á steininum er lágmyndin *Dagur* og er hún öll sprungin. Steinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**V 502** Kringum reitinn er nánast sléttfylltur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er þekjusteinn á sökkli sem er að hverfa því svo mikið hefur verið borið í bakkann. Efst er lítil gerð af lágmyndinni *Degi* með borða í kring. Neðst á steininum er töluvert laufaskraut. Steinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**V 503** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**V 504** Í kringum reitinn er fallegt smíðajárnsgerði en mjög illa farið. Það fer í 1. flokk.

Minningarmarkið á þessu leiði er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti, og snýr hann í austur. Efst í varðanum hefur sennilega verið Thorvaldsenslágmynd eða jafnvel englamyndin með útstæðu vængjunum. Neðst er minni gerðin af handabandinu og er hún brotin. Legsteinninn fer í 2. flokk.

**V 505** Kringum reitinn er pottjárnsgerði sem fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það athyglisvert. Þetta er varði úr marmara með gotnesku lagi og miklu skreyti. Hann stendur á sökkli sem einnig er úr hvítum marmara. Stafirnir eru blýslegnir og er steinninn mjög gott dæmi um þá hefð. Hann fer í 1. flokk.

**V 506** Kringum reitinn er ílangur steinsteyptur bakki sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er mosavaxinn en í ágætisástandi og er alveg heill. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér í reitnum eru þrjú minningarmörk. Það fyrsta er grágrýtissteinn á grágrýtissökkli. Hann er ögn meiri á lengdina en hæðina og bogadreginn að ofan. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk. Annað minningarmarkið er blágrýtisvarði, skorinn og slípaður en letrið sandblásið. Steinninn fer í 4. flokk. Að lokum er hér marmarasteinn með og þekju og koparletri. Hann hvílir á ferningi úr marmarasalla. Steinninn fer í 4. flokk.

**V 507** Kringum þennan reit er steyptur bakki með háum steyptum súlum og liggja tvær pípur á milli. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór varði á sökkli sem virðist mjög siginn. Steinninn er frá Schannong. Hann er hálfsporöskjulaga efst og ber nokkuð flókið skreyti. Steinninn fer í 4. flokk.

**V 508** Kringum reitinn er hár steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Á bakkanum stendur steyptur bogasteinn. Inn í hann er felld svört granítplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**V 509** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmarkið er grágrýtisbogasteinn á sökkli sem er oddhöggvinn. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún sprungin. Á steininum er þessi áletrun: *„Hvíldu í Guðs friði.“* Steinninn fer í 2. flokk.

**V 510** Umhverfis reitinn hefur verið stólpagrindverk en nú eru aðeins tveir stólpar eftir að vestanverðu og tvær pípur á milli. Leifar þessa gerðis fara í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini en hann sést þá ekki. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún alheil. Steinninn fer í 2. flokk.

**V 511** Kringum þetta leiði er steyptur rammi sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**V 512** Kringum reitinn er allhár steinsteyptur bakki með 3x3 steinsteyptum súlum ofan á og liggja tvær pípur á milli þeirra. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér í reitnum eru fjögur minningarmörk.

Fyrsta minningarmarkið er sérkennilegur steyptur bogasteinn. Efst er krossmark en svört granítplata er felld framan í varðann. Hann stendur á steyptum undirsteini og fer í 4. flokk.

Annar legsteinninn er Schannong varði úr dökku graníti og slípaður að framan. Þetta er flatur óbeliski, tilhöggvinn á hliðum og sökkullinn grófhöggvinn og fer í 4. flokk.

Þriðji legsteinninn er stór og mikill grágrýtisvarði. Þetta er ferhyrningur og hvílir á fjórum stöllum. Steinninn er dæmi um þá stefnu sem kennd hefur verið við þjóðernis-rómantík. Varðinn sjálfur er oddhöggvinn og í hann er felld svört granítplata. Steinninn fer í 2. flokk.

Það sem hér er talið fjórða minningarmarkið liggur fyrir framan það fyrsta. Það er svartur marmarasteinn með púltlagi. Ljósar og rauðar æðar eru í marmaranum. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**V 513** Umhverfis reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk heyra til reitnum. Þetta eru plötur sem felldar eru í gaflinn og vísa þær í austur. Sú fyrsta er úr grágrýti en hinar úr graníti og fara þær allar í 4. flokk.

**V 514** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er með þremur hliðarörmum og gafli og hefur allur verið hvítmálaður. Bakkinn fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru hér en það eru álplötur sem eru skrúfaðar í gaflinn. Plöturnar fara í 4. flokk.

**V 515** Þessi reitur er afmarkaður með stórum liggjandi grágrýtistólpum. Ofan á þeim eru grágrýtisstólpar með pýramídaþaki en brúnir eru með fláa. Tvær pípur liggja á milli stólpanna. Þessi umgjörð fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur. Þetta er fallegur grágrýtissteinn á sökkli og undirsteini. Efst er lágmynd Thorvaldsens *Nótt*. Er það lítil gerð með borða í kring. Fyrir neðan er fallegt handaband, nokkru stærra en vanalega gerðin. Bæði lágmyndin og handabandið eru heil. Þar fyrir neðan er örvaskraut sem er mjög fallega meitlað. Steinn þessi er allur mjög merkilegur og fer í 1. flokk.

**V 515a** Ekkert afmarkar reitinn. Tvö minningarmörk eru hér sem snúa í austur. Það fyrra er lítill sexstrendur blágrýtisstuðull sem hvílir á tveimur blágrýtiskubbum. Framhliðin er sandblásin þannig að eftir stendur upphleypt letur og krossmark. Steinninn fer í 4. flokk. Hinn legsteinninn er tékkneskur granítsteinn með krossmarki úr kopar og koparstöfum. Hann hvílir á kubbi úr marmarasteypu og fer í 4. flokk.

**V 516** Ekkert minningarmark er á þessum reit en hann er afmarkaður með járnverki úr pípum og fer það í 5. flokk.

**V 517** Hér í kring er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en ekkert minningarmark. Bakkinn fer í 5. flokk.

**V 518** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með fjórum hliðarörmum. Á gaflinum rís upp steinsteypt krossmark. Bakkinn hallar nokkuð til suðurs og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér sem snýr í austur. Það er hvít marmaraplata, bogadregin að ofan og fer í 4. flokk.

**V 519** Hér í kring er hár steinsteyptur bakki með 2x3 súlum og er lengdin meiri í norður en í suður. Hann fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru innan reitsins.

Það fyrsta er klassískur bogasteinn með litlum öxlum. Efst eru pálmagreinar, krossmark og er letrið upphleypt á bekkjum. Steinninn stendur á sökkli úr grágrýti. Hann snýr í austur og fer í 3. flokk.

Annar legsteinninn snýr einnig í austur. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti og er með meitluðu letri. Fer hann í 3. flokk.

Þriðji legsteinninn er einnig flatur óbeliski sem er þykkari neðst en efst. Hann stendur á sökkli og líklega undirsteini sem sést ekki. Efst er englamynd; biðjandi engill með útstæðum vængjum en hún er öll brotin. Steinninn fer í 3. flokk.

**V 520** Steyptur bakki afmarkar þetta leiði. Hann er mjög siginn í jörð og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið hér er trékross sem snýr í austur. Á hann er fest plastplata. Krossinn fer í 4. flokk.

**V 521** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan reit. Hann er mjög siginn og úr lagi genginn og fer hann í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að finna og hvílir það á steyptri undirstöðu og er það farið að halla. Þetta er blágrýtisstuðull sem snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 522** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með gafli. Hann er hvítmálaður og snýr í austur en hefur sigið mjög til suðvesturs. Bakkinn fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört ílöng grágrýtisplata og fer í 4. flokk.

**V 523** Eina minningarmarkið á þessum reit er steinsteyptur púltsteinn og hvílir hvít marmaraplata í framhliðinni. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**V 524** Hér er eina minningarmarkið furukross með gylltri álplötu og fer hann í 4. flokk.

**V 524a** Ekkert er á þessu leiði.

**V 525 til V 525a** Ekkert er heldur á þessum tveimur leiðum.

**V 526** Kringum reitinn er stólpagerði með 2x4 súlum, en reiturinn er ílangur frá norðri til suðurs. Súlurnar eru heilar að norðanverðu og vestanverðu og ganga tvær pípur þar á milli en súlan í suðaustur horninu er brotin og pípur vantar á öllum öðrum hliðum. Halda þarf í umgjörðina og fer hún í 3. flokk.
Minningarmarkið hér er lítill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og snýr hann í austur. Steinninn hallar mjög til norðausturs og fer í 3. flokk.

**V 526a** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

**V 527** Umhverfis reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

**V 528** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Á honum eru tveir hliðararmar og gafl sem er jafnhár fyrsta hliðararmi. Bakkinn er í ágætisástandi og er hann settur rauðleitri bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk.
Eina minningarmarkið er skorinn blágrýtispúltsteinn. Hann er nokkuð stór en liggur mjög flatur. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

**V 528a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**V 529** Ekkert afmarkar þennan reit. Tveir legsteinar eru á reitnum. Sá fyrri er varði á sökkli og líklega undirsteini. Hann er úr dökku graníti og snýr í austur. Efst og neðst er höggvið grófgert laufaskreyti og neðst er sorgarker. Steinninn gæti verið Schannong og fer í 2. flokk.

Annar steinninn er líklega úr gabbró. Hann er ferhyrndur og er nokkuð meiri á lengd en hæð. Steinninn hvílir á skornum blá- eða grágrýtiskubbi. Steinninn fer í 4. flokk.

**V 530** Hér í kring er hár steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að sjá en það er steinsteyptur steinn með mjög máðu letri. Hann hvílir á bakkanum og fer í 4. flokk.

**V 530a** Ekkert er hér að finna.

**V 531** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er allur mjög úr lagi genginn og er að brotna niður. Hann fer í 5. flokk.

**V 532** Ekkert gerði er hér í kring. Minningarmarkið er steinsteyptur ferningur sem er allur á hæðina. Letrið hefur verið hvítmálað en er nú orðið mjög máð. Varðinn hvílir á sökkli sem einnig er steyptur og fer þessi legsteinn í 4. flokk.

**V 533** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Legsteinninn er lítill en þykkur blágrýtisstuðull. Letrið er upphleypt á fletinum sem er sandblásinn. Steinninn fer í 4. flokk.

# Reitasafn X

*REITASAFN X*

**X 100** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Einn legsteinn er á reitnum og er hann með áfestri álplötu. Steinninn, sem snýr í vestur, er líklega náttúrulegur líparítsteinn. Steinninn fer í 4. flokk.

**X 100a** Ekkert er hér að finna.

**X 101** Hér er enga umgjörð að finna. Á reitnum er fjörugrjót sem er sandblásið þannig að leturflöturinn er allur niðursettur en letrið er upphleypt. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 102** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli. Bakkinn er settur bergsalla en hann er mjög mikið sprunginn og brotnað hefur upp úr honum. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið á reitnum er svört, ílöng granítplata, sem snýr í vestur. Platan fer í 4. flokk.

**X 103** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark stendur á reitnum og snýr í vestur. Minningarmarkið er stór steyptur púltsteinn og á honum steypt koparplata og flokkast hann í 4. flokk.

**X 103a** Hér er hvorki umgjörð né minningarmark.

**X 104** Þessi einstaklingsreitur er afmarkaður með steinsteyptum bakka með gafli og planka ofan á gaflinum. Bakkinn er settur bergsalla og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er hvít marmaraplata, vaxinn skófum og mosa. Platan er ílöng og snýr í vestur. Hún hvílir á kubbi sem virðist vera skorið grágrýti. Platan fer í 4. flokk.

**X 105** Hár steinsteyptur bakki er umhverfis þennan einstaklingsreit. Bakkinn er í slæmu ástandi, allur skófum vaxinn og sprunginn. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þar stendur heill, brattur grágrýtissteinn, sem er gróft stokkhöggvinn á hliðum og baki, slípaður að framan og sléttur að ofan. Á framhlið steinsins, sem snýr í vestur, er meitlað letur og hefur verið málað ofan í það með svörtu. Steinninn fer í 3. flokk.

**X 106** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Á reitnum er afar lágur, flatur óbeliski. Hann hvílir á undirsteini og snýr í vestur, en hallast nokkuð til austurs. Varðinn er með þekju, gróft stokkhöggvinn á hliðum en framhliðin er slípuð. Efst er lágmyndin *Nótt*, sem virðist vera alveg heil. Steinninn fer í 2. flokk.

**X 106a** Í kringum þennan reit er ekki gerði, en ein stálplata er á reitnum. Hún er alveg laus, en styður sig upp við bakkann á næsta leiði við hliðina. Fer í 4. flokk.

**X 106b til X 106c** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**X 107** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á reitnum er stór og fallegur grágrýtisvarði, sem hvílir á sökkli og undirsteini. Varðinn snýr í austur. Hann er með bröttu þaki á miðjum varðanum og tveimur ypptum öxlum á hvorri hlið. Efst á varðanum er

lágmyndin *Dagur*. Plattinn er heill, u.þ.b. 10-13 cm í þvermál. Framan á sökklinum er meitlaður laufaborði, sem orðinn er máður, en varðinn er að öðru leyti í ágætisástandi og fer hann í 2. flokk.

**X 108** Í kringum þennan reit er steinsteyptur bakki í góðu ástandi, þó hann sé mjög mosavaxinn. Bakkinn fer í 5. flokk. Lengd bakkans er í austur-vestur en hann hallar til norðurs. Á reitnum er eitt minningarmark, sem snýr í austur. Það er furukross með plastplötu, sem nær yfir báða krossarmana. Krossinn fer í 4. flokk.

**X 108a** Ekkert er að sjá á þessum reit.

**X 109** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið á þessum reit er bogasteinn, sem hvílir á óreglulegum sökkli. Steinninn og sökkullinn eru mjög vaxnir skófum og mosa. Lágmynd hefur verið felld í steininn en hún er nú horfin. Efst á steininum hefur verið Kristsmynd eða mynda af engli með þanda vængi. Neðst er brotið handaband. Steinninn snýr í austur og fer hann í 2. flokk.

**X 110** Engin umgjörð er kringum þennan reit. Minningarmarkið er steinsteyptur steinn á breiðum steyptum undirsteini og snýr hann í austur. Þetta er eiginlega steinsteypt plata þar sem felld í hvít marmaraplata. Hún er ólæsileg vegna svartra skófa. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**X 111 til X 112** Engin umgjörð er kringum reitinn. Minningarmarkið er fallegur grá-grýtissteinn á grágrýtissökkli. Hann er skemmtilega höggvinn, nokkuð óreglulegur á hliðum en er meitlaður þannig að svo sýnist sem plata sé á framhliðinni. Steinninn snýr í austur. Letrið er meitlað og hefur verið gyllt en er mjög máð. Steinninn fer í 2. flokk.

**X 113** Kringum þennan reit er hár, steyptur bakki í ágætisástandi, sem fer í flokk 5. Minningarmarkið á reitnum er bogasteinn úr grágrýti, sem hvílir á óreglulega tilhöggnum sökkli og undirsteini. Steinninn er alveg gljáslípaður á framhlið og letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 114** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er eiginlega flatur óbeliski með pýramídaþaki og vísar hann í austur. Efst er meitlaður hringur og þar er lítil óbrotin englamynd og líklega sú eina sem til er heil í garðinum. Framan í varðann er felld hvít marmaraplata sem þyrfti að hreinsa upp því hún er alveg ólæsileg vegna skófa. Neðst er minni gerðin af handabandi en er brotið. Þetta hvílir á sökkli og undirsteini. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**X 115** Í kringum þennan reit er steinsteyptur, nokkuð hár bakki í góðu ástandi, sem fer í 5. flokk. Innan í gerðinu er eitt minningarmark. Það er meitlaður grágrýtis-púltsteinn, sem hallar þó ekki mikið. Svört granítplata hvílir í púltinu. Steinninn fer í 3. flokk.

**X 116** Utan um þetta legstæði er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Bakkinn er í ágætisástandi þó hann sé mosavaxinn og fer í 5. flokk. Inni í gerðinu hefur verið u.þ.b. 40x40 cm stór hrafntinnuplata, en hún er nú brotin og eru leifar hennar í horni gerðisins. Því er ekki unnt að flokka plötuna.

**X 117** Hér er ferhyrndur reitur með oddhöggnum grágrýtisstólpa í hverju horni. Tvær pípur hafa legið milli stólpanna, en nú liggur efri pípan á norðurhliðinni á jörðinni. Aðrar pípur eru meira og minna skakkar. Að öðru leyti er gerðið í ágætisástandi og ástæða til að því sé haldið við. Fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**X 118** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru tvö minningarmörk sem snúa í austur. Þessir steinar eru líklega úr grænleitu graníti. Á þeim fyrri er búið að skera framan af og slípa niður. Áletrunin er blásin þar ofan í. Fyrir framan er steinn úr sama efni sem er skorinn niður og slípaður en efst er pálmagrein. Steinarnir hvíla á miklum grágrýtisundirstöðum og fara í 4. flokk.

**X 119** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á þessu legstæði er steinsteyptur hár púltsteinn. Sökkullinn undir steininum er með bröttum brúnum og undir honum er steypt undirstaða. Steinninn snýr í austur. Inn í varðann hefur verið felld hrafntinnuplata, sem er skrúfuð með koparboltum sem hafa sprengt hana á endunum. Steinninn fer í 4. flokk.

**X 119a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 120** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er merkilegt. Efst er stór og breið þekja en fyrir neðan það er ferningslaga kassi og er þetta allt úr grágrýti. Neðar er svo er undirsteinn og sökkull. Allt hvílir þetta á bakkanum. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 3. flokk.

**X 120a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**X 121** Í kringum þennan reit er steinsteyptur bakki settur bergmylsnu. Lengd bakkans er í norður-suður en bakkinn hallast nokkuð í norður. Bakkinn er allur vaxinn skófum og mosa og pússning bakkans er talsvert sprungin. Hann fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Annað er mjög brattur púltsteinn úr svörtu graníti. Hann fer í 4. flokk.

Hitt er óbeliski, sem stendur á fallegum millikraga, sökkli og tveimur undirsteinum. Á efri undirsteininum eru meitlaðir laufavafningar. Varðinn er gerður hjá Schannong í Kaupmannahöfn. Á varðanum er handaband af óvanalegri gerð. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**X 122** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðarörmum. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið á reitnum er plata úr bleiku graníti, með upphleyptu letri á bekkjum. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 123** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með hliðarörmum og gafli og er þetta sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark sem snýr í vestur. Steinninn er mjög skrautlegur en þó laus við táknfræði. Kross er í miðju og til hliða eru borðar eða stólur. Varðinn hvílir á grófmeitluðum undirsteini og fer í 2. flokk.

**X 124** Þessi reitur markast af steinsteyptum bakka með gafli og löngum hliðarörmum. Bakkinn er settur bergmylsnu og fer í 5. flokk. Inn í bakkann eru felldar tvær steyptar, ferkantaðar koparplötur, sem snúa í vestur. Plöturnar fara í 4. flokk.

**X 125** Hér í kring er mjög hár steinsteyptur bakki með þreföldum hliðarörmum og gafli. Flokkast hann í 5. flokk. Minningarmarkið er hvít marmaraplata, sem fer í 4. flokk.

**X 126** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Bakkinn er í slæmu ástandi, því hann er mjög sprunginn og mosavaxinn og hallast í norður. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er koparplata sem snýr í vestur og fer í flokk 4.

**X 126a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 127** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og eru steyptir plankar þar ofan á. Bakkinn er hvítmálaður og í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er svört álplata sem skrúfuð er í bakkann. Þetta snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 127a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 128** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er allur að molna og er eiginlega horfinn undir jarðveg að norðanverðu. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er dökkur granítvarði með þekju og hvílir á undirsteini úr sama efni. Efst er dúfa með laufgaða grein í goggi. Steinninn snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 128a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**X 129** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum en það er bogasteinn sem er oddhöggvinn á hliðum. Hann stendur á sökkli og líklega undirsteini og snýr í austur. Á framhlið varðans eru leifar hringlaga rismyndar, líklega englamynd með þöndum vængjum, en rismyndin er nú brotin. Neðst hefur verið minni gerðin af handabandi en það er nú brotið. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**X 130** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Hann hefur verið lagfærður fyrir ekki mörgum áratugum síðan og fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningar-mörk. Þetta eru sérkennilegar grágrýtisflögur frekar en úr blágrýti. Framhliðin er sandblásin niður þannig að letrið er upphleypt. Flögurnar snúa í vestur og fara í 4. flokk.

**X 130a** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Hér er eitt minningarmark en það er furukross sem er farinn að fúna. Á honum er plastplata sem er skrúfuð á. Krossinn er fallinn og fer í 4. flokk.

**X 130b til X 130d** Ekkert er að sjá á þessum þremur leiðum.

**X 131** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski á sökkli og líklega á undirsteini. Minningarmarkið snýr í austur. Efst hefur verið einhvers konar englamynd og er hún brotin. Neðst á varðanum er minni gerðin af handabandi og er það er einnig brotið. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**X 132** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**X 133** Kringum reitinn er afar hár steinsteyptur bakki sem er sléttfylltur af fjörugrjóti. Ofan á bakkanum er grindverk úr smíðajárni. Það virðist vera í ágætisástandi en það þyrfti að sandblása og mála. Fer í 1. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er sneið úr stuðlabergi, sem reist er upp á rönd og hvílir hún á ferhyrndum sökkli. Þetta minningarmark snýr í austur og fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti. Í bakkanum hvílir svört granítplata. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 3. flokk.

**X 134** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli afmarkar reitinn. Þrjú minningarmörk er að finna á reitnum. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin snúa í austur. Þetta eru tvær ílangar hvítar marmaraplötur með upphleyptu letri á bekkjum, ögn bogadregnar að ofan. Þær fara í 4. flokk. Þriðja minningarmarkið er lítill flatur óbeliski á sökkli. Hann snýr í austur en hallar nokkuð til vesturs. Á varðanum er lágmynd Thorvaldsens, *Dagur*. Steinninn fer í 2. flokk.

**X 135** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og steypuplanka ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergsalla. Bakkinn fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur. Fyrstu þrjú minningarmörkin eru plötur úr dökku graníti sem skrúfaðar eru í gaflinn. Það fjórða er blágrýtispúltsteinn sem er slípaður. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**X 135a til X 135c** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**X 136** Kringum þetta leiði er nokkuð þykkur bakki sem er settur bergsalla. Hann er með gafli og er lítill planki ofan á honum. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er svört granítplata sem snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 137** Steyptur bakki afmarkar reitinn og er hann í sæmilegu ástandi. Ofan á honum er skemmtilegt smíðajárnsgerði, í sæmilegu ástandi þó það sé víða farið að ryðga. Þyrfti að sandblása grindverkið og mála. Grindverkið fer í 1. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er varði á fallegum sökkli sem er með bogadregnum brúnum efst og stendur þetta allt á undirsteini. Steinninn fer í 3. flokk. Fyrir framan steininn er grágrýtisplata sem hallast upp að púlti. Platan er með upphleyptu letri á bekkjum og fer í 4. flokk.

**X 138** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini þótt hann sjáist ekki. Efst hefur verið rismynd, líklega sú með englamyndinni en hún er nú brotin. Fer í 2. flokk.

**X 139** Minningarmarkið hér er hár flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Hann er í ágætisástandi og snýr í austur. Í varðann er felld blá- eða grágrýtisplata. Letrið er svartmálað en efst er lágmynd Thorvaldsens, *Dagur,* og er hún heil. Neðar er innfelld gler- eða hrafntinnuplata og er gljáinn meitlaður í burtu þannig að eftir stendur gljáandi letrið. Minningarmarkið fer í 3. flokk. Kringum reitinn er stólpagerði. Einn stólpi er í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Stólparnir eru nokkuð gengnir upp. Leiðið sjálft hefur sigið mjög mikið. Umgjörðin fer í 3. flokk.

**X 140** Kringum þennan einstaklingsreit er stólpagerði. Ein súla í hverju horni og er lengdin öll í austur-vestur. Að vestanverðu vantar pípur sem annars liggja á milli súlnanna. Reiturinn er fallegur og mætti laga það sem skemmt er.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr grágrýti. Steinninn snýr í austur. Efst er lágmyndin *Nótt* en fyrir neðan er heilt handaband. Sökkullinn er oddhöggvinn en allt annað slípað nema hliðar varðans. Bæði umgjörð og minningarmark fara í 1. flokk.

**X 141** Kringum reitinn er heilt stólpagerði nema í það vantar pípur sem hafa legið á milli hverra stólpa. Umgjörðin fer í 1. flokk og þyrfti aðeins og rétta hana af. Minningarmarkið er flatur óbeliski með lágmynd Thorvaldsens *Spilandi englar*. Legsteinninn er einn örfárra steina í garðinum sem hafa þessa lágmynd. Er steinninn því afar merkur og fer minningarmarkið, sem og allur reiturinn, í 1. flokk.

**X 142** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er hér að finna og snýr það í austur. Þetta er steinsteyptur púltsteinn og er á framhlið hans steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

**X 143** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með gafli og er planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergmylsnu. Lengd bakkans er öll í austur og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**X 144** Engin umgjörð er kringum þennan reit. Eitt minningarmark er hér en það er lítill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allt úr dökkleitu graníti. Steinninn er líklega frá Schannongsmiðjunni. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 145** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er fjörugrjót sem er fest ofan í undirstein sem einnig er náttúrulegur. Letrið er sandblásið og málað með svörtu þar ofan í. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 146** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á honum eru þrjú minningarmörk sem snúa í austur. Það fyrsta er granítplata sem liggur ofan á moldinni og fer hún í 4. flokk. Annað minningarmarkið er fallegur bogasteinn. Hann er á sökkli og snýr í austur en hallast mjög til vesturs. Hann er algjörlega laus við allt skreyti en svo virðist sem eitthvað hafi átt að setja ofan á hann en ekki orðið úr. Hann fer í 3. flokk. Þriðja minningarmarkið er granítsteinn sem líklega er frá Schannongsmiðjunni. Neðarlega er meitlaður borði en neðst hefur verið handaband sem nú er horfið. Hefur það líklega verið stærri gerðin af minni útgáfunni. Steinninn fer í 4. flokk.

**X 147** Hér er steyptur bakki í kringum einstaklingsreit. Langhliðar bakkans eru austur- og vesturhliðar hans, en hann hallast nokkuð til norðurs. Fer í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark. Þetta er nokkuð óreglulegur varði úr gabbrói, sem hvílir á undirsteini, sem sýnist vera afsettur grágrýtishnullungur. Varðinn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 148** Kringum þennan reit er mjög hátt og flókið steinsteypt gerði, þar sem skiptast á stallar og súlur. Á austurhliðinni er lítið járnhlið. Inn í gerðið er felld stór og mikil grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Leiðið er talsvert sigið og æskilegt

væri að hækka það. Nokkuð er um alkalískemmdir í steypunni, þó ástand gerðisins teljist ekki slæmt. Allur þessi umbúnaður fer í 3. flokk.

**X 201** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur allhár bakki, með langhliðar sem snúa í austur og vestur. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið, sem er trékross með spjöldum, er í viðgerð og fer í 4. flokk.

**X 201a til X 201c** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**X 202** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Á reitnum er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi, en hann er þó sléttur að ofan. Dökkleit granítplata er felld inn í steininn. Minningarmarkið snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 203** Ekkert gerði afmarkar þennan reit, en á leiðinu er bogasteinn, sem stendur á sökkli. Steinninn snýr í vestur. Á honum er akkeri, hjarta og kross, sem er tákn um *Trú, von og kærleik*. Þessi táknmynd er óvenjuleg að því leyti að akkerið og krossinn eru fyrir neðan hjartað, en venjulega er akkerið fyrir framan krossinn. Fyrir neðan táknið stendur áletrunin: *„Hvíl í friði kjæra sistir.*“ [svo]. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**X 204** Kringum þetta legstæði er steinsteyptur bakki með 3x4 súlum og hangir keðja á milli súlnanna. Langhliðar bakkans snúa í norður-suður. Inni í gerðinu er eitt minningarmark, stór og mikill ferningur úr grágrýti sem er bogadreginn að ofan. Undir boganum er sólarlag eða sólaruppkoma. Þessi varði stendur á ferhyrndum sökkli úr sama efni. Inn í varðann er felld svört granítplata. Minningarmarkið og bakkinn fara í 3. flokk.

**X 205** Hér er steinsteyptur bakki í kringum einstaklingsreit og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er steyptur steinn með púltsteins- eða þríhyrningsform. Framan á varðann er skrúfuð steypt álplata, sem snýr í vestur. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**X 206*** Í kringum þennan reit er afar hár og mikill bakki, sem samanstendur af granítdröngum frá Schannong sem liggja eftir öllum bakkanum. Þar ofan á eru koparsúlur með koparkeðjum á milli, sem sennilega eru einnig innfluttar frá Schannong. Gerðið er fágætt og fer í 2. flokk.

Á reitnum eru fimm minningarmörk, sem öll snúa í vestur. Fyrstu þrjú minningarmörkin eru austast í reitnum. Það fyrsta er rauðbrúnleitur granítsteinn með púltformi. Framhlið hans er slípuð en að öðru leyti er hann allur oddhöggvinn. Þessi steinn gæti verið frá Schannong og fer í 4. flokk. Annað minningarmarkið er meistaralega höggvinn steinn; afar merkur vegna táknfræði og fer hann í 1. flokk. Þriðja minningarmarkið er dökk granítplata og fer hún í 4. flokk.

Fyrir framan þessi þrjú minningarmörk eru tvö önnur en það eru svartar granítplötur með púltsteinslagi. Þær fara í 4. flokk.

**X 207** Umhverfis þennan reit er stór og mikill steinsteyptur bakki og snúa langhliðar hans í norður og suður, en hann hallast í norður. Bakkinn fer í 5. flokk. Á leiðinu er eitt minningarmark, sem líklegast er frá Schannong. Það er stór og mikill flatur óbeliski, sem hvílir á sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr svörtu gljáandi graníti. Varðinn fer í 4. flokk.

**X 207a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 208** Hér er steinsteyptur nokkuð stór bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið á reitnum er skorinn blágrýtisdrangur, sem hvílir á tveimur kubbum og snýr í vestur. Hann er gljáslípaður að framan með sandblásnu letri. Drangurinn fer í 4. flokk.

**X 208a** Á þessum reit er ekkert að finna.

**X 209** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er bogasteinn úr graníti, sem stendur á sökkli úr sama efni. Steinninn er að öllum líkindum frá Schannong. Á varðann eru meitluð myndverk sem teljast verða merkileg. Sjá má sól sem hnígur til viðar, kross sem stendur á miklum kletti úti í sjó og fjörugrjót sem er að fara í kaf. Varðinn snýr í vestur og fer í 2. flokk.

**X 209a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**X 210** Bakkinn umhverfis reitinn er steinsteyptur og er í ágætisástandi. Hann fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk standa á reitnum og snúa þau í austur. Það fyrra er stór og mikill ferhyrndur drangur. Hann er slípaður á öllum hliðum, en efst eru brúnirnar örlítið ávalar. Letrið og kross á varðanum er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Þetta minningarmark fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er þekjusteinn úr svörtu graníti, sem hvílir á stórum og miklum sökkli. Steinninn er nær örugglega frá Schannong og fer í 4. flokk.

**X 211** Utan um þennan reit er steyptur bakki sem settur er bergsalla. Bakkinn er með hliðarörmum og gafli og steyptum planka ofan á gaflinum. Bakkinn fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á bakkanum. Það fyrsta og það þriðja eru alveg eins, stórar og miklar grágrýtisplötur, sem límdar eru á gaflinn. Plöturnar eru með upphleyptu letri á sandblásnum bekkjum. Á milli þeirra er önnur platan og er hún einungis u.þ.b. 5x15 cm á stærð. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**X 212*** Kringum reitinn er nýsteyptur bakki og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í vestur. Fyrra minningarmarkið er lítill þekjusteinn sem er fjórum sinnum þykkari neðst en efst. Efst er meitluð Kristsmynd og er hún nokkuð merkileg. Fer í 2. flokk. Hitt minningarmarkið er hinn svokallaði Grænlandssteinn. Steinninn sem er úr grænlensku efni stendur á undirsteini sem er úr íslensku grágrýti. Steinninn kom í vörpu togara úti á Faxaflóa og talið er að hann hafi rekið með borgarís frá Grænlandi. Steinninn fer í 2. flokk.

**X 213** Á þessu leiði liggur hvít, brotin marmaraplata. Líklegt er að hún hafi staðið upp við stoð sem nú er horfin. Ekki er nokkur leið að lesa það sem letrað hefur verið á plötuna vegna skófa. Platan fer í 4. flokk.

**X 214** Hér er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er bakkinn allur settur bergsalla. Bakkinn snýr í austur og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**X 215** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Bakkinn er settur bergsalla og fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á

reitnum og snúa í vestur. Þetta eru ferhyrndar, steyptar koparplötur sem snúa í vestur og fara í 4. flokk.

**X 216** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með gafli og er hann í ágætisástandi. Bakkinn fer í 4. flokk. Á gaflinum eru tvö minningarmörk sem snúa í vestur. Fyrst er gyllt álplata, sem fer í flokk 4 en hitt er plata úr rauðu graníti með svörtum kornum. Hún er með upphleyptu letri á bekkjum. Platan fer í 4. flokk.

**X 216a til X 216b** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**X 217** Ekkert gerði afmarkar þennan reit, en á honum stendur steinsteyptur varði, sem er bæði mjög mosavaxinn og brotinn þannig að erfitt er að átta sig á upprunalegri mynd hans. Þó sést að plata hefur verið á varðanum og sökkull hefur verið undir honum. Þessi varði fer í 4. flokk.

**X 218** Hér er barnsleiði en ekkert minningarmark.

**X 219** Kringum þennan ílanga reit hefur verið hlaðið grágrýtisdröngum. Ofan á þeim er smíðajárnsgerði sem er í mjög góðu ástandi og þarf einungis að mála eða menja það. Fer það í 1. flokk. Langhliðar gerðisins snúa í norður-suður. Í gerðinu standa tveir ákaflega digrir og miklir granítsteinar, sem hafa púltsteinsform en eru þó sléttir að ofan. Á þá eru meitlaðir skildir, sem málað hefur verið ofan í. Steinarnir hafa báðir verið slípaðir að framan en svo hefur allur gljáinn verið meitlaður af og eftir stendur smátt letur og upphleyptar rendur í kring. Steinarnir fara í 3. flokk.

**X 220** Kringum reitinn er allstór steinsteyptur bakki. Steinsteypt súla er í hverju horni og ein pípa liggur milli hverra súlna. Bakkinn fer í 5. flokk. Á leiðinu er eitt minningarmark sem snýr í austur. Það er steyptur púltsteinn. Inn í hann er felld hvít marmaraplata með sandblásnu letri. Bæði steinn og bakki eru í slæmu ástandi. Steinninn fer í 4. flokk.

**X 221** Þessi reitur er afmarkaður af fallegum grágrýtisstólpum með pýramídaþekju. Einn stólpi er í hverju horni. Þrjár pípur liggja á milli stólpanna. Lengd reitsins er í norður-suður. Gerðið fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**X 222** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Bakkinn er í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið á reitnum er blágrýtissúla sem fer í 3. flokk.

**X 223** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka sem settur er bergsalla. Hann er með háum gafli og eru kubbar til hliðar við hann. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk heyra til þessum reit og snúa í austur. Það fyrra er grágrýtisplata með upphleyptu letri á sandblásnum bekkjum. Hitt minningarmarkið er blágræn granít-plata. Krossmark er efst á plötunni ásamt pálmagrein og þar fyrir neðan er letur sem er sandblásið. Plöturnar fara í 4. flokk.

**X 224** Umhverfis reitinn er bakki hlaðinn úr íslenskum grágrýtisdröngum. Þrjár súlur er á hliðunum sem snúa í norður og suður, en tvær á skammhliðunum. Tvær pípur ganga á milli dranganna. Gerðið er í ágætisástandi að öðru leyti en því að ein súlan að vestanverðu er skemmd og fer umgjörðin í 3. flokk. Minningarmarkið á leiðinu er

gríðarstór, sérkennilegur granítvarði, sem er afsettur á hliðunum. Hann hvílir á sökkli sem líklega er úr grágrýti. Varðinn fer í 2. flokk.

**X 225** Liggjandi blágrýtisdrangar í kringum þennan reit benda til að hér hafi líklegast verið smíðajárnsgrindverk með járnsteyptum súlum. Þessi umbúnaður fer í 5. flokk.
Á reitnum stendur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er þetta frá Schannong. Steinninn er svartur og gljáslípaður og fer í 4. flokk.

**X 225a til X 225d** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**X 226** Umhverfis þetta legstæði er steinsteyptur bakki í ágætisástandi, þakinn bergsalla. Fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er hvítur púltsteinn úr marmara, sem hvílir á útskoti úr bakkanum og snýr í vestur. Útlit steinsins er kunnuglegt, því hann er meitlaður þannig að það er eins og hann sé samsettur úr mörgum steinum. Einnig er meitlað í hann frekar óvenjulegt blaðaskraut. Steinninn fer í 4. flokk.

**X 227** Hér er steinsteyptur bakki umhverfis reitinn með hliðararmi og gafli, allt sett bergmylsnu. Hann fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á þessu legstæði.

**X 228** Steypt hefur verið yfir þetta leiði og umhverfis það eru hlaðnir grágrýtisdrangar og þar á fallegt smíðajárnsgrindverk. Það virðist vera nokkuð heilt, en það þyrfti að menja grindverkið og laga það. Grindverkið fer í 1. flokk. Langhliðar leiðisins snúa í austur og vestur en það hallast í norður. Eitt minningarmark er á reitnum og má líkja því við flatan óbeliska þó ekki sé um hefðbundna gerð að ræða. Varðinn er með pýramídaþekju. Hann hvílir á sökkli og undirsteini og snýr í austur. Líklega er þessi varði frá Schannong og fer í 4. flokk.

**X 229** Umhverfis þetta legstæði er talsvert stór steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi þó hann sé mosavaxinn. Langhliðarnar snúa í austur og vestur. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið, sem snýr í austur, er nokkuð merkilegt. Á steininum er lárviðarsveigur og innan hans er hornamál og hringfari og er þetta merki frímúrara. Neðarlega á steininum er heilt handaband. Steinninn fer í 2. flokk.

**X 230** Í kringum þetta legstæði er stólpagerði með ávölum, oddhöggnum stólpa í hverja horni og milli þeirra eru tvær pípur. Gerðið er í góðu ástandi. Minningarmarkið er lágur, flatur óbeliski á lágum sökkli og undirsteini. Það snýr í austur og fer í 3. flokk eins og gerðið.

**X 231** Hér er steinsteyptur bakki, sem teljast verður ónýtur. Hann fer í 5. flokk.

**X 231a** Ekkert er hér að finna.

**X 231b** Á reitnum stendur nýtískulegur blágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Varðinn er ferkantaður og slípaður að framan. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 232** Umhverfis þennan reit er steyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**X 233** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, sem er brotinn og er víða farið að molna úr honum. Ofan á honum eru 2x3 steinsteyptar súlur með tveimur pípum á

milli. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er fallegur flatur óbeliski, sem hvílir á sökkli og undirsteini. Hann er úr grágrýti og snýr í austur. Lágmyndin *Nótt* er efst á varðanum. Lítil sprunga er í plattanum. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**X 234** Í hverju horni þessa reits eru grágrýtisstöplar og milli þeirra er strengd keðja. Umgjörðin fer í 4. flokk Innan gerðisins eru tvö minningarmörk, sem horfa í austur. Það fyrra er blágrýtiskubbur, sem stendur á skornum, möttum undirsteini, sem er sennilega einnig blágrýti. Hitt minningarmarkið er ögn lengri drangur, sem einnig virðist vera úr blágrýti. Hann stendur á sökkli úr sama efni. Bæði minningarmörkin fara í 4. flokk.

**X 235** Í kringum þennan reit eru hlaðnir grágrýtisdrangar. Á þeim er smíðajárnsgerði, sem virðist vera í ágætisástandi þó þurfi að sandblása það og menja. Grindverkið fer í 1. flokk. Minningarmarkið á reitnum er mjög stór blágrýtisdrangur með koparstöfum. Hann snýr í vestur og fer í 3. flokk.

**X 236** Umhverfis þetta legstæði er steyptur bakki. Hann er mjög siginn og illa farinn og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lítill, hvítur marmarakubbur, sem snýr í vestur. Hliðar hans eru nokkuð óreglulega meitlaðar, en hann er sléttur á framhliðinni og er letrið meitlað þar ofan í. Varðinn er frá Schannong og fer í 4. flokk.

**X 237** Í kringum þennan reit er steyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli. Allur er bakkinn mjög siginn og fer hann í 5. flokk Á gaflinum er dökk granítplata, sem snýr í vestur og fer hún í 4. flokk.

**X 238** Kringum reitinn er steyptur bakki í kringum einstaklingsgrafreit. Hann er í ágætisástandi og fer í 5. flokk.

**X 239** Umhverfis þetta legstæði er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Brúnir hliðararma eru ávalar. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á bakkanum. Það er svört granítplata, sem snýr í austur. Efst á henni er meitlaður kross og pálmagrein. Platan fer í 4. flokk.

**X 240** Á reitnum er legsteinn frá Schannongsteinsmiðjunni með fallegum laufakransi og krossmarki efst. Hann fer í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar leiðið.

**X 241** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Langhliðar liggja í austur og vestur, en bakkinn hallar mjög til suðurs. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum standa tveir granítsteinar með koparstöfum sem fara í 4. flokk.

**X 242** Þetta legstæði er afmarkað af stólpagerði. Einn oddhögginn grágrýtisstólpi er í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Umgjörðin fer í 3. flokk. Minningarmarkið er stór og mikill grágrýtisvarði. Hann er afsettur á hliðum, en áletrunarflöturinn framan á varðanum er stokkhöggvinn. Á framhliðinni er meitlað pálmablað og kross. Letrið er upphleypt á heilum fleti. Varðinn fer í 3. flokk.

**X 301** Í kringum þennan reit er steinsteyptur bakki sem liggur í norður og suður. Hann er ágætisástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið á leiðinu er flatur óbeliski, sem hvílir á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Varðinn snýr í austur og hallar einnig í þá átt. Hann fer í 3. flokk.

**X 302** Í hverju horni þessa reits eru steinsteyptir stólpar og eru tvær súlur á milli þeirra. Gerðið fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á þessu legstæði.

**X 303** Á reitnum stendur heill grágrýtissteinn með púltlagi. Letrið á steininum er upphleypt á sandblásnum bakka. Steinninn fer í 4. flokk.

**X 303a** Á þessum reit er heill steinn úr blágrýti með púltformi. Leturflöturinn er blásinn niður en letrið er upphleypt. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**X 304** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er flatur óbeliski, sem snýr í austur. Hann stendur á sökkli og líklega undirsteini. Varðinn er í ágætisástandi og fer í 3. flokk.

**X 304a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**X 305** Á þessu legstæði er flatur óbeliski, sem stendur á sökkli og undirsteini. Varðinn er úr svörtu graníti og er framhlið hans gljáslípuð. Steinninn er nánast örugglega frá Schannongsteinsmiðjunni og fer 4. flokk.

**X 306** Í þessum reit eru tvö leiði, sem steypt er yfir. Tvö minningarmörk standa á reitnum. Þetta eru fallegir grágrýtisvarðar sem hvíla á sökklum og undirsteinum. Inn í varðana eru felldar stórar, mjög háar, svartar granítplötur. Þessi minningarmörk snúa í austur og fara í 3. flokk.

**X 307** Í kringum þennan reit er stólpagerði. Súlur þess eru allar brotnar nema sú í norðvesturhorninu. Þrjár pípur hafa gengið á milli súlnanna en einungis fáar þeirra eru nú á sínum stað. Gerðið fer í 3. flokk. Minningarmarkið á reitnum er flatur óbeliski úr grágrýti, sem stendur á sökkli og undirsteini. Framhliðin er slípuð með upphleyptu letri á blásnum bekkjum. Efst á varðanum er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks* og þar er einnig lágmyndin *Dagur*. Plattinn er að mestu heill, en eilítið er þó kvarnað úr honum. Steinninn fer í 3. flokk.

**X 308** Kringum reitinn er steinsteypur bakki og ofan á honum eru 3x3 súlur. Tvær pípur liggja á milli þeirra og að gafli, sem er brotinn og illa farinn. Minningarmarkið er hvít marmaraplata og snýr hún í austur. Neðri horn plötunnar eru skorin í 45°. Bakkinn fer í 5. flokk, en minningarmarkið í þann fjórða.

**X 309** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur, hvítmálaður bakki með hliðarörmum. Bakkinn er í sæmilegu ástandi en þó skakkur og aðeins farið að molna úr honum. Bakkinn fer í 4. flokk. Minningarmarkið er stór og mikil svört granítplata, sem felld er inn í bakkann og snýr í austur. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**X 310** Þessi einstaklingsreitur er afmarkaður af stólpagerði með steyptri súlu í hverju horni. Járnpípur liggja milli stólpana. Gerðið fer í 5. flokk en ekkert minningarmark er á reitnum.

**X 311** Á þessum reit er lágur, flatur óbeliski með meitluðu letri. Varðinn stendur á sökkli og undirsteini. Hann snýr í austur og fer í 3. flokk.

**X 311a til X 311d** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**X 312** Umhverfis þennan reit, sem liggur í austur-vestur, er stólpagerði með sívölum, oddhöggnum grágrýtisstólpum. Tvær pípur hafa legið á milli stólpanna, en nú er þær aðeins að finna að vestanverðu. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Tvö minningarmörk standa á reitnum. Því fyrra svipar til flatra óbeliska, en hvorki sést sökkull né undirsteinn og þakið er ekki eins hallandi og á þeim hefðbundnu. Varðinn fer í 3. flokk.

Hitt minningarmarkið er lágur, flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini, sem mætti hefja upp. Svo lítur út fyrir að skerpt hafi verið á letrinu ekki alls fyrir löngu. Efst á varðanum er lágmynd Thorvaldsens *Dagur*. Þvermál hennar er 13 cm og virðist hún alveg heil. Neðarlega á varðanum er óskemmt handaband af vanalegri gerð. Neðst á varðanum eru eftirmælin „*Þín sál var sem sólin hrein*“ ásamt örvaskrauti. Þetta minningarmark fer í fyrsta flokk.

**X 312a** Á þessum reit er hrörlegur trékross með plastplötu og fer hann í 4. flokk. Einnig er á reitnum lítill, grænn ómerktur trékross, sem fer einnig í 4. flokk.

**X 313** Umhverfis þennan reit er næstum ferningslaga steinsteyptur bakki. Mikið hefur molnað úr bakkanum vegna alkalískemmda og hann hallar nokkuð í norður. Í stað gafls er steyptur kubbur sem settur er bergsalla. Hann er ögn bogadreginn að ofan og inn í hann er felld svört granítplata, sem snýr í austur. Minningarmarkið fer í 4. flokk en bakkinn í 5. flokk.

**X 314** Á þessu leiði er fallegur steinn úr silfruðu graníti. Hann er meitlaður þannig að svo virðist sem hann sé hlaðinn úr mörgum litlum steinum. Varðinn er bogadreginn að ofan en til hliða eru stuttar axlir. Líklega er varðinn frá steinsmiðju Schannongs og fer hann í 2. flokk þar sem þessi graníttegund er fágæt í garðinum.

**X 315** Þessi reitur er afmarkaður af háum og miklum steinsteyptum bakka með 3x3 súlum þar ofan á. Keðjur hanga á milli súlnanna. Þetta gerði skipast í 4. flokk.

Minningarmarkið er úr bleiklitu graníti og snýr það til austurs. Það hvílir á sökkli úr sama efni og er varðinn allur afsettur. Efst fyrir miðju eru tvær pálmagreinar sem eru hnýttar saman með eins konar stólu. Varðinn er gljáslípaður og er líklega frá Schannong og fer í 4. flokk.

**X 316** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur, allhár bakki. Hann er í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lágur þekjusteinn, sem hvílir á sökkli sem er mjög siginn. Steinninn er oddhöggvinn á hliðum fremur en gróft stokk-höggvinn. Hann er svo fínlega riffilhöggvinn á brúnum að svo er að sjá sem plata liggi á steininum en er þó ósamsettur steinn. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**X 317** Á þessu leiði er trékross úr óvönduðum við. Þrjár plastplötur hafa verið festar á krossinn, en sú sem hefur verið í miðjunni er nú horfin. Krossinn fer í 4. flokk.

**X 318** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur, næstum ferningslaga bakki, sem hallar nokkuð til norðvesturs. Bakkinn fer í 4. flokk. Minningarmörkin eru tvær fallegar hvítar marmarabækur, sem hvíla á steyptum kubbi. Önnur er líklega með þeim fyrstu sem settar voru í garðinum. Hin er mun skrautlegri, en á hana er meitlað blómaflúr og pappírsörk með vindingi efst og neðst. Fyrir neðan bækurnar eru meitluð eftirmæli

sem eru næstum ólæsileg. Þyrfti að hreinsa áletrunina upp. Minningarmörkin fara bæði í 4. flokk.

**X 319** Þetta legstæði er afmarkað með talsvert háum steinsteyptum bakka, sem er í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum er eitt minningarmark, grágrýtissteinn sem er oddhöggvinn á hliðum og rifflaður þannig á brúnum að það virðist vera plata á framhliðinni. Fyrir neðan þessa plötu er ákaflega merkileg Thorvaldsenslágmynd, *Hyrdine med amorinrede*, sú eina sinnar tegundar í garðinum. Steinninn hefur líklega verið á sökkli, en allt er þetta sigið. Þetta minningarmark fer í 1. flokk.

**X 319a, X 320, X 321, X 321a og X 321b** Ekkert er að finna á þessum fimm reitum.

**X 322** Þetta leiði er nærri því í miðjum gangstígnum. Umhverfis það er steinsteyptur bakki, sem er teinaður saman með vír, en allt er þetta skakkt og bakkinn nánast ónýtur. Hann fer í 5. flokk. Tiltölulega nýtt og nýtískulegt minningarmark er á reitnum; heilskorinn blágrýtissteinn með púltsteinsformi og fer hann í 4. flokk.

**X 322a** Ekkert gerði er í kringum þetta legstæði, en á því stendur blágrýtislegsteinn sem hefur verið afsettur á hliðum og svo slétt skorinn. Hann hvílir á undirsteini, sem er heilskorin blágrýtisplata. Allt er yfirbragðið nýtískulegt og fer minningarmarkið í 4. flokk.

**X 322b til X 322c** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 323** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er marmarakubbur með krossmarki. Á honum stendur nafnið „*Sigurður*“ með upphleyptu letri. Minningarmarkið fer í 2. flokk vegna sérstöðu.

**X 323a til X 323b** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**X 324** Í kringum þessa barnsgröf er hvít umgjörð með viðarfjöl austast. Minningarmarkið er plastplata sem snýr í vestur. Þessi umbúnaður fer í 4. flokk.

**X 325** Utan um þetta barnsleiði er rammi steyptur úr marmarasalla. Á leiðinu er lítill hvítur kross sem á er límd englamynd úr messing. Hvort tveggja fer í 4. flokk.

**X 325a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 326** Ekkert gerði er í kringum þennan reit en á honum stendur lítill klassískur bogasteinn úr íslensku blágrýti. Hann hvílir á sökkli sem er mjög siginn. Varðinn er í góðu ástandi og fer í 3. flokk.

**X 327** Á þessum reit er bæsaður furukross, sem snýr í vestur. Á honum er plastspjald. Krossinn fer í 4. flokk.

**X 328** Umhverfis þennan reit er steinsteypt gerði, sem hefur verið mjög vandað og fallegt í upphafi með fallegum súlum sem hafa verið steyptar í mót. Umgjörðin er nú alveg ónýt og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**X 329** Þessi reitur er afmarkaður af stólpagerði úr oddhöggnum grágrýtissúlum. Tvær pípur liggja á milli súlnanna og snúa langhliðar í austur og vestur. Súlan í norðvesturhorninu er brotin og pípur vantar að norðan- og vestanverðu. Þetta gerði fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark stendur á reitnum og snýr í vestur. Þetta er flatur, fremur lágur óbeliski úr graníti, sem hvílir á sökkli og undirsteini. Varðinn er allur gljáslípaður og er líklega frá Schannong. Hann fer í 4. flokk.

**X 330** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli, sem settur hefur verið bergsalla sem nú er mikið til flagnaður af. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum, sem snýr í vestur. Það er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum sem felld er í gaflinn. Platan fer í 4. flokk.

**X 331** Kringum þetta legstæði er steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Hann er með fjórum hliðarörmum. Gaflinn er með þremur pöllum og er miðja hans útstæð. Þar er felld inn hvít marmaraplata sem snýr í vestur. Platan fer í 4. flokk, en bakkinn í 5. flokk.

**X 332** Í kringum þennan reit er stólpagerði gert úr fallegum blágrýtisstólpum. Sumir þeirra hafa brotnað og hefur verið reynt að steypa þá saman. Tvær pípur hafa legið á milli stólpanna, en þær eru nú horfnar. Bakkinn fer í 3. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna, heilan grágrýtisstein með púltsteinsformi. Efst á honum er hringlaga flötur með upphleyptum krossi. Áletrunarflöturinn er allur sandblásinn og letrið upphleypt. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**X 333** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**X 334** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum, ferningslaga bakka sem í ágætisástandi og fer í 5. flokk. Á reitnum stendur lágur, flatur óbeliski á sökkli, sem er svo sokkinn að tæpast sér í hann. Á varðanum er lágmyndin *Nótt* og er hún alveg óskemmd. Fyrir neðan hana hefur verið handaband, mun stærra en önnur sem sést hafa í garðinum. Steinninn fer í 2. flokk.

**X 335** Umhverfis þetta leiði er stólpagerði með steyptri súlu í hverju horni. Tvær pípur hafa gengið á milli súlnanna. Þetta gerði fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á þessum reit.

**X 336** Reitinn afmarkar hár steinsteyptur bakki, með fjórum hliðarörmum. Gaflinn er á tveimur hæðum, settur bergmylsnu. Hann er í ágætisástandi þó mosavaxinn sé. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Annað er flatur óbeliski frá steinsmiðju Schannongs í Kaupmannahöfn og er hann með fjórum þakflötum. Hann er allur gljáfægður, en það virðist hafa kvarnast upp úr vinstra horninu neðst við sökkulinn sem hann stendur á. Varðinn snýr í austur og fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er blágrýtisplata sem liggur fyrir framan varðann. Hún fer einnig í 4. flokk.

**X 337** Umhverfis þennan reit má sjá fallegt pottjárnsgerði, sem fer í 1. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa þau öll í norður. Það fyrsta er dökkleitur púltsteinn, sem fer í 4. flokk. Annað minningarmarkið er steinn úr rauðdökkleitu graníti, sem fer í 4. flokk. Fyrir framan hann er þriðja minningarmarkið sem er steypt álskilti sem neglt er á fúinn viðarkubb. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**X 338** Ekkert gerði er umhverfis reitinn. Minningarmarkið er líklega gabbrósteinn, með slípaðri framhlið. Hann hvílir á sökkli sem líklega er úr sama efni og snýr steinninn í austur. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**X 338a** Ekki er hér neina umgjörð að finna. Á reitnum eru tveir fjörusteinar. Annar steinninn er mun meira kúlulaga en hinn. Leturfletir steinanna snúa í austur. Þeir eru sandblásnir niður með upphleyptu letri. Bæði minningarmörkin fara í 3. flokk.

**X 339** Yfir þessu leiði er heilsteypt plata. Minningarmarkið er steyptur kubbur sem stendur upp úr meginplötunni. Inn í þennan kubb er felld steypt koparplata, sem snýr í austur. Þessi umbúnaður fer í 4. flokk.

**X 340** Þetta leiði er afmarkað með steinsteyptum bakka með 3x3 súlum ofan á, þó lengd vestur- og austurhliða sé mun meiri en skammhliðanna. Þessi umgjörð fer í 4. flokk. Á leiðinu er lítill varði með gotnesku lagi úr hvítum marmara og hvílir hann á sökkli úr sama efni. Varðinn snýr í austur og í kringum framhliðina er meitluð rönd sem myndar nokkurs konar reipi á brúninni. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**X 341** Hér afmarkar steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum reitinn. Bakkinn er með ávalar brúnir og er hann settur bergsalla. Fyrir miðju er steyptur kross, sem er ávalur að framanverðu en sléttur að aftan. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru öll eins en þau eru þrjár svartar, ílangar granítplötur sem fara í 4. flokk.

**X 341a til X 341c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**X 342** Þessi reitur er afmarkaður af steinsteyptum bakka með hliðararmi og hærri gafli. Hliðararmurinn er ávalur að framan og efst er steyptur planki. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata, sem snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 343** Reiturinn er afmarkaður af vönduðu hlöðnu gerði úr tilhöggnum steini úr grágrýti og fer það í 1. flokk. Minningarmarkið er sérstakt. Það er allhár kross og hallar vera sér upp að honum. Þetta stendur á gulleitum granítsökkli en þar undir er undirsteinn úr grágrýti. Fyrir framan er svört granítplata sem hallast upp að sökklinum. Þetta minningarmark snýr í austur og fer í 1. flokk. Gjarnan mætti þrífa verkið þar sem mikið er um skófir á því.

**X 401** Umhverfis þennan reit er hár og mikill steinsteyptur bakki. Hann er allur brotinn og skakkur. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er ferningur úr grágrýti og hvílir hann á smærri steini. Letrið er hvítmálað og fer þetta minningarmark í 4. flokk.

**X 401a til X 401b** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**X 402** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með stuttum hliðararmi og gafli og er hann settur bergsalla. Bakkinn fer í 5. flokk.

Fimm minningarmörk er að finna á reitnum. Tvö fyrstu virðast vera alveg eins nema það er örlítill stærðarmunur á þeim, það fyrra er ögn stærra. Þetta eru bogadregnir granítsteinar með öxlum. Lítill hálfmáni er fyrir miðjum boganum. Þar í er

koparmynd af syrgjandi stúlku sem krýpur og setur hönd fyrir höfuð sér og heldur á blómum. Allt snýr þetta í austur. Minningarmörkin tvö fara í 3. flokk.

Þriðja minningarmarkið er klassískur íslenskur steinn úr grágrýti. Efst er meitluð þriðjungssól. Steinninn hvílir á undirsteini úr grágrýti. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 3. flokk.

Fjórði steinninn er hvítur marmarasteinn. Hann er meitlaður eins og hann sé samsettur úr mörgum smærri steinum. Fyrir miðju er meitluð eins konar undin pappírsörk en í hornum er blómaskrúð. Efst er meitlað sorgarker (þ. Trauerurne) og er það ekki algengt í garðinum. Undirsteinninn er einnig úr hvítum marmara. Legsteinninn fer í 1. flokk.

Fimmti og síðasti steinninn á þessum reit er dökkbrúnleitur granítpúltsteinn. Fer hann í 4. flokk.

**X 403** Hlaðið er kringum þennan reit með grágrýtisdröngum. Í hverju horni er steinsteypt súla og liggja tvær pípur þar á milli. Umgjörðin fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er frá Schannongsmiðjunni. Þetta er dökkleitur flatur óbeliski á sökkli. Legsteinninn er nokkuð siginn. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 404** Kringum reitinn er hár og mikill steinsteyptur bakki. Ofan á honum eru armar sem ná nánast allt um kring nema að austanverðu er hlið. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er ílöng grágrýtisplata sem snýr til austurs og er felld inn í bakkann. Hún er með upphleyptu letri á bekkjum og fer í 4. flokk.

**X 404a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 405** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lítill bogasteinn úr dökku graníti og stendur á óslípuðum sökkli og er líklega úr sama efni frekar en grágrýti. Sjálfur varðinn er slípaður að framan og gljáinn blásinn af þannig að letrið verður eitt eftir. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 406** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með mjög háum göflum og er hlið fyrir miðju að austanverðu. Umgjörðin hallar mjög til suðurs og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvær innfelldar grágrýtisplötur sem eru steyptar inn í bakkann og eru þær orðnar mjög máðar. Plöturnar fara í 4. flokk.

**X 407** Umlykjandi reitinn er stólpagerði með heilum fallegum grágrýtisstólpum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli stólpanna. Bæta þyrfti við pípum og rétta af stólpanna. Á stólpunum eru fjórar lágar þakhliðar. Umgjörðin fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er aðeins eitt og snýr í austur. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini þó að hann sjáist ekki. Á steininum eru merki *Trúar, vonar og kærleiks*. Legsteinninn hallar nokkuð til vesturs, og fer hann í 3. flokk.

**X 407a** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**X 408** Steinsteyptur bakki, allþykkur og stór, afmarkar þennan reit. Hann er hvítmálaður og sléttfylltur af marmaramulningi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Fimm minningarmörk er hér að finna. Það fyrsta er steinsteyptur púltsteinn og þar í framhlið er svört granítplata með hvítu letri. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk. Annar legsteinninn er lítill og lágur flatur óbeliski á sökkli sem er hálfur undir jarðvegi. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum og fer í 4. flokk. Þriðji

legsteinninn er granítsteinn úr rauðu graníti með smáum dökkum kornum. Þetta er þekjusteinn; mjög lágur og breiður flatur óbeliski. Hann er slípaður að framan og stendur á sökkli sem er úr sama efni. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk. Fjórði legsteinninn er granítpúltsteinn, heilskorinn púltsteinn með upphleyptu letri og fer hann í 4. flokk. Fimmta minningarmarkið sem tilheyrir reitnum er koparspjald sem fest er á bakkann. Það fer í 4. flokk.

**X 409** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, í ágætisástandi. Ofan á honum stendur stakket úr smíðajárni og er það í sæmilegu ástandi en það þyrfti að sandblása og menja. Umgjörðin fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er bogasteinn úr dökku graníti. Varðinn er slípaður að framan og hvílir hann á sökkli úr sama efni. Legsteinninn er líklega frá steinsmiðju Schannongs. Steinninn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**X 410** Kringum þennan reit eru hlaðnir grágrýtisdrangar og ofan á þeim stendur grindverk úr smíðajárni. Það er í nokkuð góðu ástandi en það þarf að sandblása og menja það. Þessu umbúnaður fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur. Það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt úr grágrýti. Efst er lágmyndin *Dagur* og virðist vera óskemmd. Letrið er mjög upphleypt á sandblásnum bekkjum. Steinninn fer þó í 3. flokk.

**X 411** Umhverfis þennan reit er allhár steinsteyptur bakki, sem er sléttfullur af skeljasandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur brattur púltsteinn. Í framhlið hans er felld steypt koparplata og snýr þetta í austur. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**X 412** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Einn legsteinn er á reitnum. Það virðist vera blágrýtissteinn sem er eiginlega ferhyrndur kubbur. Hann er mjög óreglulegur á hliðum en er þó ekki úthöggvinn eða afsettur. Á framhlið er koparplata með torkennilegu þríhyrndu merki á. Steinninn snýr í austur og fer í 2. flokk.

**X 412a til X 412c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**X 413** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er allt steypt úr marmarasteypu. Þetta er púltsteinn sem er bogadreginn að ofan og stendur á steyptum sökkli sem er að mestu undir moldu. Á steininum miðjum er hvít marmaraplata. Steinninn snýr í austur. Efst hefur verið hringlaga lágmynd, líklega eftir Thorvaldsen, en hann hefur brotnað og í staðinn er komin ferhyrnd lágmynd Thorvaldsens *Spilandi englar*. Er hún önnur tveggja í garðinum. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**X 413a til X413n** Þessi leiðisnúmer eru öll í stígnum norðanlega í reitaröð **X 4** og er þar ekki að finna nein minningarmörk.

**X 414** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann í mjög góðu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er eitt og snýr í vestur. Það er úr grágrýti og er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Nótt* og er hún alveg heil. Neðst á sökkulinn hefur verið sandblásið seinna meir. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**X 415** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er púltsteinn með lágreistri þekju efst. Hann er meitlaður, oddhöggvinn á hliðum en höggvinn rifflaður á brúnum svo það lítur út sem plata liggi í framhlið hans. Letrið er orðið nokkuð máð. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk.

**X 416** Umhverfis reitinn er skemmtileg umgjörð samsett úr grágrýtisdröngum og stólpum úr grágrýti, einn í hverju horni. Allir grágrýtisstólparnir virðast vera heilir. Hlaðnir drangar úr sama efni eru á milli stólpanna. Þeir hafa brattar fjórar þakhliðar og brúnirnar eru rúnnaðar fyrir miðju hvers stólpa. Tvær pípur hafa legið á milli hvers þeirra en þær vantar sumstaðar og mætti laga. Umgjörðin fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur. Það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og hallar nokkuð til austurs. Er þetta allt úr grágrýti. Varðinn sjálfur hefur einhvern tímann verið slípaður og um leið skerpt á letrinu. Á varðanum er stórt handaband. Legsteinninn fer í 1. flokk.

**X 417** Kringum reitinn er stólpagerði. Allir stólpar eru brotnir og allar pípur horfnar nema ein er efst á vesturhliðinni. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér en það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Brúnir framhliðar eru slípaðar en efst er einfalt krossmark. Á sökkli er heiðurssveigur. Legsteinninn snýr í austur og fer hann í 2. flokk.

**X 417a** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum en það er trékross, líklega úr harðviði. Á honum er plastspjald. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 418** Hér í kring er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hann er allur settur bergsalla og fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru fest í gaflinn og þau snúa í vestur. Fyrsta og þriðja minningarmarkið eru eins. Þetta eru svartar granítplötur, nokkuð ílangar, með upphleyptu letri á sandblásnum bekkjum. Fara í 4. flokk. Annað minningarmarkið er miklu stærra. Það er fyrir miðju og er einnig úr svörtu graníti og letrið þar er einnig upphleypt blásnum bekkjum. Sú plata fer einnig í 4. flokk.

**X 419** Kringum þennan reit hefur verið steypt grindverk með fallegum súlum en þetta er allt úr lagi gengið. Gerðið fer þó í 4. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er nokkuð hár bogasteinn úr grágrýti sem snýr í austur og stendur á afsettum sökkli og á undirsteini. Steypt hefur verið yfir reitinn en gat er á plötunni fyrir tré sem hér stendur. Letrið á steininum er nokkuð skýrt. Steinninn hallar ögn til vesturs og fer hann í 3. flokk.

**X 420** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er svört ílöng granítplata sem hallast að blágrýtiskubbi til stuðnings. Platan snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 420a** Ekkert gerði umlykur reitinn. Minningarmarkið er hvítur furukross með plastspjaldi. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 420b** Ekkert gerði umlykur reitinn. Minningarmarkið er hvítur furukross með plastspjaldi. Hann snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**X 421** Umhverfis reitinn er stólpagerði. Einn steyptur stólpi er í hverju horni og eru þeir alveg skrautlausir. Tvær pípur liggja á milli hverra stólpa en þær eru horfnar að norðanverðu. Lengd gerðisins er í austur-vestur. Gerðið fer í 5. flokk en ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**X 422** Steypt er yfir þennan reit en allt um kring eru hlaðnir grágrýtisdrangar. Ofan á dröngunum eru grágrýtissúlur, ein í hverju horni. Þær eru með fjórum þakhliðum og oddhöggnar á miðjum flötum. Tvær pípur ganga á milli hverra stólpa en lengd gerðisins er í austur-vestur. Gerðið fer í 2. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er bleikur granítsteinn með meitlaðri upphleyptri sporöskju fyrir miðju þar sem áletrunin er á. Steinninn sjálfur er allur gróft oddhöggvinn og bogadreginn að ofan og stendur á sökkli úr sama efni. Steinninn er líklega frá Schannong og fer í 4. flokk.

**X 423** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki úr afskaplega grófri steypu með fjörugrjóti í. Á honum eru þrír hliðararmar og gafl. Bakkinn fer í 5. flokk en ekkert minningarmark er hér að finna.

**X 424** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki. Á honum er nokkuð langur hliðararmur sem er sveigður á brúnum. Gafl er að baki og er bakkinn settur bergmylsnu og mjög mosavaxinn. Fer í 5. flokk.

Eitt mjög lítið minningarmark er á leiðinu. Það er þekjusteinn á sökkli sem er mun breiðari neðst en efst. Málað hefur verið ofan í letrið. Steinninn fer í 3. flokk.

**X 425** Umhverfis reitinn er stólpagerði og er lengdin í austur-vestur. Í hverju horni eru fallegir grágrýtissívalningar sem eru oddhöggnir og ganga tvær pípur á milli hverra. Umgjörðin fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti og með þykkri granítplötu úr silfurgraníti á framhlið. Hann stendur á þykkum undirsteini úr grágrýti og þar fyrir neðan er geysilega mikill og þykkur grágrýtissökkull. Minningarmarkið fer einnig í 2. flokk.

**X 426** Kringum reitinn er stólpagerði og eru steyptir stólpar í hverju horni, ávalir að ofan. Tvær pípur liggja á milli hverra stólpa en þær vantar að austanverðu. Ekkert minningarmark er á reitnum. Umgjörðin fer í 5. flokk.

**X 427** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og afar háum gafli. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er frekar stór grágrýtisplata sem felld er inn í gaflinn og horfir þetta til austurs. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**X 428** Kringum reitinn er stólpagerð með grágrýtissívalningum, einum í hverju horni. Tvær pípur liggja á milli stólpanna. Umgjörðin er í ágætu ástandi og fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**X 429** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum en það er púltsteinn úr grágrýti og er hann með þekju. Í framhlið hans er plata. Steinninn var lagfærður kringum árið 2000. Hann stendur á undirsteini, snýr í austur og fer í 3. flokk.

**X 429a til X 429c** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**X 430** Ekkert gerði er í kringum reitinn. Eitt minningarmark er á leiðinu en það er heill granítpúltsteinn sem er meiri á breidd en lengd og stendur hann á steinsteyptum undirsteini. Halli steinsins er ekki mikill. Hann er úr dökkleitu graníti og fer í 4. flokk

**X 431** Reiturinn afmarkast af stólpagerði með steyptum stólpum í hverju horni og sjást leifar af grágrýtisdröngum þar undir. Tvær pípur liggja á milli hverra súlna. Lengd reitsins er í norður-suður. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur.

Fyrst er nokkuð lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Varðinn er um helmingi þykkari neðst en efst. Sökkullinn er oddhöggvinn. Fer í 3. flokk.

Þá er hvítur furukross með álplötu. Fer í 4. flokk.

Það þriðja er alveg eins og hér á undan og fer í 4. flokk.

**X 431a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**X 432** Kringum reitinn er stólpagerði og er grágrýtissívalningur í hverju horni og liggja tvær málmpípur á milli þeirra.

**X 432a til X 432b** Á þessum tveimur reitum er ekkert að finna

**X 433** Kringum reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur. Það er rauðleitur granítsteinn á oddhöggnum undirsteini. Undirsteinninn er sprunginn. Ofarlega á varðanum er krossmark, líklega úr kopar og vefst rósaband um krossinn. Letrið er ögn upphleypt, gljáandi á möttum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**X 434** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið, sem snýr í austur, er líklega innflutt marmaraverk og er á suðurhliðinni Kristsmynd og heldur hann um logandi hjarta og stafar geislum út frá því. Grafskriftin endar þannig: „*Blessun fylgi minningu þeirra*." Málað hefur verið með svörtu ofan í áletrunina en ekki heppnast vel. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**X 435** Reiturinn afmarkast af háum steyptum bakka sem er mjög fylltur af efni. Lengdin er í austur-vestur en hann hallast nokkuð til norðurs. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er úr hvítum marmara. Að framan er pappírsörk sem vinst upp neðst og efst en fyrir neðan er blómaskreyti. Efst er dúfa og hefur brotnað úr vængjum. Steinninn hvílir á sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**X 436** Kringum reitinn er stólpagerði og er einn sívalur grágrýtisstólpi í hverju horni. Tvær járnpípur hafa legið milli stólpanna en víða vantar þær. Varðveita þarf stólpana og fer gerðið í 3. flokk.

**X 437** Á reitnum er minningarmark úr hvítum marmara og hefur það gotneskt lag. Steinninn sem er um 40 cm á hæð hvílir á lágum ávölum sökkli en þar undir er allstór plata einnig úr marmara. Áletrunin er sett með koparstöfum. Verkið fer í 4. flokk.

**X 437a** Hvorki er hér að finna gerði né minningarmark en aðeins stórt tré.

**X 437b til X 437c** Ekkert gerði er kringum þessa reiti. Minningarmarkið er blágrýtisstuðull, um 50-60 cm á hæð. Letrið er sandblásið og er málað ofan í það með svörtum lit. Skipast í 4. flokk.

**X 438** Á reitnum er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Allt er þetta stokkhöggvið en steinninn hefur nýlega verið lagfærður af Þór Sigmundssyni. Varðinn er fægður að framan og skerpt hefur verið á letri auk þess sem málað hefur verið ofan í það með svörtum lit. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**X 501** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og nokkuð háum gafli og er ofan á honum steyptur planki. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er svört granítplata og hefur verið málað ofan í letrið með sérkennilegri rauðgylltri málningu. Fer í 4. flokk.

**X 502** Kringum reitinn er steyptur hár bakki sem er nánast sléttfullur af efni. Ekkert minningarmark er hér að finna og fer bakkinn í 5. flokk.

**X 503** Kringum reitinn er steyptur bakki með háum gafli og með steyptum planka ofan á honum. Allt er þetta sett bergmylsnu. Bakkinn snýr til austurs en hallar nokkuð til norðvesturs. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steypt álplata sem skrúfuð er í bakkann. Fer í 4. flokk.

**X 504** Þetta er steyptur bakki kringum einstaklingsreit og hefur bakkinn gafl. Fer í 5. flokk. Bakkinn horfir til austurs. Minningarmarkið er steypt koparplata sem fest er í bakkann og fer hún í 4. flokk.

**X 504a** Ekkert er hér að finna

**X 505** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka sem mjög er illa farinn. Hann er nánast sléttfullur af skeljasandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og líklega undirsteini og er þetta allt mjög sigið. Svo virðist sem þessi steinn hafi verið endurgerður. Framan í hann er felld grágrýtisplata með sandblásnu letri. Efst er merki *Trúar, vonar og kærleiks* en þar fyrir neðan er verk Thorvaldsens *Nótt* og virðist sá platti vera alheill. Neðst er handaband líklega úr eir og gæti komið í stað handabands úr „biscuit“. Þetta mun eina handabandið í garðinum sem er úr öðru en því efni. Þessi varði fer í 3. flokk.

**X 505a** Hér er ekkert að finna.

**X 506** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er þekjusteinn úr grágrýti, um helmingi þykkari neðst en efst við þakbrún, og hvílir hann á undirsteini úr sama efni. Letrið er í góðu ástandi og fer hann í 3. flokk.

**X 507** Reiturinn er afmarkaður af grágrýtissívalningum og er einn í hverju horni og ganga tvær pípur á milli þeirra. Stólparnir eru mjög signir í jörð og pípur flestar ónýtar. Fer í 3. flokk.

**X 508** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið, sem snýr í austur, er flatur óbeliski á sökkli. Er þetta allt nokkuð sigið og mætti hefja upp. Efst í varðanum er *Dagur* og er sprunginn í þrjá hluta. Fer í 2. flokk.

**X 509** Hár steyptur bakki með bergsalla og eru ofan á bakkanum steyptir plankar. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Annað er granítvarði eða ferhyrningur á granítsökkli. Liturinn er mjög hvítur og mjög ljósbleikur. Hliðarbrúnirnar efst eru ávalar en brúnir sökkulsins látnar halla nokkuð niður á við. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er steyptur steinn með púltsteinslagi. Inn í framhliðina er felld svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**X 509a til X 509b** Ekkert er að finna á þessum reitum.

**X 510** Bakkinn sem afmarkar reitinn er nokkuð flókinn að gerð. Hann er steyptur en gaflinn er bogadreginn og eru steyptar súlur á milli boganna. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur.

Minningarmarkið er svört granítplata með gljáandi letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**X 510a** Ekkert er á þessum reit.

**X 511** Reiturinn afmarkast af háum steyptum bakka með tveimur hliðarörmum og gafli sem er jafnhár fyrsta armi. Ramminn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum.

Minningarmarkið er mjög skemmtilegur og fallegur steinn. Þetta er allt úr grágrýti, varði á sökkli og líklega undirsteini þótt hans sjái ekki merki. Efst er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks*, en þar fyrir neðan er mjög lítill platti með verki Thorvaldsens *Nótt*. Hann er með borða allt um kring. Neðarlega á varðanum er meitlað fagurt örvaskraut en niður með framhlið varðans er meitlað eitthvert laufaskreyti, líklega vínviðarteinar. Neðst er áletrunin: „*Hjartans vina vertu sæl.*“ Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**X 512** Minningarmarkið hefur form púltsteins og virðist vera úr sandsteini. Í steininn er felld hvít marmaraplata með heilmiklu lesmáli sem ekki gafst tími til að ráða í á vettvangi. Mjög mikilvægt er þó að það sé gert sem fyrst. Steinninn fer í 2. flokk vegna efnis og áletrunar.

**X 513** Minningarmarkið á þessum reit er grágrýtiskubbur, dæmigerður fyrir sitt tímabil og eru hliðar hans og þak afsettar en skorinn að baki. Hann er slípaður að framan og krossmark og letur er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 3. flokk.

**X 514** Reiturinn er afmarkaður af steyptum ramma með hliðararmi og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er inn í gaflinn. Letrið er gljáandi á möttum bekkjum. Hún er merk vegna tákna sem hana prýða. Efst er fimm arma stjarna en fyrir neðan áletrunina er meitlað eða blásið handaband. Fer í 2. flokk vegna táknfræði.

**X 515** Kringum reitinn er steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og upp af gaflinum rís kross einnig úr steinsteypu. Bakkinn er í ágætu ástandi og fer í 4. flokk vegna krossmarksins sem jafnvel er sjálft minningarmarkið þótt engin grafskrift fylgi þessu.

**X 516** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Gaflinn vísar til austurs. Bakkinn fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark að finna.

**X 517** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði. Í hverju horni er steyptur stólpi og liggur pípa á milli. Gerðið virðist nánast ónýtt. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og vísar í austur.

Minningarmarkið er steypt og hefur form púltsteins. Það er bogadregið að ofan og sett bergsalla. Í framhliðinni er svört granítplata og er efst krossmark og pálmagrein. Fer í 4. flokk þrátt fyrir tákn pálmagreinarinnar.

**X 518** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki, nokkuð hár. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur þekjusteinn á sökkli. Efst er tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Letrið er meitlað en hefur verið hvítmálað. Steinnin fer í 3. flokk.

**X 519** Steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem er meiri á hæðina en breiddina. Snýr hún í austur og fer í 4. flokk.

**X 520** Kringum reitinn er steyptur hár bakki og eru 2x3 súlur ofan á honum. Lengdin er öll í austur-vestur. Bakkinn fer í 5. flokk.

**X 521** Ekkert er að finna á þessu grafstæði.

**X 522** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með 3x3 steyptum súlum ofan á og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og vísar í austur.

Þetta er fallegur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli. Á varðanum er þetta meitlað neðst: „*Þökk fyrir elskuríkt ævinnar starf, ástkæri faðir og mamma.*“ Minningarmarkið fer í 2. flokk vegna sérstæðrar áletrunar.

**X 523** Reiturinn afmarkast af steyptum ramma með tveimur hliðarörmum og ögn bogadregnum gafli. Ramminn fer í 5. flokk. Hér er að finna þrjú minningarmörk og snúa þau í austur. Um er að ræða ferhyrndar grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum og fara þær í 4. flokk.

**X 524** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og þremur bogum í gafli. Bakkinn fer í 5. flokk. Í fyrsta boganum hefur verið gert ráð fyrir plötu en hana er þar ekki að finna. Tvö minningarmörk eru í gaflinum á boga tvö og þrjú og vísa þau í austur. Þetta eru steyptar koparplötur sem fest er í bakkann og fara í 4. flokk.

**X 524a til X 524c** Ekkert er að finna á þessum reitum.

**X 525** Minningarmarkið er sérkennilegur steyptur hár púltsteinn en er óvenjulega mjór. Framan á honum hvílir svört granítplata og snýr þetta í austur. Fer í 4. flokk.

**X 526** Þetta er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Allur er bakkinn settur bergmylsnu. Hann fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Annars vegar svört granítplata sem felld er í gaflinn. Hún er sprungin og fer í 4. flokk.

Hins vegar er heilskorið svart granítpúlt sem liggur þar á reitnum. Fer í 4. flokk.

**X 527** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka sem settur er bergmylsnu. Ofan í hann eru festar 3x3 stuttar járnpípur og svo eru pípur soðnar ofan á þær allan hringinn. Fer í 5. flokk.

Á reitnum eru tvö minningarmörk, annað er stór og mikill ferhyrndur kassi úr grágrýti og eru efstu hliðarbrúnir hans ávalar. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 3. flokk.

Hitt stendur á bakkanum og er svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**X 527a** Hér er ekkert að finna.

**X 528** Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á sökkli og er sökkullinn mun breiðari neðst en efst. Það snýr í austur. Ofan í letrið, sem er meitlað, hefur verið farið með gulri málningu. Fer í 3. flokk.

**X 529** Kringum reitinn er steyptur bakki með bergsalla og er lengdin frá austri til vesturs. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er hvítur trékross sem vísar til austurs og er fest á hann plastplata. Fer í 4. flokk.

**X 530** Steyptur bakki með 3x3 steyptum súlum ofan á bakkanum og liggur keðja á milli súlnanna. Allur er bakkinn settur bergsalla. Hann hallar nokkuð til norðurs. Fer í 5. flokk. Á reitnum eru tvö minningarmörk og snúa þau til austurs. Annars vegar brúnrauðleitur granítferningur með dökkum kornum og stendur hann á ílöngum, heilskornum möttum undirsteini líklega úr blágrýti. Letrið er upphleypt gljáandi á bekkjum en bekkirnir eru málaðir hvítir. Neðst á minningarmarkinu stendur þetta: „*Drottinn elskar, drottinn vakir, daga og nætur yfir þér*.“ Steinninn fer í 4. flokk.

Hins vegar er minningarmark af sömu formgerð og frágangi en ögn minna. Fer einnig í 4. flokk.

**X 530a til X 530c.** Á þessum grafstæðum er ekkert að finna.

**X 531** Umhverfis reitinn er steyptur hár bakki nánast sléttfylltur. Allur er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið stendur á bakkanum vestan megin og snýr til austurs. Þetta er ílangur grágrýtiskubbur og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**X 532** Kringum reitinn er steyptur bakki og eru steyptir plankar ofan á honum. Hann er settur bergsalla. Lengdin liggur í norður-suður. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er bleikur granítkubbur með dökkum kornum sem stendur á skornum möttum undirsteini og fer í 4. flokk.

**X 533** Þetta er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og líklega á undirsteini. Tré þrengir nú orðið að minningarmarkinu. Minningarmarkið snýr í austur. Efst er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks* en neðst stendur „*Hjartans þökk fyrir samveruna*.“ Fer í 3. flokk.

**X 534** Þetta er steyptur bakki með gafli og er planki ofan á gaflinum. Lengdin er í norður-suður. Bakkinn er hvítmálaður og í ágætu ástandi og fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Það fyrsta er steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

Annað er ílöng granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

Það þriðja er steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Hún fer einnig í 4. flokk.

**X 535** Flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og snýr í austur. Varðinn hefur brotnað en verið límdur saman. Fer í 3. flokk.

**X 536** Þetta er marmaraplata með þekju sem hvílir á undirsteini með stuðningssúlu og er þetta úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

# Reitasafn Z

*REITASAFN Z*

**Z 101** Kringum reitinn er stólpagerði. Lengdin er í austur-vestur. Þetta eru 2x3 steyptir stólpar og liggja tvær pípur á milli hverra stólpa. Allt er þetta mjög sigið. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snýr annað í vestur en er austast á reitnum en hitt er vestan megin en snýr í austur.

Það eystra er granítkassi, um helmingi meiri á breidd en hæð og stendur hann á steyptum kubbi sem virðist vera úr einhverskonar granítsallasteypu. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmark er úr grágrýti. Þetta er varði með mjög hvössu þaki og eru þakhliðar, hliðar og bak afsettar. Framan á varðanum sem snýr til austurs er falleg englamynd líklega úr postulíni og virðist vera heil. Engill styður mannveru og er líklega að taka við henni að lokinni jarðvist hennar og leiðir hana um nýja stigu. Varðinn hvílir á undirsteini sem hallast niður á við að framan. Til hliðanna eru kubbar úr grágrýti fyrir blóm. Fer í 2. flokk vegna formgerðar og myndarinnar.

**Z102*** Reiturinn afmarkast af steyptum ílöngum bakka sem liggur frá austri til vesturs. Pússningin er víða fallin af og hann hallast til suðurs. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur.

Annars vegar flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt þetta úr grágrýti. Ofarlega í varðann er felld inn ljósmynd af bræðrum þeim sem hér hvíla og er hún varinn með glerungi. Neðar er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Þetta er eitt fárra minningarmarka í garðinum sem ber ljósmynd. Fer því í 2. flokk.

Hins vegar er er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini allt úr grágrýti. Fer í 3. flokk.

**Z 102a** Hér er ekkert að finna.

**Z 103** Hér er mikill steyptur bakki, hvítmálaður, og ofan á honum eru er 2x3 steyptar súlur og liggja á milli þeirra tvær járnpípur en þeirra sér nú bara merki að vestanverðu. Bakkinn liggur í norður-suður og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er dökkur bogasteinn á sökkli og undirsteini líklega úr sama efni og er að öllum líkindum frá Schannong. Á framhliðina er meitlað laufaskreyti sem hríslast niður eftir varðanum og gæti átt að vera bergflétta. Steinninn fer í 3. flokk.

**Z 104** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði með grágrýtissívalningum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Einn stólpinn er brotinn en annars hefði ástand gerðisins verið gott. Gerðið fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur. Það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allt úr grágrýti. Neðst hefur verið lítið handaband en er nú brotið af. Fer í 3. flokk.

**Z 104a** Ekkert er að finna á þessu grafstæði.

**Z 105** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka í ágætisástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og snýr það í austur. Það er steyptur hnallur með tveimur þykkum súlum. Þar á er fest stór steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

**Z 106** Hér er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og líklega undirsteini þótt hans sjái nú ekki merki. Ofarlega í varðanum er felldur inn platti með *Nótt* Thorvaldsens og er hann með stærri plöttum. Hann er alheill. Fer í 2. flokk.

**Z 107** Þessi steinn hefur púltsteinsform en nokkuð örðugt er að lýsa honum. Neðst eru líklega bergfléttuteinar meitlaðir í steininn, en framan á honum er eins og undin pappírsörk. Framan á steininum hefur verið, eða gert ráð fyrir plötu en engin slík er þar í dag. Fer í 4. flokk.

**Z 108** Þetta er steyptur bakki með gafli og er allt sett bergmylsnu. Ofan á gaflinum er steyptur planki. Lengdin er í austur-vestur. Minningarmarkið er steypt koparplata sem fest er í gaflinn. Snýr í austur og fer í 4. flokk.

**Z 109** Reiturinn er afmarkaður af steyptum ramma. Hann liggur í austur-vestur en hallar nokkuð til suðurs. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Varðinn er slípaður að framan en letrið og krossmarkið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**Z 110** Hér er steyptur rammi sem liggur frá norðri til suðurs. Hann er víða sprunginn og kvarnað úr honum. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna.

Annað er heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi, á að giska 50x50 cm. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Hitt er flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini. Hefja þyrfti minningarmarkið upp um jafnvel hálfan metra því það er mjög sigið í jörð. Ofarlega í varðanum er hringlaga platti. Þetta er englamyndin með útstæðu vængjunum. Hér ber svo við að plattinn er allur í heilu lagi. Þótt hann sé sprunginn haldast allir hlutar hans saman. Mun þetta vera eini heili plattinn í garðinum þótt sprunginn sé. Neðarlega á varðanum er handaband, minni gerðin, en það er brotið. Ljósmynda þarf steininn og plattann sem fyrst. Fer í 1. flokk.

**Z 111** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka sem settur er bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr rauðbrúnu graníti. Það er bogadregið að ofan og stendur á heilskornum undirsteini líklega úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**Z 112** Þetta er bogasteinn úr grágrýti á sökkli sem snýr í austur. Þyrfti að hefja allt verkið upp. Efst í varðanum er *Dagur* Thorvaldsens og er plattinn alveg heill. Fer í 2. flokk.

**Z 113** Reiturinn er afmarkaður af steyptum ramma sem er í slæmu ástandi og allur að molna. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski fremur en þekjusteinn úr dökku graníti á sökkli úr sama efni. Steinninn er líklega frá Schannong. Fer í 3. flokk.

**Z 114** Steyptur bakki nokkuð hár og mikill sem er nánast sléttfullur af jarðvegi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í vestur.

Minningarmarkið er stór og mikill bogasteinn úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Jaðrar bogans að framanverðu eru meitlaðir þannig að þar sýnist sem geislum stafi út frá steininum ofanverðum. Þegar þetta verk er skoðað betur er líka mögulegt að þetta eigi að tákna norðurljós. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**Z 115** Hér er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór granítkubbur úr rauðleitu graníti með dökkum kornum, mjög algeng gerð graníts í garðinum. Hann er bogadreginn að ofan og hefur um 10 cm axlir. Framhliðin er gljáslípuð en gljáinn svo meitlaður af svo eftir verður um 5 cm

gróp með fram öllum jöðrum. Áletrunin er svo meitluð í gljáann svo hún stendur eftir mött. Efst í boganum er svo blómaskál úr kopar eða messing. Fer í 4. flokk.

**Z 116** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka sem settur er bergmylsnu. Hann er allur mosavaxinn og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**Z 117** Steyptur bakki með hliðararmi sem er bogadreginn fremst. Bakkinn er með gafli sem einnig er bogadreginn á endunum en efst á honum er steyptur planki. Allur er hann settur bergsalla. Á gaflinum eru fimm minningarmörk sem snúa í vestur. Reiturinn liggur mjög til norðurs-suðurs og fer í 5. flokk.

Fyrsta minningarmarkið er furukross með áfastri álplötu. Fer í 4. flokk.

Hin fjögur minningarmörkin eru hvítar marmaraplötur, bogadregnar að ofan og eru koparstafir límdir á þær en efst krossmark úr sama efni með laufaskreyti. Fara í 4. flokk.

**Z 118** Þetta er stólpagerði með grágrýtissívalningum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli stólpanna. Lengd gerðisins er í austur-vestur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur bogasteinn úr dökku graníti og stendur á sökkli úr sama efni. Hann horfir til austurs. Vafalítið er steinninn frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 3. flokk.

**Z 119** Steyptur bakki settur bergsalla afmarkar reitinn. Lengdin er meiri í austur-vestur og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr það í austur.

Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski úr dökku graníti á sökkli og undirsteini og líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn. Hallar nokkuð til norðurs. Fer í 3. flokk.

**Z 120** Þetta er steyptur bakki með þremur hliðarörmum. Gaflinn er jafnhár fyrsta armi. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer í 5. flokk.

**Z 121** Steyptur bakki með steyptum súlum ofan á bakkanum, ein í hverju horni. Tvær langar pípur ganga á milli súlnanna. Lengd bakkans er ögn meiri í norður-suður. Ástand bakkans er slæmt og er hann víða brotinn og kvarnað upp úr honum. Fer í 5. flokk.

**Z 122** Steyptur bakki sem liggur í austur-vestur. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og snýr það í austur.

Minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn sem látinn er hallast um 10° miðað við lóðrétta línu. Á bakkanum hvílir hvít marmaraplata. Fer í 3. flokk.

**Z 123** Kringum reitinn er steyptur bakki með steyptum súlum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli súlnanna. Lengdin er í austur-vestur. Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur.

Annað er grágrýtiskubbur eða varði og er hæðin u.þ.b. þrisvar sinnum breiddin. Efst er meitlaður lampi en letrið er upphleypt á bekkjum. Neðarlega er meitlað: „*Gott mannorð deyr ekki*.“ Neðst er svo meitlað handaband. Steinninn fer í 2. flokk vegna táknfræði.

Hitt er þekjusteinn úr grágrýti og stendur hann á sökkli úr sama efni. Fer í 3. flokk.

**Z123a** Ekkert er að finna á þessum reit.

**Z 124** Reitinn afmarkar steyptur bakki í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Annað er hvítur marmarasteinn á sökkli úr sama efni og stendur á bakkanum vestanverðum. Neðst á steininum er meitlað handaband og fer hann í 2. flokk vegna táknfræði.

Hitt er marmarasteinn sem erfitt er að lýsa. Í honum skiptast á bogar og snigilkrappar. Fer í 4. flokk.

**Z 125** Steyptur bakki og eru ofan á honum 3x3 steyptar súlur og liggur keðja á milli súlnanna. Fer í 5. flokk. Bakkinn hallar nokkuð til suðurs.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er grágrýtisbogasteinn, með snöggum öxlum, á sökkli, millisökkli og á steyptum undirsteini. Skeyti varðans er algengt í garðinum en varðinn en mun hærri en vanalega auk þess að vera á tvöföldum sökkli. Efst er hálfhringur og þar á eru upphleyptar pálmagreinar og krossmark. Steinninn fer í 3. flokk.

**Z 125a** Reiturinn er afmarkaður af hlöðnum gangstéttarhellum og þetta er nú allt að hrynja. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem hallast upp að stuðningssúlu á undirsteini og er þetta allt úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

**Z 126** Hár steyptur bakki, nánast sléttfullur af jarðvegi. Ástand hans er ágætt og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er fjörugrjóthnullungur og er letrið meitlað í hann. Lítið sést í það enda er steinninn mjög mosavaxinn. Fer í 3. flokk.

**Z 127** Steyptur bakki með súlum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli súlnanna. Ástand hans er gott og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr hvítu efni sem aldeilis óvíst er hvað er. Þetta er ferhyrndur drangur og eru brúnir hans rúnnaðar efst. Til hliða hans eru ávalar súlur. Varðinn stendur á steyptum undirsteini sem settur er bergsalla. Fer í 4. flokk.

**Z 128** Kringum reitinn er steyptur bakki sem hallast nokkuð til suðurs. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtiskubbur á sökkli úr sama efni. Hliðarbrúnir varðans efst eru rúnnaðar. Letrið er upphleypt á bekkjum. Minningarmarkið snýr í austur og fer í 3. flokk.

**Z 201** Reitur þessi afmarkast af liggjandi grágrýtisdröngum og eru ofan á þeim fallegar grágrýtissúlur og liggur pípa á milli þeirra. Undistaðan undir gerðinu er steypt. Pípurnar eru flestar í lagi en þó er ein bogin að vestanverðu. Gerðið má gjarnan fara í 3. flokk en það hallast nokkuð í suður. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum og snúa þau í vestur.

Annað er flatur óbeliski á sökkli. Erfitt er að gera sér grein fyrir efninu, en þetta virðist vera steinsteypt en eins og fínkornóttur bergsalli sé utan á steininum. Verkið er gráleitt á lit. Fer í 3. flokk.

Hitt er bogasteinn úr rauðbleiku graníti með svörtum kornum í og er þetta með algengustu graníttegundum í garðinum. Varðinn er slípaður að framan en annars er hann nokkuð óreglulega meitlaður. Hann stendur á sökkli úr sama efni sem er mjög óreglulega höggvinn. Steinninn, sem er frá 1909, er líklega frá Schannong. Fer í 4. flokk.

**Z 202** Kringum þennan barnsreit er lítill steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**Z 203** Þetta er tiltölulega lágur grágrýtisbogasteinn á óreglulega meitluðum sökkli sem er mjög mosavaxinn. Varðinn er um 40 cm á hæð. Hann er stokkhöggvinn á hliðum en hliðarnar eru þó meitlaðar þannig að látið er líta svo út sem framhliðin sé plata sem hallast upp að steininum. Steinninn fer í 3. flokk.

**Z 204** Steyptur bakki með gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Til hliða við hann eru steypt blómaker. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og snýr í vestur. Þetta er ílöng svört granítplata með gylltu letri og fer hún í 4. flokk.

**Z 204a** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Hér er að finna nýtt minningarmark. Þetta er granítsteinn sem stendur á tveimur stöplum og það svo allt á granítplötu. Fer í 4. flokk.

**Z 205** Þetta er steyptur bakki með löngum hliðararmi og helmingi hærri gafli. Allt er þetta sett bergmylsnu. Tvö minningarmörk eru hér á reit en yfir sama einstakling. Bakkinn fer í 5. flokk. Fyrra minningarmarkið er steypt koparplata sem fest er á bakkann og fer hún í 4. flokk. Hitt er heill svartur granítsteinn sem verður að teljast hafa púltsteinsform þó hann sé mjög flatur á að líta. Fer í 4. flokk.

**Z 205a** Á þessum reit er ekkert að finna.

**Z 206** Ekkert gerði er á þessum reit. Minningarmarkið snýr í vestur. Þetta er grágrýtisplata sem hallast upp að steyptum stuðningssteini. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**Z 207** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Hér er samskonar minningarmark og á reit **Z 206**, snýr einnig í vestur og fer í 4. flokk.

**Z 208** Steyptur bakki með 3x3 steyptum súlum ofan á og liggur keðja á milli súlnanna. Bakkinn er í sæmilegu ástandi. Pússningin er víða tekin að losna. Bakkinn hefur eitt sinn verið málaður hvítur en það er allt tekið mjög að flagna. Hann fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í vestur.

Annað er voldugur bogasteinn úr grágrýti og stendur á grágrýtissökkli. Nokkra slíka steina er að finna í garðinum. Á jöðrum bogans eru meitlaðir geislar en gætu líka táknað norðurljós. Letrið er upphleypt á bekkjum. Neðarlega á varðanum stendur: „*Ég lifi, þér munuð lifa.*“ Minningarmarkið fer í 3. flokk.

Hitt minningarmarkið er fyrir framan það sem er hér á undan. Þetta er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**Z 209** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Tvö minningarmörk eru hér og snúa í vestur.

Annað er lítill bogasteinn úr svörtu graníti og stendur hann á sökkli og undirsteini og eru þeir líklega einnig úr sama efni. Varðinn er gljáslípaður að framan og efst er meitlað handaband. Minningarmarkið er líklega frá Schannong. Fer í 3. flokk. Hitt er svört granítplata, meiri á hæð en breidd, og hallast hún upp að sökklinum. Fer í 4. flokk.

**Z 210** Steyptur bakki með gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergsalla. Bakkinn hallast nokkuð til norðurs og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt koparplata sem fest er í gaflinn að norðanverðu. Fer í 4. flokk.

**Z 211** Steyptur bakki sem liggur í austur-vestur. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum sem snýr í austur. Það er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er nokkuð brattur, hallast um 10° miðað við lóðrétta línu. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**Z 212** Stólpagerði afmarkar þennan reit. Í hverju horni eru fallegar grágrýtissúlur með pýramídaþaki. Brúnir súlnanna eru rúnnaðar ögn inn. Þrjár pípur liggja á milli hverra súlna. Þær eru allar til staðar að norðan- og sunnanverðu en að austanverðu eru þær allar horfnar. Á vesturhliðinni vantar tvær súlur. Gerðið fer í 2. flokk og þyrfti að varðveita sem dæmi.

Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur. Það er fallegur, nokkuð breiður flatur óbeliski. Hann stendur á óvenjulega stórum sökkli og er þetta allt úr grágrýti. Minningarmarkið hallar til norðausturs. Efst er lágmyndin *Dagur* og er ögn kvarnað úr brúnum hans sunnan megin. Það er þó ekki til neinna stórskaða enda er hann ósprunginn og fastur fyrir. Þetta er stærri gerðin af verkinu. Neðst er meitlað: „*Mannorð ykkar lifir*.“ Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**Z 213** Mjög lítill flatur óbeliski á sökkli og á undirsteini úr grágrýti. Jaðrar við að vera þekjusteinn en flokkast samt sem flatur óbeliski. Skorið er í hliðarnar þannig að látið er líta svo út sem framhliðin sé plata. Annars er varðinn stokkhöggvinn á hliðum. Fer í 3. flokk.

**Z 214** Þetta minningarmark er eins og það hér að framan nema hliðarnar eru ekki skornar. Fer í 3. flokk.

**Z 215** Steyptur mikill og hár bakki sem er nánast fullur af jarðvegi. Lengdin er í norður-suður. Ofan á bakkanum eru 3x4 súlur. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Annað er svört granítplata sem látin er halla upp að súlu líklega úr sama efni. Fer í 4. flokk.

Hitt er lágur bogasteinn, gljáslípaður að framan, á sökkli úr dökkleitu graníti, að öllum líkindum frá Schannong. Fer í 3. flokk.

**Z 215a** Hér er ekkert að finna.

**Z 216** Kringum reitinn er járnsteypt grindverk, hið eina sinnar tegundar í garðinum. Það er úr lagi gengið en hlutar þess virðast allir vera óbrotnir. Fer í 1. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur.

Annað er hvít marmaraplata sem hvílir upp að steini, líklega úr blágrýti, sem er skorinn þannig að fyrir miðju er stuðningssúla. Fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er mikið marmaraverk. Það er höggvið þannig að látið er líta svo út sem það sé hlaðið úr mörgum marmarasteinum en er þó allt í heilu lagi. Upp af „vörðunni“ rís krossmark og halla krossarmarnir frá suðri til norðurs. Eftir krossinum hríslast rósaviður. Á steininum miðjum er meitluð upprúlluð pappírsörk með meitlaðri

áletrun. Vinstra megin við hana er nokkuð stór engill sem heldur utan um örkina og horfir á hana. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**Z 217** Hér er stólpagerði með 2x3 steinsteyptum súlum og liggja þrjár pípur á milli hverra þeirra. Lengdin er í norður-suður. Gerðið fer í 3. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Undir þeim báðum er heill steyptur undirsteinn.

Annað er sérkennilegur granítsteinn, allnokkru breiðari efst en neðst. Hann stendur á sökkli úr sama efni. Efst í varðann er meitlaður sólkross og heiðurssveigur kringum hann. Áletrunarflöturinn er meitlaður niður í varðann og áletrunin meitluð þar á. Neðarlega er þetta: „*Gott mannorð deyr aldrei.*“ Fer í 2. flokk vegna táknanna.

Hitt minningarmarkið er líklega frá Schannong. Það er flatur óbeliski en þó með pýramídaþaki. Varðinn stendur á mjög háum sökkli og mjög háum undirsteini. Efst í varðanum er eirmynd af Ragnari Þorsteinssyni verslunarmanni. Hún er ómerkt. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**Z 218** Þetta er stólpagerði með fallegum grágrýtisstólpum. Þeir hafa pýramídaþak og eru hliðarbrúnir þeirra rúnnaðar inn. Þrjár pípur liggja á milli súlnanna. Sú neðsta að sunnanverðu er bogin en tvær efstu að austanverðu eru horfnar. Lengdin er öll í austur-vestur. Fer í 3. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur.

Það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini allt úr grágrýti. Hann hallast mjög og er nauðsynlegt að rétta hann við sem fyrst. Efst er lágmyndin *Dagur*, alveg heil. Þar fyrir neðan er áletrunin upphleypt á sandblásnum grunni. Neðst er stærri gerðin af minni gerðinni af handabandi. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**Z 219** Steyptur bakki með háum gafli. Hann er mjög mosvaxinn en í góðu ástandi. fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og snýr í austur. Á gaflinum er svört granítplata sem fer í 4. flokk.

**Z 220** Reiturinn er afmarkaður af allháum steyptum bakka og eru ofan á honum í hverju horni um 40 cm háar grágrýtissúlur sem eru stokkhöggnar. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt þetta úr grágrýti. Ástand steinsins en ágætt en gjarnan mætti hreinsa hann. Fer í 3. flokk.

**Z 221** Umhverfis reitinn er steyptur rammi í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

**Z 221a** Á þessum reit er ekkert að finna.

**Z 222** Steyptur bakki með gafli og er ofan á gaflinum steyptur planki. Bakkinn er settur bergsalla, en hann er allur mjög sprunginn og nánast að hruni kominn. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt álplata, nokkuð há og mjög ílöng, sem skrúfuð er í bakkann. Fer í 4. flokk.

**Z 223** Kringum reitinn er steyptur bakki sem nú er mjög sprunginn. Lengdin er meiri í norður-suður. Ofan á bakkanum hefur verið smíðajárnsgrindverk sem nú er horfið. Bakkinn fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Það fyrsta er bogasteinn úr svörtu graníti á sökkli. Varðinn er gljáslípaður að framan og letrið meitlað þar í. Þetta er með minnstu, ef ekki sá minnsti, bogasteina í

garðinum. Hann er að öllum líkindum frá Schannong í Kaupmannahöfn. Varðinn er laus á sökklinum. Fer í 3. flokk.

Annað er einnig bogasteinn úr sama efni og sá hér á undan nema hann er nokkru stærri en hann. Fer í 3. flokk.

Síðasta minningarmarkið er stærsti bogasteinninn af þeim þremur sem eru á reitnum. Hann hefur alveg sömu formgerð og hinir tveir og er úr sama efni. Steinninn er merktur Schannong í Kaupmannahöfn. Þessi steinn fer í 3. flokk.

**Z 224** Steyptur rammi umlykur reitinn. Lengdin liggur í norður-suður. Hann er mjög mosavaxinn en í góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er mikill flatur óbeliski, þó með pýramídaþaki, á stórum sökkli og fallegum undirsteini. Minningarmarkið er úr mjög dökku graníti og eru allir hlutar þess gljáslípaðir. Letrið er meitlað í gljáann á varðanum. Mikla táknfræði er að finna framan á sökklinum. Þarna er sorgarker sem sveipað er líni. Þar fyrir neðan er laufagrein að því er virðist lárviðargrein. Upp að kerinu hallast kyndill eða öfugt blys sem þannig hefur verið slökkt á. Steinninn er nánast örugglega frá Schannong, því ummerki eru um plötu sem skrúfuð hefur verið á hliðar sökkulsins. Allt er minningarmarkið mjög merkilegt og fer í 1. flokk.

**Z 225** Kringum reitinn eru steyptir drangar sem í fyrstu líta út fyrir að vera höggnir grágrýtisdrangar en eru ekki. Ofan á þeim hefur eitt sinn verið smíðajárnsgerði en það er nú horfið. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisvarði sem hefur bratta þekju fyrir miðju og útstæðrar axlir til hliðanna. Hann snýr í austur. Varðinn er nokkuð breiðari efst en neðst og er að finna nokkra steina þessarar gerðar í garðinum. Sökkullinn hefur bekki efst og neðst en fyrir miðju er heiðurssveigur. Allt þetta hvílir á undirsteini. Á varðanum er merkileg táknmynd. Efst er dreginn hálfbogi og er þar á sól og stafar miklum geislum út frá henni. Í miðri sólinni er fimm arma stjarna og eru öll strik hennar heil og skerast því. Fyrir miðju er punktur. Tákn *Trúar, vonar og kærleiks* er svo meitlað á þar fyrir neðan og er baðað geislum sólarinnar. Steinninn er fyrir margt merkur og fer í 1. flokk.

**Z 226** Kringum þennan barnsreit er steyptur lítill bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið snýr í austur. Það er heill grágrýtisteinn, meiri á hæð en breidd og fer í 3. flokk.

**Z 227** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem liggur í norður-suður. Hann er í sæmilegu ástandi og pússningin þó víða flögnuð. Fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Það fyrsta er hvít marmaraplata sem látin er styðjast upp að grágrýtiskubbi, að því er virðist, með stuðningssúlu. Fer í 4. flokk.

Annað er stór og mikill grágrýtisvarði, um 2,5 sinnum meiri á hæð en breidd og hvílir á grágrýtiskubbi. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

Hið þriðja er hvítur marmarakubbur, ögn meiri á hæð en breidd, og er á honum útstæður kross og kvartsól í hverju horni krosskrikanna. Þetta hvílir á þunnri plötu úr grágrýti. Þá virðist vera felld inn marmaraplata með áletrun en allt þetta hvílir svo á undirplötu úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er heill hvítur marmarapúltsteinn sem er um helmingi meiri á breidd en hæð eða lengd og fer hann í 4. flokk.

**Z 228** Þetta er steyptur bakki með 3x4 grágrýtissúlum ofan á honum og liggjur keðja á milli súlnanna, ofan á þeim. Lengdin er í norður-suður. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur.

Stærsta minningarmarkið hér á reitnum er há og mikil blágrýtissúla yfir Björn Jónsson ráðherra. Letrið er úr kopar og fest á súluna. Letrið virðist vera sérsmíðað. Fer í 2. flokk þar sem þetta mun vera eitt hið fyrsta ef ekki fyrsta minningarmark þessarar tegundar í garðinum.

Annað minningarmarkið er dökkleit granítplata sem er öll brotin. Fer í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er fyrir framan fyrsta minningarmarkið. Þetta er granítplata úr sérkennilegu graníti. Á henni eru koparstafir sem margir hverjir eru fallnir af. Fer í 4. flokk.

**Z 229** Kringum reitinn eru hlaðnir grágrýtisdrangar sem mjög eru teknir að síga í jörðu. Ofan á þeim hefur verið smíðajárnsgerði en það er nú horfið. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hár grágrýtisvarði, sléttur á öllum hliðum, og hæðin um 4 sinnum meiri en breiddin. Hann stendur á sökkli úr sama efni og undirsteini. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**Z 301** Hér er þekjusteinn úr grágrýti, um þrisvar sinnum þykkari neðst en efst, og hvílir á stórum sökkli. Hann er mjög mosavaxinn og letrið óskýrt og þyrfti að hreinsa þetta allt. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk.

**Z 302** Kringum reitinn er gerði úr tré og lítur út eins og rimlarúm. Ástand þess er gott og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski frá Schannong úr dökku graníti á sökkli og undirsteini. Í sökkulinn er meitlaður hálfhringur líklega kertisstæði. Efst er meitluð í varðann dúfa með lauf í goggi. Neðst er meitlað: *„Drottinn er minn hirðir.“* Snýr í austur og fer í 3. flokk.

**Z 303** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi en hallar mjög til norðurs. Ekkert minningarmark er hér að finna. Bakkinn fer í 5. flokk.

**Z 304** Hér er ekkert að finna.

**Z 305** Steyptur bakki með steyptum súlum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Bakkinn er í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á þessum reit.

**Z 306** Reiturinn er afmarkaður af hlöðnum grágrýtisdröngum sem nú eru mjög teknir að síga í jörð. Þeir hafa verið undirstöður undir að því er virðist smíðajárnsgrindverki sem nú er horfið. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur. Gerðið fer í 3. flokk.

Annað minningarmarkið er hár og mikill granítvarði. Ofarlega í hann er felld rismynd af Steingrími Thorsteinson eftir Ríkarð Jónsson. Fer í 1. flokk.

Fyrir framan minningarmarkið hér að framan er heilskorinn svartur granítsteinn og fer hann í 4. flokk.

**Z 307** Umhverfis reitinn eru steyptir drangar sem eru víraðir saman. Bakkinn er að því er að sjá ónýtur og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Fyrra minningarmarkið er nokkuð hár og mikill púltsteinn sem hallast vart meir en 5° miðað við lóðrétta línu. Í púltinu er hvít marmaraplata. Steinninn er merkilegur vegna formgerðar sinnar. Fer í 2. flokk.

Seinna minningarmarkið er að öllu leyti eins og fer einnig í 2. flokk.

**Z 308** Kringum reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa þau í austur.

Það fyrra er allhár ferhyrndur varði og er um fjórum sinnum meiri á hæð en breidd. Hann er úr rauð-brúnleitu graníti. Hliðarnar eru fremur óreglulegar. Áletrunin er sett með koparstöfum. Hann stendur á sökkli sem er heilskorinn mattur kubbur úr sama efni. Fer í 4. flokk.

Það seinna er heilskorinn granítsteinn með púltsteinsformi sem virðist standa á undirsteini úr grágrýti. Áletrunin er einnig sett með koparletri. Fer í 4. flokk.

**Z 309** Kringum reitinn er steyptur sléttfylltur bakki og er smíðajárnsgrindverk ofan á honum. Grindverkið er á heildina litið í góðu ástandi þótt það sé farið að trosna á nokkrum stöðum. Fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er granítkross, líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn. Út frá krossinum stafar geislum en krossfóturinn hefur form skipsstafns. Minningarmarkið snýr í austur. Fer í 3. flokk.

**Z 310** Kringum reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Á reitnum er mikill grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini og snýr hann í austur. Varðinn hefur bratta þekju í miðju en til hliðar við hana eru breiðar útstæðar axlir. Varðinn dregst ögn inn fyrir neðan axlirnar en breikkar aftur þar sem hann mætir sökkli. Sökkullinn hefur tvo bekki efst og neðst en þeir eru óskreyttir. Fyrir miðju er meitlaður heiðurssveigur. Efst í varðanum er svo *Nótt* Thorvaldsens og er nánast óskemmd en ögn er kvarnað úr brúninni á einum stað. Steinninn fer í 1. flokk.

**Z 311** Kringum reitinn er hár steyptur bakki sléttfylltur af jarðvegi. Ofan á bakkanum er smíðajárnsgerði sem þarfnast lagfæringar. Fer í 1. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur.

Það fyrsta er stór og mikill blágrýtisstuðull og er letrið sandblásið í varðann. Fer í 4. flokk.

Annað minningarmarkið er samsett úr tveimur spýtum og er krossviðarplata fest við þær. Á krossviðarplötuna er skrúfuð álplata. Fer í 4. flokk.

Það þriðja er heilskorinn granítsteinn úr dökkkornóttu rauðleitu graníti. Letrið er úr kopar. Fer í 4. flokk.

**Z 312** Reitinn afmarkar steyptur bakki. Hann er mjög þykkur og er settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa í austur.

Fyrra minningarmarkið er úr fallegu graníti, brúnleitu en með silfraðri áferð. Súlur úr sama efni eru til hliðar við varðann, fast upp að honum og stendur þetta á sökkli úr sama efni. Efst er meitlaður í varðann að því er sýnist einhvers konar rósasveigur. Fer í 4. flokk.

Seinna minningarmarkið er einnig granítvarði með hliðarsúlum og stendur á sökkli sem líklega er úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**Z 313** Reiturinn afmarkast af grágrýtisstólpum og er einn í hverju horni. Stólparnir hafa pýramídaþekju og eru lóðréttu brúnir hans létt rúnnaðar. Tvær pípur hafa gengið

á milli hverra stólpa en þær eru allar horfnar. Stólparnir eru víða skakkir. Gerðið fer í 3. flokk.

Minningarmarkið, sem snýr í austur, er heill skorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**Z 314** Kringum reitinn er steyptur bakki í ágætisástandi. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Fyrra minningarmarkið er bogasteinn úr hvít-gulleitu graníti. Inn í höfuðbogan dregst annar nokkuð brattur bogi. Steinninn er frá Schannong í Kaupmannahöfn en nafnaplata þeirra er ekki úr kopar eins og vanalegast er heldur úr járni og er farin að ryðga. Framan á varðanum er eirmynd. Það er engill sem krýpur við gröf og eru stjörnur þar um kring. Neðst á eirplötunni stendur *„pax“* eða friður. Þetta stendur allt á sökkli sem hefur hallandi brúnir. Fer í 2. flokk.

Fyrir framan minningarmarkið sem fjallað var um hér að framan er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er hvít marmaraplata, sem er um helmingi minni en framhlið steinsins felld inn í hana. Steinninn fer í 3. flokk.

**Z 315** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og snýr í austur. Það er flatur óbeliski með pýramídaþekju á sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr svörtu graníti og gljáslípað. Steinninn er líklega frá Schannongsteinsmiðjunni. Steinninn fer í 3. flokk.

**Z 316** Kringum þennan reit er mikið steinsteypt gerði. Neðst eru grágrýtisdrangar en ofan á þeim eru steyptar hliðar og hlið að austanverðu. Fer í 3. flokk. Minningarmörkin tvö á reitnum snúa í austur.

Það fyrra er flatur óbeliski á sökkli og geysimiklum undirsteini. Sökkullinn og varðinn eru gljáslípaðir að framan. Á sökklinum hefur verið minni gerðin af handabandi en það er nú horfið. Efst á varðanum er meitlað krossmark en laufaskrúð hríslast eftir krossinum. Steinninn er líklega frá Schannong og fer í 3. flokk.

Hitt er fyrir framan steininn hér á undan og er heill grágrýtissteinn með púltsteinslagi. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 3. flokk.

**Z 317** Steyptur bakki sem settur er bergsalla. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og líklega undirsteini. Hann snýr í austur. Sökkullinn er mjög siginn í jörð. Letrið er upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 3. flokk.

**Z 318** Steyptur bakki sem nýlega hefur verið gerður upp. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr grágrýtissteini. Þetta er lítill þekjusteinn og hefur framhlið hans verið slípuð ekki alls fyrir löngu. Hann er meitlaður þannig að skorið er eftir hliðum hans til að láta svo líta út sem plata hvíli á honum fremst. Ofarlega í varðanum er *Dagur* Thorvaldsens, lítill platti með borða. Letrið er meitlað og hefur verið málað með svörtu ofan í það. Neðarlega er lítið handaband og er það alveg heilt. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**Z 319** Kringum reitinn eru liggjandi grágrýtisdrangar á steyptum grunni. Ofan á þessu eru 3x3 granítsúlur og liggur falleg koparkeðja með ferhyrndum hlekkjum á milli þeirra. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er heill steinn sem er eins og náttúrulega slípaður fjörusteinn en svo er skorið framan af honum og sú hlið slípuð. Þetta mun vera blágrænleitt granít með svörtum kornum í fremur en gabbró. Fer í 3. flokk vegna efnis.

**Z 320** Umhverfis reitinn liggja steyptir drangar. Þetta er allt ónýtt og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**Z 321** Kringum reitinn er steyptur bakki með 2x3 súlum og liggur keðja á milli. Fer í 3. flokk. Ástand gerðisins er gott og myndar reiturinn og minningarmarkið skemmtilega heild.

Minningarmarkið er bogasteinn úr dökku graníti og á sökkli. Framhlið varðans er slípuð og efst er meitluð dúfa með laufblað í goggi. Á sökklinum er meitlaður hálfmáni fyrir kerti. Fer í 3. flokk.

**Z 322** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski á sökkli úr dökku graníti. Framhlið varðans er slípuð og efst er dúfa með lauf í goggi. Í sökkulinn er meitlaður kassi fyrir kerti. Fer í 3. flokk.

**Z 323** Kringum reitinn er steyptur bakki sem nú er allur slitinn í sundur. Ofan á honum hefur verið gerði sem nú er horfið. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti og á sökkli úr sama efni. Varðinn hefur nokkuð sérkennilegt lag. Hann mjókkar nokkuð þar sem höfuðboganum sleppir en þykknar svo aftur við sökkul. Framan á varðanum er marmaraplata sem fylgir lagi steinins en efst hefur verið englamynd sem nú er brotin. Steinninn fer í 2. flokk.

**Z 324** Kringum reitinn er fallegt gerði með grágrýtiskubbum. Þyrfti að raða þeim öllum upp á nýtt enda gerðið skemmtilegt. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er merkilegur granítsteinn sem unninn mun vera í steinsmiðju Schannongs í Kaupmannahöfn. Hann hefur form trés og víða hríslast rætur neðst á steininum. Ofarlega er rismynd úr eir af hinum látna. Þar sem áletrunin var meitluð í varðann hefur nú verið sett plata úr eir með áletruninni. Hefði verið betra að skerpa á áletruninni sjálfri. Steinninn fer í 1. flokk vegna táknmerkinganna.

**Z 325** Hér er grafhýsið, kennt við Sturlubræður. Þetta er vafalaust stærsta grafhýsi í kirkjugarði hérlendis. Grafhýsi hér á landi eru mjög fá. Grafhýsi Sturlubræðra er í mjög slæmu ástandi og steypuskemmdir miklar þó það sé alls ekki að hruni komið. Það er þó garðinum til sóma er glöggt dæmi um tísku vaxandi bogarastéttar um aldamótin 1900 hér á landi. Fer í 2. flokk.

**Z 326** Kringum reitinn er steyptur bakki sem hallar nokkuð til suðvesturs. Fer í 5. flokk.

Fyrra minningarmarkið er blágrýtistuðull settur yfir Jón Ólafsson og snýr í austur. Ofarlega á dranganum er rismynd af Jóni úr eir, merkt Ríkarði Jónssyni 19.7.1913. Fer í 1. flokk.

Seinna minningarmarkið er grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Á bakkanum er dökk granítplata sem er mun hærri og breiðari en steinninn sjálfur og hlýtur að hafa verið önnur plata þar áður. Fer í 4. flokk.

**Z 327** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heill skorinn svartur granítsteinn með púltsteinsformi. Fer í 4. flokk.

**Z 328** Kringum þennan einstaklingsreit er stólpagerði. Í hverju horni er grágrýtis-sívalningur og liggja tvær pípur á milli hverra þeirra. Fer í 3. flokk og mætti reyna að halda þessum heildarsvip gerðis og minningarmarks.

Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og líklega á undisteini þótt hans sjái ekki merki. Minningarmarkið snýr í austur en hallar nokkuð til vesturs. Fer í 3. flokk.

**Z 329** Steyptur bakki með 3x3 steyptum súlum ofan á honum. Milli þeirra liggja tvær pípur. Ástand hans er gott enda virðist hann vera nýuppgerður og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkð er flatur óbeliski á sökkli og á undirsteini úr dökku graníti. Meitluð er hálfskál á sökkulinn líklega fyrir kerti. Steinninn snýr í austur og fer í 3. flokk.

**Z 330** Kringum þennan einstaklingsreit eru hlaðnir þykkir grágrýtisdrangar. Fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt úr grágrýti. Varðinn snýr til austurs en þetta hallar allt nokkuð til norðurs. Ofarlega í varðanum er líklega verk Thorvaldsens *Jesús blessar börnin* og er borði meðfram jöðrum. Neðst er heilt handaband. Fer í 1. flokk.

**Z 331** Kringum reitinn, sem er mjög ílangur frá norðri til suðurs, er steyptur bakki og síðan steypt yfir allan reitinn. Ofan á eru 2x4 steyptar súlur og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Fer í 5. flokk. Sex minningarmörk eru á reitnum öll eins og snúa í austur. Um er að ræða háa grágrýtissteina með púltsteinformi. Fara í 3. flokk. Allir eru þessir steinar mjög mosavaxnir og þyrfti að hreinsa þá.

**Z 401** Kringum reitinn er steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og allháum gafli. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum sem felld er í gaflinn. Fer í 3. flokk.

**Z 402** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með 2x3 súlum ofan á og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**Z 403** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og háum gafli. Allur er hann settur bergmylsnu og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er eitt og snýr í austur. Það er svört granítplata sem skrúfuð er í vegginn og fer í 4. flokk.

**Z 404** Steyptur bakki umlykur reitinn og er pússningin víða farin að losna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítkubbur sem stendur á sökkli úr sama efni. Granítið er rauðleitt. Varðinn snýr í austur og fer í 4. flokk.

**Z 405** Kringum reitinn er mikill steyptur bakki og eru ofan á honum 3x3 súlur og liggur keðja á milli þeirra. Fer í 3. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa þau í austur.

Annað minningarmarkið er marmaradrangur, sérkennilegur í lögun, líklega úr norskum marmara sem hefur bleika áferð. Má gjarnan fara í 3. flokk vegna efnis.

Fyrir framan minningarmarkið er plata úr sama efni sem hvílir líklega á grágrýtis-stauti. Fer einnig í 3. flokk.

**Z 406** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með steypujárnsgrindverki ofan á. Það er víða brotið og liggja brotin víða þar hjá. Fer í 1. flokk.

Minningarmarkið virðist vera samsett úr þremur mismunandi graníttegundum. Efst er hnallur, þá varðinn og neðst er sökkull úr þriðju tegundinni. Allt þetta stendur svo á undirsteini úr grágrýti. Minningarmarkið fer í 2. flokk vegna samsetningar efnis.

**Z 407** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn, mjög hár en látinn hallast um 45°. Allur er hann settur bergsalla en í hann er felld grágrýtisplata. Fer í 3. flokk.

**Z 408*** Kringum reitinn er vandað steypujárnsgerði sem nýlega hefur verið menjað og málað. Fer í 1. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú.

Annars vegar eru tvær svartar granítsúlur sem eru „brotnar“ að ofan. Þær standa á sökkli úr sama efni. Verk Ríkarðs Jónssonar eru framan á sökklunum. Þessi minningarmörk fara í 1. flokk.

Fyrir framan aðra súluna er steyptur púltsteinn með svartri granítplötu. Hann fer í 4. flokk.

**Z 408a til 408c** Hér er ekkert að finna.

**Z 409** Steyptur bakki sem settur er bergsalla. Ástand hans er sæmilegt en hann hallar nokkuð í suður. Lengdin er í norður-suður. Hann fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að finna og snúa þau í vestur.

Það fyrsta er flatur lágur óbeliski með tveimur þakhliðum og stendur varðinn á bakkanum. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

Næst er grágrýtisferningur sléttur og jafnstór á öllum hliðum. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

Þriðja minningarmarkið er alveg eins og það fyrsta og fer einnig í 3. flokk.

**Z 410** Kringum þennan einstaklingsreit, er lítill steyptur bakki. Ofan á honum eru 2x3 súlur og liggur keðja á milli þeirra. Bakkinn er sprunginn að norðanverðu enda þrengir stórt tré að honum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er fjörusteinn sem stendur á steyptum kubbi ofan á öðrum fjörusteini. Áletrunin er meitluð í steininn sem snýr í austur. Hún verður nú ekki lesin vegna skófa sem þyrfti að hreinsa. Fer í 4. flokk.

**Z 411** Kringum reitinn er stólpagerði með 2x3 grágrýtissúlum og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Fer í 3. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og snúa í austur.

Fyrra minningarmarkið er steyptur kubbur og er steypt álplata skrúfuð í framhlið hans. Fer í 4. flokk.

Það seinna er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt þetta úr grágrýti. Letrið er mjög upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**Z 412** Steyptur bakki umlykur reitinn. Ofan á honum hafa verið 3x3 súlur en allar eru horfnar að vestanverðu. Keðjur liggja á milli súlnanna. Fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og snýr í austur.

Minningarmarkið er úr marmara og nokkuð flókið að gerð. Það stendur á undirsteini úr sama efni, sem er mjög sprunginn. Mikið blómaverk er á steininum. Tvær pappírsarkir vindast upp neðst og þar á er áletrunin. Fer í 2. flokk.

**Z 413** Hér er steyptur bakki. Járnpípur mynda hornstólpa og er hnúður á þeim. Þrjár pípur eru skrúfaðar saman við stólpapípurnar. Þessi umbúnaður fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er lágur flatur óbeliski á fremur lágum sökkli en nokkuð háum undirsteini. Málað hefur verið með svörtu í stafina. Fer í 3. flokk.

**Z 414** Gerðið er gert úr samanskrúfuðum járnpípum. Þetta eru 3x3 lóðréttar pípur og liggja tvær aðrar á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Fer í 3. flokk.

**Z 415** Steyptur bakki með hliðararmi og lágum gafli í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru líklega hrafntinnuplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 3. flokk.

**Z 416** Stólpagerði en austustu stólparnir eru brotnir og víða vantar pípur. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini með heilum Thorvaldsensplatta með borða *Trú, von og kærleikur.* Líklega eini steinninn í garðinum með þessu Thorvaldsensverki. Fer í 1. flokk.

**Z 417** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er varði með þekju á sökkli og undirsteini. Letrið er meitlað en málað hefur verið í það. Fer í 3. flokk.

**Z 418** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og líklega undirsteini en hann er þá neðan moldar. Fallegt minningarmark og heilt og fer í 3. flokk.

**Z 418a** Ekkert er á þessu leiði.

**Z 419*** Minningarmarkið er grágrýtissteinn, með dropaskreytingu úr ljósari steintegund efst. Minningarmarkið er teiknað af Einari Jónssyni myndhöggvara. Út frá minningarmarkinu er gerði úr hlöðnum, gróflega tilhöggnum grágrýtissteinum. Á norðurhliðinni er hlið með járngrind. Allt skipast þetta í 1. flokk.

**Z 420** Kringum leiðið er hlaðinn kantur úr grágrýti og er þetta fallegt og vel farið. Fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er hér.

**Z 421** Mjög lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Vísa í austur. Málað hefur verið ofan í meitlað letur. Fer í 3. flokk.

**Z 422** Kringum reitinn er steyptur bakki og ofan á honum er gerði úr smíðajárni. Ástand þessa er nokkuð gott. Fer í 1. flokk.

Eitt minningarmark er hér og snýr það í austur. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini en þakið hefur fjórar þakhliðar. Efst er ferhyrnd lágmynd Thorvaldsens *Sumarið (Amor med en svane og drenger sem plokker frugt)*. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**Z 423** Steyptur bakki í góðu ástandi. Lengdin í austur-vestur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski úr svörtu graníti á sökkli og líklega undirsteini sem þá er huldinn moldu. Fer í 4. flokk.

**Z 424** Segja má að hér séu þrjú minningarmörk, sem eru samsett. Upphaflega hefur verið hér bogasteinn á sökkli og undirsteini. Framhliðin á varðanum hefur nú verið slípuð og letrið sandblásið. Efst í honum er verk Thorvaldsens *Nótt*. Varðanum hefur verið lyft upp og sandblásið letur á sökkulinn. Einnig hefur verið búinn til annar sökkull og grágrýtisplötu skotið þar undir. Framan á þennan nýja sökkul hefur verið fest marmarabók. Þessi minningarmörk fara í 4. flokk.

**Z 425** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Lengdin norður-suður. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö og bæði líklega frá Schannong. Þau snúa í austur. Þetta eru ekta óbeliskar á sökkli með fallega beygðum brúnum á sökkli og undirsteini. Allt er þetta gljáfægt nema undirsteinninn. Þetta hefur allt virðulegan blæ og fer í 2. flokk.

**Z 425a** Hér er ekkert að finna.

**Z 426** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og innfelld dökk granítplata sem snýr í austur og fer þetta í 4. flokk.

**Z 427** Fallegt smíðajárnsgerði sem mjög er sokkið í jörð og hefur mjög eyðst úr þeim hlutum sem liggja að jarðveginum. Fer í 1. flokk.
Minningarmarkið er líklega frá Mósaík. Þetta er marmaraplata með stýfðum hornum neðst og styðst hún við stuðningsstein úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

**Z 427a** Hér er að finna grágrýtisstein en við fyrstu sýn er erfitt að átta sig á því hvort þetta er undirsteinn eða legsteinn. Fer í 4. flokk.

**Z 428** Steyptur bakki sem farinn er mjög að láta á sjá. Fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að sjá.

**Z 428a** Hér er ekkert að finna.

**Z 429** Fallegt stólpagerði úr grágrýti. Stólpinn í norðausturhorninu er brotinn af. Fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er fallegt og snýr í austur. Þetta er varði með tveimur þakhliðum. Hann dregst nokkuð saman fyrir miðju en þenst aftur út við sökkul. Hann stendur á sökkli og undirsteini og allt er þetta svo á steyptri plötu. Fer í 3. flokk.

**Z 430** Steyptur bakki sléttfylltur af efni. Á honum er lítill gafl með beygðum hornum. Hann er settur bergmylsnu og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er lágur blágrýtisdrangur sem snýr í austur og fer í 4. flokk.

**Z 431** Á reitnum eru fallegir grágrýtisdrangar með pýramídaþekju. Tvær pípur liggja á milli dranganna. Hellulagt er yfir allan reitinn. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið granítferningur með pýramídaþekju. Hann er fægður og stendur á undirsteini úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**Z 432** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli. Far er eftir plötu í gaflinum en ekki er ljóst hvort hún hefur nokkurn tímann verið sett í. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört álplata sem fest er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**Z 433** Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk og snúa þau í austur. Kringum reitinn er stólpagerði með grágrýtisstólpum og járnpípum. Allt er þetta nokkuð skakkt og sigið. Fer í 3. flokk.

Fyrsta minningarmarkið er stórmerkilegt úr grágrýti. Hér er fyrirmyndin hin brotna Schannongsúla (sbr. legstað H. Hafstein). Millisteinninn er mjög stór og mikill. Áletrunin er merkileg. Nöfnin eru með gotnesku letri. Á steininum stendur: *„Hér hvílir Einar Magnússon fæddur á Borg í Landmannahreppi 1. sept. 1832. D. 23. febr. 1920. Giftur 23. okt. 1863. Guðrúnu Jónsdóttur f. 20. júlí 1833 á Miðengi í Grímsnesi d. 6. jan. 1895 og hvílir í Brautarholti á Kjalarnesi. Varð þeim 11 barna auðið. Blessuð sé minning þeirra. Aldrei deyr þótt allt um þrjóti minning þess sem var."* Fer í 1. flokk.

Þá er hér lítill og lágur flatur óbeliski á nokkuð háum sökkli og miklum undirsteini. Efst er lágmyndin *Nótt* alveg heil. Fer í 2. flokk.

Þriðja minningarmarkið er fyrir framan það fyrsta. Það er skorinn grágrýtis-púltsteinn. Letrið mjög upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

**Z 434** Minningarmarkið er skemmtilegur bogasteinn á miklum undirsteini. Felld er inn hvít marmaraplata og fer steinninn í 3. flokk.

**Z 434a til Z 434b** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**Z 435** Steyptur bakki með lágum hliðararmi og lágum gafli. Fyrir miðju er krossmark. Allt sett bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Þetta eru ílangar hvítar marmaraplötur með koparstöfum sem eru skrúfaðar í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**Z 435a** Ekkert er hér að finna.

**Z 436** Steyptur bakki með dröngum og er ástand hans slæmt. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri grágrýtisplötu. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer þetta í 4. flokk.

**Z 501** Kringum reitinn er stólpagerði og vantar víða pípur í. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er skemmtilegur varði á sökkli og undirsteini. Hann snýr í austur en hallar nokkuð í vestur. Fyrir miðju er burst og eru axlir ypptar og útstæðar. Letrið vel læsilegt. Oddhöggvinn á hliðum og fyrir miðju á sökkli. Fer í 3. flokk.

**Z 502** Flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr grágrýti og snýr í austur. Efst er lágmyndin *Dagur*. Fallegt eintak og fer í 2. flokk.

**Z 503** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki settur bergmylsnu. Hann er mosavaxinn en í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**Z 504** Steyptur bakki settur bergsalla. Hallast nokkuð til suðvesturs. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli allt úr grágrýti en undirsteinn sést ekki ef einhver er. Efst er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Varðinn hefur verið slípaður eitt sinn. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**Z 504a** Ekkert er hér að finna.

**Z 504b** Ekkert er hér að finna.

**Z 505** Steyptur bakki og er pússningin nokkuð farin að flagna. Hann hallast nokkuð til norðurs. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er sérstakt. Þetta er stór og mikill grágrýtisdrangur með koparstöfum. Fer í 2. flokk.

**Z 506** Minningarmarkið er úr grágrýti; flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Varðinn hefur verið slípaður að framan og hreinsaður, skerpt á letri og málað með svörtu í það. Fer í 3. flokk.

**Z 507** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit, snýr í austur og er hann settur bergsalla. Gert hefur verið ráð fyrir plötu í gaflinn en þar er ekkert að sjá. Gaflinn sjálfur er laus frá. Fer í 5. flokk.

**Z 508** Minningarmarkið er lítill flatur óbeliski á sökkli. Letrið hefur verið meitlað en málað ofan í það með svörtu. Fer í 3. flokk.

**Z 508a** Minningarmarkið er trékross með svartri álplötu, snýr í austur og fer í 3. flokk.

**Z 508b** Reiturinn er afmarkaður með fjörugrjóti en það telst ekki til gerðis.
Minningarmarkið snýr í austur. Þetta er á lágur stuðull sem skorinn er skáhallt. Fer í 4. flokk.

**Z 509** Steyptir stólpar afmarka þennan reit og fara þeir í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**Z 510** Hár steyptur rammi er kringum reitinn og snýr hann í austur. Hann er með þremur hliðarörmum og gafli. Nokkuð um alkalískemmdir. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**Z 510a** Vegna hæðarmismunar eru hlaðnar gangstéttarhellur kringum reitinn.
Minningarmarkið er afar stór svört graníthella sem liggur á reitnum. Hún er að öllum líkindum sú stærsta í garðinum. Fer í 4. flokk.

**Z 511** Steyptur bakki með stuttum hliðararmi og gafli. Hann er hvítmálaður og nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú og snúa í austur. Nyrsta og syðsta minningarmarkið eru alveg eins. Þetta eru svartar granítplötur ogt er málað með hvítu ofan í stafina. Fyrir miðju er grágrýtisvarði sem felldur er í gaflinn. Á honum stendur: „*Hjartans þakkir horfna vina*." Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**Z 512** Kringum reitinn eru hlaðnir stólpar úr grágrýti. Ofan á þeim hefur líklega verið gerði úr smíðajárni en það er nú horfið. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini allt úr grágrýti. Varðinn hefur fjórar þakhliðar. Efst er merki *Trúar, vonar, og kærleiks*. Þar fyrir neðan er lágmyndin *Nótt*, sprungin en tollir í. Neðst er heilt handaband. Þar fyrir neðan er meitlað: „*Elsku vinur, þökk fyrir samveruna*." Fallegur steinn og fer í 2. flokk.

**Z 513** Ekkert gerði er hér.

Minningarmarkið er þekjusteinn á undirsteini. Allt er þetta úr grágrýti og snýr í austur. Letrið er mjög upphleypt á blásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**Z 513a** Ekkert gerði. Minningarmarkið er furukross með svartri álplötu og fer þetta í 4. flokk.

**Z 514** Kringum reitinn er steyptur bakki með hlöðnum grágrýtisdröngum ofan á. Reiturinn snýr í austur en hallast mjög til norðvesturs. Steypt er yfir allan reitinn. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er merkilegt. Það sýnist vera frá Schannong. Þetta er granítsteinn sem meitlaður er sem tré og ganga greinar út frá bolnum. Fyrir miðju er slípaður áletrunarflötur. Afar merkilegt vegna táknfræði og fer í 1. flokk.

**Z 515** Kringum reitinn er hár og mikill steyptur bakki sem er nánast sléttfylltur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er breiður granítsteinn á þunnum undirsteini en allstórum oddhöggnum sökkli. Steinninn er allur gróft stokkhöggvinn. Áletrunarflöturinn er nokkuð upphleyptur og letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**Z 516** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og snýr þetta í austur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og fer í 4. flokk.

**Z 517** Kringum reitinn hefur verið stólpagerði. Steyptur stólpi hefur verið í hverju horni og tvær pípur á milli en þetta er farið nema að norðanverðu. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er fjörugrjót og er álplata skrúfuð þar á. Fer í 4. flokk.

**Z 517a** Ekkert er hér að finna.

**Z 518** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**Z 519** Steyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli, settur bergsalla og í góðu ástandi. Snýr í vestur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er syðst á reitnum. Þetta er steypt álplata sem skrúfuð er í bakkann og eru koparstafir límdir á hana. Fer í 4. flokk.

**Z 520** Steyptur bakki sem sýnist helst vera notaður til hæðarjöfnunar því allt er hér mjög bratt. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og eru tvær svartar granítplötur felldar í framhlið hans. Á neðri plötunni er þessi áletrun: „*Blessaður er sá maður sem reiðir sig á Drottinn og lætur Drottinn vera athvarf sitt. Jeremías 17: 7.*“ Fer í 2. flokk vegna áletrunar.

**Z 521** Steyptur bakki allhár í sæmilegu ástandi. Lengdin í suður-norður. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er dæmigert fyrir svonefndan þjóðernisstíl. Þetta er ferkantaður grágrýtissteinn með undirsteini sem er eins og mörg þrep. Leturflöturinn er upphleyptur og stokkhöggvið þar í kring en letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 2. flokk.

**Z 522** Kringum reitinn er stólpagerði. Stólpinn að suðaustan er brotinn og það vantar líka stólpa í norðausturhorninu. Að vestanverðu eru tvær pípur. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er þekjusteinn úr grágrýti á miklum grágrýtissökkli. Á steininum er merk Thorvaldsenslágmynd *Haustið*. Fer í 1. flokk.

**Z 523** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem skrúfuð er í gaflinn og vísar hún í austur. Fer í 4. flokk.

# Reitasafn A

*REITASAFN A*

***Reitaröð A 1-1 til A 1-12 snýr mót austri.***

**A 1-1 til A 1-5** Kringum þessa fimm reiti er steyptur bakki. Víða er kvarnað upp úr honum en steypan virðist vera í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk er hér að finna.

Nyrst er granítvarði, dökk grágrænleitur sem stendur á skornum grágrýtisdrangi. Varðinn er ögn bogadreginn að ofan og er slípaður. Efst er koparkross með laufskrúði. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

Því næst er blágrýtisstuðull með sandblásnu letri og fer hann í 3. flokk.

Syðst á þessum reitum er fallegur bogasteinn úr graníti frá Schannong í Kaupmannahöfn. Efst er kross og er hann umlukinn pálmagreinum. Áletrunin er meitluð í steininn með skrifstöfum. Steinninn fer í 2. flokk.

**A 1-6 til A 1-8** Reitirnir eru afmarkaðir af hlöðnum grágrýtisdröngum. Þeir eru nokkuð skakkir og mætti rétta þá af. Fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á þessum reitum.

**A 1-9 til A 1-10** Ekkert gerði afmarkar reitinn en að framan er kubbur sem afmarkar reit og stíg. Minningarmarkið er blágrænleitur granítsteinn, náttúrulegur en slípaður, með dökkum kornum. Hann stendur á undirsteini sem er heilskorinn og líklega úr grágrýti. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

**A 1-11 til A 1-12** Þessir tveir reitir nýta sama bakka og reitir **A 1-23 og A 1-24**. Kringum reitina er steypt umgjörð en ofan á henni eru liggjandi grágrýtisdrangar. Líklega hefur verið grindverk þar ofan á en það er nú horfið. Allt er þetta nokkuð úr lagi gengið. Fer í 5. flokk.

Fyrir framan, eða austar er svartur granítsteinn sem studdur er af tveimur stöngum. Letrið er sandblásið og málað hvítt. Fer í 4. flokk.

***Reitaröðin A 1-13 til A 1-24 snýr mót vestri.***

**A 1-13 til A 1-14** Reitina tvo afmarkar steyptur bakki í sæmilegu ástandi með 3x3 steyptum dröngum ofan á og liggur koparkeðja á milli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin á þessum reitum eru tvö. Þau standa á sameiginlegum sökkli. Þetta eru varðar með fjórum þakhliðum. Hæðin er um 70 cm, breiddin um 50 cm en þykkt þeirra um 15 cm. Leturflöturinn er stokkhöggvinn en letrið sjálft er upphleypt. Minningarmörkin tvö fara í 3. flokk.

**A 1-15 til A 1-18** Ekkert gerði afmarkar þessa reiti.

Minningarmarkið á þessum reitum er granítsteinn um 60 cm á hæð og 45 cm á breidd og er heilskorinn og beinn. Letrið er sandblásið og fer minningarmarkið í 4. flokk.

**A 1-19 til A 1-20** Kringum reitina er steyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**A 1-21 til A 1-22** Á þessum reitum er ekkert að finna.

**A 1-23 til A 1-24** Þessir reitir deila gerði með reitum **A 1-11 og A 1-12** og er því lýst þar.

Minningarmörkin sem tilheyra þessum reitum eru í fyrsta lagi stór grágrýtiskubbur, um 60-70 cm á hæð en um 90 cm á breidd. Letrið er upphleypt og steinninn fallega meitlaður. Hann stendur á skornum grágrýtisundirsteini. Fer í 3. flokk.

***Reitaröð A 2-1 til A 2-11 snýr mót austri.***

**A 2-1 til A 2-4** Ekkert er að finna á þessum reitum.

**A 2-5 til A 2-7** Ekkert er heldur að finna hér.

**A 2-8** Á þessum reit er lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Sökkullinn hefur verið oddhöggvinn. Svo virðist sem varðinn hafi verið slípaður og skerpt á letrinu með meitli. Efst á varðanum er Thorvaldsensverkið *Dagur* og er plattinn sprunginn. Neðarlega er stærri gerðin af handabandi og er önnur ermin brotin. Neðst er þetta meitlað: *„Ástvin gráttu ei afdrif mín. Ástvin brátt ég vænti þín.“* Minningarmark þetta fer í 2. flokk.

**A 2-9** Minningarmarkið á þessum reit er lítill grágrýtiskubbur um 30x35 cm heilskorinn og jafn í góðu ástandi. Letrið er sandblásið. Fer í 3. flokk.

**A 2-10 til A-11** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

***Reitaröð A 2-12 til A 2-22 snýr mót vestri.***

**A 2-12 til A 2-15** Reiturinn er afmarkaður af tilhöggnum grágrýtisdröngum og fer gerðið í 3. flokk.

Minningarmörkin fjögur eru heilir grágrýtissteinar sem meitlaðir eru með þekju sem skagar ögn út fyrir varðann. Letrið er meitlað mjög upphleypt á heilum bekk. Minningarmörkin fara í 3. flokk.

**A 2-16 til A 2-17** Reitirnir eru afmarkaðir af hlöðnum grágrýtissteinum en bakkinn er mjög hulinn moldu. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tveir furukrossar með álplötum og liggja krossarnir á reitunum. Fara í 4. flokk.

**A 2-18 til A 2-19** Á þessum reitum er ekkert að finna.

**A 2-20 til A 2-21** Reiturinn afmarkast af oddhöggnum grágrýtissúlum og er ein í hverju horni. Tvær pípur liggja á milli hverra súlna. Súlurnar eru hvítmálaðar. Súlan í norð-vesturhorninu er brotin. Fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er fallegur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Hann hallar nokkuð til norðausturs. Efst á varðanum er plattinn *Dagur* og er hann alveg heill. Neðarlega er heilt handaband og er það einnig heilt. Neðarlega er meitlað: *„Sælir eru þeir sem í Drottni eru dánir“* og enn neðar: *„Ógleimanleg [sic] er minning þín horfna vina.“* Á sökkulinn er felld inn grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Þar stendur: *„Þú trúi og dyggi þjónn, yfir litlu varstu trúr, yfir mikið mun eg setja þig.“* Steinninn fer í 2. flokk.

**A 2-22** Ekkert er að finna á þessum reit.

***Reitaröð A 3-1 til A3-11 snýr mót austri.***

**A 3-1 til A 3-3** Kringum reitinn er steyptur bakki með stuttum en háum hliðararmi og háum gafli. Allt sett bergsalla. Gerðið er í sæmilegu ástandi, þó víða sprungið og fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á þessum reit. Það nyrsta er grágrýtisvarði á sökkli. Varðinn er með krullur efst. Ofarlega er *Nótt*, með borða og er plattinn heill. Borði með áletrun er efst og er handverk þetta þekkt víðar í garðinum. Neðarlega er handaband og er það heilt. Neðarlega er meitlað: *„Hjartans þakkir horfni vinur fyrir allt þitt ljúfa líf."* Enn neðar: *„Hvíl í Guðs örmum."* Minningarmark þetta er mjög fallegt og merkt og fer í 1. flokk.

Hin minningarmörkin tvö eru alveg eins. Þetta eru svartar granítplötur um 40x50 cm og eru þær felldar inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**A 3-4 til A 3-5** Minningarmarkið er granítplata sem hvílir á stuðningssteini úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**A 3-6 til A 3-7** Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Á varðann er meitlað: *„Minningin góða gleymist eigi, gjörir hún svarta nótt að degi, helguð eilífum austurvegji. J.S. Húnfjörð."* Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**A 3-8 til A 3-9** Þessir reitir tveir hafa sameiginlegan bakka **A 3-19 og A 3-20**. Kringum reitina er mjór eða þunnur steyptur bakki í slæmu ástandi. Hliðararmur er hér að sunnanverðu, nokkuð þykkur og er sameiginlegur með næsta reit. Ekkert minningarmark er hér að finna. Bakkinn fer í 5. flokk.

**A 3-10 til A 3-11** Bakkinn sem afmarkar þessa reiti er sameiginlegur með reitum **A 3-21 og A 3-22**. Þetta er steyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna.

Fremst eða austast er heilskorinn blágrýtissteinn og er slétti flöturinn slípaður en letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

Vestast, eða á reitum **A 3-21 og A 3-22**, er minningarmark sem snýr í austur. Þetta er grágrýtisvarði, algengrar gerðar. Hann hefur gagnbogaform í toppi en er afsettur á hliðum og baki. Hann stendur á sökkli sem er oddhöggvinn að framan en afsettur á hliðum og baki. Efst er upphleypt krossmark og til beggja handa pálmagreinar. Letrið er upphleypt á grófstokkhöggnum fleti. Fer í 3. flokk. Við varðann hefur verið fest líkneski Maríu Guðsmóður. Neðst er áfest gyllt álplata með þessum orðum: *„Guði falinn/vinur vertu / vil eg kveðju senda þér / í lífi og dauða indæll ertu / oft þú hafðir glatt mitt geð."*

***Reitaröð A 3-12 til A 3-22 snýr í vestur.***

**A 3-12 til A 3-13** Kringum reitinn er steyptur bakki og virðast hafa verið súlur ofan á honum en eru nú horfnar. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli en mjög er þetta allt sokkið í jörð og þyrfti að hefja upp. Varðinn hefur verið slípaður niður og er letrið mjög upphleypt á djúpum fleti. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún mjög sprungin. Fer í 2. flokk.

**A 3-14 til A 3-15** Reitina afmarkar steyptur rammi í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna.

Þetta eru tveir bogapúltsteinar, um þrisvar sinnum þykkari neðst en efst. Þeir eru gróft stokkhöggnir á hliðum og standa á undirsteini úr sama efni. Letrið er meitlað í framhliðarnar og svo málað í með svörtu. Fara í 3. flokk.

**A 3-16 til A 3-18** Á þessum þremur reitum er að finna eitt minningarmark. Þetta er heilsteyptur púltsteinn og er svört granítplata felld í framhliðar hans. Hún er um 40x50 cm. Steinninn fer í 4. flokk.

**A 3-19 til A 3-20** Þessir reitir eru sameiginlegir með reitum **A 3-8 og A 3-9** og var fjallað um þá þar.

**A 3-21 til A 3-22** Fjallað var um þessa reiti um leið og **A 3-10 og A 3-11**.

***Reitaröð A 4-1 til A 4-11 snýr í austur.***

**A 4-1 til A 4-5** Reitina afmarkar fallegt járnsteypt grindverk. Það stendur á hlaðinni undirstöðu úr grágrýtisdröngum. Grindverkið hefur áður fyrr verið menjað með blýmenju og málað með hvítri málningu sem nú er farin að veðrast. Þyrfti að hreinsa það upp og mála að nýju. Fer í 1. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og eru þau bæði líklega frá Schannong. Nyrsta minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og líklega á undirsteini og er allt þetta úr graníti. Varðinn hefur fjórar þakhliðar. Sökkull og varði eru gljáslípaðir að framan en annars eru aðrar hliðar minningarmarksins mattar. Efst er krossmark en undir því eru tvær pálmagreinar hnýttar saman.

Sunnar er flatur óbeliski, með tveimur þakhliðum á sökkli og undirsteini en úr mun ljósara graníti en sá hér á undan. Efst er laufaskreyti og keltneskur kross.

Minningarmörkin mynda skemmtilega heild með grindverkinu og fer allur reiturinn því í 1. flokk.

**A 4-6 til A 4-9** Reitina fjóra afmarkar steyptur bakki í ágætisástandi en hann er mjög hulinn jarðvegi að norðanverðu. Fer í 5. flokk.

Nyrsta minningarmarkið er heilskorinn svartur granítsteinn, um 10 cm á þykkt, 80 cm á hæð og um 70 cm á breidd. Hann stendur á heilskornum grágrýtiskubbi. Horn steinsins eru stífð og letrið er sandblásið en málað ofan í það með hvítu. Fer í 4. flokk.

Næst fyrir sunnan er alveg samskonar steinn en ögn lægri. Hann stendur á undirsteini sem er úr marmarasteypu. Undirsteinninn er mjög sokkinn í jörðu. Fer í 4. flokk.

Syðsta minningarmarkið er líklega frá Schannong. Þetta er bogasteinn með mjög breiðum öxlum. Hann er slípaður að framan. Merkur steinn að mörgu leyti og ófáir slíkir hér í garðinum. Fer í 2. flokk.

**A 4-10 til A 4-11** Þessir tveir reitir eiga sameiginlegan bakka með reitum **A 4-21 og A 4-22**. Þetta er steyptur rammi með 2x3 ferhyrndum súlum ofan á. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er líklega frá Schannong. Þetta er bogasteinn úr graníti með stuttum beinum öxlum og meitlað reipi ofan á honum. Efst er Möltukross og nokkurs konar keðja þar í kring. Neðst er minni gerðin af handabandi og er það sprungið. Steinninn hallast nokkuð í norð-austur og þyrfti að rétta hann ögn af. Fer í 2. flokk.

**A 4-12 til A 4-15** Ekkert er að finna á þessum fjórum reitum.

**A 4-16** Minningarmarkið á þessum reit er heill steyptur steinn með púltsteinsformi og er skrúfuð ofan í framhlið hans steypt álplata. Fer í 4. flokk.

**A 4-17 til A 4-18** Syðst á þessum tveimur reitum eða á reit númer **A 4-18** er bogasteinn úr graníti og stendur hann á sökkli líklega úr sama efni. Steinninn er nokkuð sokkinn í jörð og þyrfti að hefja hann ögn upp eða þá að lækka nokkuð í kringum hann. Á varðanum er efst akkeri en neðst pálmagrein. Á varðann er þetta meitlað: *„Þann sigur hann vann að hvíla hér og hafa ekki brugðist neinum."* Steinninn fer í 2. flokk.

**A 4-19** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur rammi sem er mjög sprunginn og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er bæsaður furukross með plastplötu og fer hann í 4. flokk.

**A 4-20** Kringum þennan einstaklingsreit er einnig steyptur bakki. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er sporöskjulaga hvít marmaraplata, sem þó hefur ójafna jaðra. Hún hallast uppi á steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk.

**A 4-21 til A 4-22** Þessum reitum var lýst hér að framan með reitum **A 4-10 og A 4-11**.

***Reitaröð A 5-1 til A 5-12 snýr mót austri.***

**A 5-1 til A 5-7** Ekkert er að finna á þessum sjö reitum.

**A 5-10 til A 5-12** Þessir þrír reitir hafa sameiginlega bakka með reitum **A 5-20 til A 5-24**. Reitina afmarkar steyptur bakki með 4x4 súlum en þær eru víða brotnar. Fallegt smíðajárnsgerði er milli hverra súlna. Fer í 1. flokk. Tvö minningarmörk eru á þessum reitum. Lengst til norðurs er heilskorinn hvítur marmarasteinn um 40x50 cm og fer hann í 4. flokk.

Sunnan við hann er Schannongsteinn. Þetta er geysimikill varði, rúmlega 200 cm á hæð og stendur hann á ljósum granítsteini. Efst í varðanum er meitluð mynd af syrgjandi dreng við krans. Á varðanum er svo meitlað: *„Háa skilur hnetti himingeimur / blað skilur bakka og egg / en anda sem unnast fær aldregi / eilífð að skilið."* [JH]. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**A 5-13 til A 5-14** Minningarmörkin þrjú á þessum reitum snúa einnig í austur. Kringum reitina er stór og mikill hlaðinn bakki úr grágrýtisdröngum. Stétt er fyrir framan og liggur upp að járnhliði sem er á bakkanum. Fer í 4. flokk.

Nyrst er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og stendur þetta allt á steyptri plötu. Minningarmarkið er úr grágrýti. Letrið á varðanum er upphleypt á bekkjum. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

Syðst eru tvær svartar granítplötur með gljáandi letri á möttum fleti. Þær standa á skornum stuðningssteini og fara í 4. flokk.

**A 5-15 til A 5-19** Ekkert er hér að finna.

**A 5-20 til A 5-24** Þessum reitum var lýst með reitum **A 5-10 til A 5-11**.

***Reitaröð A 6-1 til A 6-11 snýr mót austri.***

**A 6-1 til A 6-6** Ekkert er að finna á þessum sex reitum.

**A 6-7 til A 6-11** Þessir fimm reitir deila umgjörð með reitum **A 6-18 til A6-22**.

Umgjörðin er einföld og er hún meitlaðir liggjandi grágrýtisdrangar en ekkert er ofan á þeim. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin hér eru fjögur. Norðvestast er heilskorinn svartur granítsteinn á sökkli og fer hann í 4. flokk. Þar næst er fallegur og margslunginn hár steinn frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 2. flokk. Loks er meitlaður grágrýtispúltsteinn og hvílir á bakkanum gulleit granítplata. Fer í 3. flokk. Fyrir framan þennan stein er heilskorinn grágrýtissteinn um 45x 45 cm á hverja hlið og fer hann í 4. flokk.

***Reitir A 6-12 til A 6-17 snúa mót vestri.***

**A 6-12 til A 6-13** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er dökkleitur granítsteinn sem er um þrisvar sinnum þykkari neðst en efst og hvílir hann á sökkli. Steinninn er á að giska 40 cm á hæð en breiddin nálægt 70 cm. Fer í 4. flokk.

**A 6-14** Ekkert er að finna á þessum reit.

**A 6-15 til A 6-17** Kringum reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið, sem er yfir Guðmund skólaskáld, er líparítsteinn sem stendur á undirstöðu úr fjörugrjóti. Letrið er sett með koparstöfum. Neðst á steininum er þetta: *„Í bæn mætast samhuga sálir tvær.“* Fer í 4. flokk.

**A 6-18 til A 6-22** Þessum fimm reitum var lýst með **A 6-7 til A 6-11** hér að framan.

***Reitaröð A 7-1 til A 7-10 snýr mót austri.***

**A 7-1 til A 7-2** Kringum þessa reiti og **A 7-11 og A 7-12** er steyptur bakki með 3x4 súlum. Allt er þetta sett bergsalla og liggur keðja á milli súlnanna. Fer í 5. flokk. Á reitunum eru tvö minningarmörk. Annað snýr í austur en hitt í vestur. Minningarmörkin eru alveg eins. Þau eru frá Schannong í Kaupmannahöfn. Þetta eru heilskornir svartir granítsteinar um 70 cm á hæð en um 50 á breidd. Fara þau bæði í 4. flokk.

**A 7-3 til A 7-6** Kringum þessa reiti auk reita **A 7-13 til A 7-16** er steyptur bakki í lélegu ástandi. Ofan á honum hafa verið 4x4 súlur og vantar margar þeirra. Tvær pípur liggja á milli súlnanna og vantar fjölmargar. Gerðið fer í 5. flokk.

Innan þess eru fjögur minningarmörk. Nyrst er stór bogasteinn úr grágrýti á sökkli og undirsteini úr sama efni. Varðinn er með snöggar axlir og hálfmána meitlaðan efst og innan hans krossmark og pálmagreinar. Þetta er algengt form í garðinum en þetta minningarmark er eitt hið stærsta þessarar gerðar. Það hallar nokkuð til suðurs og þyrfti að rétta af. Fer í 3. flokk.

Tvö minningarmörk eru þar til hliðar og eru þau samskonar. Þetta eru heilskornir blágrýtisferningar með upphleyptu letri á bekkjum. Steinarnir eru um þrisvar sinnum þykkari neðst en efst og hvíla þeir á sökkli líklega úr sama efni. Fara í 4. flokk.

Fjórða minningarmarkið er lítil álplata á fæti úr sama efni. Hún fer í 4. flokk.

**A 7-7 til A 7-8** Kringum þessa reiti sem og reiti **A 7-17 og A 7-18** er hlaðinn bakki úr grágrýtisdröngum. Hlið hefur verið á bakkanum en er nú horfið. Fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti og hallar þetta nokkuð til suðurs. Svo virðist sem varðinn hafi verið slípaður upp seinna meir á framhliðinni og letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**A 7-9 til A 7-10** Kringum þessa reiti sem og reiti **A 7-19 og A 7-20** er steypt undirstaða og ofan á henni eru grágrýtisdrangar. Fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er óbeliski á sökkli og undirsteini úr dökku graníti. Verk þetta er frá Schannong í Kaupmannahöfn. Efst á varðanum er Davíðsstjarnan. Fer í 2. flokk.

**A 7-11 til A 7-12** Þessir reitir heyra með reitum **A 7-1 og A 7-2**.

**A 7-13 til A 7-16** Þessir reitir heyra með reitum **A 7-3 til A 7-6**.

**A 7-17 og A 7-18** Þessir reitir heyra með reitum **A 7-7 og A 7-8**.

**A 7-19 og A 7-20** Þessir reitir heyra með reitum **A 7-9 og A 7-10**.

***Reitir A 8-1 til A 8-10 snúa í austur.***

**A 8-1** Kringum reitinn er steyptur bakki og ofan á honum eru grágrýtisstólpar með pýramídaþaki. Tvær pípur ganga á milli þeirra og er ástand þessa gott. Steypt er yfir allan reitinn. Fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er samsett úr tveimur bolum og er áletrunarflöturinn sporöskjulagaður. Fer í 4. flokk.

**A 8-2 til A 8-3** Minningarmarkið á þessum reitum er blágrýtisstuðull með sandblásnu letri og fer það í 4. flokk.

**A 8-4 til A 8-6** Reitirnir afmarkast af oddhöggnum grágrýtissúlum og ganga tvær pípur á milli súlnanna. Súla er brotin að suðaustanverðu. Fer gerðið í 4. flokk.
Minningarmarkið er fallegur steinn með tveimur þakhliðum. Hann er afsettur á hliðum. Handaband er neðst. Fer í 3. flokk.

**A 8-7 til A 8-8** Þessir tveir reitir auk reita **A 8-17 og A 7-18** eru afmarkaðir með hellum að framan og aftan en annars með einskonar kantsteinum. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er prófíljárnkross með keltnesku lagi og fer í 4. flokk.

**A 8-9 og A 8-10** Kringum reitina sem og reiti **A 8-20 og A 8-21** er steyptur bakki sem hallast nokkuð til suðurs. Hann fer í 5. flokk.
Syðst á þessu svæði er bæsaður furukross með plastplötu. Fer í 4. flokk. Nyrst, á reitum **A 8-20 og A 8-21** er bogasteinn á sökkli og er þetta úr grágrýti. Efst eru meitlaðar greinar sem fléttast saman og er þar einnig fallegt laufblað. Fer í 2. flokk.

***Reitir A 8-11 til A 8-17 snúa mót vestri.***

**A 8-11 til A 8-12** Kringum reitinn er steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er svartur granítsteinn gljáfægður, á sökkli úr sama efni og með sömu áferð. Efst hefur verið krossmark eða skreyti en er nú brotið af. Fer í 4. flokk.

**A 8-13 til A 8-14** Kringum þessa reiti er steyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**A 8-15** Ekkert er hér að finna.

**A 8-16 til A 8-17** Reitina tvo afmarkar steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og hallar þetta mjög til norðausturs. Fer í 5. flokk. Í gaflinn eru felldar tvær hvítar marmaraplötur sem eru bogadregnar að ofan. Fara í 4. flokk.

**A 8-18 til A 8-19** Þessir tveir reitir heyra með reitum **A 8-7 og A 8-8**.

**A 8-20 til A 8-21** Þessir reitir flokkast með reitum **A 8-9 og A 8-10**.

***Reitir A 9-1 til A 9-11 snúa í austur.***

**A 9-1 til A 9-2** Á þessum reitum er ekkert að finna.

**A 9-3 til A 9-4** Kringum reitina er steyptur bakki hvítmálaður og fer hann í 5. flokk. Á bakkann nyrst eru skrúfaðar tvær steyptar álplötur og fara þær í 4. flokk.

**A 9-5 til A 9-7** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**A 9-8 til A 9-11** Þessir fjórir reitir auk reita **A 9-12 til A 9-22** eru afmarkaðir með steyptum bakka og eru 4x4 steyptar súlur ofan á honum. Súlurnar eru flestar mjög illa farnar. Milli þeirra er mjög fallegt smíðajárnsgrindverk og fer það í 2. flokk.

Tvö minningarmörk eru á svæðinu vestast og snúa þau í vestur. Nyrst er grágrýtisvarði, um 80 cm á hæð og um 50 cm á breidd. Inn í hann er felld svört granítplata. Neðst á steininum er meitluð sól. Steinninn er merkur og fer í 2. flokk.

Næst er marmarasteinn á sökkli úr marmarasteypu og er letrið á steininum úr kopar. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð A 9-12 til A 9-22 snýr í vestur.***

**A 9-12 til A 9-13** Nyrðri steinninn er lítill bogasteinn úr grágrýti með Thorvaldsens-plattanum *Nótt* og er hann með borða. Hann stendur á undirsteini úr grágrýti. Letrið er sandblásið og er það seinni tíma verk. Fer í 2. flokk.

Sunnan til er nokkuð stærri bogasteinn úr grágrýti, allnokkru þykkari neðst en efst og hallar hann mjög til suðurs. Fer í 3. flokk.

**A 9-14 til A 9-16** Leiðin þrjú eru afmörkuð af steyptum stólpum einum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Pípur vantar að vestanverðu. Gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvítmálaður furukross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

**A 9-17 til A 9-18** Reitirnir eru ekki afmarkaðir. Minningarmarkið er steyptur púlt-steinn og er innfelld í hann svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**A 9-19 til A 9-22** Þessi fjögur leiði eru afmörkuð með reitum **A 9-8 til A 9-11**.

***Reitir A 10-1 til A 10-11 snúa í austur.***

**A 10-1 til A 10-2** Þessir reitir heyra til með leiðum **A 10-12 og A 10-13**.
Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli vestast og eru á honum 3x3 súlur og liggur keðja á milli þeirra. Bakkinn er settur bergmylsnu. Minningarmarkið er heil marmaraplata um 40 cm á hæð en um 90 cm á breidd og er letrið upphleypt á heilum fleti. Minningarmarkið fer í 4. flokk en bakkinn í 5. flokk.

**A 10-3 til A 10-4** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti og hefur hann snöggar axlir. Stendur hann á sökkli og undirsteini úr sama efni. Steinar þessarar gerðar eru algengir í garðinum. Efst er hálfmáni meitlaður í steininn og innan hans er kross á stétt og til hliðar við hann eru tvær pálmagreinar. Letrið er upphleypt á stokkhöggnum bekkjum. Fer í 3. flokk.

**A 10-5 til A 10-6** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með háum gafli og er utan á honum bergmylsna. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**A 10-7 til A 10-11** Kringum reitina er allhár steinsteyptur bakki sem liggur í norður-suður og eru á honum 2x3 steyptar súlur. Súlurnar vantar í suður- og suðausturhorninu. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og eru allir þeir hlutar úr grágrýti. Varðinn hefur verið slípaður að framan síðar meir. Á undirsteininum er áletrun. Efst í varðanum er lágmyndin *Dagur* og hefur hann borða á jöðrum en neðst er heilt handaband. Fer því minningarmarkið í 2. flokk.

***Reitaröð A-12 til A 10-22 snýr mót vestri.***

**A 10-12 til A 10-13** Þessum leiðum var lýst með númer **A 10-1 og A 10-2**.

**A 10-14 til A 10-15** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er granítvarði og skiptast á í honum rauðbrúnleit hvít og dökk korn. Hann er á að giska 50x50 cm en þykktin um 10 cm. Hann stendur á heilskornum sökkli úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**A 10-16 til A 10-17** Kringum leiðin er grágrýtisbakki sem fer í 3. flokk. Eitt minningarmark er að finna á reitunum og er það heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Letrið er sandblásið á steininn og fer hann í 4. flokk.

**A 10-18 til A 10-19** Þessi reitur er aðeins afmarkaður við stíginn með steyptum gafli þar. Fer í 5. flokk.

**A 10-20 til A 10-21** Kringum reitinn er steyptur bakki með gafli og hliðararmi en steyptur planki er ofan á gaflinum. Fer í 5. flokk. Minningarmörkin sem eru þrjú eru dökkgrænleitar granítplötur sem eru felldar í gaflinn. Þær fara allar í 4. flokk.

***Reitir A 11-1 til A 11-11 snúa í austur.***

**A 11-1 til A 11-5** Ekkert er að finna á þessum reitum.

**A 11-6** Kringum þennan barnsreit er steyptur bakki en ekkert minningarmark er hér að finna. Fer í 4. flokk.

**A 11-7 til A 11-11** Kringum þessa reiti er fallegt og vandað gerði úr bleiku graníti og er ekki ósennilegt að það sé frá Schannong í Kaupmannahöfn. Ofan á því eru 3x6 súlur og liggja fallegar koparkeðjur á milli. Fer í 2. flokk. Vestast tengjast þær minningarmarkinu sem er úr sama efni og gerðið. Hár varði sem slípaður er að framan og er letrið blásið ofan í framhliðina. Fer í 4. flokk.

Nyrst í reitnum eru tveir púltsteinar úr svipuðu efni en þó grófkornóttu. Þeir eru slípaðir á framhlið en annars eru hliðar óreglulegar. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fara í 4. flokk.

***Reitaröð A 11-12 til A 11-22 snýr mót vestri.***

**A 11-12 til A 11-13** Reitina afmarkar stór og mikill steinsteyptur bakki sem allur er mjög sprunginn og að hruni kominn. Ekkert minningarmark er hér að finna. Fer í 5. flokk.

**A 11-14 til A 11-16** Þetta er einnig steyptur bakki með stuttum hliðararmi á suðurhliðinni en deilir armi með næsta bakka að norðan. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Þetta eru steyptar álplötur, bogadregnar að ofan, sem skrúfaðar eru í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

**A 11-17** Kringum reitinn er lítill steyptur rammi sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lítil álplata sem studd er af litlum stólpa. Fer í 4. flokk.

**A 11-18** Minningarmarkið á þessari gröf er lítill granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**A 11-19 til A 11-20** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**A 11-21** Á þessu barnsleiði hefur verið englamynd sem nú er brotin og fer minningarmarkið í 4. flokk. Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 4. flokk.

**A 11-22** Hér er einnig steyptur rammi kringum lítið leiði. Hann fer í 4. flokk.

***Reitir A 12-1 til A 12-10 snúa mót austri.***

**A 12-1 til A 12-5** Kringum reitina er geysimikill og þykkur steinsteyptur rammi með voldugum 4x5 steyptum súlum ofan á og er hlið að austan. Allt er þetta sett bergmylsnu og er í sæmilegu ástandi nema pússningin er mjög farin að flagna að austanverðu. Fer í 4. flokk.

Fjögur minningarmörk eru innan þessa gerðis. Nyrst er langstærsta minningarmarkið á reitnum og með stærri granítverkum í garðinum. Efst er topphnallur með krossmarki, þá tekur við meginvarðinn og eru stórar súlur sitt hvorum megin við hann. Allt stendur þetta svo á afar stórum sökkli. Mögulegt er að þetta minningarmark sé frá Schannong í Kaupmannahöfn. Það fer í 2. flokk.

Sunnan við þetta er grágrýtissteinn sem hallar um 45°. Hann er óreglulegur á hliðum en slípaður að framan og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.
Ögn vestar og sunnar er grágrýtislegsteinn. Hann er nokkuð bogadreginn að ofan, afsettur á hliðum, en framhliðin er mjög fínt slípuð. Hann stendur á sökkli úr sama efni. Fer í 3. flokk.
Þá er hér granítplata með ójöfnum þakhliðum og styðst hún upp að tréverki. Fer í 4. flokk.

**A 12-6 til A 12-10** Á þessu leiði mun fyrrum hafa staðið svonefnd Laxdalskapella. Nú er hér geysistór steyptur púltsteinn um 80-90x50-60 cm. Í framhlið steinsins er felld hvít marmaraplata sem er brotin en steinninn sjálfur er einnig að brotna. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitir A 13-1 til A 13-15 snúa mót austri.***

**A 13-1 til A 13-3** Steyptur bakki umlykur reitina og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem er skorinn og hvílir hann á blágrýtissökkli en hvorttveggja stendur svo á steyptum undirsteini. Letrið er sandblásið í steininn. Fer í 3. flokk.

**A 13-4 til A 13-5** Hér í kring er steyptur rammi í lélegu ástandi og hallar hann nokkuð. Hann deilir norður hliðinni með öðrum ramma. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur steinn sem settur er bergmulningi og er svo felld í hann svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**A 13-6** Hér er einstaklingsrúm með gafli og hliðararmi og er þetta þakið bergsalla. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er svört granítplata felld í framhliðina. Fer í 4. flokk.

**A 13-7 til A 13-8** Kringum reitina er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er úr blágrýti. Þetta er stuðull sem virðist afsettur þannig að mót hliðanna verða óskýr. Varðinn er svo felldur ofan í sökkul líklega úr grágrýti. Fer í 3. flokk.

**A 13-9 til A 13-10** Hér í kring er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti sem stendur á sökkli úr sama efni og er hann gróft stokkhöggvinn. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**A 13-11 til A 13-12** Reitina afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**A 13-13 til A 13-15** Allhár blágrýtisstuðull, um 230 cm á að giska og er letrið sandblásið í hann. Fer í 3. flokk.

***Reitir A 13-16 til A 13-30 snúa mót vestri.***

**A 13-16** Reitirnir afmarkast af steyptum bakka sem mjög er farinn að láta á sjá. Ofan á honum er grindverk úr smíðajárni. Fer þetta gerði í 1. flokk.
Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á sökkli. Letrið er þunnt upphleypt á bekkjum. Allt er þetta úr grágrýti. Fer í 3. flokk.

**A 13-18 til A 13-20** Bakkinn kringum reitinn er steyptur og hefur hann bogadreginn gafl og tvo hliðararma. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk er hér að finna. Tvær svartar granítplötur eru felldar inn í gaflinn og fara þær í 4. flokk. Fyrir miðju er fallegt marmaraverk og er líklega um að ræða einn þeirra legsteina frá Hull á Englandi sem finna má hér í garðinum. Fer hann í 2. flokk.

**A 13-21 til A 13-24** Kringum reitinn er steyptur bakki og er lítið hlið að framan. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem liggur á tveimur litlum kubbum úr blágrýti. Letrið er sandblásið í steininn. Fer í 3. flokk.

**A 13-25 til A 13-26** Reiturinn er afmarkaður með stólpagerði. Í hverju horni eru grágrýtissívalningar og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 3. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru trékrossar sem eru að fúna í sundur. Fara í 4. flokk.

**A 13-27 til A 13-28** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er fjörugrjót og er letrið upphleypt á steininum. Fer í 3. flokk.

**A 13-29 til A 13-30** Hér kringum reitinn er smíðajárnsgrindverk, svartmálað og í sæmilegu ástandi. Stendur það á steyptri umgjörð. Fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er frá Schannong í Kaupmannahöfn. Efst er topphnallur og þá varði. Þetta stendur að stórum sökkli og svo allt á undirsteini. Fer í 2. flokk.

***Reitir A 14-1 til A 14-15 snúa mót austri.***

**A 14-1 til A 14-2** Steinsteyptur bakki myndar umgjörð um reitina. Hann er í sæmilegu ástandi en nokkuð farið að kvarnast upp úr honum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er hann meitlaður óreglulegur á hliðum og baki. Felld er inn í hann granítplata og er meitlað á hana með gotnesku letri. Fer í 3. flokk.

**A 14-3 til A 14-5** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**A 14-6** Kringum þennan reit er steyptur bakki með stuttum hliðarörmum og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergmulningi. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört steypt álplata sem skrúfuð er í bakkann. Fer í 4. flokk.

**A 14-7** Ekkert er að finna á þessum reit.

**A 14-8** Kringum þessa reiti er steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og tvískiptum gafli. Á gaflinum miðjum er brotin dúfa. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít skjaldarlaga plata úr hvítum marmara sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 14-9 til A 14-10** Kringum reitinn er steyptur bakki sem deilir hliðum með öðrum. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á þessum reitum.

**A 14-11** Ekkert er að finna á þessum reit.

**A 14-12 til A 14-15** Kringum þessa reiti er steyptur bakki sem hefur verið bronsaður. Fer í 5. flokk.

Fjögur minningarmörk eru hér á reitnum. Allt eru þetta grágrýtispúltsteinar og eru þeir tveir nyrstu nokkru minni en hinir syðstu. Letrið er upphleypt á bekkjum. Minningarmörkin fara öll í 3. flokk.

***Reitir A 14-16 til A 14-30 snúa í vestur.***

**A 14-16 og A 14-17** Kringum reitinn er steyptur nýuppgerður bakki og standa á honum 3x3 steyptar súlur og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti lítt hallandi og er hann afsettur á hliðum og baki. Í bakkanum hvílir svört granítplata. Þetta fer í 3. flokk.

**A 14-18 og A 14-19** Ekkert er hér að finna.

**A 14-20** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtispúlt og er letrið upphleypt á heilum fleti. Fer í 3. flokk.

**A 14-21 til A 14-23** Kringum reitinn er stólpagerði með grágrýtissúlum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Gerðið mætti rétta af og fer það í 4. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru furukrossar með svartri álplötu og fara þeir í 4. flokk.

**A 14-24** Hér er ekkert að finna.

**A 14-25 og A 14-26** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka og hafa verið steyptar súlur ofan á honum en þær eru allar brotnar og liggja þar hjá reitnum. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og á steyptum undirsteini. Letrið er meitlað í steininn. Fer í 3. flokk.

**A 14-27 til A 14-30** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Nyrsta minningarmarkið er úr grágrýti. Það er heilskorið, flatt að ofan og breiðara neðst en efst. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk. Syðst eru tveir hvítir furukrossar með svartri álplötu og fara þeir í 4. flokk.

***Reitir A 15-1 til A 15-15 snúa í austur.***

**A 15-1** Þessir tveir reitir eru afmarkaðir af hlöðnum blágrýtisdröngum sem eru í góðu ástandi og fara þeir í 2. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini sem er undir moldu. Allir hlutar hans eru úr grágrýti. Letrið er meitlað og er upprunalegt. Efst er lágmyndin *Dagur* og neðst er stærri gerðin af handabandi og er það alveg heilt. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**A 15-3 til A 15-6** Eitt minningarmark er að finna á þessum reitum og er það nyrst á svæðinu. Þetta er heilskorinn svartur granítsteinn með sérkennilegu formi. Hann er skorinn sem brattur púltsteinn og hefur fjórar þakhliðar. Hann stendur á undirsteini úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**A 15-7 til A 15-9** Kringum reitinn er grindverk úr samsettum rörum og er það mjög skakkt og brotið. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru hvítir furukrossar með svartri álplötu. Fara í 4. flokk.

**A 15-10 til A 15-11** Minningarmarkið á þessum reitum er fremur lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allt úr grágrýti. Letrið er meitlað og nánast upprunalegt. Fer í 3. flokk.

**A 15-12 til A 15-13** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er hann allur settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Steyptar koparplötur sem festar eru á bakkann. Þær fara í 4. flokk.

**A 15-14 til A 15-15** Minningarmarkið er heilskorinn svartur granítsteinn sem er slípaður að framan. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 15-16 til A 15-30 snúa mót vestri.***

**A 15-16 til A 15-19** Kringum reitina er fallegt stólpagerði úr grágrýtissúlum og liggja tvær pípur á milli. Gerðið er í góðu ástandi og fer í 3. flokk.

Fjögur minningarmörk eru á reitunum. Nyrst er heilskorin blágrýtisplata um 35x50 cm og styðst við grágrýtiskubba. Fer í 4. flokk.

Því næst er stór og mikill granítsteinn slípaður að framan en náttúrulegur á hliðum. Hann hvílir á undirsteini úr sama efni. Letrið er sandblásið og fer hann í 4. flokk.

Suðaustast er heilskorinn grágrýtissteinn og er framhliðin látin hallast mikið. Letrið er sandblásið í steininn. Hann fer í 4. flokk.

Fremst er heilskorinn svartur granítsteinn sem einnig er látinn halla mikið. Hann er fer í 4. flokk.

**A 15-20** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er um 70 cm hár flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt þetta úr grágrýti. Letrið er upprunalegt og meitlað. Steinninn fer í 3. flokk.

**A 15-21** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**A 15-22 til A 15-24** Kringum reitina er stólpagerði úr grágrýti. Í hverju horni er stólpi og liggja milli þeirra tvær pípur. Ástand þessa er gott og fer það í 3. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru klofnir blágrýtisdrangar og er brotflöturinn slípaður. Letrið er sandblásið þar í. Þeir standa á heilskornum ferhyrningi úr sama efni. Þeir fara í 4. flokk.

**A 15-25 til A 15-27** Reitirnir eru umgyrtir af steyptum bakka sem er allsprunginn og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú og öll eins. Þetta eru steyptir standandi púltsteinar með svörtum granítplötum. Sólkross er efst á hverri plötu. Þessir steinar fara í 4. flokk.

**A 15-28 til A 15-30** Á leiði **A 15-30** er bogasteinn úr grágrýti á sökkli og undirsteini og snýr til austurs. Letrið er orðið nokkuð máð. Steinninn hallast til vesturs og þyrfti að rétta hann við.

***Reitir A 16-1 til A 16-15 snúa mót austri.***

**A 16-1 til A 16-2** Kringum reitinn er steypt gerði og gætu hliðarnar verið úr hlöðnum steini en þó er örðugt að greina það. Veggur er milli 3x3 súlna. Hlið er á gerðinu að vestan. Allt er þetta mjög sprungið en hliðið er heilt. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru tvær marmaraplötur sem felldar eru í bakkann austanverðan. Hæðin er á að giska 40 cm en breiddin um 25 cm. Fer í 4. flokk.

**A 16-3 til A 16-5** Á þessum leiðum er að finna eitt minningarmark. Þetta er grænbláleitur granítsteinn, náttúrulegur en slípaður að framan. Hann situr á undirsteini úr marmarasteypu. Letrið er sett með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**A 16-6** Reiturinn afmarkast af gerði með steyptum ferhyrndum stólpum í hverju horni. Tvær pípur ganga á milli þeirra. Ekkert minningarmark er hér að finna og fer þetta í 5. flokk.

**A 16-7** Ekkert er hér að finna.

**A 16-8 til A 16-10** Kringum reitinn er steyptur bakki sem er nokkuð sprunginn en þó í þokkalegu ástandi. Fer í 4. flokk. Minningarmarkið er allstórt fjörugrjótstak með upphleyptu letri en steinninn er annars jafn. Fer í 2. flokk.

**A 16-11 til A 16-12** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Fer í 5. flokk.

Syðst er á gaflinum steypt koparplata sem fer í 4. flokk. Fyrir miðju er mun stærri koparplata en með sama formi og fer hún einnig í 4. flokk.

**A 16-13 til A 16-15** Nyrst og fyrir miðjum reitnum eru tveir hvítir furukrossar með svörtum álplötum. Þeir fara í 4. flokk. Syðst í reitnum er steyptur púltsteinn og er látinn hallast mjög lítið. Hann er mjög sprunginn. Framan á honum hvílir hvít marmaraplata sem er laus og mjög máð en einnig mjög vaxin skófum. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 16-16 til A 16-30 snúa mót vestri.***

**A 16-16 til A 16-18** Reiturinn afmarkast af stólpagerði með sívölum grágrýtisstólpa í hverju horni og vantar þá víða, sérstaklega að vestanverðu. Súlurnar eru allar brotnar. Gerðið fer í 5. flokk enda ónýtt.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru tveir mjög lágir flatir óbeliskar úr grágrýti á sökkli og steyptum undirsteini. Sá nyrðri er með heilu handabandi en letrið er mjög farið að mást. Steinninn fer í 2. flokk. Hinn steinninn er að líkindum mun yngri þótt hann hafi sama form og fer hann í 3. flokk.

**A 16-19 til A 16-20** Ekkert gerði er að finna kringum þessi leiði.

Eitt minningarmark er innan reitsins og er það heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er meiri á lengdina en breiddina. Hann fer í 4. flokk.

**A 16-21** Á þessum reit er þekjusteinn úr grágrýti og er hann um helmingi breiðari neðst en efst. Fer í 3. flokk.

**A 16-22 til A 16-23** Ekkert er hér að finna.

**A 16-24 til A 16-25** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með gafli og þremur hliðarörmum. Ástand hans er sæmilegt og flokkast hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er rauðbrúnleit granítplata sem er felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 16-26 til A 16-27** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með þremur hliðarörmum og gafli. Hann er mjög illa farinn og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er fellt inn í gaflinn og er þetta plata annaðhvort úr hrafntinnu eða svörtu gleri. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**A 16-28 til A 16-30** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru grágrýtissúlur og liggja milli þeirra tvær bronsaðar pípur. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið sem er eitt stendur syðst á reitnum. Þetta er heilskorin þunn blágrýtisflaga sem stendur á heilskornum steini úr sama efni. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 17-1 til A 17-15 snúa mót austri.***

**A 17-1 til A 17-6** Kringum þessa sex reiti er steyptur bakki með gafli og er hann settur bergmylsnu. Bakkinn er í sæmilegu ástandi og fer í 4. flokk. Hér er að finna fjögur minningarmörk. Nyrst er allstór granítplata og er letrið gljáandi á möttum bekkjum. Minningarmarkið sem kemur þar fyrir sunnan er álíka. Fara þau bæði í 4. flokk. Því næst er ögn þykkari plata og er letrið gyllt. Fer einnig í 4. flokk. Þar á eftir er svo svört granítplata með svipuðu formi og hinar tvær fyrstu og fer hún einnig í 4. flokk.

**A 17-7 til A 17-10** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**A 17-11 til A 17-12** Minningarmarkið á þessum reit er marmarabók sem stendur á stuðningssteini úr marmarasalla og fer það í 4. flokk.

**A 17-13** Ekkert er hér að finna.

**A 17-14 til A 17-15** Reiturinn afmarkast af stólpagerði með grágrýtisstólpum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Báðir stólparnir austan megin eru sprungnir. Fer í 4. flokk enda mætti líma saman súlurnar.

Minningarmarkið er mjög stór púltsteinn úr steinsteypu. Í framhliðina er felld inn rauðleit granítplata sem er mun smærri en framhliðin. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitir A 17-16 til A 17-30 snúa mót vestri.***

**A 17-16 til A 17-18** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

**A 17-19** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 4. flokk. Í gaflinn er innfelld svört lítil granítplata sem fer í 4. flokk.

**A 17-20** Ekkert gerði er í kringum þetta leiði. Minningarmarkið er trékross með steyptri álplötu. Fer í 4. flokk.

**A 17-21 til A 17-22** Kringum reitinn er steyptur bakki með sérkennilegum steyptum súlum ofan á í hverju horni. Pípa liggur á milli súlnanna. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er svört granítplata felld í framhliðina. Fer í 4. flokk.

**A 17-23** Minningarmarkið er hvít marmaraplata bogadregin að ofan og með snöggum öxlum sem látin er hvíla á undirsteini úr marmarasalla. Letrið er sett með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**A 17-24** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi afmarkar þetta leiði. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er trékross með útskornu letri og fer í 4. flokk.

**A 17-25 til A 17-30** Ekkert er að finna á öllum þessum reitum.

***Reitir A 18-1 til A 18-15 snúa mót austri.***

**A 18-1 til A 18-4** Steyptur bakki afmarkar reitina og fer hann í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk er hér að finna. Nyrst er að finna granítsúlu sem látin er brotna þvert. Þetta er mjög ljóst gráleitt granít og er frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 1. flokk. Því næst koma tvær samskonar granítplötur sem látnar eru liggja, ögn hærri að aftan en framan. Þær fara í 4. flokk.

**A 18-5 til A 18-6** Hár steyptur bakki er kringum reitinn. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er hvítmálaður furukross með plastplötum og fer í 4. flokk.

**A 18-7 til A 18-8** Hár steyptur bakki er á reitnum og deilir hliðum með þeim hér að framan. Fer í 5. flokk.

**A 18-9 til A 18-11** Framhlið reitsins er afmörkuð með steyptum kubbi. Tvö minningarmörk er hér að finna. Þetta eru hvítir samsettir marmarakrossar sem standa á skornum grágrýtiskubbi. Þeir fara báðir í 4. flokk.

**A 18-12 til A 18-15** Kringum reitinn er steyptur bakki sem er mjög sprunginn og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem er klofinn og slípaður og letrið sandblásið þar á. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 18-16 til A 16-30 snúa mót vestri.***

**A 18-16 til A 18-17** Gerðið er steinsteypt og er nokkuð sprungið. Nýlega steyptur gafl er ofan á bakkanum og þar til hliðar kubbar með steyptu krossmarki. Fer í 4. flokk.
Þrjú minningarmörk heyra til þessum reit. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**A 18-18 til A 18-19** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og háum gafli og er steyptur planki ofan á honum. Hann er í ágætu ástandi og fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata, um 40x50, sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**A 18-20 til A 18-23** Hér í kring er stólpagerði. Þetta eru 2x3 grágrýtisstólpar og liggja tvær pípur á milli þeirra. Allt er ástand þessa gott. Fer í 2. flokk.

Á reitnum eru þrjú minningarmörk. Nyrst er um 80 cm blágrýtisstuðull og er letrið upphleypt á heilblásnum fleti. Þetta minningarmark fer í 3. flokk. Því næst að sunnan er bogasteinn að svipaðri stærð á sökkli og undirsteini úr grágrýti og er letrið upphleypt á blásnum bekkjum. Á sökklinum er svört álplata. Allt hallast þetta nokkuð til austurs. Fer í 3. flokk. Syðst er dökkleitur granítsteinn allhár. Hann stendur á undirsteini sem settur er saman úr fjörugrjóti. Fer í 4. flokk.

**A 18-24 til A 18-26** Kringum reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Á reitnum er að finna þrjú minningarmörk. Nyrst er grágrýtissteinn með krullum efst, stuttum þakhliðum og er hann rúnnaður á brúnum. Hann stendur á sökkli úr sama efni. Letrið er nú orðið mjög máð. Fer í 3. flokk.

Syðst eru tveir heilskornir grágrýtissteinar með púltsteinsformi. Hliðarnar eru afsettar og letrið mjög upphleypt á bekkjum. Fara í 4. flokk.

**A 18-27 til A 18-28** Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er letrið sandblásið í framhliðina. Fer í 4. flokk.

**A 18-29 til A 18-30** Steinsteyptur bakki umlykur reitinn. Hann er í ágætisástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heilskorinn ferhyrndur grágrýtissteinn um 50 cm á hæð og á að giska 40 cm á breidd og fer hann í 4. flokk.

***Reitir A 19-1 til A 19-15 snúa mót austri.***

**A 19-1 til A 19-4** Reitinn afmarkar steyptur bakki með 3x4 súlum ofan á honum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Allar eru þær horfnar að norðanverðu og víða að vestanverðu. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö úr marmara og bera keim þeirra steina sem taldir eru vera frá Hull. Þeir eru merkir vegna uppruna og fara í 2. flokk.

**A 19-5 til A 19-7** Kringum reitinn er steyptur bakki og hefur verið komið fyrir í honum hálfgjörðum úr járni. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr blágrænkornóttu graníti og er steinninn náttúrulegur en skorinn og er letrið blásið í framhliðina. Steinninn liggur lárétt á reitnum og er studdur af smærri steinum. Fer í 4. flokk.

**A 19-8 til A 19-9** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka sem víða er sprunginn. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr afar fallegu graníti sem er bláleitt en með silfuráferð víða. Þetta er ferhyrndur kubbur ekki mjög þykkur og stendur hann á ferhyrndum skornum grágrýtiskubbi. Fer í 4. flokk.

**A 19-10 til A 19-12** Ekkert er að finna á þessum reitum.

**A 19-13 til A 19-15** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergmylsnu. Fer í 3. flokk enda mætti reyna að varðveita hann.

Minningarmörkin sem eru fimm eru öll eins. Þetta eru granítplötur og er letrið gljáandi á möttum bekkjum. Fara í 4. flokk.

***Reitir A 19-16 til A 19-30 snúa mót vestri.***

**A 19-16** Kringum þetta leiði er steyptur bakki í góðu ástandi og er lagt til að hann sé varðveittur. Fer í 3. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**A 19-17 til A 19-20** Ekkert er að finna innan þessa reits.

**A 19-21** Ekkert gerði afmarkar þetta leiði. Minningarmarkið er ómálaður furukross með plastspjaldi sem fer í 4. flokk.

**A 19-22** Hér er ekkert að finna.

**A 19-23 til A 19-25** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan reit. Hann er í sæmilegu ástandi og þó er víða farin að flagna pússningin. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur þunnur kubbur um hálfur metri á breidd og er svört granítplata felld í framhliðina. Fer í 4. flokk.

**A 19-26 til A 19-30** Reiturinn afmarkast með gerði. Neðst er steypt undirstaða en ofan á henni liggja tilhöggnir grágrýtisdrangar. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið sem er fyrir miðju austan megin er úr graníti. Þetta er varði úr hvítkornóttu efni og er letrið mjög máð og erfitt að lesa. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 20-1 til A 20-15 snúa mót austri.***

**A 20-1 til A 20-2** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka með tveimur hliðarörmum og gafli.Allt er þetta sprungið og mosavaxið. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Steyptar koparplötur bogadregnar að ofan sem festar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**A 20-3 til A 20-4** Reiturinn er afmarkaður af hlöðnum grágrýtisdröngum og er ástandið gott. Fer í 3. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrir miðju er grágrýtissvarði á sökkli og líklega undirsteini. Hann er bogadreginn til sín hvorrar áttar efst en ofarlega á framhlið er pálmagrein og krossmark. Fer í 3. flokk.

Fyrir framan er grágrýtisplata og þar í er felld hvít marmaraplata. Fer í 3. flokk.

**A 20-5 til A 20-8** Kringum reitinn er steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Allt er þetta hvítmálað en víða sprungið. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**A 20-9 til A 20-11** Ekkert er hér að finna.

**A 20-12 til A 20-15** Kringum reitinn er steyptur bakki í einkar góðu ástandi. Hann fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er mjög ílangur blágrýtisdrangur sem látinn er standa á tveimur heilskornum blágrýtiskubbum. Letrið er svo blásið ofan í dranginn. Fer í 3. flokk.

***Reitir A 20-16 til A 20-30 snúa mót vestri.***

**A 20-16 til A 20-19** Kringum reitinn er steyptur bakki með 2x3 ferköntuðum blágrýtisdröngum sem eru afsettir. Tvær pípur liggja á milli dranganna og er allt þetta hvítmálað. Fer í 4. flokk.

Nyrst er merkur steinn. Þetta er grágrýtissteinn, um metri á hæð og stendur hann á sökkli sem er afsettur. Varðinn er meitlaður þannig að hann lítur út fyrir að vera sveipaður líni. Fer í 1. flokk.

Sunnar og vestar er heilskorinn hvítur marmarapúltsteinn og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Austar og sunnar er flatur óbeliski á sökkli og steyptum undirsteini.Varðinn er úr graníti sem og sökkullinn en hann er úr ljósara graníti. Allt hallast þetta nokkuð til suðurs. Fer í 4. flokk.

**A 20-20 til A 20-21** Kringum reitinn er steyptur bakki sem víða er sprunginn. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er einkar lágur flatur óbeliski á sökkli og er þetta úr grágrýti. Efst er tákn *Trúar, vonar og kærleiks.* Letrið er meitlað í steininn. Fer í 3. flokk.

**A 20-22 til A 20-23** Á þessum reit er steyptur gafl og einnig steypt til fóta. Hefur enga þýðingu og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú á reitnum. Hin austustu standa á sameiginlegum steyptum undirsteini. Nyrst er grágrýtispúlt með afsettum hliðum. Það stendur nánast lóðrétt. Í bakkanum hvílir svört granítplata og er letrið gljáandi á möttum bekkjum. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

Sunnan megin er heill grágrýtisdrangur sem er afsettur á hliðum og efst. Hann er slípaður að framan og er letrið nokkuð upphleypt á bekkjum. Hann er á að giska um 60 cm á hæð og er breiddin um 50 cm. Fer í 3. flokk. Fyrir framan og fyrir miðjum reitnum er lítil marmarabók sem studd er af undirsteini. Fer í 4. flokk.

**A 20-24 til A 20-27** Kringum reitinn er steyptur bakki sem víða er sprungið úr. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er blágrýtiskubbur um einn metri á lengd en hæðin á að giska 60 cm. Letrið er sandblásið í steininn. Hann stendur á undirsteini sem einnig er jafnskorinn en er um leið afsettur á hliðum og að framan. Fer í 4. flokk.

**A 20-28 til A 20-30** Kringum reitinn er steyptur mosavaxinn bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er varði sem stendur á bakkanum austanverðum. Þetta er bogasteinn með snöggum öxlum og krossmarki og pálmagreinum innan hálfmána efst. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

***Reitir A 21-1- til A 21-15 snúa mót austri.***

**A 21-1 til A 21-3** Gerðið er steyptur mjög hár bakki í slæmu ástandi. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er afskaplega lítill flatur óbeliski á sökkli sem er nær allur hulinn. Verkið er úr grágrýti. Varðinn er brotinn þvert um miðju en letrið virðist vera upprunalegt og meitlað. Fer í 3. flokk.

**A 21-4 til A 21-5** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er þetta allt sett bergmulningi. Er í ágætu ástandi og mætti halda í þetta. Fer í 4. flokk.

Eitt minningarmark er að finna á þessum reit en það er steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 21-6 til A 21-7** Minningarmarkið hér er fjörugrjót með álplötu á. Fer í 4. flokk. Ekkert gerði er kringum reitinn.

**A 21-8 til A 21-10** Kringum reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst og fyrir miðju eru samskonar bogasteinar á sökkli að því er virðist úr óslípuðu graníti og standa þeir á bakka vestarlega í reitnum. Bekkur er meðfram jöðrum steinsins og krossmark upphleypt. Letrið er meitlað í flötinn. Fer í 2. flokk.

Syðst er standandi lágur varði úr tékknesku graníti og stendur hann á grágrýtis-undirstöðu. Fer í 4. flokk.

**A 21-11 til A 21-12** Reiturinn afmarkast af steyptum bakka. Víða er pússningin að falla af honum. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er afar lágur flatur óbeliski á sökkli og er þetta úr grágrýti. Efst hefur verið skrautmynd, væntanlega englamynd en er nú brotin af. Letrið er upprunalegt og er meitlað. Fer í 3. flokk.

**A 21-13 til A 21-15** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór steyptur púltsteinn, um 70x70 cm. Í framhliðina er felld stór steypt koparplata. Steinninn er í góðu ástandi og fer í 3. flokk.

***Reitir A 21-16 til A 21-30 snúa mót vestri.***

**A 21-16 til A 21-18** Kringum reitinn er steyptur hvítmálaður bakki í góðu ástandi og mætti gjarnan reyna að halda í hann. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru heilskornir grágrýtisvarðar um 100 cm á hæð en kannski um 70 cm á breidd og er þykkt þeirra um 15 cm. Þeir standa á hvítmáluðum grágrýtissökklum. Sá nyrsti er með sól meitlaða efst og er letrið mjög lágt upphleypt á bekkjum og svartmálað. Fer í 4. flokk.

Sá syðri er eins að formi en letrið mjög upphleypt og ómálað. Fer í 4. flokk.

**A 21-19 til A 21-20** Ekkert er hér að finna.

**A 21-21 til A 21-22** Steyptur bakki er í kringum reitinn, er hann í slæmu ástandi og hefur ekkert gildi. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og er þetta úr grágrýti. Varðinn hefur verið slípaður að framan ekki fyrir svo löngu síðan og hefur verið skerpt á

upprunalega letrinu með sandblæstri og viðbætur blásnar þar fyrir neðan. Letrið er svartmálað. Neðst á varðanum er minni gerðin af smæstu handabandsgerðinni. Fer í 3. flokk.

**A 21-23 til A 21-24** Ekkert gerði finnst hér. Minningarmarkið er bæsaður furukross með svörtu plastspjaldi og fer hann í 4. flokk.

**A 21-25 til A 21-26** Ekkert gerði er kringum reitinn. Minningarmörkin eru tvö og alveg eins. Ofan í heilskorinn blágrýtiskubb eru felldar granítplötur og er letrið blásið og hvítmálað. Fer í 4. flokk.

**A 21-27 til A 21-28** Kringum reitinn er fallegt stólpagerði. Það er samsett af 3x3 grágrýtisstólpum sem eru afsettir á hliðum og með fjórum þakhliðum. Keðja liggur á milli stólpanna ofan á þeim. Fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er í samræmi við gerðið í kring. Það er grágrýtisvarði á sökkli. Sökkullinn er á að giska 40 cm á hæð en varðinn um metri. Allur er hann afsettur en slípaður að framan. Letrið mun meitlað. Neðst er handaband. Steinninn hallast nokkuð í vestur en sjálfur snýr hann í austur. Minningarmarkið fer, eins og gerðið, í 2. flokk.

**A 21-29 til A 21-30** Kringum reitinn er steyptur bakki sem farinn er að láta á sjá. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisvarði sem hvílir á bakkanum og snýr þetta í vestur. Hann hefur bratta þekju og þykkar útstæðar axlir. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 22-1 til A 22-15 snúa í austur.***

**A 22-1 til A 22-3** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er steyptur planki ofan á þessu öllu allt sett bergmylsnu. Bakkinn er í ágætu ástandi og mætti reyna að halda í hann. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og eru eins. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru inn í gaflinn á að giska 35x50 cm og fara þær í 4. flokk.

**A 22-4 til 22-5** Kringum þennan reit er stólpagerði með sívölum grágrýtisstólpum í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Brotið er ofan af einum stólpanum. Fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er fallegur bogasteinn úr grágrýti um þrisvar sinnum þykkari neðst en efst og hvílir hann á sökkli. Steinninn hefur nýlega verið lagfærður og plastspjald sem var á honum var fjarlægt. Gott dæmi um hvernig laga má slíka steina. Fer í 2. flokk.

**A 22-6 til A 22-8** Steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er planki ofan á þeim. Allt er þetta hvítmálað og í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Þetta eru allt svartar granítplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**A 22-9 til A 22-13** Þetta er stólpagerði og eru steyptir 2x3 drangar og liggja pípur á milli. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er nyrst og er þetta skorinn blágrýtisvarði um 75 cm á hæð og stendur hann á heilskornum blágrýtisundirsteini. Letrið er sandblásið og hvítmálað og fer steinninn í 4. flokk.

Þá kemur fallegur steinn sem margir myndu telja eftir Magnús Geir Guðnason. Hann er úr grágrýti og með krullum efst, snöggum öxlum og snigilkröppum efst og neðst. Hann stendur á sökkli og undirsteini. Efst er meitlað sólarlag við sjó. Steinninn fer í 2. flokk.

Þá er hér að finna einn nokkurra stuðlabergssteina þar sem stuðlabergsstíllinn kemur einna best fram. Hann er úr grágrýti og felld í hann miðjan plata úr sama efni. Hann stendur á afsettum sökkli. Fer í 2. flokk.

**A 22-14 til A 22-15** Kringum reitinn er steyptur bakki sem settur er bergmylsnu og fer hann í 5. flokk.

Fyrir miðju er steyptur kubbur með innfelldri granítplötu og fer þetta minningarmark í 4. flokk.

***Reitir A 22-16 til A 22-30 snúa mót vestri.***

**A 22-16 til A 22-21** Á þessum sex leiðum er ekkert að finna.

**A 22-22** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem hallar nokkuð til suðurs. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn, um 40x40 cm. Svört granítplata er felld í framhlið steinsins. Fer í 4. flokk.

**A 22-23** Á þessu leiði er einnig steyptur púltsteinn um 50x50 cm og er dökkleit granítplata felld í framhlið hans. Fer í 4. flokk.

**A 22-24 til A 22-26** Ekkert er að finna á þessum reit.

**A 22-27 til A 22-28** Minningarmarkið á þessum reit er heilskorinn svartur granítsteinn með púltsteinslagi á að giska 50x50 cm. Fer í 4. flokk.

**A 22-29** Gerðið er stólpagerði og eru í hverju horni ferkantaðir steyptir drangar, bogadregnir að ofan. Tvær pípur liggja milli þeirra en þær vantar að norðan og sunnan. Fer í 5. flokk.

**A 22-30** Ekkert er að finna á þessu leiði.

***Reitir A 23-1 til A 23-15 snúa í austur.***

**A 23-1 til A 23-5** Kringum þessa reiti er steyptur bakki og er víða brotið úr honum. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Það nyrsta og það syðsta eru alveg eins. Þetta eru heilskornir svartir granítpúltsteinar sem liggja mjög flatir. Fara í 4. flokk.

Fyrir miðju er afar stór svartur granítpúltsteinn, að öllum líkindum sá stærsti sinnar tegundar í garðinum. Ekki er ólíklegt að hann sé frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer hann í 2. flokk.

**A 23-6 til A 23-8** Kringum reitinn er hár og mikill steinsteyptur bakki sem víða er brotið úr og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið ber glögg einkenni stuðlabergsstefnunnar. Þetta er stór grágrýtissteinn og stendur á miklum grágrýtissökkli. Letrið er upphleypt á blásnum fleti. Neðst

á steininum eru meitlaðar rifflur sem gætu táknað sólarlag eða norðurljós. Fer í 2. flokk.

**A 23-9 til A 23-12** Kringum reitinn er steyptur bakki allhár og í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Nyrsta minningarmarkið á reitnum er grágrýtisvarði á sökkli. Þetta er einn þeirra steina sem hefur bratta burst fyrir miðju en útstæðar axlir þar til hliðar. Efst á varðanum er Thorvaldsensverkið *Nótt* og er plattinn alveg heill. Letrið er meitlað. Steinninn er fallegur og fer í 2. flokk.

Sunnan við hann er marmarasteinn með lágu bogadregnu þaki fyrir miðju. Fer í 4. flokk.

Að lokum er hér lítill varði með tveimur þakhliðum og stendur hann á sökkli úr grágrýti. Varðinn hallast nokkuð til suðurs. Fer í 4. flokk.

**A 23-13 til A 23-15** Kringum reitinn er steyptur bakki nokkuð grófgerður en í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

***Reitir A 23-16 til A 23-30 snúa mót vestri.***

**A 23-16 til A 23-20** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er steyptur planki ofan á honum. Allur er hann settur bergmylsnu. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum er að finna sex minningarmörk.

Hér eru þrír heilskornir grágrýtispúltsteinar um 50x60 cm og er letrið upphleypt á bekkjum. Fara í 3. flokk. Syðst eru samskonar steinar, úr sama efni en mun yngri og eru nánast gljáslípaðir. Letrið er einnig upphleypt á bekkjum. Fara í 4. flokk. Fyrir framan og fyrir miðju er alveg samskonar steinn sem einnig fer í 4. flokk.

Fyrir miðju austast er stærsta minningarmarkið og máski það upprunalega en það er mikill grágrýtisvarði sem allur er á þverveginn og er í stuðlabergsstíl í anda þjóðernis-rómantíkur. Hann er á að giska um 70 cm á hæð en breiddin um 120-130 cm og letrið er upphleypt á bekkjum. Sökkullinn er meitlaður þannig að sjö stallar mynda undir-stöðuna. Steinninn fer í 2. flokk.

**A 23-21 til A 23-23** Hlaðinn bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hann er víða mjög sprunginn og fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum.

Fyrir miðju er lítil svört granítplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk. Sín hvorum megin við hana eru mun stærri plötur úr sama efni sem skrúfaðar eru í gaflinn. Fara þær einnig í 4. flokk.

**A 23-24 til A 23-26** Kringum reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi þótt víða sé kvarnað úr honum og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvítur marmaravarði, jafn á öllum hliðum. Undirsteinninn er einnig úr hvítum marmara. Fer í 4. flokk.

**A 23-27 til A 23-30** Kringum reitinn er steypt gerði. Þetta eru 3x4 steyptir drangar, bogadregnir að ofan og liggur keðja á milli þeirra. Fer í 3. flokk.

Nyrsta minningarmarkið er úr hvítum marmara. Á framhliðinni eru meitlaðar bergfléttur sem hríslast niður varðann. Hann stendur á sökkli sem einnig er skreyttur. Efst á varðanum hefur verið kross sem nú er brotinn af. Inn í varðann er felld svört granítplata. Steinninn fer í 2. flokk.

Því næst eru hér sunnar tveir steyptir steinar sem standa á sökkli úr grágrýti. Í framhlið þeirra er felld svört granítplata. Þeir fara í 4. flokk.

Syðst er fallegur granítsteinn líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn. Áletrunin er á fallega glansandi sporöskju og fer steinninn í 3. flokk.

***Reitir A 24-1 til A 24-15 snúa mót austri.***

**A 24-1 til A 24-2** Kringum reitina er steyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr brúnleitu graníti. Þetta er ferhyrndur varði og stendur hann á sökkli sem steyptur er úr granítmolum. Sökkullinn er nokkuð sprunginn. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**A 24-3 til A 24-4** Ekkert gerði umlykur reitinn.

Minningarmarkið er steypt og með bogabungu að aftan. Framan á honum liggur hvít marmaraplata sem er sprungin. Efst hefur verið englamynd en er nú horfin. Sjálfur steinninn er einnig að springa. Fer í 4. flokk.

**A 24-5 til A 24-7** Kringum reitinn er steyptur bakki sem mjög er sprunginn. Ofan á honum hefur að öllum líkindum verið smíðajárnsgrindverk en það er nú horfið. Svo virðist sem grágrýtisstöplar hafi verið ofan á bakkanum og liggja þeir nú við hann. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Letrið er meitlað og fer þetta í 3. flokk.

**A 24-8** Ekkert er að finna á þessu leiði. Steypt er til fóta til að aðgreina stíginn frá reitnum.

**A 24-9 til 24-10** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x3 súlum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr grágrýti sem og sökkullinn. Þetta er nokkuð algengur varði með brattri þekju og háum ypptum öxlum en varðinn er ögn breiðari en vanalegt er. Letrið er meitlað og er gyllt þar í. Steinninn hallast nokkuð til norðausturs. Hann fer í 3. flokk.

**A 24-11** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**A 24-12 til A 24-15** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er þetta allt sett grófum bergsalla. Bakkinn fer í 5. flokk. Að sunnanverðu eru þrjár svartar granítplötur felldar inn í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

***Reitir A 24-16 til A 24-30 snúa mót vestri.***

**A 24-16 til A 24-17** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**A 24-18* til A 24-19** Reitinn afmarkar steyptur rammi í góðu ástandi og ætti að halda í hann. Fer í 4. flokk. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum. Annars vegar er blágrýtisstuðull yfir Helga Helgasyni tónskáldi og er falleg harpa meitluð í steininn og er steinninn að öllu leyti merkur. Fer í 2. flokk.

Þar til hliðar er meitlaður blá- eða grágrýtispúltsteinn, afsettur á hliðum og að ofan. Framan á steininum er sandblásinn bekkur og er letrið þar meitlað á. Fer í 3. flokk.

**A 24-20* til A 24-21** Fyrra minningarmarkið á þessum reit er hjúpuð súla úr hvítum marmara og er minningarmarkið merkilegt vegna táknfræði. Þetta mun líka vera eina minningarmarkið sinnar tegundar í garðinum. Súlan stendur á sökkli úr grágrýti. Fer í 2. flokk.

Til hliðar er grágrýtispúltsteinn með upphleyptu letri á bekkjum og fer hann í 4. flokk.

**A 24-22 til A 24-25** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er mjög illa farinn og líklega ónýtur. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er að finna á reitnum og eru þau eins að efni og formi. Þetta eru allstórir grágrýtispúltsteinar, heilskornir og er letrið sandblásið þar í. Fara þeir í 4. flokk.

**A 24-26** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**A 24-27 til A 24-30** Kringum reitinn er steyptur bakki sem víða er farið að kvarnast upp úr. Fer í 5. flokk.

Nyrsta minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti og stendur á sökkli og undirsteini úr sama efni. Efst er koparpinni sem bendir til að einhverskonar englamynd hafi verið efst á steininum en hún er nú horfin. Letrið er meitlað. Framan á varðann hefur verið skrúfuð steypt álplata og er þetta lýti. Steinninn fer þó í 3. flokk.

Þá er hér ílangur blágrýtispúltsteinn og hallar hann mjög miðað við lóðrétta línu. Letrið er blásið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Syðst á reitnum er steyptur púltsteinn um 45x60 cm og er innfelld framan á hann dökkleit granítplata sem er mun minni en framhliðin sjálf. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 25-1 til A 25-15 snúa mót austri.***

**A 25-1 til A 24-2** Kringum reitinn er mjög fallegt gerði úr grágrýtisstólpum, fallega meitluðum. Fer sú umgjörð í 2. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er hæðin um 230 cm. Varðinn er slípaður að framan og letrið er upphleypt á bekkjum. Reiturinn allur myndar skemmtilega heild og fer minningarmark og umgjörð í 2. flokk.

**A 25-3 til A 25-6** Þrjú minningarmörk er að finna á þessum reit og eru þau eins að formi. Stærðin er um 40x40. Hvert þeirra er bogadregið að ofan og er letrið sandblásið. Efst eru koparblóm. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**A 25-7 til A 25-8** Kringum reitinn er steyptur rammi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít marmarabók sem stendur á steyptum sökkli. Fer í 4. flokk.

**A 25-9 til A 25-10** Á þessum reitum liggur furukross sem óvíst er hvar á heima og fer hann í 4. flokk.

**A 25-11** Ekkert er að finna á þessum reit.

**A 25-12 til A 25-15** Á þessum reit er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er letrið meitlað. Fer í 3. flokk.
Sunnar er grágrýtisferningur á sökkli úr sama efni. Letrið er upphleypt á bekkjum en framhliðin er slípuð. Fer í 3. flokk.

**Reitir A 25-16 til A 25-30 snúa mót vestri.**

**A 25-16 til A 25-21** Kringum reitinn er steyptur bakki með grófu fjörugrjóti sem fer í 5. flokk.
Nyrst er dökkleitur granítvarði sem stendur á heilskornum grágrýtissökkli. Letrið er upphleypt á bekkjum en blómamynd efst. Fer í 4. flokk.
Varðinn við hliðina er alveg eins nema felld er inn mynd í ramma efst. Fer einnig í 4. flokk.
Sunnan við þetta er hvítur trékross en á hann vantar spjaldið. Fer í 4. flokk. Þá er hér alveg syðst samskonar varði og lýst var hér fyrst en úr grágrýti. Fer í 4. flokk Syðst á þessum stóra reit, svo að segja á leiðum **A 25-20 til A 25-21** er varði með tveimur þakhliðum og er hann töluvert þykkari neðst en efst. Letrið er meitlað og fer hann því í 3. flokk.

**A 25-22 til A 25-23** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Steyptur planki ofan á gaflinum umlykur reitinn. Allur er bakkinn settur bergmylsnu. Hann er að sjá ónýtur og fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 25-24 til A 25-25** Á reitnum er hvítur furukross með svartri steyptri álplötu. Fer í 4. flokk.

**A 25-26 til A 25-27** Á reitnum er bogasteinn úr grágrýti á að giska um 70 cm á hæð. Letrið er meitlað og fer þessi steinn í 3. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

**A 25-28 til A 25-30** Kringum reitinn er steyptur bakki sem hefur verið málaður hvítur. Hann er allur mjög sprunginn og líklega ónýtur. Fer hann því í 5. flokk.
Minningarmarkið er algengur grágrýtisvarði með þekju og ypptum öxlum. Letrið er sandblásið en steinninn fer í 3. flokk.

***Reitir A 26-1 til A 26-15 snúa í austur.***

**A 26-1 til A 26-2** Reiturinn afmarkast af steyptum ramma sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr dökku graníti. Steinninn er óreglulegur að ofan en annars eru hliðar beinar. Framhliðin er slípuð og er áletrunin blásin. Steinninn stendur á sökkli úr sama efni og fer í 4. flokk.

**A 26-3 til A 26-4** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er bogadreginn granítvarði sem stendur á sökkli úr sama efni. Framhlið varðans er slípuð og letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

**A 26-5 til A 26-7** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum sem mynda reitinn.

**A 26-8 til A 26-10** Kringum reitinn er steypt gerði og er smíðajárnshlið að framan. Fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata í háum púltsteini og fer hún í 4. flokk.

**A 26-11 til A 26-13** Reitinn afmarkar gerði úr 2x3 tilhöggnum grágrýtissúlum og liggja tvær pípur á milli hverra súlna. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum og fer gerðið í 2. flokk.

**A 26-14 til A 26-15** Ekkert er að finna á þessum reit.

***Reitir A 26-16 til A 26-30 snúa mót vestri.***

**A 26-16 til A 26-19** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x4 steyptum dröngum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Allt er þetta mjög sprungið. Fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er heilskorinn granítpúltsteinn og er letrið gljáandi á möttum bekkjum. Fer í 4. flokk.
Þá er hér sunnar heilskorinn blágrýtispúltsteinn mun stærri en sá fyrri og er letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

**A 26-20 til A 26-21** Umhverfis reitinn er gerði úr grágrýtissúlum og er ein í hverju horni. Tvær málmpípur liggja milli hverra súlna og fer gerðið í 3. flokk.
Minningarmarkið er úr grófkornóttu rauðleitu graníti og stendur steinninn á heilskornum grágrýtissökkli. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**A 26-22 til A 26-23** Kringum reitinn er steyptur bakki með 2x3 súlum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Bakkinn er í slæmu ástandi og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Efst er *Nótt* Thorvaldsens og er lágmyndin heil. Fer í 2. flokk.

**A 26-24 til A 26-25** Ekkert gerði er kringum reitinn. Minningarmarkið er úr marmara, nútímalegt og fer í 4. flokk.

**A 26-26 til A 26-27** Kringum reitinn er steyptur bakki mjög alkalískemmdur. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steyptur púltsteinn ákaflega brattur. Hann er settur bergsalla og framan í hann er innfelld svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**A 26-28 til A 26-30** Í kring er steyptur rammi sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er rauðleit granítplata sem látin er liggja á reitnum og flokkast því ekki undir púltstein. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 27-1 til A 27-15 snúa mót austri.***

**A 27-1 til A 27-2** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**A 27-3 til A 27-6** Fallega meitlaðir grágrýtisstólpar, afsettir á hliðum afmarka reitinn. Keðja liggur ofan á þeim. Fer í 3. flokk. Minningarmarkið er fyrir miðju og er það steyptur púltsteinn með afar stórri steyptri koparplötu. Fer í 4. flokk.

**A 27-7 til A 27-8** Ekkert er hér að finna.

**A 27-9 til A 27-10** Hvítmálaðir grágrýtisstólpar eru í hverju horni reitsins og liggja tvær hvítmálaðar pípur milli stólpanna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogadreginn grágrýtissteinn á sökkli. Hann hefur í upphafi verið meitlaður en letrið er nú sandblásið og framhliðin fægð. Efst er meitlað *Trú, von og kærleikur*. Fer í 4. flokk.

**A 27-11** Minningarmarkið er hvítur furukross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

**A 27-12 til A 27-13** Hér er ekkert að finna.

**A 27-14** Hér eru leifar af trékrossi og fer hann vitaskuld í 4. flokk.

**A 27-15** Hér er ekkert að finna.

***Reitir A 27-16 til A 27-30 snúa mót vestri.***

**A 27-16** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**A 27-17** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki og eru stórir veggir hlaðnir ofan á hann. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**A 27-18 til A 27-22** Ekkert er að finna á þessum fimm leiðum sem mynda reitinn.

**A 27-23** Ekkert gerði er kringum leiðið. Minningarmarkið er grágrýtisvarði nánast jafnbreiður og hár og er letrið upphleypt á sandblásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**A 27-24 til A 27-27** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**A 27-28 til A 27-30** Steyptur allhár bakki í sæmilegu ástandi umlykur reitinn. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem er skorinn og slípaður og er letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 28-1 til A 28-8 snúa mót austri.***

**A 28-1 til A 28-3** Engin minningarmörk er að finna á þessum reit. Bakkinn sem afmarkaði reitinn var rifinn vegna þess hve morkinn hann var og plöturnar af gaflinum eru varðveittar í þjónustuhúsi. Þær tvær fara í 4. flokk.

**A 28-4 til A 28-8** Kringum reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi enda endurnýjaður fyrir um tveimur árum. Fer í 5. flokk.

Annað minningarmarkið er stór og mikill náttúrulegur grágrýtisdrangur og er letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

Þá er hér blágrýtisflaga skorin til þess að vera púltsteinn og er letrið einnig sandblásið. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 28-9 til A 28-21 snúa í vestur.***

**A 28-9 til A 28-10** Kringum reitina er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er í hinum dæmigerða stuðlabergsstíl í anda þjóðernisrómantíkur, úr grágrýti. Álplata hefur verið skrúfuð á sökkul steinsins. Flokka verður þennan stein í 3. flokk vegna þessarar plötu, þó varðar af þessari gerð eigi fremur heima í 2. flokki.

**A 28-11 til A 28-13** Steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er hann settur bergmylsnu. Víða er hann farinn að flagna og fer hann í 5. flokk.

Svört granítplata er skrúfuð í bakkann og fer hún í 4. flokk.

**A 28-14** Minningarmarkið er blágrýtisdrangur með mjög einföldu eða viðvaningslega meitluðu og svartmáluðu letri. Fer í 4. flokk.

**A 28-15 til A 28-18** Steyptur bakki er umhverfis reitinn. Ofan á honum eru 2x3 meitlaðir grágrýtisdrangar. Víða vantar pípurnar sem liggja eiga á milli súlnanna. Fer í 3. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er svartur granítkubbur. *„Vertu umvafin Guðs ástar örmum ástkæra dóttir“* stendur á steininum. Efst hefur verið postulínsmynd en er nú horfin. Fer í 3. flokk vegna áletrunar.

Syðst er grænleitur granítsteinn. Letrið er sandblásið ofan í framhlið en er óskýrt. Fer í 4. flokk.

**A 28-19 til A 28-21** Minningarmörkin eru fjögur. Allt eru þetta heilskornir svartir granítpúltarar sem látnir eru halla allmikið. Fara í 4. flokk.

***Reitir A 18-22 til A 28-26 snúa í austur.***

**A 28-22 til A 28-26** Steyptur bakki með 3x9 súlum og er allt sett bergsalla. Engar pípur liggja á milli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Nyrst er blágrýtisdrangur með sandblásnu máluðu letri. Fer í 4. flokk. Þá er hér næst granítsteinn ferkantaður með sandblásnu letri og fer hann einnig í 4. flokk. Því næst er heill blágrýtispúltsteinn sem fer einnig í 4. flokk. Að lokum er lágur blágrýtisdrangur sem fer einnig í 4. flokk.

***Reitir A 29-1 til A 29-8 snúa í austur.***

**A 29-1 til A 29-3** Kringum reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst er bæsaður furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk. Hin tvö eru alveg eins. Þetta eru marmaraferhyrningar á sökkli en til hliðanna eru meitluð öfug blys. Fara í 2. flokk vegna táknfræði.

**A 29-4 til A 29-5** Reiturinn er afmarkaður af steyptum dröngum fremst en annars er hlaðið fjörugrjót. Fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtisdrangur skorinn og slípaður en undirsteinninn er þverskorin blágrýtisflaga. Fer í 4. flokk.

**A 29-6 til A 29-8** Kringum reitinn er steyptur bakki sem heita má ónýtur og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn. Í hann er innfelld grágrýtisplata. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 29-9 til A 29-21 snúa í vestur.***

**A 29-9 til A 29-11** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmörkin eru tvö. Það nyrðra er steyptur púltsteinn. Í framhlið hans er skrúfuð svört glerplata fremur en að þetta sé hrafntinna. Fer í 4. flokk.
Hitt er blágrýtisdrangur með koparstöfum og krossi. Fer einnig í 4. flokk.

**A 29-12 til A 29-13** Minningarmarkið er steyptur steinn með einhverskonar fíberplötu sem skrúfuð er í steininn. Fer í 4. flokk.

**A 29-14 til A 29-16** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**A 29-17 til A 29-18** Kringum reitinn er steyptur bakki með steyptum dröngum á og gafli. Keðja liggur á milli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**A 29-19** Ekkert er að finna á þessum reit.

**A 29-20 til A 29-21** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem nú er ónýtur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 29-22 til A 29-26 snúa í austur.***

**A 29-22 til A 29-23** Steyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er þykkur stuðlabergsdrangur sem er skorinn og slípaður og hvílir á blágrýtisflögu. Fer í 4. flokk.

**A 29-24** Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er í framhlið hans ílöng hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**A 29-25 til A 29-26** Steyptur bakki með 3x3 steyptum dröngum og liggur keðja á milli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er granítvarði á miklum afsettum sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 30-1 til A 30-8 snúa í austur.***

**A 30-1 til A 30-4** Steyptur bakki hár og mikill en víða farið að kvarnast úr honum. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er stuðlabergsdrangur sem er skorinn og slípaður og stendur á þverskorinni stuðlabergssneið. Fer í 4. flokk.

**A 30-5 til A 30-8** Steyptur bakki með hliðarörmum og gafli. Þetta er hvítmálað og í ágætu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru svartar granítplötur með sandblásnu letri. Fara í 4. flokk.

***Reitir A 30-9 til A 30-21 snúa mót vestri.***

**A 30-9 til A 30-12** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er blágrýtisplata sem stendur á stuðningssteini. Fer í 4. flokk.

**A 30-13 til A 30-14** Reitinn afmarkar steyptur bakki með háum gafli og er allt þetta sett bergsalla. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er grágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 30-15 til A 30-16** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x3 ferhyrndum stólpum og liggja tvær pípur á milli þeirra. Ástand þessa er gott og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er fjörugrjót með upphleyptu letri. Fer í 3. flokk. Á steininum stendur: *„Drottinn er minn hirðir. Kveðja frá KFUK stúlkum.“*

**A 30-17 til A 30-18** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með gafli og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 30-19** Ekkert gerði er á reitnum.

Minningarmarkið er bogasteinn með púltsteinsformi. Hann er um þriðjungi þykkari neðst en efst og er með bogadregnar axlir. Letrið er meitlað en neðst stendur: *„vertu sæll.“* Fer í 3. flokk.

**A 30-20 til A 30-21** Steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er þetta sett bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 30-22 til A 30-26 snúa mót austri.***

**A 30-22 til A 30-23** Steyptur bakki með bergsalla í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru steyptir steinar með innfelldum granítplötum en sá nyrsti virðist vera með litaðri plastplötu. Fara í 4. flokk.

**A 30-24** Steyptur bakki með 2x3 súlum. Lengdin er í austur-vestur. Tvær pípur liggja á milli. Víða er þetta sprungið. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bæsaður furukross með tveimur spjöldum á. Fer í 4. flokk.

**A 30-25 til A 30-26** Steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Það syðra er steypt koparplata sem skrúfuð er í gaflinn en það nyrðra er hvít marmaraplata sem þar er felld inn. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

***Reitir A 31-1 til A 31-8 snúa mót austri.***

**A 31-1 til A 31-2** Steyptur rammi með löngum hliðararmi og gafli og er þetta hvítmálað. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 31-3 til 31-4** Steyptur bakki í mjög lélegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Vestast er steyptur kubbur á steyptum sökkli en í kubbinn er innfelld svört granítplata. Fer í 4. flokk. Fyrir framan er hvít marmaraplata með koparstöfum og stendur hún á stuðningssteini úr marmarasalla. Fer í 4. flokk.

**A 31-5 til A 31-8** Kringum reitinn er trégrindverk í lélegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er liggjandi stuðladrangur, skorinn og slípaður og liggur á tveimur litlum blágrýtiskubbum. Fer í 4. flokk.

***Reitir A 31-9 til A 31-20 snúa mót vestri.***

**A 31-9** Steinsteyptur bakki með gafli kringum einstaklingsreit. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt koparplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**A 31-10** Hér er ekkert að finna.

**A 31-11 til A 31-13** Kringum reitinn er stólpagerði. Þetta eru 2x3 grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 3. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Það nyrsta er heilskorinn púltsteinn úr grágrýti. Merki eru um einhverskonar englamynd efst á honum. Í framhliðina er felld inn svört granítplata. Fer í 4. flokk.
Því næst er hér drangur með þekju og öxlum og stendur hann á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Nótt* og er hún alveg heil. Hvít marmaraplata er felld í steininn en neðan hennar er heilt handaband. Steinninn hallast mjög til suðausturs og er að falli kominn. Fer í 2. flokk. Að lokum er hér flatur óbeliski á sökkli og undirsteini allt úr grágrýti. Efst hefur verið eitthvað skraut enda er þar eftir járnpinni. Letrið er meitlað. Fer í 3. flokk.

**A 31-14 til A 31-16** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**A 31-17 til A 31-18** Reitinn afmarkar steyptur bakki. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtispúlt, afsett á hliðum og letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**A 31-19 til A 31-20** Kringum reitinn er steyptur bakki sem víða er mjög sprunginn. Fer í 5. flokk.
Heilskorinn allhár grágrýtissteinn á sökkli ferkantaður um 70 cm á hæð en breidd um 50 cm. Efst er þriðjungssól og letrið er upphleypt á bekkjum. Algengt lag á þessu tímabili og fer í 3. flokk.

***Reitir A 31-21 til A 31-26 snúa í austur.***

**A 31-21 til A 31-22** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Þetta er allt sett bergsalla, virðist nýuppgert og fer í 3. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Í gaflinum eru tvær hvítar marmaraplötur og fara þær í 4. flokk. Fyrir framan er skáskorin flaga úr stuðlabergsdrangi sem látin er halla lítið eitt og hefur því púltsteinsform. Fer einnig í 4. flokk.

**A 31-23 til A 31-24** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Allt er þetta mjög sprungið. Þessi bakki fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Allt svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn sem fara í 4. flokk.

**A 31-25 til A 31-26** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Syðst er heilskorinn grágrýtissteinn og er letrið sandblásið. Fer í 4. flokk. Því næst er nokkuð há þverskorinn stuðladrangur sem hefur því púltsteinsform og fer hann í 4. flokk.

***Reitir A 32-1 til A 32-22 snúa í austur.***

**A 32-1 til A 32-8** Ekkert er að finna á þessum átta reitum.

**A 32-9** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**A 32-10 til A 32-12** Ekkert gerði er að finna umhverfis þennan reit en hlaðið grjót í kring.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem stendur á undirsteini úr marmarasalla með stuðningshornum. Fer í 4. flokk.

**A 32-13 til A 32-16** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**A 32-17 til A 32-18** Steyptur bakki er kringum reitinn. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri grágrýtisplötu. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer hann í 4. flokk.

**A 32-19 til A 32-20** Steyptur rammi sem víða er flagnaður. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er breiður granítvarði bogadreginn efst en mjókkar eftir því sem neðar dregur. Koparstafir eru límdir á varðann og stendur hann á miklum granítsökkli. Fer í 4. flokk.

**A 32-21 til A 32-22** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni er grágrýtissúla og hafa legið tvær pípur þar á milli. Ennþá eru tvær eftir að vestanverðu og ein að austanverðu. Gerðið fer í 3. flokk.

# Reitasafn B

*REITASAFN B*

***Reitaröð B 1-1 til B 1-12 snýr mót vestri.***

**B 1-1 til B 1-2** Kringum þennan einstaklingsreit eru hlaðnir grágrýtisstólpar með fjórum þakhliðum. Einn stólpi er í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Umgjörðin er í ágætisástandi en hallar nokkuð til austurs. Umgjörð þessi fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og líklega undirsteini en hann sést ekki. Efst í varðanum er lágmyndin *Nótt* og er hún ögn sprungin. Letrið er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Steinninn fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er heilskorinn granítpúltsteinn. Letrið er sandblásið niður í framhliðina og er málað svart. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 1-3 til B 1-4** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með steinsteyptum drangi í hverju horni og tvær pípur á milli en þær vantar að vestanverðu. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Sökkullinn er oddhöggvinn, en áletrunin framan á varðanum er meitluð upphleypt á heilum oddhöggnum fleti. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**B 1-5 til B 1-8** Kringum reitinn er stólpagerði. Hér eru 2x3 drangar og liggja tvær pípur á milli hverra þeirra en pípurnar vantar í norðvesturhorninu. Umgjörðin fer í 3. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er granítsteinn á að því er virðist, steinsteyptum sökkli. Þakhlið varðans hallar frá vinstri niður til hægri. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

**B 1-9 til B 1-12** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

***Reitir B 1-13 til B 1-24 snúa í austur.***

**B 1-13** Kringum reitinn er umgjörð, hlaðin úr grágrýti. Í hverju horni eru ferhyrndir stólpar og liggja á milli tvær pípur. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Sökkullinn er gróft stokkhöggvinn eða fínt oddhöggvinn. Hann er bogadreginn að ofan með öxlum. Fyrir miðju er hringlaga platti úr hvítum marmara. Legsteinninn fer í 3. flokk.

**B 1-15 til B 1-18** Kringum reitinn er steyptur rammi sem mjög er farinn að láta á sjá og er hann mjög siginn. Ramminn fer í 5. flokk. Á milli leiða **B 1-16 og B 1-17** er stór steyptur undirsteinn. Minningarmarkið er blágrýtisvarði með sandblásnu letri og fer hann í 3. flokk.

**B 1-19 til B 1-20** Reitinn afmarkar steinsteyptur rammi og er hann alveg ónýtur. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn og er steypt koparplata felld inn í framhlið hans. Steinninn er nokkuð skemmdur og fer í 4. flokk.

**B 1-21 til B 1-24** Kringum þennan reit er hátt, steinsteypt hvítmálað gerði með stóru koparhliði að framan. Gerðið fer í 4. flokk.

Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk. Þetta eru svartar granítplötur sem festar eru á bakkann og er letrið upphleypt á bekkjum. Plöturnar fara í 5. flokk.

***Reitir B 2-1 til B 2-12 snúa í austur.***

**B 2-1 til B 2-4** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og þar á smíðajárnsgrindverk. Hlið hefur verið á grindverkinu en það er mjög ryðgað og illa farið. Það fer í 2. flokk þar sem reyna þyrfti að halda í það sem eftir er af því.

Þrír legsteinar eru á reitnum og eru tveir þeirra, sá syðri og sá nyrðri, alveg eins. Þetta eru stórir og miklir drangar, um 120 cm á hæð og standa á lágum sökkli. Þeir eru úr heilskornu fallegu graníti með silfuráferð, bogadregnir að ofan með snöggum öxlum. Efst er Möltukross en brúnirnar eru meitlaðar þannig að minnir á reipi.

Fyrir miðju, á milli hinna steinanna, er bogasteinn úr svörtu graníti, með sléttum öxlum. Hann er um 70 cm á hæð og stendur á steyptum undirsteini. Á honum er einnig Möltukross. Steinarnir mynda fallega heild og fara þeir allir í 2. flokk.

**B 2-5 til B 2-8** Hér í kring er steinsteyptur rammi sem nýtir aðliggjandi gafl og fer ramminn í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna. Nyrst er steinsteyptur steinn, á að giska 80-90 cm á hæð. Hann er með tvo steinsteypta hliðarstólpa og stendur á steyptum undirsteini. Allt er þetta sett bergmylsnu. Efst er kross, líklega úr dökku graníti. Í framhlið steinsins er innfelld granítplata. Steinninn fer í 4. flokk.

Hinn legsteinninn er grágrýtissteinn sem er skorinn þannig að vinstri þakhlið er styttri en sú hægri. Letrið er upphleypt á bekkjum. Á steininum er meitlaður kross og svo er að sjá sem öldur sjávarins brotni á krossinum sem stendur óhaggaður. Steinninn er slípaður og slétt skorinn og stendur á skornum kubbi. Steinninn fer í 1. flokk.

**B 2-9 til B 2-10** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lítill legsteinn, bogadreginn að ofan og með snöggum öxlum. Efst er krossmark og pálmagreinar. Letrið upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 3. flokk.

**B 2-11 til B 2-12** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem er í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er bæsaður furukross með gylltri álplötu. Krossinn fer í 4. flokk.

***Reitaröðin B 2-13 til B 2-24 snýr mót austri.***

**B 2-13 til B 2-18** Ekkert er að finna á þessum sex leiðum.

**B 2-19 til B 2-20** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með gafli og eru breiðar súlur í gaflendanum. Umgjörðin fer í 5. flokk. Minningarmarkið er glerplata sem skrúfuð er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**B 2-21 til B 2-24** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Á honum eru langir hliðar-armar og örlítið hærri gafl og er þetta allt sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru alveg syðst í reitnum. Þetta eru háar svartar grágrýtisplötur sem eru felldar inn í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

***Reitir B 3-1 til B 3-9 snúa í vestur.***

**B 3-1 til B 3-4** Stólpagerði afmarkar þennan reit. Það er sett saman úr 2x3 grágrýtis-sívalningum og liggja tvær pípur á milli hvers stólpa. Þessi umgjörð fer í 3. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Nyrst standa hlið við hlið mjög lágir flatir óbeliskar á sökkli með meitluðu letri og eru steinarnir mjög teknir að veðrast en þeir fara í 3. flokk. Þriðja minningarmarkið er svo svört granítplata. Hún er með þekju og styðst við stein úr marmarasteypu. Á plötunni eru koparstafir og koparkross. Platan fer í 4. flokk.

**B 3-5 til B 3-6** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er bæsaður furukross með álspjaldi, sem fer í 4. flokk.

**B 3-7** Umhverfis þetta leiði er steinsteyptur bakki og er hann allur siginn. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá og hefur það verið fært til þar sem tré þrengir að því. Minningarmarkið er lágur þekjusteinn á sökkli og er úr svörtu graníti. Varðinn er slípaður að framan og letrið er meitlað ofan í. Steinninn er mjög líklega frá Schannong og fer í 4. flokk.

**B 3-8 til B 3-9** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**B 3-10 til B 3-12 og B 3-22 til B 3-24** tilheyra öll sama reitnum og snúa þau í austur. Fyrra minningarmarkið er legsteinn úr brúnbleikleitu graníti. Efst er meitlaður kaðall á jöðrum og þar hjá er Möltukross. Letrið er sandblásið niður og fer steinninn í 4. flokk. Seinna minningarmarkið er furukross og heyrir til leiði númer **B 3-22**.

***Reitir B 3-13 til B 3-24 snúa í austur.***

**B 3-13 til B 3-16** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum bakka sem hallar til suðurs. Ekkert minningarmark er innan hans og fer hann í 5. flokk.

**B 3-17 til B 3-20** Hár steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann í sæmilegu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna en það er flatur óbeliski. Hann stendur hvorki á sökkli né undirsteini heldur stendur steyptur í bakkann vestan megin. Hann er slípaður að framan og er letrið sandblásið. Í varðann er felld lágmynd Thorvaldsens *Amor riðar net*. Legsteinninn fer í 1. flokk

**B 3-21** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Steinninn fer í 2. flokk.

**B 3-22 til B 3-24** Þessum reitum er lýst með reitum **B 3-10 til B 3-12**.

***Reitir B 4-1 til B 4-4 snúa í vestur.***

**B 4-1 til B 4-2** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem hallar mjög til suðurs. Hann er annars í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er innan reitsins.

**B 4-3 til B 4-4** Í kringum þessi leiði er steinsteyptur bakki sem hallar mjög til suðurs. Hann er mjög mosavaxinn og fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er hvorttveggja úr grágrýti. Legsteinninn hallar mjög til austurs. Letrið

er upphleypt á bekkjum en á sökkulinn er fest steypt koparplata. Steinninn fer í 3. flokk. Fyrir framan þennan legstein er heilskorinn blágrýtispúltsteinn sem fer í 4. flokk.

***Reitir B 4-5 til B 4-24 snúa í austur.***

**B 4-5 til B 4-8** Kringum reitinn er stólpagerði úr steyptum súlum og fer það í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst er lágmyndin *Nótt* og er það eintak heilt og neðst er heilt handaband. Þessi áletrun er á steininum: *„Haf þökk fyrir samvist og sælu, sofðu heilagra ró elskaði sonur.“* Steinninn fer í 2. flokk.

**B 4-9 til B 4-11** Kringum reitinn er stólpagerði. Blágrýtisstólpar eru í hverju horni og tvær pípur á milli. Umgjörðin fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið á honum er meitlað og málað með gylltu ofan í. Efst er tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Neðst stendur: *„Hvíl í Guðs nafni ógleymanleg er ævi þín.“* Legsteinninn fer í 3. flokk.

**B 4-12** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og eru allir þeir hlutar úr grágrýti. Efst á varðanum er lágmyndin *Nótt* og er hún heilleg. Letrið er nokkuð farið að mást. Steinninn fer í 2. flokk.

**B 4-13 til 4-18** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki og er pússningin á honum víða farin að flagna af. Bakkinn fer í 5. flokk.
Fimm minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er legsteinn úr mjög ljósgráu graníti og er hann frá Schannong í Kaupmannahöfn. Þetta er bogasteinn með öxlum og á honum er sporöskjulaga áletrunarflötur sem er gljáslípaður. Letrið er sandblásið fremur en meitlað og hefur sennilega verið dekkt. Varðinn stendur á sökkli úr sama efni og fer legsteinninn í 4. flokk.
Ögn sunnar er óreglulegur steinn, líklega úr líparíti og er hann með koparstöfum. Steinninn fer í 4. flokk. Því næst er stór og mikill granítsteinn, rúmlega tveir metrar á hæð og fer hann í 4. flokk. Þá er hér granítsteinn sem hefur óreglulega lögun. Á honum eru koparstafir og hann stendur á sökkli úr sama efni. Þessi steinn fer í 4. flokk. Fimmta minningarmarkið er legsteinn, sennilega úr líparíti og stendur hann á grágrýtissökkli. Á steininum eru koparstafir og fer hann í 4. flokk.

**B 4-19** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

**B 4-20** Umhverfis þetta leiði er steinsteyptur bakki. Hann er mosavaxinn en í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á leiðinu.

**B 4-21 til 4-24** Þennan reit afmarkar steinsteyptur bakki. Hann er mjög grófur og er mikið af fjörugrjóti í steypunni. Bakkinn er ójafn en í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru nyrst. Þetta eru tveir flatir óbeliskar á sökkli og undirsteini og eru allir hlutarnir úr grágrýti. Á nyrðri steininum er lágmyndin *Nótt* og er hún óskemmd. Neðst er handaband. Syðri steinninn er ögn hærri en þar er lágmynd Thorvaldsens *Dagur* og er hún óskemmd. Þar er einnig handaband af stærri gerðinni og er það heilt. Minningarmörkin fara í 2. flokk.

*Reitir B 5-1 til B 5-12 snúa í vestur.*

**B 5-1 til B 5-3** Umhverfis reitinn er steyptur rammi sem er sameiginlegur með reitnum **B 5-13 til B 5-15**. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er afar stór legsteinn úr grágrýti. Hann er rúnnaður að ofan og letrið er upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 2. flokk vegna stærðar.

**B 5-4 til B 5-6** Kringum þennan reit er stólpagerði. Einn stólpi er í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Þær eru allar fallnar nema að vestanverðu. Varðveita þyrfti stólpana og flokkast þetta í 3. flokk.

Eitt minningarmark er hér og snýr í austur. Það er plata úr silfruðu graníti sem er mjög brúnleitt og styðst við kubb úr graníti. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**B 5-7** Reitinn afmarkar steinsteyptur rammi sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er innfelld grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og fer hún í 4. flokk.

**B 5-8 til B 5-12** Ekkert er að finna á þessum fimm leiðum.

*Reitir B 5-13 til B 5-24 snýr í austur.*

**B 5-13 til B 5-15** Þessum leiðum er lýst með leiðum **B 5-1 til B 5-3**.

**B 5-16 til B 5-17** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með háum gafli og er hann settur bergmylsnu. Bakkinn hallar nokkuð til norðurs og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er innfelld grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og fer hún í 4. flokk.

**B 5-18 til B 15-21** Kringum reitinn er hlaðið gerði úr hleðslusteini og það pússað upp. Pússningin er þunn. Allt er þetta farið að springa og sést í gegnum hleðslurnar. Hlið er að austanverðu og fer gerðið í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata sem er sprungin þvert um miðju. Platan er felld í gaflinn að vestanverðu. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer platan í 4. flokk.

**B 5-22** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn. Á framhlið hans er hrafntinnuplata fremur en svört glerplata. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**B 5-23 til B 5-24** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

*Reitir B 6-1 til B 6-15 snúa í austur.*

**B 6-1 til B 6-3** Engin umgjörð er um þessi leiði. Hér á reitnum er liggjandi blágrýtis-stuðull og fjörugrjót. Ekkert er hægt að lesa úr þessu. Fer í 4. flokk.

**B 6-4 til B 6-6** Engin umgjörð afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er hvít marmaraplata með tveimur hvítum marmarastólpum til hliðanna. Hvílir á marmara-undirsteini úr marmarasteypu. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**B 6-7 til B 6-9** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**B 6-10** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er lítill bogasteinn úr grágrýti með meitlaðri fimm arma stjörnu (múllettu) sem geislum stafar frá. Letrið er nú orðið nokkuð máð og er erfitt að lesa á steininn. Varðinn stendur á sökkli úr grágrýti. Neðst hefur verið minni gerðin af handabandi en það er nú fallið af. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**B 6-11 til B 6-15** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x4 súlum og liggja tvær pípur á milli. Þetta er allt hvítmálað og í góðu ástandi. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er granítsteinn sem stendur á granítsökkli. Steinninn er mjög skófum vaxinn. Varðinn er á að giska 70 cm á hæð og 40 cm á breidd og er hann nokkuð skakkur. Steinninn er líklega frá Schannong og fer í 4. flokk.

Næst er hér marmarasteinn. Efst er heiðurssveigur úr rósum. Steinninn er meitlaður eins og hann sé settur saman úr mörgum kubbum og fer hann í 4. flokk.

Syðst er steinsteyptur púltsteinn. Hann hallast upp að bakkanum og er steypt koparplata felld í framhlið hans. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitir B 7-1 til B 7-11 snúa mót vestri.***

**B 7-1 til B 7-2** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli afmarkar reitinn. Hann er allur settur bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru ílangar grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum sem fara í 4. flokk.

**B 7-3 til B 7-5** Kringum reitinn er steyptur bakki með ílöngum hliðararmi, gafli og steyptum planka ofan á gaflinum. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö, þó hér séu þrjár plötur. Að norðanverðu og í miðjum reit eru tvær grágrýtisplötur. Letrið er upphleypt og hvítmálað er í miðplötuna. Ekkert er á syðstu plötunni. Plöturnar fara í 4. flokk.

**B 7-6 til B 7-8** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**B 7-9** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er nýr hvítmálaður furukross með álspjaldi og fer hann í 4. flokk.

**B 7-10 til B 7-11** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

***Reitir B 7-12 til B 7-15 snúa mót austri.***

**B 7-12 til B 7-13** Kringum reitinn er stór steinsteyptur púltsteinn sem settur er bergmulningi. Í framhlið hans er hvít marmaraplata og á henni er meitluð sól og hafflötur. Letrið er sandblásið niður. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 7-14** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**B 7-15** Engin umgjörð er hér í kring. Minningarmarkið er meitlaður flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Steinninn fer í 3. flokk.

***Reitir B 7-16 til B 7-22 snúa mót vestri.***

**B 7-16 til B 7-18** Kringum reitinn er stólpagerði. Það er samsett úr steinsteyptum stólpum með fjórum þakhliðum og liggja tvær pípur á milli. Umgjörðin er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Nyrst í reitnum er stór bogasteinn úr grágrýti. Efst er meitlaður hringur. Sín hvorum megin við hann er kross og tvær pálmagreinar. Steinninn hvílir á stórum sökkli úr grágrýti og fer í 3. flokk.

Hinn legsteinninn er lítill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er hvorttveggja úr grágrýti. Letrið er meitlað en neðst er handaband sem er sprungið. Steinninn fer í 3. flokk.

**B 7-19** Ekkert er að finna á þessum reit.

**B 7-20 til B 7-22** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er víða farinn að flagna og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna. Það fyrra er heilskorinn grágrýtispúltsteinn sem fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er einnig grágrýtispúltsteinn. Á honum er dökkgrænleit granítplata. Letrið er sandblásið í plötuna og gyllt. Steinninn fer einnig í 4. flokk.

***Reitir B 8-1 til B 8-12 snúa mót vestri.***

**B 8-1 til B 8-3** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en er þó víða farinn að springa og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er þverskorin blágrýtisstuðlabergsflaga. Hún hefur púltsteinsform, letrið er sandblásið og málað hvítt. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**B 8-4 til B 8-6** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann í sæmilegu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steinsteyptur ferningur á steinsteyptum sökkli. Steinninn er í mjög góðu ástandi og fer í 4. flokk sem steinsteypuverk.

**B 8-7 til B 8-9** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn. Í framhlið hans er svört marmaraplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 8-10 til B 8-12** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er hér að finna en það er grágrýtissteinn og snýr hann mót austri. Steinninn er þrisvar sinnum breiðari efst en neðst. Letrið er meitlað í hann en það er mjög farið að mást. Steinninn fer í 3. flokk.

***Reitaröð B 8-13 til B 8-24 snýr í austur.***

**B 8-13 til B 8-16** Umhverfis reitinn er steinsteyptur, mosavaxinn bakki. Hann snýr mót austri, er í sæmilegu ástandi en hallar nokkuð til suðurs. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö há minningarmörk er hér að finna og standa þau á bakkanum vestanverðum. Þetta eru granítsteinar sem eru oddhöggnir á hliðum og baki en slípaðir að framan. Þeir standa á oddhöggnum sökkli. Letrið er sandblásið niður og fara steinarnir í 4. flokk.

**B 8-17 til B 8-18** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**B 8-19 til B 8-21** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og er hann mjög sprunginn. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**B 8-22 til B 8-24** Ekkert er að sjá á þessum þremur leiðum.

***Reitir B 9-1 til B 9-13 snúa mót vestri.***

**B 9-1 til B 9-3** Kringum reitinn er hvítmálaður steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum en þetta eru hvítar marmarabækur sem standa á grágrýtissökkli. Dúfa er efst á syðsta minningarmarkinu. Letrið er sandblásið og svartmálað. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**B 9-4 til B 9-6** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með allháum og löngum hliðararmi. Gafl er á reitnum og er hann helmingi hærri en sjálfur bakkinn. Bakkinn er í sæmilegu ástandi en málningin er mjög farin að láta á sjá. Bakkinn fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum og er það ílöng hvít marmaraplata. Hún er á að giska 40 cm á hæð og 100 cm á breidd. Efst er mjög lágreist þekja. Áletrunin er sett með koparstöfum. Marmaraplatan fer í 4. flokk.

**B 9-7 til B 9-9** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki en pússningin er víða að detta af. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og er það á bakkanum austan megin. Þetta er grágrýtisferningur með rúnnuðum brúnum efst. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer hann í 3. flokk.

**B 9-10 til B 9-13** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

***Reitir B 9-14 til B 9-27 snúa mót austri.***

**B 9-14 til B 9-16** Umhverfis reitinn er fallegt stólpagerði. Grágrýtissívalningar eru í hverju horni og liggja tvær pípur þar á milli en efstu pípuna vantar austast. Gerðið fer í 3. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er náttúruleg steinflaga með meitluðu letri. Letrið er máð og platan er skófum vaxin. Fer í 3. flokk.

**B 9-17*** Þetta leiði er afmarkað af hlöðnum tilhöggnum grágrýtisdröngum og fer umgjörðin í 3. flokk. Minningarmarkið er óbeliski úr grágrýti og er á honum eirmynd eftir Ríkarð Jónsson. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

**B 9-18 til B 9-19** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en pússningin er að flagna af. Bakkinn fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að finna en það er heilskorinn grágrýtissteinn sem fer í 4. flokk.

**B 9-20 til B 9-23** Kringum reitinn er mosavaxinn steinsteyptur bakki sem nú er orðinn nokkuð sprunginn og fer hann í 5. flokk.
Hér á reitnum eru tvö minningarmörk. Nyrst er marmarabók sem hvílir á grágrýtisundirstöðu og fer í 4. flokk. Syðst er grágrýtispúltsteinn, sem er óreglulega höggvinn á hliðum og á efsta fleti. Hann hvílir á stórum sökkli eða undirsteini. Steinninn er á að giska 50 cm á hæð með sökklinum. Marmaraplata hvílir í framhlið steinsins og er letrið sandblásið niður og gyllt. Steinninn fer í 3. flokk.

**B 9-24 til B 9-27** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Syðst, á leiði **B 9-27**, er fínkornótt blágrænt granít. Þetta virðist vera heill náttúrulegur steinn en flaga er skorin framan af honum. Flöturinn undir er slípaður og letrið er upphleypt. Steinninn er nokkuð skakkur og hallast mjög til suðvesturs. Steininn þyrfti að rétta við. Fer í 4. flokk.

**B 10-1 til B 10-5** Þessi reitur snýr mót austri. Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem nýtir framstykki með næsta gafli fyrir framan. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Sökkullinn er allur oddhöggvinn og er í sæmilegu ástandi. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

***Reitir B 10-6 til B 10-12 snúa mót vestri.***

**B 10-6 til B 10-7** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmarkið er steyptur púltsteinn sem er settur bergmylsnu. Ekkert er framan á honum en ofan á honum er innfelld mjög ílöng, hvít marmaraplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 10-8 til B 10-9** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er mjög illa farinn, sprunginn og hallast mjög til suðurs. Bakkinn fer í 5. flokk. Hér er að finna eitt minningarmark. Það er steinsteyptur grágrýtissteinn sem er formaður eins og hús. Á þakhliðinni austan megin er innfelld granítplata og fer steinninn í 3. flokk.

**B 10-10 til B 10-12** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

***Reitir B 10-13 til B 10-24 snúa mót austri.***

**B 10-13 til B 10-17** Hér í kring er steinsteyptur bakki sem er sameiginlegur með reitum **B 10-1 til B 10-5**. Nyrst er tilhöggvinn grágrýtisrammi úr fjórum hlutum, sem rammar inn leiði **B 10-13**. Þetta er allt mjög sigið og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á öllum þessum reitum.

**B 10-18 til B 10-19** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**B 10-20** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er mjög fúinn trékross, sem er brotinn og hallast upp að rammanum fyrir aftan hann. Plastplata er skrúfuð á krossinn og fer hann í 4. flokk.

**B 10-21** Ekkert er á þessu leiði.

**B 10-22** Hér er engin umgjörð. Minningarmarkið er bæsaður furukross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

**B 10-23 til B 10-24** Ekkert er á þessum tveimur leiðum.

***Reitir B 11-1 til B 11-12 snúa til vesturs.***

**B 11-1 til B 11-2** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og er þetta allt sett bergmylsnu. Bakkinn er ekki í góðu ástandi og víða komnar sprungur í hann. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna en það er steypt álplata sem skrúfuð er syðst í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**B 11-3 til B 11-4** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er með þremur hliðarörmum og gafli og er allt sett bergmylsnu. Þetta er allt mjög sprungið, pússningin er að fara af gaflinum og hliðararmarnir að norðanverðu eru ónýtir. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er svört granítplata sem felld er inn í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**B 11-5 til B 11-7** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með stuttum hliðararmi. Á honum er einnig lágur gafl sem er ögn hærri en hliðararmurinn. Bakkinn fer í 4. flokk.

Fyrir miðjum gaflinum eru tveir stórir og miklir steyptir steinar og súlur á milli. Á nyrðri steininum er stór steypt koparplata sem felld er inn í gaflinn. Á syðri steininum er alveg eins koparplata og þar fyrir neðan er önnur koparplata. Plöturnar fara í 4. flokk.

**B 11-8 til B 11-10** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Hér eru tvö minningarmörk. Nyrst er heilskorinn blágrýtispúltsteinn. Hann er slípaður á hliðum og letrið er sandblásið ofan í framhliðina. Steinninn fer í 4. flokk. Syðst er steinsteyptur púltsteinn á steyptum sökkli. Þetta er allt mjög sprungið. Á steininum er mjög dökk granítplata með gljáandi letri á möttum bekkjum. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**B 11-11 til B 11-12** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn en svo er steypt yfir hann allan. Þessi umbúnaður fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og er hvorttveggja úr mjög dökku graníti. Framhliðarnar á sökkli og varða eru gljáfægðar en aðrir hlutar eru mattir. Steinninn er líklega frá Schannongsteinsmiðjunni og fer í 4. flokk.

***Reitaröð B 11-13 til B 11-23 snýr mót austri.***

**B 11-13 til B 11-16** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum ramma með 2x3 ferköntuðum grágrýtisdröngum ofan á og liggur sterk og mikil keðja milli þeirra. Þetta er í góðu ástandi og fer í 3. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk og sýnast tvö síðastnefndu vera frá Schannong. Nyrst er heilskorinn grágrýtispúltsteinn. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk. Annað minningarmarkið er stór kross sem er skorinn úr svörtu graníti. Hann stendur á sökkli og undirsteini úr sama efni. Allt er þetta gljáfægt. Á sökklinum stendur: *„Lífið er mér Kristur og dauðinn ávinningur.“* Það er örlítil skemmd efst í sökklinum. Fer í 3. flokk. Þriðja minningarmarkið er úr ljósu graníti. Þetta er varði með topphnalli og þar á er meitlað rósartákn. Þar fyrir neðan er lóðréttur sporöskjulaga áletrunarflötur sem er gljáfægður og þar fyrir neðan eru tvö rósartákn. Steinninn stendur á sökkli úr sama efni. Fer í 2. flokk vegna táknfræði.

**B 11-17 til B 11-18** Leifar gerðis eru hér í kringum reitinn. Þetta hefur verið fallegt stólpagerði úr mjög afsettum grágrýtisstólpum. Stólpana vantar að sunnanverðu og

þeir eru hrundir að austanverðu. Tvær pípur liggja á milli. Umgjörðin heldur sér aðeins að norðanverðu. Halda þyrfti í stólpana og fer þetta í 3. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtisdrangur og er áletrunin sandblásin í hann. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 11-19 til B 11-20** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er ekki mikið sprunginn og í sæmilegu ástandi. Á bakkanum eru steinsteyptir stólpar og liggja stórar keðjur á milli stólpanna. Stólpinn í norðvestur horninu er fallinn og mætti rétta hann við. Umgjörðin fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og eru þessir hlutar úr dökkleitu graníti. Steinninn er líklega frá Schannong. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**B 11-21 til B 11-22** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann í mjög góðu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrír trékrossar með plastplötum og fara þeir í 4. flokk.

***Reitir B 12-1 til B 12-16 snúa mót austri.***

**B 12-1** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki. Á honum eru tveir hliðararmar og gafl. Bakkinn er um margt athyglisverður og fer í 4. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**B 12-2 til B 12-7** Ekkert er að sjá á þessum sex leiðum.

**B 12-8** Engin umgjörð er hér í kring. Eitt minningarmark er hér að finna. Það er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Efst er merki *Trúar, vonar og kærleiks.* Einnig eru leifar glers efst og hefur þar líklega verið ljósmynd. Steinninn fer í 3. flokk.

**B 12-9 til B 12-10** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með þykkum kubbum á vesturendanum og eru þeir fyrir blóm. Á milli þeirra er lítill gafl. Bakkinn er settur bergmylsnu og er í sæmilegu ástandi en hann fer í 5. flokk.

Í upphafi hefur verið felld inn í bakkann hvít marmaraplata en síðar hefur verið fest á hana steypt koparplata. Fer í 4. flokk. Þá er hér einnig trékross með koparplötu og fer hann í 4. flokk.

**B 12-11 og B 12-12** Engin minningarmörk eru á þessum leiðum.

**B 12-13** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er steinsteyptur kross sem fer í 4. flokk.

**B 12-14 að B 12-16** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

***Reitaröð B 13 1 til B 13-11 snýr mót vestri.***

**B 13-1 til B 13-2** Þessi leiði heyra til sama reitnum og leiði **B 13-12 og B 13-13**. Reiturinn hefur verið afmarkaður af stólpagerði. Lengdin liggur öll í austur-vestur. Þar í kring eru 2x3 meitlaðir grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli. Súlurnar eru brotnar að vestanverðu. Fer í 3. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og er það á leiðum **B 13-12 og B 13-13**.

Þetta er svartur granítvarði á sökkli úr sama efni. Hann er slípaður að framan en óreglulegur á hliðum og toppurinn er einnig óreglulegur. Fer í 4. flokk.

**B 13-3** Ekkert er hér að finna.

**B 13-4 og B 13-5** Þessi tvö leiði afmarkar steinsteyptur rammi, nýuppgerður, en hefur verið skakkur og brotinn. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er steinsteyptur mikill púltsteinn settur bergmylsnu og er hvít marmaraplata skrúfuð í steininn. Fer í 4. flokk.

**B 13-6 til B 13-7** Í kringum leiðin tvö er steinsteyptur bakki sem hallar dálítið til norðurs, fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 13-8 til B 13-9** Stólpagerði umlykur þennan reit. Í hverju horni eru steinsteyptir drangar og ganga tvær pípur á milli hverra þeirra. Þær eru aðeins heilar að norðanverðu, að austan og vestan eru bara þær neðstu eftir og allar eru þær horfnar að sunnanverðu. Gerðið fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er að finna á reitnum. Þetta er mjög lágur flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli sem mjög er siginn. Letrið er meitlað og neðst er heilt handaband. Fer í 2. flokk.

**B 13-10 og B 13-11** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**B 13-12 til B 13-13** Þessum leiðum er lýst með reitum **B 13-1 og B 13-2** hér að framan.

***Reitir B 13-12 til B 13-22 snúa í austur.***

**B 13-14 til B 13-15** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er lágur varði úr „tékkagraníti“ og fer í 4. flokk.

**B 13-16** Ekkert er hér að sjá.

**B 13-17** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Syðst er fallegur grágrýtispúltsteinn. Efst er koparstautur. Einhver englamynd hefur staðið þar en er nú brotin af. Þetta hvílir á miklum og breiðum undirsteini úr grágrýti. Í bakkanum hvílir marmaraplata. Fer í 3. flokk.

Milli leiða **B 13-17 og B 13-18** eru steinsteyptar hellur sem skipta reitnum.

**B 13-18** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er bæsaður furukross með svörtu plastspjaldi. Fer í 4. flokk.

**B 13-19 til B 13-22** Hvorki er að finna gerði né minningarmörk á þessum fjórum leiðum.

**B 14-1 til B 14-2** Þessi leiði tilheyra sama reit og leiði **B 14-12 til B 14-13**. Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmörkin þrjú á reitnum snúa í norður. Fyrir miðju er stærsti steinninn. Hann er úr svörtu graníti og eru hliðarnar

óreglulegar eða afsettar. Sín hvorum megin við hann eru liggjandi púltsteinar úr sama efni en mun minni. Þeir eru einnig afsettir á hliðum. Legsteinarnir fara allir í 4. flokk.

***Reitir B 14-3 til B 14-11 snúa í vestur.***

**B 14-3 til B 14-4** Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 14-5 til B 14-6** Í hverju horni reitsins eru steyptir drangar bogadregnir að ofan. Tvær pípur liggja milli hverra þeirra. Gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur en digur grágrýtisvarði mjög óreglulegur á hliðum en slípaður að framan og snýr hann í vestur. Hann stendur á sökkli úr sama efni sem er mjög oddhöggvinn. Efst er lítil lágmynd af *Nótt* Thorvaldsens. Fer í 3. flokk.

**B 14-7 til B 14-8** Ekkert gerði umlykur þennan reit.

Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti á sökkli og undirsteini úr sama efni. Letrið hefur verið meitlað og hefur haldið sér vel. Neðarlega á varðann hefur verið fest svört álplata. Fer í 4. flokk.

**B 14-9 til B 14-11** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**B 14-12 til B 14-13** Þessum leiðum er lýst með leiðum **B 14-1 og B 14-2**.

***Reitir B 14-14 til B 14-21 snúa í austur.***

**B 14-14 til B 14-15** Ekkert er hér að finna.

**B 14-16 til B 14-19** Kringum reitinn er allhár steyptur bakki sem farinn er að láta á sjá. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur flatur púltsteinn og er stór steypt álplata fest þar í. Fer í 4. flokk.

**B 14-20 til B 14-21** Syðst á reitnum er steyptur púltsteinn settur bergsalla og snýr hann í austur. Framan í hann er skrúfuð steypt álplata. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitir B 15-1 til B 15-11 snúa í vestur.***

**B 15-1 til B 15-2** Reitinn afmarkar steyptur bakki með lágum gafli en beggja vegna hans eru ferköntuð blómaker. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk er hér að finna. Þetta eru litlar svartar álplötur sem skrúfaðar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**B 15-3 til B 15-6** Kringum reitinn er grindverk úr smíðajárni og fer það í 1. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum og horfa til vesturs. Það nyrsta er grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini úr sama efni. Varðinn er með tvær háar, ypptar og útstæðar axlir en þekja er í miðju. Efst á varðann er meitlað krossmark. Ofarlega er rismynd úr eir af hinum látna eftir Ríkarð Jónsson. Neðst er heilt handaband. Steinninn fer í 1. flokk.

Hitt minningarmarkið hefur sama form. Efst er krossmark með laufasveig í kring. Heilt handaband er fyrir miðju. Letrið er meitlað en farið hefur verið ofan í það með svörtu. Svört álplata hefur verið skrúfuð á steininn neðarlega. Fer í 2. flokk.

**B 15-7 til B 15-8** Þessi reitur er ekki afmarkaður.

Minningarmarkið er fjörugrjót með sandblásnu letri og er málað í það með svörtum lit. Fer í 4. flokk.

**B 15-9** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið horfir til vesturs. Þetta er lágur flatur óbeliski á stórum sökkli úr grágrýti. Letrið er meitlað. Efst er lítil Thorvaldsenslágmynd sem sýnir *Nótt*. Fer í 3. flokk.

**B 15-10 til B 15-11** Ekkert er að finna á þessum reit.

***Reitir B 15-12 til B 15-23 snúa í austur.***

**B 15-12 til B 15-15** Reitinn afmarkar steyptur bakki og lendir hann í 5. flokki.

Minningarmarkið er alveg syðst í reitnum. Þetta er heilskorinn blágrýtispúltsteinn með sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

**B 15-16 til B 15-19** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**B 15-20 til B 15-23** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er blágrýtisstuðull. Letrið er sett með koparstöfum. Efst er krossmark og liðast blómastilkar upp eftir krossinum. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 16-1 til B 16-12 snúa í vestur.***

**B 16-1 til B 16-2** Steyptur bakki í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið sem horfir til vesturs er steyptur púltsteinn, allbrattur á sökkli. Framan í hann er felld svört glerplata. Fer í 4. flokk.

**B 16-3 til B 16-5** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn sem er settur bergsalla. Í framhlið hans er felld svört granítplata með gljáandi letri á möttum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 16-6 til B 16-9** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Hér er að finna fimm minningarmörk. Þetta eru flatar allstórar náttúrulegar grágrýtishellur með sandblásnu letri. Fara í 3. flokk.

**B 16-10 til B 16-12** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

***Reitir B 16-13 til B 16-24 snúa í austur.***

**B 16-13 til B 16-14** Hér hefur eitt sinn verið trékross sem nú er horfinn. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er blágrýtissneið og eru skrúfaðar svartar álplötur þar á. Fer í 4. flokk.

**B 16-15** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítkubbur með stöllum efst og hefur eitt sinn verið allstór englamynd þar ofan á. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 16-16 til B 16-17** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið sem snýr í austur, er fallegur grágrýtissteinn sem ber einkenni 4. áratugarins. Áletrunarflöturinn er mjög gróft stokkhöggvinn en letrið er upphleypt á fletinum. Ofarlega er krossmark og pálmagreinar í kring en í hægra horni efst er kvartsól. Fer í 2. flokk.

**B 16-18 til B 16-20** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 16-21 til B 16-24** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með hliðarörmum og háum gafli. Bakkinn er settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 17-1 að B 17-3** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**B 17-4** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið á reitnum snýr í austur. Það er úr grágrýti. Þetta er lágur, flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið er meitlað og fer steinninn í 3. flokk.

***Reitir B 17-5 til B 17-13 snúa í vestur.***

**B 17-5 til B 17-6** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökkleit granítplata á undirsteini og fer hún í 4. flokk.

**B 17-7 til B 17-8** Reitinn umlykur steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtispúltsteinn, slípaður að framan en óreglulegur á hliðum. Letrið er mjög upphleypt og er á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 17-9 til B 17-11** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er liggjandi ílangur blágrýtisstuðull sem er skorinn og slípaður á öllum hliðum. Hann hefur því púltsteinsform. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 17-12 til B 17-13** Kringum reitinn er steyptur bakki og eru steyptir drangar í hverju horni. Milli þeirra liggja tvær pípur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt úr rauðleitri steypu. Í framhlið þess er innfelld rauðleit granítplata. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 17-14 til B 17-25 snúa í austur.***

**B 17-14 til B 17-16** Steyptur bakki afmarkar reitinn. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið horfir til austurs. Þetta er óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt þetta úr graníti. Krossmark er efst en heiðurssveigur neðar. Steinninn er frá Schannongsteinsmiðjunni. Fer í 4. flokk.

**B 17-17 til B 17-19** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með hliðarörmum og kubbum í hornum. Bakkinn er settur bergsalla. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 17-20** Kringum þetta leiði er steyptur molnaður bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á leiðinu.

**B 17-21 til B 17-22** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er bæsaður furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**B 17-23 til B 17-25** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið hér syðst er dökkur granítkubbur á sökkli en legsteinninn er nú fallinn. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð B 18-1 til B 18-13 snýr í austur.***

**B 18-1 til B 18-2** Umhverfis reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og allháum gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata og eru meitluð handabönd þar á. Fer í 2. flokk vegna táknanna.

**B 18-3 til B 18-4** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 18-5 til B 18-6** Steyptur bakki með gafli og settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 18-7** til **B 18-8** Hér í kring er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og fer hann í 5. flokk.
Legsteinninn er úr grágrýti. Hann er nokkuð ílangur og með lágum boga efst. Hann stendur á sökkli úr sama efni. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 18-9** Ekkert er hér að finna.

**B 18-10 til B 18-13** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er granítsteinn, óreglulegur og bogadreginn að ofan. Fer í 4. flokk.
Þá er hér legsteinn úr rauðu graníti. Hann er slípaður að framan en óreglulegur á hliðum og toppi. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 19-1 til B 19-11 snúa í vestur.***

**B 19-1 til B 19-4** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x4 súlum. Á milli súlnanna er steyptur um 30 cm hár veggur, 10 cm að þykkt og er hann sveigður. Keðjur liggja á milli súlnanna. Þessi umbúnaður fer í 4. flokk. Hér er að finna tvö minningarmörk sem snúa í vestur. Fyrsta minningarmarkið er granítvarði sem líklega er frá Schannong. Efst er sól og liggja vindingar til beggja átta. Áletrunarflöturinn er upphleyptur á bekkjum. Fer í 4. flokk.
Hitt minningarmarkið er heilskorinn svartur granítsteinn, óreglulegur á hliðum. Hann er um 130 cm á hæð og hvílir á sökkli sem virðist vera heilskorinn grágrýtis-steinn. Fer í 4. flokk.

**B 19-5 til B 19-6** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki og eru þar á 2x3 grágrýtisdrangar með pýramídaþaki. Hliðarnar skornar eða rúnnaðar og liggja tvær pípur á milli. Lengdin er í austur-vestur. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er úr rauðbleiku graníti og snýr í vestur. Varðinn er bogadreginn að ofan og til hliða með stuttar axlir. Steinninn er ögn breiðari neðst en efst. Hann hvílir á óreglulega meitluðum sökkli úr sama efni. Letrið er meitlað og málað ofan í með svörtu. Fer í 4. flokk.

**B 19-7 til B 19-9** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtissteinn um 75x60 cm að stærð og er hann allur á hæðina. Hann hefur fjórar þakhliðar. Steinninn er á mjög lágum og þunnum sökkli og undirsteini. Letrið er sandblásið og málað í stafina með hvítu. Fer í 4. flokk.

**B 19-10 til B 19-11** Steinsteyptur bakki með gafli og planka ofan á gaflinum, háum hliðararmi og lægri framhliðararmi með hliði. Allt er þetta sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru ferhyrningar úr rauðleitum sandsteini, ögn meiri á breiddina en hæðina. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

***Reitaröð B 20-1 til B 20-9 snýr í vestur.***

**B 20-1 til B 20-2** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**B 20-3 til B 20-4** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er fjörugrjót á steyptum sökkli úr marmarasteypu. Letrið er sett koparstöfum sem eru límdir á. Fer í 4. flokk.

**B 20-5 til B 20-7** Ekkert gerði umlykur þennan reit. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er fallegur þekjuvarði á sökkli og undirsteini allt úr grágrýti. Á mæninum eru krullur og eru brúnir steinsins rúnnaðar. Efst er lágmyndin *Nótt*, alveg heil. Neðst er alveg heilt handaband. Eldra letrið er meitlað en yngra letrið fyrir neðan er sandblásið. Fer í 2. flokk.

**B 20-8 til B 20-9** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

***Reitir B 10-10 til B 20-21 snúa í austur.***

**B 20-10 til B 20-11** Í kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni eru oddhöggnir grágrýtissívalningar og ganga tvær pípur á milli. Fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Þetta er lítill varði, um 80-90 cm frá sökkli upp í mæni. Varðinn hefur mjög bratta þekju og ypptar útstæðar axlir. Letrið er meitlað. Á steininn eru meitluð þessi eftirmæli: *„Þökk fyrir allt ykkar æfistarf.“* Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**B 20-12 til B 20-13** Steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en mosavaxinn. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er grágrýtisbogasteinn sem er óreglulega meitlaður. Í varðann er felld marmaraplata með svörtu letri. Þetta stendur á grágrýtisundirsteini. Fer í 3. flokk.

Hitt minningarmarkið er einnig grágrýtisvarði með þekju. Hann er slípaður að framan en óreglulegur á hliðum og þekjunni. Letrið er upphleypt á bekkjum sem eru hvítmálaðir. Fer í 4. flokk.

**B 20-14 til B 20-16** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og er planki ofan á gaflinum. Fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

**B 20-17** Ekkert er hér að finna.

**B 20-18** Ekkert gerði afmarkar þetta leiði. Minningarmarkið er furukross með plastspjaldi. Fer í 4. flokk.

**B 20-19** Ekkert gerði umlykur þetta leiði. Minningarmarkið er óreglulegt náttúrugrjót og er steypt sporöskjulaga álplata skrúfuð í steininn. Fer í 4. flokk.

**B 20-20 til B 20-21** Hér er ekkert gerði. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru tveir furukrossar með svörtu álspjaldi. Fara í 4. flokk.

***Reitir B 21-1 til B 21-11 snúa í vestur.***

**B 21-1 til B 21-3** Ekkert er að sjá á þessum þremur leiðum.

**B 21-4 til B 21-5** Reitinn umlykur steinsteyptur bakki með gafli og mjóum hliðararmi sem hallast niður á við. Snýr í vestur. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er mjög ílöng blágrýtisplata um 30 cm á hæð en 70-80 cm á breidd sem felld er í gaflinn. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

**B 21-6 til B 21-11** Ekkert er að finna á þessum sex leiðum.

***Reitir B 21-12 til B 21-23 snúa í austur.***

**B 21-12 til B 21-15** Kringum þessi fjögur leiði er steinsteyptur bakki sem víða er brotinn. Fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk.

Nyrst er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr svörtu graníti. Fer í 4. flokk.

Fyrir miðju er grágrýtispúltsteinn með rauðleitri granítplötu, efst er meitlaður lampi og viðargreinar út frá honum. Þetta fer í 2. flokk vegna táknfræði.

Syðst er blágrýtisstuðull, um 180 cm á hæð með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**B 21-16 til B 21-19** Steinsteyptur bakki með háum gafli og planka ofan á. Þetta er allt sett bergmylsnu en er orðið mjög skemmt. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Þetta eru grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum, sem eru felldar inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**B 21-20 til B 21-21** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki með steyptum súlum í hverju horni og tveimur pípum á milli. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn sem hallast lítið miðað við lóðrétta línu. Í hann er felld marmaraplata með gotnesku letri. Fer í 4. flokk.

**B 21-22 til B 21-23** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og er bakkinn hvítmálaður. Hann fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru grágrýtisplötur sem eru felldar inn í gaflinn og fara í 4. flokk.

**B 22-1 til B 22-3** Þessi leiði ásamt leiðum **B 22-13 til B 22-15** eru öll innan sama reitsins. Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki og ofan á honum eru 3x4 súlur. Reiturinn er allur hellulagður nema vestast. Umgjörðin fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk er hér að finna og snúa í austur. Þetta eru tveir varðar úr tékknesku graníti og standa þeir á grágrýtissökkli. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

***Reitir B 22-4 til B 22-21 snúa í vestur.***

**B 22-4 til B 22-5** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með háum gafli og er hann settur bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem er felld í gaflinn og fer í 4. flokk.

**B 22-6 til B 22-9** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 3x4 súlum ofan á og liggja tvær pípur á milli. Umgjörðin fer í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk eru hér og snúa í vestur. Nyrst er stór svartur granítvarði, á að giska 15 cm á þykkt, 70-80 cm á hæð og um 50 cm á breidd. Hann stendur á sökkli úr grágrýti. Varðinn er allur gljáfægður. Steinninn fer í 4. flokk. Fyrir miðju er bogasteinn úr grágrýti. Letrið er upphleypt á einum fleti og er hann gróft oddhöggvinn. Steinninn stendur á sökkli úr grágrýti og fer í 3. flokk. Þriðji legsteinninn er helmingi stærri að umfangi en sá sem fjallað var um hér að framan. Leturflöturinn er einnig mun stærri. Steinninn stendur einnig á sökkli úr grágrýti og fer í 3. flokk.

**B 22-10 til B 22-12 og B 22-22 til B 22-24** eru innan þessa reits. Umhverfis er allstór steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer hann í 5. flokk.
Hér eru tvö minningarmörk.
Annað snýr í vestur og er yfir Guðmundi Thorsteinssyni (Mugg). Þetta er steinsteyptur legsteinn með mósaíkmynd eftir Elof Risebye. Minningarmarkið fer í 1. flokk.
Beint fyrir austan er blágrýtispúltsteinn, sem snýr í austur. Á honum er áletrunin: *„Je t'aime."* Hann fer í 4. flokk.

**B 22-13 til B 13-15** Lýst með reitum **B 22-1 til B 22-3**.

**B 22-16 til B 22-17** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**B 22-18 til B 22-19** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem er í sæmilegu ástandi en er nokkuð farinn að springa og fer bakkinn í 5. flokk.
Eitt minningarmark er innan reitsins en það er stór granítsteinn, bogadreginn efst með lágum boga og snöggum skilum. Á steininn er meitlaður sólkross. Steinninn stendur á sökkli og fer í 4. flokk.

**B 22-20 til B 22-21** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og hefur hann nokkuð sérkennilegt lag. Bakkinn fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er ílöng plata úr áli og er hún skrúfuð í gaflinn. Platan fer í 4. flokk.

**B 22-22 til B 22-24** Lýst með reitum **B 22-10 til B 22-12**.

***Reitir B 23-1 til B 23-11 snúa í vestur.***

**B 23-1 til B 23-4** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er bakkinn settur bergmylsnu. Umgjörðin er mjög snyrtileg og hefur nýlega verið gert við þetta. Bakkinn fer í 4. flokk.

Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru hvítar marmaraplötur með upphleyptu letri á bekkjum. Plöturnar fara í 4. flokk.

**B 23-5 til B 23-6** Engin umgjörð er hér í kring. Minningarmarkið er afar lítill trékross. Letrið er skorið í hann og málað með svörtu ofan í. Krossinn fer í 4. flokk.

**B 23-7** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

**B 23-8 til B 23-11** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með háum hliðararmi og ögn hærri gafli. Steyptur kross er fyrir miðju. Allur er bakkinn settur bergmylsnu og fer hann í 5. flokk.

Hér eru fimm minningarmörk og eru þetta ílangar grágrýtisplötur. Þrjár eru fyrir miðjum gaflinum, ein er sett nokkuð lægra syðst og önnur nokkuð lægra nyrst. Plöturnar fara allar í 4. flokk.

***Reitir B 23-12 til B 23-22 snúa í austur.***

**B 23-12 til B 23-15** Kringum hann er mjög lágur steinsteyptur bakki. Hann er í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum en það er heilskorinn hvítur marmarakross. Krossinn stendur á þremur stéttum og er letrið sett með blýi. Krossinn er skakkur á undirstöðunni og þyrfti að rétta hann við og laga. Mjög skemmtilegt verk. Fer í 2. flokk.

**B 23-16 til B 23-17** Í kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er mjög siginn að norðan. Í hverju horni eru háar ferkantaðar súlur og liggur sterk keðja á milli. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er afar sérstætt en það er mjög líklega frá Schannong. Það hallar nokkuð til norðausturs og fer í 2. flokk.

**B 23-18** Ekkert er að finna á þessum reit.

**B 23-19** Engin umgjörð er í kringum reitinn. Minningarmarkið er hvítmálaður furu-kross með svartri álplötu.

**B 23-20 að B 23-22** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

***Reitir B 24-1 til B 24-12 snúa mót austri.***

**B 24-1* til B 24-4** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með 2x3 granítstöplum frá Schannong. Stólparnir eru meitlaðir þannig að þeir líta út eins og tré. Einn stólpinn er sprunginn. Á milli stólpanna liggur keðja. Umgjörðin fer í 1. flokk.

Minningarmarkið lengst til hægri er sett yfir Einar G. Ólafsson gullsmið og fer í 1. flokk. Næst er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi. Í framhlið hans er felld stór koparplata sem er bogadregin að ofan og fer hún í 4. flokk. Þriðja minningarmarkið er flatur grágrýtisóbeliski á sökkli. Í letrið hefur verið sett gylling en hún er farin að veðrast. Steinninn fer í 3. flokk. Fyrir framan hann er skorinn púltsteinn úr blágrýti en hann er óreglulegur á hliðum og að framan. Stór og mikil steypt koparplata er felld inn í steininn. Fer í 4. flokk.

**B 24-5 til B 24-6** Kringum reitinn er grindverk úr pípum og fer það í 5. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn á sökkli og undirsteini og er þetta allt úr grágrýti. Á steininn er meitlaður borði sem sumstaðar má sjá í garðinum. Stjarna er undir borðanum og stafar geislum frá henni. Fyrir miðjum steininum er heilt handaband af stærri gerðinni. Fyrir neðan er áletrun: *„Hjartans vinur vertu sæll. Hafðu þökk fyrir samveruna."* Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**B 24-7 til B 24-10** Ekkert er að sjá á þessum fjórum leiðum.

**B 24-11 til B 24-12** Umhverfis reitinn er nokkuð hár steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

***Reitir B 25-1 til B 25-10 snúa mót vestri.***

**B 25-1** Kringum þennan reit er hár og mikill steinsteyptur bakki. Hann er mjög farinn að springa vegna alkalískemmda og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er stór og mikill náttúrulegur granítsteinn með koparstöfum. Fer í 4. flokk. Næst honum er digur blágrýtisstuðull á að giska 220 cm á hæð. Hann er skorinn að framan og flöturinn slípaður. Á fletinum er rismynd af Thor Jensen og frú Margréti eftir Ríkarð Jónsson. Fer í 1. flokk. Hér hefur líklega verið minningarmark yfir barni en það er horfið.

**B 25-5 til B 25-8** Umgjörðin hér í kring er framhald af steypta bakkanum hér á undan. Þetta er steinsteyptur bakki sem er að molna niður og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er heill granítsteinn, ljós blábleikleitur á lit og er letrið sandblásið ofan í hann og svartmálað. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 25-9 til B 25-10** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann með hliðararmi. Við bakkann er steyptur kubbur og í honum er innfelld hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 26-1 til B 26-10 snúa í vestur.***

**B 26-1 til B 26-3** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Ekkert minningarmark er á nyrstu tveimur leiðunum en á leiði **B 26-3** er grágrýtiskubbur á að giska 60x70 cm breiður og er þykktin um 10 cm. Steinninn stendur á sökkli sem er heilskorinn kubbur úr grágrýti. Letrið er meitlað eða blásið en það er erfitt að segja nákvæmlega til um það. Fer í 3. flokk.

**B 26-4 til B 26-5** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört granítplata og letrið er gljáandi á möttum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 26-6 til B 26-7** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er marmaravarði með þekju. Varðinn stendur á heilskornum sökkli. Letrið er sandblásið og hefur verið málað ofan í það með dökku efni en er nú farið að veðrast af. Efst er kross úr eir. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**B 26-8 til B 26-10** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er með þykkum hliðararmi og gafli og er allt sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru svartar granítplötur sem fara í 4. flokk.

***Reitir B 26-11 til B 26-20 snúa mót austri.***

**B 26-11 til B 26-12** Umhverfis reitinn er steinsteypt gerði og er það mjög hátt. Fyrir miðju er hlið úr járnplötu með lás. Umgjörðin er afar illa farin og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökkleit svört granítplata sem fer í 4. flokk.

**B 26-13 til B 26-14** Kringum reitinn er stólpagerði með steinsteyptum, ferköntuðum stólpum og tveimur pípum á milli þeirra. Þær eru fallnar að norðanverðu og ein er fallin að austanverðu. Umgjörðin fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark tilheyrir reitnum en það er grágrýtispúltsteinn, sem er höggvinn mjög gróft á hliðum. Dökkleit granítplata hvílir í framhlið steinsins og fer minningarmarkið í 3. flokk.

**B 26-15 til B 26-16** Reitinn afmarkar stólpagerði. Í hverju horni er fallegur grágrýtis-stólpi með lágu ferhyrndu þaki. Brúnirnar eru nokkuð rúnnaðar. Tvær pípur liggja á milli þeirra og eru þær allar heilar. Kvarnað er upp úr stólpanum í suðausturhorninu. Umgjörðin fer í 2. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og hvílir líklega á undirsteini þótt hann sjáist ekki. Efst er lágmyndin *Dagur* og er hún sprungin. Letrið er fallega meitlað sem og skrautið. Hreinsa þyrfti burt krít sem borin hefur verið í letrið. Legsteinninn fer í 2. flokk.

**B 26-17** Steinsteyptur bakki afmarkar þetta leiði. Á bakkanum eru tveir hliðararmar og gafl sem er með litlum öxlum. Umgjörðin fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem er felld inn í gaflinn og fer í 4. flokk.

**B 26-18 til B 26-20** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Umgjörðin fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að sjá og eru þau alveg eins. Þetta eru lágir varðar úr dökkgrænu graníti og hvíla á undirsteini úr sama efni. Letrið er sandblásið. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

***Reitir B 27-1 til B 27-10 snúa mót vestri.***

**B 27-1** Ekkert minningarmark er hér að finna. Kringum reitinn er stólpagerði með steyptum ferhyrndum stólpa í hverju horni og ganga tvær pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

**B 27-2** Hér er ekkert að finna.

**B 27-3** Minningarmarkið hér er hvítur furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**B 27-4 til B 27-5** Hér er ekkert að sjá.

**B 27-6** Hér er hvítur furukross með svörtu álspjaldi. Fer í 4. flokk.

**B 27-7 til B 27-8** Hér er ekkert að finna.

**B 27-9 til B 27-10** Bakkinn í kringum þennan reit er sameiginlegum með reitum **B 27-19 og B 27-20**. Þetta er steyptur bakki í slæmu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er skorin blágrýtisflaga með púltsteinsformi og er letrið blásið niður í flötinn. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 27-11 til B 27-18 snúa í austur.***

**B 27-11 til B 27-17** Ekkert er að finna á þessum sjö leiðum.

**B 27-18** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er sérkennilegt. Þetta er ryðfrí stálplata og svo er önnur plata fest framan á hana og vinst sú upp neðst og efst. Framan á þessa undnu plötu er svo fest plastspjald. Fer í 3. flokk.

**B 27-19 til B 27-20** Lýst með **B 27-9 til B 27-10**.

***Reitir B 28-1 til B 28-12 snúa mót vestri.***

**B 28-1 til B 28-4** Kringum þessi fjögur grafstæði er steyptur bakki sem nýlega hefur verið lagfærður og er ástand hans gott. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið á reitnum er heilskorinn granítsteinn, á að giska 50 cm á breidd og 70 cm á hæð en þunnur. Fer í 4. flokk.

**B 28-5 til B 28-8** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er blágrýtisstuðull um 120 –130 cm á hæð er er letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

**B 28-9 til B 28-12** Grafreitirnir eru afmarkaðir af hleðslusteinum úr vikri sem hlaðnir eru kringum reitinn. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er úr hvítum marmara. Fyrir miðju er súla en sín hvorum megin við hana eru marmaraplötur og er letrið úr kopar og límt á þær. Þetta stendur svo á sökkli úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 28-13 til B 28-24 snúa mót austri.***

**B 28-13 til B 28-14** Steyptur bakki með háum gafli og jafnháum hliðarörmum. Gaflinn er hæstur fyrir miðju. Hann hallar nokkuð til norð-vesturs og er allur settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið er ílöng granítplata um 40x60 cm, meiri á lengdina og er hún felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 28-15 til B 28-19** Þessir fimm reitir eru afmarkaðir af hlöðnum gangstéttarhellum. Tvö minningarmörk er að finna á þeim. Nyrst er lítill flatur óbeliski úr dökku graníti á sökkli úr sama efni. Varðinn er slípaður að framan en annars eru allar aðrar hliðar

mattar. Fer í 4. flokk. Syðra minningarmarkið er grágrýtisplata, bogadregin að ofan, og er letrið upphleypt á bekkjum. Plata hallast upp að einhvers konar stuðningssúlu. Fer í 4. flokk.

**B 28-20 til B 18-21** Kringum þessa tvo reiti er steyptur bakki sem nú er mjög siginn og eru steyptir drangar í hverju horni. Allt er þetta mjög brotið og skemmt. Fer í 5. flokk. Minningarmarkið, sem líklega er frá Schannong, er úr graníti, og er varðinn nokkuð breiðari efst en neðst. Hann er mjög siginn og þyrfti að hefja hann upp. Fer í 4. flokk.

**B 28-22 til B 18-24** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka sem fer í 5. flokk. Nyrsta minningarmarkið er bogasteinn úr svörtu graníti á sökkli úr sama efni. Framhlið varðans er slípuð og letrið gljáfægt á möttum bekkjum. Líklega frá Schannong. Fer í 4. flokk. Syðst er svo heilskorinn grágrýtissteinn, sléttur að ofan, um þrisvar sinnum meiri á breidd en hæð og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð B 29-1 til B 29-10 snýr mót vestri.***

**B 29-1 til B 29-2** Þessir reitir og reitir **29-11 til B 29-12** hafa sameiginlegan ramma sem er steyptur og víða mjög sprunginn. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 29-3 til B 29-5** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**B 29-6 til B 29-7** Þessir reitir hafa sameiginlegt gerði með reitum **B 29-16 og B 29-17**. Þetta er steyptur bakki nokkuð þykkur og er gafl að norðanverðu. Hann fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk er hér að finna. Þetta eru svartar granítplötur um 50 cm á hæð en um 30 á breidd og fara í 4. flokk.

**B 29-8 til B 29-10** Kringum þessa þrjá reiti er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er heilskorinn grágrýtissteinn sléttur á öllum hliðum og hornréttur og er á að giska 50x50 cm. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

***Reitaröð B 29-11 til B 29-20 snýr mót austri.***

**B 29-11 og B 29-12** Lýst með reitum **B 29-1 og B 29-2**.

**B 29-13 til B 29-15** Steyptur bakki afmarkar þessa þrjá reiti. Bakkinn er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er hér að finna og eru nánast eins. Þetta eru heilskornir grágrýtissteinar, á að giska 50 cm á hæð en 40 cm á breidd. Nyrðri steinninn er mun nýrri og þar er letrið sandblásið ofan í yfirborðið en á þeim syðri er letrið upphleypt á bekkjum. Á þeim steini stendur neðarlega: „*Sancta simplicitas*.“ Báðir fara í 3. flokk.

**B 29-16 til B 29-17** Lýst með reitum **B 29-6 og B 29-7**.

**B 29-18** Hér er ekkert að finna

**B 29-19 til B 29-20*** Þessir tveir reitir eru afmarkaðir af steyptum bakka og eru reitirnir hellulagðir. Ofan á bakkanum eru 3x3 grágrýtisstólpar, bogadregnir að ofan og liggja milli þeirra þrjár pípur. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Hæst ber háan flatan óbeliska úr svörtu graníti á sökkli og undirsteini. Hann er merktur Schannong í Kaupmannahöfn. Varði og sökkull eru gljáslípaðir en undirsteinninn er mattur. Grísk áletrun er á varðanum. Fer í 2. flokk.

Hitt minningarmarkið er steypt plata sem látin er hallast upp að sökklinum og er svört granítplata felld ofan í steyptu plötuna. Fer í 3. flokk.

***Reitaröð B 30-1 til B 30-11 snýr mót austri.***

**B 30-1 til B 30-4** Reitina fjóra afmarkar steyptur bakki. Hann er í slæmu ástandi og er nánast sléttur við jörð að austanverðu. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er óreglulegur steinn úr graníti. Blómastilkar eru framan á því. Það er mjög sokkið í jörðu og þyrfti að hefja það upp. Fer í 4. flokk.

**B 30-5 til B 30-7** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að finna fyrir miðju. Þetta er rétthyrndur heilskorinn grágrýtissteinn um 70 cm á hæð og 60 á breidd. Letrið er upphleypt á heilum áletrunarfleti. Fer í 3. flokk.

**B 30-8 til B 30-11** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli. Nokkuð er um alkalísprungur en annars er bakkinn í heilu lagi. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er hvít marmaraplata sem felld er í gaflinn norðarlega. Letrið er upphleypt á heilum fleti. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð B 31-1 til B 31-15 snýr mót vestri.***

**B 31-1 til B 31-3** Reitina afmarkar steyptur bakki sem settur er bergmylsnu. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Hér er að finna eitt minningarmark. Það er steyptur steinn með púltsteinsformi, um 30 cm á hæð og um 60 cm á breidd. Inn í steininn er felld dökkleit granítplata og fer minningarmarkið í 4. flokk.

**B 31-4 til B 31-5** Reiturinn er afmarkaður af stólpagerði. Í hverju horni er grágrýtissúla og liggja tvær pípur á milli hverra. Nokkrar pípur vantar en gerðið er beint og fallegt. Fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er á reitunum. Það er flatur óbeliski, um metri á hæð, og stendur hann á sökkli og undirsteini úr sama efni. Fer í 3. flokk.

**B 31-6 til B 31-7** Þessir reitir eru nokkuð háir. Kringum þá er steyptur rammi með þremur hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.

Hér er að finna tvö minningarmörk og eru þau nyrst á gaflinum og fyrir miðju. Bæði eru úr steyptu áli, um 30x30 cm, og eru festar á bakkann. Fara þau í 4. flokk.

**B 31-8 til B 31-9** Ekkert er hér að sjá nema fjörustein án áletrunar og telst vart til minningarmarka.

**B 31-10 til B 31-11** Kringum reitinn er steyptur bakki úr grófri steypu og er hann víða farinn að brotna. Fer í 5. flokk

Minningarmarkið er blágrýtisflaga, þversneið úr blágrýtisstuðli og er hún slípuð á fletinum. Hún stendur upp á rönd á undirsteini líklega úr grágrýti sem er sléttur á öllum hliðum. Letrið er sandblásið ofan í flötinn. Fer í 3. flokk.

**B 31-12 og B 31-13** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**B 31-14 til B 31-15** Þessa tvo reiti afmarkar steyptur bakki sem er heillegur en víða er að sjá alkalískemmdir. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

***Reitaröð B 32-1 til B 32-15 snýr mót vestri.***

**B 32-1 til B 32-4** Kringum þessa fjóra reiti er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér. Það er blágrýtisstuðull, á að giska um 130 cm á hæð og er letrið sandblásið í stuðulinn. Fer í 3. flokk.

**B 32-5** Hér er ekkert að finna.

**B 32-6 til B 32-8** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er hann allur settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílöng svört granítplata sem er sprungin og er hún felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 32-9 til B 32-10** Ekkert gerði er hér að finna.
Minningarmarkið er úr rauðbrúnu graníti. Það er um 70 cm á hæð en vart meir en 5 cm á þykkt. Varðinn stendur á sökkli úr heilskornum grágrýtissteini. Fer í 4. flokk.

**B 32-11 til B 32-13** Minningarmarkið er blágrýtisstuðull um 70 cm á hæð. Hann er skorinn að framan og gljáslípaður og letrið sandblásið þar á og hvítmálað. Hann stendur á heilskornum grágrýtiskubbi. Fer í 3. flokk.

**B 32-14** Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtiskubbur á að giska 50x50 cm og fer hann í 3. flokk.

**B 32-15** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki í miður góðu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið, sem snýr í austur, verður að teljast flatur óbeliski þótt varðinn sé mjög lágur. Hann stendur á sökkli. Steinninn hefur verið málaður hvítur, krossinn svartur og letrið grænt. Steinninn fer í 3. flokk þrátt fyrir málninguna.

***Reitaröð B 32-16 til B 32-30 snýr mót austri.***

**B 32-16 til B 32-19** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka sem er í mjög slæmu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 32-20 til B 32-21** Hér er aðeins hvítmálaður furukross með tveimur svörtum álplötum sem skrúfaðar eru á krossarmana. Fer í 4. flokk.

**B 32-22 til B 32-23** Reitina afmarkar steyptur bakki, mosavaxinn en í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítflaga sem liggur á reitunum og er letrið sandblásið ofan í hana. Granítið er dökkgrátt. Fer í 4. flokk.

**B 32-24 og B 32-25** Ekkert er að finna á þessum reitum.

**B 32-26 til B 32-29** Nyrst er hvít marmaraplata sem er meiri á hæð en breidd og er hún studd af trépinna að aftanverðu. Fer í 4. flokk. Því næst fyrir sunnan eru tveir hvítir trékrossar og eru plastspjöld skrúfuð á krossarmana. Þeir fara í 4. flokk.

**B 32-30** Minningarmarkið á þessum reit er lítill flatur óbeliski á sökkli og á undirsteini. Sökkullinn er gróft oddhöggvinn og letrið á varðanum er meitlað. Steinninn fer í 3. flokk.

***Reitaröð B 33-1 til B 33-15 snýr mót vestri.***

**B 33-1 til B 33-3** Þetta er hlaðinn bakki úr hleðslusteini með þremur hliðarörmum og gafli. Allt er þetta að hrynja og er raunar ónýtt. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru hér á reitunum. Það eru steyptar koparplötur, bogadregnar að ofan og eru þær festar á bakkann, sem raunar er hruninn. Þær fara í 4. flokk.

**B 33-4 til B 33-7** Hér eru tvö minningarmörk. Annað er grágrýtiskubbur, sléttur og beinn á öllum hliðum, á að giska 70-80 cm á hæð og um 60 cm á breidd. Hann stendur á sökkli sem er sléttur við jörðu. Fer í 3. flokk.

Hekk skilur á milli reita **B 33-5 og B 33-6** en á reit **B 33-6** er steyptur steinn, sem liggur nánast flatur, og er felld í hann dökkleit granítplata, um 50x60 cm. Steinninn er nokkuð sprunginn. Fer í 4. flokk.

**B 33-8 til B 33-10** Reiturinn er afmarkaður af steyptum bakka með löngum hliðararmi og gafli. Allt er þetta sett bergmylsnu. Gaflinn er ónýtur og fer þetta gerði í 5. flokk

Minningarmörkin teljast þrjú. Þetta eru allt samskonar steyptar álplötur sem festar eru í bakkann. Fara allar í 4. flokk.

**B 33-11 til B 33-12** Kringum reitinn er steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og er hann allur settur bergmylsnu. Hann er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata, um 40x50 cm, meiri á breiddina og er hún felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 33-13** Ekkert er að finna á þessum einstaklingsreit

**B 33-14** Hér er heldur ekkert að finna.

**B 33-15** Hér er einnig ekkert að finna.

***Reitaröð B 34-1 til B 34 1-15 snýr mót austri.***

**B 34-1 til B 34-3** Kringum reitina er steyptur bakki og er hlaðið ofan á þá hleðslusteinum. Að austan er járnhlið. Gerðið, sem er um 80 cm á hæð, er ekki í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Nyrst er púltsteinn úr grágrýti og hvílir í bakkanum granítplata með gljáandi letrið á möttum bekkjum. Steinninn virðist vera afsettur á hliðum. Fer í 3. flokk.

Sunnar er svartur granítvarði, ögn bogadreginn að ofan, og eru boginn sem og hliðarnar afsettar en annars er hann slípaður að framan. Varðinn hvílir á sökkli úr sama efni. Steinninn er mjög líklega frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 4. flokk.

**B 34-4 til B 34-6** Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtissteinn, um 50 cm á hæð en breiddin er um 40 cm. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**B 34-7 til B 34-8** Reitirnir eru afmarkaðir af steyptum bakka sem er hvítmálaður. Hann er nokkuð hár og mikill og í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 34-9** Hér er ekkert að finna.

**B 34-10 til 34-12** Kringum reitina er steyptur bakki sem nú er hruninn og ónýtur. Steypt hefur verið ofan á þá en á bakkanum hafa verið drangar og pípur gengið á milli þeirra. Allt er þetta í mjög slæmu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er mikill og þykkur granítsteinn úr hinu algenga brúnrauðleita graníti. Varðinn er um 80 cm á hæð og á að giska 90 cm á breidd en þykktin kannski 25 cm. Hann stendur á miklum sökkli. Fer í 4. flokk.

**B 34-13 til B 34-15** Kringum þessa þrjá reiti er steyptur bakki og ofan á honum er fallegt grindverk úr smíðajárni. Allt þetta hallast nokkuð til norðurs. Fer í 1. flokk.
Fjögur minningarmörk er að finna á þessum reitum. Stærsta minningarmarkið er steinn frá Schannong í Kaupmannahöfn. Efst í meginvarðanum er meitluð tágakarfa með blómum. Hann hefur sérstætt lag; efst er hann bogadreginn en annars skiptast á í honum ávalar axlir og bogar. Hann stendur á sökkli úr sama efni og fer í 4. flokk.
Fyrir framan þennan Schannongstein eru þrír steinar úr blágrýti, heilskornir og slípaðir og látnir halla um 45°. Efst er slípaður láréttur flötur. Letrið er blásið niður í framhliðina. Steinarnir fara í 4. flokk.

***Reitaröð B 35-1 til B 35-16 snýr mót austri.***

**B 35-1 til B 35-3** Þessa reiti afmarkar grindverk úr samsettum pípum. Ekkert minningarmark er hér að finna. Grindverkið fer í 5. flokk.

**B 35-4 til B 35-5** Kringum reitina er steyptur bakki með hliðorarmi og gafli og er steyptur planki ofan á armi og gafli. Allt er þetta sett bergsalla og er því mjög mosavaxið. Bakkinn hallar nokkuð til suðurs. Fer í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk er hér að finna. Þetta eru hvítar marmaraplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**B 35-6 til B 35-8** Reitina afmarkar steyptur bakki, nokkuð mosavaxinn en í sæmilegu ástandi. Hann hallar nokkuð til norðurs. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 35-9 til B 35-10** Hér er ekkert að finna.

**B 35-11 til B 35-12** Kringum reitina er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur kross á steyptri undirstöðu. Framan á hana er felld inn plata með steyptu letri. Allt er þetta í slæmu ástandi. Fer í 4. flokk.

**B 35-13** Ekkert er hér að finna.

**B 35-14 til B 35-16** Syðst á þessum reit er hvítur furukross með ílangri plastplötu á örmum. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð B 36-1 til B 36-17 snýr mót austri.***

**B 36-1 til B 36-4** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og er allt sett bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið sýnist vera steypt úr einskonar marmarasalla. Það er á að giska um 40x70 cm og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 36-5 til B 36-6** Kringum reitina er steyptur rammi. Hann er víða brotinn og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 36-7** Hér er einnig steyptur rammi sem er mölbrotinn alveg ónýtur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er fallegur óbeliski úr grágrýti á sökkli. Á honum skiptast á sveigðar brúnir og gagnbogar. Efst á varðanum er eirmynd með gotnesku lagi eftir Ríkarð Jónsson, af þeim sem þarna hvílir. Minningarmarkið fer í 1. flokk. Betur færi á því að taka burt bakkann kringum reitinn svo að minningarmarkið fengi betur notið sín.

**B 36-8 til B 36-9** Kringum reitina er steyptur rammi sem víða er mjög brotinn. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 36-10** Minningarmarkið á þessum reit er lítill flatur óbeliski á sökkli, allt úr grágrýti. Efst er meitlað tákn *Trúar, vonar og kærleiks*. Allt er letrið og skreyti mjög máð. Fer í 3. flokk.

**B 36-11 til B 36-13** Ekkert gerði afmarkar þessa reiti.
Minningarmarkið er eitt, og er það ílangur blágrýtisdrangur sem liggur á tveimur grágrýtiskubbum. Letrið á drangnum er upphleypt á framfletinum sem allur er blásinn niður. Fer í 4. flokk.

**B 36-14 til B 36-15** Þessa reiti afmarkar steyptur bakki með hliðararmi og gafli. Steyptur planki er ofan á gaflinum. Þetta er allt sett bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtisplata, um 45x45 cm, sem felld er í gaflinn. Letrið er upphleypt á bekkjum. Hún fer í 4. flokk.

**B 36-16 og B 36-17** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

***Reitaröð B 37-1 til B 37-15 snýr mót austri.***

**B 37-1 til B 37-2** Reitirnir eru afmarkaðir með hraungrýtismolum.
Eitt minningarmark er hér að finna. Það virðist vera fjörusteinn og er letrið upphleypt á heilblásnum fleti. Fer í 4. flokk.

**B 37-3 til B 37-5** Minningarmarkið sem tilheyrir þessum þremur reitum er bæsaður furukross með svartri álplötu á krossörmum og fer minningarmarkið í 4. flokk.

**B 37-6 til B 37-7** Kringum reitina er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hann er í góðu ástandi og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata, á að giska 50x50 cm og er hún felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 37-8 til B 37-9** Kringum reitina er steyptur bakki í góðu ástandi. Ofan á honum í hverju horni er ferkantaður drangur, bogadreginn að ofan, og liggja tvær pípur milli hverra þeirra. Fer í 2. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr silfruðu graníti brúnleitu, á sökkli úr sama efni. Fer í 2. flokk. Gerðið og minningarmarkið eru í góðu ástandi og mynda fallega heild og ætti að reyna að halda í þetta.

**B 37-10 til B 37-13** Ekkert er að finna á þessum fjórum reitum.

**B 37-14 til B 37-15** Minningarmarkið á þessum reitum er þverskorin blágrýtisflaga, skorin til að vera með púltsteinsformi. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð B 38-1 til B 38-17 snýr mót austri.***

**B 38-1 til B 38-2** Reitina afmarkar steyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 38-3 til B 38-5** Kringum reitina er steyptur bakki og er pússningin á honum víða farin að flagna. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn. Framan á hann er fest steypt koparplata og hylur hún framhliðina. Fer í 4. flokk.

**B 38-6** Minningarmarkið á þessum reit er trékross, hvítmálaður, og á krossörmum er plastspjald. Fer í 4. flokk.

**B 38-7 til B 38-8** Kringum reitina er steyptur bakki og ofan á honum eru 3x3 súlur og liggja tvær pípur á milli hverra þeirra. Ástandið er gott og fer bakkinn í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru innan bakkans. Nyrst er lágur blágrýtisdrangur, vart meir en metri á hæð og er letrið sandblásið og málað ofan í með svörtu. Fer í 4. flokk.
Syðra minningarmarkið er úr graníti, rauðbrúnleitt með dökkum kornum í. Varðinn er um 80 cm á hæð og um 50 á breidd. Hann stendur á sökkli úr sama efni sem er oddhöggvinn. Fer í 4. flokk.

**B 38-9 til B 38-10** Kringum reitina er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er allt þetta sett bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata með gotnesku letri sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**B 38-11 til B 38-14** Hér er ekkert að finna.

**B 38-15 til B 38-17** Kringum reitina er steyptur bakki, nokkuð þunnur en allhár. Hann er í góðu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr ljósgráleitu graníti. Þetta er heilskorinn kubbur, um 10 cm á þykkt en breidd og hæð um 60 cm. Hann stendur á undirsteini sem er heilskorinn úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 39-1 til B 39-8 snúa mót vestri.***

**B 39-1 til B 39-2** Kringum reitina er steyptur bakki sem víða er brotinn. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er varði á sökkli og undirsteini og er allt þetta úr grágrýti. Varðinn er alengur. Fyrir miðju efst er brött þekja en til hliðar við hana eru ypptar útstæðar axlir. Varðinn mjókkar nokkuð þar fyrir neðan en þykknar rétt áður en komið er að sökkli. Varðinn hefur verið slípaður þannig að upprunalega letrið er nú horfið en koparstafir komnir í staðinn. Efst er róðukross, einnig úr kopar. Neðst til hliðanna eru litlir kubbar úr grágrýti sem límdir eru á varðann. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**B 39-3 til B 39-4** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Á þessum reit er minningarmark úr hvítum marmara. Á sökklinum er áletrun sem erfitt er að ráða í en þó má sjá að steinninn er líklega frá steinsmiðju í Hull á Englandi. Steinninn er höggvinn þannig að látið er líta svo út sem hann sé samsettur úr nokkrum molum. Fremst er einskonar pappírsörk sem látin er vindast upp efst og neðst. Ofan á steininum er svo meitlaður krans úr blómum. Steinninn fer í 2. flokk.

**B 39-5 til B 39-8** Kringum reitina er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er ofan á þeim steyptur planki. Allt er þetta sett bergmylsnu. Ástand gerðisins er slæmt og er það að hruni komið að norðanverðu. Fer í 5. flokk.
Þrjú minningarmörk er hér að finna. Nyrst er granítplata, um 40 cm á hæð en um 35 cm á breidd og er hún felld í gaflinn eins og allar hinar. Því næst kemur plata úr sama efni en nokkuð stærri, um 50 cm á hæð en um 100 cm á breidd. Syðst er plata eins og sú nyrsta en á henni er þessi skrift: *„Sjáumst bráðum aftur."* Allar þessar plötur fara í 4. flokk.

***Reitaröð B 39-9 til B 39-21 snýr mót austri.***

**B 39-9 til B 39-11** Kringum reitina er steyptur bakki með háum hlöðnum hliðarörmum og gafli. Allt er þetta mjög að springa og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið, sem er mjög norðarlega í gaflinum, er svört granítplata felld í gaflinn. Letrið er gljáandi á möttum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 39-12 til B 39-13** Nyrst er bogasteinn úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Hann er nokkuð þykkari neðst en efst. Letrið er meitlað og fer steinninn í 3. flokk. Syðst er steyptur steinn með púltsteinsformi. Stuðningsbakið er nokkuð bogadregið og er þessa gerð steina að finna nokkuð víða í garðinum. Framan á er svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**B 39-14 til B 39-16** Kringum reitina eru 2x3 hvítmálaðar grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er hvít marmarabók sem stendur á tveimur skornum steinkubbum. Fer í 4. flokk.

**B 39-17 til B 39-18** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Ofan á þeim er steyptur planki. Allt er þetta sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Nyrsta minningarmarkið er svört glerplata sem er skrúfuð á tvo járnstauta. Fer í 4. flokk.

Syðst er svo steyptur steinn með púltsteinsformi og hallar hann mikið miðað við lóðrétta línu. Á bakkanum er svo hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk. Allt er þetta mjög hulið gróðri.

**B 39-19 til B 39-21** Steypt er ofan á þennan reit og er hæðin um 30-40 cm. Steypuskemmdir eru víða. Fer í 3. flokk.

Minningarmörkin eru ofan á og eru það þrír grágrýtissteinar með púltsteinsformi og í bakka er svört granítplata með blásnu letri. Fer í einnig í 3. flokk.

***Reitir B 39-22 til B 30-26 snúa mót vestri.***

**B 39-22 til B 39-24** Reitina afmarkar steyptur bakki settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er mjög ílöng svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**B 39-25 til B 30-26** Kringum reitina er steyptur bakki settur bergsalla. Hann er víða sprunginn og fer í 4. flokk.

Minningarmarkið er um tveggja metra hár blágrýtisstuðull, mjög þykkur. Letrið er koparstafir sem límdir eru á varðann. Fer í 3. flokk.

***Reitir B 40-1 til B 40-8 snúa í austur.***

**B 40-1 til B 40-4** Kringum reitina er steyptur rammi með háum gafli. Ofan á gaflinum er steyptur planki. Þessi bakki fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjórar koparplötur, um 15 cm á hæð en um 70 cm á breidd, og eru þær festar á gaflinn. Þær fara í 4. flokk.

Syðst er heilskorinn grágrýtissteinn um 35 cm á hæð en um 45 cm á breidd. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**B 40-5 til B 40-6** Minningarmarkið er grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Varðinn er nokkuð algengrar gerðar. Brött þekja er fyrir miðju en til hliðar við hana eru ypptar útstæðar axlir. Efst er *Nótt* Thorvaldsens en plattinn er sprunginn. Letrið er meitlað en er nú orðið mjög máð. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**B 40-7** Nyrðra minningarmarkið á þessum tveimur reitum er heilskorinn grágrýtissteinn um 40 cm á hæð og um 50 cm á breidd. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer hann í 3. flokk.

Sunnar er samskonar steinn og fjallað var um á reitum **B 40-5 og B 40-6**. *Nótt* Thorvaldsens er einnig þar að finna og er plattinn sprunginn. Fer hann einnig í 2. flokk.

**B 40-8** Þessi reitur sameinast reit **B 40-26**. Minningarmarkið er sömu gerðar og heilskorni grágrýtissteinninn sem fjallað var um hér næst á undan. Fer í 3. flokk.

**B 40-9 til B 40-12** Reitina afmarkar steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Reitirnir eru hellulagðir með litlum hellum. Fer í 5. flokk.

Fimm minningarmörk er hér að finna. Tvær nyrstu plöturnar og sú syðsta eru allar úr grágrýti og er letrið upphleypt á bekkjum. Stærð þeirra er á að giska um 40x60 cm og eru þær meiri á breidd en hæð. Fara í 4. flokk. Sú sem er næst syðst er úr graníti og

fer hún einnig í 4. flokk. Fremst er heilskorinn granítsteinn um 45x55 cm og liggur þessi steinn. Letrið er gljáandi á möttum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 40-13 til B 40-16** Ekkert gerði afmarkar þessa fjóra reiti. Fyrir miðju þessara reita er heilskorinn grágrýtissteinn um 50 cm á hæð og 65 cm á breidd. Letrið er upphleypt á bekkjum. Steinninn er óreglulegur eða nánast afsettur á hliðum og baki. Fer í 3. flokk.

Syðst, eða á reit **B 40-16**, er bæsaður furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**B 40-17 til B 40-19** Kringum reitina er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Víða er að finna á rammanum sprungur. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru sex. Þetta eru svartar steyptar álplötur, bogadregnar að ofan, og eru þær skrúfaðar í bakkann. Fara í 4. flokk.

**B 40-20 til B 40-21** Kringum þessa tvo reiti er steyptur bakki og er pússningin víða farin að flagna. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**B 40-22 til B 40-23** Kringum reitina er hlaðinn bakki úr grágrýtisdröngum. Ofan á bakkanum eru 3x3 súlur bogadregnar að ofan. Brúnirnar hafa fláa. Keðja liggur á milli hverra súlna. Umgjörðin fer í 2. flokk.

Minningarmarkið mun vera frá Schannong. Þetta er granítsteinn og áletrunin er á gotneskum boga með öxlum og er letrið upphleypt. Til hliðar við bogann eru tvær pálmagreinar og eru þær hnýttar saman með borðum sem enda fyrir miðjum steini eins og stólur. Steinninn fer í 2. flokk.

**B 40-24** Ekkert gerði afmarkar þennan einstaklingsreit en fremst er steyptur drangur sem afmarkar reitinn við stíginn.

Minningarmörkin eru tvö. Hér er blágrýtisstuðull sem er klofinn og flata hliðin er gljáslípuð. Letrið er sandblásið þar niður og málað í með hvítum lit. Varðinn stendur á sökkli úr efni sem örðugt er að sjá hvað er. Steinninn fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er svört granítplata sem hvílir á skornum grágrýtissteini með miðstólpa til stuðnings henni. Fer í 4. flokk.

**B 40-25** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur rammi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr grágrýti og er meitlað þannig að látið er líta svo út sem steinninn sé samsettur úr nokkrum trjábolum. Fyrir miðju er sporöskjulaga plata sem er hluti af steininum sjálfum og er letrið meitlað þar á. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**B 40-26** Sjá lýsingu á reit **B 40-8.**

***Reitir B 41-1 til B 41-8 snúa mót vestri.***

**B 41-1 til B 41-2** Reitina afmarkar steyptur bakki með 4x4 súlum og liggur á milli þeirra falleg koparkeðja með ferhyrndum hlekkjum. Milli súlnanna hefur verið steyptur lágur veggur. Víða er koparkeðjan brotin og er ástandið ekki sem best. Fer í 5. flokk.

Syðsta minningarmarkið er um 220 cm hár blágrýtisstuðull og eru tvær hliðar hans skornar af og flöturinn svo slípaður niður. Letrið er koparstafir sem límdir eru á

flötinn. Ofarlega er rismynd úr eir eftir verki Ríkarðs Jónssonar frá 1955. Minningarmarkið fer í 1. flokk.

Nyrst í reitnum er steyptur steinn með púltsteinsformi og í framhlið hans er felld svört granítplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**B 41-4 til B 41-5** Reitina afmarkar steyptur rammi með gafli og er steyptur planki ofan á rammanum. Ramminn er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Nyrst er steypt koparplata sem skrúfuð er í bakkann. Fer í 4. flokk. Sunnan við hana er gyllt álplata sem skrúfuð er í bakkann. Fer í 4. flokk.

**B 41-6 til B 41-8** Minningarmarkið er steyptur steinn með púltsteinsformi og hallast hann um 45°. Á framhlið hans er steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

***Reitir B 41-9 til B 41-21 snúa mót austri.***

**B 41-9 til B 41-10** Ekkert gerði umlykur þessa reiti. Minningarmarkið sem hér er að finna er fjöruhnullungur og er skrúfuð í hann ílöng álplata. Fer í 4. flokk.

**B 41-11 til B 41-13** Kringum reitinn er steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur kubbur með innfelldri marmaraplötu með gotnesku lagi og stuttum öxlum. Ofan á steininum má sjá leifar líklega af englamynd. Fer í 4. flokk.

**B 41-14** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.

Þetta minningarmark er grágrýtispúltsteinn, óreglulegur á hliðum, og er hann fallinn og þyrfti að reisa hann við. Í bakkanum er svört granítplata, um 70 cm á hæð en um 45 cm á breidd. Á hana er meðal annars þetta letrað: *„Sæll er sá maður er gerir Drottinn að athvarfi sínu.“* (Sálmur 40:5). Fer í 3. flokk.

**B 41-15 til B 41-16** Vestast er steyptur púltsteinn og er felld í hann hrafntinnuplata fremur en svört glerplata en erfitt er að skera úr um það. Fer í 4. flokk.

Fyrir framan minningarmarkið er heilskorinn hvítur marmarasteinn með púltsteinsformi og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**B 41-17 til B 41-19*** Reitirnir eru afmarkaðir af hlöðnu fjörugrjóti.

Minningarmarkið er listaverk Sigurjóns Ólafssonar *Finngálkn*, sett yfir Erlend í Unuhúsi. Umgjörð reitanna sem og listaverkið fara í 1. flokk og ætti hvorttveggja að varðveitast sem heild.

**B 41-20 til B 41-21** Reitina afmarkar steyptur bakki í mjög slæmu ástandi. Hann er víða brotinn, sprunginn og pússningin víða dottin af. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allt úr grágrýti, og er letrið sandblásið ofan í varðann. Fer í 3. flokk.

***Reitir B 41-22 til B 41-26 snúa mót vestri.***

**B 41-22 til B 41-26** Þessir fimm reitir snúa mót vestri eins og fyrr sagði. Reitina afmarkar gerði sem samanstendur af 3x6 steyptum súlum og liggur milli súlnanna falleg koparkeðja með ferhyrndum hlekkjum. Þetta gerði fer í 4. flokk.

Syðsta minningarmarkið er skorinn granítsteinn með dökkum kornum en annars blágrænleitur. Hann stendur á steyptum sökkli og letrið er límt á framhliðina. Fer í 4. flokk.

Nyrst í reitaröðinni eru tveir náttúrulegir fjörusteinar með sandblásnu letri. Fara í 4. flokk.

***Reitir B 42-1 til B 42-8 snúa mót vestri.***

**B 42-1 til B 42-2** Kringum reitinn er steyptur bakki sem nú er alveg ónýtur af steypuskemmdum. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á þessum reitum.

**B 42-3 til B 42-4** Á þessum tveimur reitum er að finna þrjú minningarmörk. Ekkert gerði afmarkar reitina.

Nyrst er mjög lítill flatur óbeliski á sökkli, um 50 cm á hæð, úr graníti, líklega frá Schannong. Hann fer í 4. flokk.

Því næst er grágrýtissteinn sem er afsettur á hliðum og baki. Framan í hann er felld granítplata svo eftir verður rammi á jöðrum. Fer í 3. flokk.

Fyrir framan er heilskorinn grágrýtissteinn, um 80 cm á hæð og um 50 cm á breidd. Letrið er sandblásið. Hann fer í 3. flokk fremur en 4. flokk.

**B 42-5 til B 42-6** Ekkert gerði er kringum þennan reit.

Eitt minningarmark er hér að finna. Það er úr bláleitu silfurkornóttu graníti og samanstendur af varða, sem er ögn breiðari efst en neðst, og sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk.

**B 42-7 til B 42-8** Kringum þessa tvo reiti auk reita **B 42-25 og B 42-26** er fallegt stólpagerði sem allt er mjög sigið. Stólparnir virðast þó vera heilir. Þetta er tilhöggnir grágrýtisstólpar með pýramídaþekju og eru hliðar þeirra riffilhöggnar en miðja stólpanna er oddhöggvin. Víða vantar súlur og mætti reyna að bæta þeim við auk þess að rétta við stólpana. Gerðið fer í 2. flokk.

Nyrðra minningarmarkið er fallegur óbeliski úr grágrýti, með fjórum þakhliðum, á sökkli úr sama efni. Hliðar varðans, fyrir miðju eru oddhöggnar og sama er að segja um fleti sökkulsins. Letrið er einkar skemmtilegt og vandað gotneskt letur. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

Syðra minningarmarkið er úr ljósgráum granítsteini. Efst er meitlaður stór kross, því næst er mikill varði sem hvílir svo á sökkli, allt úr sama efni. Letrið hefur verið meitlað í, en var orðið ólæsilegt. Skerpt var svo á letrinu og málað í með svörtu fyrir um ári síðan. Steinninn fer í 2. flokk eins og umgjörðin.

***Reitir B 42-9 til B 42-21 snúa mót austri.***

**B 42-9 til B 42-11** Reitina þrjá afmarkar steyptur bakki, fallegur og í góðu ástandi. Ofan á honum eru miklir granítdrangar úr sama efni og minningarmarkið. Gerðið fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er stór og mikill granítvarði um 50x50 cm á þykkt og breidd og um 90 cm á hæð en þynnri millisteinar eru þar einnig. Minningarmarkið fer einnig í 3. flokk sem og umgjörðin.

**B 42-12 til B 42-16** Kringum reitina er steyptur undirrammi og ofan á honum eru granítdrangar með 4x5 granítsúlum og liggur falleg keðja á milli þerra. Tveir stólpar eru brotnir að vestanverðu. Fer í 4. flokk

Nyrst er steinn frá Schannong í Kaupmannahöfn. Hann er um 100 cm á hæð en um 50 cm á breidd og stendur á undirsteini. Efst er meitlað nokkurs konar berjalyng. Fer í 3. flokk.

Sunnar er heilskorinn granítsteinn, blágrænleitur og stendur hann á sökkli úr marmarasteypu. Letrið er úr kopar og er límt á varðann. Fer í 4. flokk.

Því næst er svipaður steinn en nokkuð blárri og minni. Hann stendur einnig á sökkli úr marmarasteypu. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

Syðst er minningarmark úr sama graníti og umgjörðin. Fer í 4. flokk. Varðveita þyrfti vel minningarmörkin og umgjörðina þar sem heildarsvipurinn er fallegur.

**B 42-17 til B 41-21** Kringum reitinn er steyptur bakki sem nýlega hefur verið múraður upp. Ástand hans er því gott. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er er Schannongsteinn úr rauðleitu graníti, slípaður að framan. Letrið er úr kopar. Fer í 3. flokk.

Þar næst er granítsteinn með mjög æðóttu graníti. Hann er slípaður að framan en náttúrulegur að aftan um 50 cm á hæð en um 40 cm á breidd. Letrið er úr kopar. Fer í 4. flokk.

Syðst er svo allstór heill náttúrulegur granítsteinn með meitluðu letri og er svart-málað ofan í letrið. Fer í 4. flokk. Reiturinn hefur allur mjög skemmtilegan svip.

**B 42-22 til B 42-24** Þessi reitur snýr mót vestri. Reitinn afmarkar steyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk er hér að finna.

Syðst er mikill náttúrulegur granítsteinn og er skorið framan af honum svo eftir verður glansandi flötur og eru koparstafir límdir á hann. Fer í 4. flokk.

Fyrir miðju er annar granítsteinn úr mórauðu graníti með svörtum æðum. Letrið er einnig úr kopar og fer í 4. flokk.

Nyrst er einnig granítsteinn þar sem skiptast á rauðar og svartar æðar. Hann er náttúrulegur en skorinn að framan og slípaður og eru þar álímdir koparstafir. Fer í 4. flokk.

Reiturinn hefur fallegan heildarsvip.

**B 42-25 til B 42-26** Um þessa reiti var fjallað um leið og reiti **B 42-7 og B 42-8**.

# Reitasafn C

*REITASAFN C*

***Reitir C 1A-3 til C 1A-10 snúa mót vestri.***

**C 1A-3 til C 1A-6** Hér í kring er steinsteyptur bakki. Borað hefur verið í bakkann og veggir hans gerðir rifflaðir. Bakkinn fer í 3. flokk.

Fyrra minningarmarkið er stór náttúrulegur steinn, líklega úr graníti. Letrið er sett með nokkuð stórum koparstöfum. Fer steinninn í 4. flokk.

Syðst er heilskorið svart granítpúlt og er letrið upphleypt á bekkjum. Steinninn snýr í vestur og fer einnig í 4. flokk.

**C 1A-7 til C1A-9** Engin umgjörð er hér í kring. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Norðarlega er lítill á að giska 80 cm hár blágrýtisstuðull sem er skorinn að framan og slípaður. Á hann eru límdir koparstafir. Steinninn fer í 4. flokk. Þá er hér heilskorin blágrýtishella sem fer í 4. flokk. Þessi minningarmörk snúa í vestur.

***Reitir C 1A-12 til C 1A-17 snúa mót austri.***

**C 1A-10 til C1A-11** Kringum reitinn er steinsteyptur rammi með bergsalla og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér og snýr mót vestri. Þetta er steinsteyptur púltsteinn og er steypt koparplata skrúfuð í steininn. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**C 1A-12 til C1A-15** Hér í kring er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en nokkuð er um alkalískemmdir og fer bakkinn í 5. flokk. Fyrra minningarmarkið er stór og mikill blágrýtisstuðull, á að giska 180 cm á hæð. Á honum er rismynd eftir Ríkarð Jónsson. Á steininum eru koparstafir. Steinninn fer í 1. flokk.

Hitt minningarmarkið er sunnan megin. Það er hvítur marmarahnullungur með meitluðu rósaskrauti ofan á. Steinninn stendur á undirsteini sem er líklega einnig úr marmara. Steinninn fer í 2. flokk.

**C 1A-16** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið á þessum reit snýr í vestur. Þetta er heilskorinn grágrýtissteinn og er letrið upphleypt á bekkjum. Ílöng granítplata er skrúfuð á steininn. Minningarmarkið fer í 4. flokk

**C 1A-17 til C 1A-18** Reiturinn er afmarkaður með kubbum að framan.

Minningarmarkið er ferningur úr rauðleitu graníti og stendur á sökkli úr sama efni. Hann er gljáfægður að framan og letrið er sandblásið en farið hefur verið með gylltu ofan í það. Þessi steinn fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 2A-1 til C 2A-9 snýr mót vestri.***

**C 2A-1 til C 2A-2** Hér í kring er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi þótt víða sé hann þó brotinn. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtisdrangur, á að giska 170 cm á hæð og er letrið sandblásið ofan í dranginn. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 2A-3 til C2A-4** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að finna en það er svört granítplata með gljáandi letri á möttum bekkjum. Hún hvílir á grágrýtisundirstöðu. Á plötunni er þessi áletrun: *„Drottinn minn gefi dánum ró, en hinum líkn, er lifa.“* Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 2A-5 til C 2A-8** Hér í kring er steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**C 2A-9** Láréttir, ferkantaðir trébitar liggja á milli steyptra bakka á grannleiðum sunnan og norðan megin og afmarka þannig leiðið. Minningarmarkið er blágrýtiskubbur sem er jafn á öllum hliðum en þakið hallast frá vinstri til hægri. Steinninn hvílir á sökkli sem er líklega úr grágrýti. Letrið er upphleypt á bekkjum. Á steininum er koparverk sem sýnir syrgjandi stúlku með blóm. Legsteinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 2A-10 til C 2A-18 snýr mót austri.***

**C 2A-10 til C 2A-11** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Bakkinn er settur bergmylsnu. Hann er víða sprunginn og sérstaklega að norðanverðu. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að sjá en það er steyptur púltsteinn þakinn bergmylsnu. Granítplata er felld í steininn og er letrið sandblásið ofan í. Efst er englamynd úr kopar og neðst handaband úr sama efni. Legsteinninn fer í 3. flokk.

**C 2A-12 til C 2A-13** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er að hruni kominn og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er fallegur legsteinn sem ber einkenni þjóðernisrómantíkur. Hann fer í 2. flokk.

**C 2A-14 til C 2A-17** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er í slæmu ástandi, víða sprunginn og fer í 5. flokk.

Á reitnum eru tvö minningarmörk sem sitja á bakkanum vestanverðum. Þau eru úr graníti, hafa mjög bratta þekju og stuttar axlir. Meðfram öllum jöðrunum er rifflaður bekkur. Stjarna er efst og letrið upphleypt á hvítmáluðum bekk. Minningarmörkin hafa mjög svipaða lögun en það nyrðra er rauðleitara. Steinarnir fara báðir í 4. flokk.

**C 2A-18** Minningarmarkið hér á reitnum er rúmlega meters hár blágrýtisstuðull. Á honum er sporöskjulaga koparplatti með áletruninni: *„Hér hvílir Borghildur B. Thorarensen.“* Efst á stuðlinum er kross úr kopar. Steinninn fer í 3. flokk.

***Reitaröð C 3A-1 til C 3A-9 snýr mót vestri.***

**C 3A-1 til CA-2** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan reit. Hann er þakinn bergsalla og er í sæmilegu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru hvítar marmaraplötur, bogadregnar að ofan og með öxlum. Þær styðjast við undirstein úr marmarasteypu. Áletrunin er sett með koparstöfum. Plöturnar fara báðar í 4. flokk.

**C 3A-3 til CA-5** Nyrst í reitnum er hvítur furukross með svartri koparplötu og fer hann í 4. flokk.

**C 3A-6 til C3A-8** Hér í kring er steinsteyptur bakki með gafli og hliðararmi. Allt er þetta hvítmálað og í góðu ástandi en bakkinn fer í 5. flokk.

Hér eru fjögur minningarmörk. Allt eru það steyptar svartar álplötur, bogadregnar að ofan. Plöturnar fara í 4. flokk.

**C 3A-9** Eitt minningarmark er á þessum reit en það er skorin blágrýtissneið sem hvílir á grágrýtissökkli. Letrið er sandblásið og fer minningarmarkið í 4. flokk.

***Reitaröð C 3A-10 til C 3A-18 snýr mót austri.***

**C 3A-10 til C 3A-11** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem er mjög sprunginn. Bakkinn er nokkuð hár og sléttfylltur af jarðvegi. Hann hefur eitt sinn verið þakinn bergmylsnu en hún er nú flögnuð af. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er 70 til 80 cm hár blágrýtisstuðull. Letrið er sandblásið djúpt í steininn og fer hann í 4. flokk.

**C 3A-12 til C 3A-13** Hér um kring er steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli úr grágrýti. Efst hefur verið lítil Kristsmynd með þyrnikórónu og neðst minni gerðin af handabandi. Báðar myndirnar eru brotnar. Letrið hefur verið upphleypt á bekkjum en svo hefur steinninn verið málaður hvítur og svört granítplata fest framan á varðann. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 3A-14 til C 3A-17** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og nokkuð háum gafli. Bakkinn er þakinn bergmylsnu og liggur hann frá norðri til suðurs. Bakkinn fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum og eru þau syðst. Þetta eru hvítar marmaraplötur með sólarlagi meitluðu efst. Plöturnar fara í 4. flokk.

**C 3A-18** Ekkert afmarkar þetta leiði. Minningarmarkið er skorinn blágrýtissteinn sem hefur púltsteinsform. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

***Reitaröð C 4A-1 til C 4A-8 snýr mót vestri.***

**C 4A-1 til C 4A-4** Eitt minningarmark er á reitnum norðarlega. Þetta er marmaravarði, ögn breiðari neðst en efst og hvílir á sökkli úr grágrýtissteini. Letrið er meitlað og svartmálað. Á varðanum er kross og laufagrein og fer steinninn í 4. flokk.

**C 4A-5 til C 4A-6** Ekkert er á þessum tveimur leiðum.

**C 4A-7*** Kringum leiðið er stólpagerði. Hér eru 2x3 stólpar úr grágrýti og liggur keðja á milli þeirra. Umgjörðin fer í 1. flokk.

**C 4A-8** Hér er minningarmarkið grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni. Letrið er meitlað og fer steinninn í 3. flokk.

**C 4A-9** Þessi reitur lendir á stíg og hér er ekkert að finna.

***Reitaröð C 4A-10 til C 4A-17 snýr mót austri.***

**C 4A-10 til C 4A-11** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með bergmylsnu. Á bakkanum er allhár gafl og fer þetta í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt álplata, bogadregin að ofan og er hún skrúfuð í bakkann. Hún fer í 4. flokk.

**C 4A-12 til C 4A-13** Umhverfis reitinn er mjög hár steinsteyptur bakki, með hliðararmi og gafli. Bakkinn er í mjög góðu ástandi enda nýuppgerður og fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að sjá en það er svört granítplata sem felld er inn í gaflinn. Hún fer í 4. flokk.

**C 4A-14 til C 4A-16** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**C 4A-17** Engin umgjörð er kringum þennan reit. Minningarmarkið er lítill varði úr marmara á marmarasökkli. Á steininum eru bogadregin laufblöð og krossmark efst. Varðinn er meitlaður þannig að það er eins og hann sé samsettur úr mörgum molum. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 1-1 til C 1-14 snýr mót vestri.***

**C 1-1 til C 1-4** Steyptur bakki afmarkar þennan reit. Hann fer í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk.

Það nyrðra er óreglulegur granítsteinn með niðurslípaðri mattri framhlið, en letrið er upphleypt og gljáslípað. Þessi steinn fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er bæsaður trékross, sem fer í 4. flokk.

**C 1-5 til C 1-8** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er svört granítplata sem hallast upp að steyptri stoð. Fer í 4. flokk.

**C 1-9 til C 1-14** Umhverfis þennan reit er hvítmálaður steinsteyptur veggur með langhliðar í austur og vestur. Málningin er talsvert farin að flagna af. Járnhlið er fyrir miðjum vesturveggnum. Þessi umbúnaður fer í 5. flokk.

Innan á austurhliðinni eru átta minningarmörk.

Nyrst eru fjórar svolítið misstórar svartar granítplötur með sandblásnu letri og skreyti.

Hin fjögur minningarmörkin á veggnum eru öll úr marmara. Það fimmta og sjöunda eru eins opnar marmarabækur með blómaskrauti og fugli sem stendur á bókinni. Fyrir framan þær liggja marmaraplötur, sem líklega hafa átt að vera sökklar undir bækurnar, en eru nú notaðar fyrir kerti. Á nyrðri bókinni stendur: *„Þú milda ljós, sem lýstir okkur veginn.“* En á hinni má lesa: *„Fóstra, við þökkum þér.“*

Sjöunda platan á veggnum er hefðbundin plata með krossi. Á henni stendur: *„Sof í ró.“*

Syðsta platan er talsvert meiri á hæðina en breiddina. Á henni er stór upphleyptur hjartalaga flötur með krossi upp úr hjartanu. Hér stendur: *„Sof du rott.“*

Áttunda minningarmarkið á reitnum er hvítmálaður trékross.

Öll þessi minningarmörk fara í 4. flokk.

***Reitaröð C 1-15 til C 1-28 snýr mót austri.***

**C 1-15 til C 1-19** Steinsteyptur bekkur er kringum þetta legstæði. Hann fer í 5. flokk.
Minningarmörkin hér eru þrjú. Það nyrsta er standandi steyptur púltsteinn og er svört granítplata felld inn í púltið. Næst er ferkantaður svartur granítsteinn. Syðsta minningarmarkið er bæsaður trékross. Öll fara minningarmörkin í 4. flokk.

**C 1-20 til C 1-21** Engin umgjörð afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er klofinn blágrýtisdrangur með slípaðri framhlið, sem fer í 4. flokk.

**C 1-22 til C 1-23** Steyptur bakki með gafli og hliðarörmum í þremur stöllum afmarkar þennan reit. Hann fer í 5. flokk. Inn í gaflinn er felld svört granítplata, sem fer í 4. flokk.

**C 1-24 til C 1-28** Umhverfis þennan reit er mjög þykkur, steinsteyptur bakki. Í honum eru víða alkalískemmdir og er hann í slæmu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.
Norðan megin á reitnum stendur heill, náttúrulegur grágrýtissteinn. Letrið á steininum er sandblásið ofan í hann og fer hann í 3. flokk. Næst honum er stór blágrýtisstuðull sem er á að giska tveir metrar á hæð. Hér er letrið einnig blásið ofan í steininn og fer þessi steinn einnig í 3. flokk. Þriðja minningarmarkið er blágrýtispúltsteinn sem fer í 4. flokk. Fjórða minningarmarkið er líklegast frá Schannong. Þetta er granítkubbur, um þrisvar sinnum meiri um sig á hæð en breidd og er letrið meitlað í hann. Svo er að sjá sem ofan á honum hafi eitt sinn verið stytta sem nú er horfin. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 2-1 til C 2-14 snýr mót vestri.***

**C 2-1 til C 2-3** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka og ofan á honum eru 3x4 súlur. Steyptir veggir eru á milli súlnanna og hlið er að vestanverðu. Bakkinn er í ágætisástandi og fer hann í 5. flokk.
Hér eru þrjú minningarmörk en það eru tvær granítplötur sem eru felldar í bakkann. Fyrir framan þær liggur heilskorinn blágrýtissteinn með púltsteinsformi. Öll minningarmörkin fara í 4. flokk.

**C 2-4 til C 2-6** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk, bæsaðir furukrossar með plastspjöldum. Þeir fara í 4. flokk.

**C 2-7 til C 2-9** Þetta legstæði afmarkast af steinsteyptum bakka. Ofan á bakkanum eru 2x3 súlur. Járngrindverkið, sem er á milli þessara steyptu súlna, er nokkuð farið að ryðga en það fer í 1. flokk.
Á reitnum eru tvö minningarmörk. Það nyrðra er hvítur marmarasteinn, sem hvílir á undirsteini. Hann er steyptur, en hulinn bergmylsnu. Varðinn lítur út fyrir að vera settur saman úr mörgum minni hlutum. Hann er með laufaskreyti, bergfléttu og pálmagrein. Einnig er eitthvert skreyti neðst á honum, sem ekki er unnt að greina. Letrið er sandblásið í steininn. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.
Syðra minningarmarkið er blágrýtisstuðull. Hann er klofinn, slípaður og gljáandi. Letrið er sandblásið niður í steininn og það málað hvítt. Stuðullinn stendur á grágrýtiskubbi og fer í 4. flokk.

**C 2-10 til C 2-11** Hér afmarkar reitinn steinsteyptur bakki og er hann í ágætisástandi. Bakkinn er með frekar stutta hliðararma og gafl og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Tvö nyrstu eru steyptar álplötur, bogadregnar að ofan og eru festar í bakkann. Syðst er ílöng svört granítplata og er hún felld í bakkann. Öll minningarmörkin fara í 4. flokk.

**C 2-12 til C 2-13** Á þessum reit eru tvö minningarmörk. Annað er grágrýtispúltsteinn. Upp úr honum stendur stautur og er því ljóst að eitthvað hefur þar verið fest á sem nú er brotið af. Steinninn fer í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er hvít marmaraplata með meitluðu letri og fer í 3. flokk.

**C 2-14** Hér er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi. Inn í hann er felld steypt koparplata. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 2-15 til C 2-28 snýr mót austri.***

**C 2-15 til C 2-18** Hér á reit eru fimm minningarmörk. Nyrst stendur marmarakubbur sem er skófum vaxinn. Auðséð er að eitthvað hefur verið ofan á honum, sem nú er brotið af. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

Fyrir miðju standa þrír furukrossar í röð. Á þeim öllum eru álplötur og fara þeir einnig í 4. flokk.

Syðst er marmarapúltsteinn, sem er höggvinn eins og hann sé samsettur úr smærri stykkjum. Letrið á steininum er alveg ólæsilegt, því hann er svo skófum- og mosavaxinn. Það þyrfti að reisa steininnn við og hreinsa hann. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 2-19 til C 2-21** Umhverfis þetta legstæði er steinsteyptur bakki, sem telja má ónýtan. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið hér er úr hvítum marmara, u.þ.b. 70 cm á hæð, 40 cm á breidd og 10 cm þykkt. Efst er sorgarker með blómaskreytingum í kring. Þessi steinn hvílir á sökkli úr sama efni. Steinninn fer í 2. flokk vegna táknfræði og skreytis.

**C 2-22 til C 2-25** Þessi reitur markast af steinsteyptum bakka, sem er nokkuð farinn að flagna og fer hann í 5. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk. Þetta eru á að giska 80 cm háir bogasteinar úr blágráleitu og grófkornóttu graníti. Varðarnir eru slípaðir að framan og letrið sandblásið. Þeir hvíla á skornum grágrýtiskubbi. Þessi minningarmörk fara í 4. flokk.

**C 2-26 til C 2-28** Kringum þennan reit er gerði með 2x3 steinsteyptum stólpum og liggja tvær pípur á milli stólpanna. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn sem er látinn halla mjög lítið. Í steininn er felld hvít marmaraplata sem er á að giska 70 cm há og 50 cm breið. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 3-1 til C 3-14 snýr mót vestri.***

**C 3-1 til C 3-2** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er víða farinn að springa og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Annað er ferningslaga kubbur úr gráum marmara, um 70 cm hár og 50 cm breiður. Letrið er sett með koparstöfum. Steinninn stendur á litlum sökkli og stórum undirsteini. Steinninn fer í 4. flokk.

Fyrir framan þetta minningarmark er fjörugrjót eða hraungrýti með áfastri álplötu. Steinninn fer einnig í 4. flokk.

**C 3-3 til C 3-6** Á þessum reit eru tvö minningarmörk, þverskornar blágrýtisflögur með púltsteinsformi, gljáfægðar að framan með sandblásnu letri og fara þær í 4. flokk.
Ekkert gerði afmarkar reitinn en gangstéttarhellum er hlaðið við milli stígs og reits.

**C 3-7 til C 3-8** Þessi reitur er afmarkaður með hlöðnu hraungrýti og fer sú umgjörð í 5. flokk.
Minningarmarkið er stuttur liggjandi blágrýtisstuðull með upphleyptu letri á bekkjum sem nú er orðið mjög veðrað. Hann fer í 3. flokk.

**C 3-9 til C 3-10** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk. Annað er grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni. Sökkullinn er afsettur sem og hliðar, bak og efsti hluti varðans. Framhlið hans er slípuð og letrið er meitlað niður. Það er mjög veðrað. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.
Syðst er hvít marmaraplata, slétt og ávöl með tveimur bogum sín hvorum megin við sléttan flöt. Letrið er úr kopar og límt á. Þetta hvílir á sökkli úr marmarasalla og stuðningssúlu og fer í 4. flokk.

**C 3-11 til C 3-14** Í kringum þetta legstæði er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Bakkinn er allur mjög illa farinn af alkalískemmdum og mikið sprunginn. Hann fer í 5. flokk.
Hér eru fjögur eins minningarmörk. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru inn í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

***Reitaröð C 3-15 til C 3-28 snýr mót austri.***

**C 3-15 til C 3-18** Hér í kring er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk en ekkert minningarmark er hér að finna.

**C 3-19 til C 3-20** Umhverfis þennan reit er fallegt og snyrtilegt stólpagerði. Grágrýtissívalningur er í hverju horni og tvær bronsaðar pípur ganga á milli þeirra. Umgjörðin fer í 3. flokk.
Minningarmarkið er flatur óbeliski sem stendur á sökkli og steyptum undirsteini. Letrið er sennilega meitlað en virðist sandblásið neðst og málað svart. Varðinn er mjög hár á að giska 130 til 140 cm. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**C 3-21 til C 3-22** Á þessum reit er grágrýtisstólpi í hverju horni og hafa tvær pípur gengið á milli stólpanna. Nú vantar þessar pípur að norðan- og sunnanverðu. Umgjörðin fer í 3. flokk.

**C 3-23** Hér er hár, hvítmálaður trékross með lítilli álplötu, sem á stendur: *„Hér hvílir M.H.M.“* Krossinn fer í 4. flokk.

**C 3-24 til C 3-25** Steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli afmarkar þetta legstæði. Allt er þetta hvítmálað, en ekki í nógu góðu ástandi og fer bakkinn í 5. flokk.
Minningarmarkið er plastplata, sem skrúfuð er í gaflinn og fer í 4. flokk.

**C 3-26 til C 3-28** Í kringum þennan reit er hár og mikill bakki í sæmilegu ástandi en nokkuð sprunginn og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er rauðbrúnleitur granítsteinn sem er bogadreginn að ofan, með tveimur snöggum öxlum. Hann stendur á oddhöggnum steini úr sama efni. Koparletur er límt á steininn. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 4-1 til C 4-14 snýr mót vestri.***

**C 4-1 til C 4-3** Hér má sjá mjög skemmtilegan og vel varðveittan steinsteyptan bakka og fer hann í 4. flokk. Reitnum tilheyra þrjú minningarmörk. Nyrst og syðst eru ílangar svartar gler- eða hrafntinnuplötur. Þær eru helmingi meiri á breidd en hæð. Á milli þeirra er 40x40 cm plata, beint undir steyptum, þykkum krossi, sem er hér fyrir miðju. Minningarmörkin fara einnig í 4. flokk.

**C 4-4 til C 4-6** Ekkert er að sjá á þessum þremur leiðum.

**C 4-7** Á þessum reit stendur heilskorinn granítsteinn. Hann er slípaður að framan og er letrið sandblásið. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 4-8** Umhverfis þetta leiði er steinsteyptur bakki, sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er einnig steypt, á að giska 40x50 cm að stærð. Í hann er felld plata úr gráu graníti með sandblásnu letri. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 4-9** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**C 4-10 til C 4-11** Þessi reitur afmarkast af þunnum, steinsteyptum bakka, sem víða er sprunginn og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er steinsteyptur, brattur púltsteinn, settur bergmylsnu. Hvít marmaraplata er felld inn í steininn. Allt er þetta afar illa farið og að segja má ónýtt. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 4-12 til C 4-14** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er blágrýtisdrangur, á að giska metri á hæð og er áletrunin á mörgum hliðum. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 4-15 til C 4-28 snýr mót austri.***

**C 4-15 til C 5-17** Hár og mikill steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og fer hann í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að sjá en það er steinsteyptur steinn um 70x70 cm að stærð og steyptir hliðararmar þétt við hliðina á honum. Allur er hann settur bergmylsnu. Inn í steininn er felld dökk granítplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 4-18 til C 4-19** Umhverfis þetta legstæði er mjög hár, steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Reyna þyrfti að halda í hann vegna hæðarmunar í landinu.
Eina minningarmarkið á reitnum er heilskorinn grágrýtispúltsteinn. Letrið er grunnt sandblásið ofan í steininn. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 4-20 til C 4-22** Ekkert er að finna á þessum reit.

**C 4-23** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Hér stendur um 50 cm hár blágrýtissteinn, sem er klofinn og slípaður að framan. Hann hvílir á grágrýtiskubbi. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 4-24** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**C 4-25 til C 4-28** Kringum þennan reit er stór og mikill steinsteyptur bakki, með hliðararmi og gafli. Pússningin er víða farin að flagna af bakkanum og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og eru alveg syðst og nyrst á gaflinum. Þetta eru svartar granítplötur sem steyptar eru inn í hann. Plöturnar fara í 4. flokk.

***Reitaröð C 5-1 til C 5-14 snýr mót vestri.***

**C 5-1 til C 5-2** Þessi reitur afmarkast af stólpagerði en steinsteyptur stólpi er í hverju horni. Tvær pípur hafa legið á milli stólpanna. Nú liggur önnur pípan, sem hefur verið á vesturhliðinni, bogin á jörðinni. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark og er það um 120 cm hár granítsteinn sem hvílir á sökkli. Efst á mæni er krulla, en þar fyrir neðan er lóðréttur, sporöskjulaga, gljáslípaður flötur. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 5-3** Hér á reit er járnsteypt minningarmark, þó ekki í flokki með þeim elstu klassísku í garðinum. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**C 5-5 til C 5-7** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi þó pússningin sé víða að falla af. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmörkin tvö hvíla á bakkanum austan megin. Það fyrra er granítsteinn sem er bogadreginn að ofan. Letrið er upphleypt á möttum bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

Hitt minningarmarkið er grágrýtisvarði, gljáslípaður að framan. Hann hefur verið settur á leiðið árið 1924 en hefur síðar verið slípaður. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**C 5-8 til C 5-9** Í kringum reitinn er steinsteyptur rammi. Pússningin er víða fallin af og fer bakkinn í 5. flokk.

Hér eru tvö eins minningarmörk. Annað stendur austarlega fyrir miðjum reit. Hitt er framan við ögn norðar. Þetta eru heilskornir brattir granítsteinar með púltsteinsformi og fara þeir í 4. flokk.

**C 5-10 til C 5-13** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka með háum gafli og hliðarörmum þannig að hlið verður á vesturhlið bakkans. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk. Nyrst er innfelld hvít marmaraplata, sem er helmingi meiri á breidd en hæð. Platan fer í 4. flokk.

Þá er hér lítill drangur, sem líklega er úr grágrýti, þó það verði ekki greint örugglega vegna mikilla skófa sem sest hafa á steininn. Hann hvílir á sökkli úr sama efni. Gyllt koparplata er fest á steininn. Steinninn fer í 4. flokk.

Loks er hér púltsteinn úr hvítum marmara með mjög upphleyptu letri á heilum bekk. Steinninn fer í 4. flokk.

**C 5-14** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

***Reitaröð C 5-15 til C 5-28 snýr mót austri.***

**C 5-15 til C 5-16** Kringum þennan reit er seinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er grágrýtispúltsteinn. Letrið virðist vera upphleypt á bekkjum, en það er svo mosavaxið að ekki verður greint hvað letrað er á steininn. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**C 5-17 til C 5-20** Þessi reitur afmarkast af stólpagerði með 2x3 grágrýtisstólpum. Tvær pípur hafa legið á milli stólpanna en nú vantar eina þeirra í suðausturhorninu. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri blágrýtisplötu, sem fer í 4. flokk. Syðst á reitnum stendur mjög lítill trékross. Á honum eru aðeins upphafsstafirnir „*H. G*“.

**C 5–21 til C 5-24** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

**C 5-25 til C 5-28** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru norðan megin á gaflinum. Þetta eru svartar granítplötur sem eru helmingi meiri á breidd en hæð. Þær fara í 4. flokk.

Þriðja minningarmarkið er líparítsteinn, sem stendur fyrir framan plöturnar. Steypt koparplata er skrúfuð í steininn. Þetta minningarmark fer einnig í 4. flokk.

***Reitaröð C 6-1 til C 6-14 snýr mót vestri.***

**C 6-1 og C 6-2** Ekkert er að sjá á þessum tveimur leiðum.

**C 6-3 til C 6-5** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með háum gafli. Bakkinn er hvítmálaður, en víðast sprunginn. Ofan á gaflinum er koparplata sem ætluð er bæði til varnar og fegrunar. Bakkinn fer í 4. flokk.

Minningarmörkin hér á reitnum eru fimm, allt steyptar koparplötur sem eru bogadregnar að ofan og festar við bakkann. Plöturnar fara í 4. flokk.

**C 6-6 til C 6-7** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er í sæmilegu ástandi þó víða séu alkalískemmdir í steypunni. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hvít marmaraplata með þekju og breiðum öxlum. Letrið er úr kopar sem límt er á plötuna. Minningarmarkið hallast að stuðningssteini úr marmarasteypu og fer í 4. flokk.

**C 6-8 til C 6-11** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eina minningarmarkið á reitnum er mikill steinsteyptur púltsteinn í sæmilegu ástandi þó í honum séu alkalískemmdir. Á steininn er fest koparplata sem er jafn stór steininum. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**C 6-12 til C 6-13** Á þessum reit má sjá tvö minningarmörk. Annað er u.þ.b. 50x70 cm marmaravarði, sem hvílir á sökkli úr marmarasteypu. Á varðanum er koparletur. Hitt minningarmarkið er marmaraplata á steyptri undirstöðu, einnig með letri úr kopar. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**C 6-14** Þetta leiði afmarkast af stólpagerði. Stólpi er í hverju horni og hafa legið tvær pípur á milli þeirra. Nú vantar pípurnar að vestanverðu. Minningarmarkið er 50 cm hár þekjusteinn úr grágrýti, afsettur á hliðum og baki og hvílir á undirsteini. Handaband er meitlað neðst á steininn. Letrið á steininum er mjög óskýrt. Þessi umbúnaður fer í 3. flokk.

***Reitaröð C 6-15 til C 6-28 snýr mót austri.***

**C 6-15 til C 6-16** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er mjög flagnaður og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á þessu legstæði.

**C 6-17 til C 6-18** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki, sem er mjög farinn að flagna. Fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er tékkneskur, heilskorinn púltsteinn með upphleyptu letri á bekkjum og fer í 4. flokk.

**C 6-19** Hér má sjá mjög lágan, flatan óbeliska úr grágrýti. Hæð hans er u.þ.b. 40-50 cm upp í mæni og stendur hann á lágum sökkli úr sama efni. Letrið er mjög farið að mást. Þetta minningarmark fer í 3. flokk. Hér er ekkert gerði.

**C 6-20** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**C 6-21** Á þessu legstæði liggur brotinn, hvítmálaður kross á jörðinni. Krossinn er með plastspjaldi. Hann fer í 4. flokk.

**C 6-22 til C 6-26** Ekkert er að finna á þessum fimm leiðum.

**C 6-27 til C 6-28** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli afmarkar þennan reit. Bakkinn hefur verið hvítmálaður, en nú er málningin farin að flagna mjög. Bakkinn er mosavaxinn, en ekki mjög sprunginn og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er steypt koparplata, sem felld er inn í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

***Reitaröð C 7-1 til C 7-14 snýr mót vestri.***

**C 7-1 til C 7-2** Hér eru tvö minningarmörk. Annað er granítsteinn, sem er skorinn og slípaður. Hann fer í 4. flokk. Hitt er grágrýtishella, sem er slípuð að framan. Letrið á henni er ögn upphleypt á bekkjum. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**C 7-3 til C 7-4** Umhverfis þennan reit er fallegur steinsteyptur bakki í mjög góðu ástandi. Á honum standa 3x3 súlur og liggur keðja á milli þeirra. Bakkinn fer í 4. flokk. Minningarmarkið er úr silfurleitu graníti, slípað að framan en með óreglulegum hliðum. Letrið er upphleypt á bekkjum. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 7-5 til C 7-9** Ekkert er að finna á þessum fimm leiðum.

**C 7-10 til C 7-11** Steinsteyptur bakki með súlum í hverju horni afmarka þennan reit. Tvær pípur ganga á milli súlnanna. Þetta gerði er í ágætisástandi og lítið sprungið og fer það í 4. flokk. Hér eru tvö minningarmörk. Syðst og austast er kross með álplötu, sem fer í 4. flokk. Fyrir miðju er marmaraplata en á henni eru koparstafir. Platan hvílir á marmarasteypu. Sama áletrun er á krossinum og plötunni. Platan fer í 4. flokk.

**C 7-12** Á reitnum er lágur granítvarði sem hvílir á undirstöðu úr grágrýti. Hæð hans er um 40-50 cm, breiddin 25-30 cm og þykkt hans er um 20 cm. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 7-13** Á þessum reit er steinsteyptur púltsteinn með koparplötu, sem nær yfir allan steininn. Stærð plötunnar er um 35x45 cm og fer steinninn í 4. flokk.

**C 7-14** Minningarmarkið hér er bæsaður furukross með plastplötu, sem fer í 4. flokk.

***Reitaröð C 7-15 til C 7-28 snýr mót austri.***

**C 7-15 til C 7-17** Þessi reitur markast af steinsteyptum bakka, sem fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö. Það nyrðra er frá Schannong; bogasteinn úr graníti með upphleyptu krossmarki. Hliðar steinsins eru mótaðar sem blys. Vegna þeirrar táknfræði sem hér má sjá fer þessi steinn í 2. flokk. Syðra minningarmarkið er 50-60 cm hár blágrýtisferningur, sem er skorinn og slípaður. Undirstaða hans er ferkantaður grágrýtiskubbur. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 7-18 til C 7-20** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Steyptur planki er bæði ofan á örmum og gafli. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö og eru það fallegar svartar granítplötur með flúri efst. Þær eru u.þ.b. 40x50 cm að stærð og felldar inn í gaflinn. Þessar plötur fara í 4. flokk.

**C 7–21 til C 7-25** Ekkert er á þessum fimm leiðum.

**C 7-26 til C 7-27** Milli þessara leiða er hvítmálaður trékross en engin áletrun er á honum. Hann fer í 4. flokk.

**C 7-28** Á þessu leiði er hvorki umgjörð né minningarmark.

***Reitaröð C 8-1 til C 8-14 snýr mót vestri.***

**C 8-1 til C 8-2** Umhverfis þetta legstæði er steinsteyptur bakki sem er nokkuð sprunginn og fer í 5. flokk. Hér má sjá tvö minningarmörk. Annað er mjög fallegur grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Varðinn er með þekju, en neðan við hana dregst hann inn beggja vegna. Letrið er mjög upphleypt á bekkjum. Þetta minningarmark fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er skorinn allhár blágrýtissteinn með púltsteinsformi. Stærð steinsins er um 30x40 cm. Letrið er sandblásið niður og málað hvítt. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 8-3 til C 8-4** Hér umhverfis er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steinsteyptur kubbur, á að giska 40x50 cm að stærð. Á honum er steypt álplata sem er bogadregin að ofan. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**C 8-5 til C 8-6** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er með tveimur hliðarörmum og gafli. Allt er þetta hvítmálað, en ekki í góðu ástandi og fer bakkinn í 5. flokk. Minningarmarkið er u.þ.b. 30x40 cm stór álplata, sem skrúfuð er inn í gaflinn. Platan fer í 4. flokk.

**C 8-7** Umhverfis leiðið er gerði úr sívölum grágrýtisstólpum, einum í hverju horni. Tvær pípur ganga á milli stólpanna. Gerðið er í nokkuð góðu ástandi og enga pípu vantar. Minningarmarkið er bogasteinn, með litlum boga efst. Þar fyrir neðan eru tveir bogar og enn neðar litlar axlir. Steinninn stendur á oddhöggnum sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr grágrýti. Þetta er mjög farið að mást og þyrfti að skerpa letrið á steininum. Minningarmarkið og bakkinn fara í 3. flokk.

**C 8-8 til C 8-9** Gerðið kringum þennan reit er samsett úr 3x3 steinsteyptum súlum og fallega steyptum bakka á milli þeirra. Bakkinn fer í 4. flokk. Minningarmörkin eru tvö. Annars vegar er bogasteinn. Upp úr honum er járnstautur, svo eitthvað hefur verið efst á steininum, sem nú er horfið. Hins vegar er innfelld hvít marmaraplata með letri sem málað hefur verið með svörtu ofan í. Áletrun: *„Eftir lifir minning mæt.“* Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**C 8-10** Kringum þetta leiði er bakki með þremur súlum. Súlurnar eru mjög brotnar og segja má að gerðið sé ónýtt. Það fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steinsteyptur púltsteinn. Á honum er steypt koparplata, u.þ.b. 40x50 cm að stærð. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**C 8-11** Umhverfis þetta leiði er samskonar bakki og hér að framan og fer hann einnig í 5. flokk. Grágrýtissúla er í hverju horni og tvær pípur liggja á milli. Ekkert minningarmark er á leiðinu.

**C 8–12 til C 8-14** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

***Reitaröð C 8-15 til C 8-28 snýr mót austri.***

**C 8-15 til C 8-18** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli. Allur er hann settur bergmylsnu og fer hann í 5. flokk. Hér eru fimm minningarmörk, allt steyptar koparplötur, sem eru bogadregnar að ofan. Þær fara í 4. flokk.

**C 8–19 og C 8-20** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**C 8-21 til C 8-24** Þessi reitur afmarkast af 2x3 grágrýtissúlum. Tvær grænmálaðar járnpípur ganga á milli súlnanna. Allt er þetta í ágætu ástandi og fer í 3. flokk. Minningarmörkin hér eru tvö. Það nyrðra er flatur óbeliski, sem hvílir á sökkli og undirsteini. Hæð hans er um 70 cm upp í mæni. Letrið á varðanum er upphleypt á bekkjum. Það hefur líklega verið meitlað í fyrstu en framhlið varðans hefur síðar verið slípuð. Þessi legsteinn fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er blágrýtisflaga, klofin og slípuð að framan með letri sem sandblásið er niður. Hún stendur á grágrýtisundirstöðu. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 8–25 og C 8-26** Ekkert er að sjá á þessum tveimur leiðum.

**C 8-27** Hér er plata úr brúngráleitu graníti, sem stendur á tveimur stuðningskubbum og undirsteini úr grágrýti. Platan er bogadregin að ofan. Á plötunni stendur: *„Drottinn elskar, drottinn vakir, daga og nætur yfir þér.“* Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**C 8-28** Ekkert er hér að sjá.

# Reitasafn D

*REITASAFN D*

***Reitaröð D 1A-8 til D 1A-14 snýr mót austri.***

**D 1A-8 til D 1A-12** Hér í reitnum eru fjögur minningarmörk. Nyrst er óreglulegur fjörusteinn, allur sandblásinn niður en letrið er upphleypt. Þessi steinn fer í 4. flokk. Næst honum er heill, nokkuð stór og mikill, náttúrulegur fjörusteinn með koparstöfum, sem einnig fer í 4. flokk. Því næst er annar náttúrulegur steinn. Á honum er letrið sandblásið ofan í og málað í með svörtu. Þetta minningarmark flokkast einnig í 4. flokk. Syðst er grágrýtissteinn, sem liggur mjög flatur og hallast mjög mikið. Hann er með granítplötu, sem er með niðurblásnu letri og fer hann einnig í 4. flokk.

**D 1A-13 til D 1A-14** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki en yfir allan reitinn er steypt plata úr rauðamalarsteypu. Svört granítplata er felld ofan í plötuna. Þessi umbúnaður fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 2A-1 til 2A-7 snýr mót austri.***

**D 2A-1 til D 2A-3** Hér er steinsteyptur bakki umhverfis reitinn. Hann er með tveimur hliðarörmum og gafli. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru felld syðst í gaflinn. Þetta eru svartar granítplötur, með sandblásnu letri og fara þær í 4. flokk.

**D 2A-4 til D 2A-5** Ekkert gerði afmarkar þennan reit, en að framanverðu hafa verið settir tréplankar til að varna því að úr leiðinu hrynji. Minningarmarkið er hvít marmaraplata með þekju og snöggskornum boga. Letrið á plötunni er úr kopar. Platan fer í 4. flokk.

**D 2A-6 til D 2A-7** Steypti bakkinn umhverfis þennan reit er mjög flagnaður og að kalla má ónýtur. Hann fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér er blágrýtisstuðull, sem stendur á steyptum undirsteini. Letrið er handmeitlað ofan í stuðulinn. Þessi bautasteinn fer í 3. flokk.

***Reitaröð D 2A-8 til 2A-14 snýr mót vestri.***

**D 2A-8 til D 2A-10** Þetta legstæði afmarkast af steinsteyptum bakka með hliðararmi og háum gafli með steyptum planka ofan á. Ekki verður betur séð en bakkinn sé ónýtur og fer hann í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk, allt svartar granítplötur með sandblásnu letri ofan í. Tvær þeirra eru hlið við hlið nyrst á gaflinum, en sú þriðja er alveg syðst. Þessar plötur fara í 4. flokk.

**D 2A-11 til D 2A-12** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka án hliða. Bakkinn er skakkur og það mikið skemmdur að telja má hann ónýtan. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið á reitnum er hvítur marmaravarði með ójöfnum þakhliðum. Letrið á varðanum er úr kopar og málað svart. Varðinn hvílir á undirsteini úr marmarasteypu. Hann fer í 4. flokk.

**D 2A-13 til D 2A-14** Á reitnum er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Ofan á gaflinum er steyptur planki. Allur er hann settur bergmylsnu. Bakkinn

fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér er svört granítplata, sem felld er inn í gaflinn. Platan er meiri á lengdina en hæðina og fer hún í 4. flokk.

***Reitaröð D 3A-1 til D 3A-7 snýr mót austri.***

**D 3A-1 til D 3A-2** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi, sem allur er að morkna og telja má ónýtan. Fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er granítpúlt sem hallar ekki mikið. Það hvílir líklega á grágrýtiskubbi. Allt hallar þetta nokkuð til suðvesturs og þyrfti að rétta við. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**D 3A-3 til D 3A-4** Steinsteypti bakkinn umhverfis þetta legstæði er með hliðararmi og gafli. Steyptur planki er ofan á gaflinum og á öllu er bergmylsna. Öll pússningin er hrunin af gaflinum og fer þessi bakki í 5. flokk. Minningarmarkið er steypt álplata, sem skrúfuð er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**D 3A-5** Bakkinn í kringum þetta leiði er það sprunginn að hann telst ónýtur. Hann fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark að finna.

**D 3A-6 til D 3A-7** Hér afmarkar steinsteyptur bakki, í góðu ástandi, reitinn. Hann fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér er hvítur furukross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

***Reitaröð D 3A-8 til D 3A-14 snýr mót vestri.***

**D 3A-8 til D 3A-9** Steinsteypti ramminn umhverfis þennan reit er víða brotinn og fer hann í 5. flokk. Hér er eitt minningarmark, grágrýtispúltsteinn, sem er þrisvar sinnum þykkari neðst en efst. Breidd hans er um 70 cm, en hæðin um 50 cm og hvílir hann á undirsteini sem einnig er úr grágrýti. Svört granítplata er felld inn í púltsteininn. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**D 3A-10** Ekki er hægt að segja að umgjörð afmarki þennan reit en steypt er aftan við höfðagafl og að framan. Hér er minningarmarkið heilt, móbrúnt eða rauðleitt granít-púlt. Letrið á því er sandblásið niður og er það hvítt. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**D 3A-11 til D 3A-12** Hér er reiturinn afmarkaður af steinsteyptum bakka með gafli og hliðararmi. Steyptur planki er ofan á gaflinum. Allt er þetta mjög sprungið og fer bakkinn í 5. flokk. Þau þrjú minningarmörk sem hér má sjá eru allt steyptar kopar-plötur, bogadregnar að ofan og fara þær í 4. flokk.

**D 3A-13 til D 3A-14** Í kringum þennan reit er steinsteyptur rammi, sem fer í 5. flokk, og hér eru þrjú minningarmörk. Austast er fallegur steinn með þekju og ypptum útstæðum öxlum. Efst er meitlaður ferningur með pálmagrein og krossi, en neðst er brotið handaband af minni gerðinni. Þessi steinn er úr grágrýti og hvílir hann á sökkli og undirsteini. Sjá má að steinninn hefur einhvern tíma verið slípaður upp á nýtt. Þetta minningarmark fer í 3. flokk. Norðan við grágrýtissteininn stendur lítil englamynd á stólpa sem áletrun er á. Myndin og stólpinn eru úr marmara. Allt er þetta mjög skófum vaxið og annar vængurinn á englinum hefur brotnað af. Minningarmarkið fer í 4. flokk. Sunnan við þetta, fyrir framan stóra steininn, er marmarabók sem hvílir á stuðningssteini úr grágrýti og fer minningarmarkið í 4. flokk.

*Reitaröð D 4A-1 til D 4A-5 snýr mót austri.*

**D 4A-1 til D 4A-2** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi með nokkuð háum gafli. Ofan á gaflinum er steyptur planki. Allt er þetta sett bergmylsnu og er í ágætu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru steyptar koparplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Lengd þeirra er meiri en hæðin og fara þær í 4. flokk.

**D 4A-3 til D 4A-4** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan reit. Á honum eru 3x3 súlur og liggur keðja á milli þeirra. Allt er þetta í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark.

**D 4A-5** Hér afmarkar steinsteyptur rammi reitinn. Hann er með þremur hliðarörmum og gafli sem ekki er mjög hár. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér í reitnum er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Hún er felld inn í gaflinn og fer í 4. flokk.

*Reitaröð D 4A-6 til D 4A-10 snýr mót vestri.*

**D 4A-6 til D 4A-7** Í kringum þetta legstæði er steinsteyptur bakki með tveimur hliðarörmum, sem eru jafnir gaflinum, en gaflinn hækkar um helming fyrir miðju. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er ferhyrnd koparplata, sem felld er inn í gaflinn og fer í 4. flokk.

**D 4A-8 til D 4A-10** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi, sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er gljáslípaður steinn úr silfurleitu graníti. Hann er heilskorinn og er breidd hans meiri en hæðin. Þessi steinn fer í 4. flokk.

*Reitaröð D 5A-1 til D 5A-5 snýr mót austri.*

**D 5A-1** Hér er mjög lágur steinsteyptur bakki umhverfis reitinn og fer hann í 5. flokk. Eina minningarmarkið á reitnum er brúnleitur slípaður fjörusteinn. Letrið er sandblásið ofan í steininn og er svartmálað. Steinninn fer í 4. flokk.

**D 5A-2 til D 5A-3** Þessi reitur afmarkast af nokkuð háum, steyptum ramma sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er einnig steinsteypt og hvílir á bakkanum vestan megin. Ofan á þessum varða er þunnur kubbur og á honum er hálf sól. Einnig er teiknuð sól efst á varðann sjálfan. Varðinn er þrisvar sinnum meiri á hæðina en breiddina. Steypt álplata er skrúfuð í varðann. Varði og plata fara í 4. flokk.

**D 5A-5** Reiturinn er afmarkaður af bakka sem fer í 5. flokk. Hér standa þrjú minningarmörk vestan megin á bakkanum. Syðst og nyrst eru flatir óbeliskar úr grágrýti án sökkuls. Þeir fara í 3. flokk. Fyrir miðju er grágrýtisstuðull, sem er skorinn niður og slípaður. Hann hvílir á blágrýtissteini, sem allur er afsettur. Letrið er sandblásið niður og hvítmálað. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

*Reitaröð D 1-1 til D 1-14 snýr mót austri.*

**D 1-1 til D 1-2** Steinsteypti bakkinn í kringum þennan reit er í góðu ástandi. Þó er pússningin nokkuð farin að flagna af bakkanum. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið hér er dökkur, náttúrulegur granítsteinn. Steinninn er skorinn og slípaður en er

engu að síður óreglulegur að lögun. Leturflöturinn er mattur, letrið gljáandi og ögn upphleypt. Minningarmarkið flokkast í 4. flokk.

**D 1-3 til D 1-4** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka og innan hans er reiturinn allur hellulagður. Eina minningarmarkið hér er slípaður grágrýtissteinn með stórri granítplötu, sem er mun stærri en steinninn sjálfur. Breidd plötunnar er á að giska helmingi meiri en hæð hennar. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 1-5 til D 1-6** Talsvert mikið hefur brotnað upp úr steinsteypta bakkanum umhverfis þennan reit og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er blágrýtiskubbur, sem er helmingi meiri á hæðina en breiddina. Steinninn er skorinn og slípaður og jafn á hliðum. Letrið á steininum er sandblásið niður og hvítmálað. Steinninn fer í 4. flokk.

**D 1-7 til D 1-9** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka. Hann er nokkuð brotinn og hallar nokkuð í vestur. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið á þessum reit er úr grágrýti. Steinninn er nokkuð sérkennilegur í laginu því hliðarnar eru ekki lóðréttar, heldur eru þær skornar sitt á hvað. Steinninn hvílir á sökkli, sem er skorinn, ferhyrndur kubbur. Letrið á steininum er sandblásið ofan í hann og hefur það verið hvítmálað, en farið er að flagna úr því. Efst á steininum er harpa. Steinninn fer í 2. flokk vegna táknfræði.

**D 1-10 til D 1-12** Hvorki er að finna umgjarðir né minningarmörk á þessum þremur leiðum.

**D 1-13 til D 1-14** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki, sem víða hefur kvarnast upp úr. Hér má sjá eitt minningarmark. Það er nokkurn veginn ferkantaður grágrýtissteinn, en er slípaður með upphleyptu letri á bekkjum. Hann hvílir á miklum grágrýtisdranga, sem er afsettur. Þessi sökkull stendur á undirsteini, sem er tengdur bakkanum. Allur þessi umbúnaður fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 1-15 til D 1-28 snýr í vestur.***

**D 1-15 til D 1-17** Þessi reitur afmarkast af 2x3 grágrýtisstólpum, sem pípur ganga milli. Pípurnar á norður- og vesturhliðum hafa fallið niður og þyrfti að lagfæra þær. Umgjörðin fer í 2. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk. Nyrst og syðst eru alveg eins minningarmörk, heilskornir grágrýtispúltsteinar. Þeir eru haganlega skornir og þéttir í sér og líta út fyrir að vera úr blágrýti. Inn í steinana eru felldar ferhyrndar, svartar granítplötur með sandblásnu letri, sem er hvítt og mjög snyrtilegt. Fyrir miðju er grágrýtisvarði, sem hvílir á sökkli og undirsteini úr sama efni. Varðinn er með bratta þekju í miðju og háar og miklar útstæðar, ypptar axlir sem ganga niður. Þar fyrir neðan dregst steinninn örlítið inn. Efst á varðanum er lágmyndin *Nótt*. Minningarmörkin fara í 2. flokk.

**D 1-18 til D 1-19** Gerðið í kringum þennan reit er með 2x3 steyptum súlum og ganga tvær pípur á milli þeirra. Gerðið er í sæmilegu ástandi og pípurnar vel bronsaðar. Gerðið fer í 4. flokk. Hér eru minningarmörkin tvö. Annað er álkross á fæti, sem boltaður er niður í steyptan stein. Álplata er skrúfuð framan á krossinn. Krossinn fer í 4. flokk. Fyrir miðju er mikill, steinsteyptur kross. Framan á hann er skrúfuð marmaraplata. Platan er mjög ílöng og á að giska 3 cm á þykkt. Letrið er meitlað í plötuna og málað í með svörtu. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 1-20** Á þessum reit má sjá heilskorinn grágrýtisstein með púltsteinsformi. Hann er með upphleyptu letri á bekkjum. Steinninn er mikið siginn og þyrfti að hefja hann upp. Steinninn fer í 4. flokk.

**D 1-21** Minningarmarkið hér er mjög lágur, flatur óbeliski, sem hvílir á sökkli og líklega einnig undirsteini. Efst er ferningur, sem er gróft stokkhöggvinn, með krossi og pálmablaði. Áletrunarflöturinn er einnig gróft stokkhöggvinn. Allt er þetta upphleypt á heilum fleti og fer steinninn í 3. flokk.

**D 1-22** Á þessu leiði stendur trékross með álspjaldi, sem skrúfað er í krossarminn. Minningarmarkið er í sæmilegu ástandi og fer í 4. flokk.

**D 1-23 til D 1-25** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Bakkinn er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Hér eru fjögur eins minningarmörk. Þetta eru blágráleitar granítplötur, ögn meiri á lengd en hæð en hæð þeirra er um 30 cm. Allar er plöturnar felldar inn í gaflinn. Þessi minningarmörk fara í 4. flokk.

**D 1-26 til D 1-28** Þessi reitur markast af steinsteyptum bakka með gafli. Steyptur planki er ofan á gaflinum. Bakkinn er í sæmilegu ástandi, en hallar þó nokkuð til norðausturs og gaflinn er mjög sprunginn. Bakkinn fer í 5. flokk. Hér má sjá fjögur minningarmörk. Norðan við miðju eru tvær ílangar, steyptar álplötur, en hin tvö minningarmörkin eru ílangar, steyptar koparplötur. Plöturnar eru allar í samfelldri röð og fara í 4. flokk.

***Reitaröð D 2-1 til D 2-14 snýr til austurs.***

**D 2-1 til D 2-3** Þetta legstæði markast af steinsteyptum bakka með þremur hliðarörmum og gafli. Bakkinn er allur að brotna að framan og fer hann í 5. flokk. Hér má sjá þrjú minningarmörk. Syðst er ferhyrnd, svört granítplata með gljáandi letri á möttum bekk. Við hlið hennar er önnur plata, einnig úr graníti, en ögn lengri. Þessi plata er eins og sú sem er nyrst. Letrið á öllum plötunum er upphleypt á bekkjum. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**D 2-4 til D 2-5** Kringum þennan reit eru hlaðnar gangstéttarhellur og hraunmolar að sunnanverðu og fer þessi umbúnaður í 5. flokk. Minningarmarkið hér er stór steyptur, láréttur kubbur. Ofan í hann er felld stór og mikil steypt álplata. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 2-6 til D 2-7** Á þessu legstæði stendur bæsaður furukross í ágætisástandi. Svört álplata er skrúfuð á krossinn sem fer í 4. flokk. Að framanverðu eru hraunhellur til að halda hæð bakkans.

**D 2-8 til D 2-9*** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 4. flokk. Minningarmarkið er legsteinn eftir Magnús Geir Guðnason. Á honum er lágmyndin *Dagur*. Hún er allstór en mjög sprungin. Þetta er fallegur steinn sem fer í 2. flokk.

**D 2-10 til D 2-14** Steinsteypti bakkinn sem afmarkar þennan reit er mjög ílangur með hálfum hliðararmi og nokkuð háum gafli. Steyptur planki er ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergmylsnu og í sæmilegu ástandi, en þó er nokkuð farið að bera á sprungum í steypunni. Fer í 5. flokk. Hér eru fimm minningarmörk í röð, en bil er milli þeirra tveggja syðstu og þriggja nyrstu. Þetta eru allt svartar granítplötur, u.þ.b. 25-30 cm háar. Breidd þeirra er um helmingi meiri. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

***Reitaröð D 2-15 til D 2-28 snýr mót vestri.***

**D 2-15 til D 2-16** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi í ágætisástandi og fer hann í 4. flokk. Hér eru tvö minningarmörk. Annað er varði úr gráu, mjög fínkornóttu graníti. Hann hvílir á mjög óreglulegum sökkli. Efst á varðanum er meitlað blómaskraut. Þetta minningarmark fer í 2. flokk.

Á miðjum reitnum stendur afar brattur og fallegur þekjusteinn úr granít með mjög ypptar axlir, sem ná ekki alveg upp í þekjuna. Steinninn stendur á oddhöggnum grágrýtissökkli og undirsteini úr sama efni. Steinninn fer í 4. flokk.

**D 2-17 til D 2-18** Þessi reitur afmarkast af steyptum ramma sem er nokkuð farinn að flagna og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**D 2-19 og D 2-20** Ekkert minningarmark er að finna á þessum tveimur reitum.

**D 2-21 til D 2-22** Umhverfis þetta legstæði er steinsteyptur bakki með nokkuð háum gafli og súlu í hverju horni. Þær eru hvítmálaðar í mjög góðu ástandi. Bakkinn fer í 4. flokk. Minningarmarkið hér á reitnum er óunninn granítsteinn sem hefur verið klofinn og slípaður. Letrið er sandblásið ofan í hann og er hvítmálað. Steinninn stendur á ílöngum kubbi úr marmarasteypu og fer í 4. flokk.

**D 2-23** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**D 2-24 til D 2-26** Þessi reitur afmarkast af gerði með 2x3 grágrýtisstólpum. Þeir eru með pýramídaþekju og er flái fyrir miðju. Tvær pípur ganga á milli stólpanna. Allt er þetta nokkuð skakkt en mætti rétta af. Ekkert minningarmark er hér á reitnum. Umgjörðin kringum reitinn fer í 2. flokk.

**D 2-27 til D 2-28** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann er með 3x3 steinsteypta stólpa og hangir keðja á milli þeirra. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér má sjá tvö minningarmörk. Annað er klassískur steinn með þekju í miðið, útstæðum ypptum öxlum og dreginn inn að miðju. Steinninn snýr í austur. Hann hvílir á sökkli og undirsteini. Á sökklinum eru bekkir allan hringinn og er hann að mestu oddhöggvinn. Efst á varðanum er lágmyndin *Nótt*. Myndin er stór og alveg heil. Fyrir neðan er heilt handaband. Þetta minningarmark fer í 2. flokk. Fyrir framan þennan stein stendur heilskorinn, sléttur, svartur granítsteinn sem fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 3-1 til D 3-14 snýr í austur.***

**D 3-1 til D 3-4** Hér er steinsteyptur rammi umhverfis reitinn með gafli og tveimur hliðarörmum. Efri armurinn er jafnhár gaflinum. Bakkinn er allur mjög þunnur og settur bergmylsnu, sem víða er flögnuð af og flokkast hann í 5. flokk. Hér á reitnum eru fjögur minningarmörk. Það nyrsta og syðsta (sem er í raun fyrir miðjum gaflinum)

eru ílangar grágrýtisplötur með mjög upphleyptu letri á bekkjum. Breidd þeirra er um helmingi meiri en hæðin. Fyrir miðju er ílöng plata og sú fjórða er fyrir neðan hana. Á hana hefur verið bætt „*og kona hans*“. Hér hefur verið gert ráð fyrir fleiri plötum, en steypt hefur verið upp í sárið og sett á það bergmylsna. Þessi minningarmörk fara í 4. flokk.

**D 3-5 til D 3-7** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi, sem nær fram að fremsta stykki og helmingi hærri gafli. Bakkinn fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér er lítil granítplata, u.þ.b. 30x30 cm. Letrið er meitlað fremur en sandblásið ofan í plötuna og er gyllt. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**D 3-8 til 3-11** Steinsteypti bakkinn umhverfis þetta legstæði er með 3x4 stólpum, sem keðja hangir á milli. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið hér er geysilega stór og mikill púltsteinn. Hann er u.þ.b. 70 cm hár, tæpur metri á breidd og efst er þykkt hans um 20 cm. Steinninn er nokkuð sprunginn. Framan á hann er fest mjög stór steypt koparplata, sem er bogadregin að ofan. Þessi steinn fer í 3. flokk.

**D 3-12** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**D 3-13 til D 3-14** Hér er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli umhverfis legstæðið. Einnig hefur verið steypt ofan á allan reitinn. Umgjörðin fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tveir granítsteinar með þremur stöllum, hver upp af öðrum. Steinarnir sitja á bakkanum og er gaflinn steyptur á milli þeirra. Áletrunarflöturinn á steinunum stendur ögn upp og á hann er límt koparletur. Þessi minningarmörk fara í 4. flokk. Framar á reitnum eru tveir steyptir púltsteinar. Á þá er límd svört granítplata með gljáandi letri á möttum bekkjum. Þessir steinar fara í 4. flokk.

***Reitaröð D 3-15 til D 3-28 snýr mót vestri.***

**D 3-15** Á þessum reit stendur u.þ.b. 70 cm hár blágrýtisstuðull. Sérkennilegt er að letrið er meitlað á tvo fleti sexstrendingsins. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**D 3-16 til D 3-17** Ekkert afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er trékross með plastplötu, sem skrúfuð hefur verið á hann. Fer í 4. flokk.

**D 3-18** Minningarmarkið hér er fallegur, heill, ferhyrndur grágrýtisdrangur. Brúnirnar að ofan hafa fláa og letrið er upphleypt á bekkjum. Steinninn hvílir á skornum sökkli og líklega stendur hann á undirsteini, sem sést þó ekki. Drangurinn hallast mjög til suðurs og þyrfti að rétta hann af. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**D 3-19** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**D 3-20 til D 3-22** Umhverfis þetta legstæði er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli, sem fer í 5. flokk. Ofan á öllu þessu er steyptur planki. Hér eru fimm minningarmörk, allt svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær eru um 50 cm breiðar og 40 cm háar og fara í 4. flokk.

**D 3-23 til D 3-26** Kringum þennan reit er steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi og sem fer í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk. Annað er fallegur grágrýtissteinn með burst og tveimur ypptum, útstæðum öxlum. Hann stendur á miklum sökkli og

undirsteini, allt úr sama efni. Sökkullinn er oddhöggvinn. Auðséð er að þetta hefur einhvern tíma verið slípað upp, því allt er þetta mjög skýrt. Á varðann er límd svört álplata. Hún er mjög skemmd. Þetta minningarmark fer í 3. flokk. Rétt sunnan megin við grágrýtissteininn er rauð- eða brúnleit granítplata, sem hvílir á tveimur grágrýtis-kubbum og undirsteini úr sama efni. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**D 3-27 til D 3-28** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið hér er álplata, sem skrúfuð er á krossvið. Þetta er í slæmu ástandi og fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 4-1 til D 4-14 snýr mót austri.***

**D 4-1 til D 4-2** Hár steinsteyptur bakki afmarkar þetta legstæði og fer hann í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér á reitnum er steyptur steinn sem stendur vestan megin á bakkanum. Steinninn er nokkuð sprunginn. Í hann er felld hvít marmaraplata á að giska 40x40 cm. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 4-3 til D 4-4** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi með hliðararmi og gafli. Ramminn er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Hér eru þrjú minningarmörk. Þau sem eru nyrst og í miðjunni eru úr gleri og skrúfuð í. Syðst er blágrýtisplata, með allar hliðar jafnlangar og blásnu letri. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**D 4-5 til D 4-6** Hér afmarkar reitinn steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Bakkinn er allur settur bergmylsnu og fer í 4. flokk. Eina minningarmarkið er ákaflega ílöng, hvít marmaraplata með koparstöfum. Lengd hennar er um 150 cm, en hæðin um 40 cm og fer hún í 4. flokk.

**D 4-7 til D 4-8** Á þessum reit er hvítur marmarakross með svartri álplötu, sem fer í 4. flokk. Engin umgjörð er kringum reitinn.

**D 4–9 og D 4-10** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**D 4-11** Í kringum þetta leiði er gerði úr afsettum grágrýtisstólpum. Tvær pípur ganga á milli stólpanna. Pípurnar að vestanverðu eru brotnar úr og mætti laga það. Umgjörðin fer í 3. flokk. Hér er ekkert minningarmark.

**D 4-12** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**D 4-13 til D 4-14** Umhverfis þetta legstæði er steinsteyptur bakki með þremur hliðar-örmum og gafli, sem er lítið hærri en vestasti hliðararmurinn. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer í 5. flokk. Hér er eitt minningarmark en það er skorin grágrýtis-plata, sem er helmingi meiri á breidd en hæð. Letrið er sandblásið grunnt ofan í plötuna og er orðið nokkuð máð. Platan fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 4-15 til D 4-28 snýr mót vestri.***

**D 4-15 að D 4-17** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**D 4-18 til D 4-19** Hér er steinsteyptur rammi umhverfis reitinn. Hann er settur berg-mylsnu og í ágætu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark stendur á reitnum, flatur óbeliski úr grágrýti með tveimur þakhliðum. Sprunga er í þekjunni og

þar er járnstautur sem bendir til að eitthvert skrautverk hafi verið þar fyrr. Efst á varðanum er lítill en mjög sprunginn platti með lágmyndinni *Degi*. Áletrunin á varðanum hefur verið meitluð í upphafi, en hún síðan skerpt með því að blása hana. Hér má lesa svohljóðandi eftirmæli: *„Sofðu í faðmi frelsarans mín ástkæra dóttir, ógleymanleg minning þín."* Varðinn hvílir á sökkli, sem einnig er úr grágrýti. Þetta minningarmark fer í 2. flokk.

**D 4-20** Steinsteyptir stólpar afmarka þetta leiði og er einn í hverju horni. Pípur hafa gengið á milli en þær eru allar horfnar. Stólparnir eru brotnir og fer þetta í 5. flokk.

**D 4-21** Hér má sjá mjög lágan flatan óbeliska, sem stendur á oddhöggnum sökkli. Hann er á að giska 50 cm á hæð. Þessi varði er fallegur og heillegur og fer í 3. flokk.

**D 4-22 til D 4-23** Á þessum reit er mjög ílangur bautasteinn úr fjörugrjóti. Letur og krossmark er sandblásið ofan í steininn sem fer í 4. flokk.

**D 4–24 og D 4-25** Ekkert minningarmark er að finna á þessum tveimur leiðum.

**D 4-26** Þessi einstaklingsreitur afmarkast af steinsteyptum stólpa með pýramídaþekju í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Gerðið er í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér er sandsteinn. Kross hefur verið upp af honum. Bergflétta er meitluð á steininn og hann er með innfelldri marmaraplötu. Þetta minningarmark fer í 1. flokk.

**D 4-27 til D 4-28** Kringum þennan reit er steinsteyptur rammi í ágætu standi og sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið stendur á bakkanum austanverðum. Það er steinsteyptur ferhyrningur og er sporöskjulaga steypt álplata skrúfuð á þennan ramma. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 5-1 til D 5-14 snýr mót austri.***

**D 5-1 til D 5-2** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi sem fer í 5. flokk. Hér er minningarmarkið steyptur púltsteinn, um 50x50 cm með innfelldri svartri granítplötu. Hann fer í 4. flokk.

**D 5-3** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**D 5-4** Í hverju horni þessa leiðis er grágrýtisstólpi og liggja tvær pípur á milli þeirra. Stólpinn í suðvesturhorninu er brotinn og sumt hefur verið vírað saman og þyrfti að laga þetta. Umgjörðin fer í 4. flokk. Minningarmarkið er bogasteinn úr dökkleitu graníti, sem hvílir á sökkli. Letrið er meitlað ofan í steininn. Steinninn fer í 4. flokk.

**D 5-5 til D 5-6** Grágrýtissúlur eru í hverju horni þessa reits og ganga tvær pípur á milli þeirra. Bæði súlur og pípur eru bronsaðar. Umgjörðin fer í 4. flokk. Á reitnum eru tvö minningarmörk, bæsaðir furukrossar með plastspjöldum og fara þeir í 4. flokk.

**D 5-7 til D 5-9** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**D 5-10** Ekkert gerði er í kringum þennan reit, en hér er skemmtilega tilhöggvinn grágrýtissteinn á sökkli úr sama efni. Steinninn hefur mjög sérkennilegt krossform.

Eftirfarandi áletrun er á krossinum: *„Hér hvílir góður drengur. Jón Þorkelsson, ljúf er þín minning.“* Steinninn fer í 3. flokk.

**D 5–11 til D 5-13** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**D 5-14** Hér á leiðinu er steinsteyptur púltsteinn á að giska 45 cm breiður. Granítplata er felld inn í steininn og er hún sprungin. Breidd plötunnar er um 40 cm og hæðin um 30 cm. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 6-1 til 6 1-14 snýr mót austri.***

**D 6-1** Nyrst á þessum grafreit stendur lítill, flatur óbeliski á sökkli. Varði og sökkull eru úr dökkbrúnleitu graníti. Varðinn er slípaður að framan en sökkullinn er oddhöggvinn. Upp úr varðanum stendur koparpinni sem eflaust hefur stutt eitthvert skrautverk. Áletrunin á varðanum er: *„Með hverju getur ungur maður haldið vegi sínum hreinum? Með því að gefa gaum að orði þínu drottinn. Sálmur 119:9.“* Þess varði fer 2. flokk.

**D 6-2** Hér stendur grágrýtissteinn á grágrýtissökkli. Hann er afsettur á hliðum, að ofan og á baki. Framhliðin er hins vegar slípuð með upphleyptu letri á bekkjum. Þessi steinn fer í 3. flokk.

**D 6-3 til D 6-4** Á þessu legstæði stendur flatur grágrýtisvarði, sem er skorinn niður og slípaður. Hann hvílir á grágrýtiskubbi. Á varðann er letrað: *„Lofa þú drottins sála mín. Sálmur 103.“* Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 6-5 til D 6-6** Í kringum þennan reit er steinsteyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark að finna.

**D 6-7 til D 6-8** Steinsteypti bakkinn í kringum þennan grafreit er allur brotinn og í afar slæmu ástandi. Sjá má að hér hafa staðið 3x3 súlur ofan á rammanum, en þær eru nú allar brotnar. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er skemmtilegur bogadreginn varði líklega frá Schannong. Hann er hár og mikill úr ljósbleiku, fínkornóttu graníti og hvílir á sökkli og undirsteini úr sama efni. Reipi er meitlað meðfram brúnum varðans og efst á honum er sólkross. Letrið er meitlað ofan í framhliðina. Þessi varði fer í 2. flokk.

**D 6-9 til D 6-11** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið hér er marmarabók, sem hvílir á grágrýtissteini með stuðningssúlu fyrir miðju. Letrið er meitlað og gyllt. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 6-12 til D 6-14** Umhverfis þennan reit er mikill og digur steinsteyptur bakki, sem fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér er blágrýtisstuðull, sem hvílir á kubbi, sem sennilega er einnig úr blágrýti. Framhlið stuðulsins er öll sandblásin og upphleypt letrið stendur því eftir. Þessi steinn fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 6-15 til D 6-28 snýr mót vestri.***

**D 6-15 til D 6-18** Hér eru tvö eins minningarmörk, heilskornir blágrýtispúltsteinar. Þeir eru um 40 cm háir og um 50 cm breiðir. Þessir steinar fara í 4. flokk.

**D 6-19 til D 6-21** Steinsteyptur rammi afmarkar þennan reit og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk standa á legstæðinu. Það nyrsta er dæmigerður, fallegur grágrýtisvarði, sem stendur á sökkli úr sama efni. Efst á varðann er meitlaður rammi með pálmagrein og krossi. Letrið er upphleypt á heilum, niðurblásnum grunni. Þessi varði fer í 3. flokk.

Því næst er hér flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr grágrýti. Hæð hans er u.þ.b. 70-80 cm upp í mæni. Neðarlega í varðann er felld hvít marmaraplata. Þetta minningarmark fer einnig í 3. flokk.

Loks er hér heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

**D 6-22 til D 6-25** Í kringum þetta legstæði er steinsteyptur rammi. Hann er í sæmilegu ástandi, en pússningin er þó víða fallin af og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið hér er stór og mikill grágrýtissteinn um 80 cm á hæð og um 110-120 cm á breidd, í dæmigerðum þjóðernisstíl. Neðst eru fjórir mjóir stallar. Þessi varði er mjög fallegur og fer í 3. flokk.

**D 6-26 til D 6-28** Steinsteypti ramminn umhverfis þennan reit er mjög lágur og ekki í mjög góðu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk. Nyrst á reitnum stendur um 180 cm hár blágrýtisstuðull, sem fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er blágrænleit þunn granítplata sem er slípuð á framhliðinni. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 7-1 til D 7-14 snýr mót austri.***

**D 7-1 til D 7-3** Hér umhverfis reitinn er steinsteyptur nokkuð hár bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Reiturinn er sléttfylltur af efni og gras yfir. Syðst á reitnum er eina minningarmarkið á reitnum en það er hvítmálaður furukross með svartri álplötu sem fer í 4. flokk.

**D 7-4 til D 7-5** Þessi reitur afmarkast af stórum og miklum steinsteyptum bakka í sæmilegu ástandi. Ofan á honum standa 3x3 súlur í misjöfnu ástandi. Tvær pípur ganga á milli súlnanna. Allt er þetta víða sprungið og pússningin farin að flagna af. Þetta gerði fer í 5. flokk. Minningarmarkið er náttúrulegur grágrýtissteinn, sem virðist vera fjörusteinn. Letrið er blásið ofan í drangann og fer steinninn í 4. flokk.

**D 7-6 til D 7-9** Ekkert afmarkar þennan grafreit. Syðst á honum stendur ljósbrúnn furukross með steyptri álplötu á krossstilknum. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 7-10 til D 7-14** Í kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með hliðararmi og háum og miklum gafli. Ramminn hefur nýlega verið lagfærður og er nú mjög snyrtilegur. Hann fer í 5. flokk. Hér á reitnum eru fjögur minningarmörk. Nyrst er stök steypt koparplata bogadregin að ofan. Svolítið sunnan við hana eru tvær alveg eins koparplötur hlið við hlið. Syðst er stór og mikil steypt koparplata, á að giska 60x60 cm. Þessi minningarmörk fara í 4. flokk.

***D 7-15 til D 7-28 snýr mót vestri.***

**D 7-15 til D 7-17** Ekkert gerði er umhverfis þennan reit. Nyrst er steinsteyptur ferhyrningur með innfelldri rismynd af Kristi. Höfundur þessara lína man aðeins eftir slíkum rismyndum í kirkjugörðunum á Reynivöllum og á Hvalsnesi en þessi er minni. Nefið er brotið af myndinni, en hún er óskemmd að öðru leyti. Lítill járnteinn hefur staðið upp úr steininum og líklega eitthvert skrautverk þar á. Steinninn er siginn og þyrfti að hefja hann upp. Þetta minningarmark fer í 1. flokk.

Einnig er hér svartur granítsteinn, sem stendur á heilskornum kubbi úr sama efni. Stærð steinsins er um 50x40 cm og þykkt hans um 7-8 cm. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 7-18 til D 7-19** Ekkert gerði er umhverfis þennan reit, en hér er eitt minningarmark. Það er mjög lítill, flatur óbeliski, sem hvílir á sökkli úr sama efni. Hæð hans er u.þ.b. 60 cm upp í mæni. Framan á varðann er límd um 2 cm þykk grágrýtisplata, sem er á að giska 40x50 cm að stærð. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 7-20 til D 7-21** Í kringum þennan grafreit er steinsteyptur bakki með þunnum, ílöngum hliðarörmum, sem ná fram að fremra stykkinu. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer umgjörðin í 5. flokk. Minningarmarkið hér er ílöng, svört granítplata, um 50 cm á breidd og 40 cm á hæð. Letrið á plötunni er gljáandi á möttum bekkjum. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**D 7-22 til D 7-23** Reiturinn er afmarkaður af hlöðnu fjörugrjóti, sem er um 15 cm í þvermál og fer sá umbúnaður í 5. flokk. Minningarmarkið er flatur óbeliski úr grágrýti, sem hvílir á sökkli og undirsteini. Letrið er blásið ofan í varðann og málað svart. Þessi steinn fer í 3. flokk.

**D 7-24 til D 7-25** Á þessum reit eru þrjú minningarmörk. Austast eru tveir steyptir púltsteinar, sem eru um 40 cm háir og 50 cm breiðir. Á þá eru settar grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum. Fyrir framan steinana stendur trékross með plastplötu. Allt sem hér er fer í 4. flokk.

**D 7-26 til D 7-27** Ekkert er á þessum leiðum.

**D 7-28** Hér er er heilskorinn grágrýtissteinn um 40x50 cm. Letrið upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 4. flokk.

***Reitaröð D 8-1 til D 8-14 snýr mót austri.***

**D 8-1 til D 8-2** Það er ekkert gerði umhverfis þennan reit. Minningarmarkið er klofinn blágrýtisvarði með slípaðri framhlið. Efst á honum er krossmark á hringlaga fleti og rósir undir því. Letrið er sett með koparstöfum sem límdir eru á varðann. Varðinn hvílir á sökkli og undir honum er heilskorinn grágrýtiskubbur. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**D 8-3** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**D 8-4 til D 8-5** Minningarmarkið hér er plata úr „silfruðu“ graníti sem styðst við grágrýtissúlu. Hún hvílir á undirsteini úr grágrýti. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 8–6 og D 8-7** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**D 8-8 til D 8-9** Hér má sjá tvö minningarmörk. Annars vegar er flatur óbeliski úr fínkornóttum marmara, sem nokkuð er farinn að veðrast. Hann hvílir á sökkli úr sama efni. Í þríhyrningi efst á varðanum er skál með ávöxtum, en letrið er upphleypt á bekkjum. Þessi varði fer í 2. flokk.

Hins vegar er mjög sérkennilega mótaður svartur granítsteinn, sem er skorinn og slípaður að framan. Hann hvílir á heilum grágrýtissteini. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**D 8–10 og D 8-11** Ekkert er á þessum tveimur leiðum.

**D 8-12** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi, en þó nokkuð sprunginn. Hann fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark að finna.

**D 8-13** Á þessum grafreit er minningarmarkið trékross með svartri álplötu, sem fer í 4. flokk.

**D 8-14** Hér á reitnum er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi. Plastplata er skrúfuð á steininn og fjörugrjót er steypt í hann. Þessi steinn fer í 4. flokk.

***Reitaröð D 8-15 til D 8-28 snýr mót vestri.***

**D 8-15 til D 8-16** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með hliðararmi og háum gafli. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin hér eru tvær svartar granítplötur, um 40x50 cm að stærð. Plöturnar fara í 4. flokk.

**D 8- 17** Ekkert er að finna á þessu leiði

**D 8-18 til D 8-19** Steinsteypti ramminn umhverfis þennan reit er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark.

**D 8-20 til D 8-22** Ramminn sem afmarkar þennan reit er steinsteyptur. Hann er mjög sprunginn og dæma má hann ónýtan. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er heilskorinn blágrýtissteinn sem er slípaður að framan en mattur á öðrum hliðum. Letrið er gljáandi á heilum, möttum fleti. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 8-23** Steinsteypti ramminn umhverfis þetta leiði er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er plata á stólpa sem hvílir á undirsteini. Allt er þetta úr marmara. Undirsteinninn er höggvinn eins og hann sé gerður úr hlöðnum steinum. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**D 8-24** Í kringum þetta leiði er gerði úr sívölum grágrýtisstólpum. Á milli þeirra liggja tvær pípur. Pípurnar hafa fallið að sunnanverðu og mætti bæta það. Gerðið fer í 3. flokk. Hér eru tvö minningarmörk. Annað er meitlaður ögn hallandi púltsteinn úr grágrýti. Hvít marmaraplata hvílir í bakkanum og er hún á að giska 40x30 cm að stærð. Steinninn fer í 4. flokk.

**D 8–25 til D 8-28** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

***Reitir D 9-1 til D 9-34 snúa í austur.***

**D 9-1 til D 9-9* Færeyski reiturinn.** Þessi stóri og mikli grafreitur afmarkast af 5x6 grágrýtissúlum, sem hvíla á hlöðnum grágrýtisbakka. Þessi umgjörð fer í 3. flokk. Hér eru tvö minningarmörk.

Annars vegar er mikill drangur, sem stendur á hlaðinni undirstöðu í fjörugrjóti. Letrað er á tvo stóra fleti. Þessi steinn fer í 1. flokk. Leiðin **D 9-18 til D 9-26** tilheyra þessum reit.

Í suðausturhorni reitsins er heilskorinn grágrýtissteinn, sem er slípaður að framan en með oddhöggnum hliðum. Letrið er sandblásið niður. Steinninn hefur púltsteinsform og er um 50 cm á hæð og um 30 cm á breidd. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 9–10 til D 9-15** Ekkert er að finna á þessum sex leiðum.

**D 9-16** Minningarmarkið á þessum reit er heilskorinn grágrýtispúltsteinn með letri sem sandblásið er niður í steininn. Hann er slípaður að framan, en hliðarnar eru fínlega stokkhöggnar. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**D 9-17** Umhverfis þennan einstaklingsreit er steyptur rammi með nokkum háum gafli. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið hér er steypt, svört álplata, bogadregin að ofan og sem skrúfuð er í bakkann. Platan fer í 4. flokk.

**D 9–18 að D 9-26** Þessi leiði tilheyra færeyska reitnum hér að ofan, þ.e. reitum **D 9-1 til D 9-9**.

***Reitaröð D 9-27 til D 9-34 snýr í austur.***

**D 9-27 og D 9-28** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**D 9-29** Nokkuð er farið að kvarnast úr steinsteypta bakkanum sem er í kringum þennan einstaklingsreit. Hann fer í 5. flokk.

**D 9-30 til D 9-31** Hér er ekkert að sjá.

**D 9-32 til D 9-33** Steinsteypti bakkinn sem markar þennan reit er mjög skemmdur. Ofan á honum eru fallegir afsettir grágrýtisstólpar, með hangandi keðju á milli. Ekkert gerði er nú vestan megin og það er mjög illa farið sunnan megin. Gerðið fer í 3. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er klassískur stuðlabergsvarði úr grágrýti, sem hvílir á sökkli úr sama efni. Letrið á varðanum er upphleypt á fleti sem blásinn er niður. Þetta minningarmark fer í 2. flokk.

**D 9-34** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

***Reitaröð D 10-1 til D 9-14 snýr í austur.***

**D 10-1** Í kringum þennan reit er gerði úr sílvölum súlum með pípum á milli. Pípurnar eru fallnar niður að sunnanverðu. Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt úr grágrýti. Letrið er meitlað ofan í varðann. Allt sem hér er fer í 3. flokk.

**D 10-2 til D 10-3** Hér á reitnum má sjá bæsaðan furukross með álplötu, sem fer í 4. flokk.

**D 10-4** Steinsteyptar súlur eru í hverju horni á þessum reit. Tvær pípur liggja á milli súlnanna og fer umgjörðin í 5. flokk. Minningarmarkið hér er trékross. Steypt álplata er á krossstilknum. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 10-5** Ekkert er að finna á þessum reit.

**D 10-6** Ramminn umhverfis þennan reit er steinsteyptur og settur bergmylsnu. Ramminn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steyptur púltsteinn, sem einnig er með bergmylsnu og svartri granítplötu. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**D 10-7** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki. Hann er með löngum hliðararmi og talsvert háum og miklum gafli. Bakkinn er allur með bergmylsnu og fer í 5. flokk. Minningarmörkin tvö hér á reitnum eru steyptar álplötur og er önnur fyrir ofan hina. Plöturnar eru um 30 cm breiðar og um 10 cm háar. Þær fara í 4. flokk.

**D 10-8** Hér má sjá lítinn, flatan óbeliska, sem er um 60 cm upp í mæni. Hann hvílir á grágrýtissökkli. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**D 10-9 til D 10-13** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

**D 10-14** Hér er minningarmarkið þekjusteinn með tveimur þakhliðum og er steinninn þrisvar sinnum þykkari neðst en efst. Letrið á varðanum er meitlað en orðið mjög máð. Enginn sökkull sést. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

# Reitasafn E

*REITASAFN E*

***Reitir E 1-1 til E 1-18 snúa mót austri.***

**E 1-1 til E 1-3** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú, allt allháir blágrýtisdrangar sem fara í 3. flokk. Sá fyrir miðju er hæstur.

**E 1-4 til E 1-8** Steyptur bakki með 3x6 súlum, liggur keðja á milli og er þetta allt í hörmulegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst er púltsteinn úr steinsteypu og er felld í hann svört granítplata. Fer í 4. flokk. Því næst er flatur óbeliski með pýramídaþekju á sökkli og undirsteini og er steinninn frá Schannong í Kaupmannahöfn. Fer í 2. flokk. Næst síðasti steinninn er alveg eins og þessi á undan og fer einnig í 2. flokk. Að lokum er hér náttúrulega slípaður steinn með ílangri koparplötu sem felld er í steininn. Fer í 3. flokk.

**E 1-9 til E 1-12** Eitt minningarmark er hér að finna. Lítill liggjandi blágrýtisstuðull með upphleyptu letri. Legsteinninn er kveðja frá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og er merkið vandlega meitlað á steininn. Fer í 2. flokk.

**E 1-13 til E 1-15** Kringum reitinn er steyptur bakki í lélegu ástandi og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er allstór stuðlabergsdrangur með sandblásnu letri. Fer í 3. flokk.

**E 1-16** Reitinn afmarkar steyptur bakki í lélegu ástandi sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er eitt, steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

***Reitir E 1-19 til E 1-36 snúa mót vestri.***

**E 1-19 til E 1-12** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er planki ofan á þeim. Allt sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Allt hvítar marmaraplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**E 1-22 til E 1-24** Steyptur rammi með bergmylsnu sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtisvarði gljáslípaður á sökkli og fer í 3. flokk.

**E 1-25 til E 1-28** Nyrst er lágur bogadreginn varði með pálmablöðungi efst í hálfmána, algengt form í garðinum, og fer í 2. flokk.
Því næst er lítill blágrýtisstuðull með púltsteinsformi, gljáslípaður og stendur hann á sökkli. Fer í 4. flokk.

**E 1-29 til E 1-30** Kringum reitinn er stólpagerði. Í hverju horni er afsettur grágrýtisstólpi og liggja tvær pípur á milli þeirra en nokkrar vantar. Laga mætti gerðið og fer það í 3. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Letrið er orðið mjög máð og fer steinninn í 2. flokk.

**E 1-31 til E 1-32** Reitinn afmarkar steyptur rammi sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr svörtu graníti á sökkli og undirsteini. Fer í 4. flokk.

**E 1-33 til E 1-36*** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.
Fyrsti steinninn er einn þeirra sem fjallað var um í skráningarskýrslunni um eldri minningarmörkin og fer hann í 2. flokk vegna táknfræði.
Fyrir miðju er blágrýtisstuðull. Framhliðin er blásin niður og letrið upphleypt. Neðst er tilvitnun. Fer í 2. flokk.
Að lokum er svartur bogasteinn úr graníti á grágrýtissökkli og steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð E 2-1 til E 2-18 snýr mót austri.***

**E 2-1 til E 2-3** Minningarmarkið á þessum þremur leiðum er liggjandi blágrýtis-drangur á tveimur blágrýtiskubbum. Framhliðin er slípuð og letrið sandblásið. Hvítmálað er í stafi. Fer í 4. flokk.

**E 2-4 til E 2-7** Allhár steyptur bakki með alkalískemmdum. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er bogasteinn úr grágrýti á sökkli og undirsteini úr sama efni. Efst er meitlaður hálfmáni og sól þar í. Fer í 2. flokk.
Því næst er fallegur púltsteinn úr grágrýti. Í hann er felld „silfur"-granítplata. Hann stendur á sökkli úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**E 2-8** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti á sökkli. Hann er afsettur á hliðum. Í hann er felld hvít marmaraplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**E 2-9 til E 2-12** Reitinn afmarkar steyptur bakki með alkalískemmdum og fer hann í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru heilskornir gljáfægðir blágrýtiskubbar á möttum sökkli. Þeir fara í 4. flokk.

**E 2-13 til E 2-16** Kringum reitinn er illa farinn steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er allstór blágrýtisdrangur sem hvílir á tveimur blágrýtiskubbum. Hann er slípaður að framan en letrið hvítmálað. Fer í 4. flokk.

**E 2-17 til E 2-18** Hvorki er hér minningarmark né umgjörð.

***Reitaröð E 2-19 til E 2-36 snýr mót vestri.***

**E 2-19 til E 2-21** Steyptur rammi með hliðararmi og gafli. Settur bergmylsnu og fer í 4. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru svartar glerplötur fremur en hrafntinna sem skrúfaðar eru í bakkann. Fara í 3. flokk þar sem mögulega er um hrafntinnu að ræða.

**E 2-22 til E 2-23** Steyptur rammi sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er heilskorinn blágrýtiskubbur og er letrið upphleypt á blásnum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**E 2-24 til E 2-25** Steyptur bakki í lélegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö, hvítir trékrossar með plastspjöldum. Fara í 4. flokk.

**E 2-26 til E 2-29** Kringum reitinn er hár steyptur bakki í góðu ástandi. Opið hlið er á vesturvegg. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er allstór trékross og er álplata þar á. Fer í 4. flokk.

**E 2-30 og E 2-31** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

**E 2-32 til E 2-33** Steyptur bakki í góðu ástandi. Steyptir drangar í hverju horni og liggja tvær pípur á milli. Fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti með breiðum öxlum og stendur hann á sökkli og undirsteini úr sama efni. Hann er afsettur á baki og hliðum og er efst lágmyndin *Nótt* alveg heil. Letrið er sandblásið og málað svart ofan í það. Fer í 2. flokk.

**E 2-34 til E 2-36** Minningarmarkið er hér fyrir miðju. Þetta er trékross í hörmulegu ástandi með áfestum plötum. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð E 3-1 til E 3-18 snýr mót austri.***

**E 3-1 til E 3-2** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er allt sett bergsalla. Fer í 4. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru allt hrafntinnuplötur sem felldar eru í bakkann, allar sprungnar. Fara í 4. flokk.

**E 3-3 til E 3-4** Kringum reitinn er hlaðinn garður af afsettum grágrýtisdröngum en í hverju horni eru hærri drangar. Hlið er þar á en laust. Umgjörðin er mjög merk og fer í 2. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtiskubbur, afsettur á hliðum og baki en slípaður að framan. Hann fer einnig í 2. flokk.

**E 3-5 til E 3-6** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli og allt sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökkleit ílöng granítplata sem er felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**E 3-7 til E 3-8** Steyptur bakki er í kring og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svonefndur „stuðlabergssteinn“ meitlaður eins og stuðlaberg í anda þjóðernisrómantíkur. Svört granítplata er felld í hann miðjan, neðst er áletrun, *„Góð minning er gulli dýrmætari.“* Fer í 2. flokk.

**E 3-9 til E-12** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á þessum fjórum leiðum en það er liggjandi blágrýtisdrangur með sandblásnu letri og er það hvítmálað. Fer í 4. flokk.

**E 3-13 til E-16** Steyptur bakki að hruni kominn, alveg ónýtur. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er bogasteinn með snöggum öxlum oddhöggvinn á hliðum, framhlið slípuð og letrið virðist meitlað. Hann stendur á sökkli með meitluðum blómapotti framan á. Undirsteinn oddhöggvinn. Allt er þetta úr grágrýti og

merkilegt. Neðst stendur: *„Hvílið í friði elskulegu systur. Þið voruð ríkar af því sem æðst er alls - kærleikanum.“* Legsteinninn fer í 2. flokk.

Því næst er hér svartur granítkubbur skorinn sem púltsteinn. Á hann er m.a. meitlað: *„Og seinna þar sem enginn telur ár, og aldrei falla nokkur harmatár, mun herra tímans hjartans faðir vor, úr hausti tímans gera eilíft vor.“* Fer í 2. flokk.

**E 3-17 til E 3-18** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er planki ofan á gafli. Settur bergmylsnu. Ástand hans er ekki gott. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö, ílangar grágrýtisplötur með upphleyptu letri sem festar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

***Reitaröð E 3-19 til E 3-36 snýr mót vestri.***

**E 3-19 til E 3-20** Kringum reitinn er lágur steinsteyptur bakki sem víða er brotinn og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er stór náttúrulegur blágrýtisstuðull sem liggur á leiðunum. Á steininn eru límdir koparstafir. Steinninn fer í 3. flokk.

**E 3-21 til E 3-22** Kringum reitinn er steinsteypt umgjörð sem víða er farin að brotna og fer hún í 5. flokk. Nyrsta minningarmarkið er hvítur furukross með plastplötu sem fer í 4. flokk. Næsta minningarmark er marmaraplata sem er bogadregin að ofan og á henni er meitlað blómaskraut. Platan styðst við járnstaur og fer hún í 4. flokk.

**E 3-23 til E-25** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst er hár en þunnur granítvarði á sökkli úr sama efni. Hann mjókkar eftir því sem ofar dregur og hefst það mjög neðarlega. Á steininum er lampi sem táknmynd og er þessi steinn einn örfárra í garðinum með þeirri mynd. Steinninn fer í 2. flokk. Næsta minningarmark er ögn fyrir framan hin tvö en það er slípaður granítkubbur með koparstöfum og fer hann í 4. flokk. Syðsta minningarmarkið er steyptur legsteinn. Efst er hálfsól en í framhlið hans er felld önnur steypt plata. Þessi legsteinn fer í 3. flokk.

**E 3-26 til E 3-28** Umhverfis reitinn er hvítmálaður steinsteyptur bakki með hliðarörmum og gafli. Bakkinn fer í 5. fokk. Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er innfelld svört granítplata sem fer í 4. flokk. Syðst er blágrýtisplata sem skrúfuð er í gaflinn og fer hún einnig í 4. flokk.

**E 3-29 til E 3-30** Kringum reitinn er einfaldur steyptur rammi sem fer í 5. flokk. Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski úr grágrýti. Efst er lágmyndin *Nótt* felld í steininn. Letrið hefur verið meitlað í framhliðina en síðar verið komið þar fyrir álspjaldi. Steinninn fer í 3. flokk.

**E 3-31 til E 3-32** Kringum reitinn er einfaldur steyptur bakki sem farinn er að láta á sjá og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er skorinn blágrýtispúltsteinn og er letrið upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk. Þá er hér granítferningur sem stendur á steyptum undirsteini. Letrið er sandblásið og fer steinninn í 4. flokk. Syðst er furukross með álplötu sem fer í 4. flokk.

**E 3-34 til E 3-35** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er hvítmálaður furukross með tveimur plastspjöldum og fer hann í 4. flokk.

**E 3-36** Kringum þetta leiði er steyptur einfaldur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

***Reitaröð E 4-1 til E 4-18 snýr mót austri.***

**E 4-1 til E 4-2** Steyptur bakki í góðu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er steyptur púltsteinn. Í honum er hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk. Hinn steinninn er marmarabók og fer í 4. flokk.

**E 4–3 og E 4-4** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

**E 4-5 til E 4-9*** Lítill bogasteinn úr grængráu graníti. Fer í 4. flokk. Því næst er ferhyrningsvarði slípaður og fer hann einnig í 4. flokk. Þá er hér merkur steinn vegna táknfræði, heilagur andi í líki dúfu kemur úr skýjum. Fer í 1. flokk.
Að lokum er hér að finna blágrýtisdrang með nokkuð klunnalega letri og er það svartmálað. Fer í 4. flokk.

**E 4-10 til E 4-11** Steyptur hvítmálaður bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er þekjusteinn með ypptum útstæðum öxlum. Á hliðunum miðjum er hann oddhöggvinn. Efst er lágmyndin *Nótt* og virðist heil. Steinninn hefur verið hvítmálaður og kemst því ekki hærra en í 4. flokk.

**E 4-12** Ekkert er hér að finna.

**E 4-13** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Á honum eru steyptar súlur og liggur keðja á milli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr dökku graníti. Þetta er bogasteinn með lágum öxlum á sökkli og undirsteini. Merk mynd er meitluð á steininn. Það er krossmark og stafar miklum björtum geislum frá krossinum. Sést í bak mannveru með sítt hár sem krýpur við krossinn og heldur höndum saman fyrir ofan höfuð. Steinninn fer í 2. flokk.

**E 4-14** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit, flókinn að gerð með hliðarörmum og súlum en keðjur á milli, settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtisplata sem er felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**E 4-15 til E 4-16** Minningarmarkið er bogasteinn úr blágrýti sem stendur á sökkli og steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk.

**E 4-17** Minningarmarkið er lágur blágrýtisstuðull sem fer í 4. flokk.

**E 4-18** Hér er ekki neitt að finna.

***Reitaröð E 4-19 til E 4-36 snýr mót vestri.***

**E 4-19 til E 4-20** Steyptur bakki með hliðarörmum og gafli settur bergmylsnu. Hann er mosavaxinn og illa farinn. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílöng hvít marmaraplata með svartmáluðu letri og fer hún í 4. flokk.

**E 4–21 til E 4-26** Ekkert er að finna á þessum sex leiðum.

**E 4-27 til E 4-28** Minningarmarkið er rauðleitur granítsteinn á afsettum undirsteini úr grágrýti og fer hann í 4. flokk.

**E 4-29** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Í kring er smíðajárnsgerði afar fallegt og sýnist alveg heilt en ögn ryðgað neðst en mætti auðveldlega laga. Fer í 1. flokk.
Legsteinninn er úr „silfur"-graníti. Þetta er bogasteinn á sökkli fremur úr grágrýti en graníti. Efst í varðann er meitlaður sólkross. Steinninn og gerðið mynda eina fallega heild og fylgir því steinninn gerðinu í 1. flokk.

**E 4-30** Ekkert er hér að finna.

**E 4-31** Steyptur bakki kringum eintaklingsreit, illa farinn. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr torræðu efni. Lítur út fyrir að vera úr afar grófkornóttum marmara. Fer í 2. flokk vegna efnis.

**E 4-32** Minningarmarkið er bæsaður furukross með álplötu og fer í 4. flokk.

**E 4-33** Hér er einnig bæsaður furukross með plastplötum og fer hann í 4. flokk.

**E 4-34 til E 4-35** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**E 4-36** Minningarmarkið er bæsaður furukross með álplötu. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð E 5-1 til E 5-19 snýr mót austri.***

**E 5-1 til E 5-3 Vídalínsgrafhýsi**. Steinsteypt grafhýsi eitt fárra í garðinum. Víða eru miklar steypuskemmdir og mætti lagfæra þær. Að framan eru innfelldar grágrýtisplötur með upphleyptu letri. Grafhýsið fer í 2. flokk.

**E 5-4** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtispúltsteinn. Letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**E 5-5** Ekkert er hér að finna.

**E 5-6** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit með gafli og planka þar á og er allt sett bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt álplata sem fest er á gaflinn. Fer í 4. flokk.

**E 5-7** Ekkert er hér að finna.

**E 5-8 til E 5-10** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hann er hvítmálaður en nokkuð farinn að flagna. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst og syðst eru samskonar minningarmörk; grágrýtisplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær fara í 4. flokk. Fyrir miðju er svört granítplata með messingstöfum og fer einnig í 4. flokk.

**E 5-11** Steyptur bakki með 2x3 súlum og er keðja á milli þeirra. Fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er á reitnum.

**E 5-12 til E 5-19** Ekkert er að finna á þessum átta reitum.

***Reitaröð E 6-1 til E 6-21 snýr mót austri.***

**E 6-1 til E 6-4** Steyptur bakki með alkalískemmdum, sem hallar nokkuð til suðvesturs. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru grágrýtissteinar ögn breiðari efst en neðst, jafnir á þykkt og bogadregnir að ofan. Meitlaður bekkur er á steinunum og þar á messingblóm. Fara í 4. flokk.

**E 6-5 til E 6-8** Steyptur bakki í slæmu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fimm. Tveir nyrstu og tveir syðstu eru alveg eins. Þetta eru óreglulegir granítsteinar, slípaðir að framan og með koparstöfum. Fara í 4. flokk.

Fyrir miðju er stærri steinn úr graníti og fer hann einnig í 4. flokk.

**E 6-9 til E 6-12** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli. Hann er mjög illa farinn og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst eru tvær grænar granítplötur sem festar eru í bakkann. Fara í 4. flokk. Þá er steypt álplata skrúfuð í bakkann og fer hún einnig í 4. flokk.

**E 6-13 til E 6-15** Reitinn afmarkar steyptur bakki með alkalískemmdum og fer hann í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö.

Flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr torræðu efni. Fer í 2. flokk vegna efnis.

Grágrýtisferhyrningur á sökkli úr sama efni. Letrið er lágt upphleypt. Fer í 3. flokk.

**E 6-16 til E 6-17** Steyptur bakki farinn að molna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er liggjandi blágrýtisdrangur með upphleyptu letri. Fer í 4. flokk fremur en 3. flokk.

**E 6-18 til E 6-21** Morknaður steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bæsaður furukross með plastplötu. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð E 6-22 til E 6-44 snýr mót vestri.***

**E 6-22 til E 6-25** Fallegt gerði úr 3x3 grágrýtisstólpum. Pípur liggja á milli stólpanna. Rétta þyrfti þetta af. Fer í 2. flokk.

Nyrsta minningarmarkið er hár flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið virðist meitlað og fer steinninn í 3. flokk.

Því næst er fjörusteinn með upphleyptu letri og fer hann í 4. flokk.

Þá er hér steyptur púltsteinn með innfelldri grágrýtisplötu og fer hann í 4. flokk.

**E 6-26 til E 6-29** Umgjörðin hér lík þeirri á undan, 2x3 grágrýtisstólpar og pípur á milli. Rétta þyrfti stólpana af. Fer í 2. flokk.

Minningarmarkið er „stuðlabergslegsteinn“ og eru nokkrir slíkir hér í garðinum. Fer í 2. flokk.

**E 6-30 til E 6-33** Steyptur bakki með háum gafli. Mjög er hann sprunginn og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið fremst er bogasteinn á sökkli og er allt úr grágrýti. Efst hefur líklega verið postulínsverk en er nú horfið. Letrið er upphleypt á bekkjum en er nú veðrað. Fer í 3. flokk.

Þá eru hér tveir steyptir púltsteinar og eru steyptar koparplötur felldar inn í framhliðar þeirra. Fara í 4. flokk.

**E 6-34 til E 6-35** Steyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er mikill granítkubbur á sökkli, allur er hann gljáslípaður. Fer í 4. flokk.

**E 6-36 til E 6-37** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með svartri granítplötu og fer hann í 4. flokk.

**E 6-38 til E 6-40** Steyptur bakki sem farinn er mjög að láta á sjá. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst er heilskorinn blágrýtissteinn með púltsteinsformi og er felld ofan í hann steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

Þá er heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er einnig felld í hann steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

Syðst er fjörusteinn með innfelldri svartri granítplötu. Efst er dúfa. Fer í 4. flokk.

**E 6-41 til E 6-42** Steyptur illa farinn bakki sem fer í 5. flokk. Hann er sameiginlegur með reitum **E 6-18 til E 6-21**.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru heilskornir blágrýtispúltsteinar og er letrið upphleypt á bekkjum. Fara báðir í 4. flokk.

**E 6-43 til E 6-44** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er hvítmálaður furukross með plastplötu og fer hann í 4. flokk.

***Reitir E 6-45 til E 6-52 snúa mót austri.***

**E 6-45 til E 6-47** Kringum reitina er steyptur bakki með afar háu hleðslugrjóti. Þetta er allt mjög illa farið. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru grágrýtisplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**E 6-51 til E 6-52** Steyptur rammi með gafli í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst og syðst eru ílangar svartar granítplötur felldar í gaflinn en fyrir miðju er platan ferningur. Fara allar í 4. flokk.

***Reitaröð E 7-1 til E 7-26 snýr mót austri.***

**E 7-1 til E 7-2** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er allur bakkinn settur bergmylsnu. Ástand bakkans er sæmilegt og mætti reyna að halda í hann. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Allt eru þetta steyptar koparplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**E 7-3 til E 7-4** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er lágur þekjusteinn úr grágrýti á sökkli. Á honum er upphleypt letur á bekkjum sem hefur verið svartmálað. Fer í 3. flokk.

**E 7-5 til E 7-6** Steyptur bakki með alkalískemmdum. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er afar lágur púltsteinn úr blágrýti og er letrið upphleypt á heilum ramma. Fer í 4. flokk.

**E 7-7 til E 7-8** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er púltsteinn bogadreginn að ofan og er hann afsettur á hliðum og baki. Fer í 4. flokk.

**E 7-9 til E 7-12** Steyptur bakki með háum gafli, illa farinn. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru fimm. Allt grágrýtisplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**E 7-13 til E 7-14** Ekkert gerði umlykur reitinn.
Minningarmarkið er flatur lágur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið er upphleypt á heilum oddhöggnum fleti. Fer í 3. flokk.

**E 7-15 til E 7-16** Ekkert er hér að finna.

**E 7-17 til E 7-20** Hér má sjá fjögur minningarmörk. Það nyrsta er lágur flatur óbeliski úr grófa „marmara"-efninu. Hann stendur á sökkli sem nú er mjög tekinn að síga. Fer í 3. flokk.
Þar sunnar eru þrjár svartar granítplötur og er letrið gljáandi á möttum fleti. Fara í 4. flokk.

**E 7-21 til E 7-23** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er hann settur bergmylsnu. Fer í 4. flokk.
Í gaflinn eru felldar þrjár hvítar marmaraplötur og fara þær í 4. flokk.
Fyrir framan eru tvær hvítar marmarabækur og fara þær einnig í 4. flokk.

**E 7-24 til E 7-25** Minningarmarkið er steyptur steinn með innfelldu fjörugrjóti og er plastspjald þar á. Mikið er um alkalískemmdir. Fer í 4. flokk.

**E 7-26** Minningarmarkið hér er furukross með plastspjaldi og fer hann í 4. flokk.

***Reitaröð E 7-27 til E 7-52 snúa mót vestri.***

**E 7-27 til E 7-29** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli og allt sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Annað minningarmarkið er grágrýtisplata með upphleyptu letri og er hún felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.
Þá er hér lítill viðarkross með plastspjaldi og fer hann í 4. flokk.

**E 7-30 til E 7-33** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur steinn sem átt hefur að sitja á bakkanum. Í honum er hvít marmaraplata og fer hann í 4. flokk.

**E 7-34 til E 7-36** Kringum reitinn er steyptur bakki, mjög sprunginn og fer hann í 5. flokk.

Nyrsta minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

Fyrir miðju eru tvær minni svartar granítplötur sem fara í 4. flokk.

**E 7-37 til E 7-38** Steyptur bakki nokkuð sprunginn og fer hann í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark.

**E 7-39 til E 7-40** Steyptur bakki með 3x3 dröngum ofan á. Tvær pípur liggja á milli þeirra. Bakkinn er nokkuð siginn og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er eitt. Þetta er heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi og letrið er upphleypt. Fer í 4. flokk.

**E 7-41 til E 7-42** Minningarmarkið er lágur blágrýtisstuðull sem stendur á þverskorinni blágrýtisflögu. Letrið er málað hvítt og fer hann í 4. flokk.

**E 7-43 til E 7-44** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli og allt sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin tvö eru hvítir furukrossar með plastspjöldum. Fara í 4. flokk.

**E 7-45** Ekkert er hér að finna.

**E 7-46** Steypt er yfir allan reitinn. Þar ofan á er ljós granítplata sem fer í 4. flokk.

**E 7-47 til E 7-48** Heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi og hvílir hann á undirsteini úr sama efni. Letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk.

**E 7-49 til E 7-50** Steyptur bakki mjög skemmdur. Ofan á honum eru 3x3 súlur og liggja keðjur á milli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst eru tvær marmarasúlur á undirsteini með rósaskreyti framan á og pappírsörk sem er undin til beggja handa. Fara bæði í 4. flokk.

Þá er hér þekjusteinn úr marmara vel slípaður alls staðar og stendur á sökkli úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**E 7-51 til E 7-52** Minningarmarkið er granítplata sem hallast að tveimur litlum kubbum og er þetta á undirsteini. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð E 8-1 til E 8-26 snýr mót austri.***

**E 8-1 til E 8-4** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem nýlega hefur verið lagfærður. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru steyptir ferhyrningar sem standa á bakkanum vestanverðum og eru dökkar granítplötur felldar inn í þá. Fara í 4. flokk.

**E 8-5 til E 8-7** Minningarmörkin eru tveir hvítir furukrossar með svartri álplötu. Fara í 4. flokk.

**E 8-8 til E 8-10** Steyptur bakki sem hallast nokkuð til vesturs. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Vestast í suðri er stór blágrýtisdrangur og letrið er sandblásið. Fer í 4. flokk. Norðan megin er lítill blágrýtisfingur með sandblásnu letri sem nú er orðið máð. Fer í 4. flokk.
Fremst eru heilskornir granítsteinar með púltsteinsformi og fara í 4. flokk.

**E 8-11 til E 8-12** Steyptur bakki og svo er steypt yfir allan reitinn. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem fer í 4. flokk.

**E 8-13 til E 8-16** Steyptur bakki sem farinn er að láta á sjá. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru marmaraplötur sem hallast upp að steini úr marmaramulningi. Koparstafir eru á plötunum. Fara í 4. flokk.

**E 8-17 til E 8-20** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er hann hvítmálaður. Hann er nokkuð skemmdur og fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru fjögur. Nyrst er gráleit granítplata sem hallast að grágrýtiskubbi. Fer í 4. flokk. Þá er marmarabók sem fer í 4. flokk. Því næst er granítvarði eða ferhyrningur og á einnig heima í 4. flokki. Að lokum er blágrýtisvarði, lítill sem stendur á undirsteini úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**E 8-21 til E 8-22** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur kubbur með púltsteinsformi og er skrúfuð í hann steypt álplata. Fer í 4. flokk.

**E 8-23 til E-26** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli. Pússningin er orðin nokkuð laus. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru fjögur. Í gafli eru þrjár svartar granítplötur sem fara í 4. flokk. Sú fyrir miðju er ögn minni en hinar tvær. Letrið er sandblásið. Syðst er heilskorinn og gljáfægður granítsteinn með púltsteinsformi og er letrið sandblásið og hvítmálað. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð E 8-27 til E 8-52 snýr mót vestri.***

**E 8-27 til E 8-28** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er fúinn trékross með upphafsstöfunum „*J.A*“. Fer í 4. flokk.

**E 8-29 til E 8-30** Steyptur bakki með bogum ofan á. Á þessu hefur verið hlið en er nú horfið. Allt er þetta mjög skakkt og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr hvítum marmara. Efst eru einhvers konar bergfléttur en fyrir miðju er eins og neglt blað með áletrun. Stendur á steyptri undirstöðu. Fer í 4. flokk.

**E 8-31 til E 8-32** Ekkert gerði er hér.
Syðst á reitunum er minningarmark úr svörtu graníti. Lítur út eins og undirstaða af styttu nema ekkert er ofan á þessu. Verkið er frá Schannong. Framan á er koparplata. Fer í 2. flokk.

**E 8-33 til E 8-36** Steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli sem er hæstur fyrir miðju. Er í ágætisástandi. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst og syðst eru skollitar granítplötur sem fara í 4. flokk. Fyrir miðju er ögn stærri plata úr sama efni en fer einnig í 4. flokk.

**E 8-37 til E 8-38** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi en fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og eru tvær steyptar álplötur framan á honum. Fer í 4. flokk.

**E 8-39 til E 8-41** Ekkert gerði er hér í kring.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og í hann er felld svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**E 8-42 til E 8-43** Hér eru tveir krossar úr prófíljárni með álplötu framan á. Fara í 4. flokk.

**E 8-44 til E 8-45** Steyptur bakki með gafli og settur bergmylsnu. Ástand ágætt. Fer í 4. flokk.
Tvö minningarmörk eru hér. Nyrst er svört granítplata með glansandi letri á möttum bekk. Fer í 4. flokk. Syðst er lengri granítplata sem fer í sama flokk.

**E 8-47 til E 8-48** Ekkert er hér að finna.

**E 8-49 til E 8-51*** Annað minningarmarkið hér er hvítur marmarapúltsteinn, lágur og meitlaður eins og hann sé samsettur úr mörgum molum. Fer í 4. flokk.
Hitt er blágrýtisstuðull með sandblásnu letri og fer steinninn í 4. flokk.

**E 8-52** Steyptur rammi kringum eintaklingsreit að falli kominn. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allt úr grágrýti. Efst er *Nótt* Thorvaldsens og er verkið heilt. Fer í 2. flokk.

***Reitaröð E 9-1 til E 9-26 snýr mót austri.***

**E 9-1 til E 9-3** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi en hallast nokkuð til suðurs. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er heilskorinn breiður grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Fer í 4. flokk.

**E 9-4 til E 9-5** Minningarmarkið hér er furukross með plastspjaldi. Fer í 4. flokk.

**E 9-6 til E 9-7** Steyptur bakki með gafli og er á honum bergsalli. Fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna. Getur einnig verið að plata sé horfin af gaflinum.

**E 9-8 til E 9-9** Ekkert er hér að finna.

**E 9-10 til E 9-12** Steyptur bakki í mjög góðu ástandi en hallar nokkuð til norðvesturs. Fer í 5. flokk.
Nyrsta minningarmarkið er hvít marmaraplata sem hallast upp að steyptum undirsteini. Þetta hvílir á bakkanum. Fer í 4. flokk. Þá er hér steyptur steinn sem stendur á bakkanum. Í hann er felld hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk. Því næst er syðst steinn sem líkist steinum úr Hólabyrðu. Hann er rauðleitur með krossmarki efst og oddhöggvinn mjög gróft á hliðum og baki. Hvít marmaraplata fremst. Fer í 2. flokk.

**E 9-13 til E 9-14** Kringum reitinn er pípugrindverk sem er að ryðga í sundur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr grágrýti. Hár ferhyrningur, afsettur á baki og hliðum og skrúfuð framan í hann steypt álplata. Fer í 4. flokk.

**E 9-15** Ekkert er að finna á þessum reit.

**E 9-16** Minningarmarkið hér er trékross með plastplötu og fer í 4. flokk.

**E 9-17 til E 9-18** Ekkert er hér að finna.

**E 9-19 til E 9-20** Steyptar súlur eru í hverju horni reitsins og liggja tvær pípur á milli en eru horfnar austan megin. Fer í 5. flokk.
Fallegur afsettur allstór púltsteinn úr grágrýti. Framan í hann er felld svört granít-plata. Fer í 3. flokk.

**E 9-21** Minningarmarkið er hvítur furukross með álplötu. Fer í 4. flokk.

**E 9-22** Steyptur rammi kringum einstaklingsreit. Hann er mjög brotinn. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**E 9-23** Ekkert er hér að finna.

**E 9-24** Stór og mikill trékross með plastspjaldi. Fer í 4. flokk.

**E 9-25** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er grágrýtissteinn óreglulegur og afsettur á baki og hliðum og hefur púltsteinsform. Framhliðin er slípuð og koparplata þar á. Fer í 3. flokk.

**E 9-26** Ekkert er að finna á þessum reit.

***Reitaröð E 9-27 til E 9-52 snýr mót vestri.***

**E 9-27 til E 9-28** Ekkert gerði umlykur reitinn.
Minningarmarkið er heilskorinn granítsteinn með púltsteinsformi og er letrið sandblásið. Fer í 4. flokk.

**E 9-29** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark.

**E 9-30 til E 9-33** Ekkert gerði er kringum þennan reit.
Syðst, þ.e. á reit **E 9-33**, er hvítmálaður furukross með plastspjaldi. Fer í 4. flokk.

**E 9-34 til E 9-36** Ekkert afmarkar þessi leiði.
Minningarmarkið er fallegur þekjupúltsteinn úr grágrýti og stendur hann á sökkli. Fer í 3. flokk.

**E 9-37** Ekkert er hér að finna.

**E 9-38** Kringum leiðið er steyptur bakki sem er allur að molna. Fer í 5. flokk.

**E 9-39 til E 9-40** Ekkert er hér að finna.

**E 9-41** Steyptur illa farinn bakki er kringum leiðið. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér.

**E 9–42 til E 9-46** Ekkert er að finna á þessum fimm reitum.

**E 9-47** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit, mjög orðinn lúinn og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er illa farinn trékross sem fer í 4. flokk.

**E 9-48 til E 9-52** Ekkert er að finna á þessum fimm reitum.

***Reitaröð E 10-1 til E 10-27 snýr mót austri.***

**E 10-1** Á leiðinu er fallegur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini, allt úr grágrýti. Skrúfuð hefur verið plata neðst á steininn en hana væri hægt að fjarlægja og laga steininn. Efst í varðanum er ferköntuð lágmynd Thorvaldsens *Spilandi englar*, önnur tveggja slíkra lágmynda í garðinum. Því fer steinninn í 1. flokk.

**E 10-2** Steyptur bakki með 2x3 dröngum og er keðja á milli. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtisstuðull á sökkli. Letrið er sandblásið og málað ofan í með hvítum lit. Fer í 4. flokk.

**E 10-3** Hér er alveg eins umbúnaður og hér að framan og fer einnig í 5. flokk.
Minningarmarkið er hvítur marmarasteinn með púltsteinsformi og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**E 10-4 til E 10-9** Ekkert er að finna á þessum sex reitum.

**E 10-10** Kringum leiðið er hlaðið fjörugrjót. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er lítill hvítur trékross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**E 10-11** Minningarmarkið er afar fallegur varði með gotnesku lagi og eru flóknar vindingar meitlaðar á hann. Afar merkur vegna handverks og fer í 2. flokk.

**E 10-12 til E 10-20** Ekkert er að finna á þessum níu leiðum.

**E 10-21** Minningarmarkið á þessu leiði er fallegur grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Hann er mjög flatur að ofan. Í steininn er felld lágmynd Thorvaldsens *Nótt* og er hún alheil. Fer í 2. flokk.

**E 10-22** Minningarmarkið hér er sérstakt. Að mestu er það úr járngjörðum en á milli eru víravindingar og lauf. Fer í 4. flokk.

**E 10-23** Minningarmarkið er heilskorinn púltsteinn úr „tékka“-graníti. Fer í 4. flokk.

**E 10–24 til E 10-27** Ekkert er að finna á þessum fjórum reitum.

# Reitasafn F

*REITASAFN F*

***Reitaröð F 1-1 til F 1-18 snýr mót vestri.***

**F 1-1 til F 1-4** Steyptur bakki í lélegu ástandi sem fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru fjögur. Fyrst er svört granítsúla á millisteini og sökkli úr grágrýti. Fer í 2. flokk. Því næst er grágrýtiskubbur heilskorinn með innfelldri svartri sporöskjulagaðri granítplötu. Fer í 4. flokk. Þá er hér grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni. Hann er nokkuð sveigður efst. Ofarlega er meitluð pálmagrein og krossmark en letrið er upphleypt á stórum fleti. Allt hefur verið svartmálað. Fer í 3. flokk. Að lokum er hér í reit óreglulegur granítsteinn á granítsökkli sem fer í 4. flokk.

**F 1-5 til F 1-6** Steyptur bakki allur morkinn og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtisplata á tveimur blágrýtiskubbum og undirsteini. Fer í 4. flokk.

**F 1-7 til F 1-10** Hér er að finna fimm minningarmörk.
Nyrst er bæsaður furukross með álplötu. Fer í 4. flokk. Þá eru þrír eins steinar í röð, allt grágrýtispúltsteinar með innfelldri svartri granítplötu. Fara í 3. flokk. Svo er vestast og syðst heilskorinn grágrýtiskubbur með púltsteinslagi og fer í 4. flokk.

**F 1-11 til F 1-14** Allhár steyptur bakki, nokkuð sprunginn og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtissteinn afsettur á hliðum og baki en slípaður að framan. Letrið er upphleypt á heilum fleti. Fer í 3. flokk.

**F 1-15 til F 1-18** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Fjörugrjóti er raðað á reitinn.
Minningarmörkin eru tvö og mjög svipuð. Þetta eru um tveggja metra háir blágrýtisstuðlar með sandblásnu letri. Fara í 4. flokk.

***Reitaröð F 1-19 til F 1-36 snýr mót austri.***

**F 1-19 til F 1-21** Steyptur bakki nokkuð sprunginn og fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er stór bogadreginn rauðleitur granítsteinn á sökkli úr sama efni og stendur hann á steyptri undirstöðu. Efst er laufaskraut. Fer í 4. flokk.

**F 1-22 til F 1-24** Steyptur allhár bakki í sæmilegu ástandi og þyrfti að reyna að halda í hann. Fer í 4. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**F 1-25 til F 1-28** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk.
Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Nyrst eru þrjár svartar granítplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Fara í 4. flokk. Fyrir framan er heilskorinn blágrýtissteinn og letrið upphleypt á bekk, hvítmáluðum. Fer í 4. flokk.

**F 1-29 til F 1-32** Steyptur bakki í slæmu ástandi. Hann er mjög hár og sléttfylltur og þyrfti að halda í hann vegna hæðarmismunar. Fer í 4. flokk.
Hér eru fjögur minningarmörk. Nyrst eru þrír hvítir krossar, sá nyrsti með álplötu en hinir tveir með plastplötum. Fara í 4. flokk. Syðst er bæsaður kross með tveimur plastspjöldum.

**F 1-33 til F 1-36*** Steyptur hár bakki en nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrir miðju er merkilegt minningarmark, yfir Egil Jacobsen. Það hefur óbeliskaform, úr hvítum marmara. Ofarlega er Davíðsstjarnan. Mjög skrautlegur steinn afar líklega frá Schannong en ómerktur. Fer í 2. flokk.

Sunnan við er marmaravarði með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð F 2-1 til F 2-18 snýr mót vestri.***

**F 2-1 til F 2-4** Ekkert er hér að finna.

**F 2-5 til F 2-6** Steyptur bakki í ágætu ástandi. Ofan á honum er járngrindverk í nokkuð góðu ástandi en þyrfti að laga ögn og menja. Fer í 1. flokk.

Minningarmarkið er svartur granítvarði, afsettur á hliðum, toppi og baki en slípaður að framan og er letrið þar sandblásið á fremur en meitlað. Hann stendur á sökkli úr sama efni sem einnig er afsettur. Fer í 4. flokk.

**F 2-7 til F 2-9** Steyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er hann settur bergsalla. Fer í 4. flokk.

Í gaflinn eru felldar þrjár svartar granítplötur sem fara í 4. flokk.

**F 2-10 til F 2-12** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru heilskornir lágir en breiðir granítvarðar gljáslípaðir að framan en annars mattir. Fara í 4. flokk.

**F 2-13 til F 2-14** Steyptur bakki, nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri dökkri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**F 2-15 til F 2-18** Steyptur bakki ný uppgerður. Fer í 4. flokk.

Á reitnum er að finna sex minningarmörk. Nyrst er lítill púltsteinn úr svörtu graníti og fer hann í 4. flokk. Sunnar er heilskorinn slípaður blágrýtisvarði sem stendur á skornum sökkli og steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk. Því næst er glæsilegt Schannongverk úr graníti. Varði með topphnalli á millisteini, sökkli og undirsteini. Fer í 2. flokk. Við hliðina er fjörugrjót með upphleyptu letri og fer steinninn í 4. flokk. Fyrir framan er svartur granítsteinn náttúrulegur en skorinn og slípaður. Messingstafir eru framan á. Fer í 4. flokk. Að lokum er heilskorinn granítsteinn með púltsteinformi sem fer í 4. flokk.

***Reitaröð F 2-19 til F 2-36 snýr mót austri.***

**F 2-19 til F 2-22** Steyptur bakki víða sprunginn og flagnaður. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**F 2-23 til F 2-24** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er ákaflega stór og mikill púltsteinn að því er virðist úr blágrýti á að giska 100 cm á lengd en um 70 cm á breidd. Fer í 2. flokk.

**F 2-25 til F 2-27** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**F 2-28 til F 2-29** Steyptur rammi mjög siginn að vestanverðu og brotinn þar. Fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark.

**F 2-30 til F 2-31** Minningarmarkið er granítplata sem hvílir á stuðningssteini. Fer í 4. flokk.

**F 2-32 til F 2-33** Ekkert er hér að finna.

**F 2-34** Minningarmarkið er hvítur furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**F 2-35 til F 2-36** Reiturinn er afmarkaður með gangstéttarhellum og fer umgjörðin í 5. flokk.

Minningarmarkið er náttúrulegur hvítgráleitur granítsteinn með skorinni framhlið og eru þar á messingstafir. Hann stendur á undirsteini með blómakeri og lukt. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð F 3-1 til F 3-18 snýr mót vestri.***

**F 3-1 til F 3-3** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli, hvítmálaður og mjög sprunginn allur. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú, dökkleitar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**F 3-4 til F 3-5** Steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú. Steyptar koparplötur, bogadregnar að ofan sem eru festar í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**F 3-6 til F 3-7** Steyptur bakki mosavaxinn og er víða farinn að flagna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur ferhyrningur með hálfsól ofan á. Hann stendur á steyptum undirsteini og allt hvílir þetta á bakkanum. Fer í 4. flokk.

**F 3-8 til F 3-9** Steyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Þetta er granítsteinn sem stendur á undirsteini úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

**F 3-10 til F 3-11** Steyptur bakki með löngum hliðararmi sem lækkar í áttina að framstykkinu. Gaflinn er myndaður af þremur dröngum og eru bogar steyptir á milli þeirra. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Tvær ílangar grágrýtisplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**F 3-12 til F 3-13** Kringum reitinn er mjög fallegt og snyrtilegt gerði. Í hverju horni eru merkilegar grágrýtissúlur með „Kínahatti“ og milli hverra súlna liggja tvær bronsaðar járnpípur. Allt er þetta beint og til fyrirmyndar. Fer í 1. flokk vegna súlnagerðanna.

Minningarmarkið er fremur lágur flatur óbeliski á allstórum sökkli. Varðinn hefur verið slípaður og skerpt á letri og það svartmálað um leið en ekki óhaganlega gert. Fer í 2. flokk.

**F 3-14 til F 3-16** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er þetta sett bergsalla. Í góðu ástandi en mosavaxið. Fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtisplata með sól efst og er hún felld í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**F 3-17 til F 3-18** Steyptur bakki með hliðararmi og háum gafli, settur bergsalla. Gaflinn er nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö, grágrýtisplötur með upphleyptu letri sem felldar eru í gaflinn.

***Reitaröð F 3-19 til F 3-36 snýr mót austri.***

**F 3-19** Mjög lágur flatur óbeliski úr grágrýtissteini á sökkli og undirsteini. Efst hefur verið eitthvert skraut en það er nú fallið af og eftir stendur koparstautur. Fallegt eintak og fer í 2. flokk.

**F 3-20** Minningarmarkið er hvítur kross með álplötu og fer í 4. flokk.

**F 3-21 til F 3-22** Minningarmarkið er heill grágrýtissteinn með púltsteinsformi og er leturflöturinn sandblásinn og letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**F 3-23** Minningarmarkið hér er grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini. Hann er skófum vaxinn en líklega er ofarlega á varðanum krossmark og pálmagrein. Minningarmarkið hallast nokkuð til vesturs og þyrfti að rétta það af. Fer í 3. flokk.

**F 3-24*** Á þessum reit stendur fallega skorinn blágrýtisvarði á sökkli. Framan á varðanum eru fiskar og kornöx. Fer í 2. flokk vegna táknfræði.

**F 3-25 til F-27** Mjög hár steyptur bakki í sæmilegu ástandi afmarkar þennan reit. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Fyrst eru tveir grágrýtissteinar með þekju, þykkari neðst en efst og standa þeir á bakkanum. Fara í 4. flokk.
Syðst er hvítur steinkross með plastplötu. Fer í 4. flokk.

**F 3-28 til F 3-30** Steyptur bakki með háum gafli, settur bergsalla, er kringum þennan reit. Ástand hans er nokkuð gott en hann er nokkuð siginn að vestanverðu. Fer í 4. flokk.
Minningarmörkin eru fjögur. Nyrst er dökkleit granítplata með sandblásnu letri og er það hvítmálað. Fer í 4. flokk. Sunnan við hana er önnur plata úr sama efni en mun minni. Fer í 4. flokk. Syðst eru einnig tvær plötur úr sama efni og fara þær einnig í 4. flokk.

**F 3-31 til F 3-33** Hér er steyptur bakki með hliðarörmum og gafli, settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**F 3-34** Steyptur bakki er kringum þennan einstaklingsreit. Bakkinn er ónýtur og fer í 5. flokk.
Ekkert minningarmark er hér að finna.

**F 3-35 til F 3-36** Ekkert gerði er kringum þennan reit.
Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtissteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Á steininn er skorið krossmark og heiðurssveigur í kring. Fer í 3. flokk.

***Reitaröð F 4-1 til F 4-18 snýr mót vestri.***

**F 4-1 til F 4-4** Hér er mjög hár steyptur bakki sem sýnist þurfa að halda í vegna hæðar. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru grágrýtisplötur sem liggja á stuðningssteini. Letrið er upphleypt á bekkjum.

**F 4-5 til F 4-7** Ekkert gerði er kringum þennan reit.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er felld í framhlið hans svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**F 4-8 til F 4-9** Steyptur bakki í lélegu ástandi. Fer í 4. flokk.
Annað minningarmarkið hér er meitlað úr grágrýti. Hann hefur nokkuð algenga lögun. Efst í toppi er brött þekja en til hliðanna eru ypptar útstæðar axlir. Varðinn er þó minni en algengast er. Efst á varðanum vinstra megin er kerti en fyrir miðju kross með stjörnu í honum miðjum en til hægri sjást miklir geislar. Neðst er meitlað handaband. Fer í 1. flokk vegna sérstæðrar táknfræði.
Sunnan við þennan stein er púltsteinn úr grágrýti. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**F 4-10** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr grágrýti. Á steininum eru trjábolir eins og knippi en nöfnin eru á sporöskjulaga fleti fyrir miðju. Handbragð er allt merkilegt og fer minningarmarkið í 2. flokk.

**F 4-11 til F 4-12** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli, settur bergsalla. Bakkinn er mjög skemmdur og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílöng svört granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**F 4-13 til F 4-14** Steyptur bakki í góðu ástandi afmarkar reitinn. Hann fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er steyptur púltsteinn með hvítri marmaraplötu. Fer í 4. flokk. Sunnan við hann er hvítur furukross með álspjaldi. Fer í 4. flokk.

**F 4-15 til F 4-17** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er skorin blágrýtisflaga sem lítur út eins og púltsteinn. Fer í 4. flokk.

**F 4-18** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit og er hann settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt álplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð F 4-19 til F 4-36 snýr mót austri.***

**F 4-19 til F 4-22** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hæðarmunur miðað við stíginn er mjög mikill. Allur er hann hvítmálaður. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Þetta eru dökkleitar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Letrið er upphleypt á möttum bekkjum.

Á nyrstu plötunni stendur: *„En Guðs englar kómu þó honum að liði / tók hugann og hvíslaði sof þú í friði."*

Á næstu plötu er þetta: *„Hvað er Guðs um geima gröfin/ betri en sær útum alla heima/ andi Drottins nær."* Minningarmörkin fara í 2. flokk vegna sérkennilegra tilvitnana.

**F 4-23 til F 4-24** Grafstæðið hér er allhátt. Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru hvítir trékrossar með svörtum álplötum og fara þeir í 4. flokk.

**F 4–25 til F 4-28** Ekkert er að finna á þessum fjórum reitum.

**F 4-29** Hér er steyptur bakki, hár og mikill. Fer í 5. flokk.

**F 4-30** Steyptur bakki með alkalísprungum en ofan á bakkanum er hleðslugrjót og er allt þetta pússað. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítvarði og stendur á grágrýtissökkli afsettum. Fer í 4. flokk.

**F 4–31 til F 4-34** Ekkert er að finna á þessum fjórum reitum.

**F 4-35** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit í mjög góðu ástandi. Ekkert minningarmark er hér að finna. Fer í 5. flokk.

**F 4-36** Steinsteyptur þekjusteinn með steyptri álplötu. Hann stendur á steyptum sökkli. Fer í 4. flokk. Ekkert gerði afmarkar reitinn.

***Reitir F 5-1 til F 5-21 snúa mót vestri.***

**F 5-1 til F 5-4** Hér er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Nyrst er lítill flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr dökku graníti, líklega frá Schannong. Hann er gljáslípaður framan á varða og sökkli. Fer í 4. flokk.

Þar fyrir sunnan er granítkubbur á sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk.

Við hliðina er mjög svipað minningarmark sem einnig fer í 4. flokk.

Svo er hér steyptur púltsteinn, illa farinn, með innfelldri svartri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**F 5-5 til F 5-8** Kringum reitinn er fallegt og snyrtilegt gerði, ný viðgert. Má því fara í 4. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Syðsta og nyrsta minningarmarkið eru alveg eins. Þetta eru ílangar svartar granítplötur sem fara í 4. flokk. Fyrir miðju eru tvær granítplötur með öðru lagi sem einnig fara í 4. flokk.

**F 5-9 til F 5-12** Steyptur bakki með steyptum krossi fyrir miðjum gaflinum. Hann er settur bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fimm. Í gafli eru fjórar granítplötur. Fara í 4. flokk. Fyrir miðjum reitnum er nokkuð þykk granítplata sem hvílir á stuðningssteini úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**F 5-13 til F 5-17** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x6 súlum og liggur keðja á milli þeirra. Í reitnum eru fjögur minningarmörk. Nyrst er hvítur marmarasteinn með trjátákni. Látúnsstafir eru þar á. Fer í 4. flokk.

Þá er hvítur marmarasteinn sem látinn er líta út fyrir að sé samsettur úr mörgum marmaramolum. Framan á vinst upp pappírsörk. Blómaskreyti. Gæti verið enskur að uppruna (Hull). Fer í 2. flokk þess vegna.

Því næst er svipaður steinn en minni og ekki eins mikið um skreyti. Fer samt í 2. flokk vegna uppruna.

Þriðji steinninn ber sömu einkenni og fer í 2. flokk.

**F 5-18 til F 5-21** Kringum reitinn er steyptur bakki. Fer í 4. flokk.

Nyrst er marmarahnullungur á rauðleitum undirsteini. Spjald hefur verið á, líklega frá Schannong. Letrið er úr kopar. Fer í 4. flokk.

Næst er steyptur púltsteinn með innfelldri granítplötu. Hann er settur bergsalla. Fer í 4. flokk.

Þá eru tveir hvítir trékrossar með álplötu og fara þeir í 4. flokk. Að lokum er steyptur púltsteinn alveg eins og sá sem fyrr var lýst og fer hann einnig í 4. flokk.

***Reitir F 5-22 til F 5-46 snúa mót austri.***

**F 5-22 til F 5-25** Umhverfis þennan reit er steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er liggjandi blágrýtisstuðull. Letrið sérkennilegt, s-ið í rúnastíl. Fer í 3. flokk.

**F 5-26 til F 5-29** Hér er steyptur bakki með 3x5 súlum Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru grágrýtisferningar og letrið upphleypt á bekkjum. Fara í 3. flokk.

**F 5-30 til F 5-31** Steyptur bakki með hliðarörmum og gafli, allt sett bergsalla. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**F 5-32 til F 5-35** Steyptur bakki í góðu ástandi sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Þau eru öll eins. Þetta eru grágrýtissteinar með fjórum þakhliðum á sökkli. Yngsti steinninn er frá árinu 2000 og hefur verið gerður alveg eins og hinir eldri steinarnir í reitnum. Heldur því allur reiturinn sama svip og fara minningarmörkin í 2. flokk en þau sýna vel hvernig hægt er að halda samræmi í slíkum reitum.

**F 5-36 til F 5-37** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Nyrst er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Steinninn er líklega frá Schannong enda hefur plata verið á. Á sökklinum er pálmagrein og krossmark. Efst er fimmarma stjarna og stafar geislum frá henni. Á steininum stendur: *„Sof þú í Guðsfriði síðasta blund / signi þinn legstað hans blessaða mund / englar hans varðveiti og vaki yfir þér / vinurinn góði sem horfinn er mér.“* Fer í 2. flokk vegna táknfræði.

Næsta minningarmark er á steyptum steini og er granítplata á. Fer í 4. flokk.

**F 5-38 til F 5-39** Steyptur bakki, nokkuð hár, með 3x3 súlum og liggja tvær pípur á milli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Vestast er granítdrangur, líklega frá Schannong, á sökkli úr sama efni. Hann hefur gotneskt lag. Efst eru bundnar pálmagreinar og stólur niður eftir steininum. Fer í 4. flokk.

Hinn steinninn er steyptur púltsteinn með innfelldri granítplötu. Fer í 4. flokk.

**F 5-40 til F 5-42** Kringum reitinn er stólpagerði. Þetta eru 2x3 súlur, allháar og eru tvær pípur á milli. Allt er þetta hvítmálað. Fer í 3. flokk.

Eitt minningarmark er hér, marmarabók sem hallast upp að stuðningssteini úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**F 5-43 til F 5-44** Kringum reitinn er steyptur bakki sem nú er orðinn mjög skakkur. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er á þessum reit.

**F 5-45 til F 5-46** Steyptur bakki með bergsalla og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er púltsteinn úr grágrýti, óreglulegur nokkuð og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**F 5-49 til F 5-50** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli settur bergsalla. Hann er í slæmu ástandi. Fer í 5. flokk.

Hér stendur hár, gráleitur, gljáslípaður granítvarði og snýr í vestur. Hæðin hans er 2 m, breiddin um 65 cm og þykktin 35 cm.

***Reitaröð F 6-1 til F 6-26 snýr mót vestri.***

**F 6-1 til F 6-3** Hér er steyptur illa farinn bakki. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fimm og eru þau öll úr blágrýti. Nyrst er lítill blágrýtissteinn skorinn á öllum hliðum. Fer í 4. flokk. Því næst er lágur blágrýtisdrangur. Framhliðin er öll blásin niður svo eftir stendur stórt letur. Fer í 4. flokk. Syðst er blágrýtisdrangur alldigur og er letrið sandblásið ofan í framhliðina. Fremst eru tveir steinar. Nyrst er þverskorin blágrýtisflaga sem látin er halla eins og púltsteinn. Fer í 4. flokk. Sunnan megin er alveg eins steinn og fer hann einnig í 4. flokk.

**F 6–4 til F 6-6** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**F 6-7** Minningarmarkið er trékross en plata sem verið hefur á er nú horfin. Fer í 4. flokk.

**F 6-8 til F 6-10** Steyptur bakki í góðu ástandi en nokkuð siginn. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er granítplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**F 6-11 til F 6-12** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér. Þetta er flatur óbeliski úr blágrýti á ferköntuðum sökkli. Letrið virðist vera sandblásið og hvítmálað. Fer í 4. flokk.

**F 6-13 til F 6-14** Ekkert gerði er hér. Minningarmarkið er stór steyptur púltsteinn, nokkuð sprunginn og er felld í hann mikil steypt koparplata. Fer í 4. flokk.

**F 6-15 til F 6-18** Allhár steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er rauðbrúnleitur granítsteinn, óreglulegur á hliðum og efst en slípaður að framan. Efst er krossmark og pálmagrein. Fer í 4. flokk.

**F 6-19 til F 6-20** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvær ílangar svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Þær flokkast í 4. flokk.

**F 6-21 til F 6-23** Steyptur bakki með hliðararmi og gafli settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Þetta eru grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum sem felldar eru í gaflinn. Sú fyrir miðju er til muna stærst. Fara í 4. flokk.

**F 6-24 til F 6-25** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Á honum eru 3x3 súlur og liggur keðja á milli. Vel mætti halda í hann og fer hann í 4. flokk.
Minningarmarkið er granítsteinn frá Schannong. Hann er bogadreginn efst en til hliða eru miklir stólpar. Allur er hann oddhöggvinn en fremst er upphleyptur áletrunarflötur gljáslípaður. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð F 6-26 til F 6-50 snýr mót austri.***

**F 6-26 til F 6-29** Kringum reitina er steyptur bakki í slæmu ástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrir miðju er mjór en mjög hár stuðlabergsdrangur. Undirsteinninn er hlaðinn eins og sexstrendingur en þar fyrir neðan er annar stærri. Fer í 2. flokk. Því næst er grágrýtissteinn slípaður að framan. Að framan er táknmynd, mortél úr kopar. Fer í 2. flokk vegna táknfræði.

**F 6-30 til F 6-31** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tveir bæsaðir furukrossar með álplötu. Fara í 4. flokk.

**F 6-32 til F 6-34** Kringum reitinn er steyptur bakki með súlum og hleðslu ofan á. Hann er í góðu ástandi og mætti varðveita. Fer í 4. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú, granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**F 6-35 til F 6-40** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er á reit **F 6-36**. Þetta er steypt plata úr gerviefni, hjartalaga og eru festar á hana nafnaplötur úr ryðfríu stáli. Fer í 4. flokk.

**F 6-41 til F 6-42** Í hverju horni er grágrýtisstólpi og liggur pípa á milli þeirra. Fer í 4. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og sökkli úr grágrýti. Letrið er sandblásið upphleypt. Fer í 3. flokk. Hitt minningarmarkið er stór og mikill granítsteinn með púltsteinsformi, allur gljáslípaður og er letrið upphleypt á hvítmáluðum bekkjum. Fer í 4. flokk.

**F 6-43 til F 6-44** Kringum reitinn er stólpagerði sem nýtir nágrannastólpa. Pípur hafa verið á milli en eru nú horfnar. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr graníti, steinninn er bogadreginn að ofan og gljáslípaður að framan. Letrið er gyllt. Fer í 4. flokk.

**F 6-45 til F 6-46** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru hvítar marmaraplötur, bogadregnar að ofan og með öxlum og hallast þær upp að stuðningssteini úr marmarasteypu. Fara í 4. flokk.

**F 6-47 til F 6-50** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Fyrst er fallegur granítsteinn með snigilkröppum en efst er hálfmáni með pálmagreinum og krossi. Fer í 2. flokk. Því næst er stuðlabergsdrangur um 100 cm á hæð. Letrið er nokkuð stórt og svartmálað. Fer í 3. flokk.

***Reitaröð F 7-1 til F 7-25 snýr mót vestri.***

**F 7-1 til F 7-3** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er úr „silfur"-graníti. Það er ögn bogadregið að ofan og er með stuttar axlir. Fer í 4. flokk.

**F 7-4 til F 7-6** Steyptur bakki í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er granítvarði óreglulegur að ofan en annars mattskorinn og slípaður að framan. Fer í 4. flokk.

**F 7-7 til F 7-8** Steyptur bakki settur bergsalla. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**F 7-9 til F 7-10** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Bakkinn er mjög sprunginn og fer í 5. flokk. Syðst á gaflinum er svört granítplata sem er ögn meiri á lengdina en hæðina og fer hún í 4. flokk.

**F 7–11 til F 7-13** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum

**F 7-14 til F 7-16** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er í sæmilegu ástandi en hallar nokkuð til suðurs. Ekkert minningarmark er á reitnum og bakkinn fer í 5. flokk.

**F 7-17 til F 7-18** Kringum reitinn eru steyptar afar mjóar súlur en ofan á þeim er stór planki. Gerðið fer í 4. flokk.
Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Nyrst og syðst eru svartar, steyptar álplötur sem festar eru á bakkann og fara þær í 4. flokk. Fyrir miðju hefur verið innfelld hvít marmaraplata með upphleyptu letri á bekkjum og fer hún einnig í 4. flokk. Efst er þykk marmaraplata og er hún er skrúfuð á bakkann. Fyrir ofan plötuna stendur: *„Guðmundur Hannesson kenndi Íslendingum að byggja hlý hús."*

**F 7-19 til F 7-22** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Fyrir miðju er hlið en gafl að baki. Bakkinn fer í 5. flokk.
Fimm minningarmörk eru á reitnum. Það nyrsta er svört granítplata sem er mun meiri á hæðina en breiddina og er felld inn í gaflinn. Næstu fjögur minningarmörk eru grágrýtisplötur sem felldar eru í bakkann og eru þær með upphleyptu letri á bekkjum. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**F 7-23 til F 7-25** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í mjög góðu ástandi og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum, hvort tveggja steinsteyptir púlt-

steinar. Sá að norðanverðu er mjög sprunginn. Á framhlið þeirra er svört granítplata. Steinarnir fara í 4. flokk.

***Reitaröð F 7-26 til F 7-50 snýr mót austri.***

**F 7-26 til F 7-27** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem hleðslugrjóti hefur verið hlaðið ofan á. Umgjörðin er víða brotin og má teljast ónýt. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru steyptar álplötur sem eru skrúfaðar í bakkann. Þær fara í 4. flokk.

**F 7-28 til F 7-30** Ekkert gerði afmarkar reitinn en fremst í reitnum hefur gangstéttarhellum verið stungið ofan í jörðina til að varna því að moldin renni úr reitnum.

Minningarmarkið er venjulegur ílangur blágrýtisstuðull. Fer í 4. flokk.

**F 7-31 til F 7-33** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hann er dálítið sprunginn vegna alkalískemmda en er þó ekki að falli kominn. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum en það eru grágrýtisplötur og er letrið upphleypt á heilum bekk. Þær fara í 4. flokk.

**F 7-34 til F 7-37** Ekkert gerði umlykur þessa reiti. Eitt minningarmark er hér að sjá en það er granítplata úr brúndökkleitu graníti sem stendur á grágrýtisundirsteini með stuðningssúlu í miðju. Fer í 4. flokk.

**F 7-38 til F 7-39** Hér í kring er steinsteyptur, hvítmálaður bakki með stuttum hliðararmi og gafli. Bakkinn fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru á reitnum en það eru grágrýtisplötur með gljáandi letri á möttum bekkjum. Þessar plötur eru felldar inn í gaflinn og fara í 4. flokk.

**F 7-40 til F 7-43** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki. Hann er hvítmálaður en allur að flagna og fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjú. Tveir stuttir blágrýtisdrangar. Þeir eru skornir og slípaðir og letrið er sandblásið ofan í flötinn. Drangarnir hvíla á grágrýtiskubbum og fara í 4. flokk. Fyrir miðju er hvítur trékross með svörtu álspjaldi, fer í 4. flokk.

**F 7-44 til F-45** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Ofan á honum eru 3x3 súlur og sterk keðja liggur á milli þeirra en milli súlnanna er lítill lágur bakki. Allt er þetta mjög sprungið og er bakkinn illa farinn og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Það fyrra er hár, flatur óbeliski á sökkli og undirsteini úr svörtu graníti, og er hann líklega frá Schannong. Efst er krossmark en þar fyrir neðan er áletrunarflöturinn. Allar hliðar steinsins eru gljáslípaðar. Áletrunarflöturinn er meitlaður niður en gljáinn stendur eftir upphleyptur. Neðst stendur: *„Deyr fé, deyja frændur, deyr sjálfur it sama, en orðstýr deyr aldrei, þeim sem góðan getur.“* Legsteinninn fer í 2. flokk.

Hitt minningarmarkið er ferningslaga blágrýtisflaga sem hvílir á steinkubbi. Letrið er sandblásið ofan í plötuna og er það hvítmálað. Platan fer í 4. flokk.

**F 7-46 til F 7-47** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og háum gafli. Allt er þetta hvítmálað og virðist vera í nokkuð góðu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er plata úr svörtu gleri, fremur en hrafntinnu, bogadregin að ofan. Letrið er sandblásið og er platan skrúfuð í gaflinn. Platan fer í 4. flokk.

**F 7-48** Gangstéttarhellur afmarka þennan reit en þær eru allar að síga og fer þessi umgjörð í 5. flokk.
Minningarmarkið er lítill blágrýtisstuðull sem er skorinn niður og sandblásinn. Efst er krossmark og pálmagrein. Stuðullinn stendur svo á grágrýtisundirsteini eða sökkli sem er heill steinkubbur. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**F 7-49 til F 7-50** Steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi afmarkar þennan reit. Hann skipast í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

***Reitaröð F 8-1 til F 8-25 snýr mót vestri.***

**F 8-1 til F 8-3** Ekkert afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er marmarabók á sökkli úr marmara og þar undir er stærri undirsteinn, einnig úr marmara. Á steininum er þessi áletrun: *„Legg ég nú bæði líf og önd, ljúfi Jesú í þína hönd, síðast þegar ég sofna fer, sitji Guðs englar yfir mér.“* Neðst er nafn Hallgríms Péturssonar. Steinninn fer í fjórða flokk.

**F 8-4** Steinsteyptur rammi afmarkar þennan einstaklingsreit og hallar hann nokkuð til norðausturs. Ramminn fer í 5. flokk.
Eitt minningarmark er á reitnum en það er tilhöggvinn brattur púltsteinn úr grágrýti. Steinninn er mjög siginn. Á framhlið steinsins er dökkleit granítplata. Steinninn fer í 3. flokk.

**F 8-5 og F 8-6** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**F 8-7** Umhverfis þennan einstaklingsreit er steinsteyptur rammi með gafli. Hefur bakkinn verið settur bergmylsnu en hún er nú víða að detta af. Bakkinn fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er mjög dökkur granítsteinn, ögn bogadreginn og afsettur að ofan. Hliðarnar eru slípaðar en framhlið hans er gljáslípuð. Steinninn hvílir á grágrýtissökkli, sem er heilskorinn ferningur. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**F 8-8 til F 8-9** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Minningarmarkið er heilskorinn blágrýtissteinn með púltsteinsformi, sléttur að ofan og hvílir á sökkli sem er líklega úr grágrýti. Steinninn er gljáslípaður að framan og letrið er sandblásið niður í flötinn og er það hvítmálað. Steinninn fer í 4. flokk.

**F 8-10** Ekkert minningarmark afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er á reitnum en það er lítil útgáfa af steini sem finna má á nokkrum stöðum í garðinum. Steinninn er úr grágrýti og stendur á grágrýtissökkli. Efst eru bogar sem sveigjast til sín hvorrar áttar. Efst er flötur með pálmagrein og krossi og svo er letrið meitlað ofan í. Steinninn er afsettur á hliðum og fer í 3. flokk.

**F 8-11** Ekkert er að finna á þessum reit.

**F 8-12** Umhverfis þetta leiði er steyptur rammi með þremur hliðarörmum og gafli sem er jafnhár austasta hliðararmi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið á leiðinu er granítplata. Sól er í hverju horni en efst er lampi. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**F 8-13** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti og stendur hann á stórum grágrýtissökkli. Varðinn er fallinn og þarf að reisa hann við en legsteinninn fer í 3. flokk.

**F 8-14 til F 8-15** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Minningarmarkið er blágrýtisstuðull sem er allur skakkur og hallar í suður. Letrið er sandblásið ofan í steininn en efst á steininum er lesmál sem erfitt er að ráða í nema með nákvæmri yfirlegu. Fer í 4. flokk.

**F 8-16** Kringum þetta leiði er steyptur rammi með gafli og er hann í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er svört granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**F 8-17** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**F 8-18** Á þessu leiði er einn legsteinn en það er lágur flatur óbeliski á sökkli og undirsteini og er allt þetta úr grágrýti. Efst er lágmynd Thorvaldsens *Nótt* og er hún sprungin. Letrið er meitlað í steininn. Legsteinninn fer í 2. flokk.

**F 8-19** Ekkert er að sjá á þessu leiði.

**F 8-20 til F 8-21** Steinsteyptur rammi afmarkar þetta leiði. Umgjörðin er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtissteinn. Letrið er upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk.

**F 8-22** Umhverfis reitinn er breiður steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er mjög lítill flatur óbeliski á sökkli. Hann er úr svörtu graníti og er líklega frá steinsmiðju Schannongs í Kaupmannahöfn. Steinninn er gljáslípaður að framan en hliðarnar eru mattar. Steinninn fer í 4. flokk.

**F 8-23** Ekkert afmarkar reitinn. Minningarmörkin eru tvö. Það fyrra er bogasteinn úr grágrýti. Hann hefur snöggar axlir og á fleti ofarlega eru tvær pálmagreinar og kross. Steinninn hefur nýlega verið slípaður. Hann hvílir á sökkli sem einnig er úr grágrýti. Legsteinninn fer í 3. flokk. Við hliðina er hvítur trékross með plastspjaldi. Krossinn fer í 4. flokk.

**F 8-24 til F 8-25** Kringum reitinn er steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna og stendur það á bakkanum austanverðum. Þetta er granítsteinn og er lengdin þrisvar sinnum meiri en hæðin. Steinninn er úr rauðleitu, dökkkornóttu graníti og fer í 4. flokk.

***Reitaröð F 8-26 til F 8-50 snýr mót austri.***

**F 8-26 til F 8-28** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Þrjú minningarmörk eru á reitnum, eitt á hverju leiði. Þetta eru heilskornir grágrýtissteinar með púltsteinslagi, nokkuð þykkir og er letrið sandblásið ofan í steininn. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

**F 8-29** Engin umgjörð er kringum þennan reit. Eitt minningarmark er hér að sjá en það er heilskorinn grágrýtissteinn með upphleyptu letri á bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk.

**F 8-30** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**F 8-31** Hér er einungis hvítmálaður trékross með plastspjaldi og fer hann í 4. flokk.

**F 8–32 og F 8-33** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**F 8-34** Umhverfis leiðið er steyptur bakki í slæmu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er lítill trékross með plastplötu. Krossinn fer í 4. flokk.

**F 8-35** Ekkert afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér en það er hvítur trékross með plastplötu og fer hann í 4. flokk.

**F 8-36 til F 8-39** Ekkert er að finna á þessum fjórum reitum.

**F 8-40 til F 8-41** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er með tveimur hliðarörmum og gafli og er þetta allt sett bergmylsnu. Bakkinn er í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark finnst hér en það er koparplata sem er sveigð að ofan og sem skrúfuð er í gaflinn. Fer hún í 4. flokk.

**F 8-42** Ekkert afmarkar reitinn. Legsteinninn er óreglulegt fjörugrjót með áfastri álplötu, sem fer í 4. flokk.

**F 8-43** Engin umgjörð er kringum reitinn. Eina minningarmarkið er steyptur púltsteinn með svartri gler- fremur en hrafntinnuplötu sem steypt er inn í steininn. Neðst á plötunni er handaband, mjög haganlega dregið í glerið. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**F 8-44 til F 8-46** Ekkert er að sjá á þessum þremur leiðum.

**F 8-47** Engin umgjörð er hér í kring. Eina minningarmarkið er hraungrýti með steyptri álplötu sem er skrúfuð í steininn. Steinninn fer í 4. flokk.

**F 8-48 til F 8-50** Ekkert er á þessum þremur leiðum.

# Reitasafn G

*REITASAFN G*

***Reitaröð G 1-1 til G 1-12 snýr mót austri.***

**G 1-1 til G 1-2** Umhverfis þennan reit er steyptur bakki með ávölum hliðarörmum og gafli og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Hún fer í 4. flokk.

**G 1–3 til G 1-5** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**G 1-6** Hér er steyptur bakki umhverfis eitt leiði. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er grágrýtissteinn. Á hann er meitlað fallegt blóm, sem stendur upp úr keri. Neðst á steininn er mótuð upprúlluð örk. Steinninn stendur á afsettum sökkli og á steinsteyptum undirsteini og fer þetta minningarmark í 3. flokk. Að framan er mikil grágrýtisplata sem hvílir á steyptum undirsteini og fer í 4. flokk.

**G 1-7** Þetta leiði er afmarkað með steinsteyptum bakka sem liggur frá austri til vesturs. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum stendur eitt minningarmark en það er heill grágrýtispúltsteinn með upphleyptu letri á sandblásnum bekkjum. Sá skipast í 4. flokk.

**G 1-8** Á þessum reit má sjá um 30-40 cm háan blágrýtisvarða. Undir honum er skorinn blágrýtiskubbur, sem stendur á steyptum undirsteini. Varðinn er slípaður að framan, en hliðar hans eru afsettar og óreglulegar. Hann fer í 4. flokk.

**G 1–9 til G 1-12** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

***Reitaröð G 2-1 til G 2-16 snýr mót vestri.***

**G 2-1 til G 2-2** Hér á reitnum eru tvö minningarmörk. Þetta eru heilskornir grágrýtis-púltsteinar, en hliðar þeirra og bök eru afsett og framhliðarnar slípaðar. Letrið á steinunum er upphleypt á sandblásnum bekkjum. Þessir steinar fara báðir í 4. flokk.

**G 2-3 til G 2-4** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Engin minningarmörk er hér að finna.

**G 2-5 til G 6-2** Minningarmarkið sem stendur á þessu legstæði er grágrýtisvarði og stendur hann á sökkli úr sama efni. Hann er ekki mjög hár, afsettur á hliðum og efst á honum er gróft stokkhöggvinn flötur sem á er pálmagrein. Verkið sýnist vera meitlað. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**G 2-7** Umhverfis þetta leiði er steinsteyptur bakki með gafli. Allt er þetta mjög mosavaxið. Bakkinn fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**G 2-8** Ekkert er á þessu leiði.

**G 2-9** Engin umgjörð afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er heilskorinn, blá-grýtispúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**G 2-10 til G 2-13** Umhverfis þennan reit er stólpagerði sem liggur frá norðri til suðurs. Það er samsett úr 3x4 blágrýtisstólpum. Tvær pípur liggja á milli stólpanna. Gerðið er fallegt og heillegt og fer í 3. flokk.

Á reitnum er eitt minningarmark, blágrýtisstuðull sem er skorinn og slípaður. Hann hvílir á tveimur kubbum úr sama efni. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 2-14** Ekkert gerði afmarkar þetta legstæði. Á því er trékross með svartri plastplötu. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**G 2-15 til G 2-16** Þessi reitur markast af steinsteyptum bakka sem er alveg að hruni kominn. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er hvítmálaður furukross með áskrúfaðri plastplötu. Krossinn fer í 4. flokk.

***Reitaröð G 2-25 til G 2-42 snýr mót austri.***

**G 2-25 til G 2-26** Umhverfis þennan reit er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Bakkinn fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið á reitnum virðist vera úr sandsteini en hann er svo veðraður að ekki er unnt að lesa áletrunina. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**G 2-27 til G 2-29** Þessi reitur er afmarkaður af steinsteyptum bakka með hliðararmi og gafli. Allt er þetta sett bergsalla og er mjög illa farið. Bakkinn fer í 5. flokk.

**G 2-30 til G 2-31** Minningarmarkið á þessum reit er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Hann er í ágætisástandi og virðist vera meitlaður. Varðinn fer í 3. flokk.

**G 2-32 til G 2-33** Ekkert er að sjá á þessum tveimur leiðum.

**G 2-34** Þetta leiði er afmarkað af hlöðnum grágrýtisdröngum. Fallega meitlaðar grágrýtissúlur eru í hverju horni. Þær eru áttstrendar og liggja tvær pípur á milli þeirra. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Letrið á varðanum er nokkuð farið að mást. Einhvers konar englaverk hefur risið upp af steininum en það er nú horfið. Varðinn fer í 3. flokk.

**G 2-35** Á þessum reit er bæsaður furukross með álspjaldi. Hann fer í 4. flokk.

**G 2-36** Umhverfis þetta leiði er steinsteyptur bakki, sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á leiðinu.

**G 2-37 og G 2-38** Ekkert er að sjá á þessum leiðum.

**G 2-39** Umhverfis þennan reit er stólpagerði og er grágrýtissívalningur í hverju horni. Tvær pípur hafa gengið á milli þeirri en þær eru nú horfnar að sunnanverðu og aðra þeirra vantar að norðan og vestan. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er tilhöggvið grágrýtisverk. Er það mótað þannig að það lítur út fyrir að hér standi margir stuðlar saman. Fyrir miðju varðans er sporöskjulaga flötur, sem áletrunin er meitluð í. Hér gefur að líta skemmtilegt handbragð sem ber vott um stuðlabergstísku fyrstu áratuga 20. aldar. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**G 2-40 til G 2-42** Þessi reitur markast af steinsteyptum, hvítmálaðum bakka. Hann er í sæmilegu ástandi þó hann sé brotinn á suðvesturhlið. Bakkinn fer í 5. flokk.

Á reitnum eru þrjú minningarmörk. Þetta eru allt hvítir marmarapúltsteinar með koparplötum. Steinarnir fara í 4. flokk.

***Reitaröð G 3-1 til G 3-21 snýr mót vestri.***

**G 3-1** Hér í reitnum gefur að líta granítstein sem er þriðjungi þykkari neðst en efst. Hann hvílir á kubbslaga undirsteini sem líklega er úr grágrýti. Áletrunin er hvítmáluð. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 3-2** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Á reitnum er heilt blágrýtispúlt, sem fer í 4. flokk.

**G 3-3** Hér er eins granítsteinn og stendur á reit **G 3-1**. Hann fer einnig í 4. flokk.

**G 3-4 til G 3-5** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli og er hann settur bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er svört granítplata sem fer í 4. flokk.

**G 3-6 til G 3-7** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum bakka sem mjög er farinn að láta á sjá. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk standa hér. Annað er nokkuð algengur ferhyrndur steinn með þriðjungssól efst. Steinninn hvílir á oddhöggnum sökkli. Ekki er ljóst hvort letrið á steininum er meitlað eða sandblásið. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

Hitt minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti, sem stendur á sökkli úr sama efni. Steinninn er slípaður að framan og letrið er upphleypt á bekkjum. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 3-8 til G 3-9** Minningarmörkin á þessum reit eru alveg eins. Þetta eru tveir bæsaðir furukrossar með gylltri álplötu. Krossarnir fara í 4. flokk. Milli þeirra er gamalt minningarmark sem segja má að sé alveg ónýtt. Þetta er steyptur steinn í stuðlabergs-stíl. Á honum hefur verið blað með eftirmælum og gler yfir. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 3-10 til G 3-13** Hér er steyptur bakki umhverfis reitinn og liggur hann frá norðri til suðurs. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmark nr. **G 3-10** er bláleitur granítkubbur á steyptri undirstöðu. Upp af honum hefur gengið eitthvert marmaraverk, sem nú er brotið. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

Minningarmarkið á reit **G 3-11** er granítsteinn. Segja má að hann sé hringlaga en þó óreglulegur. Hann stendur á miklum undirsteini, löngum slípuðum dranga úr sama efni. Þetta minningarmark snýr í vestur og fer í 4. flokk.

**G 3-14 til G 3-15** Ekkert gerði er kringum þennan reit. Minningarmarkið er hvítur furukross sem stendur á miðjum reitnum. Hann er með tveimur plastplötum og fer í 4. flokk.

**G 3-16 til G 3-17** Í kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli, sem settur er bergmylsnu og fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið er svört granítplata, sem fer í 4. flokk.

**G 3-18 til G 3-19** Hér er reiturinn afmarkaður af steinsteyptum bakka með löngum hliðararmi og gafli. Allt er þetta sett bergmylsnu. Þessi bakki fer í 5. flokk.

Minningarmarkið hér er plata sem virðist vera úr blágrýti. Hún er skrúfuð í bakkann. Platan fer í 4. flokk.

**G 3-20** Þetta leiði er afmarkað af steinsteyptum bakka. Hann er í sæmilegu ástandi þó í honum virðast vera alkalískemmdir. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er hvít marmaraplata sem hallast upp að steyptum stuðningsgafli. Platan fer í 4. flokk.

**G 3-21** Þetta barnsleiði er afmarkað af lágum steyptum bakka. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er blágrýtispúltsteinn, heilskorinn, með upphleyptu letri á bekkjum. Hann fer í 4. flokk.

***Reitaröð G 3-28 til G 3-51 snýr mót austri.***

**G 3-28 til G 3-30** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og er þetta allt sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið hér er steypt álplata sem fest er í bakkann og fer það í 4. flokk.

**G 3-31 til G 3-34** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er mjög brotinn og mosavaxinn og er hann nánast ónýtur. Hann fer í 5. flokk. Minningarmörkin hér eru þrjú. Tvö þeirra eru alveg eins, klofnir rauðbleikir granítsteinar með óreglulegum hliðum. Þeir hvíla á skornum steinferningi sem líklegast er úr grágrýti. Allt hefur þetta nýtískulegt yfirbragð. Milli þessara minningarmarka er stærri drangur úr svipuðu graníti. Hann er hár og óreglulegur og á steininum eru koparstafir. Öll þessi minningarmörk fara í 4. flokk.

**G 3-35 til G 3-36** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka. Hann er í sæmilegu ástandi þó pússningin sé nokkuð sprungin og fer bakkinn í 5. flokk.

Hér á reit er eitt minningarmark. Þetta er steinsteyptur púltsteinn en framan á honum er svört granítplata sem snýr í austur. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**G 3-37 til G 3-38** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Eina minningarmarkið sem er að finna hér er stór grágrýtis-hnullungur, sem hvílir á steyptri undirstöðu og bakkanum sjálfum. Vinstri hlið hans er tiltölulega bein en hinar hliðarnar eru óreglulegar. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**G 3-39 til G 3-41** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru svartar granítplötur, sem hvíla á skornum grágrýtissteini. Þær fara í 4. flokk.

**G 3-42 til G 3-44** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka, sem er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmörkin hér eru þrjú, öll með sama sniði, en mis-stór. Þetta eru steyptir ferningar með steyptum kubbi ofan á, þannig að fyrir neðan hann myndast axlir sín hvorum megin. Minningarmörkin á leiðum 42 og 44 eru svipuð að stærð, en það á númer 43 er ögn stærra. Þetta eru allt svartar granítplötur sem eru festar í kubbana og fara þessi minningarmörk í 4. flokk.

**G 3-45 og G 3-46** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**G 3-47 til G 3-48** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Allt er þetta þakið bergsalla. Bakkinn er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin þrjú eru steyptar bogadregnar koparplötur með ypptum öxlum. Þær eru festar á bakkann og snúa í austur. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 3-49** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**G 3-50 til G 3-51** Bakkinn umhverfis þennan reit er steinsteyptur og með gafli. Bergsalli er á öllum bakkanum og fer hann í 5. flokk. Hér er eitt minningarmark. Það er svört granítplata, sem er fest í bakkann og fer hún í 4. flokk.

***Reitaröð G 4-1 til G 4-26 snýr mót vestri.***

**G 4-1 til G 4-2** Umhverfis þennan reit er steyptur bakki sem er í sæmilegu ástandi, þó bergsallinn sem á honum er sé farinn að flagna mjög af. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark. Þetta er svartur ferningur úr graníti. Þykkt hans er einungis um 7-8 cm, en breiddin er helmingi meiri en hæðin. Efst á varðanum eru viðargreinar með blómum og kross fyrir miðju. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**G 4-3 til G 4-4** Enginn bakki er umhverfis þennan reit, en hér er eitt minningarmark, heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Varðinn er með upphleyptu letri á blásnum bekkjum. Hann fer í 4. flokk.

**G 4-5 til G 4-6** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki í ágætisástandi. Hann er með mjóum hliðarörmum og gafli. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er ílöng svört granítplata, sem fer í 2. flokk. Áletrunin á plötunni er merkileg: *„Kvíð ei að deyja frá dauða og dag sjá kvöldlausan.“*

**G 4-7 til G 4-8** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark. Það er heilskorinn, svartur granítsteinn, slípaður að framan og hefur púltsteinsform. Þessi steinn fer í 4. flokk.

**G 4-9 til G 4-11** Minningarmarkið er á reitnum miðjum og snýr í vestur. Það er úr torræðu efni. Þetta hefur krosslag og neðar er kubbur með bröttu þaki. Minningarmarkið hvílir svo á undirsteini og fer í 4. flokk.

**G 4-12 til G 4-14** Þessi reitur markast af steyptum bakka með 2x4 súlum og á milli þeirra eru steyptir veggir. Umgjörðin er öll hlaðin. Hún er mjög sprungin og verður að teljast ónýt. Þetta gerði fer í 5. flokk.

Hér er eitt minningarmark en það er grágrýtisplata sem felld er inn í bakkann. Hún fer í 4. flokk.

**G 4-15 til G 4-16** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með 3x3 súlum og ganga keðjur á milli þeirra. Hann fer í 4. flokk. Minningarmarkið snýr í vestur. Það er stór marmarasteinn sem er með mikið bergfléttuskraut á hliðum. Um miðbik steinsins er örk sem rúllast upp neðst og á henni er áletrunin. Efsta leturlínan virðist vera úr blýi, sem fellt er í. Þar fyrir neðan er letrið meitlað og málað. Þessi steinn fer í 2. flokk.

**G 4-17 til G 4-20** Steinsteypti bakkinn kringum þennan reit er í sæmilegu ástandi, en er þó mjög farinn að molna á vesturhliðinni. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er afar stórt heilskorið granítpúlt sem hvílir á undirstöðum. Það fer í 4. flokk.

**G 4-21 til G 4-22** Þennan reit afmarkar steyptur bakki og er hann í ágætisástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk. Það fyrra er púltsteinn og hvílir á undirsteini úr sama efni. Letrið á honum er upphleypt á sandblásnum bekkjum.

Hitt minningarmarkið er heilskorinn, dökkbrúnn granítpúltsteinn. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**G 4-23 til G 4-24** Hér afmarkar reitinn steinsteyptur bakki með 3x3 súlur. Keðja gengur á milli súlnanna og fer umgjörðin í 5. flokk.

Minningarmarkið er svört álplata sem er skrúfuð í aðliggjandi bakka. Hún fer í 4. flokk.

**G 4-25 til G 4-26** Þessi reitur markast af 2x3 grágrýtisstólpum. Þrjár pípur liggja á milli stólpanna. Gerðið fer í 4. flokk. Minningarmarkið er grágrýtissteinn. Hann er afar sérkennilegur í laginu, þar sem skiptast á bogar og beinar línur. Efst á varðanum er pálmagrein og hjarta, en kross rís upp af því. Undirsteinninn er einnig bogadreginn en oddhöggvinn og riffilhöggvinn um miðbikið eins og varðinn er einnig. Varðinn fer í 2. flokk vegna þessa merkilega forms.

***Reitaröð G 4-27 til G 4-54 snýr mót vestri.***

**G 4-27** Þessi reitur er undir stígnum.

**G 4-28 til G 4-31** Umhverfis þennan reit er ílangur, steinsteyptur bakki sem liggur frá austri til vesturs. Bakkinn hefur langa hliðararma og gafl. Allur er bakkinn settur bergmylsnu og fer hann í 5. flokk.

Hér á reitnum eru fjögur minningarmörk. Það sem er nyrst er grágrýtissteinn á sökkli úr sama efni. Efst á steininum er kvartsól og leturflötur hans er upphleyptur. Þessi steinn fer í 3. flokk. Hin minningarmörkin eru allt svartar granítplötur sem skrúfaðar eru í bakkann og snúa í austur. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 4-32 til G 4-33** Reitur þessi er ekki afmarkaður af neins konar umgjörð en hlaðnar gangstéttarhellur eru framan við stíginn. Hér á reit er eitt minningarmark. Það er klofinn blágrýtisdrangur og á hann eru slípaðir tveir hringir og í þá eru letruð nöfn þeirra hjónanna sem hér hvíla. Steinninn fer í 3. flokk.

**G 4-34 til G 4-35** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki og standa á honum grágrýtissúlur með pýramídaþaki. Mikil og þykk keðja hefur legið milli allra súlnanna, en nú vantar hana á milli súlna í norðvestur- og norðausturhornunum. Umgjörðin fer í 4. flokk.

Eina minningarmarkið á reitnum er ljósbrúnn granítsteinn með svörtum kornum. Sérkennilegt krossmark er fyrir miðju. Minningarmarkið gæti verið frá Schannong. Fer í 4. flokk.

**G 4-36 til G 4-39** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit telst ónýtur og fer í 5. flokk.

Hér eru fimm minningarmörk. Allt eru þetta litlir blágrýtisdrangar sem liggja á steyptum undirstöðum. Leturflötur þeirra er sandblásinn niður og eftir stendur upphleypt letrið. Þessi minningarmörk fara í 3. flokk.

**G 4-40 til G 4-41** Bakkinn í kringum þetta legstæði er úr hlöðnu grjóti og steypt eða pússað í kring. Umgjörðin er að hruni komin og dæmist ónýt og fer hún í 5. flokk. Minningarmörkin eru tveir granítpúltsteinar sem eru skornir og gljáslípaðir og fara þeir í 4. flokk.

**G 4-42 til G 4-45** Hér afmarkar hlaðið fjörugrjót reitinn og fer umgjörðin í 3. flokk. Á reitnum standa tvö minningarmörk. Þetta eru stórir og miklir drangar, sem hvíla á fjörugrjóti. Þeir eru mjög vaxnir mosa og skófum. Annar drangurinn er með sandblásnu letri. Bæði minningarmörkin fara í 3. flokk.

**G 4–46 til G 4-48** Í kringum þessa þrjá reiti er hlaðið fjörugrjóti.

**G 4-49 til G 4-51** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli. Hann er í ágætisástandi þó í honum séu alkalískemmdir. Þessi bakki fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og snúa þau í austur. Annað er heill, skorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi og upphleyptu letri. Hinn er heilskorinn steinn með niðursettu sandblásnu letri. Þessir legsteinar fara báðir í 4. flokk.

**G 4-52 til G 4-54** Hér markar reitinn steinsteyptur bakki með 3x4 steinsteyptum súlum. Keðja hangir á milli súlnanna. Reiturinn liggur frá norðri til suðurs og fer bakkinn í 5. flokk.

Minningarmörkin hér eru tvö. Annað er hvítur marmarasteinn með gotnesku lagi. Hann er gerður þannig að það er eins og hann sé samsettur úr smærri einingum. Steinninn hvílir á sökkli, sem er allur í sprungum og dældum. Á steininn eru letruð þessi eftirmæli: *„Heilög höndin hnýtir aftur slitinn þráð.“* Steinninn fer í 2. flokk.

Hitt minningarmarkið er mjög merkilegt og í þeim stíl sem kenndur hefur verið við þjóðernisrómantík í arkitektúr. Þetta er stór og mikill drangur, sem er meitlaður eins og púltsteinn og hvílir á sökkli. Tvær sterklegar stoðir eru til hliðar og kubbur upp af. Allt er þetta oddhöggvið og afar íslenskt í formi og útliti. Þetta minningarmark fer í 2. flokk.

***Reitaröð G 5-1a til G 5-23 snýr mót vestri.***

**G 5-1a til G 5-1b** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í ágætisástandi og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Annað er drangur úr rauðleitu graníti, sem er helmingi þykkari neðst en efst, sléttur að ofan og hvílir á skornum kubbi. Hitt er heilskorinn granítpúltsteinn. Bæði fara þessi legmörk í 4. flokk.

**G 5-1c til G 5-1d** Steinsteyptur bakki afmarkar þennan reit og fer hann í 5. flokk. Hér er eitt minningarmark, sem snýr í vestur. Þetta er grágrýtisvarði með slípaðri framhlið og letri sem líklega er sandblásið ofan í hana. Þessi varði er mjög hefðbundinn og fer í 4. flokk.

**G 5-1 til G 5-3** Umhverfis þennan legstað er steinsteyptur bakki með 3x4 súlum og liggur lengdin í norður-suður. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er eitt og snýr það í vestur. Þetta er geysilega mikill granítvarði með sólargeislum efst og þekju. Hliðarnar dragast ögn inn svo varðinn breikkar þegar neðar dregur og er breiðastur við sökkul. Hann stendur á óslípuðum sökkli og undirsteini. Kvarnað er upp úr steininum neðst í suðaustur horninu. Varðinn fer í 4. flokk.

**G 5-4 til G 5-6** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka með gafli. Bakkinn er mjög illa farinn og fer í 5. flokk. Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk. Allt eru þetta hvítar marmaraplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 5-7 til G 5-8** Hér er steinsteyptur bakki umhverfis reitinn og fer hann í 5. flokk.

Eina minningarmarkið er fallegur grágrýtisvarði með krullum efst. Sökkullinn er oddhöggvinn og hvílir hann á stórum undirsteini. Þessi varði fer í 3. flokk.

**G 5-9 til G 5-10** Þessi reitur nýtir nágrannabakka að framan og er þetta í slæmu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það fyrra er steyptur ferningur með steyptri hálfsól efst. Í steininn er felld ílöng grágrýtisplata. Steinninn er illa farinn. Hitt minningarmarkið er innfelld granítplata og fer hvort tveggja í 4. flokk.

**G 5-11 til G 5-12** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er svört granítplata, sem hallar upp að stuðningssteini úr grágrýti og snýr í vestur. Platan fer í 4. flokk.

**G 5-13 til G 5-16** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki. Hann er með löngum hliðararmi og gafli. Allt er þetta sett bergsalla og fer bakkinn í 5. flokk. Minningarmörkin hér eru fjögur. Á leiði **G 5-13** er hvít marmaraplata. Hún snýr í vestur og fer í 4. flokk. Hin minningarmörkin eru allt steyptar álplötur, sem skrúfaðar er í bakkann. Þær fara einnig í 4. flokk.

**G 5-17** Ekkert gerði afmarkar þetta legstæði. Hér má sjá fallegan varða sem hefur þó verið sandblásinn síðar meir og er búið að slípa framhlið hans niður. Letrið er upphleypt á blásnum bekkjum en hefur líklega upphaflega verið meitlað. Varðinn stendur á sökkli og undirsteini. Hann snýr í vestur, en hallar nokkuð til suðvesturs. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**G 5-18 til G 5-19** Ekkert gerði er umhverfis þennan reit. Eitt minningarmark er hér að sjá en það er steinsteyptur hvítmálaður varði sem hvílir á steinsteyptum sökkli. Í framhliðina er skrúfuð plastplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 5-20 til 5-21** Kringum þennan reit eru hlaðnir grágrýtisdrangar. Þeir eru í ágætisástandi en gróður þekur þá nokkuð. Umgjörðin fer í 3. flokk.

Minningarmarkið er flatur óbeliski á sökkli og undirsteini. Efst á honum er lágmyndin *Dagur*. Búið er að skemma steininn með slípun og sandblæstri og hefur lágmyndin skemmst um leið. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 5-22 til G 5-23** Ekkert gerði er umhverfis þennan reit, en hér er eitt minningarmark. Það er nútímalegur, skorinn grágrýtissteinn með afar sérstæðri þekju. Vinstri þak-

hliðin er mjög stutt en hin nær mun lengra niður á við. Steinninn er slípaður eins og undirsteinninn sem hann hvílir á sem einnig er úr grágrýti. Efst á varðanum er kross og laufagreinar og fer steinninn í 3. flokk.

***Reitaröð G 5-24a til G 5-46 snýr mót austri.***

**G 5-24a til G 5-24c** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum en nú vantar þá að norðanverðu. Bakkinn fer í 5. flokk.

Hér á reitnum eru tvö minningarmörk og snúa í austur. Þetta eru grágrýtisferningar sem eru felldir inn í gaflinn. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**G 5-24 til G 5-25** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Pússningin er öll að flagna af og er ástand bakkans slæmt. Hann hallar auk þess nokkuð til vesturs. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér en það er stór og þykkur blágrýtisstuðull með sandblásnu letri. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 5-26 til G 5-29** Hér í kring er steinsteyptur bakki og á honum hefur sennilega verið smíðajárnsgerði en það er nú farið. Bakkinn fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk er hér að finna. Það nyrsta er grágrýtisdrangur þar sem framhliðin hefur verið sandblásin niður og letrið upphleypt. Minningarmarkið fer í 4. flokk. Á miðjum reitnum er hvítur marmarasteinn sem er höggvinn þannig að hann sýnist samsettur úr mörgum steinum. Framan á honum er upphleyptur skjöldur með áletrun. Steinninn fer í 4. flokk. Að síðustu er hér furukross með hvítu plastspjaldi. Hann snýr í austur og fer í 4. flokk.

**G 5-30 til G 5-31** Umhverfis reitinn er hár og mikill steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og er hann hvítmálaður. Marmarasalla hefur verið stráð á beðið. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór og dökkrauðleitur granítsteinn sem snýr í austur. Á honum eru sandblásnir bekkir með gljáandi letri. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 5-32 til G 5-35** Kringum reitinn er stór og mikill steinsteyptur bakki sem er nánast sléttfullur af efni. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru innan reitsins. Fyrra minningarmarkið er steinsteyptur steinn með kvartsól en fyrir neðan er marmari. Steinn þessi á sér fyrirmynd í steinum sem eru svipað meitlaðir. Í steypta hlutann er innfelld svört granítplata og er marmarabekkur fyrir neðan og plata þar ofan á. Þar er og önnur svört granítplata yfir annan einstakling. Steinninn fer í 3. flokk.

Syðsti steinninn stendur á stórum, oddhöggnum granítundirsteini. Ofan á þeim eru nokkuð þykkir, svartir granítferningar og fyrir miðju er hár svartur granítferningur og krossmark. Rismyndir hafa verið á báðum þessum steinum en önnur er nú horfin. Þessi legsteinn fer í 1. flokk.

**G 5-36 til G 5-37** Umhverfis reitinn er hár steinsteyptur bakki. Í honum eru víða alkalískemmdir. Þessi umgjörð telst ónýt og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er ljósbláleit graníthella sem hvílir á steinsteyptum steini og fer hún í 4. flokk.

**G 5-38 til G 5-40** Kringum reitinn er stór og mikill steinsteyptur bakki sem heita má alveg ónýtur og fer hann í 5. flokk. Á leiði númer **G 5-39** er merkur granítsteinn frá steinsmiðju Schannongs. Á honum er meitlað tré og er steinninn merkur vegna táknfræði. Steinninn fer í 1. flokk.

**G 5-41 til G 5-42** Umhverfis reitinn er afar hár steinsteyptur bakki og er hann fylltur að börmum. Umgjörðin fer í 4. flokk.

Eitt minningarmark er hér sem snýr í austur. Það er heilskorinn granítpúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**G 5-43 til G 5-44** Þennan reit afmarkar steinveggur að framan og er reiturinn sléttfylltur. Hann fer í 5. flokk.

**G 5-45 til G 5-46** Hár steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Ofan á honum eru 3x3 steinsteyptar súlur og liggur lágur veggur á milli þeirra. Einnig er þar á milli bronsuð keðja. Umgjörðin fer 4. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er steinsteyptur steinn með púltsteinslagi og í hann er felld dökkleit granítplata. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitaröð G 6-1a til G 6-23 snýr mót vestri.***

**G 6-1a til G 6-1c** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er þetta að hruni komið. Bakkinn er allur settur bergmylsnu og fer hann í 5. flokk. Fimm minningarmörk eru á reitnum. Það fyrsta er svört granítplata sem er sandblásin niður þannig að letrið er gljáandi. Næstu tvö minningarmörkin eru alveg eins en ögn stærri. Það fjórða er alveg eins og það fyrsta. Þetta eru allt granítplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Fimmta minningarmarkið liggur fyrir framan en það er heilskorinn dökkleitur granítsteinn með púltsteinsformi. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**G 6-1 til G 6-3** Kringum reitinn er steinsteypt undirstaða og hlaðnir oddhöggnir grágrýtisdrangar þar ofan á. Mjög er þetta mosavaxið og fer í 3. flokk. Minningarmarkið er stórt, um 150 cm á breidd, um 60-70 cm á hæð og þykktin er um 20 cm. Steinn þessi er oddhöggvinn á hliðum en brúnir óhöggnar. Letrið er lágt upphleypt á bekkjum. Undir steininum eru fjórir mjóir kubbar. Þetta minningarmark ber einkenni þjóðernisrómantíkur og fer í 3. flokk.

**G 6-4 til G 6-7** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmörkin eru tvö. Það fyrra, sem er sunnan megin, er granítkubbur úr rauðbrúnleitu graníti með dökkum kornum. Letrið er upphleypt á bekkjum og gljáandi. Steinninn er slípaður en framhlið gljáfægð. Legsteinninn stendur á undirsteini úr grágrýti. Minningarmarkið fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er úr grágrýti. Steinninn er með burst og ypptum útstæðum öxlum. Oddhöggvinn rammi er framan á sökklinum og hliðar eru oddhöggnar. Steinninn fer í 3. flokk.

**G 6-8 til G 6-11** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem er hvítmálaður. Bakkinn fer í 5. flokk. Fimm minningarmörk eru á reitnum. Eitt er á leiði **G 6-11** og er bogasteinn úr dökkleitu graníti og er hann gljáfægður. Steinninn stendur á möttum sökkli. Efst á steininum er meitlaður heiðurssveigur. Steinninn fer í 2. flokk. Hér eru

einnig þrjár steyptar koparplötur sem felldar eru í bakkann og fara í 4. flokk. Fimmta minningarmarkið er þykkur flatur óbeliski úr graníti á sökkli. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 6-12 til G 6-13** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í mjög slæmu ástandi. Á gaflinum eru þrjár súlur og bogar á milli þeirra. Gaflinn er mjög sprunginn. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og er það innfelld hvít marmaraplata sem er meiri á breidd en hæð og fer hún í 4. flokk.

**G 6-14 til G 6-15** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er víða sprunginn og er ekki í góðu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk. Nyrst á reitnum er fallegur grágrýtissteinn. Þetta er stór og hár varði með kubbi efst, á sökkli og undirsteini. Allt er þetta úr grágrýti og er skemmtilega meitlað. Varðanum má skipta í þrjá hluta. Efst er þverhlað ofan á, svo er millisteinn þar sem á er meitluð sól. Þetta er allt riffilhöggvið. Síðan kemur varðinn sjálfur. Þar er felld inn mynd af hinni látnu. Þetta hvílir loks á sökkli og undirsteini. Steinninn fer í 2. flokk. Hitt minningarmarkið er úr gráu graníti þar sem skiptast á hvít og svört korn. Hringur með krossmarki er meitlaður efst. Hjarta er á krossstilknum og blómaskreyti. Þetta stendur á sökkli úr grágrýti sem er heilskorinn og á steyptum undirsteini. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 6-16 til G 6-19** Umhverfis reitinn er steyptur bakki sem nýlega hefur verið gerður upp. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og eru þau alveg eins. Þetta eru bogasteinar um 100 cm á breidd og 40-50 cm á hæð og standa þeir á gljáslípuðum sökkli. Steinarnir fara í 4. flokk.

**G 6-20 til G 6-23** Kringum reitinn er steyptur bakki sem er mjög sprunginn og fer hann í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru hér á reitnum en það eru heilskornir blágrýtispúltsteinar sem hvíla á bakkanum. Dökkar granítplötur eru skrúfaðar í þá. Þær eru allar með upphleyptu letri á bekkjum nema sú sem er næst lengst til norðurs, þar er letrið meitlað ofan í. Steinarnir fara í 4. flokk.

***Reitaröð G 6-24a til G 6-46 snýr mót austri.***

**G 6-24a til G 6-24c** Eitt minningarmark er á reitnum. Það er steinsteypt, um 110 cm á breidd og 40-50 cm á hæð. Ofan á því er kvartsól með riffluðum geislum. Út úr þessu skagar bók með áletrun. Þetta er allt steinsteypt og hvílir á steinsteyptum sökkli sem og á bakkanum. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**G 6-24 til G 6-25** Umhverfis reitinn er lágur steinsteyptur bakki sem hallast nokkuð í norður og er hann allur að brotna. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru tvær steyptar gangstéttarhellur sem standa upp á rönd og eru steyptar álplötur skrúfaðar í sín hvora helluna. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**G 6-26 til G 6-28** Alllágur steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna en það er fjörugrjót sem er með meitluðu letri en er ólæsilegt vegna mosa og skófa. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 6-29 til G 6-31** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og er það fyrir miðju. Það er steinsteyptur púltsteinn og hvílir dökkleit granítplata á honum. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 6-32 til G 6-34** Kringum reitinn er nokkuð lágur steinsteyptur bakki í slæmu ástandi og er hann víða sprunginn. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og er ástand þeirra slæmt. Minningarmarkið sem er lengst í suður er hvít marmaraplata sem er límd upp við gaflinn og er hún brotin. Minningarmarkið fer í 4. flokk. Megin minningarmarkið er steyptur bogi með öxlum. Steinninn er mjög brotinn en í hann er felld hvít marmaraplata. Áletrunin er merkileg: *„Þú Guð míns lífs ég loka augum mínum, í líknar mildum föðurörmum þínum, og hvíli sætt þó hverfi sólin bjarta, ég halla mér að þínu föðurhjarta.“* Minningarmarkið fer í 2. flokk vegna áletrunarinnar.

**G 6-35 til G 6-37** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann í sæmilegu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Syðst er mikill steinsteyptur kubbur sem er mjög brotinn. Hann hefur púltsteinsform. Steypt koparplata er felld inn í framhliðina og fer steinninn í 4. flokk. Næsta minningarmark er púltsteinn úr grágrýti sem fer í 4. flokk. Fyrir miðju er svo alveg eins steinsteyptur púltsteinn með innfelldri koparplötu. Fer hann einnig í 4. flokk. Næsti legsteinn er breiður varði frá Schannongsteinsmiðjunni. Hann er úr grófhöggnu graníti og stór sporöskjulaga hvít marmaraplata er felld í steininn. Varðinn hvílir á sökkli úr sama efni. Allt er þetta frekar óreglulega meitlað og fer í 4. flokk.

**G 6-38 til G 6-40** Kringum reitinn er þunnur steinsteyptur steinn með burst. Steinninn er annað hvort lakkaður eða með nokkurs konar plasthúð. Breidd steinsins er jöfn hæðinni upp í burst. Efst er handaband úr messing og neðst er gyllt álplata með áletrun. Varðinn hvílir á steyptum undirsteini sem er málaður grár. Steinninn fer í 3. flokk.

**G 6-41 til G 6-43** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki, settur bergsalla. Hann er mjög tekinn að springa og fer hann í 5. flokk. Fjögur minningarmörk er hér að finna. Vestast í reitnum eru þrjú eins í röð. Allt steinsteyptir steinar með púltsteinsformi. Steyptar álplötur eru skrúfaðar í steinana og lítið handaband er neðst á þeim öllum. Steinarnir fara í 3. flokk. Fyrir framan er heilskorinn svartur granítsteinn með púltsteinsformi en er þó nánast flatur. Steinninn fer einnig í 4. flokk.

**G 6-44 til G 4-46** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem er í ágætisástandi og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er flatur granítvarði með þekju. Hann stendur á heilskornum grágrýtiskubbi. Efst eru rósir og kross. Letrið er sandblásið ofan í steininn sem er úr dökkbrúnleitu graníti. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitaröð G 7 -1 til G 7-26 snýr mót vestri.***

**G 7-1 til G 7-3** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki sem nýlega hefur verið gerður upp. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er granítsteinn sem er breiðari efst en neðst. Þakhliðarnar eru ójafnar þannig að önnur er mun lengri en hin. Legsteinninn stendur á gljáslípuðum undirsteini úr sama eða svipuðu efni og fer steinninn í 4. flokk.

**G 7-4 til G 7-6** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er hér að sjá en það er stór steinsteyptur steinn með púltsteinsformi. Í steininn er innfelld grá granítplata með upphleyptu letri á bekkjum. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 7-7 til G 7-8** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn og er hann í ágætisástandi og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að finna sem snýr í vestur og er í miðjum reitnum. Það er steinsteyptur legsteinn með púltsteinsformi og er granítplata felld inn í hann. Steinninn er í ágætisástandi og fer í 4. flokk.

**G 7-9 til G 7-12** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki úr einhvers konar marmarasteypu. Allt er þetta steypt í einni einingu. Umgjörðin fer í 5. flokk. Í gaflinum eru fimm minningarmörk en þetta eru allt plötur úr marmarasteypu og plöturnar látnar skaga ögn út. Þó virðist þetta allt vera steypt í einu. Áletrunin er upphleypt á bekkjum. Minningarmörkin fara í 4. flokk

**G 7-13 til G 7-14** Steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli afmarkar reitinn. Hann er allur settur bergmylsnu sem víðast er að flagna af og fer bakkinn í 5. flokk. Hér á reitnum eru tvö minningarmörk og eru þetta hvítar marmaraplötur. Sú nyrðri er skrúfuð í gaflinn og er með gyllta koparstafi en sú syðri sem er fyrir miðju er innfelld í gaflinn og letrið er greypt í hana. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 7-15 til G 7-19** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með stórum gafli sem hefur verið settur bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Í miðjan gaflinn eru innfelldar þrjár grágrýtisplötur. Sú sem er í miðið er nærri jöfn á öllum hliðum en hinar tvær eru mun ílengri. Á öllum plötunum er letrið upphleypt á bekkjum. Efst er meitlað krossmark og einhvers konar vínviðarkrans í kring. Plöturnar fara í 4. flokk. Syðst á gaflinum er steypt álplata skrúfuð í hann og fer hún einnig í 4. flokk.

**G 7-20 til G 7-21** Hér í kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er mjög sprunginn og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er hér að sjá sem er fyrir miðjum reitnum. Það er svartur granítferningur sem er gljáslípaður á öllum flötum. Hann er um 7-8 cm á þykkt og stendur á sökkli úr sama efni sem einnig er gljáslípaður. Efst er meitlað krossmark og það er gullslegið. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 7-22 til G 7-23** Kringum reitinn er steinsteyptur hvítmálaður bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 4. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er úr marmarasteypu með pinna fyrir miðju og hefur því eitthvað skrautverk staðið upp af steininum. Upp að steininum hallast hvít bogadregin marmaraplata með litlum öxlum og koparstöfum. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 7-24 til G 7-26** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

***Reitaröð G 7-27 til G 7-53 snýr í austur.***

**G 7-28 til G 7-30** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem er að hruni kominn og fer í 5. flokk. Á reitnum eru fjögur minningarmörk. Það fyrsta er syðst en það er dökk granítplata sem hvílir á undirstöðu sem virðist vera hraunhella. Letrið er gljáandi og upphleypt á heilum bekk. Á plötunni er þessi áletrun: *„Skjótt bar að sköp þín, skammur var þinn lífsdagur, en bjartur frá byrjun til enda. Kveðja frá skipshöfninni á ES Surprise.“* Platan fer í 2. flokk. Annað minningarmarkið er einnig graníthella sem er meiri á lengdina og hvílir einnig á stuðningsundirsteini. Letrið er upphleypt á heilum sandblásnum fleti og fer platan í 4. flokk. Þriðja minningarmarkið er alveg eins og fer einnig í 4. flokk. Það fjórða og síðasta er heill granítsteinn sem er með púltsteinsformi. Hliðarnar eru óreglulegar og er þetta mjög ílangt miðað við hæðina.

Framhliðin á granítsteininum er slípuð en meitlað er upp úr henni og plata úr annarri steintegund felld þar ofan í. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**G 7-31 til G 7-32** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**G 7-33 til G 7-35** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**G 7-36 til G 7-37** Fyrir framan reitinn er raðað heilum granítkubbum en annars er reiturinn óafmarkaður. Umgjörðin fer í 5. flokk. Minningarmarkið er granítsteinn sem er tvisvar sinnum meiri á hæð en breidd. Hann stendur á möttum undirsteini úr sama efni. Minningarmarkið fer í 4. flokk

**G 7-38 til G 7-41** Kringum reitinn er bakki úr hleðslusteini. Á honum er gafl með fjórum bogum og súlu á milli og er þetta allt múrhúðað. Framhliðin er gerð úr alveg eins bogum og gaflinn og að framan hefur verið hlið en það er horfið. Umgjörðin er í slæmu ástandi og fer í 5. flokk. Minningarmörkin eru þrjár grágrýtisplötur. Þær eru mjög ílangar; um fjórum sinnum meiri á lengd en hæð. Letrið er upphleypt á heilum bekkjum. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 7-42 til G 7-45** Í kringum reitinn er fallegur steinsteyptur, hvítmálaður bakki í ágætisástandi og fer hann í 5. flokk.

Sex minningarmörk eru á reitnum. Syðst er heill granítferhyrningur, helmingi meiri á hæð en breidd og stendur á undirsteini úr grágrýti. Letrið er sandblásið í steininn. Minningarmarkið fer í 4. flokk. Því næst eru þrjár granítplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Sú fyrir miðju er stærri og vandaðri en hinar. Þar er kross efst og pálmagreinar og neðst er laufabekkur með áletruninni: *„Drottinn er leiðarljós hinna rjettlátu.“* Plöturnar sín hvorum megin við eru alveg eins með gljáandi letri á bekkjum. Allar þessar plötur fara í 4. flokk. Fyrir framan, austast, eru tvö minningarmörk. Þetta eru granítplötur á gangstéttarhellu undirstöðu og fara þær í 4. flokk

**G 7-46 til G 7-49** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki sem hallar nokkuð til norðurs og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk tilheyra reitnum en það eru hvítar marmaraplötur með koparstöfum, bogadregnar að ofan og halla upp að stuðningssteini úr marmarasteypu. Minningarmörkin fara í 4. flokk. Rammi fyrir blóm sem er úr marmarasteypu er fyrir framan.

**G 7-50 til G 7-52** Á reitnum er afar stór varði úr rauðleitu graníti. Hann er um 220 cm á hæð og stendur á afar miklum undirsteini sem er steyptur úr fjörugrjóti. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**G 7-53** Engin umgjörð er kringum þetta leiði. Minningarmarkið er hvítur marmarapúltsteinn sem virðist vera heilskorinn. Á honum eru stafir líklega úr messing. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð G 8-1 til G 8-26 snýr mót vestri.***

**G 8-1 til G 8-2** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er hér að sjá og er úr blágrýti. Steinninn hefur burst og er með upphleyptu laufi og krossmarki.

Síðan kemur miðvarði sem er þrisvar sinnum meiri á breidd en hæð. Neðst er heilskorinn undirsteinn úr steinsteyptri plötu. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 8-3 til G 8-4** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er með löngum hliðararmi og gafli og er settur bergsalla. Bakkinn fer í 5. flokk. Minningarmarkið er innfelld granítplata sem er helmingi meiri á breidd en hæð og letrið hefur verið blásið niður í hana. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 8-5 til G 8-7** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í lélegu ástandi. Svo er að sjá sem súlur hafi verið ofan á honum. Bakkinn fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Krossmark úr marmara hefur verið upp af þessum tveimur til hliðanna, þeir eru helmingi þykkari neðst en efst, með þykkum bogadregnum öxlum og miðboga. Á miðsteininum er marmaraplata og letrið upphleypt á stórum bekk. Í steininum sem lengst er til norðurs er hvít marmaraplata felld inn í gaflinn en þó nær hún alveg út að jöðrum. Sá sem er lengst í suður er einnig meitlaður en ekkert hefur verið gert við hann, fyrir utan að marmaraplata hefur verið sett í hann. Fyrsti steinninn sem er lengst í norður fer í 2. flokk, hinir fara í 4. flokk.

**G 8-8 til 8-11** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Bakkinn er mjög brotinn að norðanverðu og fer hann í 5. flokk. Fimm minningarmörk eru á reitnum og eru þetta allt hvítar marmaraplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Þær fara allar í 4. flokk.

**G 8-12 til G 8-13** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Allur er bakkinn settur bergsalla og fer hann í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru grágrýtisplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Þær eru með upphleyptu letri á bekkjum og fara í 4. flokk.

**G 8-14 til G 8-15** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með stuttum hliðararmi sem nær að miðju og gafli. Bakkinn er í sæmilegu ástandi og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er skorinn blágrýtisstuðull sem er slípaður að framan. Hann er um 150 cm á hæð og ofan á honum er klofinn steinn sem er formaður sem vatnsskál. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 8-16 til G 8-18** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**G 8-19 til 8-20** Kringum reitinn er steinsteyptur rammi sem er allur að molna í sundur og fer í 5. flokk. Minningarmarkið er steyptur kross með upphleyptu letri sem er varla hægt að lesa. Krossinn er brotinn og fer í 4. flokk.

**G 8-21 til G 8-24** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli og er þetta allt þakið bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Tvær steyptar koparplötur eru skrúfaðar í bakkann. Önnur er alveg nyrst og hin um það bil fyrir miðju. Plöturnar fara í 4. flokk. Vestar á milli þeirra er púltsteinn sem er helmingi þykkari neðst en efst, með stórar og þykkar breiðar axlir og miðboga. Felld inn í steininn er stór marmaraplata sem er bogadregin að ofan og nær alveg út í jaðrana. Á plötunni stendur: *„Halldór Oddgeir Halldórsson, vélsetjari. Kallaður til æðra lífs 5. júní 1928. Hjartanleg þökk fyrir elskuríkt starf. Kærleikur Guðs leiði þig inn í alfullkomnunar landið, elsku vinur."* Krossmark hefur verið ofan á steininum en það er brotið. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**G 8-25 til G 8-26** Engin umgjörð er í kringum reitinn en hann er afmarkaður af limgerði. Eitt minningarmark er hér að finna en það er steinsteyptur kubbur með púltsteinslagi og með svartri granítplötu. Steinninn fer í 4. flokk.

***Reitaröð G 8-27 til G 8-53 snýr mót austri.***

**G 8-28 til G 8-29** Hér umhverfis er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og allt sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum og eru þau syðst á gaflinum. Þetta eru steyptar álplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**G 8-30 til G 8-32** Hér um kring er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Allt er sett bergmylsnu og fer bakkinn í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru gljáslípaðar grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum. Það sem er syðst er sandblásið en flötur stokkhöggvinn. Minningarmörkin fara í 4. flokk. Syðri platan er brotin enda er gaflinn að klofna þar.

**G 8-33 til 8-34** Kringum reitinn er steyptur rammi í ágætisástandi og fer hann í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er heill blágrýtispúltsteinn sem fer í 4. flokk.

**G 8-35 til G 8-36** Kringum reitinn er steinsteyptur rammi sem er aðeins farinn að springa og pússningin er víða farin að flagna af. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er furukross með tveimur plastspjöldum á kross-örmunum. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 8-37 til G 8-38** Engin umgjörð afmarkar reitinn. Reiturinn hefur nýlega verið tyrfður. Minningarmarkið er steinsteyptur steinn með púltsteinsformi og stórri plast-plötu sem skrúfuð er í hann. Legsteinninn fer í 4. flokk.

**G 8-39 til G 8-40** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Bakkinn er allur sprunginn og hliðararmarnir að molna að sunnan og norðan. Bakkinn er afar illa farinn og fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum en það eru ílangar grágrýtisplötur sem eru felldar inn í bakkann. Plöturnar eru alveg eins og fara í 4. flokk.

**G 8-41 til G 8-42** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Þrjú minningarmörk er hér að finna sem öll eru eins. Þetta eru nokkuð stórir, hvítmálaðir steinsteyptir steinar með púlt-steinsformi. Ofan í þá eru felldar grágrýtisplötur með mjög upphleyptu letri á bekkjum. Legsteinarnir fara í 4. flokk.

**G 8-43 til G 8-44** Umgjörðin kringum þennan reit fer í 5. flokk. Minningarmarkið er heill, náttúrulegur grágrýtissteinn, óreglulegur en létt afsettur á hliðum. Hann er sléttur og slípaður að framan. Steinninn hvílir líklega á steyptum undirsteini. Letrið er meitlað í steininn en seinna hefur svo steypt koparplata verið felld neðarlega í hann. Steinninn fer í 4. flokk.

**G 8-45 til G 8-48** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Minningarmarkið er athyglisverður steinn með stuðlabergsformum í

anda þjóðernisrómantíkur. Efst á varðanum er kubbur og svo kemur miðhlutinn þar sem er upphleypt letur á bekkjum. Sá steinn hvílir á þremur kubbum og allt þetta á undirsteini. Steinninn fer í 3. flokk.

**G 8-49 til G 8-51** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi en þó nokkuð farinn að springa. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það syðra er steinsteyptur ferningur á steinsteyptum kubbi og innfelld hvít marmaraplata sem er með upphleyptu letri á heilum fleti. Legsteinninn fer í 4. flokk. Nyrst er bogasteinn á sökkli úr grágrýti. Hann er afsettur á hliðum. Krossmark er á honum en aðeins ein pálmagrein sem gengur aftur fyrir krossinn. Þetta er hálfbogi og grófmeitlað þar á, eins og oft er með þessa steina. Legsteinninn fer í 3. flokk.

**G 8-52** Kringum þetta leiði er nokkuð hár steinsteyptur bakki og 2x3 súlur ofan á honum. Lengdin er í austur-vestur og keðja liggur á milli stólpanna. Umgjörðin fer í 5. flokk. Minningarmarkið er afsettur grágrýtispúltsteinn nokkuð þykkari neðst en efst. Hann stendur á steyptum undirsteini en hefur fallið og hallast í vestur upp að nágrannabakka. Steinninn fer í 3. flokk.

**G 8-53** Ekkert gerði afmarkar þetta leiði. Minningarmarkið er mjög lítill flatur óbeliski á sökkli og sennilega undirsteini þó hann sjáist ekki. Þetta er allt úr grágrýti. Lágmyndin *Nótt* er á varðanum efst og er hún sprungin. Sökkullinn er oddhöggvinn og letrið orðið máð. Legsteinn þessi fer í 3. flokk.

***Reitaröð G 9-1 til G 9-26 mót vestri.***

**G 9-1 til G 9-3** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og gafli. Bakkinn er í sæmilegu ástandi en bakið er sprungið á norðaustur hliðinni. Allur er bakkinn settur bergmylsnu og fer hann í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum. Allt eru þetta steyptar álplötur sem eru skrúfaðar í bakkann. Miðplatan er minni en hinar. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 9-4 til G 9-7** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Tvö minningarmörk eru á reitnum. Það nyrðra er heilskorinn svartur granítsteinn með púltsteinsformi sem fer í 4. flokk. Hinn er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli. Allt er þetta úr grágrýti. Steinninn hallast til austurs og fer í 3. flokk.

**G 9-8** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki. Hann hefur þrjá hliðararma og gafl. Bakkinn er í góðu ástandi og fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**G 9-9 til G 9-11** Ekkert er að finna á þessum þremur leiðum.

**G 9-12** Umhverfis þetta leiði er steinsteyptur bakki en ekkert minningarmark. Bakkinn fer í 5. flokk.

**G 9-13** Kringum þetta leiði er hvítmálaður steinsteyptur bakki í ágætisástandi og lítur mjög vel út. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Þetta er náttúrulegur granítsteinn og er skorið framan af honum og letrið meitlað niður. Steinninn hvílir á sökkli sem virðist vera úr marmarasteypu. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 9-14 til G 9-16** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli sem er ekki mikið hærri en hliðararmarnir. Bakkinn hefur verið lagaður nýlega og málaður hvítur. Reiturinn er allur hellulagður en skildir eru eftir auðir reitir fyrir blóm. Bakkinn fer í 5. flokk. Fjögur minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru allt hvítar marmaraplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Málað er með svörtu ofan í letrið. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**G 9-17 til G 9-20** Ekkert er að finna á þessum fjórum leiðum.

**G 9-21** Stólpagerði afmarkar þetta leiði. Í hornum eru steinsteyptar súlur og tvær pípur hafa átt að liggja á milli þeirra en þær eru horfnar. Umgjörðin fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum en það er heilskorinn granítsteinn með púltsteinsformi sem fer í 4. flokk.

**G 9-22 til G 9-26** Ekkert gerði afmarkar reitinn. Eitt minningarmark er á reitnum miðjum en það er flatur óbeliski. Hann er úr grágrýti og stendur á sökkli og undirsteini. Letrið er nokkuð farið að mást. Steinninn fer í 3. flokk.

***Reitaröð G 9-28 til G 9-53 snýr mót austri.***

**G 9-28 til G 9-30** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Allt er þetta sett bergmylsnu. Bakkinn fer í 5. flokk. Þrjú minningarmörk eru á reitnum en það eru grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum sem felldar eru inn í gaflinn. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 9-31 til G 9-36*** Steinsteyptur bakki er í kringum allan reitinn en steypan er óregluleg og því lítur þetta út eins og afsettir grágrýtisdrangar. Ofan á bakkanum eru 2x4 súlur. Reiturinn er mjög ílangur frá norðri til suðurs. Keðjur eru á milli ofan á grágrýtisstöplunum. Bakkinn fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum og er þetta færeyska minningarmarkið yfir þá sem fórust á skipinu *Acorn*. Þetta er færeyskur steinn á sökkli og undirsteini. Þessi merki steinn fer í 1. flokk.

**G 9-37** Ekkert gerði afmarkar þetta leiði. Minningarmarkið er marmaraverk. Heill steinn sem hvílir á miklum undirsteini þar sem eru steinar fyrir framan með luktum. Minningarmarkið er bók sem er innan í steininum sjálfum og ofan á henni er biðjandi engill. Þessi legsteinn fer í 4. flokk.

**G 9-38 til G 9-39** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki með löngum hliðararmi og háum gafli, hann er í slæmu ástandi og er víða sprunginn. Bakkinn fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk eru á reitnum, háar svartar granítplötur sem felldar eru inn í gaflinn. Plöturnar fara í 4. flokk.

**G 9-40 til G 9-43** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Eitt minningarmark er hér að sjá sem er syðst í reitnum. Það er kross úr galvaníseruðu járni með skrúfaðri plastplötu. Krossinn fer í 4. flokk.

**G 9-44 til G 9-46** Kringum þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk. Minningarmarkið er flatur óbeliski með þessa dæmigerðu bröttu burst í miðju og ypptum útvísandi öxlum sem eru sléttar. Steinninn er mikið lægri en flestir af þessum toga. Hann stendur á sökkli og undirsteini sem er einnig úr grágrýti.

Hann er slípaður að framan og letrið sandblásið. Sökkullinn er riffilhöggvinn inn á miðjuna en þar fyrir miðju á öllum hliðum er kassi sem er oddhöggvinn. Legsteinninn fer í 3. flokk.

**G 9-47** Kringum þetta leiði er steinsteyptur bakki sem fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á leiðinu og er það einfaldur trékross sem fer í 4. flokk.

**G 9-48** Ekkert afmarkar þetta leiði. Minningarmarkið er þekjusteinn úr grágrýti sem er þrisvar sinnum breiðari efst en neðst og stendur á undirsteini úr grágrýti. Efst er lágmyndin *Nótt*, alveg heil. Letrið er upphleypt á bekkjum. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**G 9-49** Ekkert gerði afmarkar leiðið. Minningarmarkið gæti verið frá Schannong-steinsmiðjunni en það er hár drangur á sökkli. Það er úr glerkenndu efni, líklega úr graníti en nokkuð erfitt er að átta sig á því. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**G 9-50** Ekkert gerði afmarkar leiðið. Á leiðinu er undirsteinn og á honum hefur verið trékross sem hefur brotnað af. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 9-51** Ekkert gerði afmarkar leiðið. Minningarmarkið er úr gráum marmara. Það er varði með skökkum þakhliðum. Sú syðri er mun styttri heldur en hin. Þetta stendur allt á undirstöðu úr marmarasteypu. Á steininum er letrið sett með koparstöfum og krossskraut með blómum hríslast niður steininn. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

**G 9-52 til G 9-53** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

# Reitasafn H

*REITASAFN H*

***Reitaröð H 1-1 til H 1-26 snýr mót vestri.***

**H 1-1 til H 1-2** Umhverfis þennan legstað er steinsteyptur, hvítmálaður bakki með bogadregnum hliðararmi sem sveigist upp að gaflinum. Gaflinn er einnig bogadreginn. Umgjörðin fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvær svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**H 1-3 til H 1-5** Reiturinn afmarkast af steinsteyptum bakka, í sæmilegu ástandi, sem fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark.

**H 1-6 til H 1-9** Reiturinn er afmarkaður af löngum, steyptum bakka. Hann er mosavaxinn, en í sæmilegu ástandi. Bakkinn fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti. Hann hefur snöggar axlir ofarlega. Minningarmarkið fer í 3. flokk.

**H 1-10 til H 1-12** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Á bakkanum austanverðum standa þrír steinsteyptir kubbar með hálfsól ofan á, en á framhlið þeirra eru dökkar granítplötur. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**H 1-13 til H 1-16** Umhverfis reitinn er steinsteyptur bakki í lélegu ástandi. Pússningin er víða að falla af og bakkinn er allur mosavaxinn. Bakkinn fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Það fyrra er brotinn trékross sem lagður er að bakkanum. Á krossarma er fest plastplata. Krossinn fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er furukross með álplötu. Fer í 4. flokk.

**H 1-17 til H 1-18** Kringum þennan legstað er steinsteyptur bakki, sem fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark að finna.

**H 1-19 til H 1-21** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Hann er afar sprunginn og pússningin er að losna af. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er slípaður grænleitur graníthnullungur sem er skorinn þvert og stendur á sökkli sem er líklega úr grágrýti. Á framhlið steinsins er steypt koparplata. Steinninn fer í 4. flokk.

**H 1-22 til H 1-24** Þessi reitur er afmarkaður af steinsteyptum bakka, sem er mjög sprunginn og fer í 5. flokk. Eitt minningarmark er á reitnum. Það er einn nokkurra grágrýtisvarða í garðinum sem meitlaðir eru þannig að þeir líta út eins og stuðlabergsklettar á framhliðinni. Segja má að sú stefna í íslenskum arkitektúr sem kennd er við þjóðernisrómantík rísi hæst í legsteinagerð hérlendis með þessum steinum. Bakhlið og hliðar varðans eru óreglulegar, en þó oddhöggnar til að jafna út mestu ójöfnurnar. Varðinn hvílir á óreglulegum sökkli. Svört granítplata er greypt inn í framhlið varðans og fellur hún vel að heildarmyndinni. Þetta minningarmark fer í 1. flokk.

**H 1-25 til H 1-26** Steinsteypti bakkinn kringum þetta legstæði er nokkuð farinn að molna. Hann fer í 5. flokk.

Hér á reit er eitt minningarmark en það er mjög hár steinsteyptur púltsteinn, sem hallast lítið eitt. Plata er felld í framhlið hans og er annaðhvort hrafntinna eða svart gler. Minningarmarkið fer í 4. flokk.

***Reitaröð H 1-28 til H 1-53 snýr mót austri.***

**H 1-28 til H 1-32** Umhverfis þennan legstað er steinsteyptur bakki í mjög slæmu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér á reitnum. Það stendur vestan megin á bakkanum. Þessi legsteinn er úr dökku graníti, bogadreginn að ofan með óreglulegar hliðar. Hann er á að giska 40x40 cm að stærð og fer í 4. flokk.

**H 1-33 til H 1-34** Þessi legstaður markast af steinsteyptu gerði með sérkennilegum hraunmolum í þríhyrningslaga fleti framan á. Hlið úr kopar er á gerðinu miðju. Gerðið er í nokkuð góðu ástandi, en þó er gaflinn sprunginn. Í gaflinum skiptast á bogar, beinar línur og súlur. Gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór og mikil granítplata með gljáandi letri á möttum bekkjum. Platan fer í 4. flokk.

**H 1-35 til H 1-36** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í sæmilegu ástandi. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er hár varði úr rauðleitu graníti, sem hvílir á grágrýtiskubbi og steyptum undirsteini. Hæð varðans er helmingi meiri en breidd hans. Letrið á varðanum er mjög upphleypt á bekkjum. Varðinn hallar nokkuð til suðurs og fer hann í 4. flokk.

**H 1-37 til H 1-38** Steinsteyptur bakki afmarkar reitinn. Á honum er stuttur hliðararmur sem er mjög bogadreginn. Gaflinn er einnig bogadreginn og fer þessi umgjörð í 5. flokk.

Hér á reitnum eru þrjú minningarmörk. Syðst og nyrst eru steyptar koparplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Fyrir miðju er innfelld svört granítplata með gljáandi letri á bekkjum. Allar fara þær í 4. flokk.

**H 1-39 til H 1-40** Umhverfis þennan reit er steinsteyptur bakki, sem fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark.

**H 1-41 til H 1-44** Steinsteyptur bakki í kringum allan reitinn. Hann er í ágætisástandi en mosavaxinn. Fer í 5. flokk. Hér eru tvö minningarmörk. Syðst er lítil útgáfa af grágrýtislegsteini sem sjá má á nokkrum stöðum í garðinum. Er á honum bratt þak fyrir miðju en til hliða ypptar útstæðar axlir sem eru beinar á hliðum. Efst á steininum hefur sennilega verið ljósmynd á sívalningslaga glerplötu en hafi svo verið er hún veðruð af. Letrið á steininum er mjög farið að mást. Steinninn fer í 2. flokk.

Hitt minningarmarkið er fyrir miðjum reitnum. Það er heilskorinn grágrýtispúltsteinn. Fer í 4. flokk.

**H 1-45** Þessi einstaklingsreitur er afmarkaður af steinsteyptum bakka. Á honum standa 2x3 súlur og hangir keðja á milli þeirra. Þessi bakki fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er hér að finna.

**H 1-46 til H 1-47** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**H 1-48 til H 1-49** Steinsteypti bakkinn umhverfis þennan reit er mjög sprunginn og flagnaður. Hann fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitnum.

**H 1-50** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteyptur bakki og er hann í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**H 1-51 til H 1-52** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**H 1-53** Minningarmarkið á þessum reit er grágrýtissteinn með púltsteinslagi. Steinninn er flatur að ofan og þrisvar sinnum lengri neðst en efst. Hann er slípaður að framan en hliðarnar eru mjög gróft stokkhöggnar. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

***Reitaröð H 2-1 til H 2-26 snýr mót vestri.***

**H 2-1 til H 2-3** Þessi reitur afmarkast af steinsteyptum bakka sem er í ágætisástandi og fer hann í 5. flokk. Eina minningarmarkið á reitnum er skorinn stuðlabergsdrangur, með slípaðri framhlið. Hann liggur á undirsteini, sem er heilskorinn kubbur, sennilega úr blá- eða grágrýti. Steinninn fer í 4. flokk.

**H 2-4 til H 2-5** Umhverfis þennan reit er gerði með steyptum stólpa í hverju horni og liggja tvær pípur á milli þeirra. Pípurnar á norðurhliðinni liggja niðri. Gerðið fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr grágrýti, sem stendur á sökkli úr sama efni. Sökkullinn er gróft stokkhöggvinn. Efst á steininum er hálfmáni en þar í eru tvær pálmagreinar og kross. Letrið er meitlað og er málað í það neðst með gylltu en hvítu fyrir ofan og er það farið að mást. Þetta minningarmark fer í 3. flokk.

**H 2-6 til H 2-8** Steinsteypti bakkinn í kringum þennan legstað er því sem næst ónýtur vegna alkalískemmda. Bakkinn fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk. Allt eru þetta bogasteinar úr grágrýti, sem hvíla á grófhöggnum sökklum. Hæð steins og sökkuls er um 100 cm. Leturfletirnir eru heilir, gróft stokkhöggnir og letrið ögn upphleypt á þessum bekkjum. Minningarmörkin fara í 3. flokk.

**H 2-9 til H 2-11** Hér er steinsteyptur bakki með löngum, mjóum hliðararmi og gafli. Hann fer í 5. flokk Minningarmörkin á reitnum eru tvö. Það nyrðra er dökk granítplata, sem felld er inn í gaflinn. Hún fer í 4. flokk. Hitt minningarmarkið er fest í gaflinn. Það er grágrýtissteinn sem er smækkuð útgáfa af steininum með ypptu öxlunum og brattri þekju í miðjunni. Kerti er meitlað í steininn og á honum er sporöskjulöguð ljósmynd á glerplötu. Myndin er nú farin að mást. Þetta minningarmark fer í 2. flokk.

**H 2-12 til H 2-13** Þessi legstaður er afmarkaður af steinsteyptum bakka. Hann er víða brotinn og pússningin er illa farin og fer í 5. flokk. Eina minningarmarkið hér er nánast lóðréttur púltsteinn úr grágrýti. Einhvers konar englamynd hefur verið á steininum en er nú horfin. Í púltinu hvílir dökk granítplata. Þessi púltsteinn fer í 4. flokk.

**H 2-14 til H 2-16** Hér afmarkast legstaðurinn af hvítmáluðum, steinsteyptum bakka með hliðararmi. Hann er að hruni kominn og fer í 5. flokk. Á reitnum eru þrjú minningarmörk, allt steyptar koparplötur, sem felldar eru inn í bakkann. Þær fara allar í 4. flokk.

**H 2-17 til H 2-19** Kringum reitinn er steinsteyptur bakki í lélegu ástandi og fer hann í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**H 2-20** Í kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki, sem fer í 5. flokk. Hér er ekkert minningarmark að finna.

**H 2-21 til H 2-24** Steinsteyptur bakki með hliðararmi og gafli og planka ofan á gaflinum. Allt sett bergmylsnu. Virðist vera í sæmilegu ástandi. Fer í 5. flokk.

Hér eru þrjú minningarmörk. Þetta eru steyptar koparplötur sem festar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**H 2-25 til H 2-26** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

***Reitaröð H 2-28 til H 2-53 snýr mót austri.***

**H 2-28 til H 2-29** Kringum þessa tvo reiti er steyptur bakki og svo er hlaðið hleðslugrjóti í kring og allt múrhúðað. Ástand þessa er ekki gott og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er fellt inn í gaflinn. Þetta er rauðbrúnleit granítplata, meiri á þverveginn. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**H 2-30** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki. Hliðararmar og gafl eru nokkuð bogadregin að ofan. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og er platan mun meiri á þverveginn. Fer í 4. flokk.

**H 2-31 til H 2-32** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**H 2-33 til H 2-34** Reitina afmarkar steinsteyptur rammi sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitunum.

**H 2-35 til H 2-37** Kringum reitina þrjá er steinsteyptur rammi með löngum hliðararmi og gafli. Armarnir sveigjast í boga upp að gaflinum. Gaflinn er ögn bogadreginn. Ramminn er í ágætisástandi en fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er bogasteinn úr dökku graníti á heilskornum sökkli líklega úr sama efni. Allt stendur þetta á steyptum undirsteini. Efst á varðanum er krossmark og sveigur úr pálmagreinum kringum það. Fer í 4. flokk.

**H 2-38 til H 2-40** Kringum reitina er steyptur bakki með gafli sem fer í 5. flokk. Hann hefur verið hvítmálaður en málningin er nú öll að flagna.

Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er innfelld dökkleit granítplata með upphleyptu letri á bekkjum og fer hún í 4. flokk. Syðst er hvítur furukross með koparspjaldi og fer í 4. flokk.

**H 2-41 til H 2-44** Ekkert gerði afmarkar reitinum.

Syðst er dökkur granítsteinn um 40x50 cm og bogadreginn að ofan. Hann stendur á sökkli úr sama efni og steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk.

Rétt fyrir norðan hann er samskonar steinn, hefur sömu form nema helmingi stærri. Fer einnig í 4. flokk.

Fyrir framan fyrrnefnda steininn er heilskorinn lítill svartur granítkross líklega yfir barn. Fer í 4. flokk.

**H 2-45 til H 2-47** Kringum reitina er steyptur rammi. Hann er í sæmilegu ástandi en þó eru í honum alkalískemmdir. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru hér að sunnanverðu. Fyrst er hér dökk granítplata sem hvílir á stuðningssteini úr grágrýti. Fer í 4. flokk. Þar til hliðar er blágrýtisdrangur 80-90 cm á hæð, slípaður að framan og einnig fremstu brúnir þannig að steinninn hefur nokkuð skemmtilegt form. Hann hvílir á steinsteyptum undirsteini. Ofarlega á þessum drangi er rismynd úr eir. Hún er ómerkt en er af Halldóri Óskari Árnasyni verslunarmanni sem hér hvílir. Fer í 1. flokk.

**H 2-48 til H 2-51** Fyrra minningarmarkið er að því er talið er úr erlendu, jafnvel dönsku fjörugrjóti. Það fer í 2. flokk vegna efnis. Rétt sunnan við hann er granítsteinn, slípaður að framan og er letrið sandblásið ofan í steininn og hvítmálað. Fer í 4. flokk.

**H 2-52** Kringum þennan einstaklingsreit er steinsteypt stólpagerði sem fer í 5. flokk. Víða vantar pípur milli stólpa og allt er gerðið mjög sigið.

**H 2-53** Ekkert er hér að finna.

***Reitaröð H 3-1 til H 3-26 snýr mót vestri.***

**H 3-1 til H 3-4** Kringum reitina fjóra er steinsteyptur rammi sem nú er orðinn mjög morkinn og skemmdur og fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er stór og mikill blágrár granítsteinn, um 80 cm á hæð og á að giska 120 cm á breidd. Hann hefur fjórar þakhliðar og stendur á undirsteini sem er heilskorinn og mattur. Allt stendur þetta á bakkanum. Letrið er sandblásið og málað gyllt. Fer í 4. flokk.

**H 3-5 til H 3-7** Kringum reitina er steyptur bakki með ávölum brúnum. Hann hefur gafl og er steyptur planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergsalla. Ástand bakkans er sæmilegt og fer hann í 4. flokk.

Minningarmörkin á reitunum eru þrjú. Það nyrsta og það syðsta eru alveg eins. Þetta eru dökkleitar granítplötur með ferningslagi sem felldar eru inn í gaflinn. Fyrir miðju er gráleit granítplata einnig felld inn í gaflinn. Öll fara minningarmörkin í 4. flokk.

**H 3-8 til H 3-10** Kringum reitina þrjá er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitunum. Nyrst er steypt álplata sem skrúfuð er í gaflinn en þar til hliðar er skrúfuð í gaflinn svört álplata eins og tíðkast að setja á trékrossa. Hvort tveggja fer í 4. flokk.

**H 3-11 til H 3-12** Ekkert er að finna á þessum tveimur reitum.

**H 3-13 til H 3-14** Kringum þessa tvo reiti er steyptur rammi sem nú er orðinn mjög morkinn. Fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Austast er fjörugrjót með meitluðu nafni Erlends Eyjólfssonar sem fer í 3. flokk. Fyrir framan er hvítmálaður furukross með álspjaldi sem fer í 4. flokk.

**H 3-15 til H 3-16** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Minningarmarkið er gráleit granítplata, alveg gljáslípuð og styðst hún upp að grágrýtissteini. Fer í 4. flokk.

**H 3-17 til H 3-20** Kringum þessa fjóra reiti er hvítmálaður steyptur rammi með tvöföldum gafli. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er dökk granítplata ferhyrnd sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk en sunnan megin er ílöng blágrýtisplata sem fer einnig í 4. flokk.

**H 3-21 til H 3-22** Reitina tvo afmarkar steyptur rammi sem nú er mjög tekinn að flagna og að því er virðist ónýtur. Fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er á reitunum.

**H 3-23 til H 3-25** Hér í kringum er steyptur bakki með gafli og eru axlir út frá gaflinum og er hann allur settur bergmylsnu. Fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú, álplötur sem skrúfaðar eru í bakkann. Þær fara allar í 4. flokk.

**H 3-26** Ekkert er hér að finna.

***Reitaröð H 3-28 til H 3-53 snýr mót austri.***

**H 3-28 til H 3-31** Reitina fjóra afmarkar allhár steyptur bakki sem nú er orðinn nokkuð sprunginn. Fer í 5. flokk.

Fimm minningarmörk eru á reitnum.

Syðst er drangur með sandblásnu letri, svokallaður Baulusteinn, ættaður frá Baulu í Borgarfirði. Fer í 3. flokk.

Suðvestast er hvít marmaraplata með þremur bogum efst og er áletrunin sett með koparstöfum. Platan hvílir á stuðningssteini úr marmaramulningi. Fer í 4. flokk.

Þá er hér rétt norðan við minningarmark samsett úr þremur marmarakubbum sem hver er ofan á öðrum. Áletrunin er blýlögð og er hún allnokkur og merk. Fer í 2. flokk.

Nyrst og vestast er marmarabók með koparletri og styðst hún við stein úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

Syðst og austast í reitnum er svo marmaraplata sem látin er styðjast við stein úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

**H 3-32 til H 3-33** Kringum reitinn er steyptur bakki með nokkuð háum veggjum og er hlið fyrir miðju að austanverðu. Bakkinn fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum og er það furukross með plastspjaldi sem nú er fallinn. Fer í 4. flokk.

**H 3-34 til H 3-35** Á reitnum liggur fúinn trékross sem fer í 4. flokk. Annað minningarmark er allstór púltsteinn úr grágrýti með upphleyptu sandblásnu letri. Fer í 4. flokk.

**H 3-36 til H 3-38** Reitinn afmarkar steyptur bakki með þremur hliðarörmum og framörmum sem mynda hlið. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er dökkleit granítplata sem látin er hallast upp að þunnri plötu sem er fyrir aftan. Fer í 4. flokk.

**H 3-39 til H 3-40** Kringum reitinn er steyptur bakki með veggjum úr hleðslugrjóti. Umgjörðin er í mjög lélegu ástandi og fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt koparplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**H 3-41 til H 3-44** Kringum reitinn er steypt umgjörð með tveimur hliðarörmum og gafli í slæmu ástandi. Fer í 5. flokk.
Hér eru tvö minningarmörk. Nyrst er ílangur bogasteinn úr grágrýti fallega meitlaður og fer í 3. flokk.
Syðst er álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**H 3-45 til H 3-47** Kringum reitinn er steypt umgjörð með hleðslugrjóti ofan á og er þetta allt hvítmálað. Fer í 5. flokk. Plata hefur verið felld í gaflinn. Fyrir framan er lágur skorinn blágrýtisstuðull og er sandblásið í hann krossmark og pálmagreinar. Hvort tveggja fer í 4. flokk.

**H 3-48** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur rammi með löngum hliðararmi og gafli. Fer í 5. flokk.
Í gaflinn er innfelld granítplata. Fer í 4. flokk.

**H 3-49** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.
Minningarmarkið er lítill trékross með svartri álplötu sem skrúfuð er í armana. Fer í 4. flokk.

**H 3-50** Kringum þennan einstaklingsreit er steyptur bakki í ágætu ástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn sem stendur á bakkanum vestanverðum og er felld í hann hvít marmaraplata. Fer í 4. flokk.

**H 3-51** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er skemmtilegur þekjusteinn, þrisvar sinnum breiðari neðst en efst. Hann hvílir á sökkli úr sama efni og fer í 3. flokk.

**H 3-52** Kringum einstaklingsreitinn er steyptur bakki með steyptum stólpum 2x3 og liggjur keðja á milli þeirra. Ástand bakkans er gott og mætti reyna að halda í hann. Fer því í 4. flokk.
Minningarmarkið er lágur bogasteinn úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Hann hefur gagnbogaform efst á öxlum, líkist öðrum svipuðum steinum í garðinum en er allur mun minni. Fer í 3. flokk.

**H 3-53** Ekkert er að finna á þessum reit.

***Reitaröð H 4-1 til H 4-25 snýr mót vestri.***

**H 4-1 til H 4-2** Kringum reitina er steyptur rammi í sæmilegu ástandi. Hefur verið hvítmálaður en er nú farinn að flagna. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er grágrýtisvarði á sökkli og undirsteini úr sama efni. Efst eru meitlaðar bylgjur auk hringlaga forms og ganga út frá því sex armar. Líklega táknar þetta sólsetur við sæ, eða endalok mannlegrar lífsferðar. Minningarmarkið fer í 2. flokk.

**H 4-3 til H 4-5** Ekkert afmarkar þessa þrjá grafreiti.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn úr ljósri steinsteypu og er steypt álplata felld í framhlið hans. Fer í 4. flokk.

**H 4-6 til H 4-8** Reitina afmarkar steyptur rammi, mjög hár og í góðu ástandi en fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er blágrýtisstuðull, gljáfægður og eru koparstafir á framhliðinni. Hann liggur á tveimur litlum blágrýtiskubbum og fer í 4. flokk.

**H 4-9 til H 4-11** Umgjörðin er steinsteypt og allhá. Ramminn hefur verið hvítmálaður en er nú tekinn að flagna. Ástand hans er þó gott. Fer í 5. flokk.
Nyrsta minningarmarkið er marmarabók sem hvílir á tvöfaldri undirstöðu. Fer í 4. flokk.
Syðst er svo hvítur furukross með áfastri álplötu. Fer í 4. flokk.

**H 4-12 til H 4-14** Rammi er hér í kring steyptur úr mjög grófri fjörugrjótssteypu. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru granítsteinar rauðbrúnleitir sem hvíla á grágrýtisundirstöðum. Fara í 4. flokk.

**H 4-15 til H 4-18** Hraunhellur afmarka reitina.
Minningarmarkið er fallegur fjörusteinn sem liggur á tveimur grágrýtiskubbum. Letrið er upphleypt á steininum og stendur eitt sér en er ekki á bekkjum. Fer í 3. flokk.

**H 4-19 til H 4-21** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmörkin eru tvö, hvítir furukrossar sem standa hér nyrst á reitunum. Á þeim nyrðri er álplata en plastplata á þeim syðri. Fara báðir í 4. flokk.

**H 4-22 til H 4-25** Kringum þessa fjóra grafreiti er steinsteyptur rammi. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Allt eru þetta heilskornir granítsteinar sem látnir eru halla mjög lítið. Fara allir í 4. flokk.

***Reitaröð H 4-28 til H 4-52 snýr mót austri.***

**H 4-28 til H 4-31** Kringum reitina er steinsteyptur bakki með stuttum hliðararmi og gafli. Ástand hans er sæmilegt og fer hann í 5. flokk.
Í gaflinum eru fimm plötur. Tvær nyrstu eru svartar granítplötur sem eru felldar inn í gaflinn. Þar næst fyrir sunnan eru tvær grágrýtisplötur önnur skrúfuð í gaflinn en hin er felld inn í hann, en syðst er grá granítplata. Allar fara þessar plötur í 4. flokk. Fremst í reitnum í norðausturhorninu er heilskorinn blásteinn með púltsteinsformi. Fer í 4. flokk.

**H 4-32 til H 4-35** Kringum reitina er steyptur bakki með fallegri steyptri umgjörð ofan á. Hlið er fyrir miðju. Þetta gerði fer í 4. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Nyrst er grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og hallast hún upp að gaflinum. Því næst er svört granítplata sem hallast einnig upp að gaflinum. Lengra í suður er hvítur furukross með álplötu. Svo er að lokum slípuð grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**H 4-36 til H 4-38** Kringum reitina er steyptur rammi sem fer í 5. flokk en ekkert minningarmark er hér að finna.

**H 4-39 til H 4-41** Ekkert gerði afmarkar þessa reiti.
Fjögur minningarmörk eru á þessum reitum. Allt eru þetta steyptir púltsteinar og eru svartar granítplötur felldar í framhlið þeirra. Fara allir í 4. flokk.

**H 4-42 til H 4-45** Minningarmarkið er heill blágrýtisstuðull og er letrið upphleypt á framhliðinni. Hann liggur á tveimur smáum blágrýtiskubbum og fer í 3. flokk.

**H 4-46 til H 4-47** Reitinn afmarkar steyptur bakki í ágætisástandi og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er skrúfuð ofan í hann steypt álplata. Fer í 4. flokk.

**H 4-48 til H 4-50** Ekkert er að finna á þessum þremur reitum.

**H 4-51 til H 4-52** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk en ekkert minningarmark er hér að finna.

***Reitaröð H 5-1 til H 5-25 snýr mót vestri.***

**H 5-1 til H 5-3** Kringum reitinn er steyptur bakki sem er allur að molna og er nú að hruni kominn. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Á reitnum er stór ílangur steyptur kubbur og eru tvær plötur felldar inn í hann. Sú fyrri er úr torræðu efni en hin er grágrýtisplata. Fara í 4. flokk.

**H 5-4** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er vel heill furukross með álplötu. Fer í 4. flokk.

**H 5-5 til H 5-6** Reiturinn er afmarkaður af steinsteyptum ramma með hliðararmi og gafli og er planki ofan á gaflinum. Gaflinn er við það að brotna, sérstaklega að sunnanverðu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt koparplata sem er felld inn í gaflinn. Norðarlega á reitnum er heill skorinn blágrýtispúltsteinn. Fer í 4. flokk.

**H 5-7 til H 5-8** Reiturinn er afmarkaður af steyptum ramma sem fer í 5. flokk.
Á gaflinum austanverðum er grágrýtisvarði á sökkli úr sama efni. Framhliðin er sandblásin nokkuð óreglulega en letrið er þar allt upphleypt á fletinum. Fer í 3. flokk.

**H 5-9 til H 5-10** Kringum þessa tvo reiti er steinsteyptur bakki með stuttum bogadregnum hliðarörmum. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er ílöng dökkleit granítplata sem felld er í gaflinn og fer hún í 4. flokk.

**H 5-11 til H 5-12** Reitina afmarkar steinsteyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna og er það hvít marmaraplata með tveimur þakhliðum og tveimur hliðarörmum. Hvílir á allstórum undirsteini úr marmarasteypu og það allt á steyptum undirsteini. Fer í 4. flokk.

**H 5-13 til H 5-15** Kringum þessa þrjá reiti er steyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Það nyrðra er granítsteinn, náttúrulegur en skorinn og slípaður á skurðarfletinum. Á fletinum eru koparstafir. Hann stendur á sökkli úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

Syðra minningarmarkið er grágrýtiskubbur og er letrið upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**H 5-16 til H 5-17** Kringum þennan reit er steyptur rammi sem fer í 5. flokk. Tvö minningarmörk er að finna á reitnum.

Nyrst er allstór hvítur trékross með steyptri álplötu sem sem fest er á hann. Fer í 4. flokk.

Syðst er svo mun minni trékross með svartri álplötu. Fer einnig í 4. flokk.

**H 5-18** Steinsteyptur bakki er umhverfis þennan reit. Hann fer í 5. flokk. Á reitnum eru tveir hvítmálaðir trékrossar, sem fara í 4. flokk.

**H 5-19 til H 5-20** Hér er steyptur bakki kringum reitinn og hefur verið einhvers konar gerði ofan á honum en er nú horfið. Aðeins standa eftir járnstautar með róm ofan á. Ekkert minningarmark er að finna innan þessa reits. Bakkinn fer í 5. flokk.

**H 5-21 til H 5-22** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Á leiðunum tveimur eru tvö minningarmörk.

Fyrst er grágrýtisvarði með krullum efst og litlum öxlum á þekjunni. Upphleypt letur er á bekkjum. Gæti verið úr smiðju Magnúsar G. Guðnasonar. Fer í 3. flokk.

Næsta minningarmark er stuttur skorinn og slípaður blágrýtisstuðull yfir Jónasi Jónassyni lögregluþjóni. Þar stendur m.a.: *„Gaf eigur sínar Blindravinafélagi Íslands til hjálpar blindum mönnum.“* Fer í 3. flokk.

**H 5-23 til H 5-25** Ekkert gerði afmarkar þennan reit. Fjögur minningarmörk er hér að finna.

Nyrst er hvítur furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk. Því næst er annar samskonar og fer einnig í 4. flokk. Þá kemur mjög lágur flatur óbeliski á miklum sökkli og er hann mjög gróft stokkhöggvinn. Fer í 3. flokk. Loks er hvítur furukross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

***Reitaröð H 5-28 til H 5-52 snýr mót austri.***

**H 5-28 til H-30** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og háum gafli og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur og eru það svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara í 4. flokk.

**H 5-31** Steyptur rammi er kringum þennan einstaklingsreit og fer hann í 5. flokk.
Minningarmarkið er skemmtilegt. Þetta er granítsteinn með afar miklu rósaflúri efst. Steinninn er slípaður þannig að upp úr stendur sporöskjulagaður áletrunarflötur um 3 cm á þykkt. Hann stendur á sökkli úr sama efni og svo er steyptur undirsteinn. Allt gæti þetta verið um tveir metrar á hæð. Fer í 2. flokk.

**H 5-32 til H 5-33** Minningarmarkið á þessum reit er fallegur blágrýtisstuðull sem er blásinn þannig að letrið er upphleypt en er þó ekki á neinum bekk eða afmörkuðum áletrunarfleti. Þá er fallegt laufaskrúð til hliðanna og hæfir vel Einari Sæmundsen skógarverði. Fer í 2. flokk.

**H 5-34 til H 5-35** Kringum reitinn er steyptur bakki sem settur er bergmylsnu. Ástand hans er sæmilegt og mætti reyna að halda í hann vegna bergmylsnunnar. Fer í 4. flokk.
Minningarmarkið er dökkur slípaður granítsteinn með kubbi ofan á. Sólkross er á steininum og ganga viðargreinar út frá honum. Hann stendur á sökkli úr sama efni og fer hann í 4. flokk.

**H 5-36 til H 5-39** Reitinn afmarkar steyptur hvítmálaður reitur með þremur hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.
Fimm minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er steypt álplata bogadregin að ofan. Fer í 4. flokk. Þá kemur önnur minni plata og fer hún í sama flokk. Sunnar er svo steypt koparplata sem felld er í bakkann. Fer í 4. flokk. Þá kemur ögn minni steypt álplata sem fer einnig í 4. flokk. Syðst er steypt koparplata sem felld er í bakkann. Fer í 4. flokk.

**H 5-40 til H 5-43** Reiturinn er afmarkaður af steyptum ramma. Ofan á honum er 3x5 súlur og liggja keðjur á milli þeirra fremst en á hliðum eru steyptir litlir veggir milli þeirra sem eru bogadregnir niður á við. Allt er þetta mjög sprungið og fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Nyrst er rauðbrúnleitur granítsteinn á sökkli úr sama efni. Fer í 4. flokk. Syðst er einnig granítsteinn. Hann hefur lága þekju. Áletrunarflöturinn er gotneskur bogi. Til hliðar við hann eru pálmagreinar sem hnýtast saman og endar slaufan eins og tvær stólur. Fer í 2. flokk.

**H 5-44 til H 5-45** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er grágrýtissteinn, ögn þykkari neðst en efst, á sökkli úr sama efni. Hann hefur verið slípaður og eru á honum mjög þunnir koparfontar. Fer í 4. flokk.

**H 5-46 til H 5-49** Reitinn afmarkar steyptur bakki sem nú er farinn að flagna. Fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk eru hér. Það nyrsta er hvítur óreglulegur marmarasteinn með torræðri táknmynd, sem þó gæti táknað tré eða rætur. Fer í 4. flokk.
Syðst er bogadreginn granítsteinn. Við mót hliða og bogans ganga inn minni bogar. Letrið er upphleypt á bekkjum. Hann stendur á undirsteini úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**H 5-50 til H 5-51** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**H 5-52** Steyptur bakki kringum einstaklingsreit. Áberandi þunnur og er suðurhliðin brotin. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur þekjusteinn úr grágrýti á sökkli úr sama efni. Efst á honum hefur verið einhverskonar englamynd en hún er nú brotin af svo eftir stendur aðeins koparstautur. Letrið virðist meitlað og fer steinninn í 3. flokk.

***Reitaröð H 6-1 til H 6-25 snýr mót vestri.***

**H 6-1 til H 6-2** Steyptur bakki umlykur reitinn og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er súla sem brotin er þvert. Upp um súluna hríslast blómaskreyti, jafnvel rósir, en neðarlega er allstór pálmagrein. Súlan stendur á undirsteini sem meitlaður er þannig að látið er líta út sem hann sé samsettur úr mörgum steinum en er þó heill. Letrið er meitlað upphleypt á bekkjum þar á. Minningarmarkið er að mörgu leyti merkilegt og fer í 2. flokk.

**H 6-3 til H 6-4** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og eru alveg eins. Þetta eru grágrýtisvarðar á sökkli úr sama efni. Steinarnir fara báðir í 3. flokk.

**H 6-5 til H 6-8** Kringum reitinn er steyptur bakki og ofan á honum er 3x4 steyptar súlur og liggja keðjur á milli. Ástand bakkans er mjög gott og mætti reyna að halda í hann. Fer í 4. flokk.

Á þessum fjórum leiðum eru tvö minningarmörk. Nyrst er mjög fallegur steinn en steinar með þessu lagi hafa verið taldir vera eftir Magnús G. Guðnason. Efst eru krullur en snigilkrappar sín hvorum megin við þekju sem og neðst á varðanum. Hann stendur á grágrýtissökkli og eru á öllum hliðum rammar sem eru oddhöggnir. Efst er sól og geislar út frá henni en neðst eru þrjú strik sem gætu táknað hafflötinn. Steinninn fer í 2. flokk.

Syðst er grágrýtisdrangur á skornum grágrýtissökkli. Varðinn er skorinn þannig að þakhlið hallast frá norðri til suðurs. Letrið er upphleypt á bekkjum og fer steinninn í 3. flokk.

**H 6-9 til H 6-10** Kringum reitinn er steyptur bakki sem er að hruni kominn og hallast hann einnig nokkuð til austurs. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Fyrir miðju er lágur flatur óbeliski sem hvílir á bakkanum. Efst er heil lágmynd Thorvaldsens og letrið er meitlað. Steinninn fer í 2. flokk.

Syðst í reitnum er lágur blágrýtisstuðull skorinn og slípaður og stendur hann á möttum sökkli. Letrið er sandblásið og fer hann í 4. flokk.

**H 6-11 til H 6-12** Steyptur bakki afmarkar reitinn. Á honum eru þrír lágir hliðararmar sem eru mjög brotnir. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtisferhyrningur. Letrið er á bekkjum og stafir allstórir og eru líklega sandblásnir. Fyrir miðju er rismynd eftir Einar Jónsson. Steinninn hvílir á undirsteini, líklega úr grágrýti. Fer í 1. flokk.

Beggja vegna við hann eru tveir blágrýtisstólpar um tveir metrar á hæð með koparkrossmarki.

**H 6-13 til H 6-16** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Eitt minningarmark er á milli leiða **H 6-15 og H 6-16**. Það er dökkleitur lágur púlt-steinn úr graníti. Fer í 4. flokk.

**H 6-17 til H 6-18** Reitinn afmarkar steinsteyptur bakki sem hallar nokkuð í norð-austur. Hann fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er heilskorinn grágrýtissteinn með púltsteinsformi. Hann er sléttur að ofan en ofarlega er krossmark. Letrið er upphleypt á bekkjum og sýnist sandblásið. Fer í 4. flokk.

**H 6-19 til H 6-20** Minningarmarkið hér er hvít marmaraplata sem styður sig við grágrýtisstein með tveimur súlum. Svört álplata er skrúfuð þarna á en auk þess er þarna mynd af Maríu Guðsmóður og Jesúbarninu og er þetta úr messing. Fer í 4. flokk.

**H 6-21 til H 6-22** Kringum reitinn er pípugerði. Í hverju horni eru grágrýtissúlur og liggja tvær pípur á milli þeirra en þær vantar að vestanverðu. Fer í 3. flokk.

**H 6-23** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**H 6-24** Kringum einstaklingsreitinn er steypur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er mjög lágur flatur óbeliski á sökkli úr sama efni. Sökkullinn er oddhöggvinn og er fremur óreglulegur. Efst hefur verið englamynd en nú er aðeins koparstautur eftir. Fer í 3. flokk.

**H 6-25** Eitt minningarmark er að finna á þessum reit. Þetta er steyptur púltsteinn og hvílir svört granítplata þar á. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð H 6-28 til H 6-52 snýr mót austri.***

**H 6-28 til H 6-29** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk eru á reitnum. Þetta eru heilir dökkir granítsteinar og er letrið upphleypt á heilum áletrunarfleti. Steinarnir fara í 4. flokk. Fyrir miðju er steyptur kross og þar eru holur fyrir blóm.

**H 6-30 til H 6-31** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er hér að finna. Þetta eru mjög lágir flatir óbeliskar úr grágrýti á sökkli og undirsteini. Letrið er mjög farið að mást. Fara í 3. flokk.

**H 6-32 til H 6-35** Kringum reitinn er steyptur bakki með hliðararmi og gafli og er planki ofan á gaflinum. Bakkinn er ílangur frá norðri til suðurs. Fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru hér. Þetta eru granítplötur sem felldar eru í gaflinn og fara þær í 4. flokk.

**H 6-36 til H 6-38** Steyptur rammi er kringum reitinn. Pússningin er nokkuð farin að flagna og fer bakkinn í 5. flokk.

Minningarmörkin eru þrjú, allt hvítir furukrossar með plastspjöldum á. Fara í 4. flokk.

**H 6-39 til H 6-42** Kringum er allhár steyptur bakki með þremur hliðarörmum. Þyrfti að reyna að halda í hann. Fer í 4. flokk.

Gaflinn er þannig steyptur að hann er úr fimm ferningum en sá fyrir miðju er lang stærstur. Allt er þetta sett bergsalla.

Minningarmörkin er fimm og eru þetta ílangar svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara allar í 4. flokk.

**H 6-43 til H 6-44** Kringum reitinn er steyptur rammi sem nú er farinn að halla nokkuð til norðurs. Ekkert minningarmark er að finna á leiðunum. Bakkinn fer í 5. flokk.

**H 6-45 til H 6-46** Reitinn afmarkar steyptur bakki með þremur mjóum hliðarörmum og gafli. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Steypt álplata er skrúfuð í gaflinn að norðan en sunnan við hana er svört plastplata fest í gaflinn. Minningarmörkin fara í 4. flokk.

**H 6-47 til H 6-48** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**H 6-49 til H 6-50** Kringum leiðin er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.
Á reitnum er fjörusteinn. Hafi verið letur á honum er það nú máð af. Minningarmarkið mun teljast gangstéttarhella með þremur plastplötum og hallar hellan upp að fjörugrjótinu. Fer í 4. flokk.

**H 6-51** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er ómálaður furukross með svartri álplötu. Fer í 4. flokk.

**H 6-52** Minningarmarkið er hvítur furukross með svörtu álspjaldi. Fer í 4. flokk.

***Reitaröð H 7-1 til H 7-25 snýr mót vestri.***

**H 7-1 til H 7-4** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er frá Schannong. Það er úr mjög sérkennilegu graníti með svörtum kornum. Þetta er bogasteinn og stendur á sökkli úr sama efni. Meðfram jöðrunum er meitlað „reipi“. Ofarlega er meitlaður sporöskjulagaður flötur og er líklegt að á hafi verið mynd af hinu látna barni. Á steininum stendur: *„Svíf inn í friði til sælli heima / sárt er þín saknað sólargeisli.“* Fer í 2. flokk.

**H 7-5 til H 7-8** Kringum reitinn er steyptur rammi með þremur hliðarörmum og mjög háum gafli og er ofan á honum steyptur planki. Bakkinn sýnist vera ónýtur. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er þekjusteinn með allstórum öxlum við þakskegg. Varðinn hvílir á oddshöggnum sökkli og fer hann í 3. flokk.

**H 7-9 til H 7-10** Ekkert er að finna á þessum tveimur leiðum.

**H 7-11 til H 7-13** Steinsteyptur bakki með hliðararmi sem hallast niður á við. Gaflinn er allhár með miklum steyptum planka ofan á. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru fjögur. Nyrst eru tvær koparplötur hvor upp af annarri og sama gildir sunnan megin. Allar fara þær í 4. flokk.

**H 7-14 til H 7-16** Reiturinn er afmarkaður af hraunhellu og steinflögum. Fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru þrjú. Nyrst eru tvær að því er virðist ljósar líparítflögur og eru svartar álplötur skrúfaðar á framhliðar þeirra. Syðst er heilskorinn svartur granítferhyrningur. Stendur á á heilskornum grágrýtiskubbi. Allt fer þetta í 4. flokk.

**H 7-17 til H 7-20** Reitinn afmarkar steyptur bakki í sæmilegu ástandi og eru ofan á honum 3x5 steyptar súlur og liggur keðja á milli. Fer í 5. flokk.

Nyrst eru tvö minningarmörk. Það nyrsta er líklega frá Schannongsteinsmiðjunni. Letrið er upphleypt á bekkjum en erfitt er orðið að lesa það vegna skófa og annars. Minningarmarkið hefur sérkennilegt form. Það er bogadregið efst en mjókkar mjög er neðar dregur. Fer í 4. flokk.

Syðst er steinsteyptur bogasteinn og virðist rauðamöl hafa verið notuð í steypuna. Fyrir miðju er innfelld steypt koparplata. Fer í 3. flokk.

**H 7-21 til H 7-23** Reitinn afmarkar steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Steyptir plankar eru ofan á örmum og gafli. Allt er þetta sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er koparplata sem felld er inn í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**H 7-24** Ekkert er að finna á þessu leiði.

**H 7-25** Reitinn afmarkar steyptur bakki og eru á honum 2x3 súlur og eru steyptir veggir á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Steinn þessi er merkur að því leyti að hann er úr íslensku efni, grágrýti og líklega meitlaður hér á landi en „reipisbogasteinn“ frá Schannong er greinilega fyrirmynd hans. Letrið hefur verið upphleypt á bekkjum en er nú orðið mjög máð og steinninn allur mjög máður á framhlið. Fer í 1. flokk.

***Reitaröð H 7-28 til H 7-52 snýr mót austri.***

**H 7-28 til H 7-29** Kringum reitina er allhár steyptur bakki og fer hann í 5. flokk en svo virðist sem halda þurfi í hann vegna hæðarmismunar við götu.

Minningarmarkið er bogasteinn sem er að öllum líkindum frá Schannong. Hann er úr sérkennilegri graníttegund þar sem er líkt og að sjáist silfurflögur í efninu. Efst er stjarna og verður samspil silfurlitarins og hennar einkar skemmtilegt. Varðinn stendur á sökkli líklega úr grágrýti. Neðst er pálmagrein. Auk fegurðar efnisins er steinninn þrunginn táknfræði með stjörnunni og pálmagreininni. Fer í 2. flokk.

**H 7-30 til H 7-33** Kringum reitinn er steyptur bakki, hár miðað við götu, settur bergmylsnu og fer hann í 5. flokk.

Tvö minningarmörk er að finna á þessum reit. Fyrst er furukross með svartri álplötu og fer hann í 4. flokk.

Svo er steinsteyptur púltsteinn, settur bergsalla, sem hallar mjög lítið miðað við lóðrétta línu. Framan á er svört granítplata. Fer í 4. flokk.

**H 7-34 til H 7-38** Steinsteyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli. Hann hallar nokkuð til vesturs. Fer í 5. flokk.

Á reitnum eru fimm minningarmörk. Nyrst er svört granítplata felld í gaflinn. Sunnan við hana er alveg eins plata. Þriðja platan fyrir miðjum gaflinum er meiri á lengdina. Tvær syðstu eru úr sama efni. Fer allt þetta í 4. flokk.

**H 7-39 til H 7-40** Kringum reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.

Þrjú minningarmörk eru hér. Þetta eru allt grágrýtisplötur sem hallast upp að grágrýtissteini með stuðningssúlu. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fara allar í 4. flokk.

**H 7-41 til H 7-42** Steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er úr hvítum marmara. Þetta er lágur en allbreiður varði. Efst er krossmark og sveigjast kringum það pálmagreinar. Fer í 4. flokk.

**H 7-43 til H 7-44** Ekkert gerði afmarkar þennan reit.

Minningarmarkið er ónýtur trékross sem stungið hefur verið á leiðið og ber hann upphafsstafina SM. Fer í 4. flokk.

**H 7-45 til H 7-46** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steinsteypt og hvílir á bakkanum vestan megin. Þetta er sett bergsalla og í framhliðina er felld inn hvít marmaraplata. Þetta minningarmark fer í 4. flokk.

**H 7-47 til H 7-50** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**H 7-51 til H 7-52** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

***Reitaröð H 8-1 til H 8-25 snýr mót vestri.***

**H 8-1 til H 8-2** Þessi tvö leiði eru afmörkuð af steyptum bakka með þremur hliðarörmum og gafli. Ástand hans er gott og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er nyrst á bakkanum. Þetta er ílöng svört granítplata með upphleyptu letri á bekkjum. Fer í 4. flokk.

Fyrir miðju er hvítur furukross með svartri álplötu og fer einnig í 4. flokk.

**H 8-3 til H 8-4** Steyptur bakki með þremur hliðarörmum og eru þeir brotnir að norðanverðu. Bakkinn er settur bergsalla og fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru svartar granítplötur sem felldar eru í gaflinn. Fara báðar í 4. flokk.

**H 8-5 til H 8-6** Kringum reitinn er steyptur bakki með 3x3 súlum, bogadregnum að ofan og liggja keðjur á milli þeirra. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er steyptur púltsteinn með innfelldri granítplötu og fer þetta í 4. flokk.

**H 8-7 til H 8-8** Ekkert minningarmark afmarkar leiðin.

Minningarmarkið er úr „silfur"-graníti, á að giska 40x40 cm og stendur þessi kubbur á skornum undirsteini líklega úr grágrýti. Fer í 4. flokk.

**H 8-9 til H 8-11** Kringum reitinn er steyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Hér eru tvö minningarmörk. Nyrst er brattur steinsteyptur púltsteinn með innfelldri granítplötu og fer hann í 4. flokk. Sunnar er lágur varði úr tékknesku graníti. Fer í 4. flokk.

**H 8-12 til H 8-15** Umhverfis reitinn er steyptur rammi sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru tvö og eru þau sunnarlega á reitnum. Nyrsta minningarmarkið er hvítur furukross með svartri álplötu en syðst er bæsaður furukross með álplötu. Fara báðir krossarnir í 4. flokk.

**H 8-15 til H 8-18** Kringum reitinn er steyptur bakki. Ofan á honum eru hleðslusteinar og pússning þar á en allt er svo sett bergsalla. Bakkinn er ílangur frá norðri til suðurs og er hann að falli kominn. Fer í 5. flokk.

Átta minningarmörk eru á reitnum. Inn í gaflinn eru felldar fimm svartar granítplötur með allmerkum áletrunum. Á nyrstu plötunni stendur: *„Yfir sorg og söknuð breiðir sigur lífsins von og trú.“* Á plötunni þar til hliðar stendur: *„Andi þinn lifi í ljósi kærleikans.“* Þá kemur: *„Farðu sæl á frelsis vegi friður Drottins sé með þér.“* Því næst: *„Vertu sæll í lífsins lundi, ljós og ylur sé þér hjá.“* Á syðstu plötunni: *„Gegnum þrauta og gleðitárin gafst þér fögur innri sýn.“* Plöturnar fara í 2. flokk vegna áletrananna.

Fyrir miðjum reitnum er svo fjörugrjót með meitluðu letri og eru stafirnir hvítmálaðir. Fer í 4. flokk.

Nyrst liggja tveir púltsteinar úr tékknesku graníti. Letur er upphleypt á bekkjum. Fara í 4. flokk.

**H 8-19** Einstaklingsreitinn afmarkar steyptur bakki með 2x3 súlum ofan á og liggur keðja á milli. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**H 8-20 til H 8-22** Kringum reitinn er 3x4 stólpar en ekki er að sjá neina undirstöðu. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er lágur flatur óbeliski úr graníti og stendur hann á grágrýtisundirstöðu. Fer í 4. flokk.

**H 8-23** Í hverju horni reitsins er steinsteyptur drangur og liggja pípur á milli. Allt er þetta mjög skakkt. Fer í 5. flokk.

Minningarmarkið er eitt. Þetta er nokkuð hár trékross og er á honum plastplata. Fer í 4. flokk.

**H 8-24 til H 8-25** Ekkert er að finna á þessum leiðum.

***Reitaröð H 8-28 til H 8-52 snýr mót austri.***

**H 8-28 til H 8-30** Kringum reitinn er allhár steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Minningarmörkin hér eru tvö. Þetta eru blágrýtisstuðlar með sandblásnu letri og fara báðir í 4. flokk.

**H 8-31 til H 8-34** Umhverfis reitinn er ílangur steyptur bakki sem fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er á reitnum. Það er grágrýtisferningur sem hvílir á undirsteini úr sama efni og á steyptum undirsteini. Letrið er sandblásið og fer hann í 4. flokk.

**H 8-35 til H 8-36** Kringum reitnn er steyptur bakki sem lætur á sjá og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er grágrýtissteinn, bogadreginn að ofan um 70x70 cm á allar hliðar, vel skorinn og slípaður. Letur merkilegt. Á steininum

stendur: *„Ljós yfir leiði lífsins faðir láti skína svo skuggar hverfi en huggun dýra hjörtum veiti eftir móður og mæta konu.“*

Norðan megin er þetta: *„Huggist ástvinir hjartfólgin minning geymist í þökk með glöðum vonum. Þungt er að kveðja en kostulegir verða samfundir vina á hæðum.“* Steinninn fer í 2. flokk.

**H 8-37 til H 8-38** Ekkert gerði afmarkar reitinn.

Minningarmarkið er svört granítplata með koparstöfum og hallar hún upp að stuðningssteini úr marmarasteypu. Fer í 4. flokk.

**H 8-39** Ekkert gerði er hér.

Minningarmarkið er brotið og fúinn trékross með plastspjaldi á leiðinu. Fer í 4. flokk.

**H 8-40 til H 8-42** Ekkert gerði er hér að finna.

Minningarmarkið heyrir til leiði **H 8-42** og er það plastspjald sem skrúfað er í nágrannagafl. Fer í flokk 4.

**H 8-43** Hvorki er hér gerði né minningarmark.

**H 8-44 til H 8-47** Kringum reitinn er steyptur bakki með þremur hliðarörmum og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Pússningin er öll að flagna og fer hann í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fimm og eru þau öll eins; svartar granítplötur með koparstöfum. Fara öll í 4. flokk.

**H 8-48 til H 8-52** Kringum reitinn er steyptur bakki með afar löngum hliðararmi. Hlið hefur verið framan á bakkanum en það er nú horfið. Fer í 5. flokk.

Minningarmörkin eru fjögur. Nyrst er blágrýtisplata sem felld er í gaflinn. Fer í 4. flokk. Sunnar er grágrýtisplata felld í gaflinn og fer í 4. flokk. Önnur grágrýtisplata sem skrúfuð er í gaflinn, sem fer í 4. flokk. Þá er að lokum þriðja grágrýtisplatan og er hún felld inn í gaflinn. Hún fer einnig í 4. flokk.

***Reitaröð H 9-1 til H 9-25 snýr mót vestri.***

**H 9-1 til H 9-4** Kringum reitinn er steyptur bakki með löngum hliðararmi og lágum gafli og er steyptur planki á gaflinum. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer hann í 5. flokk.

Fimm minningarmörk eru á reitnum. Nyrst er steypt álplata sem hefur verið máluð. Er hún skrúfuð í gaflinn. Fer í 4. flokk.

Allnokkru sunnar eru hinar fjórar steyptu álplöturnar sem einnig fara allar í 4. flokk.

**H 9-5 til H 9-6** Kringum reitinn er steyptur rammi í sæmilegu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Minningarmarkið er fjörugrjótshnullungur og er letrið meitlað ofan í steininn. Fer í 3. flokk.

**H 9-7 til H 9-8** Steyptur bakki með tveimur hliðarörmum og gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Fer í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er ílöng grágrýtisplata með upphleyptu letri á bekkjum og er hún felld inn í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**H 9-9 til H 9-10** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmörkin eru tvö. Þetta eru að því er virðist Baulusteinar, þ.e. stuðlabergsdrangar komnir úr nágrenni Baulu í Borgarfirði, og eru steyptar álplötur skrúfaðar framan á þá. Fara báðir í 4. flokk.

**H 9-11 til H 9-12** Í hverju horni eru steyptir drangar og ganga pípur á milli þeirra. Þær eru fallnar að norðan- og sunnanverðu. Gerðið fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steyptur púltsteinn og er steypt koparplata skrúfuð í hann. Steinninn fer í 4. flokk.

**H 9-13 til H 9-14** Ekkert gerði afmarkar reitinn.
Minningarmarkið er stór steyptur púltsteinn með stórri koparplötu sem felld er í steininn. Fer í 4. flokk.

**H 9-15 til H 9-16** Steyptur bakki umlykur reitinn. Hann er með hliðararmi og háum gafli og er steyptur planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergmylsnu og fer hann í 5. flokk.
Eitt minningarmark er hér að finna. Þetta er svört granítplata með upphleyptu letri á bekkjum og er hún skrúfuð í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**H 9-17** Hér er aðeins að finna einn kross, mjög fúinn með plastplötu. Fer í 4. flokk.

**H 9-18** Kringum einstaklingsreitinn er steyptur bakki með hliðarörmum og gafli og er planki ofan á gaflinum. Allt er þetta sett bergmylsnu. Fer í 5. flokk.
Minningarmarkið er steypt álplata sem felld er í gaflinn, sem fer í 4. flokk.

**H 9-19** Kringum einstaklingsreitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Tvö minningarmörk er hér að finna. Annað er púltsteinn úr grágrýti. Líklega hefur verið kross eða englamynd efst en nú er aðeins eftir stauturinn. Í framhliðina er felld hvít marmaraplata. Fer í 3. flokk.
Fyrir framan er þykk plata á steyptum undirsteini. Letrið er upphleypt á bekkjum. Fer í 4. flokk.

**H 9-20 til H 9-21** Ekkert gerði er hér að finna.
Minningarmarkið er furukross með álplötu og fer hann í 4. flokk.

**H 9-22 til H 9-25** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk.
Minningarmörkin eru tvö. Það nyrðra er blágrýtisvarði allbreiður og ögn bogadreginn að ofan. Letrið er sandblásið og fer steinninn í 4. flokk.
Syðra minningarmarkið er allstór grágrýtissteinn sléttskorinn og stendur á stöllum. Steinninn er í klassískum stuðlabergsstíl í anda þjóðernisrómantíkur. Fer í 2. flokk.

***Reitaröð H 9-28 til H 9-52 snýr mót austri.***

**H 9-28 til H 9-31** Allhár steyptur bakki er kringum reitinn og fer hann í 5. flokk
Minningarmörkin eru fjögur. Fyrsta minningarmarkið virðist vera úr nokkurs konar rjómagulum marmara og eru messingstafir límdir á hann. Fer í 4. flokk. Næsta er úr

grágrýtissteini. Þetta er sléttskorinn ferhyrningur um þriðjungi meiri á hæðina en breiddina og er letrið upphleypt á heilum fleti. Fer í 3. flokk.

Hin tvö minningarmörkin eru grágrýtissteinar um 150 cm á hæð og standa þeir á sökkli úr grágrýti. Efst á steinunum eru borðar með einhvers konar geislum eða bliki. Letrið er upphleypt á bekkjum á báðum steinunum. Letrið er sandblásið á nyrðri steininum en óvíst hvort sú sé raunin um hinn. Fara í 3. flokk.

**H 9-32 til H 9-33** Kringum reitinn er steyptur bakki sem fer í 5. flokk. Ekkert minningarmark er að finna á reitnum.

**H 9-34 til H 9-36** Kringum reitinn er steyptur bakki í góðu ástandi og fer hann í 5. flokk.

Eitt minningarmark er hér. Samsett úr tveimur marmaraplötum með koparstöfum. Fer í 4. flokk.

**H 9-37 til H 9-40** Kringum reitinn er steyptur bakki. Ofan á honum hafa verið 2x3 afsettar grágrýtissúlur og ein pípa á milli hverra þeirra. Sumar eru horfnar. Bakkinn fer í 2. flokk.

Fyrsti legsteinninn er fallegur með stuðlum og granítplötu. Annar steinninn, fyrir miðju, er afar stór drangur með meitlaðri þriðjungssól efst. Sökkullinn er meitlaður þannig að hann lítur út eins og að hann sé með láréttum stuðlum. Báðir eru þessir steinar afar skemmtilegir og lenda báðir í 1. flokki. Syðsti steinninn er flatur óbeliski oddhöggvinn á hliðum og baki en neðst er hann meitlaður eins og hann sé stuðlaður. Fer einnig í 1. flokk. Allur er reitur þessi stórmerkur vegna formgerða minningarmarkanna.

**H 9-41 til H 9-42** Kringum reitinn er steyptur bakki með alllöngum hliðararmi og háum gafli og er hann allur settur bergmylsnu. Fer í 5. flokk.

Nyrst og syðst eru ferhyrndar grágrýtisplötur með upphleyptu letri á bekkjum og eru þær felldar inn í gaflinn. Fara í 4. flokk.

Fyrir miðju er svört álplata sem skrúfuð er í gaflinn. Fer í 4. flokk.

**H 9-43 til H 9-46** Á reitnum eru tvö minningarmörk. Þetta eru hvítar marmarahellur sem styðjast við stuðningsstein. Letrið er úr kopar. Fara í 4. flokk.

**H 9-47** Ekkert er hér að finna.

**H 9-48 til H 9-50** Umhverfis leiðin þrjú er allhár steyptur bakki og fer hann í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er hér að finna.

**H 9-51** Kringum einstaklingsreitinn er steyptur bakki sem farinn er að láta á sjá. Fer í 5. flokk.

Ekkert minningarmark er að finna á leiðinu.

**H 9-52** Hér er ekkert að sjá.

***Reitaröð H 10-1 til H 10-25 snýr mót vestri.***

